X. Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi allt að 100 þús. kr. viðbótarrekstrarstyrk, ef óhjákvæmilegt reynist.

XI. Að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3.6 millj. kr. innlent eða erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavíkur—Akranes—Borgarnesferðir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting.)

XII. Að ábyrgjast allt að 8 millj. kr. lán til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

XIII. Að ábyrgjast fyrir sameignarfélagið Íslenzkir aðalverktakar allt að 1.5 millj. kr. lán vegna þátttöku ríkissjóðs í félaginu. (Endurveiting.)

XIV. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum.

XV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XVI. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XVII. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D, sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1957.

XVIII. Að taka allt að 800 þús. kr. lán til stækkunar sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík. (Endurveiting.)

XIX. Að taka allt að 5 millj. kr. lán til að auka húsnæði ríkisspítalanna. (Endurveiting.)

XX. Að leyfa stjórn landhelgisgæzlunnar að greiða úr landhelgissjóði hluta af byggingarkostnaði björgunar- og varðskips fyrir Norðurland.

XXI. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XXII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

XXIII. Að afhenda Tónlistarfélaginu húseignina Þrúðvang við Laufásveg í Reykjavík.

XXIV. Að greiða að fullu úr ríkissjóði kostnað við tilraun samkvæmt XVI. lið 22. greinar fjárlaga fyrir árið 1951.

23. gr.

Heimilt er á árinu 1956 að greiða á laun starfsmanna ríkisins 20% grunnlaunauppbót, enda skal lágmarksvinnutími samkvæmt 1. gr. I. reglugerðar nr. 45/1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136/1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1956 skal greiða 20% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 20 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

Nú koma ný launalög í gildi á árinu 1956 og fellur þá niður heimild sú, er felst í 1. málsgr. þessarar greinar. Halda skulu þó gildi sínu ákvæði málsgreinarinnar um vinnutíma.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1955 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákveða þarf í júnímánuði ár hvert með hvaða vísitölu reikna skuli launagreiðslur ríkisins í fjárlagafrumvarpi næsta árs á eftir.

Í maímánuði s. l. óskaði ráðuneytið eftir því við hagstofustjóra, að hann léti í ljós álit sitt um það, við hvaða vísitölu rétt mundi að miða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1956. Álitsgerð hagstofustjórans var að efni til á þessa leið:

Hinir nýju kjarasamningar fela í sér 13.6% kauphækkanir frá sjónarmiði atvinnurekenda. Rétt er að gera ráð fyrir að vísitalan hækki um 8½—9 stig fyrir áramót vegna þessara kauphækkana og má gera ráð fyrir, að sú hækkun verði öll komin inn í vísitöluna fyrir 1. nóvember í haust. Kaupgjald hækkar þá tilsvarandi frá 1. desember. Þá ber að gera ráð fyrir, að af þessari hækkun leiði aftur aðra hækkun sem nemur 4—4½ stigum. Heildarhækkun á vísitölunni vegna kauphækkananna verði því 12.5—13.5 stig. En með því að hin afleidda hækkun vísitölunnar orkar ekki á kaupgjaldsvísitöluna fyrr en frá 1. marz 1956, þykir rétt að reikna ekki með meiri meðalhækkun á vísitölunni en 12 stigum fyrir árið 1956. Leiðir sú niðurstaða til þess, að fjárlagafrumvarpið beri að miða við vísitölu 173.

Nú liggur nokkuð ljósar fyrir en í maí, hvaða áhrif kauphækkanirnar hafa á innanlandsverðlagið og kemur þá í ljós, að áætlanir hagstofustjóra standast alveg, að því er þetta atriði snertir, og verða hækkanir á vísitölunni í haust vegna hækkunar á verði innlendra vara í framhaldi af kauphækkuninni 8—9 stig. Á hinn bóginn hefur vísitalan hækkað um 1 stig vegna hækkunar á verði erlendra vara og annara liða í vísitölunni, en fyrir því var ekki gert í áætlun hagstofustjóra. Er þess vegna rétt að gera ráð fyrir, að vísitala næsta árs verði jafnvel eitthvað hærri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Við samningu frumvarps þessa, hefur um útreikning launa verið fylgt ákvæðum gildandi laga nr. 111/1954 um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna með breytingu í l. nr. 46/1955 um það efni. Er þar ákveðið að á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 34 560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, greiðist verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 10 stigum, en á þann hluta grunnlauna, sem umfram er fyrrgreinda fjárhæð skuli verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði. Enn fremur er ákveðið að nái hækkun heildarlauna vegna ákvæða þessara ekki 5 af hundraði, miðað við það, sem þau hefðu verið eftir ákvæðum þeim um greiðslu verðlagsuppbótar, er voru í gildi fyrir 1. júlí 1955, skuli greiða hlutaðeigandi starfsmanni launauppbót til bráðabirgða, þannig að hækkun heildarlauna hans verði 5 af hundraði.

Í 23. gr. fjárlaga 1955 var ákveðið að greiða skyldi 20% grunnlaunauppbót á laun starfsmanna ríkisins á árinu 1955, en við undirbúning fjárlaganna 1955 var miðað við að þær uppbætur væru 10—17% eins og lögákveðið var á þeim tíma, er frumvarpið var samið. Misræmi það, er skv. þessu varð milli áætlaðra launagreiðslna skv. fjárlögum og raunverulegra greiðslna 1955 var lagfært með sérstökum lið á 19. grein fjárlaga. Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir er grunnlaunauppbótin 20% í öllum flokkum. Kemur því á einstökum liðum og stofnunum fram grunnlaunamismunur milli frumvarpsins og gildandi fjárlaga. Í athugasemdum þessum er ekki getið sérstaklega um grunnlaunahækkun, er af þessu leiðir, heldur aðeins þá grunnlaunahækkun, er stafar af auknu starfsmannahaldi og því um líku.

Samkv. framansögðu er því hér um allmikla hækkun að ræða á launum frá því sem þau voru talin í gildandi fjárlögum, og teljst fjármálaráðuneytinu svo til, að hækkun af þessum ástæðum nemi um 29 millj. kr.

Gjaldabálkur þessa frumvarps er 59.3 millj. kr. hærri en fjárlög nú og eru höfuðorsakir hækkunarinnar þessar:

1. Launagreiðslur hækka um 29 millj. kr., sem fyrr segir.
2. Hækkun, er stafar af lögum, er sett voru á síðasta Alþingi nemur um 12 millj. kr. Fjárhæð þessi sundurliðast þannig: Til útrýmingar heilsuspillandi íbúða 3 millj. kr. Til húsnæðismálastjórnar 200 þús. kr. Framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands 2 millj. kr. Til jarðræktar og framræslu 3.3 millj. kr. Til iðnfræðslu 1 millj. kr. Til bókasafna 800 þús. kr. Til heilsuverndastöðva 500 þús. kr. Vegna læknaskipunarlaga 400 þús. kr. Laun héraðsráðunauta 200 þús. kr. Til kaupa á jarðræktarvélum 400 þús. kr.
3. Framlag samkv. 116. gr. l. nr. 50/1946 um almannatryggingar hækkar um 4 millj. kr.
4. Til dýrtíðarráðstafana hækkar um 7.9 millj. kr.
5. Kaup og rekstur jarðbors 2.2 millj. kr.

Í frumvarpinu er að sjálfsögðu samkvæmt venju gert ráð fyrir lögboðnum útgjöldum, en ekki settar fjárhæðir til þess að standast kostnað, sem ekki er ennþá lögboðinn, þótt ríkisstjórnin hafi heitið að beita sér fyrir nýrri lagasetningu, sem hefur útgjöld í för með sér. Er sérstök ástæða til þess að taka þetta fram, þar sem ríkisstjórnin hefur heitið að beita sér fyrir setningu laga um atvinnuleysistryggingar, sem hlýtur að hafa verulegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, sennilega ekki langt frá 14 millj. kr., og enn fremur setningu nýrra launalaga, er samkvæmt frumvarpi því til nýrra launalaga, sem samið hefur verið, mundi kosta ríkissjóð rúml. 20 millj. kr. árlega.

Um 2. gr.

1. og 2. Tekju- og eignarskattur svo og stríðsgróðaskattur eru áætlaðir 95.8 millj. króna, er það 30.1 millj. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum. Höfð er hliðsjón af álögðum sköttum á yfirstandandi ári, svo og því að víst er, að skatt-

skyldar tekjur verða að krónutölu hærri í ár en undanfarið sökum þeirra kaup- og verðhækkana, sem orðið hafa.

3. Vörumagnstollur er áætlaður 27 millj. kr. eða 1 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.

4. Verðtollur varð á s. l. ári 152.3 millj. króna. Líkur eru til, að hann reynist eitthvað hærri á þessu ári. Með hliðsjón af því er hann áætlaður í frv. 155 millj. kr. eða 8 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs.

5. Innflutningsgjald af benzíni er áætlað 10 millj. kr., en það er 0.5 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.

6. Gjald af innlendum tollvörutegundum er áætlað 9.5 millj. kr. Hækkar um 1.5 millj. frá fjárlögum þessa árs.

7. Lestagjald af skipum er áætlað 0.3 millj. kr., en það er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

8. Bifreiðaskattur er áætlaður 5.5 millj. kr. eða 1.5 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú, þar eð skattskyldum bifreiðum hefur fjölgað talsvert í landinu á þessu ári.

9. Aukatekjur eru áætlaðar 8.4 millj. kr. eða 1.2 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Er þá höfð hliðsjón af reynslu á s. l. ári og því sem af er þessu ári.

10. Stimpilgjald er áætlað 13 millj. kr. eins og í fjárlögum nú.

11. Vitagjald er áætlað 1.7 millj. kr. eða 0.7 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú með hliðsjón af reynslu undanfarið.

12. Leyfisbréfagjald er áætlað 0.5 millj. kr. Hækkar um 0.1 millj. kr. frá fjárlögum.

13. Útflutningleyfagjöld eru áætluð óbreytt eða 0.5 millj. kr.

14. Söluskattur er áætlaður 118 millj. kr. í stað 112 millj. kr. í fjárlögum nú. Er þá stuðzt við reynslu á s. l. ári og það, sem af er þessu ári.

15. Leyfisgjöld eru áætluð 4.5 millj. kr. í stað 2.5 millj. í gildandi fjárlögum. Er þá höfð hliðsjón af því að á s. l. ári reyndust gjöld þessi 5.2 millj. kr.

Um 3. gr. A.

1. *Póstsjóður.* Rekstrarhalli póstsjóðs er áætlaður 1434 þús. kr. og er það 825 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs. Launagreiðslur eru mjög stór liður í útgjöldum póstsjóðs og hafa gjöldin hækkað um 2545 þús. kr. frá því, sem þau eru áætluð í fjárlögum nú, en tekjur hækka um 1720 þús. kr. þrátt fyrir óbreytta gjaldskrá. Verður því ekki hjá því komizt að gera ráð fyrir auknum rekstrarhalla póstsjóðs á næsta ári, enda þótt ráðuneytið telji sem fyrr nauðsynlegt að stefna að því að póstþjónustan standi undir sér sjálf.

2. *Landssíminn.* Hér er gert ráð fyrir því, að greiðsluhalli Landssímans á næsta ári verði 5822 þús. kr. og er það 2772 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú. Í áætlun póst- og símamálastjóra er gert ráð fyrir 8932 þús. kr. greiðsluhalla og er þar farið fram á, að 4.5 millj. kr. verði á árinu varið til stækkunar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík. Með því að lækka þessa fjárhæð í 2.7 millj. kr. svo sem er í fjárlögum nú og með lækkunum á nokkrum rekstrar- og fjárfestingarliðum öðrum, hefu rráðuneytið fært greiðsluhallann niður í 5822 þús. kr. sem fyrr segir. Mjög verulegur hluti kostnaðar við Landssímann eru launagreiðslur, sem að sjálfsögðu hækka með hækkuðum grunnlauna- og verðlagsuppbótum. Gjaldskrá landssímans er hins vegar óbreytt, og verður því að gera ráð fyrir auknum greiðsluhalla á næsta ári.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Á starfsliði áfengisverzlunarinnar hafa orðið þær breytingar, að bætt hefur verið við einum aðstoðarmanni, þremur aðstoðarkonum og einum sendisveini, og hækka grunnlaun af þessum ástæðum. Kostnaður við áfengisútsölur hækkar um 145 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður hækkar um 200 þús. kr. Rekstrarhagnaður er áætlaður 76 millj. kr. og er það 13 millj. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs, enda verð á áfengi verið hækkað.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Kostnaður annar en laun hækkar um 200 þús. kr. Ráðgert er, að hluti af rekstrarhagnaði tókbakseinkasölunnar verði á næsta ári notaður til greiðslu útflutningsuppbóta á síld er veiðist við Suð-Vesturland á þessu ári, o. fl. Rekstrarhagnaður, er færist á 3. gr. A. 3. er áætlaður 42.7 millj. kr. og er það 1.7 milj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum, er þá búið að draga frá þann hluta hagnaðarins, er til uppbótanna er ætlaður.

5. *Ríkisútvarpið.* Afnotagjöld eru miðuð við 38 000 útvarpsnotendur, eða einu þúsundi fleiri en í fyrra, og hækka því um 200 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Aðrar tekjur, sem fyrst og fremst eru tekjur af auglýsingum, hækka um 1100 þús. kr. Gert er ráð fyrir sama starfsmannafjölda og er á launaskrá gildandi fjárlaga að öðru leyti en því, að samþykkt hefur verið að bæta við einum manni í magnarasal vegna aukinnar vinnu þar. Alls hækka grunnlaunin um 103 938 kr. Liðurinn: Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl. hækkar um 200 þús. kr. enda er gert ráð fyrir því, að kostnaður við upptöku dagskrárefnis úti um land verði greiddur af þessum lið, en fyrirhugað er að auka þá starfsemi.

Greiðslur vegna höfundalaganna hækka um 200 þús. kr.. að nokkru leyti vegna þess, að liðurinn hefur reynzt of lágt áætlaður, en einnig kemur til að útvarpstími hefur lengzt. Bifreiðakostnaður er hækkaður um 40 þús. kr. með hliðsjón af reikningi s. l. árs. Rekstrarhagnaður er áætlaður 227 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs eða 2001 þús. kr., þar af rennur 1 millj. kr. í framkvæmdasjóð útvarpsins en afgangurinn, 1001 þús. kr., er færður sem aukið rekstrarfé ríkisútvarpsins. Er það í samræmi við, að útvarpið hefur undanfarin ár eigi verið látið greiða tekjuafgang sinn í ríkissjóð, heldur fengið hann sem aukið rekstrarfé, sbr. 2. gr. laga nr. 68/1934 um útvarpsrekstur ríkisins.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Fylgt hefur verið tillögum forstjórans. Tekjuafgangur er áætlaður 400 þús. kr. og er það 50 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

7. og 8. *Áburðarsala og Grænmetisverzlun ríkisins.* Gert er ráð fyrir jöfnum tekjum og gjöldum af þessum fyrirtækjum, svo sem verið hefur. Fylgt hefur verið tillögum forstjórans.

9. *Landssmiðjan.* Grunnlaun hækka nokkuð, þar eð starfsliði fjölgar um einn gjaldkera og einn ritara, en verkfræðingum fækkar um einn. Vextir hækka um 30 þús. kr., fyrning um 150 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður um 237 þús. kr. Rekstrarhagnaður er áætlaður 290 þús. kr. og er færður sem aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar. Er það í samræmi við að Landssmiðjan hefur undanfarin ár eigi verið látin greiða tekjuafgang sinn í ríkissjóð heldur fengið hann sem aukið rekstrarfé.

10. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Áætlun Síldarútvegsnefndar hefur verið tekin óbreytt, er hún miðuð við smíði á 100 000 tunnum, eða 25 000 fleiri en á þessu ári. Tekjur og gjöld eru áætluð jöfn, svo sem verið hefur.

11. *Innkaupastofnun ríkisins.* Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum, eins og að undanförnu.

12. *Ríkisbú.* Tekjuafgangur ríkisbúanna er áætlaður svipaður og í fjárlögum nú, og hefur tillögum forstöðumanna þeirra verið fylgt að mestu.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 4. gr.

Óbreytt frá gildandi fjárlögum.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs er taldir:

1.	Innlend lán	kr. 3 446 275	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 919 385	
			kr. 2 526 890
2.	Lán í dönskum krónum		— 119 912
3.	Lán í £ (£ 48.506-0-0)	kr. 2 216 724	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 216 724	
4.	Lán í $ ($ 108 022)	— 1 762.919	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 737 216	
			— 25 703
5.	Lán hjá Alþjóðabanka (£ 54 109 og $ 37 169)	kr. 3 079 379	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 3 079 379	
			Kr. 2 672 505

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

I. Innlend lán.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
11 688	42 500	Innanríkislán 1938.
23 285	70 450	Innanríkislán 1940.
198 000	400 000	Innanríkislán 1941.
52 500	150 000	Innanríkislán 1944.
250	1 000	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.
4 666	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
3 600	10 000	Lán vegna byggingar Þjóðminjasafnshúss.
63 607	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000	984 052	Happdrættislán 1949 (B-flokkur).
2 309	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
3 163	913	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna sakadómarabústaðar.
286 000	400 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
28 875	75 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna Þjóðleikhússins.
14 025	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Íslands h/f vegna jarðarinnar Drangsness.
150 000	1 000 000	Lán vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
336 486	1 503 175	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
8 910	162 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna kaupa á togaranum Garðari Þorsteinssyni.
2 400	30 000	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðasafni o. fl.
16 800	84 000	Lán vegna afurðatjóns bænda milli Héraðsvatna og Blöndu 1950.
138 993	2 316 550	Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1951.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
118 588		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1952.
130 707		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1953.
11 000	10 000	Lán vegna eignarnáms í Egilsstaðalandi.
2 640	44 000	Lán vegna kaupa á Pólgötu 2, Ísaf. (Bæjarf.skrifst.)
	30 000	Lán hjá Fiskimálasjóði vegna Pólgötu 2, Ísafirði.
13 500	37 500	Lán hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
40 800	115 000	Handhafaskuldabréfalán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
184 800	480 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skuldaskilasjóðs útvegsmanna.
776	1 247	Lán hjá veðdeild Landsbanka Íslands vegna Syðstabæjarjarðar í Hrísey.
3 000	3 333	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna Syðstabæjarjarðar í Hrísey.
23 200	58 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á Syðstabæjareigninni Hrísey.
14 630	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
12 467	23 333	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
44 610		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1954.
	114 368	Lán vegna kaupa á jörðinni Gröf í Hrunamannahreppi.
	182 513	Lán vegna kaupa á jörðinni Kirkjubæ í Rangárvallahreppi.
3 446 275	9 726 284	
÷ 919 385	31 000	
2 526 890	9 695 284	

Til frádráttar þessari vaxatupphæð koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Sviþjóðarbáta): 1) Vextir af stofnlánabréfum vegna togara kr. 217 138; 2) Vextir af þeim skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara kr. 150 000.00 og 3) Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánadeildarbréfum í eign ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta kr. 126 889.00, samtals kr. 494 027.00.

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir, innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar, kr. 199 200.00 og endurgreiddir vextir vegna láns skuldaskilasjóðs 1950 kr. 196 398.00.

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 31 000 og vextir kr. 29 760. Frádráttur verður því samtals: Vextir kr. 919 385 og afborganir kr. 31 000.

II. Erlend lán.

1. Lán í Danmörku.

Vextir: 7. gr. 2. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
1 539	5 798	Forsörgelsesforeningen Bicuben, Kbh., 1909 til Vífilsstaðahælis.
6 375	170 000	Köbenhavns Handelsbank, vegna smíði varðskips.

Vextir: 7. gr. 2. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
2 867	103 147	Statsanstalten for Livsforsikring, Kbh., 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
1 605	31 703	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
19 180	110 234	Det Forenede Danske Livsforsikrings Aktieselskab Hafnia 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
19 180	110 234	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
50 746	531 116	danskar krónur, eða
119 912	1 255 027	islenzkar krónur.

2. Lán í Bretlandi.

£ 48 506	£ 57 485	Togaralán 1949 (£ 1 250 000.0.0).
÷ £ 48 506	÷ £ 57 485	Sömu upphæðir til frádráttar (innb. af togurunum).

3. Lán í U. S. A.

$ 56 897	$ 82 142	Lán hjá Export Import Bank, Washington 1948, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. $ 2 300 000.00.
÷ $ 56 897	÷ $ 82 142	Sama upphæð til frádráttar, innb. af skuldunautum.
$ 49 550	$ 72 000	Lán 1949—1950 vegna Laxár- og Sogsvirkjana $ 2 000 000.00.
÷ $ 49 550	÷ $ 72 000	Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.
$ 1 575	$ 5 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á sendiráðshúsi i Washington $ 50 000.00.
$ 1 575	$ 5 000	bandarískir dollarar, eða
$ 25 703	$ 81 600	íslenzkar krónur.

4. Lán hjá Alþjóðabankanum.

£ 37 909	£ 34 000	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 875 000.0.0. (Laxárvirkjun £ 151 800.0.0). (Sogsvirkjun £ 723 200.0.0).
÷ £ 37 909	÷ £ 34 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innb. af virkjununum.
£ 16 200	£ 7 000	Landbúnaðarlán 1951.
$ 37 169	$ 43 000	Lán vegna Áburðarverksmiðjunnar 1952.
÷ $ 37 169	÷ $ 43 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innborgaðar af Áburðarverksmiðjunni.

Um 10. gr. I.

2. Einn fulltrúi í varnarmáladeild hefur verið gerður að deildarstjóra. Starfsmannafjöldi er óbreyttur frá gildandi fjárlögum.

Annar kostnaður ráðuneytanna hækkar um 750 þús. kr., þar eð liðurinn hefur verið allt of lágt áætlaður í fjárlögum undanfarið.

3. *Ríkisféhirzla og ríkisbókhald.* Hjá ríkisbókara hefur verið fjölgað um einn bókara. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

4. *Ýmiss kostnaður* hækkar um 89 þús. kr. aðallega vegna hækkaðs útgáfukostnaðar Stjórnartíðinda.

II. *Hagstofan.* Aukaaðstoð hækkar um 8300 kr. vegna hækkunar á verðlagsuppbót, prentun eyðublaða hækkar um 6 þús. kr. og húsaleiga, ljós og hiti um 16 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr.

III. *Utanríkismál.*

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Launagreiðslur eru óbreyttar að öðru leyti en því, að Gunnari Björnssyni, ræðismanni eru reiknuð laun nú, og hækkar því liðurinn: Laun starfsfólks utan launalaga, um 24 þús. kr.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Utanríkisráðuneytið hefur talið óhjákvæmilegt að hækka laun sendiherra og starfsfólks nokkuð til samræmis við launahækkanir ríkisstarfsmanna í Svíþjóð. Nema launahækkanir af þessum ástæðum 17 556 kr. Annar kostnaður lækkar um 3 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London.* Utanríkisráðuneytið hefur talið óhjákvæmilegt að hækka laun sendiherra og starfsfólks nokkuð, og er því gert ráð fyrir launahækkun er nemur 21 939 kr. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

4. *Sendiráðið í Washington.* Kostnaður lækkar um 9300 kr.

6. *Sendiráðið í Oslo.* Kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

7. *Sendiráðið í Vestur-Þýzkalandi.* Sendiráðið í Vestur-Þýzkalandi flytur nú aðsetur sitt frá Hamborg til Bonn og eykst starfsliðið nokkuð frá því, sem verið hefur. Laun sendiherra og starfsfólks eru áætluð svipuð launum við sendiráðin í Stokkhólmi og London, enda er verðlag mjög líkt í þessum þremur löndum, samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins. Laun samkv. launalögum hækka um 183 625 kr. en laun annara starfsmanna eru 30 þús. kr. lægri en í gildandi fjárlögum, þar eð lausráðnu starfsfólki fækkar. Annar kostnaður hækkar um 220 þús., m. a. vegna þess, að gera verður ráð fyrir því, að kaupa þurfi svo til allan húsbúnað fyrir sendiráðið.

9. *Aðalræðismannsskrifstofan í New-York.* Kostnaður hækkar um 17 920 kr., þar eð skrifstofan flytur í nýtt og betra húsnæði.

10. *Skrifstofa fulltrúa Íslands hjá Nato.* Kostnaður hækkar um 15 þús. kr. vegna kaupa á skrifstofuhúsgögnum.

13. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins hefur reynzt of lágt áætlaður undanfarið, og er því lagt til, að liðurinn hækki um 100 þús. kr.

17. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annara en utanríkisráðuneytisins og annar utanfararkostnaður. Liðurinn hefur reynzt of lágt áætlaður undanfarið og því hækkaður um 100 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr. Til viðgerða á dómhúsi er ætlað 35 þús. kr. meira en í fjárlögum yfirstandandi árs.

2. *Borgardómaraembættið í Reykjavík.* Bætt hefur verið við einum fulltrúa við embættið, en laun annara fulltrúa lækka nokkuð vegna mannaskipta.

Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 60 þús. kr. vegna flutnings í stærra og dýrara húsnæði. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

3. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 4 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Liðurinn: Til kaupa á bifreið, 96 þús. kr., fellur niður.

4. *Sakadómaraembættið í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr., þar eð reikningar sýna, að liðirnir hafa verið of lágt áætlaðir undanfarið. Óhjákvæmilegt hefur verið talið, að embættið fengi að kaupa eina nýja bifreið, og eru í því skyni ætlaðar 80 þús. kr.

5. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Aukavinna hækkar um 30 þús. kr., að mestu vegna hækkaðs grunnkaups og verðlagsuppbóta. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Grunnlaun hækka, þar eð ritari bætist við starfslið embættisins. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús.

kr. og annar kostnaður um 50 þús. kr. Er áætlun um fjárveitingu á fjárlögum 1955 var gerð, var embættið nýlega tekið til starfa og nokkur óvissa um kostnað við það. Hér er kostnaðurinn áætlaður með hliðsjón af fenginni reynslu.

7. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.*

a. Laun: Áætlunin er miðuð við 23 bæjarfógeta og sýslumenn og 1 lögreglustjóra. Er það einum bæjarfógeta fleira en í fjárlögum þessa árs, þar eð bæjarfógetaembætti í Kópavogskaupstað bætist við, sbr. l. nr. 30/1955, 2. gr.

b. Skrifstofukostnaður: Grunnlaun starfsfólks hækka m. a. vegna þess, að gert er ráð fyrir bókara og ritara við bæjarfógetaembættið í Kópavogi. Annar kostnaður hækkar um 325 þús. kr. vegna þess, að liðurinn hefur reynzt of lágt áætlaður, nýtt embætti stofnað o. fl.

Til endurgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins koma 700 þús. kr.

8. *Laun hreppstjóra.* Hækkun í samræmi við grunnlaunahækkun og hækkun verðlagsuppbótar.

9. a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Áætlunin er eins og í gildandi fjárlögum miðuð við 35 ríkislögregluþjóna. Á yfirstandandi ári var samið við lögregluþjóna um að þeir fengju 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir næturvaktir, og er gert ráð fyrir því hér, að sú skipan haldist. Kostnaður af þessu er áætlaður 220 þús. kr.

Einkennisfatnaður og tryggingar hækkar um 29 300 kr., bifreiðakostnaður um 20 þús. kr. og kostnaður vegna kvenlögreglu um 3 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Á síðasta alþingi var heimilað að fjölga tollgæzlumönnum á varnarliðssvæðunum um 6 og var kostnaður af því talinn undir liðnum: Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli. Menn þessir voru ráðnir sem lögreglumenn og eru laun þeirra nú talin á þessum lið. Auk þess er lagt til, að ráðnir verði 2 nýir lögreglumenn, og er áætlunin því miðuð við 29 lögregluþjóna auk þriggja aukamanna í sumarleyfum. Greiðsla næturálags er nýr liður, 162 þús. kr. Einkennisfatnaður lögreglumanna hækkar um 51 500 kr. og fæðisstyrkur um 92 400 kr. vegna mannafjölgunarinnar. Bifreiðakostnaður hækkar um 125 þús. kr. og annar kostnaður er áætlaður 50 þús. kr. Um lögreglukostnað á Keflavíkurflugvelli er sama að segja og um embætti lögreglustjórans þar, að reynsla hefur sýnt, að áætlun sú, er gerð var á s. l. ári, hefur reynzt of lág.

c. *Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju.* Lagt er til, að framlagið hækki um 100 þús. kr. Þar eð gert er ráð fyrir því, að hælið taki til starfa á þessu ári, þykir ekki varlegt að reikna hluta ríkissjóðs í rekstrarkostnaði þess lægri en hér er gert.

e. *Ríkislögreglan á Akureyri, Hafnarfirði og Siglufirði.* Álag á næturvinnu er áætlað 22 þús. kr.

k. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík.* Ríkissjóði ber að greiða ⅙ hluta af lögreglukostnaði í kaupstöðum. Áætlað er að hluti ríkissjóðs af þessum kostnaði í Reykjavík muni verða 1660 þús. kr. og er þar um 510 þús. kr. hækkun að ræða frá gildandi fjárlögum.

10. *Til kostnaðar við landhelgisgæzlu* er nú ætlað 505 þús. kr. hærri fjárhæð en í gildandi fjárlögum og stafar sú hækkun af grunnlaunahækkunum og hækkun verðlagsuppbótar.

11. a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Grunnlaun hækka lítið eitt vegna flokkshækkunar fangavarða, er samþykkt var á s. l. ári. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr. með hliðsjón af reikningi s. l. árs.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Grunnlaun hækka vegna flokkshækkunar fangavarða. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. og tekjur um 41 þús. kr.

13. *Kostnaður við sakamál og lögreglumál.* Eins og í fjárlögum s. l. árs er hér lagt til, að endurgreiddur málskostnaður verði látinn koma til frádráttar á

liðnum. Að niðurstöðu hækkar liðurinn um 100 þús. kr. með tilliti til reynslu s. l. ára.

14. *Til fangahjálpar* hækkar um 100 þús. kr. samkvæmt tillögum dómsmálaráðuneytisins.

15. *Kostnaður við siglingadóm* hækkar um 20 þús. kr. aðallega vegna launahækkunar dómenda, til samræmis við laun dómenda í félagsdómi.

18. *Kostnaður við félagsdóm* hækkar um 4 þús.

20. *Kostnaður við útgáfu lagasafns* er nýr liður. Ákveðið er að gefa lagasafn út á næsta ári og er kostnaður við það talinn nema 400 þús. kr.

Um 11. gr. B.

1. *Skipaskoðun ríkisins.* Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum, hækkar um 13 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 11 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. hvort tveggja með tilliti til reynslu undanfarið. Tekjur eru áætlaðar 30 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Liðurinn: Til kaupa á röntgentæki fyrir skipaskoðunina, 263 þús. kr. fellur niður.

2. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Þóknun til skoðunarmanna hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

3. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Kostnaður hækkar um 30 þús. kr. vegna aukinna verkefna. Tekjur eru sem að undanförnu áætlaðar jafnar gjöldum.

4. *Löggildingarstofan.* Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. vegna flutnings stofnunarinnar í dýrara og stærra húsnæði. Áætlaðar tekjur lækka um 5 þús. kr.

5. *Eftirlit með skipulagi bæja- og sjávarþorpa.* Ferðakostnaður við eftirlit hækkar um 10 þús. kr. Mælingakostnaður, helmingsþátttaka ríkissjóðs, hækkar um 8 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum, er það 110 183 kr. hærra en á síðustu fjárlögum, þar eð ástæða er til að ætla að mun meiri skipulagsgjöld innheimtist á næsta ári en undanfarið, vegna mikilla byggingarframkvæmda í landinu.

6. *Matvælaeftirlitið.* Grunnlaun hækka vegna þess, að bætt hefur verið við einum ritara. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr., þar eð í ljós hefur komið að allt of lág fjárhæð hefur undanfarið verið ætluð til greiðslu kostnaðar af matvælarannsóknum, en þær rannsóknir vaxa stöðugt.

7. *Kostnaður við mat á afurðum.* Ferðakostnaður yfirfiskmatsmanna hækkar um 50 þús. kr., þar eð liðurinn hefur undanfarið verið of lágt áætlaður. Skrifstofukostnaður hækkar um 12 þús. kr. og kostnaður við námskeið fiskmatsmanna hækkar um 10 þús. kr. Kostnaður við síldarmat hefur undanfarið reynzt allt of lágt áætlaður og hækkar nú um 134 þús. kr., en tekjur eru áætlaðar 20 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Ferðakostnaður matsmanna hækkar um 75 þús. kr. Af þessum lið er greiddur ferðakostnaður allra matsmanna nema yfirfiskmatsmanna. Liðurinn hefur í fjárlögum undanfarinna ára verið 25 þús. kr., en það hefur reynzt allt of lágt.

8. *Kostnaður við vörumerkjaskráningu* hækkar um 4 þús. kr.

12. *Húsaleigueftirlit.* Vegna þess, hve störf yfirhúsaleigunefndar hafa dregizt saman, er lagt til að liðurinn lækki um 52 þús. kr.

Um 11. gr. C.

1. a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 185 þús. kr., en símakostnaður og burðargjöld lækka um 25 þús. kr.

Lausavinnuliðurinn er sem áður miðaður við laun tveggja lögtaksfulltrúa, sem starfa við embættið til bráðabirgða.

b. *Tollgæzlan í Reykjavík.* Bætt er við einum tollverði, sem annast á útreikning aðflutningsgjalda af vörum, sem fluttar eru til landsins með flugvélum.

Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr., m. a. vegna hækkunar á tímakaupi.

2. *Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli.* Í gildandi fjárlögum var gert ráð fyrir 6 nýjum tollgæzlumönnum, en niðurstaðan varð sú, að þeir voru ráðnir sem lögreglumenn. Lækka því launagreiðslur á liðnum verulega.

Áætlunin er nú miðuð við 9 tollgæzlumenn. Annar kostnaður hækkar hins vegar um 72 þús. kr., þar eð hann reyndist of lágt áætlaður. Kostnaðurinn er mest bifreiðakostnaður, en útilokað er að halda uppi tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli án bifreiða, auk þess sem tollverðir af flugvellinum gegna einnig tollgæzlustörfum í Keflavík.

II. a. *Ríkisskattanefnd.* Kostnaður hækkar um 8 þús. kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Grunnlaun hækka, þar eð starfsmönnum fjölgar um einn bókara, en auk þess hafa 4 bókarar verið gerðir að fulltrúum. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 60 þús. kr., einkum sökum þess, að skattstofan hefur orðið að bæta við sig húsnæði. Tímavinna hækkar um 150 þús. kr. og annar kostnaður um 80 þús. kr. Hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur hækkar nokkuð í samræmi við fólksfjölgun þar.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Liðurinn hækkar um 155 þús. kr., þar eð hann hefur reynzt of lágt áætlaður undanfarið.

d. *Undirskattanefndir.* Liðurinn hækkar um 115 þús. kr., þar eð hann hefur reynzt og lágt áætlaður undanfarið.

f. *Millimatskostnaður.* Með lögum nr. 33 frá síðasta Alþingi um samræmingu á mati fasteigna er ákveðið að fara skuli fram endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 svo og aukafasteignamatsins, sem gert hefur verið síðan. Endurskoðun þessi hefur talsverðan kostnað í för með sér, og hækkar liðurinn því um 530 þús. kr. frá fjárlögum nú.

Um 12. grein.

I. *Landlæknisembættið.* Kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

II. *Héraðslæknar.* Laun héraðslækna eru áætluð í samræmi við lög nr. 16 frá síðasta Alþingi. Er þar gert ráð fyrir 55 héraðslæknum og 6 aðstoðarlæknum, en einn héraðslæknir, borgarlæknirinn í Reykjavík, tekur ekki laun úr ríkissjóði.

Samkv. hinum nýju læknaskipunarlögum eru því greidd laun til 5 lækna umfram það, sem áður var.

IV. *Ríkisspítalar.* Rekstrarhalli allra ríkisspítalanna hækkar um 4032 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Launagreiðslur eru enn sem fyrr stærsti útgjaldaliðurinn. Kostnaður við ríkisspítalana hækkar alls um 7146 þús. kr., en þrátt fyrir ört fækkandi legudaga á berklahælunum hækka tekjurnar alls um 3114 þús. Veldur því hækkun á daggjöldum, sem stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur ákveðið, og síðar verður greint frá nánar.

A. *Landsspítali.* Á næsta ári er gert ráð fyrir að á efstu hæð spítalans, sem losnar við flutning Hjúkrunarkvennaskólans, verði komið fyrir tveim sjúkradeildum, er taki til starfa 1. júní 1956. Er þar um að ræða barnadeild með 30 rúmum og viðbótardeild við handlækningadeild með 10—12 rúmum. Af auknингu þessari leiðir fjölgun starfsfólks og leggur ráðuneytið til að bætt verði við þessum starfsmönnum: deildarlækni, barnalækni, námskandidat, rannsóknarkonu, 2 deildarhjúkrunarkonum, 5 aðstoðarhjúkrunarkonum, 2 hjúkrunarkonum við framhaldsnám, svo og símastúlku.

Lagt er til, að því starfsfólki, sem ráðið er á nýju deildirnar, séu reiknaðir 7/12 hlutar launa, og er þá miðað við að það taki til starfa 1. júní 1956, svo sem fyrr greinir.

Matvörur hækka um 250 þús. kr. og annar kostnaður um 1955 þús. kr., sem hvort tveggja stafar að mestu af fjölgun legudaga.

Sakir aukins rekstrarkostanaðar á næsta ári, hefur þótt óhjákvæmilegt að

hækka daggjaldið frá því sem nú er. Leggur stjórnarnefndin til að daggjöldin á Landsspítalanum hækki úr 75 kr. í 100 kr. Þá fjölgar legudögum og eru tekjur spítalans nú áætlaðar 2280 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

Rekstrahalli landsspítalans hækkar samkv. þessu um 2438 þús. kr.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Grunnlaun hækka vegna þess, að starfsliði fjölgar um eina hjúkrunarkonu. Fæðiskostnaður hækkar um 73 600 kr. og annar kostnaður um 90 þús. kr., en vegna hækkunar á daggjöldum, sem er sú sama og á Landsspítala, lækkar hluti ríkissjóðs í rekstrarhallanum um 132 þús. kr.

C. *Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.* Kostnaður við skólann var áður talinn með í kostnaði við Landsspítalann, en snemma á næsta ári er gert ráð fyrir að skólinn flytji í nýtt skólahús og er hann því hér talinn sem sérstök stofnun.

Þar eð húsnæðisskortur hefur undanfarið mjög háð starfsemi skólans mun hann nú færa verulega út kvíarnar og er óhjákvæmilegt af þeim sökum að fjölga starfsfólki um einn kennara, umsjónarkonu, dyravörð, þvotta- og saumakonu og þrjár vinnustúlkur.

Kostnaður við skólann hækkar því um 729 þús. kr. frá fjárlögum nú.

D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum. Árið 1953 voru legudagar 67 447, árið 1954 voru þeir 63 014 og áætlaður legudagafjöldi 1956 er 43 800. Legudögum fækkar stöðugt og fullvíst er talið að svo verði framvegis.

Matvörur lækka um 450 þús. kr. og annar kostnaður lækkar um 85 þús. kr. Daggjöld á hælinu hækka um 10 kr., úr 55 í 65 kr., þrátt fyrir það og lækkun útgjalda hækkar rekstrarhalli hælisins um 795 þús. kr.

E. *Heilsuhælið á Kristnesi.* Þar er um sama samdrátt að ræða og á Vífilsstaðahæli. Starfsfólki fækkar um eina hjúkrunarkonu og eina starfsstúlku, matvæli lækka um 50 þús. kr. og daggjöld hækka úr 55 kr. í 65 kr., en þrátt fyrir þetta hækkar rekstrarhalli hælisins um 478 þús. kr. vegna fækkandi legudaga.

F. *Geðveikarhælið á Kleppi.* Starfsfólki fjölgar um eina rannsóknarkonu. Matvörur hækka um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 200 þús. kr. Daggjöld hækka um 10 kr., en legudagar eru áætlaðir 2 þús. færri en á yfirstandandi ári. Rekstrahalli hælisins hækkar um 387 þús. kr.

G. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Gert er ráð fyrir fullum launum yfirhjúkrunarkonu, en hún tók áður hálf laun hjá holdsveikraspítalanum og hálf hjá Fávitahælinu í Kópavogi, sem hún hafði jafnframt umsjón með. Matvörur lækka um 5 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 70 þús. kr.

H. *Fávitahælið í Kópavogi.* Hér er gert ráð fyrir því, að hælisbygging sú, sem nú er í smíðum, verði tekin til afnota 1. júní næsta ár. Húsrými verður þá tvöfalt á við það sem nú er og sjúklingafjöldi einnig. Þessari útþenslu fylgir að sjálfsögðu aukið starfslið og hefur tillaga stjórnarnefndarinnar um það verið tekin upp svo til óbreytt.

Hinu nýja starfsfólki hafa verið áætlaðir 7/12 hlutar launa á næsta ári. Matvörur hækka um 103 þús. kr. og annar kostnaður um 95 þús. kr. Tekjur hækka um 575 þús. kr. og rekstrahalli hælisins hækkar um 214 þús. kr.

I. *Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum.* Rekstrahalli hækkar um 36 þús. kr.

J. *Blóðbankinn.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi. Kostnaður hækkar um 16 þús. kr. og tekjur um 28 þús. kr.

Í þessu sambandi er rétt er geta þess, að nokkur hluti tekjuaukningar spítalanna kemur fram sem aukin gjöld á 12. gr. VI (ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla).

V. *Til berklavarna.* Styrkur til berklasjúklinga er óbreyttur frá fyrra ári, þar eð fækkun legudaga vegur á móti hækkun á daggjöldum sjúkrahúsanna. Legudagar eru áætlaðir 98 300 nú, en voru í gildandi fjárlögum áætlaðir 126 700 og horfur eru á að þeim fari enn fækkandi. Annar kostnaður við berklavarnir lækkar um 10 þús. kr.

VI. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.* Þessi liður hækkar um 2910 þús. kr. aðallega fyrir hækkuð daggjöld á sjúkrahúsum. Vistdagar geðveikisjúklinga eru nú áætlaðir 128 500, svo sem greitt var á árinu 1954, en í gildandi fjárlögum var miðað við 123 500 vistdaga. Ekkert útlit er fyrir að geðveikisjúklingum fækki á næsta ári, og þykir ekki ráðlegt að áætla vistdaga færri en hér er gert. Vistdögum fávita er talið að muni fjölga um 10 þús. Veldur þar mestu stækkun fávitahælis í Kópavogi. Greiðslur vegna langvarandi sjúkdóma hækka um 460 þús. kr. vegna daggjaldahækkunarinnar og greiðslur vegna langvarandi ellisjúkdóma hækka um 304 þús. kr. af sömu ástæðu.

VII. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum* hækkar um 750 þús. kr. Miðað við ört vaxandi legudagafjölda styrkhæfra sjúkrahúsa m. a. fyrir tilkomu nýrra sjúkrahúsa þykir óvarlegt að áætla liðinn lægra en hér er gert.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva.* Hækkun 500 þús. kr. Liðnum er nú skipt í tvennt, og eru 500 þús. kr. ætlaðar til heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík, sem nú er tekin til starfa.

Hinn hluta fjárveitingarinnar er ætlunin að nota til styrktar aukinni heilsuverndarstarfsemi utan Reykjavíkur, sbr. lög um heilsuvernd nr. 44/1955, sem sett voru á síðasta Alþingi.

XII. *Til héraðshjúkrunarkvenna.* Liðurinn er nýr, 75 þús. kr., og leiðir af ákvæðum læknaskipunarlaga, er sett voru á síðasta Alþingi.

XIV. *Til ónæmisaðgerða* hækkar um 200 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir kostnaði vegna mænusóttarbólusetningar á næsta ári.

XVII. *Til lækningaferða sérfræðinga.* Liðurinn hækkar um 18 þús. kr. og var áður aðeins notaður til greiðslu styrkja vegna augnlækningaferða. En í lögum nr. 21 frá síðasta Alþingi er gert ráð fyrir styrkjum vegna ferða háls-, nef- og eyrnalækna og tannlækna um landið jafnframt lækningaferðum augnlækna og er liðurinn ætlaður til styrktar öllum slíkum lækningaferðum.

XVIII. *Laun kynsjúkdómalæknis.* Við liðinn hefur verið bætt 5 þús. kr. til greiðslu annars kostnaðar. Er þar aðallega um að ræða greiðslu á aukavinnu vegna sumarleyfis kynsjúkdómalæknis.

XXVI. *Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra* lækkar um 40 þús. kr.

Þessir fjárlagaliðir gildandi fjárlaga falli niður:

Til endurbóta á sjúkraskýli Rauðakrossins í Sandgerði, 75 þús. kr. Til hreppsnefndar Hveragerðishrepps til stofnkostnaðar vegna leirbaða, 50 þús. kr., og styrkur til Valtýs Bjarnasonar læknis til sérnáms í Bandaríkjunum í svæfingum, 15 þús. kr.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Laun og annar kostnaður hækkar um 505 þús. kr.

XI. *Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum* hækkar um 18 þús. kr., m. a. sökum þess, að 10 þús. kr. eru nú ætlaðar til styrktar byggð í Skíðaskálanum í Hveradölum. Höfuðnauðsyn er að haldið sé uppi gistingu og þjónustu fyrir ferðafólk á þessari fjölförnu leið, en stofnunin á í vök að verjast fjárhagslega og er því lagt til að henni sé veittur styrkur sá, er fyrr greinir.

XIV. *Iðgjald til slysatryggingar* hækkar um 60 þús. kr.

XV. *Gjöld samkv. lögum um greiðslu orlofs* hækka um 250 þús. kr., að mestu vegna hækkunar á orlofsfé úr 5% í 6%.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Rekstrarhalli strandferðanna er í frumvarpinu áætlaður 11.5 millj. kr. Er það 4.5 milj. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs en nokkru lægra en í áætlun forstjórans. Samkvæmt reikningi var rekstrarhalli strandferðanna á árinu 1954 9086 þús. kr. og er vafalaust, að fjárveitingin er allt of lágt

áætluð á þessu ári. Óhjákvæmilegt er að framkvæma á næsta ári flokkunarviðgerðir á tveim skipum, er munu kosta um 750 þús. kr. auk venjulegs viðhaldskostnaður skipanna. Síðan undirbúningur núgildandi fjárlaga fór fram, hafa margir nýir kjarasamningar verið gerðir. Hafa allir þessir samningar haft í för með sér verulega hækkun á kaupi áhafna á skipunum, svo og ýmis aukin fríðindi þeim til handa, sem valda útgerðinni auknum útgjöldum. Þá er og vitað, að ýmsir útgjaldaliðir aðrir munu hækka, svo sem fæði skipshafna.

Hins vegar hefur af ýmsum ástæðum ekki þótt fært að hækka farmgjöld og fargjöld með skipunum til að vega að nokkru á móti þeim hækkunum, sem samkvæmt framansögðu verða ekki umflúnar.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Húsaleiga, ljós og hiti lækkar um 4 þús. kr. vegna flutnings í ódýrara húsnæði. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Framlag til landkynningar hækkar um 50 þús. kr. þar eð nú er á nýjan leik gert ráð fyrir þátttöku í kostnaði af upplýsingaskrifstofu í London, en sú fjárveiting var ekki tekin upp í gildandi fjárlög. Kostnaður á Keflavíkurflugvelli hækkar um 5 þús. kr. og hóteleftirlit hækkar um sömu fjárhæð. Til áhaldakaupa er ætlað 15 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum þessa árs. Tekjur eru áætlaðar 650 þús. kr., eins og í fjárlögum nú, og verður rekstrarhalli þá 109 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum og greiðist hann úr sérleyfissjóði sem að undanförnu.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Grunnlaun hækka vegna þess, að teiknari, sem unnið hefur við stofnunina, er gerður að áhaldaverði en nýr teiknari ráðinn í hans stað. Af launum verkfræðinga o. fl. eru 320 þús. kr. færðar á hafnir. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 10 þús. kr. vegna hækkunar á ræstingu o. fl.

II. *Laun vitavarða* hækka vegna fjölgunar vita. Nemur hækkunin 10 þús. kr. Aukagæzla og aðstoð hækkar um 5 þús. kr. vegna hækkunar á tímakaupi.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna.* Kostnaður við vitaskipið hækkar um 150 þús. kr. vegna launahækkunar áhafnarinnar og með hliðsjón af útkomu s. l. árs Annar rekstrarkostnaður hækkar um 50 þús. kr. vegna fjölgunar vitanna.

IV. *Viðhald og endurbætur* hækkar um 50 þús. kr.

V. *Sjómerki og viðhald sæluhúsa* hækkar um 50 þús. kr.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Grunnlaun hækka vegna þess, að laun flugráðsmanna hafa verið hækkuð um 50%, en þau hafa verið óbreytt frá árinu 1947 að flugráð var sett á stofn. Enn fremur hefur verið bætt við einum nýjum bókara. Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustu hækkar um 10 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur.*

1. *Lendingarstjórn.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði og annar kostnaður er einnig óbreyttur.

2. *Slökkviliðsdeild.* Óbreytt starfslið. Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. en annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.

4. *Vélaverkstæði.* Óbreytt starfslið. Laun vélvirkja og tímakaupsmanna hækka um 100 þús. kr. Benzín og olíur hækka um 25 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

6. *Viðhald og varðveizla mannvirkja.* Laun verkamanna hækka um 100 þús. kr., en efni, aðkeypt vinna o. fl. lækkar um sömu fjárhæð. Malbikun flugbrauta hækkar um 150 þús. kr. Hér er um að ræða verk, sem hafið var á árinu 1954, og er enn ekki lokið. Hefur verk þetta orðið stórum kostnaðarsamara en upphaflega var ráðgert. Er talið að kostnaður við verkið á næsta ári nemi 400 þús. kr. Óhjá-

kvæmilegt er að ljúka viðgerð flugbrautanna þar eða ella er hætta á að þær eyðileggist.

7. *Rafmagnsdeild.* Hér er gert ráð fyrir nýrri deild og er áætlað að kostnaður við hana nemi 106 þús. kr. á næsta ári. Ekki er þó um nýja kostnaðarliði að ræða, þar eð þessi kostnaður hefur áður verið talinn með viðhaldi og varðveizlu mannvirkja. Er hér því aðeins um formbreytingu að ræða, maður sá, er að þessum málum hefur starfað, verður nú fastráðinn.

III. *Keflavíkurflugvöllur.*

1. *Skrifstofukostnaður.* Kostnaður annar en laun hækkar um 45 þús. kr. með hliðsjón af reikningi s. l. árs.

2. *Lendingarstjórn.* Með samningi, dags. 13. júní s. l., milli flugmálastjórnarinnar og bandarískra flughersins, tók flugmálastjórnin algerlega við rekstri flugturnsins á Keflavíkurflugvelli hinn 15. ágúst s. l. Til þess að hægt sé að annast þann rekstur er nauðsynlegt að bæta við 10 starfsmönnum, þ. e. 4 flugumferðarstjórum, 4 aðstoðarmönnum og 2 viðgerðarmönnum og verða þá 15 menn starfandi við flugumferðarstjórn á Keflavíkurflugvelli. Rekstrarkostnaður þessarar deildar er á næsta ári talinn nema 1054 þús. kr., en til endurgreiðslu koma 1018 þús. kr., þannig að rekstrarhalli verður 36 þús. kr., er það 279 þús. kr. lægra en í fjárlögum þessa árs.

3. *Flugumsjón.* Grunnlaun hækka vegna þess að aðstoðarmönnum fjölgar um einn. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr., m. a. með hliðsjón af reikningi s. l. árs.

4. *Flugvélaafgreiðsla.* Grunnlaun hækka þar eða fimm afgreiðslumenn eru ráðnir til viðbótar. Á s. l. hausti tók flugmálastjórnin skv. samningi við allri afgreiðslu flutningaflugvéla flughersins og krefst þessi þjónusta stóraukins starfsmannahalds frá því, sem áður var. Laun afgreiðslumanna hækka um 90 þús. kr., er stafar af kaupgjaldshækkunum. Annar kostnaður hækkar um 170 þús. kr. Til endurgreiðslu samkv. fyrrgreindum samningi koma 840 þús. kr. þannig, að liðurinn lækkar um 209 þús. kr.

5. *Flugvélaviðgerðardeild.* Ráðgert er að koma á fót nýrri deild, flugvélaviðgerðardeild, og er kostnaður við hana á næsta ári talinn nema 600 þús. kr. Kostnaður þessi mun allur fást endurgreiddur frá erlendum flugfélögum og flugher Bandaríkjanna, og er því ekki gert ráð fyrir neinum rekstrarhalla hér.

7. *Viðhald húsa og rekstur rafstöðva* hækkar um 50 þús. kr.

8. *Annar kostnaður* er nýr liður, 50 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir og sjóhafnir* hækka um 20 þús. kr.

V. *Innanlandsflugstjórn.*

1. *Suðursvæði.* Kostnaður annar en laun hækkar um 10 þús. kr.

2. *Norðursvæði.* Aðstoðarflugumferðarstjórum fjölgar um einn og hækka grunnlaun af þeim sökum. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

IX. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur.* Liðurinn lækkar um 20 þús. kr.

XIII. *Alþjóðaflugþjónustan.*

1. *Flugumferðarstjórn* hækkar um 171 þús. kr., aðallega vegna hækkaðra grunnlaunauppbóta og verðlagsuppbóta.

2. *Fjarskiptaþjónustan* hækkar um 873 þús. kr. skv. áætlun póst- og símamálastjórnarinnar, sem hefur verið tekin upp óbreytt.

3. *Veðurþjónustan.* Hækkar um 638 þús. kr. samkvæmt áætlun veðurstofunnar, sem tekin hefur verið upp óbreytt.

Til endurgreiðslu kemur alþjóðatillag, er nemur 88% og er það sami hundraðshluti og í fjárlögum nú. Tekjur af flugvöllum er áætlaður 7.2 millj. kr. og er það 1025 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Tekjur af Keflavíkurflugvelli hækka um 1 millj. kr., eru nú áætlaðar 6 millj. kr., og tekjur af öðrum flugvöllum um

25 þús. kr. Tekjur af Keflavíkurflugvelli urðu 7.2 millj. kr. árið 1953 og 7.6 millj. kr. árið 1954 og virðist ekki ástæða til að áætla þær lægri á næsta ári en hér er gert.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið.* Útgjöld eru áætluð hin sömu og í fjárlögum nú.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.*

Prestaköllin eru 116, og eru 100 prestar á fullum launum en 16 á byrjunarlaunum. Vegna prestlausra prestakalla, sem þjónað er af nágrannaprestum eru greidd hálf byrjunarlaun fyrir þjónustuna, en hinn helmingurinn greiðist prestakallasjóði samkvæmt lögum. Prófastar eru 21 og eru laun þeirra hvers um sig 2160 kr. auk verðlagsuppbótar. Embættiskostnaður presta hækkar um kr. 100 000.00. Kirkjumálaráðuneytið leggur áherzlu á að liðurinn Prestmötuandvirði o. fl. verði hækkaður, þar eð fjárveiting hefur undanfarið reynzt of lág. Er því lagt til, að liðurinn hækki um 45 þús. kr. Í 24. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er svo fyrir mælt, að leggja skuli starfsmönnum til einkennisbúning að kostnaðarlausu, þegar þess sé krafizt eða hæfa þyki að starfsmaðurinn beri slíkan búning. Með skírskotun til þessa hefur eigi þótt verða hjá því komizt, að leggja prestum til hempur og kraga og eru áætlaðar í þessu skyni 100 þús. kr.

IV. *Til eflingar kirkjusöngs* samkvæmt ráðstöfun söngmálastjóra hækkar um 2500 kr.

V. *Húsaleiga vegna söngskóla þjóðkirkjunnar* hækkar um 2 þús. kr.

X. *Árgjöld þjóðkirkjunnar til alþjóðakirkjusambanda* er nýr liður, 25 þús. kr. Slík árgjöld hafa undanfarið verið greidd af 19. gr. fjárlaga, en réttara þykir að taka upp sérstaka fjárveitingu í því skyni.

XI. *Til framkvæmda í Skálholti* eru ætlaðar 2 millj. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum nú.

XII. *Kostnaður vegna Skálholtshátíðar 1956* er nýr liður, 150 þús. kr.

Um 14. gr. B.

I. a. *Háskólinn.* Grunnlaun hækka vegna þess, að gert er ráð fyrir nýju prófessorsembætti í lífeðlisfræði og lífefnafræði samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi. Enn fremur er gert ráð fyrir smávægilegum tilfærslum á launum aukakennara, er valda nokkurri hækkun. Húsaleigustyrkur háskólarektors, 24 þús. kr., er nýr liður. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 35 þús. kr., m. a. vegna hækkunar á rafmagni og kaupi ræstingarkvenna. Til tannlækningarstofu hækkar um 2 þús. kr. Til stundakennslu og landmælinga hækkar um 50 þús. kr. vegna hækkaðs kaups stundakennara. Kostnaður vegna námskeiða í uppeldis- og kennslufræðum hækkar um 5 þús. kr. einnig vegna hækkaðs stundakennslukaups.

Liðirnir: Fasteignagjöld og tryggingar, 40 þús. kr., Prófkostnaður, 150 þús. kr., og Íþróttakennsla, 30 þús. kr., eru allir áætlaðir með hliðsjón af reikningi síðast liðins árs, svo og með tilliti til almennra kauphækkana. Liðirnir hafa áður verið taldir undir liðnum: „Ýmis útgjöld“, en réttar þykir að áætla þá sérstaklega hvern fyrir sig, svo sem hér er gert.

b. *Tilraunastofa háskólans að Keldum.* Fylgt hefur verið að mestu tillögum forstöðumanns stofnunarinnar. Gjöldin hækka um 203 225 kr., en tekjur um 200 þús. kr., þannig, að hallinn eykst um 3225 kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

III. *Fræðslumálastjóraembættið.* Grunnlaun lækka nokkuð, þar eð gert er ráð fyrir, að Kennslukvikmyndasjóður greiði laun eins starfsmanns, er áður var á launaskrá hjá fræðslumálastjóraembættinu. Annar kostnaður hækkar um 16 þús. kr.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Í samræmi við tillögur Menntamálaráðuneytisins er hér reiknað með 4 nýjum kennaraembættum, og stafar grunnlauna-

hækkunin af því, en kennslustundum stundakennara fækkar sem þessu nemur. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 25 þús. kr. Laun prófdómara hækka um 10 þús. kr. vegna vísitöluhækkunar og annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Stundakennsla hækkar um 110 þús. kr. Stafar hækkunin bæði af því, að laun stundakennara hækka, og eins af hinu, að bekkjardeildum fjölgar um eina vegna aukinnar aðsóknar að skólanum. Er áætlað að stundakennsla nemi 206 stundum á viku. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 45 þús. kr. vegna þess, að verð á kolum og rafmagni hefur hækkað, svo og kaup ræstingarkvenna. Liðurinn: Til kaupa á handriti að sögu Möðruvallaskóla er nýr, og er lagt til að 20 þús. kr. verði varið í því skyni.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Föstum kennurum fjölgar um einn, og hækka því grunnlaun sem því nemur, en stundakennsla lækkar. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 18 þús. kr. og prófkostnaður um 2 þús. kr.

VII. *Kennaraskólinn.* Stundakennsla hækkar um 54 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr., en kostnaður við handíðadeild hækkar samtals um 10 þús. kr.

VIII. *Stýrimannaskólinn.* Stundakennsla hækkar um 45 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 23 þús. kr. og annar kostnaður um 3 þús. kr.

IX. *Vélstjóraskólinn.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

X. *Sjómannaskólahúsið.* Kostnaður hækkar um 54 þús. kr. og opinber gjöld um 7 þús. kr. en tekjur af húsinu hækka um 40 þús. kr.

XI. *Búnaðarkennsla.*

1. *Bændaskólinn á Hólum.* Stundakennsla hækkar um 5 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

2. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Stundakennsla hækkar um 10 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 25 þús. kr. Til viðhalds bygginga er áætlað 150 þús. kr. og er það 65 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Er talið, að eigi verði með neinu móti slegið á frest aðkallandi viðgerðum á húsum skólans. Tillag til framhaldsdeildar hækkar um 10 þús. kr.

3. *Garðyrkjuskólann á Reykjum.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 2 þús. kr., viðhald skólahúsa um 10 þús. kr. og til garðyrkjutilrauna um 5 þús. kr. Til jarðborana vegna upphitunar er nýr liður, 40 þús. kr.

XII. *Iðnfræðsla.* Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög (nr. 45/1955), er gera ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði kostnað við iðnskólahald á sama hátt og gert er ráð fyrir að greitt verði til héraðs- og gagnfræðaskóla. Liðurinn er nú áætlaður 1572 þús. kr., er það 1062 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

XIII. *Verzlunarskólar o. fl.* Tillag til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 33 þús. kr. og tillag til Samvinnuskólans um 52 þús. kr.

XIV. *Almenn barnafræðsla.* Grunnlaun kennara í föstum skólum hækka um 540 þús. kr. vegna þess, að kennurum fjölgar um 25, er stafar af eðlilegri nemendafjölgun. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á fjölda farkennara. Til aukakennara og stundakennslu hækkar um 65 þús. kr. og er þá talið, að lög nr. 41/1955 hafi í för með sér einhverja hækkun á liðnum. Annar kostnaður námsstjóra barnafræðslustigs hækkar um 10 þús. kr. Til framkvæmda sundskyldu í barnaskólum er áætlað 126 þús. kr. hærri fjárhæð en gert er í gildandi fjárlögum. Þetta eru lögbundnar greiðslur, sem undanfarið hafa reynzt of lágt áætlaðar. Endurgreiðsla á ¼ hluta rekstrarkostnaðar hækkar um 650 þús. kr. til samræmis við reikninga s. l. árs, og vegna aukinnar þátttöku ríkissjóðs í viðhaldskostnaði skólanna. Styrkur til tímaritisins „Menntamál“ hækkar um 7 þús. kr. vegna stækkunar á tímaritinu.

Tryggingagjöld hækka um 110 þús. kr. að mestu vegna hækkunar iðgjalds, en liður þessi hefur einnig verið of lágt áætlaður undanfarið.

XV. *Gagnfræðamenntun:*

1. *Til alþýðuskólans á Eiðum.* Framlag til verklegs náms og aukakennslu hækkar um 5 þús. kr., hiti, ljós og ræsting hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Tekinn er upp nýr liður: Til viðhalds á íbúðum kennara, 7500 kr.

2. *Til héraðs- og gagnfræðaskóla.* Grunnlaun hækka, þar eð gert er ráð fyrir að kennurum fjölgi um 5 vegna ákvæða laga nr. 41 frá síðasta Alþingi, en auk þess munu 6 kennarar aðrir bætast í hópinn vegna nemendaaukningar og fjölgunar á skólum. Hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði hækkar um 350 þús. kr. Kostnaður við fjármálaeftirlit hækkar um 96 þús. kr. Störf þessarar skrifstofu hafa aukizt mjög upp á síðkastið, þar eð henni hefur nú einnig verið fengið í hendur eftirlit með barnafræðslunni. Innifalið í fjárhæðinni eru laun eins manns, 45 þús. kr., er mun starfa á skrifstofunni um eins árs skeið við endurskoðun á stofnkostnaði barnaskólanna.

XVII. *Húsmæðrafræðsla.* Hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði hækkar um 300 þús. kr. Í ljós hefur komið, eftir upplýsingum frá fjármálaeftirliti skólanna, að þessi liður er mikils til of lágt áætlaður í fjárlögum yfirstandandi árs og er því ekki talið varlegt að áætla kostnaðinn lægra en hér er gert. Ferðakostnaður námsstjóra hækkar um 7500 kr.

XVIII. *Íþróttamál.*

1. *Íþróttakennaraskóli Íslands.* Stundakennsla hækkar um 5 þús. kr. Til námskeiða fyrir íþróttakennara hækkar um 5 þús. kr., en framlag til kaupa á íþróttatækjum lækkar um 5 þús. kr. Húsnæði skólans hefur aukizt á þessu ári og fellur því niður greiðsla húsaleigu, en sakir stofnunar heimavistar við skólann verður að gera ráð fyrir nokkrum aukakostnaði á næsta ári, og er ætlað til þess 45 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr.

2. *Framlag til íþróttasjóðs* hækkar um 200 þús. kr.

7. *Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar* hækkar um 5 þús. kr.

8. *Til ferðakennslu í íþróttum* hækkar um 5 þús. kr.

XIX. *Málleysingjaskólinn.* Fæðiskostnaður hækkar um 15 þús. kr. og kaup starfsstúlkna um 22 þús. kr. Byggingu nýja skólahússins er nú lokið og gamla húsinu hefur verið komið í allgott horf og fellur niður fjárveiting til viðhalds þess, 25 þús. kr., en fjárveiting til áhaldakaupa lækkar um 42 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

XX. *Matsveina- og veitingaþjónaskóli.* Fjárveiting hækkar um 75 þús. kr. Skólinn mun starfa allt næsta ár og þykir ekki varlegt að áætla rekstrarhalla skóla og mötuneytis lægri en hér er gert.

XXI. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 6 þús. kr.

XXIX. *Til rannsókna á þroskastigi skólabarna.* Liðurinn hækkar um 62 þús. kr. mest af því, að gert er ráð fyrir kostnaði af útgáfu á niðurstöðum þeirra rannsókna er þegar eru fengnar. Var farið fram á 77 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni en ráðuneytið leggur til að 50 þús. kr. verði veittar á næsta ári.

Um 15. gr. A.

I. *Landsbókasafnið.* Framlag til bóka-, tímarita- og handritakaupa og bókbands hækkar um 30 þús. kr., að miklu leyti vegna aukins kostnaðar við bókband.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Tillag til bókbands o. fl. hækkar um 3 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. hækkar um 50 þús. kr. Veldur því í fyrsta lagi, að laun gæzlukvenna hækkuðu á þessu ári til samræmis við laun verkafólks og í öðru lagi verða gæzlukonurnar einni fleiri á næsta ári, sökum þess að fyrirhugað er að opna eina sýningarstofu til viðbótar. Til viðhalds gamalla bygginga hækkar um 5 þús. kr. Til rekstrar hússins hækkar um 15 þús. kr. Tillag til uppsetningar safnsins lækkar um 65 þús. kr. og er nú síðasta greiðsla. Liðurinn: Til kaupa á bifreið, fellur niður.

V. *Náttúrugripasafnið.* Til kaupa á bókum hækkar um 2 þús. kr. Til kaupa á safnhirzlum og tækjum um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

VII. *Safnahúsið.* Til hita, ljósa og opinberra gjalda hækkar um 10 þús. kr. og ýmis gjöld um 7 þús. kr.

VIII. *Framlög til bókasafna* eru nú áætluð samkvæmt lögum nr. 42 frá síðasta Alþingi um almenningsbókasöfn. Gjöld skv. 7. gr. laganna um bæjar- og héraðsbókasöfn eru áætluð 560 þús. kr., gjöld skv. 13. gr. um sveitabókasöfn og lestrarfélög eru áætluð 400 þús. kr. og gjöld skv. 23. og 24. gr., þ. e.: Til bókasafna, skóla og annarra opinberra stofnana eru áætluð 70 þús. kr. Styrkir til einstakra bókasafna, er lögin ná til, falla niður, en í b.-lið eru taldir styrkir til þeirra bókasafna og lesstofa, sem ekki eiga rétt á styrk samkv. lögunum. Nema þessir styrkir 48 950 kr. Í c.-lið eru ætlaðar 50 þús. kr. til bygginga bókasafna og lesstofa, er það 20 þús. kr. hærri fjárhæð en í gildandi fjárlögum.

Heildarhækkun á liðnum vegna ákvæða hinna nýju laga nemur því 782 þús. kr.

X. Styrkir til skálda, rithöfunda og listamanna hækka um 102 608 kr. vegna hækkaðrar vísitölu.

XXV. *Til Sigurðar Skagfield söngvara* er nýr liður, 5 þús. kr.

XXVII. *Til vísindamanna og fræðimanna* hækkar um 15 391 kr. með hliðsjón af hækkun launa.

XLVI. *Til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu* hækkar um 12 þús. kr.

Um 15. gr. B.

I. *Atvinnudeild háskólans.*

1. *Iðnaðardeild.* Starfsmannahald óbreytt. Til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna hækkar um 30 þús. kr., m. a. vegna þess, að nauðsyn ber til, að ljúka rannsókn, sem hófst á þessu ári, á neyzluvatni og vatni til iðnaðarþarfa. Þá er tekinn upp nýr liður, 20 þús. kr., til Tómasar Tryggvasonar jarðfræðings, til að sækja alþjóðamót jarðfræðinga, er haldið verður haustið 1956 í Mexico.

Tekjur af rannsóknum deildarinnar eru áætlaðar 40 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1955.

2. *Fiskideild.* Grunnlaun hækka um 122 911 kr. að mestu leyti vegna þess, að starfsfólki fjölgar um tvo aðstoðarmenn og eina aðstoðarstúlku. Einnig er gert ráð fyrir nýjum sérfræðingi, er taki laun hálft árið. Undanfarin ár hefur verið lögð áherzla á að auka haf- og fiskirannsóknir, fiskveiðatilraunir og fiskileit. Til viðbótar rannsóknarskipinu María Júlía hefur varðskipið Ægir verið útbúið sem rannsóknarskip, með fullkomnasta asdictæki og á næsta vetri verður komið fyrir í því fullkominni togvindu. Rannsóknir þessara skipa eru skipulagðar og stjórnað af sérfræðingum fiskideildar. Margháttuð rannsóknarefni skapast í þessum ferðum, sem nauðsyn ber til að kryfja til mergjar, en það verður því aðeins gert, að nægilegur fjöldi sérfræðinga og aðstoðarfólks sé fyrir hendi. Með þeim aukningum á starfsliði fiskideildar, sem samþykktar voru á s. l. Alþingi, svo og þeim viðbótum, sem hér eru lagðar til, er deildinni séð fyrir nægilegum fjölda starfsmanna til að geta leyst úr þeim verkefnum, er með þarf. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

3. *Landbúnaðardeild.* Grunnlaun hækka um 56 620 kr., m. a. vegna þess, að ein ný aðstoðarstúlka bætist við. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Nauðsynlegt er talið, að deildin auki almenna þjónustu við bændur með rannsóknum á aðsendum jarðvegssýnishornum og er hinni nýju aðstoðarstúlku einkum ætlað að starfa að rannsókn slíkra sýnishorna. Þá er fyrirhugað að deildin færi út starfsemi sína einnig á öðrum sviðum og leiðir að sjálfsögðu af því nokkurn kostnaðarauka.

Halli á fjárræktarbúinu á Hesti og tilraunabúinu á Varmá er áætlaður mjög svipaður og í gildandi fjárlögum.

4. *Sameiginlegur kostnaður.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr. Til frádráttar koma tekjur frá Happdrætti Háskóla Íslands, er hækka um 60 þús. kr.

II. *Rannsóknarstofa háskólans.* Kostnaður, annar en laun, hækkar um 78 þús. kr. og tekjur af rannsóknum hækka um 90 þús. kr.

III. *Til rannsóknarráðs.* Rannsóknarkostnaður hækkar um 15 þús. kr. Liðurinn: Til jarðsegulmælinga heitir nú: Til segulmælingastöðvar og segulmælinga í bergi og hækkar um 25 þús. kr.

IV. *Veðurstofa Íslands.*

1. *Almenn veðurþjónusta.* Grunnlaun hækka um 42 126 kr., m. a. vegna þess, að veðurfræðingum fjölgar um einn. Einn veðurfræðingur hefur fengið orlof frá störfum eitt ár og er nauðsynlegt að annar komi í hans stað, auk þess, sem starfsemin almennt hefur aukizt. Laun veðurathugunarmanna utan Reykjavíkur hækka um 23 þús. kr. Liðurinn áhöld, loftskeytatæki o.fl. hækkar um 70 þús. kr., þar eð hann hefur reynzt of lágt áætlaður undanfarið. Húsaleiga, ljós, hiti og akstur hækkar um 30 þús. kr. Framlag til jarðskjálftamælinga hækkar um 85 þús. kr., að mestu sökum þess, að í ráði er að kaupa nýjan jarðskjálftamæli. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr. Til endurgreiðslu vegna flugveðurþjónustu koma 316 þús. kr. Er það 56 þús. kr. hækkun.

2. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Laun eins aðstoðarmanns á Reykjavíkurflugvelli eru eins og að undanförnu talin undir þessum lið. Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta í frumvarpið, þar eð hún er í samræmi við áætlun þá, sem send er ICAO.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands.* Liðurinn hækkar um 150 þús. kr. og er sú hækkun öll fólgin í auknum grunnlauna- og verðlagsuppbótum á laun starfsfólks.

3. *Til eftirlits og leiðbeininga um eyðingu refa og minka* hækkar um 5 þús. kr. Þessi liður var áður nefndur: Til eftirlits með loðdýrum, en fyrirsögn er nú breytt samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands.

4. *Til búreikningaskrifstofu* hækkar um 26 þús. kr. Er það áætlað með hliðsjón af reynslu undanfarið.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum:* Lögboðinn hluti af kaupi héraðsráðunauta hækkar um 220 þús. kr. Í breytingum á jarðræktarlögum frá síðasta Alþingi (lög nr. 29/1955) er gert ráð fyrir því, að héraðsráðunautum sé fjölgað úr 10 í 15 og jafnframt ákveðið, að ríkissjóður greiði helming launa þeirra í stað ⅖ áður. Af þessum sökum hækkar liðurinn svo sem fyrr segir.

Vegna ákvæða í fyrrgreindum lögum um breytingar á framlögum til jarðræktar og framræslu hækkar framlag ríkissjóðs til jarðræktar og framræslu um 3.3 millj. kr. og er þá gert ráð fyrir svipuðum framkvæmdum og 1954. Með jarðræktarframlagi 1956 á að greiða út á framkvæmdir á árinu 1955 og er talið líklegt, að þær verði álíka miklar og 1954. Auk þess hefur liðurinn reynzt of lágt áætlaður undanfarið og þykir ekki annað varlegt en að hækka hann alls um 4.8 millj. kr. frá fjárlögum nú.

Framlag til vélasjóðs hækkar um 25 þús. kr.

6. *Gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.* Framlag til kaupa á jarðræktarvélum er nú 1 millj. kr. samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 26 frá síðasta Alþingi. Er þar um að ræða 400 þús. kr. hækkun frá fjárlögum nú.

7. *Til verkfæranefndar ríkisins* hækkar um 10 þús. kr.

9. *Til búfjárræktar* samkvæmt lögum nr. 19/1948 hækkar um 247 þús. kr. Stafar hækkunin fyrst og fremst af aukinni þátttöku í nautgripa- og sauðfjárræktarfélögum, en einnig að nokkru af launahækkun og fjölgun héraðsráðunauta í búfjárrækt.

11. *Til tilraunaráðs búfjárræktar* hækkar um 10 þús. kr.

12. *Til jarðræktartilrauna.* Rekstrarkostnaður tilraunastöðvanna hækkar um 30 þús. kr., en stofnkostnaður er óbreyttur frá fjárlögum nú.

18. *Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará* hækkar um 110 þús. kr. Ár þessar hafa brotið niður varnargarða í vatnavöxtum undanfarið, og er þörf allmikils fjár til að lagfæra þær skemmdir. Auk þess er nauðsynlegt að ljúka á næsta ári við að veita Svaðbælisá í Bakkakotsá og hindra landbrot af völdum Laugarár.

19. *Fyrirhleðslur.* a. Steinavötn í Suðursveit. Framlag hækkar um 5 þús. kr.

c. Kúðafljót. Framlag hækkar um 100 þús. kr. Vegamálaskrifstofan telur nauðsynlegt að byggja grjótvarinn varnargarð frá austurbakka Kúðafljóts í Leiðvallahólma, þar eð austurhluti Meðallandsbyggðar sé í yfirvofandi hættu sökum þess, að Kúðafljót leitar æ meir austur á bóginn vegna framburðar úr Skálm og Hólmsá. Er áætlað, að slíkur varnargarður kosti um 650 þús. kr. Til þess að hægt sé að ljúka verki þessu á næstu tveimur árum er nauðsynlegt að veita til þess 200 þús. kr. á ári næstu tvö árin, en ¼ hluti framlags mundi þá koma annars staðar frá.

d. Laxá í Nesjahreppi, 85 þús. kr. Fjárveiting til þessarar framkvæmdar féll niður af fjárlögum þessa árs, en hér er lagt til, að hún sé tekin upp af nýju, þar eð verkinu er enn ekki lokið. Fjárveitingar til fyrirhleðslna í Dyrhólaós og í Þjórsá við Selspart falla niður.

e. Hólmsá á Mýrum, 150 þús. kr., er nýr liður. Áin er eitt þeirra jökulvatna, sem hefur mjög ótryggan farveg, og eru nú yfirvofandi alvarleg spjöll á engjum margra bæja, ef ekki verður að gert.

26. *Sandgræðslan.* Fjárveiting til sandgræðslustöðva hækkar um 100 þús. kr. mest megnis sakir aukins kostnaðar við viðhald sandgræðslugirðinga. Nauðsynlegt er að gera á þessum lið ráð fyrir greiðslu á skuld sandgræðslunnar við Framleiðsluráð landbúnaðarins fyrir leigu á jarðhúsum á árunum 1948—1952.

29. *Skógræktin.* Skrifstofukostnaður hækkar um 15 þús. kr. Framlag til skóggræðslu hækkar um 100 þús. kr. og til plöntuuppeldis um 50 þús. kr., og er þá miðað við, að sú hækkun samsvari þeim hækkunum, er orðið hafa af völdum launabreytinga. Vextir og afborganir skulda lækka um 31 þús. kr. Þess má geta hér, að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að áfram gildi heimild Tóbakseinkasölu ríkisins til að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

34. *Kostnaður vegna eyðingar refa og minka* hefur undanfarið reynzt allt of lágt áætlaður og er nú lagt til, að liðurinn verði áætlaður 500 þús. kr., en það er 180 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

36. *Styrkur til dýralæknisfræðináms erlendis* hækkar um 6 þús. kr. samkvæmt tillögu landbúnaðarráðuneytisins.

38. *Sauðfjársjúkdómavarnir.* Heildarkostnaður á þessum lið lækkar um 1333 þús. kr. Bætur vegna reglulegra fjárskipta falla nú niður, en í þeirra stað verður nú að gera ráð fyrir greiðslum vegna niðurskurðar fjár á nokkrum bæjum, þar sem talið er að mæðiveiki hafi orðið vart.

Áætlað er, að bótagreiðslur muni lækka um 1573 þús. kr. frá fjárlögum nú. Aðrir liðir hækka nokkuð, svo sem framlag til nýrra girðinga, er hækkar um 80 þús. kr., og liðurinn: Til rannsókna, er hækkar um 125 þús. kr. Framlag til rannsókna á garnaveiki, er undanfarið hefur verið sérstakur liður á fjárlögum, er nú talið með í framlagi til rannsókna á vegum sauðfjársjúkdómanefndar, enda hefur sú nefnd jafnan haft umsjón með garnaveikirannsóknunum.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands.* Lagt er til, að fjárveitingin hækki um 186 þús. kr., og er sú hækkun öll fólgin í auknum grunnlauna- og verðlagsuppbótum á laun starfsfólks.

4. *Til haf- og fiskirannsókna* hækkar um 200 þús. kr. Fjárveiting þessi hefur verið óbreytt frá 1950 og er nú orðin of lág til að standa undir kostnaði við rannsóknir þessar, sem hafa aukizt verulega.

8. *Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir.* Liðurinn hækkar um 650 þús. kr. Meginþorri þessarar fjárveitingar verður notaður til þess að gera út varðskipið Ægi til síldarleitar og fiski- og síldarrannsókna, og er ráðgert að svo verði gert í 7 mánuði á næsta ári. Auk þess þarf að búa skipið rannsóknartækjum meira en gert hefur verið til þessa. Loks er af þessari fjárveitingu greiddur kostnaður við tilraunir til að veiða síld með nýjum aðferðum. Þykir ekki verða hjá því komizt að áætla þennan lið svo sem hér er gert, ef unnt á að verða að halda áfram því starfi, sem þegar er hafið á þessu sviði.

12. *Framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands.* Í 2. gr. laga nr. 40 frá síðasta Alþingi er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi Fiskveiðasjóði til 2 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

Um 16. gr. C.

3. Nýr liður, 150 þús. kr., sem ætlaður er til greiðslu á þátttöku í kostnaði við leiðbeiningarstarfsemi á Íslandi á vegum E. P. A. og F. O. A.

Um 16. gr. D.

Launum á aðalskrifstofu er skipt niður á hinar ýmsu deildir stofnunarinnar eftir sömu reglum og undanfarið. 18 starfsmenn, sem hafa undanfarið starfað hjá rafmagnsveitum ríkisins, hafa nú verið ráðnir fastir starfsmenn. Að öðru leyti er ekki um breytingar á starfsmannahaldi að ræða á þessari fjárlagagrein.

II. *Áætlana- og mælingadeild.* Skrifstofukostnaður hækkar um kr. 15 þús. kr., mælingar og aðstoð hækka um 55 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr. Jafnframt hækka tekjurnar, endurgreiðslur hækka um 173 þús. kr. og tillag úr raforkusjóði um 100 þús. kr., þannig að liðurinn allur hækkar um 5 þús. kr. frá fjárlögum nú.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins.* Gjöldin hækka um 4772 þús. kr. Tekjur hækka einnig um sömu fjárhæð, þannig að áætlað er, að veiturnar standi sjálfar undir rekstri sínum eins og á þessu ári.

VIII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr. og ferðakostnaður um 70 þús. kr. Tekjur hækka um 75 þús. kr., þannig að tekjur og gjöld standast á.

XI. *Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir.* Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr., en tekjur hækka um 169 þús. kr. og launagreiðslur hækka um 76 þús. kr., þannig að halli á liðnum verður 250 þús. kr. meiri en í fjárlögum nú.

Til kaupa á jarðbor 1250 þús. kr. og til rekstrar 1 millj. kr. eru nýir liðir.

Jarðbor þessi er miklu stærri og afkastameiri en borar þeir, sem til eru í landinu, og er verð hans áætlað um 2.5 millj. kr. Bor þessi er einkum ætlaður til gufuborana, þ. e. a. s. borana á svæðum, þar sem hitastigið er hærra en 100° og gufa kemur upp úr holunum. Borar þeir, sem til eru, koma að takmörkuðum notum á slíkum svæðum vegna þess, að með þeim er yfirleitt ekki hægt að bora eftir að holan tekur að gjósa. Af þessum sökum hefur venjulega orðið að hætta við borun í um það bil 200 m dýpi á álitlegustu jarðhitasvæðunum. Þessi bor er hins vegar til þess gerður að bora á móti þrýstingi, og með honum ættu engin vandkvæði að vera á því að komast niður í 1000 m dýpi eða meira.

Jarðboranir á íslenzkum jarðhitasvæðum hafa sýnt, að hitastigið vex ört með dýpinu og ef vatn fæst á 1000 m dýpi má búast við, að sú hola gefi miklu heitari og þá um leið miklu verðmætari gufu en 200 m djúp hola. Auk þess borar þessi bor miklu víðari holur en hér hafa tíðkast, en víðar holur eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að fá upp úr þeim mikið magn af gufu.

Kaupverð borsins mun samsvara þeirri upphæð, sem jarðhitaveitur landsins spara þjóðinni í erlendum gjaldeyri á rúmum mánuði. Séð í því ljósi virðist tilkostnaðurinn við að rannsaka, hvað hin dýpri jarðlög jarðhitasvæðanna hafa upp á að bjóða, ekki vera tilfinnanlegur. Búast má við, að borunarkostnaður með hinum nýja bor verði svipaður eins og með eldri borunum fyrir hvern boraðan metra, en með honum fást víðari og dýpri holur.

Sé horft nokkur ár fram í tímann virðist því hinn nýi jarðbor hafa augljósa kosti fram yfir þær gerðir, sem hér hafa verið notaðar hingað til, og ef undirbúa á notkun jarðgufu í stórum stíl til iðnaðar, er bor sem þessi óhjákvæmileg nauðsyn.

Um 17. gr.

1. *Tillag til bjargráðasjóðs* er með lögum ákveðið 2 kr. á hvern íbúa landsins og hækkar því nokkuð á hverju ári.

2. a.1. *Framlag samkvæmt 116. gr. laga nr. 50/1946,* um almannatryggingar, hækkar um 4150 þús. kr. Stafar sú hækkun af vísitöluhækkun og er jafnframt gert ráð fyrir, að 5% hækkun lífeyris, sem ákveðin var með bráðabirgðaákvæðum 1955, haldist 1956.

2. a.2. Framlag til sjúkrasamlaga samkv. 47. gr. III. kafla laga nr. 104/1943, hækkar um 500 þús. kr.

2.b. Endurgreiðsla samkvæmt 99. gr. laga nr. 50/1946 og 78. gr. laga nr. 74/1937, fjárhæð sú sama og í gildandi fjárlögum, lokagreiðsla.

6. *Gamalmennahæli.* Byggingarstyrkur til elliheimilisins í Skjaldarvík fellur niður og lækkar liðurinn því um 50 þús. kr.

14. *Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi* lækkar um 96 þús. kr., þar eð styrkur til Rauða Kross Íslands og sjúkrahúss Keflavíkur til kaupa á sjúkrabifreiðum fellur niður.

15. *Til slysavarna* hækkar um 100 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir 100 þús. kr. fjárveitingu til Slysavarnafélags Íslands til kaupa á bifreiðum.

18. *Til bindindisstarfsemi* hækkar um 47 þús. kr. Þar af hækkar tillag til Stórstúku Íslands um 40 þús. kr.

27. *Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga* hækkar um 75 þús. kr.

29. *Húsnæðismálastjórn.* Samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi (nr. 55/1955) hefur verið sett á stofn húsnæðismálastjórn, skipuð 5 mönnum, sem inna af höndum margvísleg störf, er miða að umbótum í byggingamálum og hafi, ásamt veðdeild Landsbanka Íslands, yfirstjórn á almennu veðlánakerfi til íbúðabygginga. Kostnaður við húsnæðismálastjórn á næsta ári er áætlaður 200 þús. kr.

30. *Framlag til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.* Samkvæmt 13. gr. fyrrnefndra laga, nr. 55 frá síðasta Alþingi, er svo ákveðið að leggi sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skuli ríkissjóður leggja fram jafnháa fjárhæð á móti, allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin. Samkvæmt þessu verður að gera ráð fyrir 3 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni á næsta ári.

32. *Kostnaður við framkvæmd orlofslaga* hækkar um 50 þús. kr. Kostnaður þessi er þóknun til póst- og símamálastjórnarinnar fyrir framkvæmd laganna og hefur liðurinn verið of lágt áætlaður undanfarið.

33. *Greiðsla með börnum erlendra manna* samkvæmt 3. bráðabirgðaákvæði framfærslulaga nr. 80/1947 og 9. gr. laga nr. 38/1953. Liðurinn hækkar um 293 þús. kr. samkvæmt útreikningi félagsmálaráðuneytisins.

41. *Tillag til World Health Organization* hækkar um 13 726 þús. kr.

43. *Tillag til Evrópuráðsins* hækkar um 25 þús. kr.

49. *Tillag til alþjóðagjaldeyrisstofnunarinnar* er nýr liður, 180 þús. kr.

50. *Til Kvenréttindafélags Íslands vegna landsfundar* er nýr liður, 25 þús. kr.

Um 18. gr.

Greinin hækkar um 2538 þús. kr. og stafar sú hækkun öll af breyttum grunnlauna- og vísitöluútreikningi.

I. Greiðslur samkvæmt eftirlaunalögum lækka um 65 þús. kr.

II. Eftirlaun auk lögboðinna eftirlauna og lífeyris, biðlaun, heiðurslaun og styrktarfé hækkar um 1246 þús. kr.

III. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samkvæmt 10. gr. laga nr. 101/1943 og 8. gr. laga nr. 102/1943 er áætlað 1800 þús. kr. hærra en í fjárlögunum nú.

IV. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna samkvæmt 12. gr. laga nr. 103/1943 lækkar um 45 þús. kr.

V. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs ljósmæðra samkvæmt 1. gr. laga nr. 114/1940 hækkar um 5 þús. kr.

VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri hækkar um 250 þús. kr.

Um 19. gr.

1. *Til dýrtíðarráðstafana.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 7900 þús. kr. Gert er ráð fyrir óbreyttum niðurgreiðslum á næsta ári frá því, sem nú er, en sakir þess, að áætlun um niðurgreiðslu á mjólk hefur undanfarið reynzt mikils til of lág og að sala neyzlumjólkur fer vaxandi, þykir ekki varlegt að áætla liðinn lægra en hér er gert. Jafnframt er þess að gæta, að niðurgreiðslur allar aukast jafnhliða fólksfjölgun í landinu.

2. *Til aukningar löggæzlu og tollgæzlu* er nýr liður, 1 millj. kr. Kvartað er mjög um ófullnægjandi löggæzlu með vaxandi þéttbýli í landinu og aukinni umferð. Brýn þörf er aukinnar tollgæzlu. Þessi mál eru í athugun hjá fjármálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu. Er þeim athugunum ekki svo langt komið nú, þegar gengið er frá fjárlagafrumvarpinu, að leitað verði sundurliðaðra fjárveitinga til úrbóta í þessum málum, m. a., ekki ljóst, að hve miklu leyti aukinn mannafli gæti unnið bæði að löggæzlu og tollgæzlu. Á hinn bóginn er augljóst að leggja verður í aukinn kostnað vegna þessara mála. Er því það ráð tekið nú að setja nýjan lið á fjárlögin til aukinnar löggæzlu og tollgæzlu og gert ráð fyrir því, að þeirri fjárveitingu varið varið til þessara mála með samkomulagi hinna tveggja ráðuneyta, sem mál þessi heyra undir.

3. *Til óvissra útgjalda.* Með tilliti til reynslu er lagt til, að liðurinn hækki um 500 þús. kr.

Um 20. gr.

Inn: Óbreytt frá gildandi fjárlögum.

Út:

I. *Afborganir af lánum ríkissjóðs* hækka um 509 080 kr. og eru taldar verða 11 981 911 kr. Þessi fjárhæð er sundurliðuð á bls. 81—83.

Afborganir af lánum landssímans hækka um 40 þús. kr.

III. *Til eignaaukningar landssímans* eru áætlaðar 8650 þús. kr. Er það 1 millj. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

IV. *Til bygginga á jörðum ríkisins.* Lagt er til, að fjárveitingin hækki um 250 þús. kr.

XI. *Til flugvallagerða.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 700 þús. kr.

XIII. *Til bygginga á prestssetrum* hækkar um 250 þús. kr.

XIV. *Til útihúsa á prestssetrum* hækkar um 350 þús. kr.

XIX. *Til fjósbyggingar að Eiðum* hækkar um 130 þús. kr.

XXIII. *Til að lána Sölufélagi garðyrkjumanna til byggingar söluskála* lækkar um 50 þús. kr.

Starfsmannaskrá ríkisins 1956.

3. gr. fjárlaga.

1. Pósturinn.

Póstmálaskrifstofan:

Póst- og símamálastjóri (½ laun)	kr.	39 636
Skrifstofustjóri	—	62 446
Póstmálafulltrúi	—	29 894
Aðalbókari	—	59 789
Fulltrúar (3)	—	168 156
Bókarar (3)	—	146 217
Ritarar (2) 39 236, 29 427	—	68 663
Samtals	kr.	574 801

Póststofan í Reykjavík:

Póstmeistari	kr.	62 446
Póstfulltrúar (11) 5×56 052, 6×52 315	—	594 150
Póstafgreiðslumenn (45) 42×48 739, 44 219, 43 907, 42 039	—	2 177 203
Ritarar (2) 37 275, 31 389	—	68 664
Bréfberar (34) 23×41 913, 11×39 236	—	1 395 595
Húsvörður	—	38 527
Bifreiðastjórar (2) 47 924, 49 326	—	97 250
Sendlar	—	42 852
Samtals	kr.	4 476 687

Póststofan á Akureyri:

Póstmeistari	kr.	59 788
Fulltrúar (2)	—	104 630
Póstafgreiðslumenn (3) 2×48 739, 41 912	—	139 390
Bréfberi	—	41 912
Póstsendlar (2)	—	30 081
Samtals	kr.	375 801

Póstafgreiðslan á Ísafirði:

Fulltrúi	kr.	52 315
Póstafgreiðslumenn (2) 48 739, 29 427	—	78 166
Bréfberi	—	38 364
Samtals	kr.	168 845

Póstafgreiðslan á Seyðisfirði:

Póstafgreiðslumaður (Tekur einnig laun sem stöðvarstjóri símans)	kr.	9 342
Afgreiðslumaður	—	39 236
Aðstoðarmaður	—	16 955
Bréfberi	—	16 348
Samtals	kr.	81 881

Póstafgreiðslan á Siglufirði:

Fulltrúi	kr.	52 315
Póstafgreiðslumenn (2) 48 739, 44 770	—	93 509
Bréfberi	—	35 312
Samtals	kr.	181 136

Póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum:

Póstafgreiðslumaður	kr.	44 294
Afgreiðslumenn (2)	—	58 854
Aðstoðarmaður	—	35 312
Bréfberi	—	36 620
Samtals	kr.	175 080

2. Landssíminn.

Aðalskrifstofan:

Póst- og símamálastjóri (½ laun)	kr.	39 636
Skrifstofustjóri	—	62 446
Aðalgjaldkeri	—	59 789
Aðalbókari	—	59 789
Yfirverkfræðingur	—	62 446
Verkfræðingar (5)	—	298 944
Yfirteiknari	—	52 315
Teiknarar (2)	—	97 478
Fulltrúar (14) 59 789, 7×56 052, 6×52 315	—	766 043
Bókarar (6) 2×48 739, 2×43 818, 45 723, 47 345	—	278 182
Einkaritarar (2) 48 739, 47 345	—	96 084
Ritarar (3) 43 818, 2×39 236	—	122 290
Sendlar	—	39 236
Samtals	kr.	2 034 678

Ritsímastöðin í Reykjavík:

Ritsímastjóri	kr.	62 446
Varðstjórar (9) 3×52 315, 2×56 052, 2×48 739, 2×39 236	—	444 999
Fulltrúar (3) 2×52 315, 56 052	—	160 682
Símritarar (11)	—	536 129
Bókarar (9)	—	411 507
Aðstoðarmenn (4) 3×45 723, 40 008	—	177 177
Ritarar (6) 3×37 929, 2×41 913, 36 621	—	234 234
Talsímakonur (49) 30×35 313, 4×34 005, 2×32 697, 2×31 389, 2×31 062, 2×29 754, 2×30 408, 32 043, 30 081, 34 986, 31 716, 30 735	—	1 665 591
Sendimenn (7)	—	274 652
Sendisveinar (9)	—	117 709
Aðstoðarnæturvörður	—	17 002
Eftirlitsstúlkur (2) 45 723, 39 236	—	84 959
Samtals	kr.	4 187 087

Bæjarsími Reykjavíkur og Hafnarfjarðar:

Bæjarsímastjóri	kr.	62 446
Innheimtugjaldkeri	—	56 052
Umsjónarmaður sjálfvirku stöðvarinnar	—	59 789
Símafræðingur	—	56 052
Símstjóri í Hafnarfirði	—	56 052
Fulltrúar (7) 5×56 052, 2×52 315	—	384 890
Verkstjórar (3)	—	156 945
Símvirkjar (7)	—	348 325
Bókarar (6) 5×45 723, 48 739	—	277 354
Efnisvörður	—	52 315
Iðnaðarmenn (4) 3×48 739, 41 913	—	188 130
Næturverðir (3)	—	129 548

Teiknari	kr.	41 913
Línuverkstjórar (2)	—	97 478
Línumenn (21)	—	880 173
Innheimtumaður	—	48 739
Ritarar (3) 2×35 313, 37 929	—	108 555
Talsímakonur (5) 2×35 313, 28 773, 30 735, 29 100	—	159 234
Símvirkjanemar (10)	—	394 290
Sendisveinar (2)	—	29 894
Samtals	kr.	3 588 174

Loftskeytastöðin í Reykjavík:

Varðstjóri	kr.	48 739
Loftskeytamenn (4)	—	194 956
Ritarar (2) 33 024, 34 659	—	67 683
Samtals	kr.	311 378

Stuttbylgjustöðin:

Fulltrúi (Tekur auk þess ½ laun hjá radíóflugþjónustu)	kr.	28 026
Varðstjórar (2)	—	104 630
Símvirkjar (5) 3×48 739, 45 723, 24 370	—	216 310
Loftskeytamenn (3)	—	146 217
Ritari	—	39 236
Samtals	kr.	534 419

Radíóverkstæðið:

Verkstjóri	kr.	56 052
Símvirkjar (14) 2×52 315, 6×48 739, 4×47 345, 2×46 533	—	679 510
Iðnaðarmenn (4) 2×41 913, 48 739, 47 345	—	179 910
Fulltrúar (2)	—	104 630
Bókari	—	48 739
Samtals	kr.	1 068 841

Radíóeftirlit Landssímans:

Eftirlitsmenn (2) 56 052, 52 315	kr.	108 367
Samtals	kr.	108 367

Birgðahúsið:

Birgðastjóri	kr.	56 052
Efnisvörður	—	52 315
Bókari	—	48 739
Aðstoðarmenn (4)	—	167 652
Iðnaðarmaður	—	48 739
Samtals	kr.	373 497

Viðhald símanna:

Fulltrúar (2)	kr.	112 104
Línuverkstjórar (10)	—	487 390
Bifreiðaeftirlitsmaður	—	48 739
Línumenn (12)	—	502 956
Bifreiðarstjóri	—	41 913
Símritari	—	48 739
Samtals	kr.	1 241 841

Viðbót og viðhald stöðva:

Stöðvarviðgerðarmaður	kr.	52 315
Símvirki	—	47 345
Samtals	kr.	99 660

Radíóflugþjónustan:

Fulltrúi (Tekur einnig ½ laun hjá Stuttbylgjustöðinni)	kr.	28 026
Varðstjórar (6)	—	313 890
Loftskeytamenn (16) 12×48 739, 41 913, 42 865, 39 236, 40 008	—	748 890
Stöðvargæzlumenn (9)	—	438 651
Iðnaðarmenn (3) 2×48 739, 41 913	—	139 391
Símritarar (9) 7×48 739, 47 345, 45 723	—	434 241
Ritarar (5) 2×28 773, 33 024, 34 986, 29 427	—	154 983
Símvirkjanemi	—	24 369
Samtals	kr.	2 282 441

Aðrar deildir:

Fulltrúar (2)	kr.	112 104
Iðnaðarmenn (6) 4×41 913, 2×48 739	—	265 130
Símvirkjar (4) 52 315, 51 618, 2×39 429	—	182 791
Húsvörður	—	39 236
Lyftuverðir (2)	—	57 547
Samtals	kr.	656 808

Loranstöðin í Vík:

Stöðvarstjóri	kr.	52 315
Loftskeytamenn (4)	—	194 956
Tímaverðir (4)	—	167 652
Vélgæzlumaður	—	48 739
Samtals	kr.	463 662

Símastöðin á Akureyri:

Umdæmisstjóri	kr.	59 789
Varðstjórar (3) 52 315, 2×39 236	—	130 787
Fulltrúi	—	52 315
Línuverkstjóri	—	48 739
Símvirki	—	39 429
Símritari	—	48 739
Loftskeytamaður	—	48 739
Talsímakonur (20) 9×35 313, 5×27 465, 2×30 081, 28 774, 29 427, 29 754, 34 986	—	638 245
Næturvörður	—	41 913
Sendisveinar (4)	—	48 739
Samtals	kr.	1 157 434

Símastöðin í Hrútafirði:

Umdæmisstjóri	kr.	59 789
Varðstjóri	—	52 315
Iðnaðarmaður	—	48 739
Talsímakonur (4) 29 427, 35 313, 31 389, 32 370	—	128 499
Samtals	kr.	289 342

Ísafjörður:

Umdæmisstjóri	kr.	59 789
Símritari	—	48 739
Varðstjóri	—	52 315
Talsímakonur (11) 3×35 313, 2×27 465, 2×28 773, 28 446, 30 081, 34 986, 33 351	—	345 279
Næturvörður	—	41 913
Sendisveinar	—	27 465
Samtals	kr.	575 500

Símastöðin á Seyðisfirði:

Umdæmisstjóri	kr.	50 447
Varðstjórar (2)	—	104 630
Loftskeytamaður	—	48 739
Símritarar (2)	—	97 478
Talsímakonur (4) 32 697, 35 313, 30 081, 33 678	—	131 769
Sendisveinar	—	16 349
Ritari	—	35 313
Samtals	kr.	484 725

Símastöðin á Siglufirði:

Umdæmisstjóri	kr.	59 789
Fulltrúi	—	52 315
Símritari	—	48 739
Varðstjóri	—	52 315
Næturverðir (2)	—	78 473
Talsímakonur (8) 30 735, 28 446, 35 313, 31 389, 34 877, 28 119, 35 204, 27 465	—	251 548
Símaverkstjóri	—	41 913
Sendisveinar	—	37 275
Samtals	kr.	622 367

Vestmannaeyjar:

Stöðvarstjóri	kr.	59 789
Símritari	—	48 739
Varðstjóri	—	52 315
Talsímakonur (10) 2×30 081, 2×35 313, 32 370, 31 716, 33 024, 30 408, 33 351, 29 754	—	321 411
Næturvörður	—	37 929
Sendisveinar	—	31 389
Samtals	kr.	551 572

3. Áfengisverzlun ríkisins.

Skrifstofan:

Forstjóri	kr.	66 431
Lyfsölustjóri	—	79 272
Skrifstofustjóri	—	62 446
Aðalbókari	—	59 789
Gjaldkeri	—	59 789
Sölumenn (3) 2×45 732, 52 315	—	143 761
Bókarar (5) 54 183, 48 793, 3×45 723	—	240 090

Innheimtumaður	kr.	45 723
Ritarar (5)	—	171 393
Sendisveinar (2)	—	43 160
Nýborg, áfengisdeild:		
Verkstjóri	—	56 052
Birgðavörður	—	52 315
Aðstoðarverkstjóri	—	52 315
Bifreiðarstjórar (2)	—	91 446
Átappari	—	43 818
Blöndunarmaður	—	43 818
Aðstoðarmenn (13) 43 818, 45 724, 7×40 008, 4×39 236	—	526 542
Iðnkonur (14) 23 542, 2×25 504, 2×19 618, 9×27 465	—	360 971
Nýborg, iðnaðardeild:		
Lyfjafræðingar (3) 75 995, 66 697, 62 977	—	205 669
Verkstjóri	—	56 052
Bifreiðarstjóri	—	45 723
Afgreiðslumenn (3)	—	146 218
Iðnkonur (20) 9×27 466, 7×23 541, 2×25 504, 19 619, 21 673	—	504 281
Aðstoðarmenn (5) 3×39 236, 2×40 008	—	197 724
	kr.	3 354 798
Vínbúðir í Reykjavík:		
Nýborg:		
Sölustjóri	—	62 446
Afgreiðslumenn (2)	—	97 478
Snorrabraut 56:		
Sölustjóri	—	62 446
Afgreiðslumenn	—	97 478
Samtals	kr.	3 674 646

4. Tóbakseinkasala ríkisins.

Skrifstofan:		
Forstjóri	kr.	66 431
Skrifstofustjóri	—	62 446
Aðalgjaldkeri	—	59 789
Aðalbókari	—	59 789
Birgðavörður	—	56 052
Aðstoðargjaldkeri	—	45 723
Sölumenn (3)	—	137 169
Ritarar (2) 45 723, 39 236	—	84 959
Innheimtumaður	—	41 912
Afgreiðslumaður	—	41 912
Bifreiðastjórar (4)	—	167 651
Aðstoðarbókari	—	45 722
Símastúlka	—	27 465
Sendisveinar	—	40 066
Tóbaksgerð ríkisins:		
Verkstjóri	—	48 739
Aðstoðarmenn (2) 45 723, 40 642	—	86 365
Iðnkonur (3)	—	83 763
Samtals	kr.	1 155 953

5. Ríkisútvarpið.

Yfirstjórn:

Útvarpsstjóri	kr.	70 416
Formaður útvarpsráðs	—	17 712
Útvarpsráð (4)	—	47 232
Verkfræðingur (Tekur einnig laun hjá Landssímanum)	—	23 542

Aðalskrifstofa:

Skrifstofustjóri	—	62 445
Aðalgjaldkeri	—	52 315
Fulltrúi	—	52 315
Sendisveinn	—	23 542

Innheimtuskrifstofa:

Innheimtustjóri	—	52 315
Bókari	—	45 723
Ritarar (3)	—	117 708
Innheimtumenn (5) 4×39 236, 37 928	—	194 872

Auglýsingaskrifstofa:

Auglýsingastjóri	—	48 739
Ritari	—	43 818
Innheimtumenn (2)	—	78 472

Fréttastofa:

Fréttastjóri	—	59 789
Fréttaritarar (7) 6×52 315, 31 389	—	345 279

Skrifstofa dagskrár:

Skrifstofustjóri útvarpsráðs	—	59 789
Skrifstofustjóri	—	59 789
Fulltrúi	—	52 315
Leikstjóri	—	52 315
Bókari	—	45 722
Ritari	—	39 236
Ráðunautar (2)	—	23 616

Tónlistardeild:

Tónlistarstjóri	—	31 389
Ráðunautar (2)	—	104 630
Hljómplötuverðir (2)	—	83 824
Ritari	—	39 236
Pianóleikari	—	52 315

Þulir:

Þulir (3) 2×52 315, 40 642	—	145 272

Magnarasalur:

Fulltrúi	—	52 315
Magnaraverðir (5) 4×48 739, 41 912	—	236 868
Aðstoðarmaður	—	41 912

Akureyrarstöðin:

Stöðvarstjóri	—	52 315
Stöðvarvörður	—	47 344

Hornafjarðarstöðin:

Stöðvarstjóri	—	52 315
Stöðvarvörður	—	48 739

Vatnsendastöðin:

Stöðvarstjóri	—	52 315
Fulltrúi	—	52 315

Stöðvarverðir (4)	kr.	194 956
Vélstjóri	—	48 739
Eiðastöðin:		
Stöðvarstjóri	—	52 315
Aðrir starfsmenn:		
Dyravörður	—	35 313
Umsjónarmaður	—	39 236
Aðstoðarmaður	—	35 313
Samtals	kr.	3 167 992
Viðtækjaverzlun ríkisins:		
Forstjóri	kr.	62 446
Skrifstofustjóri	—	56 052
Sölumaður	—	52 315
Bókari	—	45 723
Birgðavörður	—	48 739
Afgreiðslumaður	—	45 723
Ritarar (2) 39 237, 35 313	—	74 550
Samtals	kr.	385 548
Viðgerðarstofa útvarpsins í Reykjavík og á Akureyri:		
Forstöðumenn (2)	kr.	104 630
Bókari	—	45 723
Afgreiðslumaður	—	41 913
Útvarpsvirkjar (5) 3×48 739, 2×41 913	—	230 043
Aðstoðarmenn (3) 41 913, 31 389, 21 580	—	94 882
Samtals	kr.	517 191

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Forstjóri	kr.	66 431
Skrifstofustjóri	—	62 446
Bókari	—	45 723
Ritari	—	34 659
Bifreiðarstjóri	—	56 847
Afgreiðslumaður	—	53 630
Sendisveinn	—	15 518
Samtals	kr.	335 254

7. og 8. Áburðarsala ríkisins og grænmetisverzlun ríkisins.

Framkvæmdastjóri	kr.	62 445
Skrifstofustjóri	—	62 445
Gjaldkeri	—	56 052
Sölumaður	—	52 315
Bókari	—	45 723
Ritari	—	36 620
Ræstingarkona	—	12 870
Sendisveinn	—	16 608
Verkstjóri	—	48 739
Bifreiðarstjóri	—	45 723
Aðstoðarmenn (2)	—	65 394
Samtals	kr.	504 934

9. Landssmiðjan.

Forstjóri	kr.	66 430
Skrifstofustjóri	—	65 100
Aðalbókari	—	65 100
Gjaldkerar (2)	—	124 890
Bókarar (4) 59 789, 40 482, 54 184, 26 060	—	180 515
Ritari	—	43 182
Innheimtumaður	—	45 722
Símastúlka	—	39 236
Sendisveinar	—	20 851
Lögfræðingur	—	8 719
Samtals	kr.	659 745

11. Innkaupastofnun ríkisins.

Forstjóri	kr.	74 844
Fulltrúi	—	56 052
Ritari	—	30 081
Samtals	kr.	160 977

10. gr. fjárlaga.

I. Stjórnarráðið.

Atvinnumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri	kr.	70 416
Fulltrúar (3)	—	179 364
Bókari	—	48 739
Samtals	kr.	298 519

Dóms- og kirkjumálaráðneytið:

Skrifstofustjóri	kr.	70 416
Fulltrúar (8) 5×59 788, 2×56 052, 45 722	—	456 766
Ritarar (4) 3×39 236, 32 043	—	149 751
Húsvörður	—	41 912
Samtals	kr.	718 845

Félagsmálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri	kr.	70 416
Deildarstjóri	—	62 445
Fulltrúar (6) 3×59 788, 29 894, 10 627, 56 052	—	275 937
Bókari	—	48 739
Ritarar (2) 39 236, 28 773	—	68 009
Samtals	kr.	525 546

Fjármálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri	kr.	70 416
Fulltrúar (5) 4×59 788, 39 858	—	279 010
Bókarar (3) 2×48 739, 28 026	—	125 504
Ritari	—	29 100
Aðstoðardyravörður	—	41 912
Samtals	kr.	545 942

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins:

Aðalendurskoðandi	kr.	70 416
Fulltrúar (16) 14×59 788, 51 719, 56 052	—	944 803
Bókari	—	48 739
Ritarar (4) 32 914, 31 389, 32 043, 31 498	—	127 844
Samtals	kr.	1 191 802

Forsætis- og menntamálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri	kr.	70 416
Fulltrúar (3) 2×59 788, 29 894	—	149 470
Ritarar (2) 39 236, 30 408	—	69 644
Samtals	kr.	289 530

Samgöngumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri	kr.	70 416
Fulltrúi	—	59 788
Samtals	kr.	130 204

Utanríkisráðuneytið:

Skrifstofustjóri	kr.	70 416
Deildarstjórar (2) 62 446, 35 208	—	97 654
Fulltrúar (3)	—	179 366
Blaðafulltrúi	—	42 331
Ritarar (2) 39 236, 34 986	—	74 222
Sendisveinn	—	20 400
Bókarar (2) 48 739, 39 237	—	87 976
Samtals	kr.	572 365

Utanríkisráðuneytið, varnarmáladeild:

Deildarstjóri	kr.	62 445
Fulltrúar (2)	—	119 578
Ritarar (2) 30 299, 35 313	—	65 612
Aðstoðarmenn (4) 60 000, 56 400, 56 052, 38 400	—	206 852
Samtals	kr.	458 487

Viðskiptamálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri	kr.	70 416
Fulltrúi	—	59 788
Bókari	—	48 739
Ritari	—	39 236
Samtals	kr.	218 179

Aðrir starfsmenn:

Dyravörður	kr.	41 912
Símastúlkur (2)	—	78 472
Samtals	kr.	120 384

3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald.

a. **Ríkisféhirzla:**

Ríkisféhirðir	kr.	66 431
Skiptimyntargjaldkeri	—	48 739
Fulltrúi	—	56 052
Ritari	—	31 171
Bókari	—	39 943

b. **Ríkisbókhald:**

Ríkisbókari	kr.	66 431
Fulltrúar (8) 5×59 789, 2×56 052, 54 495	—	465 544
Bókarar (4) 3×48 739, 44 136	—	190 353
Samtals	kr.	964 664

II. Hagstofan:

Hagstofustjóri	kr.	70 416
Fulltrúar (6) 3×59 789, 56 052, 54 806, 48 739	—	338 964
Bókarar (5) 3×48 739, 47 693, 44 135	—	238 045
Ritarar (5) 2×39 622, 38 474, 35 313, 34 005	—	187 036
Samtals	kr.	834 461

11. gr. fjárlaga.

A.

1. Hæstiréttur:

Dómsforseti	kr.	83 700
Dómarar (4)	—	334 800
Hæstaréttarritari	—	59 788
Dómvörður	—	48 739
Ritari	—	39 236
Samtals	kr.	566 263

2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:

Borgardómari	kr.	70 416
Fulltrúar (6) 2×62 446, 59 789, 54 806, 49 932, 45 723	—	355 142
Dómritari	—	45 723
Ritarar (5) 2×39 236, 35 313, 31 280, 33 896	—	178 961
Aðstoðarmaður	—	23 541
Samtals	kr.	653 783

3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:

Borgarfógeti	kr.	70 416
Fulltrúar (4)	—	249 783
Aðstoðarmaður	—	45 723
Gjaldkeri	—	45 723
Ritarar (3) 2×39 236, 5 400	—	83 872
Bifreiðarstjóri	—	48 739
Samtals	kr.	544 256

4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:

Sakadómari	kr.	70 416
Fulltrúar (7)	—	437 115
Bókari	—	48 739
Ritarar (7) 3×39 236, 31 389, 31 716, 29 972, 30 953	—	241 738
Samtals	kr.	798 008

5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:

Lögreglustjóri	kr.	70 416
Fulltrúar (4) 2×59 789, 46 710, 56 052	—	222 340
Bókarar (2)	—	97 478
Eftirlitsmenn (2) 52 315, 48 740	—	101 055

Ritarar (2) 39 236, 30 518	kr.	69 754
Aðstoðarmaður	—	24 102
Húsvörður	—	39 236
Samtals	kr.	624 381

6. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:

Lögreglustjóri	kr.	62 445
Fulltrúi	—	59 126
Ritari	—	32 805
Samtals	kr.	154 376

7. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:

a.

Bæjarfógetar og sýslumann (23)	kr.	1 436 235
Lögreglustjóri	—	52 315
Samtals	kr.	1 488 550

b.

Fulltrúar (29)	kr.	1 710 343
Sýsluskrifarar (18)	—	825 648
Ritarar (20)	—	570 248
Bókarar (7)	—	341 173
Innheimtumenn (3)	—	139 072
Samtals	kr.	3 586 585

9. Ríkislögregla:

Lögregluþjónar (40) 22×48 739, 6×47 100, 3×47 644, 4×42 973, 47 022, 46 789, 45 932, 45 153, 45 308	kr.	1 899 886
Samtals	kr.	1 899 886

Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli:

Yfirvarðstjóri	kr.	59 788
Varðstjórar (3)	—	168 156
Yfirlögregluþjónn	—	59 788
Lögregluþjónar (25) 11×48 739, 5×45 722, 2×46 803, 44 452, 45 993, 45 858, 45 246, 45 564, 45 632, 43 348	—	1 174 438
Samtals	kr.	1 462 170

11. Hegningarhús og vinnuhæli:

a. **Hegningarhúsið í Reykjavík:**

Yfirfangavörður	kr.	52 316
Fangaverðir (3)	—	146 217
Samtals	kr.	198 533

b. **Vinnuhælið á Litla-Hrauni:**

Forstjóri	kr.	52 314
Gæzlumenn (3)	—	146 218
Verkstjórar (2)	—	97 478
Bifreiðarstjóri	—	48 740
Fjósamaður	—	48 739
Bryti	—	48 740
Samtals	kr.	442 229

d. **Fangaklefi lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:**

Fangavörður	kr.	48 739
Samtals	kr.	48 739

B.
Opinbert eftirlit.

1. **Skipaskoðun ríkisins:**

Skipaskoðunarstjóri	kr.	70 416
Skoðunarmenn (3)	—	146 217
Gjaldkeri	—	41 912
Eftirlitsmenn (6) 48 739, 4×35 312, 9 188	—	199 175
Samtals	kr.	457 720

2. **Eftirlit með verksmiðjum og vélum:**

Öryggismálastjóri	kr.	62 446
Eftirlitsmenn (2)	—	119 578
Ritari	—	39 236
Skoðunarmenn (2)	—	104 630
Samtals	kr.	325 890

3. **Bifreiðaeftirlit ríkisins:**

Fulltrúi	kr.	59 789
Eftirlitsmenn (16) 15×48 739, 16 197	—	747 282
Samtals	kr.	807 071

4. **Löggildingarstofan:**

Forstjóri	kr.	48 739
Ritari	—	39 236
Aðstoðarmenn (5)	—	196 180
Samtals	kr.	284 155

5. **Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:**

Nefndarmenn (3)	kr.	11 070
Skipulagsstjóri	—	62 445
Arkitektar (3) 2×59 788, 62 445	—	182 021
Verkfræðingur	—	66 240
Samtals	kr.	321 776

6. **Matvælaeftirlitið:**

Eftirlitsmenn (2) 59 789, 11 512	kr.	71 301
Ritari	—	28 119
Samtals	kr.	99 420

7. a. **Fiskmat:**

Fiskmatsstjóri	kr.	66 431
Yfirmatsmenn (9)	—	470 837
Bókari	—	50 739
Ritari	—	39 236
Samtals	kr.	627 243

b. **Síldarmat:**

Síldarmatsstjóri	kr.	52 315
Samtals	kr.	52 315

c. **Kjötmat:**

Kjötmatsformaður	kr.	11 210
Yfirkjötmatsmenn (3)	—	16 815
Samtals	kr.	28 025

d. **Ullarmat:**

Ullarmatsformaður	kr.	8 719
Ullarmatsmenn (4)	—	33 008
Samtals	kr.	41 727

e. **Lýsismat:**

Lýsismatsmaður	kr.	11 070
Samtals	kr.	11 070

10. **Eftirlit á vegum:**

Eftirlitsmaður	kr.	48 739
Samtals	kr.	48 739

11. **Eftirlit með sparisjóðum:**

Eftirlitsmaður	kr.	41 912
Samtals	kr.	41 912

11. gr. C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta:

I. a. **Tollstjóraembættið í Reykjavík:**

Tollstjóri	kr.	70 416
Fulltrúar (16) 12×52 315, 4×59 789	—	866 938
Dómarafulltrúar (2)	—	124 891
Deildarstjóri	—	56 052
Aðalgjaldkeri	—	59 789
Aðstoðargjaldkeri	—	52 315
Lögskráningarfulltrúi	—	52 315
Toll- og skattritarar (24)	—	1 189 335
Innheimtumenn (10) 6×45 723, 41 913, 43 977, 24 369, 24 370	—	408 967
Ritarar (10) 5×39 237, 2×36 697, 36 621, 37 928, 22 861	—	366 989
Sendill	—	23 978
Bókari	—	52 315
Samtals	kr.	3 324 300

b. 1. **Tollgæzlan í Reykjavík:**

Fulltrúi	kr.	59 789
Yfirtollverðir (6)	—	313 891
Tollverðir (33)	—	1 780 087
Tækni- og efnafræðiráðunautar (2)	—	24 912
Ræstingarkonur (3)	—	56 770
Samtals	kr.	2 235 449

b. 2. **Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli:**

Yfirtollvörður	kr.	52 315
Tollverðir (9) 4×48 739, 46 803, 48 506, 48 274, 43 817, 24 370	—	406 726
Samtals	kr.	459 041

b. 3. **Tollgæzlan utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:**

Yfirtollverðir (5)	kr.	261 575
Tollverðir (6) 4×48 739, 44 929, 28 026	—	267 911
Samtals	kr.	529 486

II. a. **Ríkisskattanefnd:**

Nefndarmenn (3)	kr.	60 000
Skrifstofustjóri	—	59 789
Fulltrúar (2)	—	119 578
Ritari	—	28 772
Samtals	kr.	268 139

b. **Skattstofan í Reykjavík:**

Skattstjóri	kr.	66 431
Skrifstofustjóri	—	62 446
Fulltrúar (12) 11×52 315, 49 824	—	625 289
Bókarar (12) 6×48 739, 3×47 345, 2×45 723, 43 818	—	569 733
Ritarar (5) 4×35 313, 39 237	—	180 489
Samtals	kr.	1 504 388

c. **Skattstofur utan Reykjavíkur:**

Skattstjórar (8) 6×62 445, 2×52 315	kr.	479 300
Samtals	kr.	479 300

12. gr. fjárlaga.

I. Landlæknisembættið:

Landlæknir	kr.	74 844
Landlæknisritari	—	48 739
Samtals	kr.	123 583

II. Héraðslæknar:

Héraðslæknar (61)	kr.	3 615 775
Samtals	kr.	3 615 775

Skrifstofa ríkisspítalanna:

Framkvæmdastjóri	kr.	62 445
Stjórnarnefnd	—	10 380
Fulltrúar (2)	—	104 791
Féhirðir	—	56 052
Bókarar (3)	—	131 453
Ritarar (4)	—	141 251
Símastúlka	—	31 389
Sendisveinn	—	27 466
Samtals	kr.	565 227

IV. A. Landsspítalinn:

Yfirlæknar (3)	kr.	140 157
Aðstoðaryfirlæknir	—	62 445
Aðstoðarlæknar (6)	—	407 693
Svæfingarlæknir (½ laun)	—	24 575
Sérfræðingar (2)	—	43 596
Kandidatar (5)	—	262 658
Yfirhjúkrunarkona (⅓ hluti launa)	—	18 630
Barnalæknir	—	56 052

Læknaritari	kr.	37 274
Símaþjónusta	—	52 969
Aðstoðaryfirhjúkrunarkona	—	48 739
Deildarhjúkrunarkonur (8)	—	361 179
Skurðstofuhjúkrunarkona	—	45 723
Röntgenhjúkrunarkonur (6)	—	274 337
Aðstoðarhjúkrunarkonur (26)	—	863 971
Hjúkrunarnemar (50)	—	199 296
Nuddkona	—	45 723
Rannsóknarkonur (3)	—	136 715
Röntgenkonur (11)	—	433 158
Vinnustúlkur (36)	—	1 098 619
Ráðskona	—	52 315
Aðstoðarráðskonur (3)	—	125 738
Vélamenn (2)	—	121 928
Umsjónarmaður	—	48 739
Viðgerðarmaður	—	48 739
Kennari	—	48 739
Sumarleyfi og forfallavinna	—	650 247
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	168 420
	kr.	5 878 368
Frá dregst 5/12 hlutar launa vegna nýju deildanna	—	÷254 250
Samtals	kr.	5 624 124

B. Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.

Skólastýra	kr.	52 315
Kennarar (2) + aukakennarar	—	153 726
Hjúkrunarnemar (20)	—	74 736
Umsjónarkona	—	37 275
Vinnukonur (4)	—	120 823
Húsvörður	—	32 697
Sumarleyfi og forfallavinna	—	43 411
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	4 800
Samtals	kr.	519 783

C. Ljósmæðraskóli Íslands.

Forstöðumaður (deildarlæknir á fæðingardeild)	kr.	13 000
Samtals	kr.	13 000

D. Fæðingardeild Landsspítalans:

Deildarlæknir	kr.	67 846
Aðstoðarlæknar (2)	—	130 104
Yfirljósmóðir	—	52 315
Aðstoðarljósmæður (12)	—	439 629
Deildarhjúkrunarkonur (2)	—	91 446
Skurðstofuhjúkrunarkonur (2)	—	91 446
Kandidat	—	52 531
Yfirhjúkrunarkona (⅓ hluti launa)	—	17 438
Aðstoðarhjúkrunarkonur (11)	—	410 916
Fóstra	—	36 622
Hjúkrunarnemar (12)	—	44 842
Vinnumaður	—	45 723
Vinnustúlkur (10)	—	303 926

Vélgæzla	kr.	60 964
Rannsóknarkona	—	48 739
Umsjónarmaður	—	16 296
Samtals	kr.	1 910 733

E. Vífilsstaðahælið:

Yfirlæknir	kr.	66 431
Aðstoðarlæknar (2) 62 446, 56 052	—	118 498
Háls-, nef- og eyrnalæknir	—	4 152
Yfirhjúkrunarkona	—	52 315
Deildarhjúkrunarkonur (7)	—	320 060
Aðstoðarhjúkrunarkonur (5)	—	189 764
Hjúkrunarnemar (5)	—	18 684
Vinnustúlkur (40)	—	1 220 688
Þvotta- og saumakonur (3)	—	93 420
Ráðskona	—	52 315
Aðstoðarráðskona	—	41 913
Vélgæzlumenn (3)	—	137 169
Vinnumenn (3)	—	125 738
Viðgerðarmaður	—	48 739
Bifreiðarstjóri	—	45 723
Sumarleyfi og forfallavinna	—	319 842
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	91 869
Samtals	kr.	2 947 320

F. Heilsuhælið í Kristnesi:

Yfirlæknir	kr.	66 431
Aðstoðarlæknir	—	62 446
Ráðsmaður	—	52 315
Yfirhjúkrunarkona	—	52 315
Ráðskona	—	52 315
Deildarhjúkrunarkona	—	48 578
Bifreiðarstjóri	—	45 567
Kyndari	—	45 567
Vinnumaður	—	42 226
Aðstoðarráðskona	—	37 368
Starfsstúlkur (15)	—	461 807
Sumarleyfi og forfallavinna	—	136 670
Samtals	kr.	1 103 605

G. Kleppsspítalinn:

Yfirlæknir	kr.	66 431
Aðstoðarlæknar (3)	—	143 098
Sérfræðingar (4)	—	62 446
Kandidat	—	52 532
Læknanemar (3)	—	68 897
Rannsóknarkonur (2)	—	87 635
Yfirhjúkrunarkona	—	52 315
Aðstoðaryfirhjúkrunarkonur (2)	—	97 479
Deildarhjúkrunarkonur (11)	—	486 055
Aðstoðarhjúkrunarkonur (13)	—	495 626
Nuddkona	—	29 427
Hjúkrunarnemar (9)	—	50 447
Sjúkrakennarar (2)	—	82 997

Hjúkrunarmenn (8)	kr.	335 301
Vökukonur (8)	—	265 728
Vinnustúlkur (40)	—	1 220 688
Ráðskona	—	52 315
Aðstoðarráðskona	—	41 913
Þvotta- og saumakonur (5)	—	158 503
Vélgæzlumenn (3)	—	137 169
Viðgerðarmaður	—	48 739
Bifreiðarstjóri	—	48 739
Sumarleyfi og forfallavinna	—	548 629
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	137 805
Samtals	kr.	4 770 914

H. Fávitahælið í Kópavogi:

Læknir	kr.	66 431
Yfirhjúkrunarkona	—	52 315
Deildarhjúkrunarkonur (4)	—	165 995
Aðstoðarhjúkrunarkonur (2)	—	74 549
Hjúkrunarmenn (2)	—	83 825
Vökukonur (6)	—	199 296
Ráðskona	—	41 912
Vinnustúlkur (15)	—	457 135
Saumakonur (2)	—	64 148
Vélgæzlumaður	—	45 722
Kennarar (2)	—	97 478
Sumarleyfi og forfallavinna	—	166 080
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	25 000
	kr.	1 539 886
Frá dregst 5/12 hlutar launa vegna nýrrar deildar	—	÷271 460
Samtals	kr.	1 268 426

I. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:

Yfirhjúkrunarkona	kr.	48 739
Aðstoðarhjúkrunarkona	—	41 913
Vinnustúlkur (7)	—	215 177
Ráðskona	—	37 275
Kennari	—	45 723
Sumarleyfi og forfallavinna	—	46 173
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	12 000
Samtals	kr.	447 000

J. Blóðbankinn.

Forstöðumaður	kr.	66 431
Hjúkrunarkona	—	45 723
Aðstoðarstúlka	—	35 313
Vinnukona	—	31 140
Ritari	—	35 313
Sumarleyfi og forfallavinna	—	25 380
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	6 000
Samtals	kr.	245 300

K. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:

Læknir	kr.	28 773
Hjúkrunarkona	—	48 739

Vinnustúlkur (4)	kr.	122 893
Prestsþjónusta	—	3 633
Sumarleyfi og forfallavinna	—	24 462
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	4 800
Samtals	kr.	253 300

13. gr. fjárlaga.

A. Vegamál.

Verkfræðideild:

Vegamálastjóri	kr.	74 844
Yfirverkfræðingur	—	62 445
Mælingamenn (2)	—	119 576
Verkfræðingar (6) 4×92 209, 2×77 815	—	524 466
Teiknari	—	48 739

Skrifstofa:

Skrifstofustjóri	—	62 445
Gjaldkeri	—	52 315
Bókarar (5) 4×48 739, 41 912	—	236 868
Ritarar (2)	—	78 472

Birgðavarzla og verkstjórn:

Birgðaverðir (2)	—	104 630
Aðalverkstjórar (3)	—	146 217
Samtals	kr.	1 511 017

B. I. Skipaútgerð ríkisins:

Forstjóri	kr.	74 844
Skrifstofustjóri	—	62 446
Aðalbókari	—	56 052
Lögfræðingur	—	56 052
Eftirlitsmenn (2)	—	101 775
Gjaldkeri	—	56 052
Afgreiðslustjórar (2)	—	104 630
Innkaupastjóri	—	52 315
Bókarar (10) 3×45 723, 2×52 315, 2×48 740, 2×30 081, 43 817	—	443 258
Ritari	—	37 275
Sendisveinar (2)	—	38 198
Símastúlka	—	31 389
Samtals	kr.	1 114 286

III. Ferðaskrifstofa ríkisins:

Forstjóri	kr.	70 416
Afgreiðslumenn (3)	—	168 156
Ritarar (3) 48 739, 35 312, 37 275	—	121 326
Verzlunarstjóri	—	59 789
Samtals	kr.	419 687

C. Vitamál:

Vita- og hafnarmálastjóri	kr.	74 844
Verkfræðingar (5) 3×92 209, 100 201, 77 815	—	454 643
Skrifstofustjóri	—	62 446
Gjaldkeri	—	52 315
Bókarar (3) 41 912, 45 722, 35 312	—	122 946
Ritari	—	32 697

Teiknari	kr.	41 910
Áhaldavörður	—	59 789
Efnisverðir (2)	—	104 630
Kafari	—	45 722
Viðgerðarmaður	—	52 315
Samtals	kr.	1 104 257

D. Flugmál.

Flugráð:		
Formaður	kr.	25 830
Flugráðsmenn (4)	—	36 000
Skrifstofa:		
Flugvallastjóri (tekur einnig laun sem formaður flugráðs)	—	74 844
Fulltrúar (2)	—	132 862
Aðalgjaldkeri	—	59 789
Aðalbókari	—	59 789
Deildarstjóri	—	62 446
Bókarar (3) 56 052, 52 315, 47 345	—	155 712
Ritari	—	41 913
Bifreiðarstjóri	—	48 739
Húsvörður	—	45 723
Flugumferðarstjórn:		
Yfirflugumferðarstjóri	—	66 431
Flugumferðarstjórar (4)	—	239 156
Aðstoðarflugumferðarstjórar (5) 2×56 052, 55 429, 53 249, 49 037	—	269 819
Reykjavíkurflugvöllur:		
Lendingarstjórn:		
Aðstoðarflugumferðarstjórar (4) 2×56 052, 48 739, 41 913	—	202 756
Slökkvistöð:		
Slökkviliðsstjóri	—	56 052
Varðstjóri	—	52 315
Slökkviliðsmenn (4)	—	194 956
Sjóflughöfn:		
Formaður	—	56 052
Aðstoðarmenn (2) 52 315, 48 739	—	101 054
Vélaverkstæði:		
Birgðavörður	—	56 052
Vinnuvélastjóri	—	52 315
Rafvirki	—	56 052
Verkstjórn:		
Yfirverkstjóri	—	59 789
Keflavíkurflugvöllur:		
Skrifstofa:		
Fulltrúar (2) 66 431, 56 052	—	122 483
Gjaldkeri	—	56 052
Lendingarstjórn:		
Yfirflugumsjónarmaður	—	62 446
Flugumferðarstjórar (4) 2×56 052, 2×53 249	—	218 602
Varðstjórar (4)	—	239 156
Aðstoðarflugumferðarstjórar (4)	—	186 368
Viðgerðarmenn (2)	—	97 478

Flugumsjón:		
Yfirflugumsjónarmaður	kr.	62 446
Flugumsjónarmenn (4) 3×56 052, 55 741	—	223 897
Varðstjórar (4) 2×59 789, 58 543, 58 232	—	236 353
Aðstoðarmaður	—	46 940
Flugvélaafgreiðsla:		
Afgreiðslustjóri	—	62 446
Varðstjórar (4)	—	224 208
Afgreiðslumenn (8) 4×48 313, 51 070, 49 824, 49 152, 47 636	—	390 934
Umsjónarstúlkur (5) 52 315, 51 692, 48 481, 46 592, 46 245	—	245 325
Umsjónarmaður	—	56 052
Loftferðaeftirlit:		
Eftirlitsmaður	—	56 052
Fulltrúi	—	66 431
Bókari	—	45 723
Innanlands flugstjórn:		
Varðstjóri	—	59 789
Flugumferðarstjórar (6) 4×56 052, 53 249, 48 739	—	326 196
Ratsjármenn (4) 2×44 770, 55 118, 44 453	—	189 111
Fjarskiptistöðvar:		
Verkstjóri	—	56 052
Útvarpsvirki	—	56 052
Vestmannaeyjaflugvöllur:		
Flugumferðarstjóri	—	56 052
Aðstoðarmaður	—	47 482
Samtals	kr.	5 696 576

14. gr. fjárlaga.

A. Kirkjumál.

I. Biskupsembættið:

Biskup	kr.	74 844
Biskupsritari	—	56 052
Ritari	—	30 081
Samtals	kr.	160 977

II. Embætti sóknarpresta og prófasta:

Vígslubiskup	kr.	56 052
Prófastar (20)	—	1 121 040
Prestsembætti (95)	—	4 764 606
Samtals	kr.	5 941 698

III. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:

Söngmálastjóri	kr.	56 052
Samtals	kr.	56 052

B. Kennslumál.

I. a. Háskólinn:

Rektor	kr.	66 430
Prófessorar (3) yfirlæknar jafnframt	—	237 816
Prófessorar (21)	—	1 395 030
Háskólabókavörður	—	66 430

Dósentar (2)	kr.	124 890
Efnafræðingur	—	66 430
Aukakennarar (12) 2×12 751, 2×12 841, 2×16 728, 13 078, 5 231, 8 634, 19 450, 24 575, 14 760	—	170 368
Íþróttakennari	—	59 788
Tannsmiður	—	41 912
Tannlæknir	—	32 387
Háskólaritari	—	59 788
Lektorar (5) 4×15 000, 24 576	—	84 576
Húsvörður	—	39 236
Samtals	kr.	2 445 081

b. Tilraunastöð háskólans að Keldum:

Forstöðumaður	kr.	66 431
Efnafræðingar (2)	—	124 891
Dýralæknir	—	62 446
Aðstoðarmenn (3) 48 739, 39 237, 47 925	—	135 901
Aðstoðarkonur (2) 48 739, 35 945	—	84 684
Ráðsmaður	—	48 739
Ritari	—	43 183
Samtals	kr.	566 275

III. Fræðslumálaskrifstofan:

Fræðslumálastjóri	kr.	70 416
Íþróttafulltrúi	—	59 788
Fulltrúar (3) 59 788, 56 674, 56 052	—	172 514
Ritarar (3) 34 658, 32 043, 39 236	—	105 937
Bókarfulltrúi	—	59 788
Samtals	kr.	468 443

IV. Menntaskólinn í Reykjavík:

Rektor	kr.	66 431
Kennarar (19)	—	1 135 987
Dyravörður	—	39 236
Bókari	—	48 739
Samtals	kr.	1 290 393

V. Menntaskólinn á Akureyri:

Skólameistari	kr.	66 431
Kennarar (13) 11×59 789, 52 315, 29 894	—	739 888
Dyravörður	—	39 236
Samtals	kr.	845 555

VI. Menntaskólinn á Laugarvatni.

Skólastjóri	kr.	66 431
Kennarar (5)	—	298 943
Samtals	kr.	365 374

VII. 1. Kennaraskólinn:

Skólastjóri	kr.	62 445
Kennarar (10) 8×56 052, 2×28 026	—	504 468
Samtals	kr.	566 913

2. Handíðadeild:

Kennarar (3)	kr.	168 156
Samtals	kr.	168 156

VIII. Stýrimannaskólinn:

Skólastjóri	kr.	62 445
Kennarar (4)	—	224 208
Samtals	kr.	286 653

IX. Vélstjóraskólinn:

Skólastjóri	kr.	62 445
Kennarar (5)	—	280 260
Samtals	kr.	342 705

X. Sjómannaskólahúsið:

Húsvörður	kr.	49 824
Samtals	kr.	49 824

XI. 1. Bændaskólinn á Hólum:

Skólastjóri	kr.	62 445
Kennarar (3)	—	160 843
Samtals	kr.	223 288

2. Bændaskólinn á Hvanneyri:

Skólastjóri	kr.	62 445
Kennarar (4)	—	224 208
Samtals	kr.	286 653

3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:

Skólastjóri	kr.	59 788
Kennari og aukakennsla 52 315, 78 472	—	130 787
Samtals	kr.	190 575

XIV. Almenn barnafræðsla:

Skólastjórar og kennarar í Reykjavík (200)	kr.	8 425 020
Skólastjórar og kennarar í kaupstöðum utan Reykjavíkur (135)	—	5 516 185
Skólastjórar og kennarar utan kaupstaða (227)	—	8 834 795
Farkennarar (88)	—	2 180 000
Samtals	kr.	24 956 000

4. Kennslueftirlit:

Námsstjórar (4)	kr.	239 152
Samtals	kr.	239 152

XV. Gagnfræðamenntun.

1. Eiðaskóli:

Skólastjóri	kr.	62 446
Kennarar (5) 4×49 824, 47 809	—	247 105
Samtals	kr.	309 551

2. Héraðs- og gagnfræðaskólar:

Skólastjórar (23)	kr.	1 338 432
Kennarar (188)	—	9 075 779
Samtals	kr.	10 414 211

4. **Námsstjórar við framhaldsskóla:**

Námsstjórar (3) 66 432, 2×29 894	kr.	126 220
Samtals	kr.	126 220

9. Handíðaskólinn

Skólastjóri	kr.	62 425
Samtals	kr.	62 425

XVI. Húsmæðrafræðsla.

1. **Húsmæðraskólar:**

Skólastjórar (11)	kr.	575 467
Kennarar (28)	—	1 166 206
Samtals	kr.	1 741 673

3. **Húsmæðrakennaraskólinn:**

Skólastjóri	kr.	59 788
Kennarar (2) 52 315, 48 480	—	100 795
Samtals	kr.	160 583

4. **Námsstjóri við húsmæðraskóla:**

Námsstjóri	kr.	59 788
Samtals	kr.	59 788

XVII. 1. Íþróttakennaraskólinn:

Skólastjóri	kr.	62 445
Kennari	—	50 654
Samtals	kr.	113 099

XVIII. Málleysingjaskólinn:

Forstöðumaður	kr.	59 788
Kennarar (3) 2×52 315, 50 654	—	155 284
Samtals	kr.	215 072

XXVIII. Barnaverndarráð Íslands.

Ráðsformaður	kr.	12 000
Ráðsmenn (2)	—	18 000
Ráðunautur	—	14 000
Eftirlitsmaður	—	13 500
Samtals	kr.	57 500

XXIX. Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:

Forstöðumaður	kr.	62 445
Samtals	kr.	62 445

15. gr. fjárlaga.

A. I. Landsbókasafnið:

Landsbókavörður	kr.	66 430
Bókaverðir (8) 6×59 788, 51 123, 39 236	—	409 851
Ritari	—	39 236
Samtals	kr.	515 517

II. Þjóðskjalasafnið:

Þjóðskjalavörður	kr.	66 430
Skjalaverðir (4) 3×59 789, 49 435	—	228 802
Samtals	kr.	295 232

III. Þjóðminjasafnið:

Þjóðminjavörður	kr.	66 431
Safnverðir (2)	—	119 578
Ritari	—	31 389
Húsvörður	—	39 236
Bæjarvörður í Glaumbæ	—	10 000
Samtals	kr.	266 634

IV. Listasafn ríkisins:

Safnvörður	kr.	59 788
Samtals	kr.	59 788

V. Náttúrugripasafnið:

Forstöðumaður	kr.	66 430
Dýrafræðingur	—	62 445
Grasafræðingur	—	62 445
Jarðfræðingur	—	59 788
Ritari	—	36 947
Samtals	kr.	288 055

VII. Safnahúsið:

Dyravörður	kr.	39 236
Samtals	kr.	39 236

B. I. Atvinnudeild háskólans.

1. **Iðnaðardeild:**

Deildarstjóri	kr.	62 446
Efnafræðingar (5) 3×59 789, 92 209, 77 814	—	349 390
Gerlafræðingar (2)	—	117 086
Jarðfræðingur	—	59 789
Aðstoðarmaður	—	43 818
Aðstoðarstúlkur (5) 2×39 236, 48 739, 47 694, 43 818	—	218 723
Samtals	kr.	851 252

2. **Fiskideild:**

Deildarstjóri	kr.	62 446
Sérfræðingar (7) 92 209, 4×59 789, 29 894, 31 222	—	392 481
Aðstoðarmenn (7) 2×45 723, 2×43 818, 48 739, 48 042, 45 405	—	321 268
Aðstoðarstúlkur (5)	—	195 221
Samtals	kr.	971 416

3. **Landbúnaðardeild:**

Deildarstjóri (Tekur einnig laun hjá Búnaðarfélagi Íslands)	kr.	41 630
Sérfræðingar (6) 92 209, 71 241, 4×59 789	—	402 606
Aðstoðarstúlka	—	39 236
Samtals	kr.	483 472

4. **Kortlagning jarðvegs:**

Aðstoða· menn (2)	kr.	97 479
Samtals	kr.	97 479

5. **Sameiginlegur kostnaður:**

Skrifstofustjóri	kr.	59 789
Ritarar (2)	—	66 048
Viðgerðarmaður	—	52 314
Samtals	kr.	178 151

II. Rannsóknarstofa háskólans:

Forstöðumaður (tekur einnig laun frá Háskólanum)	kr.	33 215
Læknar (3)	—	203 537
Aðstoðarmenn (4)	—	194 957
Aðstoðarstúlkur (6)	—	234 058
Vinnustúlkur (3)	—	62 280
Sendisveinn	—	27 466
Bókavörður	—	7 200
Ritarar (2)	—	66 702
Sumarleyfi og forfallavinna	—	77 849
Aðalskrifstofan, kostnaðarhluti	—	24 000
Samtals	kr.	931 264

III. Rannsóknaráð ríkisins:

Framkvæmdastjóri	kr.	62 446
Ráðsmeðlimir (3)	—	34 538
Samtals	kr.	96 984

IV. Veðurstofan.

A. Innanlandsþjónusta.

Skrifstofa:

Forstjóri	kr.	66 431
Skrifstofustjóri	—	56 052
Ritari	—	41 913
Bókari	—	47 809
Símastúlka	—	31 389

Veðurspá-deild:

Fulltrúar (2)	—	124 892
Veðurfræðingar (2)	—	119 578
Aðstoðarmenn (6) 3×48 739, 44 612, 48 391, 41 913	—	281 133

Loftskeytadeild:

Yfirvarðstjóri	—	56 052
Varðstjórar (4)	—	209 260
Loftskeytamenn (10) 6×48 739, 46 128, 48 391, 48 042, 39 236	—	474 231

Veðurfarsdeild:

Veðurfræðingur	—	59 789
Aðstoðarmenn (2) 40 801, 43 659	—	84 460

Jarðeðlisfræðideild:

Veðurfræðingur	—	59 789

Áhaldadeild:

Viðgerðarmaður	—	43 500
Veðurfræðingur	—	53 561
÷ 60% launa loftskeytamanna + 48 739	—	492 465
Samtals	kr.	1 317 374

B. Flugveðurþjónusta.

Flugveðurstofan í Keflavík:

Fulltrúi	kr.	62 446
Veðurfræðingar (6) 4×59 789, 52 930, 54 495	—	346 589
Aðstoðarmenn (9) 2×40 008, 43 818, 41 436, 5×39 237	—	361 455

Háloftsstöðin í Keflavík:

Varðstjóri	—	45 723
Háloftsathugunarmenn (6) 48 739, 2×45 405, 45 247, 45 720, 46 129	—	276 645
+ 60% launa loftskeytamanna + 48 739	—	492 465
Samtals	kr.	1 585 323

VII. Sjómælingar.

Forstjóri (¼ hluti launa)	kr.	18 711
Skólastjóri	—	10 200
Sjókortateiknari	—	56 052
Samtals	kr.	84 963

VIII. Húsameistari ríkisins:

Húsameistari	kr.	74 844
Arkitektar (3) 2×59 788, 56 052	—	175 628
Teiknari	—	56 052
Byggingameistari	—	56 052
Gjaldkeri	—	56 052
Samtals	kr.	418 628

16. gr. fjárlaga.

A. Sandgræðslan:

Sandgræðslustjóri	kr.	59 789
Ráðsmaður	—	48 738
Sandgræðsluverðir (8)	—	20 034
Samtals	kr.	128 561

Skógræktin:

Skógræktarstjóri	kr.	62 446
Skógfræðingur	—	59 789
Skógarverðir (8) 3×48 739, 47 809, 45 088, 24 370, 23 672, 20 719	—	307 875
Samtals	kr.	430 110

Dýralæknar:

Yfirdýralæknir	kr.	66 430
Dýralæknar (6) 4×48 739, 40 950, 48 274	—	284 180
Samtals	kr.	350 610

D. Raforkumál.

Skrifstofa raforkumálastjóra:

Raforkumálastjóri	kr.	74 844
Fulltrúi	—	56 052
Aðalbókari	—	56 052
Gjaldkeri	—	56 052
Bókarar (3) 2×48 739, 45 723	—	143 201
Ritarar (3) 2×35 313, 39 236	—	109 862

Símastúlka	kr.	31 389
Sendisveinn	—	17 438
Samtals	kr.	544 890

Áætlunar- og mælingadeild:

Yfirverkfræðingur	kr.	107 052
Fulltrúi	—	59 789
Verkfræðingar (3) 83 628, 77 815, 71 241	—	232 684
Hagfræðingur	—	59 789
Teiknarar (2)	—	97 478
Vatnamælingamaður	—	59 789
Samtals	kr.	616 581

Rafmagnseftirlit ríkisins:

Rafmagnseftirlitsstjóri	kr.	66 431
Verkstjóri	—	52 315
Skoðunarmenn (3)	—	156 945
Bókari	—	48 739
Ritari	—	35 313
Samtals	kr.	359 743

Jarðboranir:

Yfirverkfræðingur	kr.	107 052
Verkfræðingur	—	88 818
Samtals	kr.	195 870

Rafmagnsveitur ríkisins:

Rafmagnsveitustjóri	kr.	70 416
Birgðavörður	—	52 315
Verkfræðingar (4) 92 209, 2×77 815, 71 241	—	319 080
Rekstrarstjóri	—	62 445
Raffræðingar (4)	—	224 208
Verkstjórar (7) 59 789, 56 052, 52 315, 4×48 739	—	363 112
Bifreiðarstjóri	—	41 913
Byggingafræðingur	—	56 052
Rafstöðvarstjórar (2)	—	119 578
Bókarar (2) 48 739, 43 818	—	92 557
Áhaldavörður	—	52 315
Rafveituvirkjar (4)	—	194 956
Rafveitustjórar (3)	—	179 367
Samtals	kr.	1 828 314

Ed. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um prentrétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Rit samkvæmt lögum þessum telst hvert það rit, sem prentað er eða letrað á annan vélrænan eða efnafræðilegan hátt. Til rita teljast og uppdrættir, teikningar og myndir, þótt ekki sé á letrað mál, svo og nótur, ef letrað mál fylgir.

2. gr.

Ákvæði laga þessara taka einungis til rits, sem gefið hefur verið út. Rit telst vera gefið út hér á landi, þegar það hefur verið afhent til sölu eða dreifingar á annan hátt.

3. gr.

Útgefandi rits, sem prentað er hér á landi, skal nafngreina sig á hverju eintaki þess.

Ef útgefandi ræður ritstjóra, einn eða fleiri, að riti, skal hver þeirra einnig nafngreina sig á ritinu.

Nú er nafngreining samkvæmt 1. eða 2. málsgr. vanrækt eða rangt frá skýrt, og varðar það sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

II. KAFLI
Prentarar og prentsmiðjur.

4. gr.

Hverjum þeim, er starfrækir prentsmiðju hér á landi eða starfsstöð, þar sem rit eru letruð með öðrum þeim hætti, er getur í 1. gr. laga þessara, er skylt, í síðasta lagi tveim vikum áður en nokkurt rit er látið af hendi úr prentsmiðjunni, að tilkynna lögreglustjóra í umdæminu starfrækslu prentsmiðjunnar, nafn sitt eða firma svo og nákvæmt heimilisfang. Á sama hátt skal tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef breyting verður á nafni, firma eða heimilisfangi.

5. gr.

Sá, sem annast prentun eða letrun rits hér á landi, skal á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma, prentstaðar og prentárs.

Ákvæði 1. málsgr. tekur ekki til þeirra eintaka, þótt prentuð séu eða letruð, sem getur í 7. gr. laganna.

6. gr.

Samtímis því, sem rit, sex arkir að stærð eða minna, er gefið út, er þeim, sem annast prentun þess eða letrun, skylt að afhenda lögreglustjóra í umdæminu eitt eintak ritsins. Ef lögreglustjóra þykir ástæða til, getur hann þó krafizt afhendingar á eintaki stærra rits.

Eintak þetta skal vera óskert og að öðru leyti í sömu mynd og eintök þau, sem ætluð eru til sölu eða dreifingar.

Ákvæði 1. málsgr. tekur ekki til eintaka þeirra, er getur í 7. gr., eða tilkynninga frá opinberum stjórnvöldum.

7. gr.

Sérákvæði 2. málsgr. 5. gr. og 3. málsgr. 6. gr. taka til póstkorta og mynda, nafn- og þakkarspjalda, boðskorta, vörumiða, eyðublaða og annarra slíkra eintaka, þótt prentuð séu eða letruð, er ætla má, að geti ekki falið í sér ólögmætt efni.

8. gr.

Nú er tilkynning samkvæmt 4. gr. vanrækt eða rangt frá skýrt, vanrækt að greina atriði þau, er í 5. gr. getur, eða rangt frá skýrt, eða brotið gegn ákvæðum 6. gr., og varðar það þá sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ef nafngreining samkvæmt 5. gr. skortir eða rangt er frá skýrt og ekki verður leitt í ljós, hver hefur prentað eða letrað ritið, ber útgefandi rits refsiábyrgð samkvæmt 1. málsgr.

III. KAFLI
Útgáfa blaða og tímarita.

9. gr.

Blöð og tímarit teljast samkvæmt lögum þessum rit, sem eiga að koma út með sama heiti ekki sjaldnar en tvisvar á ári, svo og fregnmiðar þeirra og fylgirit.

10. gr.

Útgefandi blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi, eða íslenzkur ópersónulegur aðili.

Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða.

Ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, skal ráðinn ritstjóri, er fullnægi skilyrðum 2. málsgr.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

IV. KAFLI
Dreifing rita.

11. gr.

Hverjum íslenzkum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja er rétt sjálfum eða með aðstoð annarra að annast sölu eða dreifingu rits með öðrum hætti.

12. gr.

Sá, sem hefur til sölu eða dreifingar rit, sem skortir nafngreiningu samkvæmt 3. gr. eða 5. gr., eða veit, að rangt er skýrt frá þeim atriðum, skal sæta sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

V. KAFLI
Ábyrgð á efni rita.

13. gr.

Hver sá, sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða tímarits, ber refsi- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.

14. gr.

Nú er um að tefla blað eða tímarit, sem að meginefni fjallar um afbrot eða lostugt efni, eða efni slíks rits er með þeim hætti, að varðar við 86.—89. gr., 1. málsgr. 90. gr., 1.—3. málsgr. 91. gr., 93. gr., 98.—100. gr. og 102. gr. almennra

hegningarlaga, nr. 19/1940, eða brotið er af ásetningi gegn 92. gr. sömu laga, og gilda þá ákvæði 13. gr. einnig um ábyrgð á efni þeirra rita.

15. gr.

Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsi- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig, og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út eða undir íslenzkri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annazt hefur prentun þess eða letrun.

16. gr.

Nú gefa fleiri en einn út blað eða tímarit í sameiningu eða fleiri en einn eru ritstjórar að riti og annar eða einn þeirra greinir sig ábyrgðarmann að ritinu eða tilteknum köflum þess, og bera þá aðrir útgefenda eða ritstjóra ekki ábyrgð á því efni ritsins framar en leiðir af ákvæðum 17. gr.

17. gr.

Nú er ritstjóri, sem ekki er jafnframt útgefandi blaðs eða tímarits, dæmdur til greiðslu sektar, fébóta, málskostnaðar eða til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms vegna efnis í ritinu, og má þá samkvæmt ákvæðum dómsins innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá útgefanda eða útgefendum ritsins.

Ef einn útgefandi blaðs eða tímarits er dæmdur til greiðslu sektar, fébóta eða annars þess kostnaðar, er getur í 1. málsgr., má með sama hætti innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá öðrum útgefanda eða útgefendum ritsins.

VI. KAFLI

Leiðréttingarskylda útgefanda (ritstjóra).

18. gr.

Útgefanda (ritstjóra) blaðs eða tímarits er skylt að birta í ritinu endurgjaldslaust leiðréttingu við frásögn eða tilkynningu um málshöfðun út af frásögn, sem birzt hefur í ritinu, ef sá krefst þess, sem hlotið getur verulegt fjártjón eða miska af frásögninni óbreyttri.

Krefjast skal birtingar á leiðréttingu eða tilkynningu svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi innan mánaðar frá birtingu frásagnarinnar. Í leiðréttingu eða tilkynningu skal aðeins greina frá staðreyndum og hún má ekki fela neitt í sér, er varði lög.

19. gr.

Nú telur útgefandi (ritstjóri), að efni leiðréttingar eða tilkynningar sé ekki í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 18. gr. eða hann vill ekki birta leiðréttinguna eða tilkynninguna, eins og hún er samin, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það þeim, sem krafizt hefur birtingar. Brot á tilkynningarskyldu varðar sektum.

20. gr.

Nú vill aðili ekki una synjun útgefanda (ritstjóra) samkvæmt 19. gr., og getur hann þá borið ágreininginn undir héraðsdómara, sem getur skyldað útgefanda (ritstjóra), að viðlögðum dagsektum, sem renni til þess, er krefst birtingar, að birta leiðréttinguna eða tilkynninguna í lögmætu formi í fyrsta tölublaði, er út kemur eftir birtingu dóms eða í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla.

Málum þessum skal hraða, svo sem kostur er. Úrskurð héraðsdómara má kæra til Hæstaréttar samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

21. gr.

Leiðréttingu eða tilkynningu samkvæmt 18. gr. skal birta í fyrsta tölublaði rits, er út kemur, eftir að birtingar er krafizt, eða í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla, nema aðilja hafi áður verið tilkynnt, að krafa hans verði ekki tekin til greina.

Leiðréttingu eða tilkynningu skal prenta með sama letri og meginmál ritsins og á þeim stað í ritinu, að eftir henni verði tekið.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. málsgr. varða sektum.

22. gr.

Nú er höfundi eða útgefanda (ritstjóra) dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar vegna efnis í blaði eða tímariti, og má þá ákveða í dómi, eftir kröfu þess, sem misgert er við, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í ritinu.

Útgefanda (ritstjóra) er skylt að birta framangreindan hluta dóms eftir kröfu dómhafa í fyrsta tölublaði, sem út kemur, eftir að dómur er birtur, og í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla.

Birta skal dómshlutann án endurgjalds og prenta hann með sama letri og meginmál ritsins og á þeim stað í ritinu, að eftir verði tekið.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum.

VII. KAFLI

Rit, sem prentuð eru erlendis.

23. gr.

Nú er rit, sem prentað er erlendis, flutt til landsins, og getur þá lögreglustjóri í umdæmi því, sem ritið er fyrst flutt í, krafizt afhendingar á einu eintaki þess með þeim hætti, er getur í 6. gr.

Skylda til afhendingar rits samkvæmt 1. málsgr. hvílir á þeim, sem afhendir það til sölu eða dreifingar hér á landi.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

24. gr.

Ákvæði 13. gr. gilda um ábyrgð á efni allra rita, sem prentuð eru erlendis og gefin út hér á landi.

25. gr.

Um rit, sem prentuð eru erlendis og gefin út hér á landi, gilda að öðru leyti ákvæði 1. gr., 7. gr. og 11. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

26. gr.

Dómsmálaráðherra getur fengið lagt lögbann við sölu eða dreifingu hérlendis á riti, sem prentað er erlendis, ef talið er, að efni þess varði við lög. Lögbann verður lagt á hjá þeim, sem hefur ritið til sölu eða dreifingar. Nú er eigi vitað, hver sá er, og má þá leggja lögbannið á hjá hverjum þeim, er hefur ritið í vörzlum sínum. Um framkvæmd lögbanns þessa fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.

27. gr.

Nú skal gert upptækt rit, sem flutt hefur verið til landsins, og má þá ákveða í dómi, að ritið skuli sent úr landi innan tiltekins frests, að viðlagðri upptöku, ef ákvörðun þessari verður ekki sinnt.

VIII. KAFLI
Ákvæði um upptöku, málsmeðferð og gildistöku laganna.

28. gr.

Nú er rit gert upptækt samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga, og skal þá með fara, eins og hér segir:

Ef upptaka byggist eingöngu á tilteknum hluta rits, skal greina hann í dómi og ber þá, eftir því sem unnt er og á kostnað dómþola, að greina hina hlutana frá og skila þeim aftur.

Upptaka getur einnig tekið til prentstafa þeirra, mynda og annars, sem notað hefur verið til að framkvæma prentunina eða letrunina.

29. gr.

Nú hefur rit verið gert upptækt með dómi, hald lagt á það samkvæmt VI. kafla laga nr. 27/1951 eða sala þess og dreifing verið bönnuð hér á landi, og ber lögreglustjóra þá tafarlaust að láta birta dóminn eða ákvörðunina í Lögbirtingablaðinu. Ef upptaka, hald eða lögbann er fellt úr gildi, ber að birta þá ákvörðun með sama hætti.

30. gr.

Sala eða önnur dreifing prentaðs rits er bönnuð, þegar birting um ákvörðun samkvæmt 29. gr. hefur farið fram eða þegar aðilja er fyrr kunnugt um upptöku, hald eða lögbann.

Brot gegn ákvæðum 1. málsgr. varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

31. gr.

Mál út af öðrum brotum á lögum þessum en því, er getur í 20. gr., sæta meðferð opinberra mála.

Mál út af broti á 19. gr., 21. gr. og 22. gr. skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Aðiljar þeir, er reka starfsstöð samkvæmt 4. gr., þegar lög þessi öðlast gildi, skulu senda lögreglustjóra tilkynningu þá, er í greininni getur, innan eins mánaðar frá gildistöku laganna.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 1., 3. og 4. málsgr. 3. gr., 4. gr., 11. gr. og 13.—16. gr. tilskipunar 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi, ákvæði laga nr. 105 17. desember 1954, um breytingu á tilskipun þessari, svo og önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 19. maí 1954 fól dómsmálaráðherra Árna Tryggvasyni hæstaréttardómara að undirbúa nýja löggjöf um prentrétt. Hefur hann síðan unnið að samningu frumvarps um þetta efni. Dómsmálaráðherra hefur haft frumvarpið til athugunar og hefur nokkrum atriðum þess verið skipað í samræmi við óskir hans.

Meginefni tilskipunar um prentfrelsi frá 9. maí 1855 hefur verið í gildi hér á landi til þessa, að fráteknum ákvæðum 1. gr., 2. gr. og 2. málsgr. 3. gr., sem breytt var með lögum nr. 105/1954. Tilskipunin hefur að geyma ákvæði löggæzlueðlis, svo sem um nafngreiningu útgefanda og prentara, afhendingu rita, leiðréttingarskyldu og réttarfarsreglur. Í 3. gr. eru almenn ákvæði um skipan á ábyrgð á efni prentaðs rits, og eru þau ákvæði, sem byggjast á hinu svonefnda belgíska ábyrgðar-

kerfi („reponsabilité par cascades"), mjög frábrugðin hinu venjulega ábyrgðarkerfi í lögum. En hið belgíska ábyrgðarkerfi er þannig byggt, að einn *einstakur* aðili að birtingu rits er gerður ábyrgur fyrir efni þess, en öðrum sleppt, og aðiljarnir bera þessa ábyrgð í tiltekinni röð, sem efnislega er ákveðin eftir nánari eða fjarlægari tengslum aðilja við efni og útgáfu ritsins og formlega, að aðilinn hafi nafngreint sig. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar frá 1855 hvílir ábyrgð á efni rits, sem prentað er og birt hér á landi, *aðallega* á höfundi þess, enda hafi hann nafngreint sig og er auk þess annaðhvort búsettur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað. Ef slíkur höfundur hefur ekki nafngreint sig, hvílir ábyrgðin *til vara* með sömu skilmálum á útgefendum ritsins, því næst á þeim, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks á þeim, er annazt hefur prentun þess.

Hjá öðrum þjóðum eru ábyrgðarkerfi á þessu sviði með ýmsum hætti. Sums staðar, svo sem í Bandaríkjum Norður-Ameríku og Bretlandi, gilda hinar almennu reglur refsiréttarins. Þær reglur, sem samdar hafa verið í því skyni að leitast við að koma í veg fyrir afbrot, teljast einnig vera hallkvæmastar á þessu sviði. Í þessum ríkjum er reynt að sporna við misbeitingu prentfrelsisins með því að dæma háar fésektir á hendur hinum seka eða seku svo og ríflegar skaðabætur úr hendi þeirra, sem hafa fjárhagslegan hag af rekstri útgáfufyrirtækjanna.

Hjá flestum þjóðum gilda hins vegar sérstakar ábyrgðarreglur á þessu sviði, og eru þær í meginatriðum með tvennum hætti. Sums staðar, svo sem í Vestur-Þýzkalandi, Austurríki, Noregi og Finnlandi, er bætt við hinar almennu ábyrgðarreglur sérákvæðum um ábyrgð á gáleysisathöfnum af hendi ritstjóra og útgefenda eða um löglíkur fyrir sekt þessara aðilja. Samkvæmt þessu kerfi sleppa blaðafyrirtæki ekki við rannsókn á rekstri sínum og starfsháttum, ef því er að skipta, og víðtækur réttur til nafnleyndar er ekki samrýmanlegur þessari skipan. Í mörgum ríkjum gildir hins vegar hið fyrrnefnda belgíska ábyrgðarkerfi í meginatriðum, svo sem, auk Belgíu, í Frakklandi, Ítalíu, Sviss, Hollandi, Svíþjóð og að nokkru leyti í Danmörku. Ábyrgðarkerfi þessu er ætlað *að* slá vörð um prentfrelsið með því að sporna við eftirgrennslan yfirvalda, hverjir kunni að eiga hlutdeild í því, sem ritað er, *að* ná með skjótum og virkum hætti til þess, sem telst sekastur, og *loks* sérstaklega að vernda nafnleynd höfundar og heimildarmanns. Heimild til nafnleyndar þessara aðilja telst með réttu eitt veigamesta skilyrðið fyrir fullnægjandi starfrækslu blaða í lýðræðisþjóðfélagi og nafnleyndarrétturinn því mikilvægur fyrir prentfrelsi í reynd. Þess er hins vegar ekki að dyljast, að nafnleyndin hefur sínar skuggahliðar. Í skjóli hennar geta óhlutvandir aðiljar valdið einstaklingum og almenningi stórfelldu tjóni, svo sem er birtar eru á prenti ósannar frásagnir eða æsifregnir, ærumeiðingar eða skýrt er frá einhverju, sem leynt á að fara lögum samkvæmt.

Í þeim ákvæðum prentlaga, sem að þessu lúta, þarf því annars vegar að leitast við að tryggja frjálsa, þarfa gagnrýni og hins vegar, að því frelsi verði beitt með þeirri gát, að valdi ekki almenningi tjóni.

Í frumvarpi því til prentlaga, sem hér liggur fyrir, er reynt að gæta þessara sjónarmiða, eftir því sem föng eru á. Nú verður að telja, að réttur til nafnleyndar höfundar eða heimildarmanns svo og til verndar gegn rannsókn á rekstri útgáfufyrirtækja, sé studdur mestum rökum, að því er varðar birtingu efnis í dagblöðum, vikublöðum og öðrum þess háttar blöðum og tímaritum, sem koma út samfleytt á mismunandi löngu bili. Að því er varðar þessi blöð og tímarit, sem nánar eru skýrgreind í 9. gr. frumvarpsins, eru um ábyrgð á efni þeirra því látnar gilda reglur belgíska kerfisins (15. gr.). Undantekning er þó gerð, ef birting efnis í blöðum þessum og tímaritum felur í sér tiltekin, stórfelld brot samkvæmt ákvæðum hegningarlaga. Þykir þá ekki ástæða til annars en að láta venjulegar ábyrgðarreglur laga gilda (14. gr.), og er það ákvæði í samræmi við það, sem tíðkast í

löggjöf annarra þjóða, svo sem Dana og Svía. Sama máli gegnir um öll rit, sem prentuð eru erlendis (24. gr.). Þá er og gerð sama undantekning, að því er varðar hin svonefndu sakamálarit, sem dafnað hafa hér á landi á síðustu árum (14. gr.). Þykir engin ástæða til að veita þeim, er standa að útgáfu þessara óþrifnaðarrita, vernd þá, sem fylgir belgíska ábyrgðarkerfinu. Hins vegar hafa ekki verið tekin upp í frumvarp þetta frekari ákvæði til að leitast við að sporna við útgáfu rita þessara, þar sem svo var ákveðið á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda í Reykjavík í september þ. á., að norræn nefnd skyldi skipuð til að athuga mál þetta sérstaklega.

Um önnur rit en að framan getur þykir ekki efni til annars en að láta venjulegar ábyrgðarreglur gilda (13. gr.).

Í 11. gr. tilskipunarinnar frá 1855 eru ákvæði um leiðréttingar- og tilkynningarskyldu útgefanda rits. Ákvæði svipaðs efnis verða að teljast eðlileg og nauðsynleg til verndar þeim, sem kunna að verða fyrir misbeitingu prentfrelsisins, og er helzt að vænta, að þau hafi þýðingu, að því er snertir blöð og tímarit, sem koma að jafnaði út samfleytt á stuttum fresti og njóta hagræðis belgíska ábyrgðarkerfisins, eins og áður segir. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir, að leiðréttingar- og tilkynningarskylda þessi hvíli aðeins á útgefendum blaða og tímarita, en ákvæðin eru að öðru leyti mun fyllri en nú er (VI. kafli). Skipan sem þessi tíðkast hjá mörgum öðrum þjóðum, svo sem hjá hinum Norðurlandaþjóðunum og Bretum, en er í ýmiss konar formi. Sums staðar, t. d. í Bretlandi og Svíþjóð, hafa blaðamenn og útgefendur skipað, án afskipta löggjafans, nefnd, sem fellir úrskurð um leiðréttingarkröfu frá þeim, er telur sig áreittan á prenti. Annars staðar, svo sem í Danmörku, er skipaður eins konar sérdómstóll í þessum málum, og eiga sæti í honum einn lögfræðingur og tveir fulltrúar blaðamanna og útgefenda. Ekki þykja tök á enn sem komið er, m. a. vegna kostnaðar, að stofna nýjan sérdómstól hér á landi í þessu skyni, og er því haldið fyrri skipan að þessu leyti.

Um einstaka kafla og greinar frumvarpsins skal þetta að öðru leyti tekið fram:

Um 1. gr.

Skýrgreining ákvæðis þessa á hugtakinu rit á að ná til alls þess, sem lýst getur hugsun og fært er í letur eða í annan myndrænan búning, þannig að því verður dreift út manna á meðal. Er leitazt við að hafa skýrgreininguna svo víðtæka, að hún taki til prentaðra eða letraðra eintaka, sem geta falið í sér efni, er varðar við lög. Nokkur eintök, sem fullnægja þessari víðtæku skýrgreiningu, eru þó undanþegin fáeinum atriðum frumvarpsins, sbr. 7. gr.

Um 2. gr.

Hallkvæmt er, til að reyna að koma í veg fyrir vafa um ýmis atriði í sambandi við framkvæmd prentlaga, að hafa frekari skýrgreiningu á því, hvað átt sé við með útgáfu rits, sbr. 6. gr., 15. gr., 18. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr., 24. gr., 25. gr. og 30. gr. frumvarpsins. Tekur sú skýrgreining jafnt til rita, sem prentuð eru eða letruð hér á landi, og þeirra, sem prentuð eru eða letruð erlendis, sbr. VII. kafla frumvarpsins.

Um 3. gr.

Ákvæði þessi eru samhljóða ákvæðum í 1. og 2. gr. tilskipunarinnar frá 1855, eins og þeim var breytt með lögum nr. 105/1954, en við er bætt ákvæði um nafnskyldu ritstjóra. Eru fyrirmæli þessi nauðsynleg vegna ákvæða V. kafla frumvarpsins um ábyrgð á efni rits, sbr. og 10. gr.

Um 4. gr.

Með tilliti til þeirrar ábyrgðar, sem getur hvílt á þeim, er prentar eða letrar rit, svo og til að auðvelda yfirvöldum löggæzlu, ef því er að skipta, verður að

teljast eðlilegt að setja ákvæði sem þessi í lög. Er það og í samræmi við erlenda löggjöf á þessu sviði, t. d. hjá Svíum og Finnum. Ákvæði laga nr. 23/1886, sem gilda aðeins um prentsmiðjur, geta ekki talizt fullnægjandi að þessu leyti.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er samhljóða 1. gr. tilskipunarinnar frá 1855, eins og henni var breytt með lögum nr. 105/1954, að því undanteknu, að bætt er við ákvæði um prentár. Ekki þykir nauðsynlegt, að ákvæði 1. málsgr. taki til eintaka eins og þeirra, sem lýst er í 7. gr., og er ákvæði 2. málsgr. sett af þeim sökum.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er að efni mjög svipað ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar frá 1855. Þó er nú gerð krafa til, að eintakið sé afhent lögreglustjóra „samtímis" og rit er gefið út. Slíkt ákvæði fer ekki í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hjá sumum þjóðum, svo sem hjá Finnum og Svíum, er afhendingarskylda ríkari en kveðið er á í grein þessari, en eftir íslenzkum högum þykir ekki þörf á að hafa hana víðtækari en hér segir.

Ákvæði 2. málsgr., sem er nýmæli, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 3. málsgr., sem einnig er nýmæli, má að nokkru vísa til þess, er segir um 2. málsgr. 5. gr. Ekki þykir heldur ástæða til, að tilkynningar frá opinberum stjórnvöldum séu afhentar lögreglustjóra.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Um rök fyrir þeim má vísa til þess, er segir um 2. málsgr. 5. gr. og 3. málsgr. 6. gr. Upptalningin í greininni er, eins og sjá má, ekki tæmandi, og er þá, ef til ágreinings kemur, á valdi dómstóla að meta, hvort ákvæðið taki til annarra eintaka eðli sínu samkvæmt.

Um 8. gr.

Refsiákvæði greinarinnar um brot á 5. gr. og 6. gr. eru samhljóða ákvæðum 1. málsgr. 2. gr. tilskipunarinnar frá 1855, eins og þeim var breytt með lögum nr. 105/1954, og sama er látið gilda um brot gegn 4. gr.

Ákvæði 2. málsgr. er efnislega samhljóða ákvæðum 4. gr. tilskipunarinnar, sbr. og 12. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Vegna ákvæða V. kafla frumvarpsins um ábyrgð á efni rits, er nauðsynlegt að ákveða, hvaða rit það eru, sem belgíska ábyrgðarkerfið tekur til. Um rök til þessa vísast að öðru leyti til hins almenna inngangs í athugasemdum við frumvarp þetta. Skýrgreining greinarinnar á hugtökunum blað og tímarit er svipuð og tíðkast hjá þeim þjóðum, sem beita belgíska ábyrgðarkerfinu eingöngu eða aðallega um þessi rit.

Um 10. gr.

Ákvæði greinarinnar, sem er nýmæli, eru sett til að leitast við að tryggja, að ábyrgð útgefanda (ritstjóra) samkvæmt 3. málsgr. 16. gr. sé einhvers virði, þannig að alltaf sé a. m. k. að einum útgefanda eða einum ritstjóra að ganga, en þeir geta að sjálfsögðu verið fleiri en einn, eins og tíðkazt hefur. Í löggjöf sumra annarra þjóða eru sett ákvæði um enn ríkari skilyrði, sem útgefandi (ritstjóri) blaðs eða tímarits þarf að fullnægja, svo sem um ráð fjár síns, óflekkað mannorð o. fl. Enginn vafi er talinn leika á því, að ákvæði sem þau, er þessi grein frumvarpsins felur í sér, séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða 2. málsgr. 2. gr. tilskipunarinnar frá 1855, eins og henni var breytt með lögum nr. 105/1954.

Um 13.—15. gr.

Um rök fyrir ákvæðum þessum vísast til hins almenna inngangs í athugasemdum við frumvarp þetta.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða 3. málsgr. 3. gr. tilskipunarinnar frá 1855 að öðru leyti en því, er leiðir af nýmælum 17. gr.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Rétt þykir, að útgefandi eða útgefendur blaðs eða tímarits séu einnig ábyrgir fyrir greiðslu sekta, fébóta og annars þess kostnaðar, er getur í greininni, þegar ritstjóra eða einum útgefanda hafa verið dæmdar slíkar greiðslur vegna efnis í blaði eða tímariti. Eru sams konar ákvæði sums staðar í erlendri löggjöf um prentrétt, svo sem hjá Dönum.

Um VI. kafla (18.—22. gr.).

Um rök fyrir þessum ákvæðum frumvarpsins vísast til hins almenna inngangs í athugasemdum við frumvarp þetta. Skyldur samkvæmt kafla þessum hvíla á ábyrgðarmanni rits eða hluta rits, sbr. 15. gr. og 16. gr.

Um VII. kafla (23.—27. gr.).

Nokkurra sérákvæða er þörf um rit, sem prentuð eru erlendis, og eru ákvæði kafla þessa í samræmi við það, er tíðkast hjá öðrum þjóðum, er búa við svipaða réttarskipan, svo sem hjá hinum Norðurlandaþjóðunum, sbr. og 14. gr. tilskipunarinnar frá 1855. Ákvæði 24. gr. taka jafnt til blaða og tímarita sem annarra rita.

Um 28.—30. gr.

Sérákvæði sem þessi, um upptöku og bann við sölu og annarri dreifingu rita, eru almennt talin nauðsynleg á þessu sviði löggjafar. Eru þessi nýmæli því sett.

Um 31.—33. gr.

Ákvæði þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Nd. 3. Frumvarp til íþróttalaga. [3. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

I. KAFLI
Um stjórn íþróttamála.

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi og íþróttanefnd.

3. gr.

Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála. Hann skal ráðinn af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum íþróttanefndar, og greiðast laun hans úr ríkissjóði. Skipa má hann í embættið eftir þrjú ár, að fengnum tillögum nefndarinnar.

Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.
2. Að vinna að útbreiðslu og efling íþrótta í landinu.
3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.
4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð varðandi íþróttamál.
5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu.
6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

4. gr.

Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar Íþróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar Ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Íþróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

II. KAFLI

Um íþróttasjóð.

5. gr.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð til eflingar íþróttum í landinu, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt. Nefnist hann íþróttasjóður.

6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:

1. Hvers konar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar iðnaðarmanna.
2. Til íþróttakennslu og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþrótta og aukinnar íþróttamenntunar.

Þó má eigi veita styrki til íþróttamóta, kappleika eða kaupa á verðlaunagripum. Enn fremur er óheimilt að veita styrki til greiðslu annars rekstrarkostnaðar einstakra félaga en kostnaðar við íþróttakennslu. Þá er og óheimilt að veita styrki til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum og til ferðalaga.

7. gr.

Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:

1. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.), Ungmennafélag Íslands (U. M. F. Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög.
3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

8. gr.

Umsóknir um styrk úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til þessa:

1. Hve almenna íþróttalega, heilbrigðis- og félagslega þýðingu úthlutunin getur haft.
2. Að styrkurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið samkvæmt fólksfjölda.
3. Að hve miklu leyti félögin standa undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.
4. Að hliðstæð íþróttamannvirki njóti jafns hundraðshluta styrks miðað við stofnkostnað, og getur styrkveiting numið allt að 40 af hundraði.

9. gr.

Nú vill einhver þeirra aðila, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og þarf þá samþykki íþróttanefndar um gerð mannvirkisins og staðsetningu þess.

Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum ókeypis í té allar leiðbeiningar og sérfræðilega aðstoð um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

10. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og skal hún staðfest af menntamálaráðuneytinu. Í reglugerðinni skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkisins, viðhald og notkun.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.

III. KAFLI
Um íþróttir í skólum.

11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum og kauptúnum með 400 íbúum eða fleiri, öllum æðri skólum og nýbyggðum heimavistarskólum skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu baði og nauðsynlegum áhöldum til íþróttakennslu og er hvort tveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 400 íbúum skal temja nemendum þær fimleikaæfingar, sem við verður komið í

húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að leika knattleiki og útiíþróttir.

13. gr.

Öll börn í landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og lífgun úr dauðadái. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi áður, eða eigi síðar, en hann lýkur prófi úr barnaskóla, og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun samkvæmt reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur. Þar sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verður við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund í námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á sem næst þriggja vikna sundkennslu.

Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðist við aldur þeirra og þroska. Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

Þar, sem sækja þarf langt til sundnáms, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til þess að stunda íþróttir úti, eftir því sem fært þykir og staðhættir leyfa. Þá skal og stuðla að því, að nemendur iðki íþróttir í tómstundum sínum. Enn fremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í glímu.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum íþróttanefndar og íþróttafulltrúa, ákvæði um tilhögun og stundafjölda íþróttaiðkana í skólum. Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis þarfnast sérstakrar sjúkraleikfimi, skal þar sem því verður við komið séð fyrir slíkum æfingum á vegum skólans. Enn fremur skal sjá nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólans, fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir.

16. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á fræðslu um heilsuvernd, gildi íþrótta og skaðsemi eiturnautna.

17. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, sem það setur. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

IV. KAFLI

Um réttindi til íþróttakennslu.

18. gr.

Enginn getur starfað sem kennari í íþróttum við skóla, né rekið íþróttakennslu sem atvinnu, nema hann hafi öðlazt íþróttakennararéttindi.

Þeir íslenzkir ríkisborgarar, er að dómi menntamálaráðuneytisins hafa öðlazt íþróttakennararéttindi við viðurkennda íþróttakennaraskóla erlendis, skulu hljóta full réttindi sem íþróttakennarar, ef nám þeirra og próf samsvara kröfum Íþróttakennaraskóla Íslands um íþróttakennarapróf.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga menn, sem um stundarsakir eru ráðnir til þess að hafa íþróttakennslu með höndum hjá skólum eða félögum, enda komi samþykki stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands til.

19. gr.

Við Íþróttakennaraskóla Íslands skal starfrækja leiðbeinendadeild, sem veiti takmörkuð réttindi til leiðbeininga um iðkun eða þjálfun í einni eða fleiri íþróttagreinum hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

Heimilt er héraðsskólum, svo og Í. S. Í. og U. M. F. Í. að starfrækja slíkar sérdeildir.

Nám í deildum þessum veitir að öðru leyti engin kennararéttindi.

V. KAFLI

Um frjálsa íþróttastarfsemi.

20. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) er æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu og kemur fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum, nema að því leyti, sem ríkisstjórnin kann að velja til þess fulltrúa sjálf.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, er Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaíþróttareglur. Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

21. gr.

Landið skiptist í íþróttahéruð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við Í. S. Í. og U. M. F. Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðilar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Þar sem aðilar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Í. S. Í., annar samkvæmt tilnefningu U. M. F. Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytisins. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf.

Þá er héraðssamtök íþróttaaðila hafa myndazt tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

22. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmálaskoðanir.
2. Allir félagsmenn séu skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í. S. Í. eða U. M. F. Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

24. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefur styrk úr ríkissjóði eða íþróttasjóði til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa. Íþróttamannvirki, sem styrk hefur hlotið úr íþróttasjóði, má hvorki gefa né selja, nema samþykki íþróttanefndar komi til, enda endurgreiðist þá til íþróttasjóðs sú styrkupphæð, sem veitt hefur verið til viðkomandi íþróttamannvirkis.

25. gr.

Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

26. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin íþróttalög nr. 25 12. febrúar 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 23. júlí 1951 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Björn Ólafsson, þriggja manna nefnd til þess að endurskoða íþróttalögin, nr. 25 frá 12. febrúar 1940. Áttu sæti í nefndinni þeir Sigurður Bjarnason, alþm., sem var formaður nefndarinnar, Benedikt G. Wåge, forseti Íþróttasambands Íslands, og Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi.

Nefndin lauk störfum í nóvembermánuði í fyrra og skilaði þá til menntamálaráðuneytisins drögum að frumvarpi til nýrra íþróttalaga ásamt greinargerð.

Málið var síðan tekið til athugunar í ráðuneytinu og gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu. Voru þær bornar undir nefndina og féllst hún á flestar þeirra. Greinargerð nefndarinnar fer hér á eftir, en skotið er inn í hana athugasemdum varðandi þær breytingar, sem ráðuneytið hefur gert á frumvarpinu og nefndin hefur ekki getað fallizt á.

Um I. kafla.

Í annarri málsgrein 3. gr. felst sú breyting, að með embætti íþróttafulltrúa ríkisins sé farið sem önnur embætti, þ. e. að sá einstaklingur, sem ræðst til starfsins, geti hlotið skipun. Breytingartillaga varðandi þetta atriði hefur borizt frá Íþróttakennarafélagi Íslands og íþróttanefnd ríkisins. Rökstuðningur þessara aðila er sá, að vart muni vera hægt að fá einstakling til þess að takast á hendur svo erilsamt starf og vera aðeins ráðinn í það til þriggja ára. Nefndin hefur því talið eðlilegt, að fyrrgreind breyting yrði gerð í 3. gr. laganna.

Aðrar greinar þarfnast eigi skýringa.

II. kafli. Um íþróttasjóð.

Um 5. gr.

Breytingin felst í því einu, að gert er ráð fyrir, að sjóðurinn sé starfandi.

Um 6. gr.

Breytingarnar felast í þrennu:

a. Þar sem rætt er í greininni um „kunnáttumenn" er lagt til að komi „iðnaðarmenn". Reynslan hefur sýnt, að eigi er hægt að fá vinnu þeirra framlagða sem þegnskaparvinnu, en hér er eigi átt við vinnu verkfræðinga, þar sem þeirra vinna telst til sérfræðilegrar aðstoðar og greiðist að fullu úr íþróttasjóði.
b. Í staðinn fyrir orðin „til íþróttaskóla" komi: til íþróttakennslu, og er þar átt við íþróttakennslu í ungmenna- eða íþróttafélögum. Íþróttaskólar þeir, sem reknir eru hér á landi nú, eru: Íþróttaskóli Jóns Þorsteinssonar í Reykjavík, Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar í Haukadal, Íþróttakennaraskóli Íslands að Laugarvatni og Skíðaskóli Skíðafélags Ísafjarðar. Skóli Sigurðar Greipssonar og Íþróttakennaraskóli Íslands njóta sérfjárveitinga á fjárlögum, en hinir hafa notið lítils háttar stuðnings úr íþróttasjóði. Vegna þessa þykir rétt að binda heimildina við almenna íþróttakennslu.
c. Rétt þykir, þar sem í greininni er rætt um rekstrarkostnað félaga, að taka út úr kostnað við íþróttakennsluna, bæði laun og kostnað við rekstur mannvirkja, og fá skýrt fram, að þessi kostnaðarliður sé styrkhæfur, því að eftir því sem íþróttakennslan verður meiri vaxa íþróttaiðkanirnar.

Um 7. gr.

Þar sem skólar njóta byggingarstyrks úr ríkissjóði samkv. fræðslulögum, þykir eigi rétt, að þeir eigi einnig rétt til styrkja úr ríkissjóði samkv. íþróttalögum. Reynslan er einnig sú, að skólar hafa ekki notið styrks úr sjóðnum, hvorki til tækja né bygginga. Nefndin leggur því til, að orðin „og skólar" í gr. falli niður.

Um 8. gr.

Málsliðum greinarinnar er fækkað úr 5 í 3. Er með því reynt að gera orðalag hennar skýrara. Síðasta málsgrein greinarinnar á samstætt með ákvæði 9. greinar og virðist vera reglugerðaratriði og á því frekar heima í 9. gr., þar sem talin eru upp atriði, er hún skuli fjalla um. Þá er lagt til, að við greinina bætist ákvæði um það, að hve miklum hundraðshluta ríkissjóður getur tekið þátt í byggingarkostnaði íþróttamannvirkja. Nefndin álítur, að íþróttamannvirki njóti ekki jafnréttis við félagsheimili eða skóla meðan eigi er kveðið á um það í lögum, hve miklu styrkur ríkissjóðs nemur. Reynsla íþróttanefndar ríkisins hefur einnig sýnt, að aðilar geta fengið lán til bygginga félagsheimila vegna þátttökuákvæðis í lögum um félagsheimili, en alls ekki lán til íþróttamannvirkja, vegna þess að íþróttalög fela eigi í sér neitt slíkt ákvæði. Íþróttanefnd ríkisins setti sér þegar í upphafi reglur um styrkhlutföll til hinna ýmsu tegunda íþróttamannvirkja og byggði þær gerðir sínar á þeim fordæmum, sem urðu t. d. um 1930, er fé var veitt á fjárlögum til bygginga sundlauga á heitum stöðum og stuðningur ríkissjóðs gat numið allt að helmingi kostnaðar, og að úr ríkissjóði voru veitt 40% til byggingar Sundhallar Reykjavíkur.

Nefndin hefur því talið eðlilegt að leggja til, að ákveðið verði í lögum, að þátttaka ríkissjóðs í byggingarkostnaði íþróttamannvirkja geti numið allt að 40%, enda styðst það við þá venju, sem þegar hefur skapazt.

Ráðuneytið hefur ekkert við þetta ákvæði frv. að athuga, en bendir á, að hér er aðeins um hámark styrkveitinga að ræða og ekki er skylt að veita svo háan styrk. Fær það því ekki skilið, að ákvæðið muni miklu breyta um lánveitingar út á íþróttamannvirki.

Um 9. gr., er var áður 10. gr.

Greinin er orðuð ákveðnar og nánar kveðið á um hina sérfræðilegu aðstoð. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er vegna eftirlits með framkvæmdum, að öll forsögn um verkfræðileg atriði fari um hendur íþróttanefndar. Með því fæst mest öryggi fyrir því, að verkfræðilegar teikningar séu gerðar og allur undirbúningur íþróttamannvirkja sem fullkomnastur.

Um 10. gr., sem var 9. gr.

Hér eru felld í eina grein þau ákvæði, sem varða setningu reglugerðar. Efni 9. greinar er tekið upp að öllu leyti og bætt við greinina síðustu málsgrein 8. greinar.

III. kafli. Um íþróttir í skólum.

Um 12. gr.

Nefndinni þótti rétt að sú skylda yrði lögð á herðar þeim aðilum, sem byggja heimavistarskóla, að skólinn teljist eigi fullbúinn nema byggt sé við hann fimleikahús. Að vísu hafa fimleikahús verið byggð samhliða öðrum byggingum, þegar byggðir hafa verið héraðsskólar, en öðru máli hefur gegnt með barnaskóla. Nefndin álítur, að nauðsyn beri til að festa ákvæði um þetta í lögum.

Um 13. gr.

Breytingar við þessa grein felast í því, að þar sem börn ljúka nú fyrr barnaprófi en við 14 ára aldur, þá sé kveðið á um það í lögum, að börn skuli ljúka tilskildu sundprófi áður, eða eigi síðar en þau ljúka próf úr barnaskóla. Reynslan hefur einnig sýnt, að sundskyldan verður bezt framkvæmd meðal aldursárganganna 10—12 ára. Þar sem senda verður börnin til sundnámskeiða að vorinu, verður erfiðara að missa þau frá vorverkum eftir því sem þau eldast og eins er oft vandkvæðum bundið að halda stúlkum að sundnámi að staðaldri, þegar þær eru orðnar 13—14 ára. Þá leggur nefndin til, að sundnámskeiðin verði lengd um eina viku, úr 2 vikum í þrjár. Hafa bæði íþróttafulltrúinn, íþróttakennarar og íþróttasamtökin mælt eindregið með þeirri breytingu.

Þá er ákvæðið um þátttöku í flutningskostnaði nemenda til sundnáms fært í niðurlag greinarinnar, svo að það eigi skýlaust við nemendur allra skóla. Varðar þetta í framkvæmd sérstaklega nemendur unglingaskólanna, sem ekki hafa átt rétt til greiðslu flutningskostnaðar, en hafa þó í flestum tilfellum fengið hann. Þá leggur nefndin til, að niður sé felld undanþáguheimild frá sundskyldu í niðurlagi greinarinnar. Ekkert skólahérað hefur sótt um slíka undanþágu. Ákvæðið auk þess úrelt orðið.

Um 14. gr.

Orðalagsbreytingar greinarinnar þarfnast eigi skýringar við. Niður er felld síðasta málsgrein, þar sem eigi eru til aðrar glímureglur en þær, sem Í. S. Í. hefur samþykkt og gefið út.

Um 15. gr.

Niðurlag greinarinnar eins og hún er nú í íþróttalögum felur í sér meginatriði um íþróttaiðkanir í skólum. Ákvæði greinarinnar mælir ekkert fyrir um það, hvert skal vera lágmark íþróttaiðkana, né gefur vísbendingu um það, hversu víðtækar þær skulu vera. Reynslan hefur sýnt, að stundafjöldi til íþróttaiðkana hefur verið að vissu leyti bitbein, þegar rætt hefur verið um setningu námsskrár fyrir aldursdeildir hinna ýmsu skóla. Meginreglan hefur verið sú og þannig er nú mælt fyrir í gildandi reglugerð, að 10 ára og yngri nemendur skuli njóta tveggja stunda á viku til fimleika auk sunds og 11 ára og eldri þriggja stunda auk sunds á viku hverri. Þetta álíta skólamenn, sem þekkja gagnsemi íþróttaiðkana, vera lágmark, en þeirrar viðleitni hefur orðið vart, að sumir skólamenn hafa viljað færa stundafjöldann niður úr þessu lágmarki. Nú er aftur á móti sú stefna uppi meðal nágrannaþjóða

okkar, að einni stund á dag skuli varið til íþróttaiðkana hjá hverri bekkjardeild. Lagði nefndin áherzlu á, að íþróttakennsla hér væri fremur aukin en úr henni dregið. Nefndin taldi því rétt, að lögfest yrði viss stefnuyfirlýsing í þessu efni og orðaði upphaf greinarinnar þannig, að stefnt skuli að því, að allir skólar veiti hverjum nemanda daglega líkamlega þjálfun eða kennslu í íþróttum. Ráðuneytið telur hins vegar eðlilegra, að ákveðið verði með námsskrá, hversu miklum tíma sé varið til íþróttaiðkana hverju sinni. Þá telur nefndin rétt að skilja á milli þeirra nemenda, sem eru vanheilir og þola ekki hinar almennu íþróttaiðkanir, og hinna, sem þarfnast sjúkraleikfimi vegna vanþroskaðra vöðva eða líkamslýta og að skólunum sé skylt að sjá þeim fyrir slíkum æfingum. Ráðuneytið telur hins vegar rétt að takmarka slíka skyldu við staði, þar sem aðstæður eru á þann veg, að slíkri sjúkraleikfimi verði við komið. Nú er því svo háttað hér á landi, að aðeins nemendur í barnaskólum Reykjavíkur njóta sjúkraleikfimi á vegum hins opinbera. Reynslan sýnir, að hér þarf mikilla umbóta við. Hefur nefndin lagt til, að aukin áherzla verði lögð á sjúkraleikfimi.

Um 16. gr.

Meiri hluti nefndarinnar (S. B. og B. G. W.) leggur til, að 16. gr. laganna falli niður, en minni hluti hennar (Þ. E.), að hún haldist óbreytt. Meiri hlutinn telur og styðst þar við álit og umsögn Íþróttakennarafélags Íslands, Íþróttasambands Íslands, Íþróttabandalags Reykjavíkur og fræðslufulltrúa Reykjavíkur, að ákvæði greinarinnar séu í senn gagnslaus og standi hinni frjálsu félagsstarfsemi margra íþróttafélaga fyrir þrifum. Á það megi einnig benda, að nemendur hafi fullt frelsi til þess að iðka ýmislega aðra tómstundaiðju utan skólanna meðan þeir starfa. Óeðlilegt sé að takmarka þannig rétt skólafólks til þess að stunda íþróttir fram yfir aðra tómstundaiðju. Hóflegar íþróttaiðkanir séu þvert á móti líklegasta leiðin til þess að halda skólaæskunni frá óhollum lífsvenjum. Minni hlutinn (Þ. E.) tekur eftirfarandi fram:

Milliþinganefnd sú, sem vann að samningu frumvarps til íþróttalaga 1938—1940, setti efni þessarar greinar þegar inn í fyrsta uppkast sitt. Ástæðan fyrir tilkomu greinarinnar var sú, að undanfarin ár hafði mjög borið á því, að íþróttafélög, sérstaklega í Reykjavík, kepptust við að ná börnum barnaskólanna til sín. Var keppnin um börnin það mikil, að Sigurður Jónsson, þáverandi skólastjóri Miðbæjarskólans í Reykjavík, reis upp gegn þessari keppni um börnin og benti í því sambandi á þessi sex atriði:

1. Skaðlegt óþroskuðum börnum, að þau finni að um þau sé keppt og að þau séu mikilvæg.
2. Útivist barna á síðkvöldum, vegna sóknar til kvöldæfinga félaganna, skaðleg heilbrigði þeirra.
3. Æfingar félaganna ekki sniðnar fyrir óþroskaðan barnslíkama.
4. Nemendur vanmeta skólafimleikana og vanrækja þá, vegna æfinga hjá félögunum.
5. Þau voru þreytt að morgni eftir æfingar kvöldsins áður og nutu sín ekki við námið.
6. Kennarar skólanna leiddust inn í samkeppni félaganna um börnin og myndu úst af því deilur, sem leiddu af sér úlfúð innan kennaraliðsins.

Skólastjórinn sá ástæðu til þess að skrifa um málið í blöð og ræddi það á kennarafundum.

Vegna þessa mun milliþinganefndin um íþróttamál, í greinargerð um frumvarpið, hafa orðað umsögn sína um réttmæti greinarinnar svo:

„Reynslan — einkum hér í Reykjavík, þar sem samkeppni íþróttafélaganna um fólkið hefur einnig náð til unglinganna — hefur sýnt, að þessarar greinar er þörf. Skólarnir verða að sjá nemendum sínum fyrir þeim íþróttaiðkunum, sem þeim eru nauðsynlegar. Er þá engin ástæða til, að nemandi hafi heimild til að vanrækja þær vegna annarra íþróttaiðkana. Ef íþróttir eru stundaðar í skólum og auk þess utan þeirra, getur það leitt til ofþjálfunar. Enn eru íþróttaæfingar félaganna oft

á síðkvöldum, en sá tími er ungum skólanemendum ekki hollur. — Ef skóli sér nemendum ekki fyrir nægilegum íþróttaiðkunum, verður að gera ráð fyrir, að skólastjóri veiti leyfi það, sem greinin gerir ráð fyrir."

Þegar ég tók við starfi íþróttafulltrúa 1941, lágu hjá menntamálaráðuneytinu kærur á hendur vissum íþróttakennurum skólanna, vegna misnotkunar á aðstöðu, sem sé þeirri, að draga nemendur inn í sérstök félög. Hér var samkeppnin um börn og unglinga á ferðinni. Þá er ég tók að vinna að auknum íþróttaiðkunum innan skólanna, varð ég þess áskynja, að skólastjórar voru hræddir um ofæfingu nemenda, ef íþróttanám skólanna væri aukið, og félögin gætu eftir sem áður gert tilkall til nemenda meðan á skólanámi stæði. Ég tók þá þegar að vinna að framkvæmd 16. greinar. Sú framkvæmd mæltist illa fyrir meðal forráðamanna íþróttafélaganna og stafaði það fyrst og fremst af misskilningi. Í greininni felast fyrst og fremst fyrirmæli um samvinnu milli skóla og íþróttafélaga um heill og heilbrigði unglinga. Til þess að vekja athygli á hinum rétta tilgangi greinarinnar, voru haldnir hér í Reykjavík margir fundir á árunum 1943—1947 um framkvæmd greinarinnar. Fundir þessir voru flestir sameiginlegir fyrir skólamenn og íþróttaleiðtoga.

Niðurstaðan varð svo samþykkt sú, er hér greinir:

a. Nemendum 14 ára og eldri sé heimilt að iðka íþróttir í íþróttafélögum, og ber þeim að tilkynna skólastjóra það.
b. Nemendum 13 ára sé heimilt að iðka sund utan skóla með samþykki skólastjóra, foreldra og skólalæknis.
c. Nemendur, sem óska eftir að iðka íþróttir utan skóla, sýni vottorð frá skólalækni sínum, er sanni heilbrigði nemandans til þess að taka þátt í auknu íþróttanámi.

Sú hætta á úlfúð og samkeppni um unglinga, sem var til áður en 16. gr. kom til framkvæmda, er enn til, og tel ég samkvæmt reynslu minni höfuðnauðsyn, að greinin haldist áfram í lögunum sem fyrirmæli um samvinnu milli uppalenda. Meiri hluti þeirra skólamanna, sem fræðslufulltrúi Reykjavíkur leitaði til um álit vegna 16. gr., óskuðu eftir því, að greinin fengi að standa áfram í lögunum (sjá bréf fræðslufulltrúa til endurskoðunarnefndarinnar). Þá ábendingu meiri hlutans, að ekki sé takmörkuð sókn eða fyrirskipað eftirlit með sókn nemenda til annarrar tómstundaiðju en íþrótta, tel ég engin meðmæli með niðurfellingu greinarinnar, heldur undirtektir við eftirlátsemi, sem getur leitt af sér truflandi áhrif á andlega sem líkamlega velferð nemenda og búið í haginn fyrir rótleysi.

Lagt er til, að 18. grein laganna falli niður vegna ákvæða í lögum um breytingu á lögum um Háskóla Íslands nr. 21 í febrúar 1936 (breytingin samþykkt sem lög frá Alþingi 16. júní 1941).

Um 17. gr., sem verður 19. gr.

Breytingin þarfnast eigi skýringar við.

IV. kafli. Um íþróttakennslu.

Um 18. gr., sem var áður 20. gr.

Breytingar á greininni stafa af því, að lagt er til, að niður falli öll ákvæði, sem varða íþróttakennarapróf, þar sem þar um gilda lög frá 12. marz 1947 — kaflinn um Íþróttakennaraskóla Íslands í lögum um menntun kennara.

Lagt er til, að 21. grein laganna falli niður vegna laga um menntun kennara frá 12. marz 1947.

Um 19. gr., sem var áður 22. gr.

Í upphaflegu lögunum um Íþróttakennaraskóla Íslands frá 1942 var gert ráð fyrir, að skólinn starfaði í tveimur deildum. Í fyrsta lagi deild, sem menntaði einstaklinga til þess að hafa íþróttakennslu að atvinnu (kennaradeild), og í öðru lagi deild, sem veitti áhugafólki um íþróttir tilsögn um, hversu það gæti leiðbeint

um þjálfun og æfingar (leiðbeinendadeild). Starfsemi skólans hefur ávallt verið miðuð við þetta tvíþætta hlutverk og er það í samræmi við þróun slíkra mála í nágrannalöndum okkar.

Leiðbeiningardeildir eru taldar engu þýðingarminni en kennaradeildir, t. d. hafa Danir byggt nokkra sérstaka skóla yfir slíkar leiðbeinendadeildir, sá nýjasti er „Gymnastikhöjskolen“ í Sönderborg í Suður-Jótlandi. Þar sem ákvæði um slíka leiðbeiningardeild var fellt úr lögum um Íþróttakennaraskóla Íslands (lög um menntun kennara frá 12. marz 1947), þykir nefndinni rétt að taka ákvæðið upp í íþróttalög, enda margar áskoranir borizt frá íþróttahreyfingunni um stofnun og rekstur slíkrar deildar. Þá þykir nefndinni rétt, að skýlaus ákvæði séu í lögum um það, að Í. S. Í. og U. M. F. Í. megi starfrækja sérdeildir til menntunar leiðbeinendum (þjálfurum), og að heimildin, sem var í íþróttalögum til handa héraðsskólum, megi haldast.

Lagt er til, að 23. grein laganna falli niður vegna þess, að íþróttir eru þegar orðnar námsgrein í Kennaraskóla Íslands samkv. lögum um menntun kennara frá 12. marz 1947.

V. kafli. Um frjálsa íþróttastarfsemi.

Um 21. gr., sem var áður 25. gr.

Á greininni eru aðeins gerðar orðalagsbreytingar, vegna þess að skipting landsins í íþróttahéruð hefur farið fram.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

Um 24. gr., sem var áður 28. gr.

Nefndin telur rétt, eins og íþróttanefnd ríkisins gerir tillögu um, að við greinina bætist ákvæði, sem útiloki þann möguleika að íþróttamannvirki séu gefin eða seld, án þess að nefndin samþykki og ef slíkt samþykki er veitt, þá endurgreiðist sú styrkupphæð, sem veitt hefur verið til mannvirkisins úr íþróttasjóði.

Um 27. gr., sem var áður 31. gr.

Síðasta málsgrein falli niður, þar sem sá frestur, sem um ræðir í greininni, er liðinn og eigi þykir ástæða til þess að taka upp neitt ákvæði, sem gangi í svipaða átt.

Önnur breyting greinarinnar leiðir af heildarendurskoðun laganna.

Nefndin vill að lokum taka fram, að innan hennar var nokkuð rætt um 24. grein núgildandi íþróttalaga, um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna. Fyrir lágu yfirlýsingar frá stjórn Í. S. Í. og stjórn Íþróttakennarafélags Íslands um, að þessir aðilar teldu æskilegt, að eitt íþróttasamband væri í landinu. Nefndin taldi ekki fært á þessu stigi málsins að gera tillögu um breytingu, er miðaði í þessa átt, en áleit hins vegar að farsælast hefði verið, að ein íþróttaforysta hefði verið í landinu frá því að skipulögð íþróttastarfsemi hófst.

Er æskilegt, að þróunin í þessum efnum verði sú, að ein íþróttaforysta myndist. Hins vegar sé ekki fært að beita lögþvingun til þess að koma á slíkri sameiningu.

Nd. **4. Frumvarp til laga** **[4. mál]**

um breyting á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

53. gr. orðist þannig:

Heimilt er fræðslumálastjórn, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluráðs, að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hliti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða.

Heimilt er að greiða laun fastra kennara við skóla þessa úr ríkissjóði, enda verði þeir þá ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru tvær breytingar frá núgildandi lögum, þ. e.: 1) Gert er ráð fyrir því, að til stofnunar einkaskóla þurfi meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráðs og 2) Fastir kennarar við skóla þessa fái greidd laun úr ríkissjóði eftir sömu reglum og kennarar annarra barnaskóla.

Um fyrra atriðið skal tekið fram, að réttmætt virðist, að ekki sé löggiltur einkaskóli án meðmæla eða samþykkis fræðsluráðs, en fræðsluráð á að hafa umsjón með skólaþörf fræðsluhéraðsins.

Um síðara atriðið skal þetta sagt:

1. Landakotsskólinn í Reykjavík og aðrir hliðstæðir barnaskólar — þ. e. St. Jósefsskólinn í Hafnarfirði og Aðventistaskólarnir í Reykjavík og Vestmannaeyjum — hafa ekki fengið styrk úr ríkissjóði, hvorki vegna stofnkostnaðar né rekstrar. Ákvæði 53. gr. núgildandi laga um fræðslu barna eru hliðstæð ákvæðum 17. gr. fræðslulaga frá 1926 og 19. gr. fræðslulaga frá 1936. Þessi ákvæði voru sett til þess að tryggja réttindi barna þeirra, er slíka skóla sóttu. Um leið styrkist aðstaða þessara skóla í skólakerfi landsins. Hins vegar mun ekki hafa þótt ástæða til þess að ýta undir stofnun einkaskóla með því að veita þeim styrk af almannafé.

2. Ef börn þau, sem nú sækja áðurgreinda einkaskóla, færu öll í barnaskóla hlutaðeigandi staða, mundi víðast þurfa að fjölga föstum kennurum við barnaskólana þar í hlutfalli við nemendafjöldann, sem við bættist. Og ríkissjóður greiðir mestan hluta af launum fastra kennara. Einkaskólar, sem annast hliðstæða fræðslu og aðrir barnaskólar, létta því undir með sveitarfélögum og ríkissjóði um skólahúsnæði og skólarekstur. Vitanlegt er, að einkaskólar eiga nú í erfiðleikum með að halda áfram starfsemi sinni vegna dýrtíðar o. fl. Það virðist því sanngirnismál, að komið sé til móts við þessa skóla þannig, að heimild verði veitt til þess að greiða laun fastra kennara úr ríkissjóði eftir sömu reglum og gilda um aðra barnaskóla. Um ráðningu þeirra gildi þá hliðstæð ákvæði og um ráðningu kennara við einkaskóla þá, er greinir í 54. gr. núgildandi laga um fræðslu barna.

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1946 keypti ríkissjóður eignina Laugarnes í Reykjavík, þ. e. erfðafesturétt að landi í Laugarnesi og hús og mannvirki á landinu. Var eign þessi keypt í því skyni, að þar yrði byggt skólahús fyrir menntaskólann í Reykjavík. Frá þessari hugmynd var, svo sem kunnugt er, horfið og er því eigi lengur ástæða fyrir ríkissjóð að eiga þessa eign, enda hefur Reykjavíkurbær tjáð sig fúsan til að kaupa hana.

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Börnum við skyldunám barnafræðslustigsins, skv. 2. gr. laga nr. 34/1946, skal séð fyrir ókeypis námsbókum í greinum þeim, sem kenndar eru.

2. gr.

Námsbókanefnd, skipuð fimm mönnum, annast útgáfu námsbóka skv. 1. gr. og kveður á um efni þeirra og gerð. Reynt skal að tryggja, að öll ytri gerð bókanna standist almennar kröfur um útlit og gæði.

Menntamálaráðherra skipar námsbókanefnd til fjögurra ára í senn: tvo menn skv. tillögu Sambands ísl. barnakennara, einn skv. tillögu Prestastefnu Íslands, en formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Fræðslumálastjóri á sæti í nefndinni.

3. gr.

Námsbókanefnd skal, eftir því sem við verður komið, sjá um, að á hverjum tíma séu fyrir hendi a. m. k. tvær námsbækur í hverri grein. Skólastjórar og kennarar hvers skóla ákveða hvor eða hver bókanna skuli notuð við kennslu í skólanum.

Námsbókanefnd ákveður ritlaun til handa höfundum námsbóka, er skulu við það miðuð, að hæfir menn fáist til starfans. Nefndinni er og heimilt að efna til samkeppni um ritun einstakra námsbóka.

Námsbókanefnd er heimilt að láta gera önnur kennslutæki eða sjá um útvegun þeirra, enda séu þau seld nemendum við kostnaðarverði.

4. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs skulu skólanefndir og fræðsluráð, hver í sínu héraði, senda námsbókanefndinni greinargerð um þær bækur, sem þær óska eftir til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna í skólahéraðinu. Námsbókanefndin sendir síðan nægilegan fjölda bóka.

Hverjum nemanda skal afhenda eitt eintak af hverri bók, sem hann á að nota til námsins. Ef sú bók glatast eða skemmist, skal nemandanum gert að skyldu að kaupa nýja bók við kostnaðarverði. Viðkomandi skóli annast um sölu slíkra bóka, ef námsbókanefnd óskar þess, og stendur henni skil á andvirði seldra bóka.

Heimilt skal að hafa allar námsbækur ríkisútgáfunnar til sölu á frjálsum bókamarkaði.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, að fengnum tillögum námsbókanefndar, framkvæmdastjóra, er vinnur undir yfirstjórn nefndarinnar að störfum þeim, sem undir hana ber samkvæmt lögum þessum. Menntamálaráðherra setur framkvæmdastjóranum erindisbréf.

6. gr.

Menntamálaráðherra ákveður laun námsbókanefndar og framkvæmdastjóra hennar.

7. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist að ⅓ hluta úr ríkissjóði og að ⅔ hlutum með sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám samkvæmt 1. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag ríkisins og námsbókagjald, hvort tveggja með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 10/1951, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um ríkisútgáfu námsbóka voru sett árið 1936. Hafa þau að mestu haldizt óbreytt frá þeim tíma. Hefur þó oft, og einkum hin síðari ár, gætt allmikillar gagnrýni á ríkisútgáfunni, einkum frá samtökum kennara og annarra skólamanna. Hafa þeir gert ýmsar tillögur til bóta á þeim göllum, sem þeir hafa talið vera á útgáfunni.

Það, sem sætt hefur mestri gagnrýni, er hinn ótrausti fjárhagsgrundvöllur, sem útgáfan hefur starfað á. Má og með fullum sanni segja, að fjárhagur hennar sé nú kominn í algert öngþveiti. Verkefni útgáfunnar og tekjur hafa verið ákveðin með lögum. Frá því lögin voru sett, hefur dýrtíð vaxið mikið í landinu og þar með allur útgáfukostnaður, en Alþingi hefur ekki hækkað námsbókagjaldið til fulls samræmis við það, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir útgáfunefndarinnar. Hefur nefndin því einatt, og einkum hin síðari ár, orðið að eyða meira fé en inn hefur komið í námsbókagjöldum, þótt að mestu leyti væri aðeins haldið í horfinu með útgáfuna. Má t. d. nefna, að reikningsár útgáfunnar 1. apríl 1954 til 31. marz 1955 voru útgjöld ríkisútgáfunnar alls kr. 365 297.65, en námsbókagjöldin á árinu 1954 námu aðeins kr. 184 781.30. Á þessu eina ári hefur því ríkið orðið að greiða um kr.

180 000.00 — eða tæpan helming alls kostnaðar við útgáfuna. Þannig hefur á undanförnum árum safnazt skuld við ríkissjóð, sem nú mun nema alls um kr. 1 500 000.00. Má þá öllum augljóst vera, hvort útgáfunefndin hafi haft mikið svigrúm til endurbóta á útgáfunni.

Það hefur því lengi verið augljóst, að gagngerðra breytinga væri þörf á lögum þessum. Í frumvarpi því, sem hér er flutt, er reynt að bæta úr þeim göllum, sem reynslan hefur leitt í ljós á þeim. Er þar tekið tillit til flestra þeirra tillagna, sem fram hafa komið frá samtökum skólamanna til bóta í þessum efnum. Er hér um að ræða allverulegar breytingar í ýmsum atriðum. Til frekari glöggvunar á þessum breytingum, skulu hinar einstöku greinar frumvarpsins ræddar hver um sig og bornar saman við gildandi lög.

Um 1. gr.

Eðlilegt hefði að ýmsu leyti mátt telja, að útgáfan hefði verið aukin og látin ná til alls skyldunámsstigsins, þ. e. einnig til unglingafræðslunnar. Hefur þetta atriði verið athugað allrækilega. Hefur niðurstaða þeirra athugana orðið sú, að ekki mundi rétt a. m. k. á þessu stigi málsins að gera þá breytingu á lögunum, vegna hins mikla kostnaðar, sem þær breytingar mundu hafa í för með sér, auk þess kostnaðarauka, sem leiða mun af öðrum greinum frumvarpsins. Útgáfa bóka fyrir unglingastigið mundi verða mun dýrari en bóka fyrir barnafræðslustigið. Með hliðsjón af núverandi bókakosti mundi lágmarkskostnaður á ári verða um kr. 7—800 000.00, þ. e. að minnsta kosti helmingi meiri en öll núverandi útgáfa kostar. Þykir því rétt að láta sér nægja að stíga fyrst það skref að tryggja útgáfunni fjárhagslegan grundvöll. Síðar má svo alltaf ákveða, hvort starfssvið hennar skuli aukið eða ekki.

Um 2. gr.

Hér er kveðið skýrt á um, að útgáfunefndin hafi alla yfirumsjón með útgáfunni, bæði varðandi efni og frágang. Jafnframt skal reynt að tryggja það, að ytri gerð bókanna standist hverju sinni þær kröfur, sem gerðar eru um útlit og gæði. Þessi ákvæði voru ekki nógu skýr áður. Þá er og nokkru breytt um skipun námsbókanefndar. Meðan útgáfan nær aðeins til barnafræðslustigsins, er ekki eðlilegt, að framhaldsskólakennarar geri tillögu um fulltrúa í útgáfunefndina. Þess í stað er Sambandi íslenzkra barnakennara ætlað að tilnefna tvo fulltrúa. Enn fremur er bætt við tveimur fulltrúum, öðrum að tillögu Prestastefnu Íslands og svo fræðslumálastjóra. Um fræðslumálastjóra er það að segja, að hann hefur setið alla fundi nefndarinnar sem ráðgefandi aðili. Má því að ýmsu leyti telja eðlilegt, að honum sé veittur atkvæðisréttur. Um prestana er það að segja, að þeir mega teljast elztu kennarar á landi hér. Lutu skólarnir handleiðslu þeirra um aldaraðir, þar til hér myndaðist sérstök kennarastétt, sem tók að sér kennsluna. Enn hafa prestar mikil afskipti af fræðslu- og uppeldismálum æskulýðsins, ekki sízt að því er varðar kristnifræðikennsluna. Má því telja það réttmætt að gefa þeim kost á að velja fulltrúa úr sínum hópi til setu í útgáfunefndinni.

Um 3. gr.

Hingað til hefur útgáfan aðeins gefið út eina bók í hverri grein hverju sinni. Sú tilhögun er með öllu óviðunandi ýmissa hluta vegna. Bæði er þar um algera einokun að ræða um námsbókagerð og eins er mikil hætta á stöðnun. Einnig verður að reyna að tryggja, að bókahöfundar fái viðunandi ritlaun hverju sinni, en þeirri gagnrýni hefur verið hreyft, að ritlaun hafi stundum verið of lág miðað við bókaútgáfu almennt, og því oft reynzt erfitt að fá hæfustu menn til samningar námsbóka. Má segja, að engar fastar reglur hafi gilt um höfundalaun hjá útgáfunni. Með þessu ákvæði er reynt að bæta úr þeim galla. Heimildin um samkeppni um ritun bóka ætti og að geta orðið til örvunar. Þá er loks um að ræða heimild til þess að aðstoða við útvegun á öðrum skólanauðsynjum á hverjum tíma.

Um 4. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða. Í fyrsta lagi fær ekkert barn fleiri en eitt eintak af hverri námsbók ókeypis. Ef það eintak skemmist eða glatast, verður barnið að kaupa nýja bók fullu kostnaðarverði. Þetta er sett til aðhalds. Ella er alltaf hætta á því, sem stundum hefur þótt við brenna, að bruðlað sé meira með bækur ríkisútgáfunnar en rétt er. Hér er ekki síður um að ræða siðferðilegt og uppeldislegt aðhald en fjárhagslegt. Þá skal einnig heimilt að hafa allar námsbækur ríkisútgáfunnar til sölu á frjálsum bókamarkaði. Segja má að vísu, að þetta muni í fáum greinum hafa hagnýtt gildi. Þó getur verið gott að hafa þessa heimild, ef t. d. eru gefin út vönduð landabréf, sem aðrir hefðu löngun til þess að eignast en skólabörnin ein, eða lestrar- og forskriftarbækur fyrir börn undir skólaskyldualdri.

Um 5.—6. gr.

Í núverandi lögum er fastbundið, að prentsmiðjustjóri ríkisprentsmiðjunnar skuli vera framkvæmdastjóri ríkisútgáfunnar. Þar sem lög þessi hafa í för með sér allverulega aukningu á útgáfustarfseminni, er með öllu ókleift að halda þeim sama hætti, og er núverandi framkvæmdastjóri útgáfunnar, Steingrímur Guðmundsson, sem unnið hefur ágætt starf fyrir útgáfuna allt frá stofnun hennar, samþykkur því. Þess vegna mun nauðsynlegt að ráða sérstakan framkvæmdastjóra, sem annist öll dagleg störf útgáfunnar eftir nánari fyrirmælum, sem menntamálaráðherra setur í erindisbréfi.

Um 7. gr.

Hér er um mikla breytingu að ræða. Sömu aðilar og áður eru gjaldskyldir, en ríkissjóður greiðir ⅓ hluta kostnaðar. Þá skal Alþingi ákveða gjaldið hverju sinni í fjárlögum með hliðsjón af kostnaði næsta árs á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á yfirstandandi ári. Þetta má teljast örugg trygging fyrir traustum fjárhag útgáfunnar, þar sem gjaldið skal árlega miðað við hinn raunverulega útgáfukostnað. Vegna hins hækkaða kostnaðar má teljast sanngjarnt, að ríkissjóður greiði ⅓ hluta kostnaðar, til þess að hinar auknu fjárhagsbyrðar lendi ekki á herðum framfærenda barnanna einna.

Um 8. gr.

Eðlilegt er, að nánari framkvæmd laganna verði ákveðin með reglugerð, sem menntamálaráðherra setji.

Hér hafa verið raktar nokkrar helztu breytingar miðað við núgildandi lög og hvers vegna þær eru fyrirhugaðar. Skal nú í örfáum orðum reynt að gera grein fyrir því, hvaða fjárhagsleg áhrif þetta mundi hafa fyrir útgáfuna, en rétt er að taka það skýrt fram, að ókleift er með öllu að gera nákvæma grein fyrir aukningu kostnaðarins við allar breytingarnar, enda munu þær ekki allar koma til framkvæmda þegar á fyrsta ári, heldur smám saman, eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum tíma.

a. **Tvær bækur a. m. k. komi í hverri grein.** Höfundar verða þá helmingi fleiri og höfundalaun vaxa að sama skapi. Enn fremur verður setningarkostnaður helmingi hærri í upphafi. Eintakafjöldi hverrar bókar, sem notaður yrði árlega, yrði lægri en áður, þegar velja mætti milli tveggja bóka, og því prentkostnaður hvers eintaks heldur hærri, þótt prenta mætti þá til lengri tíma hverju sinni. Notaður eintakafjöldi kennslubóka í hverri grein á hverju ári yrði auðvitað hinn sami og áður.
b. **Samræmd ritlaun við aðra bókaútgáfu.** Ritlaun hafa oft þótt lág hjá útgáfunni miðað við almenna bókaútgáfu. Ekkert tillit hefur verið tekið til eintakafjölda eða þess, hve lengi hver bók er notuð. Hafa engar fastar reglur gilt í þessum efnum. Nauðsynlegt er að setja fastar reglur um greiðslu ritlauna. Þær munu nánar ákveðnar í reglugerð.

c. **Endurbætur á ytri gerð.** Fundið hefur verið að ytri gerð bókanna, t. d. óska margir eftir bandi í stað heftingar og meiri fjölbreytni í kápugerð, t. d. litprentun. Þá hefur einnig verið óskað eftir aukinni mynd- og litskreytingu bókanna. Geta má þess, að núverandi útgáfunefnd er að gera tilraun í þessum efnum með litprentun á barnalesbókinni Gagn og gaman. Kostnaður við þá prentun liggur enn ekki fyrir, en hann mun allmiklu hærri en áður var.
d. **Sérstakur framkvæmdastjóri.** Núverandi skipun framkvæmdastjórnar er óframkvæmanleg með öllu, ef útgáfan verður nokkuð aukin frá því, sem nú er. Því hækka laun framkvæmdastjóra og skrifstofu- og útsendingarkostnaður allverulega. Laun framkvæmdastjóra verða ákveðin þegar betur er séð, hversu starfið verður mikið.
e. **Eitt ókeypis eintak í hverri grein.** Þetta ákvæði ætti að geta leitt til einhvers sparnaðar, þó að sennilega muni það ekki mjög miklu. Gert er ráð fyrir, að börn, sem glata eða skemma bók, verði sjálf að greiða nýja bók. Þetta er nauðsynlegt aðhald, til þess að börnin læri að fara vel með bækurnar. Þá ætti ákvæðið um frjálsa sölu bókanna að geta haft gildi við útgáfu vissra bóka, svo sem að framan greinir. Hins vegar ættu heimildarákvæðin um útvegun annarra kennslutækja ekki að hafa nein áhrif hér, því að þau mundu seld við fullu kostnaðarverði.

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um sálfræðiþjónustu í barnaskólum.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan fulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra, sem annist sálfræðiþjónustu í barnaskólum. Fulltrúinn skal hafa lokið háskólaprófi í sálar- eða uppeldisfræði.

2. gr.

Fulltrúinn rannsakar, hvernig með skuli fara börn á barnaskólaaldri, sem af einhverjum ástæðum þarfnast sálfræðilegrar þjónustu. Kemur þar einkum til greina:

a. Ófullnægjandi námsárangur í undirstöðugreinum, einkum í lestri.
b. Taugaveiklun og truflanir á tilfinninga- og viljalífi.
c. Hegðunarvandkvæði.
d. Óvissa um, hvort barn hafi náð nauðsynlegum þroska til þess að hefja skólanám.
e. Greindarskortur, sem leiðir til ófullnægjandi árangurs í venjulegu námi.
f. Afburðagreind, sem ætla má, að geri barni fært að ljúka námi á skemmri tíma en almennt gerist hér á landi.

Skólastjórum barnaskólanna ber að benda sálfræðifulltrúa á þau börn, sem þeir telja að þurfi að rannsaka. Ber fulltrúanum, eftir því sem unnt er, að taka til greina slíkar bendingar. Að öðru leyti er honum skylt að hafa frumkvæði um val á verkefnum.

Að undangenginni rannsókn ber fulltrúanum í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra að leiðbeina kennurum um meðferð og kennslu þeirra barna, sem erfiðleikum valda að því er tekur til hegðunar eða náms.

3. gr.

Skólastjórum barnaskóla, sem styrktir eru af almannafé, er skylt að leyfa rannsókn, samkvæmt 2. gr., á nemendum skólans og greiða á annan hátt fyrir starfsemi fulltrúans í barnaskólunum, eftir því sem aðstæður leyfa.

4. gr.

Leita skal álits fulltrúans um það, hvort barn sé óhæft til að stunda nám í almennum barnaskóla samkvæmt c- eða d-lið 5. gr. laga nr. 34 29. apríl 1946.

Fulltrúinn skal kveða á um meðferð þeirra barna, sem samkvæmt nefndum lagaákvæðum eru óhæf til setu í almennum barnaskólum.

5. gr.

Sálfræðifulltrúinn skal hafa nána samvinnu við stofnanir og aðila, sem stutt geta hann í starfinu, svo sem heilsuverndarstöðvar, heilsugæzlu í skólum, æfinga- og tilraunaskóla og námsstjóra.

6. gr.

Fulltrúinn tekur laun samkvæmt VII. launaflokki laga um laun starfsmanna ríkisins. Um starfstíma fulltrúans fer eftir reglum um opinbera starfsmenn.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðið skólaár voru yfir 17000 börn á skólaskyldualdri í landinu. Í slíku fjölmenni hljóta að koma fram margvísleg vandamál sálræns eðlis, sem kennarar eru ekki einfærir um að leysa. Lausn þessara vandamála er mikilvæg bæði fyrir námsárangur og þroska barna þeirra, er hlut eiga að máli. Með almennri fræðsluskyldu og vaxandi námskröfum fjölgar sífellt þeim börnum, sem sérstakrar aðstoðar þurfa við, ef skólavistin á að bera tilætlaðan árangur. Flestar menningarþjóðir, þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar, hafa lögfest sálfræðiþjónustu í skólum.

Norðlenzkir barnakennarar og Samband íslenzkra barnakennara hafa skilið það vandamál, sem hér er um að ræða. Árið 1954 sendu þessir aðilar áskoranir til menntamálaráðherra um að koma á sálfræðiþjónustu í skólum. Var því fyrir atbeina menntamálaráðherra hafizt handa um að undirbúa og semja lagafrumvarp um málið. Skólastjórum barna- og unglingaskóla í Reykjavík og öðrum bæjum við Faxaflóa voru sendar bréflegar fyrirspurnir um nauðsyn sálfræðiþjónustu í skólum og verkefni hennar. Í svörum sínum lögðu skólastjórarnir allir áherzlu á nauðsyn slíkrar starfsemi. Rökstuddu þeir þá niðurstöðu sína með því að nefna fjölda dæma, sem þeim var kunnugt um úr starfi sínu, þar sem þessi þjónusta hefði komið að góðum notum. Orkar því varla tvímælis um nauðsyn sálfræðilegrar aðstoðar við kennslu- og uppeldisstarf skólanna. Sálfræðiþjónusta er þáttur í þeirri aðstoð, sem hið opinbera veitir börnum til þess að öðlast nauðsynlega þekkingu og manndómsþroska. Hún á að stuðla að því, að fræðslan beri þann ávöxt, sem til er ætlazt. Þessi starfsemi heyrir því undir sama ráðuneyti og fræðslumálin.

Um 1. gr.

Skipa skal sérstakan fulltrúa til að annast sálfræðiþjónustu í barnaskólum. Rétt þykir að takmarka sálfræðiþjónustu í fyrstu við börn á barnaskólaaldri. Telja verður háskólapróf í sálar- og uppeldisfræði nauðsynlegt, ef starfið á að bera tilætlaðan árangur.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir verkefni sálfræðifulltrúans. Ber honum að rannsaka, hvernig með skuli fara börn á barnaskólaaldri, sem af einhverjum ástæðum þarfnast sálfræðilegrar þjónustu. Eru í greininni nefnd helztu dæmi þess, þar sem þannig stendur á. Upptalningin er þó ekki tæmandi. Rannsókn fulltrúans getur farið fram samkvæmt beiðni hlutaðeigandi skólastjóra eða að eigin frumkvæði. Að undangenginni rannsókn ber fulltrúanum í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra að leiðbeina kennurum um meðferð og kennslu þeirra barna, sem erfiðleikum valda að því er tekur til hegðunar eða náms. Í greininni eru ákvæði um samvinnu skólastjóra barnaskóla og sálfræðifulltrúans. Ætla má, að góð samvinna milli þessara aðila sé nauðsynleg til þess að sálfræðiþjónustan komi að tilætluðum notum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að sálfræðifulltrúinn hafi að jafnaði samráð við foreldra um rannsókn og meðferð barna samkvæmt lögum þessum.

Um 3. gr.

Greinin ákveður, að skólastjórum barnaskóla, sem styrktir eru af almannafé, sé skylt að leyfa sálfræðifulltrúanum að rannsaka nemendur skólans og greiða á annan hátt fyrir starfsemi fulltrúans, eftir því sem aðstæður leyfa. Hér eru skólastjórarnir skyldaðir til þess að greiða fyrir starfi sálfræðifulltrúans, en þó ætlazt til þess, að hann hagi störfum þannig, að sem minnst raski starfsháttum skólanna.

Um 4. gr.

Börn með tiltekna ágalla eru nú undanþegin skyldu til að stunda nám í almennum barnaskóla og þeim vísað til sérstakra skóla eða stofnana. Algengustu ástæður til slíkrar undanþágu eru sálræns og vitsmunalegs eðlis, og er því ekki síður nauðsynlegt að leita álits sálfræðifulltrúa en læknis, áður en slík undanþága er veitt. Ákvarða þarf meðferð, sem leitt getur til nokkurs þroska fyrir sjúka barnið. Í því efni ætti sálfræðifulltrúinn að geta orðið að liði.

Um 5. gr.

Það er nauðsynlegt fyrir sálfræðifulltrúann að ná sem beztri samvinnu við hvern þann aðila, sem getur stutt að starfi hans eða á að njóta þess. Eftir því sem heilsuverndarlög síðasta Alþingis koma til framkvæmda og æfinga- og tilraunaskóli tekur til starfa, verður margvísleg samvinna möguleg. Á sama hátt ætti fulltrúinn að hafa margháttaða samvinnu við skólastjóra, skólanefndir (fræðsluráð) og námsstjóra.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Rétt þykir, að nánari ákvæði um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. **8. Frumvarp til laga** **[8. mál]**

um breyting á lögum nr. 13 frá 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, orðist svo:

Engum er heimilt án leyfis þess, er eignarrétt hefur á riti, að gefa út þýðing á því fyrr en 25 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn. — Nú hefur rit verið gefið út með fullri heimild á ýmsum tungumálum áður en téður 25 ára frestur er liðinn, og er þá eigi heimilt að gefa út þýðing á því á neinu þeirra tungumála, nema sá, er eignarréttinn hefur, leggi á samþykki sitt. Nú er rit gefið út í heftum, og ber þá að telja ofangreint 25 ára tímabil frá útkomu síðasta heftis. Sé um rit að ræða, sem út eru gefin í bindum, er koma út á nokkrum fresti, eða skýrslur, sem vísindafélög gefa út, þá skulu einstök bindi eða skýrslur teljast sérstök rit að því er umgetinn frest snertir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júnímánuði 1954 gekkst menntamálaráðherra fyrir því, að sett var 5 manna nefnd, til þess að rannsaka og gera tillögur um á hvern hátt Íslendingar geti bezt og hagkvæmast skipað gagnkvæmri vernd höfundaréttar og hvort ríkið skuli hafa önnur afskipti en verið hefur af höfundaréttarmálum innanlands. Nefndi menntamálaráðherra í nefndina þá hæstaréttardómarana Jón Ásbjörnsson og dr. Þórð Eyjólfsson. Bandalag íslenzkra listamanna tilnefndi þá Sigurð Reyni Pétursson, hæstaréttarlögmann, og Tómas Guðmundsson, skáld, og Bóksalafélag Íslands Gunnar Einarsson, prentsmiðjustjóra. Jón Ásbjörnsson var af menntamálaráðherra skipaður formaður nefndarinnar.

Nefnd þessi skilaði áliti til menntamálaráðuneytisins 26. september 1955 og er álitið prentað sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Að því er snertir gagnkvæma vernd höfundaréttar eru tillögur nefndarinnar þær, að Ísland gerist aðili að milliríkjasamningi um vernd höfundaréttinda, sem undirritaður var í Genf 6. sept. 1952. Er þessi tillaga nefndarinnar í fullu samræmi við ályktun Alþingis frá 4. nóvember 1953, um að Ísland gerist aðili að samningi þessum. Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á lögum um rithöfundarétt og prentrétt, sem nauðsynlegt er að gera til þess að þau lög samrýmist aðild Íslands að höfundaréttarsamningnum.

Fylgiskjal.

I.

Inngangur.

Á Alþingi 1953 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13 frá 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt. Samkvæmt greinargerð, sem því fylgdi, var það tilefni frumvarpsins, að ráðgert hafði verið, að Ísland gerðist annaðhvort aðili að milliríkjasamningi um vernd höfundaréttinda, sem undirritaður var í Genf 6. sept. 1952, eða gerði tilraun til að ná sérstökum samningi við Bandaríki Norður-Ameríku um gagnkvæma vernd höfundaréttinda. Frumvarp þetta var afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í því trausti, að ríkisstjórnin láti þegar rannsaka til hlítar, hvernig reynzt hefur í framkvæmd innganga Íslands í Bernarsambandið, enn fremur, hvernig svo fámenn þjóð sem Íslendingar geti bezt og hagkvæmast skipað gagnkvæmri vernd höfundaréttar, og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta þing, svo og geri þær ráðstafanir, sem hún telur að ekki þoli bið, til þess að tryggja rétt íslenzkra höfunda í Bandaríkjunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Menntamálaráðuneytið ákvað að láta fram fara athugun þá, sem í dagskránni greinir. Varð það að ráði, að skipuð yrði fimm manna nefnd í því skyni, og skyldi ráðuneytið tilnefna tvo af nefndarmönnum, stjórn Bandalags íslenzkra listamanna aðra tvo og stjórn Bóksalafélags Íslands einn. Með bréfi, dags. 3. júní 1954, nefndi menntamálaráðherra þá hæstaréttardómarana Jón Ásbjörnsson og Þórð Eyjólfsson til að taka sæti í nefndinni af sinni hálfu. Bandalag íslenzkra listamanna tilnefndi þá Sigurð Reyni Pétursson hæstaréttarlögmann og Tómas Guðmundsson skáld, en Bóksalafélagið Gunnar Einarsson prentsmiðjustjóra. Jón Ásbjörnsson var af menntamálaráðherra skipaður formaður nefndarinnar, en hún kaus Sigurð Reyni Pétursson ritara sinn.

Auk þess, sem greinir í hinni rökstuddu dagskrá Alþingis, lagði menntamálaráðherra fyrir nefndina að athuga, hvort ríkið skyldi hafa önnur afskipti en verið hefur af meðferð þessara mála innanlands.

Nefndin hefur rætt þau verkefni, sem fyrir hana hafa verið lögð, á fundum sínum, kannað löggjöf landsins um höfundarétt og framkvæmd hennar, kynnt sér afstöðu Íslands gagnvart öðrum ríkjum um gagnkvæma vernd höfundaréttinda og aflað sér margvíslegra gagna, sem að þessu lúta, bæði frá innlendum og erlendum aðiljum.

II.
Íslenzk löggjöf og milliríkjasamningar.

Rétt þykir að gera í aðaldráttum grein fyrir löggjöf landsins um höfundarétt og framkvæmd hennar svo og milliríkjasamningum um þetta efni.

A. Löggjöf um höfundarétt.

(1) *Lög nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt* eru fyrstu almenn lög, sem sett voru hér á landi á sviði höfundaréttar. Áður hafði verið *lögleidd tilskipun 11. desember 1869* um eftirmyndun ljósmynda. Þessi lagaboð eru bæði enn í gildi, en lögum nr. 13/1905 hefur verið breytt og við þau aukið, eins og getið verður hér á eftir.

Lög nr. 13/1905 eru, svo langt sem þau ná, að mestu leyti sniðin eftir dönskum lögum um rétt rithöfunda og listamanna frá 29. marz 1904. Þau lög höfðu, ásamt norskum lögum um sama efni frá 4. júlí 1893, fengið undirbúning í nefnd, sem skipuð var dönskum og norskum lögfræðingum. Síðar hafa bæði Danir og Norðmenn sett sér nýja og fullkomnari heildarlöggjöf um rétt rithöfunda og listamanna, sbr. norsk lög frá 6. júní 1930 og dönsk lög frá 26. apríl 1933.

Ákvæði laga nr. 13/1905 tóku samkvæmt 1. og 2. gr. þeirra til höfundaréttar á:

1. *Sömdu máli,* þ. e. *ritum, ræðum og fyrirlestrum.*
2. *Tónsmíðum.*
3. *Stærðfræðiuppdráttum, landsuppdráttum og öðrum þess konar uppdráttum.* Er hér einungis átt við vísindalega og tæknilega uppdrætti, en ekki uppdrætti og myndir á sviði lista.

Eins og sjá má, var efni laganna mjög takmarkað, að því er tekur til réttar annarra höfunda en rithöfunda og tónskálda. Segir svo um þetta í greinargerð fyrir frumvarpi að lögunum: „Það skal tekið fram, að ákvæði danska lagaboðsins um réttindi listamanna yfir verkum sínum eru ekki tekin upp í frumvarp þetta,

af því að listamennska er svo í bernsku hér á landi, að of snemmt virðist að semja lög um verndun íslenzkra listaverka hér á landi.“

Með lögum nr. 11 22. október 1912 var svið höfundaréttar rýmkað að því leyti, að í stað fyrrgreinds ákvæðis um uppdrætti í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 13/1905 skyldi koma: „Sama rétt hefur og höfundur á alls konar myndum og uppdráttum.“ Voru lögin þar með látin ná til mynda og uppdrátta, sem hefðu listagildi.

Þannig var málum háttað til ársins 1943. Þá var flutt á Alþingi eftir ósk Bandalags íslenzkra listamanna og samkvæmt ályktunum listamannaþingsins 1942 frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1905 „í því skyni að bæta til bráðabirgða úr þeim ágöllum höfundalaganna, sem bersýnilegastir eru og ekki verður lengur við unað“, eins og segir í greinargerð fyrir frumvarpinu. Frumvarpið var afgreitt og staðfest sem *lög nr. 49 14. apríl 1943.*

Í *1. gr.* laga nr. 49/1943 eru tekin upp ákvæði um það efni, sem áður var í 1. og 2. gr. laga nr. 13/1905 og lögum nr. 11/1912, en þó svo, að svið höfundaréttar var aukið til muna. Er verndin nú látin ná til hvers konar hagnýtingar á sömdu máli og tónsmíðum, til eftirmyndunar á listaverkum og öðrum hugverkum („hverju því verki, sem höfundaréttur getur fylgt“) og til að sýna slík verk opinberlega, séu þau í einkaeign, nema um einkasöfn sé að ræða, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð.

Í *2. gr.* eru ákvæði um sérstakt skipulag og réttindi stéttarfélaga höfunda. Tilefni þessa nýmælis í íslenzkri höfundaréttarlöggjöf var aðallega það, að eftir að Ríkisútvarpið var sett á stofn, komu í ljós þau vandkvæði, að fá þurfti hverju sinni leyfi hvers einstaks höfundar eða eiganda höfundaréttar að riti eða tónsmíð, sem útvarpið vildi flytja, og semja sérstaklega við þá um greiðslu fyrir flutninginn.

Gert er ráð fyrir því í *1. mgr. 2. gr.*, að stéttarfélög eða stéttarsambönd höfunda fái almenna aðild um flutningsrétt á ritverkum eða tónsmíðum. Er síðan ákveðið, að þegar aðild félags um flutningsrétt hefur stofnazt og reglur verið settar um það efni, þá skuli „heimilt án sérstaks leyfis hverju sinni, að lesa upp og flytja í útvarp einstök kvæði, smásögur, ritgerðir eða kafla úr ritum, svo og að syngja eða leika einstök lög og tónverk, sem út hafa verið gefin, eða kafla úr þeim, enda sé þá fullnægt settum skilyrðum um rétt höfundar og greiðslu til hans.“ Sama rétt, hvorki meiri né minni, skulu þeir höfundar hafa, sem ekki eru í stéttarfélagi því, sem aðild hefur fengið um flutningsrétt, svo og þeir aðrir, sem fengið hafa höfundarétt í hendur.

Í *2. og 3. mgr. 2. gr.* eru svo ákvæði um undanþágur frá greiðsluskyldu til höfunda, og er ekki ástæða til að gera grein fyrir þeim hér.

Samkvæmt *3. gr.* laga nr. 49/1943 skulu ákvæði þeirra ekki koma til framkvæmdar, fyrr en settar hafa verið reglur samkvæmt 1. mgr. 2. gr. um aðild stéttarfélaga og ráðherra hefur staðfest þær.

Með lögum nr. 74 frá 5. júní 1947, um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, 2. gr., var gerð breyting á fyrri mgr. 16. gr. laga nr. 13/1905, sem ekki skiptir máli hér.

(2) Eftir setningu laga nr. 49/1943 kom til athugunar, hvernig framkvæmd yrðu ákvæði 2. gr. þeirra um aðild flutningsréttar á ritverkum og tónsmíðum. Eins og áður var getið, gerir nefnd grein ráð fyrir, að slík aðild sé annaðhvort veitt einstökum stéttarfélögum höfunda eða stéttarsambandi höfunda. Gerðist ekkert sérstakt í málum þessum til ársins 1947. Þá voru hér á landi eftirgreind félög höfunda og listamanna:

Félag íslenzkra rithöfunda.
Félag íslenzkra tónlistarmanna.
Tónskáldafélag Íslands.
Félag íslenzkra leikara.

Félag íslenzkra myndlistarmanna.
Húsameistarafélag Íslands.
Félag íslenzkra listdansara.

Þessi 7 félög höfðu og hafa enn samband sín á milli, er nefnist Bandalag íslenzkra listamanna. Skipa stjórn þess 7 menn, einn frá hverju félagi. Hefur félögum, er Bandalagið mynda, hvorki fækkað né fjölgað frá því, sem að framan er talið, en þess má geta, að ýmsir rithöfundar, sem standa utan Félags íslenzkra rithöfunda, hafa stofnað félag, er ber heitið Rithöfundafélag Íslands. Hefur það ekki gengið í Bandalag íslenzkra listamanna, enda á það ekki kost þess, þar sem lög Bandalagsins mæla svo fyrir, að einungis eitt félag fyrir hverja listgrein geti orðið þátttakandi í því.

Með reglugerð nr. 12 21. janúar 1947, um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum, *1. gr.,* var Bandalagi íslenzkra listamanna veitt almenn aðild til að semja í umboði höfundafélaga Bandalagsins um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum við Ríkisútvarpið, leikhús, tónlistarfélög, aðrar stofnanir og einstaklinga, svo og til að setja gjaldskrá um flutningsréttinn. Nánari reglur um framkvæmd mála þessara eru í *2.—9.* gr. reglugerðarinnar. Þá segir í *10. gr.,* að reglugerðin sé sett samkvæmt heimild í lögum nr. 49/1943, *og komi þau lög til framkvæmdar með staðfestingu hennar, sbr. 3. gr. laganna.* Reglugerðin var staðfest af menntamálaráðherra 21. janúar 1947 og birt í B-deild Stjórnartíðindanna hinn 14. febrúar sama ár.

Reglugerð nr. 12/1947 var á þeim grundvelli reist, að hin einstöku höfundafélög, sem standa að Bandalagi íslenzkra listamanna, samþykki að veita því samningsaðild fyrir hönd félagsmanna, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar. Þegar til kom, reyndust tormerki á þessu. Sérstaklega mun Tónskáldafélag Íslands hafa látið í ljós óánægju með reglugerðina, og náðist ekki samkomulag milli þess og Bandalagsins um framkvæmdaratriði. Þegar kom fram á árið 1948, þótti sýnt, að ekki væri fyrir hendi grundvöllur fyrir því skipulagi, sem reglugerðin gerði ráð fyrir, og að finna yrði aðrar leiðir.

Með reglugerð nr. 19 1. febrúar 1949, um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum, sem enn er í gildi, var gerð ný skipan á þessum málum. Reglugerð nr. 12/1947 var numin úr gildi, og féll þar með niður aðild sú, sem Bandalagi íslenzkra listamanna hafði verið veitt til að semja um flutningsrétt. Hafði það engan samning gert, hvorki við Ríkisútvarpið né aðra aðilja. Með reglugerð nr. 19/1949 er engum sérstökum aðilja veitt aðild flutningsréttar, svo sem áður hafði verið gert með reglugerð nr. 12/1947, heldur er menntamálaráðherra heimilað að löggilda einstök höfundafélög eða heildarsamtök höfunda til að fara með aðildina, og skal löggilding „veitt með þeim skilyrðum, sem menntamálaráðuneytið telur nauðsynleg". Aðilja, sem öðlazt hefur löggildingu, skal heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka þeirra, sem löggilding hans nær til. Ekki er gert að skilyrði, að ráðherra samþykki gjaldskrá, en birt skal hún í Lögbirtingablaðinu. Innheimtu og aðra hagsmunagæzlu en að framan segir skal löggilt félag einungis annast samkvæmt umboði í samræmi við samþykktir félagsins.

Á árinu 1948 hafði verið komið á fót stofnun, sem fara skyldi með gæzlu hagsmuna tónskálda. Hlaut hún nafnið *Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar,* skammstafað STEF. Eru samþykktir hennar dagsettar 26. nóvember 1948.

Hinn 2. febrúar 1949 fékk STEF löggildingu menntamálaráðherra samkvæmt reglugerð nr. 19/1949, að því er snertir flutningsrétt á tónsmíðum. Var löggildingin veitt með eftirfarandi skilyrðum:

1. Starfsemi STEFS skal hagað í samræmi við samþykktir STEFS, er staðfestar séu af menntamálaráðuneytinu, og samkvæmt úthlutunarreglum, er einnig séu staðfestar af ráðuneytinu, enda ber STEF fulla ábyrgð á því, að þeim reglum sé fylgt.

2. Reikningar STEFS, gagnrýndir af löggiltum endurskoðanda, skulu afhentir ráðuneytinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.
3. Menntamálaráðuneytið getur hvenær sem er afturkallað löggildingu þessa, ef vanræksla eða vanefnd á ofangreindum skilyrðum hefur að þess áliti átt sér stað, eða ef grundvöllur fyrir löggildinu er ekki lengur fyrir hendi að dómi ráðuneytisins.

Sama dag staðfesti ráðherra áðurgreindar samþykktir STEFS frá 26. nóvember 1948. STEF hefur sett gjaldskrár um flutning verka þeirra, sem löggildingin nær til, og er núgildandi gjaldskrá birt í Lögbirtingablaðinu 7. marz 1953.

Að því er tekur til *rithöfunda,* þá hafa þeir ekki komið á fót stofnun, sem er hliðstæð STEFI. Eins og áður greinir, eru félög rithöfunda tvö, þ. e. *Félag íslenzkra rithöfunda* og *Rithöfundafélag Íslands.* Hefur það torveldað framkvæmd 2. gr. laga nr. 49/1943 um flutningsréttaraðild, að því er snertir ritverk. Með samkomulagi nefndra rithöfundafélaga var horfið að því ráði, að menntamálaráðherra löggilti hinn *26. apríl 1951 þriggja manna nefnd* til að fara með almenna aðild, að því er varðar flutningsrétt á ritverkum. Skyldi hvort félagið um sig nefna einn nefndarmann, en Bandalag íslenzkra listamanna hinn þriðja, er vera skyldi oddamaður. Löggildingin var veitt með sömu skilyrðum og löggilding STEFS, að því undanskildu, að þess er ekki getið, að úthlutunarreglur þarfnist staðfestingar ráðherra. Þriggja manna nefndin gerði samning við ríkisútvarpið um greiðslu fyrir flutning ritverka hinn 21. febrúar 1952. Þeim samningi hefur nú verið sagt upp, en nýr samningur ekki gerður.

B. Millirikjasamningar.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 13/1905 taka ákvæði þeirra um vernd höfundaréttar 1) til verka íslenzkra ríkisborgara og 2) til verka erlendra ríkisborgara, ef forlagsmaður er íslenzkur. Hugverk erlendra ríkisborgara, sem gefin höfðu verið út af erlendum forlagsmanni, nutu hér engrar verndar eftir lögunum. Hugverk íslenzkra höfunda, sem út voru gefin af íslenzkum forlagsmönnum, munu og ekki hafa notið höfundaréttarverndar í öðrum löndum. Um vernd íslenzkra höfunda í Danmörku og danskra höfunda á Íslandi gegndi þó sérstöku máli vegna tengsla landanna fram til 1. desember 1918, er dansk-íslenzk sambandslög tóku gildi, og ákvæða 7. gr. sambandslaganna, en ekki er ástæða til að ræða það nánar í þessu sambandi.

Í nefndri 27. gr. er svofellt ákvæði:

„Með konunglegri tilskipun má veita ákvörðunum laga þessara gildi, að öllu eða nokkru, að því er snertir ritsmíðar þegna annars ríkis, þótt eigi séu þær útgefnar af íslenzku forlagi, svo framarlega sem sama vernd kemur á móti fyrir ritsmíðar Íslendinga í því ríki. Þó verður eigi gerður samningur um gagnkvæmi í þessu efni, nema Alþingi samþykki, ef af samningnum leiðir nokkra fjárkvöð fyrir Ísland."

Þegar Ísland varð fullvalda ríki 1. desember 1918, mun það ekki hafa verið bundið við neinn millirikjasamning um höfundarétt, er Danmörk hefði áður gert og bindandi væri fyrir Ísland, sbr. 4. mgr. 7. gr. sambandslaganna. Eftir þann tíma hefur Ísland ekki heldur gert neinn höfundaréttarsamning við neitt einstakt ríki.

Með lögum nr. 74 5. júní 1947, um inngöngu Íslands í *Bernarsambandið,* var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er gerður var í Bern hinn 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennta og listaverka. Fór sú staðfesting síðan fram, og gekk sáttmálinn í gildi fyrir Ísland hinn 7. september 1947, sbr. auglýsingu nr. 110/1947. Í 1. tölulið 4. gr. sáttmálans segir, að höfundar hvers sambandslands skuli í öllum sambandslöndunum, að upprunalandi verksins undanskildu,

njóta um óútgefin verk sín og þau verk sín, sem fyrst eru gefin út í Bernarsambandslandi, þess réttar, sem nú er eða síðar kann að verða heimilaður innlendum höfundum í lögum, svo og þeirra réttinda, sem sérstaklega eru ákveðin í sáttmála þessum.

Samkvæmt 7. gr. sáttmálans er það almenn regla, að vernd sú, sem hann veitir, varir til æviloka höfundar og 50 ár eftir andlát hans.

Um vernd höfundar, að því er tekur til þýðingar á ritum hans á önnur tungumál, hafa gilt sérákvæði, eins og hér segir:

Í hinum upphaflega sáttmála, eins og hann var úr garði gerður árið 1886, voru rit vernduð gegn þýðingum aðeins 10 ár frá fyrstu útgáfu þeirra.

Þessu ákvæði var breytt við endurskoðun sáttmálans í París 1896 á þá leið, að ef höfundur hafði neytt réttar síns til að þýða verk sitt eða leyfa þýðingu þess í einhverju sambandsríki innan 10 ára frá fyrstu útgáfu þess, þá naut þýðingarrétturinn eftir það verndar í því ríki, svo lengi sem rétturinn á frumverkinu hélzt (þ. e. til æviloka höfundar og 50 ár eftir dauða hans), en ef höfundur neytti ekki þýðingarréttarins innan greinds 10 ára frests, féll verndin niður.

Við endurskoðun sáttmálans í Berlín 1908 var loks kveðið svo á, að þýðingarréttur skyldi njóta verndar allan þann tíma, sem frumverkið væri verndað, sbr. 8. gr. sáttmálans. Frá þessu er þó gerð sú undantekning í 25. gr. sáttmálans, að ný ríki, sem ganga í Bernarsambandið, geti — í stað þess að vera bundin af 8. gr. sáttmálans — áskilið sér, að minnsta kosti fyrst í stað, að um vernd þýðingarréttar gildi ákvæði þau, sem samþykkt voru við endurskoðun sáttmálans í París 1896 og lýst er hér að framan.

Að því er tekur til íslenzkrar löggjafar um framangreind atriði, þá er það almenn regla samkvæmt 22. gr. laga nr. 13/1905, að eignarréttur að sömdu máli njóti verndar til æviloka höfundar og 50 ár eftir andlát hans. Svarar sú regla til ákvæða 7. gr. Bernarsáttmálans.

Í 4. gr. laga nr. 13/1905 er hins vegar sérákvæði um vernd á þýðingarrétti. Er þar tekin upp sams konar regla og samþykkt var við endurskoðun Bernarsáttmálans í París 1896 og fyrr er getið.

Þegar Ísland gerðist aðili að Bernarsambandinu, var notuð heimild 25. gr. sáttmálans og hann staðfestur með þeim fyrirvara, að um þýðingar gildi 10 ára frestur sá, „sem tiltekinn er í 4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905 í stað 50 ára frests 8. gr., sbr. 7. gr. sáttmálans," sbr. auglýsingu nr. 110/1947.

Þegar Bernarsáttmálinn tók gildi hér á landi, stóðu að honum 31 ríki, víðs vegar um heim. Fjölmörg ríki stóðu þó utan sambandsins, þar á meðal Bandaríki Norður-Ameríku og Ráðstjórnarríkin.

Ein af stofnunum þeim, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa komið á fót, UNESCO, gekkst fyrir því að koma á nýjum alþjóðasamningi um höfundarétt, einkum í því skyni að ná til ríkja, sem ekki höfðu af einhverjum ástæðum gerzt aðiljar að Bernarsáttmálanum. Hinn nýi samningur var undirritaður í Genf *6. september 1952*, og er nefndur *Genfarsáttmálinn*. Samkvæmt 9. gr. hans skyldi hann ganga í gildi 3 mánuðum eftir að fullgildingarskjöl 12 aðildarríkja hefðu verið afhent UNESCO, þar af 4, er væru utan Bernarsambandsins. Hinn 16. júní 1955 höfðu 12 ríki fullnægt þessu skilyrði, og öðlaðist Genfarsáttmálinn því gildi hinn 16. september síðastl.

Með þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 4. nóvember 1953, var ríkisstjórninni falið að gerast fyrir hönd Íslands aðili að Genfarsáttmálanum, en framkvæmd á því hefur verið frestað.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim atriðum Genfarsáttmálans og viðbótaryfirlýsingar við hann, sem helzt skipta máli í sambandi við verkefni nefndarinnar.

Í 2. gr. Genfarsáttmálans segir, að birt verk þegna í einhverju samningsríki, svo og verk, sem þar eru fyrst birt, skuli njóta sömu verndar í öllum samnings-

ríkjum og þar er veitt verkum eigin þegna, sem þar eru fyrst birt. Einnig skulu óbirt verk þegna í hverju sambandsríki njóta sömu verndar í öllum öðrum samningsríkjum og þar er veitt óbirtum verkum eigin þegna. Er þessi almenna gagnkvæmisregla hliðstæð ákvæði 1. töluliðs 4. gr. Bernarsáttmálans, sem áður hefur verið getið.

Í 4. gr. Genfarsáttmálans eru ákvæði um lengd verndartímabilsins, og víkja þau allmjög frá ákvæðum Bernarsáttmálans um sama efni.

Samkvæmt nefndri 4. gr. er það aðalregla, að verndartímabil skuli eigi vera styttra en ævi höfundar og 25 ár eftir lát hans. Er verndartímabilið þannig 25 árum skemmra en eftir aðalreglu 7. gr. Bernarsáttmálans. Ef eitthvert samningsríki hefur lengra verndartímabil í löggjöf sinni, skal eftir því farið, þegar verndar er krafizt þar. Undantekningar frá áðurgreindri aðalreglu má gera, ef samningsríki hefur, þegar samningurinn öðlast gildi gagnvart því, takmarkað verndartímabil, sem reiknast frá fyrstu birtingu verks að því er snertir tilteknar tegundir verka. Má viðkomandi ríki þá láta slíkar undantekningar gilda áfram og láta þær einnig ná til annarra tegunda verka, en þó svo, að verndartímabil skal aldrei vera skemmra en 25 ár frá fyrstu birtingu verks. Samkvæmt þessari undantekningarreglu verður verndartímabilið því 15 árum lengra en verndartímabil þýðinga samkvæmt 4. gr. laga nr. 13/1905, sem heimilt er að láta gilda samkvæmt 25. gr. Bernarsáttmálans, eins og fyrr var greint.

Í 17. gr. Genfarsáttmálans og í viðbótaryfirlýsingu við hann eru ákvæði um samband hans við Bernarsáttmálann. Samkvæmt 17. gr. skal Genfarsáttmálinn ekki á nokkurn hátt breyta ákvæðum Bernarsáttmálans né ákvæðum um aðild að Bernarsambandinu.

Í viðbótaryfirlýsingunni segir, að um lögskipti ríkja, sem eru aðiljar að báðum sáttmálunum, skuli fara eftir ákvæðum Bernarsáttmálans.

Þá er einnig það mikilvæga ákvæði í viðbótaryfirlýsingunni, að ríki, sem gengið hefur úr Bernarsambandinu eftir 1. janúar 1951, skuli ekki njóta verndar samkvæmt Genfarsamningnum í ríkjum þeim, sem eru aðiljar að Bernarsambandinu. Að öðru leyti fer að sjálfsögðu um lögskipti tveggja ríkja, þar sem annað er aðili að báðum sáttmálunum, en hitt aðeins að öðrum, eftir ákvæðum þess sáttmála, sem bæði ríkin eru aðiljar að.

III.
Tillögur.

1. Tildrög að inngöngu Íslands í Bernarsambandið má fyrst og fremst rekja til þess, að meðal flestra þjóða heims er höfundaréttur nú viðurkenndur fjárhagslegur réttur, sem njóta eigi verndar bæði í heimalandi höfundar og á erlendum vettvangi, svipað og gildir um önnur eignarréttindi. Kemur þetta fram í athugasemdum við frumvarp að lögum nr. 74/1947, um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, og er þess jafnframt getið þar, að Ísland hafi þá að undanförnu beðið álitshnekki erlendis vegna réttleysis erlendra bókmennta og annarra erlendra hugverka hér á landi.

Það eitt mun hafa verið talið mæla á móti inngöngu Íslands í bandalagið, að hún mundi hafa í för með sér auknar greiðslur í erlendum gjaldeyri til erlendra höfunda, og mætti ætla, að þar yrði um allmiklar fjárhæðir að ræða. Hins vegar væri þess ekki að vænta, að tekjur íslenzkra höfunda frá útlöndum næmu slíkum fjárhæðum, að um greiðslujöfnuð gæti orðið að ræða á þessu sviði.

Nefndin hefur gert sér far um að kanna, hvernig reynzt hefur í framkvæmd innganga Íslands í Bernarsambandið, að því er snertir hina fjárhagslegu hlið þess máls. Þetta hefur þó verið miklum vandkvæðum bundið. Til þess að fá rétta vitneskju um þetta efni, hefðu þurft að koma fram næg og rétt gögn um greiðslur frá Íslandi til erlendra höfunda og tekjur íslenzkra höfunda frá útlöndum bæði

fyrir og eftir inngöngu Íslands í Bernarsambandið. En nefndinni hefur reynzt ógerlegt að afla fullnægjandi gagna um þessi efni, eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Áður en Ísland gekk í Bernarsambandið, mun það hafa verið nokkuð algengt, að hérlendir útgefendur þýddra erlendra bóka og rita öfluðu sér þýðingar- og útgáfuleyfa beint frá hinum erlendu höfundum og greiddu þeim laun fyrir eftir samkomulagi. Þær greiðslur eru taldar hafa farið fram með ýmsum hætti og ekki ávallt verið aflað gjaldeyrisleyfa fyrir þeim. Hefur nefndinni ekki verið unnt að afla neinnar fræðslu um slíkar greiðslur áður en Ísland gekk í Bernarsambandið. Þó mun Ríkisútvarpið ekkert hafa greitt erlendum höfundum fyrir þann tíma. Þær upplýsingar, sem nefndin hefur fengið um greiðslu höfundalauna til erlendra aðilja eftir inngöngu Íslands í Bernarsambandið, og hér á eftir verður getið, veita því ekki nákvæma fræðslu um þá aukningu á greiðslum höfundalauna til útlanda, sem stafað hefur af því, að Ísland gerðist aðili að Bernarsáttmálanum.

Samkvæmt skýrslum frá Þjóðleikhúsi og Ríkisútvarpi hafa greiðslur þessara stofnana til erlendra höfunda numið því, sem nú skal greina:

	Ríkisútvarp:	Þjóðleikhús:
1948	kr. 8 272.00	
1949	— 7 978.50	
1950	— 8 037.00	kr. 23 653.95
1951	— 9 687.50	— 104 273.41
1952	— 18 307.25	— 81 866.61
1953	— 12 975.50	— 24 673.71
1954	— 18 464.00	— 41 002.70
1955	— 12 488.00 til 3. júlí.	— 26 345.12 til 30. júní.

Rétt er að geta þess, að Þjóðleikhúsið tók til starfa 20. apríl 1950. Tölur hvers árs eru miðaðar við flutningstíma. Eigi munu allar þær greiðslur, sem Ríkisútvarpið telur fram, hafa verið inntar af höndum til útlanda, þar eð eigi tekst ávallt að hafa upp á hinum rétta viðtakanda launanna. Greiðslur fyrir erlenda tónlist innir Ríkisútvarpið ávallt af höndum til STEFS og Þjóðleikhúsið sömuleiðis stundum. Eru þær greiðslur eigi taldar hér að framan.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá STEFI, hefur félagið ekki þurft að greiða neitt fyrir flutning tónverka erlendra rétthafa allt fram til ársloka 1953, enda fékk STEF ekki heldur neinar greiðslur fyrir flutning verka félagsmanna sinna erlendis frá á sama tíma. Af tekjum ársins 1954 á STEF að yfirfæra kr. 187 069.65 til hinna erlendu sambandsfélaga. Þar sem ekki er farið að vinna enn að úthlutun fyrir árið 1955, liggja ekki enn fyrir upplýsingar um hluta erlendra tónhöfunda af tekjum STEFS það sem af er árinu 1955.

Svo sem að framan getur, eru ýmsar greiðslur til erlendra höfunda inntar af höndum af öðrum aðiljum en Ríkisútvarpi og Þjóðleikhúsi. Koma þar til greina útgefendur blaða og bóka svo og leikfélög. Samkvæmt greinargerð frá Innflutningsskrifstofunni, sem menntamálaráðherra skýrði frá á Alþingi 31. marz 1954, námu greiðslur þessar:

1948	kr. 3 150.00
1949	— 3 755.00
1950	— 1 350.00
1951	— 15 179.00
1952	— 17 103.00
1953	— 52 661.00

Nefndin hefur aflað sér skýrslna frá Innflutningsskrifstofunni um veitt gjaldeyrisleyfi á árinu 1954 og til 31. júlí 1955. Námu leyfin árið 1954 kr. 76 211.00

og 1. janúar til 31. júlí 1955 kr. 85 195.00. En þess ber að gæta, að gjaldeyrisleyfi til Ríkisútvarps og Þjóðleikhúss eru þar með talin.

Vitað er, að nokkrir íslenzkir höfundar hafa haft gjaldeyristekjur erlendis frá bæði fyrir og eftir að Bernarsáttmálinn tók gildi hér á landi. En þrátt fyrir tilraunir nefndarinnar hefur henni ekki tekizt að afla neinnar vitneskju um fjárhæð þessara tekna.

Svo sem framangreindar tölur sýna hafa greiðslur til erlendra höfunda farið vaxandi á undanförnum árum, og eru greiðslur til erlendra höfunda vafalaust hærri nú en áður en Ísland gekk í Bernarsambandið. Í því sambandi ber þess þó að gæta, að síðan hefur hafizt starfsemi Þjóðleikhússins, og hlaut hún að hafa auknar greiðslur til erlendra höfunda í för með sér. Þótt greiðslur þessar hafi farið vaxandi, eftir að Ísland gerðist þátttakandi í Bernarsambandinu, telur nefndin ekki koma til álita, að Ísland segi sig úr því, enda hlyti Ríkisútvarpið og Þjóðleikhúsið sóma síns vegna eftir sem áður að greiða erlendum höfundum laun fyrir þau hugverk þeirra, sem þessar stofnanir færa sé í nyt í starfi sínu. En frá þessum tveimur stofnunum stafar meginhluti þeirra greiðslna, sem renna héðan til erlendra aðilja. Þá er og þess að gæta, að úrsögn Íslands úr Bernarsambandinu mundi mælast illa fyrir í þeim ríkjum, sem að því standa. Er því líklegt, að mjög torvelt mundi reynast, a. m. k. fyrst í stað, að ná sérsamningum við þessi ríki um gagnkvæma vernd hugverka. Á það ber einnig að líta, sem vikið hefur verið að hér að framan, að þótt Ísland gerðist aðili að Genfarsáttmálanum mundu íslenzkir höfundar ekki njóta verndar samkvæmt honum í þeim löndum, sem aðiljar eru að Bernarsáttmálanum.

2. Svo sem getið er hér að framan, tók Genfarsáttmálinn gildi hinn 16. þ. m. Á meðal þeirra ríkja, sem gerzt hafa aðiljar að þeim sáttmála, eru Bandaríki Norður-Ameríku. Þátttaka Íslands í þeim samtökum mundi veita íslenzkum höfundum sama rétt og þarlendir höfundar njóta, að fullnægðum einföldum skilyrðum um, að höfundaréttur sé áskilinn, enda öðluðust þá bandarískir höfundar sömu réttindi hérlendis og íslenzkir höfundar njóta að íslenzkum lögum. Samkvæmt bandarískum höfundalögum eru verndartímabilin tvö, hvort þeirra 28 ár, og teljast frá fyrstu birtingu rits, tónsmíðar eða annars hugverks. Eigi er líklegt, að unnt yrði að afla frekari réttinda fyrir íslenzka höfunda, þótt reynt yrði að gera sérstakan samning við Bandaríkin, enda ólíklegt, að þau mundu ljá máls á sérstakri samningsgerð um þetta efni, eftir að þau hafa gerzt aðili að alþjóðasamningi, sem Ísland á einnig kost á aðild að. Tillögur nefndarinnar um þetta efni verða því á þá lund, að Ísland gerist aðili að Genfarsáttmálanum, en leiti ekki eftir sérsamningi við Bandaríki Norður-Ameríku.

3. Skal þá vikið að þeirri spurningu, hvort ástæða sé til, að ríkið hafi önnur afskipti en verið hefur af meðferð höfundaréttarmála innanlands. Eins og löggjöf um höfundarétt er nú háttað, kemur hér eingöngu til álita framkvæmd á ákvæðum 2. gr. laga nr. 49/1943, um aðild flutningsréttar á ritverkum og tónsmíðum.

Því hefur verið lýst í II, 2, hér að framan, að tónskáld og aðrir eigendur að flutningsrétti tónsmíða hafa með stofnun STEFS myndað sér slík samtök sem ráð er gert fyrir í 2. gr. laga nr. 49/1943. Hefur STEF síðan fengið löggildingu ríkisvaldsins samkvæmt nefndri grein og reglugerð nr. 19/1949 til að fara með aðild flutningsréttar á tónsmíðum, að því er tekur til íslenzkra tónskálda og eigenda flutningsréttar. Reglur þær, sem STEFI hafa verið settar um þessi efni og gerðar hafa verið að skilyrðum fyrir löggildingunni, veita ríkisvaldinu svo víðtækan íhlutunarrétt um framkvæmd aðildar STEFS að flutningsréttinum, að opinberir hagsmunir varðandi flutningsréttinn virðast vera vel tryggðir. Sérstaklega má geta þess, að STEFI er skylt að haga starfsemi sinni í samræmi við samþykktir, sem staðfestar eru af menntamálaráðuneytinu. Úthlutunarreglur STEFS skulu einnig vera staðfestar af ráðuneytinu og reikningar STEFS, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, afhentir ráðuneytinu. Gjaldskrá STEFS þarfnast að vísu ekki beinnar stað-

festingar ráðuneytisins, en þar sem ráðuneytið getur afturkallað löggildinguna hvenær sem er, ef það telur grundvöll fyrir henni ekki vera lengur fyrir hendi, þá getur það þar með látið gjaldskrárákvæðin til sín taka, ef því virðast þau ekki viðhlítandi.

Þess ber að gæta, að löggilding STEFS tekur ekki til aðildar flutningsréttar á erlendum tónsmíðum hér á landi, og að þau afskipti, sem STEF kann að hafa af þeim, byggjast á sérstökum umboðum, sem ríkisvaldið hefur ekki hönd í bagga með. Um rétt erlendra tónskálda og eigenda flutningsréttar að tónsmíðum til greiðslu fyrir flutning á verkum þeirra hér á landi fer eftir þeim milliríkjasamningum um höfundarétt, sem Ísland er á hverjum tíma bundið við. Þannig eiga nú tónskáld í Bernarsambandslöndum sama rétt til greiðslu fyrir flutning verka þeirra sem innlend tónskáld.

Samkvæmt framansögðu telur nefndin ekki ástæðu til, eins og löggjöf um höfundarétt er nú háttað, að ríkisvaldið breyti afstöðu sinni frá því, sem nú er, að því er tekur til framkvæmdar flutningsréttar á tónsmíðum.

Framkvæmd ákvæða 2. gr. laga nr. 49/1943, að því er varðar flutningsrétt á ritverkum, er ekki orðin eins föst í reipum og framkvæmd flutningsréttar á tónsmíðum. Að vísu hefur þriggja manna nefnd sú, sem skýrt er frá í II, 2, hér að framan, fengið löggildingu með svipuðum skilyrðum og STEF til að fara með aðild flutningsréttar að ritverkum. En skipun nefndarinnar er með þeim hætti, að hæpið má telja, að það fyrirkomulag haldist til langframa. Það er hins vegar skoðun nefndarinnar, að skipulag á samtökum og hugsmunagæzlu rithöfunda eigi fyrst og fremst að vera þeirra eigið verk. Telur nefndin ekki nægja ástæðu til, eins og sakir standa, að ríkið eigi beint frumkvæði að því að koma slíku skipulagi á, t. d. með því að koma sjálft upp stofnun, sem færi með flutningsrétt að ritverkum eða flutningsrétt að hugverkum yfirleitt.

Forstjóri STEFS, Jón Leifs, tónskáld, kom á fund nefndarinnar og ritaði henni síðan bréf, dags. 3. október f. á., þar sem hann gerir nánari grein fyrir tillögum, er hann hreyfði á fundinum, um leiðir til að stuðla að auknum tekjum íslenzkra höfunda erlendis frá. Leggur hann til, að með fyrirgreiðslu ríkisvaldsins verði komið á fót stofnun, er annist útbreiðslu íslenzkra hugverka erlendis. Hafi sú stofnun samvinnu við Ríkisútvarpið, Landsbókasafnið, Menningarsjóð, Nótnasjóð Íslands og fleiri aðilja um þetta efni. Nefndin hefur hugleitt þessar tillögur og vill mæla með því, að ríkisvaldið hlynni að slíkri stofnun, ef höfundarnir sjálfir eða samtök þeirra komi henni á fót.

Að lokum vill nefndin láta þess getið, að störf hennar hafa dregizt nokkuð, aðallega sökum þess, að eigi var fullvíst fyrr en á þessu sumri, hvort Genfarsáttmálinn kæmi til framkvæmda. En tillögur nefndarinnar hlutu að nokkru leyti að fara eftir því, hvernig þeim sáttmála reiddi af.

Reykjavík, 26. september 1955.

Jón Ásbjörnsson.

Gunnar Einarsson. Sigurður Reynir Pétursson.

Tómas Guðmundsson. Þórður Eyjólfsson.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirstjórn skólans hefur menntamálaráðuneytið.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara skólans, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 83 8. desember 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hentugra þykir og tilhlýðilegra, að Matsveina- og veitingaþjónaskólinn heyri undir menntamálaráðuneytið, eins og flestir aðrir skólar, en ekki samgöngumálaráðuneytið eins og verið hefur. Er því lagt til í frumvarpi þessu, að svo verði ákveðið, og er það í samræmi við þá breytingu, sem Alþingi gerði í fyrra á frumvarpi til laga um iðnskóla.

Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Í stað orðsins „samgöngumálaráðuneytinu“ í 9. gr. laganna komi: menntamálaráðuneytinu.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Yfirstjórn skólans hefur menntamálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „samgöngumálaráðuneytið“ í 1. mgr. 17. gr. laganna komi: menntamálaráðuneytið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hentugra þykir og tilhlýðilegra, að stýrimannaskólinn heyri undir menntamálaráðuneytið, eins og flestir aðrir skólar, en ekki samgöngumálaráðuneytið eins og verið hefur. Er því lagt til í frumvarpi þessu, að svo verði ákveðið, og er það í samræmi við þá breytingu, sem Alþingi gerði í fyrra á frumvarpi til laga um iðnskóla.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1956 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.

b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. jan. 1956 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1956, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 46 1955, um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samningum vinnuveitenda og stéttarfélaga kaupþega síðastliðið vor og sumar var ákveðið, að verðlagsuppbót á kaup skyldi greidd samkvæmt kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 10 stigum, án tillits til kaupupphæðar. Og síðastliðið sumar sömdu einnig fastlaunamenn í þjónustu verzlunar- og iðnfyrirtækja í Reykjavík um greiðslu verðlagsuppbótar eftir kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 10 stigum, án tillits til launaupphæðar. Nú mun svo komið, að flestir launþegar fá greidda fulla verðlagsuppbót, nema starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana og enn fremur starfsmenn sveitarfélaga og sumra opinberra aðila annarra.

Síðasta Alþingi samþykkti lög um, að opinberir starfsmenn skyldu fá greidda fulla verðlagsuppbót á laun allt að 34 560 kr. á ári og 23% verðlagsuppbót á þann hluta grunnlauna, sem er umfram þetta mark. Í sambandi við afgreiðslu þessa máls á þingi var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að hún mundi beita sér fyrir því, að frá ársbyrjun 1956 yrði greidd full verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna. Síðan hafa, eins og fyrr segir, fastlaunamenn í þjónustu einkafyrirtækja bætzt í hóp þeirra launþega, sem fá greidda fulla verðlagsuppbót á laun, og er réttmætt, að opinberir starfsmenn fái verðlagsuppbót eftir sömu reglum og aðrir launþegar.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er bundinn endir á misræmi það, sem verið hefur um greiðslu verðlagsuppbótar nú um sinn, á laun starfsmanna ríkisins og flestra annarra launþega.

Ed. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1956 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1956 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs.

a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.

c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða núgildandi lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka.

Ed. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á eftir aa-lið 3. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
bb. Að fella niður aðflutningsgjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum erlendum vísinda- og menntastofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarfrumvarp samhljóða þessu frumvarpi var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Á 2. þingi Norðurlandaráðsins í ágúst 1954 var því beint til hlutaðeigandi ríkisstjórna að koma á hjá sér tollfrjálsum innflutningi þeirra menningartækja, sem talin eru í 1. gr. frv. Til þess að svo megi verða hér á landi, þarf að breyta núgildandi tollskrárlögum. Fer ríkisstjórnin með frv. þessu fram á heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af vörum þessum.

Ed. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á árinu 1956 skal innheimta:
A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:

a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvöur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1956 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:
a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er framlenging á ákvæðum laga nr. 92/1954.

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um, að kjörskrá sú, er samin var í febrúar 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað 2. október 1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi 1955.)

1. gr.

Kjörskrá sú, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps samdi í febrúar 1955, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 81/1936, skal gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað, sem fram eiga að fara 2. október 1955.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um að kjörskrá sú, er samin var í febrúar 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað 2. október 1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann hafi ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað skuli, samkvæmt ákvæðum laga nr. 30 11. maí 1955, fram fara 2. október 1955. Nú sé því svo varið, að 11. grein laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, geri ráð fyrir því, að kjörskrár skuli samdar í febrúarmánuði ár hvert, og skuli í kaupstöðum og hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár eftir að þær eru samdar til 24. janúar næsta ár þar á eftir. Samkvæmt manntali, gerðu í Kópavogshreppi 1953, hafi þá samtals verið 2723 íbúar í Kópavogshreppi, og um 1350 manns á kjörskrá þeirri, sem hreppsnefnd hafi samið í febrúar 1954. Árið 1954 hafi alls verið 3230 á manntali í Kópavogshreppi og þar af 1608 á kjörskrá þeirri, sem samin hafi verið af hreppsnefnd Kópavogshrepps í febrúarmánuði 1955, en eigi hafi enn legið frammi. Af hinum tilgreindu tölum sé ljóst, að atkvæðisbærum íbúum í Kópavogshreppi hafi á árinu 1954 fjölgað um hartnær 20 af hundraði, þannig, að ekki þyki með tilliti til þess stætt á því að leggja hér kjörskrá, samda í febrúar 1954 eftir manntali 1953, til grundvallar fyrirhuguðum bæjarstjórnarkosingum 1955, enda þótt ákvæði 11. greinar sveitarstjórnarkosningarlaga mæli svo fyrir, heldur beri að láta kjörskrá þá, sem semja skyldi í febrúar 1955, gilda við nefndar bæjarstjórnarkosningar.

Félagsmálaráðherra telur af þessum ástæðum brýna nauðsyn bera til þess, að með bráðabirgðalögum verði sett sérstök ákvæði um þetta efni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Kjörskrá sú, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps samdi í febrúar 1955, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 81/1936, skal gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað, sem fram eiga að fara 2. október 1955.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. júlí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi 1955.)

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 1. málsgr. orðist svo:
   Hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skal tilkynna það innan 7 daga sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til.
2. 1. málsliður 3. töluliðs 3. málsgr. orðist svo:
   Skólafólk við nám utan heimilissveitar, enda sé dvölin í viðkomandi sveitarfélagi eingöngu eða að mestu vegna námsins.
3. Á eftir 4. tölulið 3. málsgr. komi nýr töluliður, þannig:
   5. Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, sem láta í té starfsliðsskrár reglulega. Hins vegar eru slíkir starfsmenn við varnarliðsstörf skyldir til að upplýsa vinnuveitanda sinn um heimilisfang sitt og annað það, sem hann þarf á að halda til þess að geta látið í té nákvæmar skrár um starfslið sitt. — Ákvæði þessa töluliðs breytir engu um skyldu venzlaliðs aðkomins starfsmanns við varnarliðsstörf til að tilkynna aðsetursskipti.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitarinnar brottför sína úr henni innan 7 daga. Þó skal ekki tilkynna brottförina, ef dvöl hlutaðeigandi í sveitarfélaginu, sem hann fer til, er undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt 3. málsgr. 3. gr. og hann hyggst setjast að í sama húsnæði að dvölinni lokinni.

3. gr.

Á 9. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 2. málsgr. orðist svo:
   Hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga í húsnæði hans, þ. e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.
2. Aftan við 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Skylda húsráðanda (húseiganda) til að tilkynna aðsetursskipti samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr. fellur niður, ef hlutaðeigandi sýnir honum, áður en tilkynningarfresti lýkur, kvittun viðkomandi sveitarstjórnar fyrir því, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Hagstofu Íslands er heimilt að krefjast þess af forstöðumönnum einstakra hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að þeir til-

kynni á venjulegan hátt aðsetursskipti allra einstaklinga, sem hverfa úr húsnæði á vegum stofnunarinnar, hvort sem ber að tilkynna þá samkvæmt 9. gr. þessara laga eða ekki. Hagstofu Íslands er enn fremur heimilt að krefjast þess af umræddum aðilum, að þeir afli handa henni upplýsinga um aðsetursskipti starfsmanna stofnunarinnar, sem hafast ekki við í húsnæði á hennar vegum. Þetta tekur þó aðeins til aðsetursskipta í sambandi við það, að starfsmenn hefja störf eða hætta störfum hjá viðkomandi stofnun.

5. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi 4 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Sveitarstjórnir skulu gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um aðsetursskipti innansveitar, sem þeim er kunnugt um, að hafi ekki verið tilkynnt. Þær skulu enn fremur gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um einstaklinga, sem talið er að hafi flutt heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu, ef ástæða er til að ætla, að það hafi ekki verið tilkynnt sveitarstjórn viðkomandi umdæmis. Þó er sveitarstjórn óheimilt að tilkynna brott úr sveitarfélaginu einstakling, sem dvelst í öðru sveitarfélagi vegna veikinda, ef hann nýtur framfærslustyrks frá heimilissveit sinni eða telja má líklegt, að hann verði styrkþegi hennar.

Nú lýkst hið endurupptekna mál með útivistardómi á hendur þeim aðilja, sem endurupptöku beiddist, og verður honum ekki veitt endurupptaka málsins af nýju, nema hann færi sönnur á, að hann eða umboðsmaður hans eigi ekki sök á hinni nýju útivist.

235. gr.

Nú er beiðni um endurupptöku máls synjað vegna ágalla eða vöntunar, sem bæta má úr, og ákveður dómari beiðanda stuttan frest til að laga mistökin og koma fram með nýja beiðni, enda sé eigi ástæða til að ætla, að beiðandi hafi verið viljandi valdur að ágöllunum. Slíkan frest má ekki veita nema einu sinni, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

XVI. KAFLI.

Um gjafsókn.

236. gr.

Orðið gjafsókn nær í kafla þessum bæði til gjafsóknar og gjafvarnar.

Dómsmálaráðherra veitir gjafsókn.

Athuga skal málstað umsækjanda eftir föngum, áður en gjafsókn er veitt.

Í gjafsóknarbréfi skal taka fram, í hvaða máli og fyrir hvaða dómi gjafsókn sé veitt.

Gjafsókn nær bæði til aðalmáls og aukamála í sambandi við það, svo sem vitnamála og matsmála, svo og til lögbanns, kyrrsetningar og aðfarargerða til tryggingar dómkröfum, nema takmarkanir séu gerðar í gjafsóknarbréfi.

237. gr.

Gjafsókn má veita, auk þess, sem sérstaklega kann að vera ákveðið í lögum:

1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum, sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi.
2. Einstökum mönnum, sem eru svo illa stæðir fjárhagslega, að þeir mega eigi án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til máls. Með beiðni um gjafsókn fylgi vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar um fjárhag og ástæður umsækjanda, og er skylt að láta slíkt vottorð í té tafarlaust og ókeypis.

Annars ríkis borgurum má því aðeins gjafsókn veita, að sams konar hlunnindi séu veitt íslenzkum ríkisborgurum í þeirra landi.

238. gr.

Gjafsóknarhafi fær þessi hlunnindi:

1. Hann er undanþeginn greiðslu allra réttargjalda fyrir dómsathafnir þær, sem gjafsókn nær til.
2. Hann fær ókeypis endurrit allra þeirra skjala, þar á meðal ágrip dómsgerða, er embættis- eða sýslunarmenn afgreiða til afnota við áðurnefndar dómsathafnir.
3. Honum er skipaður talsmaður, nema þess þyki engin þörf, og ríkissjóður greiðir talsmanni ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til.
4. Ríkissjóður greiðir fyrir hann gjöld fyrir allar birtingar og tilkynningar, er mál hans útheimtir eða dómsathafnir í sambandi við það, þóknun til þingvotta, vitna, mats- og skoðunarmanna og önnur slík gjöld.

239. gr.

Svipta má mann gjafsókn, ef í ljós kemur, að hún hefur verið ófyrirsynju veitt, eða hagur hans breytist svo, að honum er hennar eigi lengur þörf.

Gjafsókn skiptir engu máli um skyldu gjafsóknarhafa til greiðslu málskostnaðar til gagnaðilja síns, né um skyldu hans til að greiða kostnað af málinu. Nú er gagnaðili dæmdur til að greiða málskostnað, og skal ákveða í dómi, hversu mikill hluti þess málskostnaðar skuli renna til gjafsóknarhafa, eftir því, hvern kostnað hann kann að hafa sjálfur haft af málinu, og hversu mikill hluti málskostnaðarins skuli renna í ríkissjóð.

XVII. KAFLI

Um málskostnað.

240. gr.

Til málskostnaðar telst:

1. Gjöld fyrir endurrit og ágrip dómsgerða.
2. Réttargjöld í ríkissjóð.
3. Óhjákvæmilegur ferðakostnaður aðilja og umboðsmanna þeirra.
4. Ferðakostnaður og þóknun matsmanna og vitna.
5. Þingvottagjöld og greiðslur fyrir birtingu stefnu og annarra tilkynninga.
6. Kostnaður aðilja vegna tímatafar og vinnu vegna máls.
7. Kostnaður af flutningi máls.
8. Annar kostnaður, er stafa kann beinlínis af málinu.

241. gr.

Sá, er krefst dómsathafnar, greiðir kostnað af henni um sinn. Nú lætur dómari fara fram af sjálfsdáðum birtingu eða tilkynningu eða dómsathöfn lögum þessum samkvæmt, og skal sá kostnaður greiddur úr ríkissjóði í bili. Dómari ákveður síðar, hver skuli greiða.

242. gr.

Sá, er tapar máli, skal að jafnaði dæmur til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað, nema öðruvísi sé mælt í lögum.

243. gr.

Nú hefur sá, er mál vinnur, höfðað mál án tilefnis af hendi gagnaðilja eða höfðað mál af ásetningi eða gáleysi að þarflausu, og skal honum dæmt að greiða gagnaðilja kostnað hans af málinu eða hvorum aðilja dæmt að bera sinn kostnað af því, enda mæli sérstakar ástæður með því, að málskostnaði sé skipt.

Nú var þeim, er máli tapar, fyrir málshöfðun hvorki kunnug þau atvik, sem úrslitum máls ráða, né mátti vera þau kunnug, og er rétt að dæma hvorum aðilja að bera sinn kostnað af málinu.

244. gr.

Nú vinnur aðili mál að nokkru, en tapar því að nokkru, og er dómara rétt að skipta málskostnaði eftir málavöxtum milli aðilja eða dæma hvorum þeirra að bera sinn kostnað.

245. gr.

Nú er máli manns vísað frá dómi, og skal fara um málskostnað, eins og hann hefði tapað málinu.

Nú afturkallar aðili málshöfðun sína eða hann mætir eigi, og skal dæma honum að greiða gagnaðilja málskostnað, nema rétt þyki af sérstökum ástæðum að kveða öðruvísi á.

Ef aðiljar sættast, skal hvor þeirra bera sinn kostnað, nema öðruvísi semji.

246. gr.

Nú hefur aðili ekki mætt í máli, eigi farið að lögmætu boði dómara, haft uppi staðhæfingar eða mótbárur, sem hann vissi eða mátti vita, að eru rangar eða haldlausar, valdið drætti á máli með skeytingarleysi eða handvömm eða valdið gagnaðilja annars óþörfum kostnaði, og skal honum dæmt að greiða þann kostnað, er hann þannig olli, hvernig sem fer um málskostnað að öðru leyti.

247. gr.

Nú hefur umboðsmaður aðilja með hegðun, sem greinir í 243. gr., 1. mgr., eða 246. gr., valdið kostnaði, sem leggja ber á umbjóðanda hans samkvæmt ákvæðum þessa kafla, og ber að dæma umboðsmanninum að greiða slíkan kostnað, jafnvel þó krafa sé eigi gerð á hendur honum.

Nú ber umboðsmanni samkvæmt 1. mgr. að greiða málskostnað, og ber að dæma aðilja og umboðsmann til greiðslu hans in solidum.

248. gr.

Nú hefur maður höfðað gagnsök til sjálfstæðs dóms, og skal fara um málskostnað, sem áður segir um aðalsök.

Málskostnað, sem hlýzt af meðalgöngusök, skal dæma eftir framangreindum reglum.

249. gr.

Samaðilja skal að jafnaði dæma til greiðslu málskostnaðar in solidum. Nú stafar kostnaður af atriðum máls, sem varða einungis einn eða nokkra aðilja, eða einn eða nokkrir aðilja hafa valdið sérstökum kostnaði með hegðun, er greinir í 246. gr., og ber að dæma þann eða þá, sem í hlut eiga, til að greiða þann kostnað út af fyrir sig.

250. gr.

Málskostnaður verður því aðeins dæmdur, að aðili krefjist þess og leggi fram, áður en aðalflutningi lýkur, sundurliðaðan reikning yfir kostnað sinn.

Að jafnaði skal dæma aðilja þann kostnað, sem hann hefur haft af málinu, enda sé eigi um óþarfa kostnað að tefla.

Dómari kveður í dómi aðalmáls á um greiðslu þess kostnaðar, sem á er fallinn, og tiltekur fjárhæð hans. Kostnað, sem síðar fellur á, má leggja undir úrskurð fógeta.

251. gr.

Nú höfðar maður, erlendis búsettur, mál fyrir íslenzkum dómi, og er stefnda rétt að krefjast þess, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það eigi, skal vísa máli frá dómi.

Ef menn, búsettir á Íslandi, eru undanþegnir því að setja sams konar tryggingu í landi stefnanda, skal hann einnig vera undanþeginn því hér á landi.

XVIII. KAFLI
Um réttarfarssektir.

252. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum getur dómari dæmt af sjálfsdáðum, þá er skilyrði sektardóms eru fyrir hendi.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið.

253. gr.

Aðilja skal dæma í fésekt:

1. Fyrir að höfða mál án tilefnis.
2. Fyrir að koma gagnaðilja að ófyrirsynju í þá aðstöðu, að honum var nauðsyn að höfða mál.
3. Fyrir tilefnislausa kæru til æðra dóms.
4. Fyrir vísvitandi rangar kröfur eða vísvitandi rangar staðhæfingar til sóknar eða varnar.
5. Fyrir að flytja fram vísvitandi rangar ástæður fyrir frestbeiðni eða hafa í frammi vífilengjur eða á annan hátt tefja eða reyna að tefja mál.
6. Fyrir að koma eigi að forfallalausu til persónulegrar yfirheyrslu samkvæmt boði dómara eða kröfu gagnaðilja.
7. Fyrir ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi, um dómara, gagnaðilja eða umboðsmann hans eða aðra menn eða í öðru sambandi eða fyrir að misbjóða virðingu dóms á annan hátt.

254. gr.

Umboðsmann aðilja, sem sekur verður um brot þau, sem í 253. gr. segir, skal dæma í sekt einan sér eða ásamt umbjóðanda sínum, eftir því sem á stendur. Aðra menn, sem brjóta gegn ákvæði 7. töluliðs 253. gr., skal sekta.

255. gr.

Sá, sem raskar reglu á dómþingi, tekur myndir í dómsal án sérstaks leyfis, hlýðir eigi fyrirskipun, sem miðar til uppihalds á reglu á dómþingi, eða kemur annars hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

256. gr.

Ef refsing liggur þar að auki við brotum þeim, sem greinir í 252.—255. gr., eftir öðrum lögum, má koma henni fram í sérstöku máli án tillits til ákvörðunar um réttarfarssektina.

257. gr.

Sektir á hendur aðilja eða umboðsmanni hans, sem þeir vinna til fyrir framferði sitt, skal ákveða í dómi í máli eða, ef það verður fellt niður, þá um leið og sú dómsathöfn er framkvæmd. Samsvarandi gildir um sekt á hendur þessum aðiljum í aukamálum við dómsmál, sem sjálfstætt eru rekin, svo og í málum fyrir fógeta-, skipta- og uppboðsdómi. Sektir annars skulu að jafnaði ákveðnar, jafnskjótt sem brot er framið fyrir dómi.

XIX. KAFLI
Um ráðstefnu dómenda og atkvæðagreiðslu.

258. gr.

Nú skipa dóm fleiri dómendur, og skulu þeir hafa ráðstefnu og atkvæðagreiðslu um niðurstöðu dóma og úrskurða.

259. gr.

Ráðstefna og atkvæðagreiðsla skulu fara fram fyrir lokuðum dyrum.

260. gr.

Dómstjóri stýrir umræðum, ber fram spurningar til dómenda og telur atkvæði. Hver dómenda skal gera grein fyrir þeim rökum, sem atkvæði hans er reist á.

261. gr.

Nú hefur dómandi greitt atkvæði með því að vísa máli frá dómi, en er borinn atkvæðum, og tekur hann þátt í atkvæðagreiðslu um efni máls.

262. gr.

Ef dómendur greinir á, ræður afl atkvæða.

Nú ber dómendum á milli um, hvaða fjárhæð eða magn skuli dæma, og meiri hluti atkvæða fæst ekki fyrir einni og sömu niðurstöðu, og ber að telja atkvæði þess dómanda, sem hæsta fjárhæð eða magn vill dæma, með atkvæði dómanda, sem næsthæsta fjárhæð eða magn vill dæma.

263. gr.

Nú eru dómendur ósammála um, hvernig atkvæðagreiðsla skuli fara fram, eða um önnur atriði, er varða afgreiðslu máls, og sker dómsforseti úr.

XX. KAFLI

Um dóma og úrskurði.

264. gr.

Úrskurði skal kveða upp um einstök atriði máls eða aukamáls í sambandi við það, sem ráða þarf til lykta, allt til dómtöku aðalmáls.

Úrskurður skal kveðinn upp, svo fljótt sem unnt er, eftir að atriði er tekið til úrskurðar.

265. gr.

Rita skal forsendur fyrir úrskurði. Skal þar greina dómstól og dómara, stað og stund, er úrskurður gengur, aðilja, málsatvik, þannig að úrskurður verði skilmerkilegur, málsástæður aðilja, lagaboð og svo lögrök og röksemdir dómara. Niðurstaða úrskurðar skal dregin saman í niðurlagsorði.

266. gr.

Venjulega skal kveða upp dóm í máli, sem flutt hefur verið aðalflutningi, áður en annað mál er tekið til aðalflutnings, og jafnan skal kveða upp dóm í máli, svo fljótt sem við verður komið.

Nú dregst uppsaga dóms, og ber dómara að greina orsakir þess.

267. gr.

Nú hefur mál verið flutt aðalflutningi, og skal dómur reistur á þeim málsatvikum og málsástæðum, sem fram hafa komið við þann flutning.

Nú er dómur fjölskipaður, og skulu þá allir dómendur hafa heyrt aðalflutning. Ef einhvers dómara missir við eftir aðalflutning, en áður en dómur gangi, skal nefna dómara í hans stað og flytja málið aðalflutningi af nýju. Skal dómur þá byggður á þeim málsatvikum og málsástæðum, sem bornar eru fram í hinum endurnýjaða flutningi.

Nú er mál dæmt, án þess að aðalflutningur fari fram af hendi beggja eða allra aðilja, og skal byggja dóm einnig á því, sem fram kemur í greinargerðum.

268. gr.

Aðilja verður eigi dæmt annað eða meira en hann hefur með réttum hætti gert kröfu til. Nú er aðiljum rétt að ráðstafa sakarefni að vild, og verður dómur eigi byggður á atviki, sem aðili hefur eigi borið fyrir sig í aðalflutningi, nema skilyrði 225. gr. séu fyrir hendi.

269. gr.

Nú er í máli krafizt almenns gildisdóms um tilvist réttarsambands og einnig dóms um kröfu, sem byggð er á tilvist þess réttarsambands, og er dómara rétt að kveða upp sérstakan dóm um tilvist réttarsambandsins.

Nú veltur dómsorð um kröfu á niðurstöðu dóms um aðra kröfu, sem sótt er í sama máli, og er rétt að kveða fyrst upp sérstakan dóm um síðarnefndu kröfuna.

270. gr.

Nú eru í máli gerðar fleiri sjálfstæðar kröfur, sem skilja má sundur, og er dómara rétt að kveða upp dóm um eina eða fleiri þeirra, enda þótt flutningi máls um hinar sé eigi lokið. Um aðalkröfu og kröfu, sem höfð er uppi til skuldajafnaðar, verður þó að dæma í einu lagi. Nú er krafa viðurkennd að nokkru, og er rétt að kveða upp dóm um þann hluta hennar, sem viðurkenndur er.

271. gr.

Nú verður sátt með sakaraðiljum um sakarefni og þeir óska, að dómari staðfesti sættargerð þeirra, og skal það gert með dómi.

272. gr.

Dóm skal semja skriflega. Í forsendum hans skal greina, svo skýrt sem verða má:

1. Nafn eða nöfn dómenda.
2. Nafn dómstóls, stað og stund dómsuppsögu.
3. Nafn máls og númer.
4. Hvenær málið var tekið til dóms.
5. Nöfn aðilja, heimili þeirra eða dvalarstað og stöðu þeirra.
6. Nöfn umboðsmanna aðilja fyrir dómi.
7. Kröfur aðilja, mótmæli þeirra, atvik máls og málsástæður.
8. Sönnunargögn, sem fram hafa komið í málinu, og mat á þeim, að því leyti sem þau geta skipt máli.
9. Lög þau, sem máli skipta, og heimfærslu málsatvika til þeirra.
10. Þau atvik, röksemdir og lögrök, sem dómari byggir niðurstöðu sína á.
11. Dómsorð, þar sem saman sé dregin aðalniðurstaða dómara, hvort sem hún er frávísun máls, sýkna, ákvörðun um að inna verk eða greiðslu af hendi, réttarfarssektir, málskostnaður o. s. frv.

Dómar skulu vera svo glöggir og skýrir sem kostur er.

273. gr.

Ágreiningsatkvæði dómara skulu samin og birt með sama hætti og dómar, að því er ágreiningsefni varðar.

274. gr.

Dæma má mann að viðlögðum dagsektum til aðilja til að vinna verk, annað en peningagreiðslu, þar á meðal til að skila hlut af hendi. Krafa til óinnheimtra sekta fellur niður, jafnskjótt sem hinn dæmdi fullnægir dómi. Nú telur hinn dæmdi, að sér sé ómögulegt að fullnægja dómi, og getur hann snúið sér til dómara aðalmáls með skriflegri beiðni um endurupptöku málsins með sönnun fyrir staðhæfingu sinni um ómöguleikann. Dómari skal þá kveðja aðilja til þings á varnar-

þingi aðalmáls og úrskurða, eftir að þeir hafa átt kost á því að tala máli sínu, hvort mál skuli tekið upp af nýju. Úrskurð dómara má kæra til æðra dóms.

Nú er endurupptaka ákveðin, og fellir dómari dóminn úr gildi og kveður upp nýjan dóm, þar sem tekið er tillit til breytts ástands og nýrra gagna.

Yfirlýsing um kröfu um endurupptöku máls frestar aðför til innheimtu sekta, enda sé krafan um endurupptökuna komin til dómara innan viku, eftir að yfirlýsingin kom fram fyrir fógeta.

275. gr.

Almennur aðfararfrestur dóms er 15 dagar frá uppsögu hans eða frá birtingu hans samkvæmt 278. gr.

Í dómi, þar sem aðilja er dæmt að framkvæma athöfn eða skyldaður til að þola athöfn eða ástand, getur dómari lengt aðfararfrest, ef það þykir nauðsynlegt eða sanngjarnt, til þess að aðili megi koma svo högum sínum, að fullnusta dómsins baki honum sem minnst tjón eða óhagræði.

276. gr.

Er sérstök rök eru til, má að kröfu aðilja í dómi ákveða aðfararfrest styttri en í 275. gr. segir, og má þá gera dómhafa, krefjist dómþoli þess, að setja tryggingu, ef hann leitar fullnustu dóms með aðför innan hins almenna aðfararfrests.

Ákveða má líka í dómi, sé þess krafizt og mikilvægar ástæður mæli með því, að dómhafi geti gegn tryggingu, ef þurfa þykir, gert aðför til fullnustu dómi, enda þótt dómi hafi réttilega verið áfrýjað.

Krafa um dómsákvæði samkvæmt grein þessari verður eigi gerð síðar en í aðalflutningi máls.

277. gr.

Fullnægja má dómi eða úrskurði samkvæmt efni sínu með aðför, þótt þess sé eigi sérstaklega getið.

278. gr.

Dómari tilkynnir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði upp kveðinn, með þeim fyrirvara og þeim hætti, er honum þykir hlýða hverju sinni.

Dómsorð eða niðurlagsorð úrskurðar skal lesa upp í heyranda hljóði. Ef aðili hefur eigi verið við dómsuppsögu staddur, skal sá, sem byggja vill rétt á dómi eða vill láta fresti samkvæmt honum byrja að líða, birta hann með sama hætti og stefnu. Geta skal þess í þingbók, hvort aðili hafi verið viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar, svo og í endurriti af dómsathöfnum þessum.

Dómur er bindandi úrslit sakarefnis milli aðilja og þeirra, sem að lögum koma í stað þeirra, um þær kröfur, sem þar eru dæmdar að efni til, og verða þær eigi bornar undir sama eða hliðsettan dómstól af nýju, framar en í lögum þessum segir.

279. gr.

Nú kemst dómari að raun um, að í dómi eða úrskurði eru bersýnilegar skekkjur, sem orðið hafa af misritun, reikningsvillum eða öðrum áþekkum misgáningi, og er honum rétt að leiðrétta misgáningsskekkjurnar, eftir að hann hefur veitt aðiljum eða umboðsmönnum þeirra færi á því að tjá sig. Bersýnilegar ritvillur má þó leiðrétta án þess að kveðja aðila. Bóka skal glöggt, hvað leiðrétt hafi verið. Endurrit, sem út kunna að hafa verið gefin af dómi eða úrskurði, skal afhenda dómara til leiðréttingar.

280. gr.

Í samningi við erlent ríki má ákveða, að áskildu gagnkvæmi, að gildi skuli hafa hér á landi dómar, upp kveðnir af dómstólum hins erlenda ríkis um borgaralegar kröfur, úrskurðir stjórnvalda þess og sáttir, staðfestar af opinberum aðiljum

þar, um slíkar kröfur, enda fari gerningar þeir, sem nefndir voru og ætlað er að hafa gildi hér á landi, eigi augsýnilega í bága við lögskipan íslenzka ríkisins.

Jafnvel þótt slíkur milliríkjasamningur sé eigi fyrir hendi, má með úrskurði forseta kveða á um gildi erlendra dóma, stjórnvaldaúrskurða og opinberra sátta um borgaralegar kröfur, enda séu dómar íslenzkra dómstóla, úrskurðir íslenzkra stjórnvalda og sáttir, staðfest af bærum íslenzkum aðiljum, um borgaralegar kröfur látin hafa gildi í ríki því, sem í hlut á.

XXI. KAFLI

Um endurupptöku dæmdra mála.

281. gr.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur gengið í máli og áfrýjunarfrestur er liðinn, og er rétt að veita aðilja leyfi til endurupptöku þess, ef:

1. Dómari, opinber starfsmaður, gagnaðili eða umboðsmaður aðilja hefur í sambandi við málið gerzt brotlegur um refsivert athæfi, sem ætla má, að hafi verkað á dómsorðið.
2. Skjal, sem var sönnunargagn í málinu, var falsað eða aðili, er bar um málsatvik að viðlögðum drengskap, eða vitni eða kunnáttumaður hefur gerzt brotlegur um rangan framburð eða túlkur túlkað ranglega, og ætla má, að misferli þetta hafi orkað á dómsorðið.
3. Dómsorð hefði að öllum líkindum orðið annað, ef fyrir hefði legið atvik eða sönnun, sem leidd er í ljós, eftir að dómur gekk, enda geri aðili mjög sennilegt, að honum hafi eigi verið unnt að bera atvikið eða sönnunina fyrir sig, þá er málið var til meðferðar í dómi, eða áfrýja dóminum og koma þeim að í æðra dómi.
4. Dómsorð hvílir á augsýnilegri lögvillu.
5. Maður hefur verið dæmdur, þótt honum væri eigi réttilega stefnt, enda hafi hann eigi komið að vörn í því máli.

282. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls, og skal beiðni um hana stíluð til hans.

Beiðni um endurupptöku vegna atvika, sem greinir í 281. gr., 1., 2., 3. og 5. lið, skal gerð innan 6 mánaða, frá því beiðanda urðu kunn þau atvik, sem hann reisir beiðnina á. Beiðni um endurupptöku vegna tilviks þess, er greinir í 281. gr., 4. lið, skal gerð innan 6 mánaða, frá því að dómur varð aðfararhæfur.

283. gr.

Í beiðni um endurupptöku skal greina mál það, sem um er að tefla, atvik, sem beiðnin er reist á, og ástæður fyrir henni, sönnunargögn þau, sem beiðandi hyggst færa fram, og hvað hann ætlast til, að sannað sé með þeim.

Nú er beiðzt endurupptöku samkvæmt 281. gr., 3. lið, og ber beiðanda að leiða í beiðni sterkar líkur að því, að honum hafi eigi verið unnt að bera atvikin eða sönnunina fyrir sig, þá er málið var til meðferðar í dómi.

Með beiðni skulu fylgja í frumriti eða staðfestu endurriti þau skrifleg sönnunargögn, sem beiðandi skírskotar til.

284. gr.

Nú er beiðni auglýnilega eigi á rökum reist, og synjar Hæstiréttur þá þegar endurupptöku. Annars kostar skal beiðnin ásamt meðfylgjandi skjölum send gagnaðilja og hann krafinn um skriflega greinargerð um málið á tilteknum fresti.

Hæstiréttur ákveður, þá er efni eru til, að dómi þeim, sem um er að tefla, skuli eigi fullnægt, unz annað verði ákveðið.

285. gr.

Nú ákveður Hæstiréttur endurupptöku máls, og leggur hann fyrir dómara þann, sem dæmdi málið í héraði, að stefna aðiljum fyrir sig og taka málið til meðferðar af nýju.

Ef beiðandi kemur eigi fyrir dóm, fellur endurupptaka niður. Ef gagnaðili mætir eigi, skal málið dæmt allt að einu. Skal gagnaðilja á þetta bent í stefnu.

286. gr.

Nú synjar Hæstiréttur beiðni um endurupptöku, og gerir hann beiðanda að greiða allan kostnað af beiðninni.

XXII. KAFLI
Um kæru.

287. gr.

Kæru til Hæstaréttar sætir úrskurður dómara um:

1. Að víkja eigi sæti.
2. Að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi.
3. Skyldu vitnis til vættisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði varðandi vitnaleiðslu.
4. Hæfi matsmanna og skoðunar, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfa, þóknun þeim til handa og önnur atriði, er varða matsstarfann.
5. Skyldu gagnaðilja eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess.
6. Synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis.
7. Ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði.
8. Synjun að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar.
9. Synjun að heimila meðalgöngu.
10. Að frestur skuli veittur.
11. Réttarfarssektir.
12. Önnur atriði, er segir í lögum þessum.

288. gr.

Nú vill maður kæra dómsathöfn, og afhendir hann dómara kæru, áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögn dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

Vitni og matsmenn, sem staddir eru við dómsathöfn þá, er þeir vilja kæra, mega bera fram kæru með bókun í þingbók.

289. gr.

Í kæru skal kærandi greina:

1. Dómsathöfn þá, sem kærð er.
2. Kröfur um breytingar á henni.
3. Ástæður, sem hann reisir kæruna á.

Kæru má styðja með tilvísun til málsatvika, sem hafa eigi áður verið borin fyrir, og svo með nýjum sönnunargögnum.

Nú vill kærandi bera fyrir sig nýja sönnun, og skal hann í kæru greina sönnunargögnin og hvað hann hyggst sanna með þeim.

Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

290. gr.

Með beiðni leggur kærandi lögmælt dómgjöld fyrir æðra dómi, og sendir dómari vottorð um þá greiðslu með skjölum málsins.

291. gr.

Nú kemur kæra of seint fram, og beinir héraðsdómari því til kæranda að taka kæruna aftur. Ef kæra fullnægir eigi ákvæðum 289. gr., brýnir héraðsdómari fyrir kæranda að ganga frá henni lögum samkvæmt.

292. gr.

Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum reist, og getur hann ákveðið, að kærandi skuli, ef gagnaðili krefst þess, setja tryggingu fyrir tjóni og óhagræði, er kæra kann að baka gagnaðilja, svo framarlega sem hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan tveggja daga, frá því kæru er lýst. Ella afgreiðir dómari eigi skjölin, og mál fer leiðar sinnar.

293. gr.

Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið. Jafnframt er honum rétt, ef því er að skipta, að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til æðra dóms og aðiljum eða umboðsmönnum þeirra sitt eintakið hvorum.

294. gr.

Þá er kæra er fram komin, krefur héraðsdómari kærða þegar um greinargerð, er geymi kröfur hans og atvik þau, er hann reisir kröfur sínar á. Rétt er honum að bera fram ný málsatvik og sönnunargögn.

Ef kærði vill bera fyrir sig ný sönnunargögn, skal hann í greinargerð nefna þau og hvað hann hyggst sanna með þeim.

Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

Kærði eða umboðsmaður hans skal undirrita greinargerð.

295. gr.

Eigi síðar en viku eftir að skjölin komu til æðra dóms, geta aðiljar sent honum athugasemdir sínar, og getur hann þá þegar lokið dómsorði á kæruatriði. Jafnan skal þó athuga skjöl þau, sem aðiljar senda, svo framarlega sem málinu er þá eigi lokið í æðra dómi.

296. gr.

Nú er kæra eigi svo úr garði gerð, sem í 289. gr. segir, eða annars ófullkomin, og leggur æðri dómur fyrir kæranda að bæta úr því, sem ábótavant er, á tilteknum fresti. Ef kærandi fer eigi eftir leiðbeiningum æðra dóms, getur hann vísað kærumáli frá sér.

297. gr.

Æðri dómur getur lagt fyrir héraðsdómara að leita frekari skýrslna um einstök atriði.

Æðri dómur getur með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan, veitt aðiljum kost á að koma fyrir sig og flytja mál munnlega.

298. gr.

Æðri dómur kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru. Svo getur hann og dæmt aðilja og umboðsmann hans til sekta eftir XVIII. kafla, eftir því sem við á.

299. gr.

Æðri dómur kveður upp dóm í málinu samkvæmt skjölum þess eða munnlegum flutningi, ef því er að skipta. Skal dómur upp kveðinn, svo fljótt sem kostur er. Æðri dómur skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

XXIII. KAFLI
Um gildissvið laganna.

300. gr.

Ákvæði laga þessara taka yfir almenna málsmeðferð einkamála fyrir héraðsdómi og svo málsmeðferð fyrir fógeta-, skipta- og uppboðsdómi, eftir því sem efni eru til.

XXIV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

301. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda ..... Lögmæti aðgerða þeirra, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laga þessara, skal meta eftir eldri lögum.

302. gr.

Frá þeim degi, er lög þessi koma til framkvæmda, er úr gildi fallið I.—XV. og XX. kafli laga nr. 85/1936, að fráskilinni 197. gr., og svo 5. gr., 1. mgr., laga nr. 61 frá 4. júlí 1942, um málflytjendur, að fráteknum 1. málslið

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dómsmálaráðherra skipaði hinn 28. júlí 1952 hæstaréttardómarana Einar Arnórsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson í nefnd til þess að endurskoða löggjöf um meðferð einkamála í héraði. Síðar skipaði ráðherra Theódór B. Líndal hæstaréttarlögmann, nú prófessor í lögum við Háskóla Íslands, til þess einnig að taka sæti í nefnd þessari. Einar Arnórsson hvarf hins vegar að eigin ósk frá störfum í nefndinni, er samning frumvarpsins var skammt á veg komin. Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson hefur farið yfir frumvarpið og rætt það við nefndarmenn. Hafa nokkrar breytingar verið gerðar í samráði við hann.

Frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að koma í stað laga nr. 85/1936, sem nú gilda um meðferð einkamála í héraði. Frumvarpið geymir mörg nýmæli, eins og síðar verður rakið, og hefur verið stuðzt við reynslu af framkvæmd nefndra laga, sem voru fyrstu heildarlög um meðferð einkamála í héraði hér á landi. Þá hafa við samning frumvarpsins verið höfð til hliðsjónar ýmis erlend lög. Má þar einkum nefna: Lov om rettens pleje nr. 90, 11/4. 1916 (dönsk), Lov om rettergangsmåten for tvistemaal nr. 6, 13/8. 1915 (norsk), Rettegangsbalken nr. 1, 18/7. 1942 (sænsk), Zivilprozeszordnung 30/1. 1877 (þýzk), öll með áorðnum breytingum. Vitaskuld hefur og verið leitazt við að semja frumvarpið þannig, að ákvæði þess hæfi íslenzkum aðstæðum og landsháttum.

Ákvæði I. kafla laga nr. 85/1936 fjalla um sáttaumleitan. Samkvæmt þeim lögum verður að leggja dómsmál, að nokkrum undanteknum, til sátta fyrir sáttanefnd. Um nokkur mál er svo ákveðið, að dómari skuli leita sátta í þeim. Loks eru nokkrir málaflokkar með öllu undanþegnir sáttaumleitan. Ef sáttaumleitan er látin undir höfuð leggjast, leiðir það til þess, að síðari meðferð máls verður ómerk. Hefur oft borið við, að Hæstiréttur hefur orðið að ómerkja alla málsmeðferð, vegna þess að sáttaumleitan hefur gleymzt eða farizt fyrir, jafnvel þótt engar líkur væru til, að sáttum yrði á komið. Ákvæði laga um sáttir hafa vitaskuld verið sett í því

skyni að afstýra óþörfum málaferlum, en á síðari tímum a. m. k. hefur reynslan sýnt, að allt umstang með þeim hætti, sem tíðkazt hefur og er sáttaumleitan samfara, svarar ekki kostnaði. Þegar menn lenda í málaþrasi, er oft mestur hiti og kapp í þeim í upphafi. Vill þá svo fara, að erfitt er að leita sátta með þeim og litlar líkur til að það takist, enda hefur reynslan orðið sú. Eins og löggjöf vorri er háttað nú, getur sækjandi máls í bráðræði rokið til, gefið út sáttakæru og síðan dómstefnu að lítt athuguðu máli, og eru málaferli, þrátt fyrir ákvæði laga um sáttir, allt of tíð um fányt málsefni og smámuni til stórkostlegs tjóns bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélag. Er nú svo komið, að dómstólar sjá eigi fram úr og fá eigi með viðhlítandi hraða afkastað öllum þeim aragrúa mála, sem til þeirra er stefnt, og er fjöldi dóma hér á landi orðinn eins mikill og hjá margfalt stærri þjóðum. Af þessu er auðsætt, að eigi verður ráðin bót á því ástandi, sem nú ríkir í þessum efnum, með lagningu mála til sátta fyrir sáttanefndir. Samkvæmt frumvarpinu er því horfið að því ráði að afnema sáttaumleitan fyrir sáttanefndum, en hins vegar er tilætlunin að reyna aðrar leiðir. Fyrsta leiðin er sú að setja hverjum þeim aðilja, er hyggst höfða mál, þau skilyrði fyrir málshöfðun, að hann rannsaki eða kynni sér rækilega málstað sjálfs sín og þau sönnunargögn, er hann getur teflt fram, áður en hann höfðar mál. Lúta ákvæði 198. gr. frumvarpsins að þessu. Eins og löggjöfin er nú, eru sáttakærur og stefnur oft gefnar út að lítt athuguðu máli, og velkjast málin síðan mánuðum og jafnvel árum saman, án þess að aðiljar eða umboðsmenn þeirra leiði málsatvik í ljós. Samkvæmt 198.—202. gr. frumvarpsins ber aðilja að lýsa rækilega í stefnu sakaratriðum og sakargögnum, áður en hann höfðar mál, og er dómara gert að skyldu að ganga úr skugga um, að aðili fullnægi þessum kröfum, áður en dómari gefur stefnu út. Má ætla, að slík athugun aðilja á máli sínu, áður en hann leitar til dómstóla, muni oft leiða til þess, að hann sjái sig um hönd og láti af fánytri málssókn. Þótt frumvarpið hafi fellt niður almenn ákvæði um sáttanefndir, er ætlazt til þess, að dómari leiti eða láti leita um sættir, þá er ætla má, að slíkt sé vænlegt til árangurs. Samkvæmt 215. gr. frumvarpsins ber dómara að leita sátta í máli, séu á einhverju stigi þess möguleikar eða líkur á því, að takast megi að sætta aðilja. Dómara er og rétt að skipa sérstaka sáttamenn sér til aðstoðar, ef hann telur það horfa til árangurs. Má fullyrða, að slík sáttatilraun gefist oft betur, er atvik máls liggja skýrt fyrir, heldur en í upphafi, meðan enn er margt óljóst um málsefni. Sjónarmið þau, sem nú hafa verið rakin, leiða til þess, að rétt sé að fella niður sáttaumleitanir í þeirri mynd, sem þær hafa tíðkazt hingað til, en beita í þeirra stað þeim aðferðum, sem frumvarpið hefur að geyma.

Um I. kafla.

Um dómendur.

Fyrsti kafli frv. fjallar um dómendur. Svarar hann til 2. kafla í lögum nr. 85/1936. Helztu nýmæli, sem kaflinn hefur að geyma, eru þessi:

1) Í 7., 8. og 9. gr. er veitt heimild til þess að kveðja samdómendur í vandasömum málum og málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Í lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála hefur slík heimild verið veitt í þeim málum. Er líkrar heimildar þörf, að því er einkamál varðar. Þykir því rétt að rýmka þá heimild, sem nú er í 200. gr. laga nr. 85/1936.

2) Í 17. gr. er dómara veitt heimild til að halda dómþing í máli, er undir hann ber, hvar sem er á landinu, enda þyki það hallkvæmt vegna öflunar gagna, málflutnings eða dómsuppsögu. Er einsýnt, að þessi heimild miðar og að því að spara fyrirhöfn og fé. Þótti því rétt að setja rýmri og gleggri ákvæði um það en nú eru í 29. gr. laga nr. 85/1936.

3) Þá er frv. til laga nr. 27/1951 var samið, lögðu höfundar þess til, að skipaðir yrðu fleiri en einn sakadómari í Reykjavík, þar sem vitað er, að dómstörf, er undir

það embætti ber, eru margra manna verk. Virðist auðsýnt, að menn, sem fara með og dæma mál sjálfstætt, eigi að bera fullt dómaranafn og hafa réttindi og skyldur samkvæmt því. Það, sem þar var sagt um sakadómara, á eigi síður við um dómstörf í einkamálum í Reykjavík. En Alþingi gat eigi fallizt á þessa skoðun. Teljum við því, að svo komnu máli, þýðingarlaust að taka í frumvarp þetta ákvæði um frekari breytingar á dómaskipan í Reykjavík en það hefur að geyma. Þar sem dómarafulltrúar við hin stærri dómaraembætti vinna algerlega sjálfstætt, án þess að nokkur kostur sé fyrir hinn skipaða dómara að fylgjast með og hafa umsjá með einstökum verkum þeirra, þykir rétt að heimila í lögum, að fulltrúar þessir vinni algerlega á sjálfs sín ábyrgð, og eru ákvæði þess efnis í 2. mgr. 18. gr.

4) Með 19. gr. frv. eru settar reglur um sektargreiðslu á hendur héraðsdómurum fyrir misferli í dómarastarfi. Eru reglur þessar að efni til þær sömu og í 3. og 4. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, að öðru en því að sektamörk hafa verið hækkuð.

5) Í 34. gr. laga nr. 85/1936 er svo kveðið á, að dómari skuli bæta tjón af dómaraverkum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. Dómarar hafa þvílíka sérstöðu, að venjulegar reglur um skaðabætur eiga ekki alls kostar við um þá. Þykir eðlilegast, að dómstólar kveði á um skaðabótaskyldu dómara samkvæmt almennum lagarökum, unz sett verða almenn lög um skaðabótaskyldu opinberra starfsmanna. Er því nefnt ákvæði 34. gr. laga nr. 85/1936 niður fellt.

Ákvæði 20. gr. frv. svara til 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936. Er þar eigi um neina efnisbreytingu að tefla.

6) Dómarar hafa sérstöðu meðal embættismanna, þar sem þeim er falið, bæði að túlka lögin og dæma um lögmæti athafna manna almennt, þar á meðal um lögmæti stjórnsýsluathafna. Af þessum sökum hefur stjórnarskráin kveðið svo á, að þeir dómarar, sem eigi fara með framkvæmdavald, verði eigi sviptir embætti nema með dómi. Um aðra embættisdómendur er sams konar ákvæði í 35. gr. laga nr. 85/1936, og er það ákvæði sett með heimild í stjórnarskránni. Þar sem dómarar verða eigi sviptir embætti nema með dómi, ber nauðsyn til að vanda sérstaklega til málsmeðferðar á hendur þeim, er dómsmálaráðherra sækir þá til embættismissis. Í öðrum löndum er og þessi háttur á hafður. Hefur því sá kostur verið tekinn upp að setja í 21. gr. frv. ákvæði um sérstakan dóm, er með slík mál fari.

Í 22. gr. frv. eru fyrirmæli um það, að dómari geti borið bótakröfur á hendur ríkissjóði vegna aðgerða á hendur honum samkvæmt 21. gr. undir starfsdóm. Þessi leið verður þó því aðeins farin, að bótakröfur séu ekki reistar á misferli starfsdóms sjálfs.

7) Í 23. gr. frv. eru rakin þau tilvik, þar sem dómara ber að víkja úr dómarasæti í máli. Er nú dómara gert að víkja sæti í tilteknum málum, sem honum var eigi skylt að víkja sæti í eftir lögum nr. 85/1936. Skal hann nú t. d. víkja, ef hann er í kjörsifjum við aðilja að feðgatali eða niðja eða 2. lið til hliðar, ef hann er fyrrv. maki aðilja, ef hann er niðji systkinis aðilja eða gagnkvæmt eða mægður með sama hætti. Aftur á móti er dómara ekki almennt gert að skyldu að víkja sæti, þótt hann sé skyldur fyrirsvarsmanni aðilja með þeim hætti, sem greinir í 3. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Um II. kafla.

Um þinghöld.

Ákvæði II. kafla frv. um þinghöld eru að efni til í meginatriðum áþekk III. kafla laga nr. 85/1936. Rétt þykir að benda á ákvæði 30. gr., sem setja mun fyllri ákvæði en áður var um það, hvenær dómþing skuli háð fyrir luktum dyrum. Rétt er og að benda á ákvæði 32. gr. um vald dómara til að banna, að viðlagðri refsingu, að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, er þar fer fram eða er til sýnis, sbr. 255. gr. frv.

Ákvæði 33. gr. og 34. gr. frv. eru ýtarlegri en samsvarandi ákvæði í 39. gr. laga nr. 85/1936. Sama er að segja um ákvæði 35. gr. frv. um dómtúlk. Rétt er að benda

á það nýmæli, að dómtúlkur skal, ef þess er kostur, fullnægja skilyrðum til þess að vera lögfullt vitni í dómsmáli því, sem um er að tefla. Nýmæli er og það að leita skal aðstoðar kunnáttumanns, ef heyrnarlaus eða mállaus maður er spurður.

Samkvæmt lögum nr. 85/1936 skulu þingvottar vera tveir, þar sem dómari situr einn í dómi. Í 36. gr. frv. er svo kveðið á, að þingvottur skuli vera einn. Verður eigi séð, að ástæða sé til þess að hafa þingvotta tvo, enda hlýzt mikill kostnaður af því.

Um III. kafla.
Um dómsmálabækur.

Rétt þykir að fela dómsmálaráðherra að setja reglur um það, hvaða dómsmálabækur skuli halda við dómaraembætti, en telja það ekki upp í lögum, svo sem gert er í lögum nr. 85/1936.

Í 38. og 39. gr. er talið upp það helzta, sem rita skal í dómsmálabók. Eru ákvæði þessi nokkru fyllri en ákvæði laga nr. 85/1936.

Nýmæli er í 42. gr. frv., þar sem dómara er veitt heimild til þess að láta hraðrita eða taka á talvél skýrslur aðilja, vitna og kunnáttumanna.

Um IV. kafla.
Um sakaraðilja.

Í 45. gr. laga nr. 85/1936 segir, að varnir byggðar á aðildarskorti leiði til sýknu, ef þær metast á rökum reistar. Þessi regla er í samræmi við þær fræðikenningar, er verið hafa uppi í lögfræði. Nú á tímum er hér gerður greinarmunur bæði af ýmsum fræðimönnum og dómstólum. Ef maður höfðar mál um efni, sem hann getur almennt eigi átt aðild um, er talið, að það eigi að varða frávísun. Er eðlilegt, að dómstólar dæmi slík mál eigi efnislega. Dæmi: A höfðar mál á hendur bæjarstjórn Reykjavíkur og krefst þess, að ráðhús bæjarins verði reist í Tjörninni. Þess konar máli ætti að vísa frá dómstólum, með því að einstaklingar geta eigi almennt verið aðiljar um slíkt málsefni. Ef mál getur hins vegar eftir eðli sínu varðað hagsmuni sækjanda, en reynist ekki gera það í því tilviki, sem um er að tefla, leiðir það til sýknu. Dæmi: A höfðar mál gegn B og gerir kröfu um, að sér verði dæmdur eignarréttur að hestinum R. Krafa hans reynist eigi á rökum reist, og ber þá að sýkna B. Í þessu tilviki á sýkna við, þar sem A og B geta almennt verið aðiljar að máli um eignarrétt að hesti, sbr. Per Augdahl: Norsk civilprocess 1950, bls. 73—85, einkum bls. 83—84, og bls. 184 og Stephan Hurwitz: „Om Begrebet retlig Interesse“ i Procesretten, Festskrift til Vinding Kruse 1940.

Í 46. gr. frv. eru nýmæli, sem eru í samræmi við 257. gr. dönsku réttarfarslaganna. Lögráðamanni ólögráðs manns er falið að fara með mál hins ólögráða og það jafnvel, þótt hinn ólögráða maður hafi heimild til að ráðstafa sakarefni með samningi. En ef svo er, verður lögráðamaður að afla samþykkis hins ólögráða. Rétt er og að benda á það ákvæði greinarinnar, að lögráðamaður getur eigi án samþykkis ólögráða manns, sem náð hefur lögmæltum sjálfræðisaldri, höfðað mál út af líkamsárás eða ærumeiðingum, sem hann hefur orðið fyrir, nema hann hafi verið sviptur sjálfræði vegna geðveiki eða fávitaháttar.

Í 48. gr. frv. er regla á sviði lagaskilaréttar eða alþjóðlegs einkamálaréttar (private international law). Í ýmsum löndum fer persónuleg réttarstaða manns eftir lögum þess lands, þar sem hann er ríkisborgari, án tillits til þess, hvar hann á heima. Er þessu þannig farið í Þýzkalandi og flestum ríkjum á meginlandi Evrópu. Í nokkrum löndum, svo sem Danmörku, Noregi og Íslandi, fer persónuleg réttarstaða manns eftir svonefndri heimkynnisreglu (domicil-princip). Með hliðsjón af þessari reglu er 48. gr. frv. samin, sbr. 40. gr. norsku réttarfarslaganna. Aðili, sem hæfur er til að ráðstafa sakarefni því, sem um er að tefla, að lögum þess lands, þar sem hann á heima, getur sótt mál sitt fyrir íslenzkum dómstólum. En þessi regla er rýmkuð í 2. mgr. 48. gr. að því leyti, að sækja má erlendan mann hér á

landi, þótt hann sé eigi málflutningshæfur að lögum heimalands síns, ef hann er það að íslenzkum lögum.

Í 49. gr. frv. eru ákvæði um það, hversu með skuli fara, ef fleiri en einn eiga óskipta sakaraðild. Sem dæmi um óskipta sakaraðild má nefna sameign. Um sameign eru reglur í eignarrétti eða hlutarétti, sem að mestu leyti eru óskráð lög, en reistar á eðli máls og lagarökum. Talið er, að meiri hluti sameigenda geti í ýmsum tilvikum bundið minni hlutann, þá er um er að tefla eðlilega hagnýtingu hlutar. Einnig mundi minni hluti stundum geta bundið meiri hlutann. Dæmi: A, B og C eiga hest saman og hafa komið honum í varðveizlu hjá D. D misþyrmir hestinum eða sveltir hann. C mundi þá geta gegn mótmælum A og B tekið hestinn úr vörzlum D og jafnvel leitað aðstoðar fógeta til þess. Í 46. gr. laga nr. 85/1936 segir: „Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu, og eiga þeir óskipta sakaraðild". Samkvæmt því, sem nú var sagt, þykir rétt að breyta þessu ákvæði. Í 49. gr. frv. segir því, að það fari eftir almennum reglum laga, hvort fleiri menn en einn eigi óskipta sakaraðild. Önnur breyting í 49. gr. frv. frá gildandi lögum er sú, að athöfn eins samaðilja fyrir dómi kemur hinum samaðiljunum í hag, jafnvel þótt hún brjóti í bág við athafnir þeirra, sbr. 255. og 260. gr. dönsku réttarfarslaganna, 72. gr. norsku réttarfarslaganna og Hurwitz: Tvistemaal 1941, bls. 76.

Til 47. gr. laga nr. 85/1936 svarar að meginefni 50. gr. frv., þótt orðalagsmunur sé nokkur.

Ákvæði 51. gr. frv. eru nýmæli. Ákvæði greinarinnar leiða af því, að eigi er um óskipta sakaraðild að tefla, sbr. 1. mgr. 72. gr. norsku réttarfarslaganna.

Efni 52. gr. frv. svarar til 48. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 53. gr. frv. svara til 50. gr. laga nr. 85/1936. Í 53. gr. frv. er nú beinlínis tekið fram, að handhafi stjórnsýsluvalds geti gengið inn í mál einkaaðilja og komið á framfæri sjónarmiðum, sem skipta opinbera hagsmuni, sbr. 2. mgr. 252. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Í 54. gr. frv. er fjallað um sams konar efni og í 52. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæði frv. eru gerð fyllri og rækilegri.

Í 55. gr. frv. er tekið til meðferðar sama efni og 53. gr. laga nr. 85/1936. Í nefndri grein laga nr. 85/1936 segir, að renni réttindi manns, sem verður gjaldþrota, eigi til þrotabús hans, falli niður mál, sem hann á í um þau réttindi, þá er hann verður gjaldþrota. Þessi regla er eigi eðlileg. Dæmi: A, sem á í máli um nafn sitt, verður gjaldþrota. Að vísu getur hann eigi rekið málið áfram á kostnað þrotabúsins, en öll rök mæla með því, að honum leyfist sjálfum að reka málið, ef hann getur aflað sér fjár til þess. Fellt er niður ákvæði 1. mgr. 53. gr. laganna um traustnám, sem á heima í borgaralegum rétti.

Ákvæði 56. gr. frv. svara til 54. gr. laga nr. 85/1936, og eiga sömu athugasemdir og greindi við 55. gr. frv. þar við.

Um V. kafla.
Um sakarefni.

Í 66. gr. laga nr. 85/1936 ræðir um það, hvaða mál ber undir dómstóla. Hér er um að tefla atriði stjórnskipulegs eðlis, sem ekki þykir ástæða til að hafa fyrirmæli um í réttarfarslögum. Í 67. gr. sömu laga segir, að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli. Enn segir þar, að þeir verði eigi heldur krafðir úrlausnar um það, hvort ákveðið atvik hafi gerzt eða ekki gerzt, nema það skipti máli um úrlausn ákveðinnar kröfu í dómsmáli. Eigi hefur þótt ástæða til þess að taka þessar reglur upp í frv., enda eru þær sjálfsagðar. Ákvæði, slík er nefndar lagagreinar geyma, finnast eigi í erlendum réttarfarslögum.

Ákvæði 68. gr. laga nr. 85/1936 eru tekin í 2. tl. 2. mgr. 206. gr. frv.

Efni 57. og 58. gr. frv. svarar til 69. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæði frv. eru fyllri og skýrari, þar sem talin eru upp tilvik, er höfða má mál út af kröfu, þótt

fullnægjuskylda sé enn engin komin, sbr. sænsku réttarfarslögin, 13. kap., 1. og 2. gr., og 53. gr. norsku réttarfarslaganna.

Það ber oft við, þegar mál er rekið fyrir dómstólum, að sækjandi þykist þurfa að auka dómkröfur sínar eða reisa þær á öðrum atvikum en hann gerði í upphafi. Verður þá úrlausnarefni, hversu langt honum er heimilt að ganga í því efni. Um þetta vandamál brast fyrirmæli í lögum nr. 85/1936, sbr. þó 2. mgr. 70. gr. þeirra laga. Geymir nú 59. gr. frv. ákvæði um það. Aðalreglan er sú, að sækjandi getur eigi aukið dómkröfur sínar né reist þær á nýju málsefni eftir þingfestingu máls. Þó eru gerðar undantekningar frá þessari reglu, sem raktar eru í þremur tölul. í frv.-greininni. Í síðustu málsgr. 59. gr. frv. er hins vegar svo kveðið á, að sækjandi geti eftir þingfestingu máls borið fyrir sig ný atvik til stuðnings kröfum sínum, enda breyti það eigi grundvelli máls, sbr. 13. kap. sænsku réttarfarslaganna, 3. gr.

Efni 60. gr. frv. svara til fyrra málsliðar 1. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæðið er rýmkað að nokkru, sbr. 55. gr. norsku réttarfarslaganna.

Ákvæði 61. gr. frv. er nýmæli, og er það sett til þess, að unnt sé í einu máli að skera úr um kröfur, sem annars yrði að afgreiða í fleiri málum.

Svo sem rakið verður í sambandi við 198. gr. frv., er þess krafizt í frv., að efni stefnu sé svo rækilegt og skýrt, að hún verði sem fyllstur grundvöllur máls. Af þessu leiðir það, að gagnkröfur, hvort sem er til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms, verður að hafa uppi í stefnu, sem fullnægir skilyrðum 198. gr. frv. Eru ákvæði um þetta í 62. gr.

Ákvæði 63. gr. frv. svara að efni til fyrri málsgr. 117. gr. laga nr. 85/1936.

Fyrsta málsgr. 64. gr. frv. svarar til 1. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936. Í 2. mgr. 71. gr. laganna segir, að aðilja sé heimilt að sækja hluta af kröfu í máli og afganginn síðar í öðru máli, enda greiði hann verjanda í síðara málinu málskostnað, nema hann sanni, að hann hafi eigi vitað eða mátt vita, að krafan var hærri, áður en fyrra málið var tekið til dóms. Hér þykir of langt gengið í því að heimila sundurhlutan kröfu. Bæði getur það valdið verjanda óhagræði, jafnvel þótt hann fái bættan aukinn málskostnað, og auk þess veldur það dómstólum aukinni fyrirhöfn að óþörfu. Slík sundurhlutan kröfu er þó talin heimil gagnvart verjanda, ef hluti kröfu er framseldur eða gild rök annars mæla með henni.

Í stað ákvæða síðustu málsgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 koma ákvæði í 221., 269. og 270. gr. frv.

Það nýmæli felst í 65. gr. frv., að verjandi getur, eftir að hann hefur skilað greinargerð, krafizt þess, að málinu í heild sinni sé haldið til dóms, enda þótt sækjandi vilji hætta við málssóknina. Miðar ákvæðið að því að tryggja rétt verjanda, sem orðið hefur að sæta málssókn um tiltekið réttarsamband, sbr. 3. mgr. 279. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Um VI. kafla.
Um varnarþing.

Samkvæmt 72. gr. laga nr. 85/1936 er aðalreglan, að hver kaupstaður og hver hreppur á landi hér er sérstök dómþinghá. Með 66. gr. frv. er sú breyting á þessu gerð, að umdæmi hvers héraðsdómara er ein og sama dómþinghá, en dómsmálaráðherra er veitt heimild eftir tillögu héraðsdómara að skipta einni þinghá í fleiri.

Efni 67. gr. frv. svarar til 1. mgr. 73. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 73. gr. laga nr. 85/1936 segir, að eigi maður hvergi heimili hér á landi, en verði þó sóttur hér fyrir dómi, megi sækja hann þar í þinghá, sem hann á dvöl í. Í 3. mgr. sömu gr. segir, að eigi maður hvorki heimili né dvalarstað hér á landi, en verði þó sóttur hér fyrir dómi, megi sækja hann í þinghá, þar sem hann er staddur. Ákvæði þessi greina hins vegar eigi skilyrði þess, að hann verði sóttur hér fyrir dómi. Svo sem áður hefur verið rakið, er rætt var um 48. gr. frv., gildir í íslenzkum lagaskilarétti (private international law) hin svonefnda heimkynnisregla (domicil princip), þ. e., að persónuleg réttarstaða manns fer eftir lögum Ís-

lands, ef hann á heimkynni hér á landi, þótt hann sé ríkisborgari annars ríkis. Maður, sem heimkynni á hér á landi, er í frv. nefndur innlendur maður. Slíkan mann má sækja hér fyrir dómi samkvæmt 68. gr. frv., og segir nánar í greininni, hvar í þinghá má stefna honum, sbr. 236. gr., 2. mgr., dönsku réttarfarslaganna.

Efni 69. gr. frv. svarar til 74. gr. laga nr. 85/1936 með þeirri breytingu, sem leiðir af 46. gr. frv.

Ákvæði 70. gr. frv. koma í stað 76. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæði frv. eru rækilegri og fyllri en nefnd ákvæði laganna. Hér er aðallega um að tefla opinbera íslenzka starfsmenn, er dveljast erlendis og eigi verða sóttir þar. Þessir menn verða sóttir fyrir dómi í Reykjavík, nema þeir eigi heimili annars staðar á Íslandi, sbr. 237. dönsku réttarfarslaganna.

Ákvæði 71. gr. frv. koma í stað 75. gr. laga nr. 85/1936. Í 75. gr. laganna segir, að skrásett firma eða félag skuli sækja í þinghá, þar sem það er skrásett að eiga heima, eða varði mál sérstaklega útibú, þá í þinghá, þar sem útibúið er skrásett að eiga heima. Ákvæði þetta þykir of þröngt. Að lagaskilarétti (private international law) er talið, að samlagsaðiljar og stofnanir eigi þar í landi heima, þaðan sem þeim er stjórnað, þ. e. þar sem stjórnarstöð þeirra er, án tillits til þess, hvar þær eru skrásettar. Samkvæmt þessu ætti að mega sækja á Íslandi hlutafélag, sem hefur stjórnarstöð sína hér, enda þótt það væri eigi skrásett hér á landi. Í 71. gr. frv. er svo kveðið á, að sækja megi samlagsaðilja og stofnanir, þar sem stjórnarstöð þeirra er hér á landi eða skrásett heimilisfang, eða verði því eigi við komið, á varnarþingi formanns eða stjórnanda. Enn er það nýmæli í greininni, að mál félags gegn félagsmönnum út af skiptum þeirra við félagið má sækja á varnarþingi félags, sbr. 238. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Ákvæði 72. og 73. gr. frv. koma í stað 78. gr. laga nr. 85/1936. Greinar þessar fjalla um mál, er varða fasteignir. Í 72. gr. frv. eru talin þau mál, sem skulu sækjast á varnarþingi fasteignar. Er hér um slík mál að tefla, þar sem skoðun fasteignar er nauðsynleg eða eðlileg til glöggvunar á málavöxtum, sbr. 22. gr. norsku réttarfarslaganna og 1. mgr. 240. gr. dönsku réttarfarslaganna. Önnur mál um réttindi yfir fasteign má sækja í þinghá, þar sem fasteign liggur, samkvæmt 73. gr. frv., en eigi er það óhjákvæmilegt, sbr. 23. gr. norsku réttarfarslaganna. Ákvæði 74. gr. frv. koma í stað 79. gr. laga nr. 85/1936. Í fyrri málsgr. 74. gr. frv. er það nýmæli að sækja má mál út af reikningshaldi eða fjárvörzlu fyrir stofnanir, einstaka menn eða félög á varnarþingi þeirra, auk þess sem mál má sækja á starfsvarnarþingi. Önnur málsgr. 74. gr. frv. geymir það nýmæli, að reikningshaldari eða féhirðir má sækja mál út af starfi sínu þar í þinghá, sem reikningshaldið eða fjárvarzlan fór fram, á hendur þeim, sem hún var innt af hendi fyrir, eins og í greininni stendur.

Ákvæði 75. gr. frv. koma í stað 80. gr. laga nr. 85/1936 og eru að meginefni þau sömu.

Efni 76. gr. frv. er nýmæli, sbr. 25. gr. norsku réttarfarslaganna.

Ákvæði 77. gr. frv. eru samhljóða 3. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, 78. gr. frv. svarar til 1. mgr. sömu lagagreinar, en heimildin nokkuð rýmkuð, sbr. orðið „þjónusta“. Ákvæði 79. gr. frv. svara til 2. mgr. 82. gr. laganna.

Ákvæði 80. gr. frv. svara til 85. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 81. gr. frv. svara til 84. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 82. gr. frv. svara til 204. gr. laga nr. 85/1936.

Efni 83. gr. frv. svarar til sömu greinar í lögum nr. 85/1936.

Ákvæði 84. gr. frv. svara til 2. mgr. 81. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 85. gr. frv. svarar til 1. mgr. 81. gr. sömu laga.

Ákvæði 86. gr. frv. kemur í stað 77. gr. sömu laga.

Samkvæmt heimkynnisreglu íslenzks lagaskilaréttar táknar útlendur maður mann, sem heimkynni á erlendis, sbr. þó sérreglu 70. gr. frv. Útlendan mann má

sækja hér á landi, ef einhver framanskráð varnarþingsregla tekur til málsins, en auk þess má sækja hann vegna fjárskyldu eða fjármuna þar í þinghá, þar sem hann er, þegar stefna er birt, eða þar sem hann á eignir, sbr. 248. gr. dönsku réttarfarslaganna og 10. kap., 3. gr., sænsku réttarfarslaganna. Ástæða er til að hafa heimild til málshöfðunar á Íslandi, eftir því sem alþjóðalög leyfa.

Um VII. kafla.
Um birtingu á stefnum og tilkynningum.

Áttundi kafli laga nr. 85/1936 ber heitið: Um stefnur. Í 87. og 88. gr. þeirra laga eru ákvæði um útgáfu stefna og efni þeirra, en í öðrum greinum þessa kafla laganna segir fyrir um birtingu á stefnum og tilkynningum. Í VII. kafla frv. greinir einungis um þetta síðarnefnda efni. Ákvæðin um stefnur er hins vegar að finna í XV. kafla frv. um málsmeðferð, enda er efni stefnu svo mikill þáttur í málsmeðferðinni, að rétt er að taka ákvæðin um hana upp í þann kafla laganna, sem um málsmeðferð fjallar.

Ákvæði 1. mgr. 88. gr. frv. kemur í staðinn fyrir 89. gr. laga nr. 85/1936. Geymir frv. það nýmæli, að nægilegt er að skipa einn stefnuvott og einn til vara. Virðist nægilegt, að einn maður birti stefnur, og hefur sú regla þegar verið lögfest, að því er opinber mál varðar, sbr. 116. gr. laga nr. 27/1951. Efni 2. mgr. 88. gr. frv. svarar til 90. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 89. gr. frv. svara til 91. gr. laga nr. 85/1936, og ákvæði 90. gr. frv. svara til 93. gr. laganna.

Ákvæði 1. málsliðs 91. gr. frv. eru í samræmi við 1. mgr. 88. gr. þess. Ákvæði 2. málsliðs er sett til að spara fyrirhöfn og kostnað, þá er sérstaklega stendur á.

Nýmæli er ákvæði 92. gr. frv. um, að aðili megi senda stefnuvotti í staðfestu símskeyti stefnu eða tilkynningu til birtingar, enda sé stefnuvotti sjálfum afhent símskeytið. Er þetta gert til hægðarauka.

Efni 93. gr. frv. svarar til 94. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 94.—104. gr. frv. koma í staðinn fyrir 95., 96. og 100. gr. laga nr. 85/1936. Ákvæði 156., 159., 160. og 161. gr. dönsku réttarfarslaganna hafa verið höfð að nokkru til fyrirmyndar um breytingar á nefndum lagaákvæðum.

Fram til síðustu tíma hefur venjulega verið auðvelt að hafa uppi á dvalarstað manna hér á landi. Í strjálbýlinu þótti það viðburður, ef manni var stefnt fyrir dóm, og spurðist víða. Voru því líkindi til, að hann fengi vitneskju um stefnuna. Nú er öldin að verða önnur. Bæir stækka og fólkið flyzt til og frá. Eykst því hættan á því, að menn fái eigi vitneskju um dómstefnur, sem gefnar hafa verið út á hendur þeim. Ákvæði laga nr. 85/1936 eru að nokkru miðuð við hið eldra ástand, og þykir því nauðsyn bera til að setja ákvæði, sem tryggja það enn betur en verið hefur, að menn fái vitneskju um stefnur. Skal í þessu sambandi bent á, að leita skal lögregluaðstoðar, ef því er að skipta, til þess að hafa uppi á stefndum manni.

Ákvæði 105. gr. frv. kemur í stað 99. gr. laga nr. 85/1936 með þeim breytingum, sem leiða af ákvæðum frv. um dómþinghár.

Ákvæði 106. gr. frv. eru að mestu samhljóða 100. gr. laga nr. 85/1936 og ákvæði 107. gr. frv. 101. gr. sömu laga.

Um VIII. kafla.
Um sönnun almennt.

Við samningu þessa kafla hefur m. a. verið höfð hliðsjón af 35. kap. sænsku réttarfarslaganna.

Í 108. gr. frv., sem kemur í stað 122. gr. og að nokkru í stað 121. gr. laga nr. 85/1936, er kveðið á um þá almennu reglu í nútímaréttarfari, að dómari skeri úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum, sem hafa komið í dómsmáli, hvaða atvik

skuli talin sönnuð, enda bindi einstök lagafyrirmæli hann ekki um mat á þeim efnum. Samkvæmt þessu hefur eigi verið tekið upp í frv. ákvæði 2. mgr. 129. gr. laga nr. 85/1936 um sönnunargildi vitnisburðar.

Ákvæði 109. gr. frv. koma í stað 121. gr. laga nr. 85/1936. Rétt er að benda á það nýmæli í 109. gr. frv., að dómari getur lagt fyrir aðilja að afla vitneskju um erlend lög, er þeim ber að beita.

Ákvæði 110. gr. frv. koma í stað 123. gr. laga nr. 85/1936. Í upphafi 123. gr. laganna segir, að yfirlýsing aðilja, er felur í sér ráðstöfun á sakarefni, bindi hann eftir reglum um gildi loforða. Þessi regla þykir eigi eðlileg. Málflutningsyfirlýsing aðilja fyrir dómi skal að vísu að jafnaði lögð til grundvallar dómi í máli samkvæmt reglum réttarfarsfræðinnar, en reglur borgaralegs réttar um loforð eru nú almennt eigi taldar eiga þar við, þótt loforð megi vitaskuld gefa fyrir dómi, sbr. Arthur Nikisch: Zivilprozeszrecht, Tübingen 1952, bls. 209, 213 og 257. Ákvæði þessarar greinar frv. eru á þeim sjónarmiðum reist, að dómari meti sjálfstætt hverju sinni sönnunargildi það, sem málflutningsyfirlýsingar aðilja hafa.

Ákvæði 111. gr. frv. er nýmæli og veitir dómara rétt til að meta það sönnunargildi, sem önnur hegðun aðilja fyrir dómi hefur, sbr. 224. gr. frv.

Ákvæði 112. gr. frv. er nýmæli í settum lögum, en í samræmi við dómvenju.

Í 113. gr. frv. er orðuð sú meginregla alls réttarfars í einkamálum, að það er hlutverk aðilja að færa sönnur fyrir málstað sínum. Í samræmi við þetta segir í greininni, að vitni verði ekki leidd eða skriflegra sakargagna aflað gegn vilja aðilja, ef þeir mega ráðstafa sakarefni að sjálfs sín vild.

Ákvæði 114. gr. frv. er nýmæli, er veitir dómara heimild til að koma í veg fyrir þarflausa fyrirhöfn aðilja og dómstóla við öflun fánýtra gagna.

Ákvæði 115. gr. frv. er nýmæli. Er dómara þar gert að hlutast til um, að bætt verði úr mistökum, sem orðið hafa við öflun sönnunargagna, ef þess er kostur. Sem dæmi mætti nefna, ef mat hefur verið framkvæmt, án þess að aðiljum væri gert viðvart o. s. frv.

Í 116. gr. frv. er það nýmæli, að öflun sakargagna skuli að jafnaði fara fram fyrir þeim dómi, sem dæmir mál, ef því verður við komið án mikils aukins kostnaðar og óhagræðis. Dómari aðalmáls skal ákveða, hvort öflun gagna skuli fara fram fyrir öðrum dómara, og gerir hann ráðstafanir til þess, ef því er að skipta.

Ákvæði 117. gr. frv. geyma og nýmæli um það, að aðiljar skuli veita hvor öðrum færi á því að fylgjast með öflun gagna og tjá sig um þau, jafnskjótt sem þau koma fram. Skal dómari annast um, að því boði sé fylgt.

Ákvæði 118. gr. er nýmæli. Það hefur tíðkazt mjög hér á landi, að aðiljar og umboðsmenn þeirra hafa snúið sér til vitna og fengið þau til þess að gefa skriflegt vottorð um sakarefni, sem síðan hefur verið lagt fram í dómsmáli, og vitnið þá síðar látið staðfesta vottorðið, ef því var að skipta. Þessi meðferð veldur því, að dómarar almennt leggja minna upp úr vætti slíks vitnis en annars mundi vera, þar sem sú hætta vofir yfir, að það hafi nokkur áhrif á vottorð, að það er ritað undir umsjá annars aðilja, að hinum fjarverandi. Má og búast við, að vitni, sem gefið hefur slíkt vottorð, muni nokkuð tregðast við að leiðrétta missagnir, sem inn í það hafa slæðzt. Af þeim ástæðum, sem nú hafa nefndar verið, er bannað í 118. gr. frv. að nota slíkt utanréttarvottorð sem sönnunargagn í dómsmáli. Undantekning er þó gerð, ef báðir aðiljar samþykkja það, þar sem aðiljar hafa forræði sakarefnis. Einnig getur dómari leyft undantekningu frá aðalreglunni, ef hann telur alveg sérstaka ástæðu vera til þess. Sem dæmi má nefna, að vottorðsgefandi hafi látizt, eftir að hann gaf vottorð. Í sambandi við 118. gr. frv. er rétt að benda á nýmælið í 143. gr. frv., þar sem lagt er bann við því, að vitni svari spurningum með tilvísan til vottorðs, sem það hefur gefið utan réttar um málsatvik. Hliðstæð regla er þegar lögfest í 2. mgr. 102. gr. laga nr. 27/1951.

Um IX. kafla.
Um vitni.

Við samningu þessa kafla hefur m. a. verið höfð hliðsjón af 36. kap. sænsku réttarfarslaganna.

Ákvæði 119. gr. frv. koma í stað 124. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt nefndri grein laganna er það m. a. skilyrði vitnaskyldu, að maður sé 15 ára gamall og sé hér á landi. Bæði þessi skilyrði eru óeðlileg. Börn, yngri en 15 ára, geta oft verið góð vitni um atvik, sem þau verða sjónarvottar að. Í samræmi við þetta sjónarmið segir svo í 121. gr. frv., að dómari meti það hverju sinni, hvort barn beri það skynbragð á málsatvik, að það verði krafið vættis. Hins vegar er svo ákveðið í 140. gr. frv., að vitni, yngri en 15 ára, verði eigi heitfest. Ákvæði samhljóða frv. hafa þegar verið tekin í lög um meðferð opinberra mála nr. 27/1951, sbr. 97. gr. nefndra laga. Eigi er heldur ástæða til þess að binda vitnaskylduna við það, að fyrirhugað vitni sé statt á Íslandi. Drottinvald ríkisins tekur til íslenzkra ríkisborgara, þótt þeir séu erlendis. Er eðlilegt, að heimild sé í lögum til þess að kalla íslenzkan ríkisborgara til vættisburðar á Íslandi, þótt hann sé erlendis. Vegalengdir þær, sem vitni er skylt að fara til dómþings, samkvæmt kvaðningu aðilja, eru mun lengri samkvæmt frv. en lögum nr. 85/1936. Rétt er að benda sérstaklega á nýmæli 2. mgr. 119. gr. frv., þar sem dómara er veitt heimild til þess að kveðja vitni til dómþings án tillits til þess, hversu langa leið vitnið þarf að fara, ef dómari telur brýnar ástæður til og aðili æskir þess.

Ákvæði 120. gr. frv. er nýmæli, en þar er dómara falið að lýsa því, hvort hann viti nokkuð um það málsatriði, sem hann er kvaddur vættis um, og á hann ekki að víkja sæti, ef svo er eigi.

Ákvæði 1. mgr. 121. gr. frv. um vitnisburð barna hefur áður verið rakið. Í 2. mgr. sömu greinar er dómara falið að meta, hvort maður, haldinn geðveiki, geðbilun, andlegum sljóleik eða truflun, verði krafinn vættis. Er það ákvæði einnig í samræmi við ákvæði 97. gr. laga nr. 27/1951.

Ákvæði 122. og 123. gr. frv. koma í stað 1. tölul. og 2. tölul., a og b, að nokkru 125. gr. laga nr. 85/1936, en undanþágurétt*ur* vitnis er víkkaður: 1) Fyrrverandi unnusti eða unnusta eru undanþegin. 2) Undantekning sú frá undanþáguréttinum, sem greinir í 2. mgr. 1. töluliðar og b-lið 2. töluliðar 125. gr. nefndra laga, er felld niður, þar sem hún gerir aðalregluna óljósa og lítils virði. Vætti slíkra vitna yrði oft vafasamt, en kvaðning þeirra til vitnisburðar gæti oft orkað mjög óheillavænlega á fjölskyldu og heimilislíf.

Ákvæði 124. gr. frv. kemur í stað 2. tölul. 125. gr. laga nr. 85/1936. Í nefndu ákvæði laganna segir, að vitni sé skylt að svara spurningu um hug sinn til aðilja og hegðun sína undanfarið, að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera að fá upplýsingar um slíkt vegna sönnunargildis vitnisburðar þess. Í nefndri grein frv. segir hins vegar einungis, að vitni sé skylt að svara spurningu um það, hvort það hafi á síðustu 10 árum verið dæmt í eða það tekið út refsingu eða hvort það hafi nokkru sinni verið ákært eða því dæmd refsing fyrir rangan framburð fyrir dómi, sbr. 3. mgr. 170. gr. dönsku réttarfarslaganna. Svör við slíkum spurningum skulu aðeins gerð kunn dómara og aðiljum, en rétt er hér að benda á ákvæði 146. gr. frv.

Ákvæði 125. og 126. gr. frv. koma í staðinn fyrir 1. og 2. tölulið 126. gr. laga nr. 85/1936, og eru efnislega samhljóða 93. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála.

Ákvæði 127. gr. frv. koma að nokkru í stað 3. töluliðar 126. gr. laga nr. 85/1936 og svara til 94. gr. laga nr. 27/1951. Ákvæði 128. gr. frv. kemur í stað 3. töluliðar að nokkru og 4. töluliðar 126. gr. laga nr. 85/1936 og svarar til 95. gr. laga nr. 27/1951.

Ákvæði 129. gr. frv. kemur í staðinn fyrir 5. tölulið 126. gr. laga nr. 85/1936. Það nýmæli felst í 129. gr., að undanþágurétt*ur* gildir eigi, ef ábyrgð á að koma

fram á hendur manni fyrir þagnarbrot í opinberri þjónustu, sbr. 4. mgr. 170. gr. dönsku réttarfarslaganna. Ákvæði 130. gr. frv. koma í stað 4. töluliðar 125. gr. laga nr. 85/1936, en undanþáguréttur hins opinbera starfsmanns er nú ekki fortakslaus.

Fyrri málsgrein 131. gr. frv. svarar til síðustu málsgreinar 125. gr. laganna og síðari málsgr. 131. gr. frv. kemur í stað 1. mgr. 128. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 132. gr. frv. eru að nokkru nýmæli og koma að nokkru í stað 1. mgr. 130. gr. laga nr. 85/1936. Nýmæli er það, að lögfest er sú regla, að vitni, sem statt er á dómþingi, verður krafið vættis þegar í stað, án undangenginnar stefnu.

Ákvæði 133. gr. frv. svarar til 2. og 3. mgr. 130. gr. laganna.

Ákvæði 134. gr. frv. ber að lesa í sambandi við 193.—197. gr. frv. um öflun gagna erlendis. Eru þetta nýmæli í lögum.

Í 135. gr. frv. er heimild handa dómara að leggja fyrir vitni að rifja upp sakaratvik, skoða hluti, kynna sér bækur og skjöl og fara á vettvang, áður en það kemur fyrir dóm til vitnisburðar.

Ákvæði 136. gr. frv. koma í stað 132. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 137. gr. frv. kemur í stað 5. mgr. 133. gr. laga nr. 85/1936 og geymir það nýmæli, að bannað er, að vitni sé viðstatt meðferð máls, áður en það er spurt um atvik þess máls eða atriði í sambandi við það.

Ákvæði 138. gr. frv. koma í stað 1. mgr. og að nokkru 2. mgr. 133. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæðin eru nokkru fyllri en í lögunum.

Ákvæði 139. gr. koma í stað 1. og 2. tölul. 3. mgr. 134. gr. laga nr. 85/1936. Er svo kveðið á, að hvert vitni skuli annaðhvort eiðfest eða heitfest og að heitfesting skuli fara fram, áður en vitni er spurt um sakaratriði.

Ákvæði 140. gr. frv. koma í stað 127. gr. laga nr. 85/1936. Gert er ráð fyrir, að heitfestingu skuli beitt í mun ríkara mæli samkvæmt ákvæðum frv. en gert er samkvæmt lögunum.

Ákvæði 141. gr. frv. virðast eðli máls samkvæm og eru tekin upp í frv. til leiðbeiningar.

Í 142. gr. frv. er svo mælt fyrir, að vitni skuli spurt munnlega og að það skuli svara munnlega. Rétt er dómara þó að bregða út af þessu, ef sérstaklega stendur á, t. d. ef vætti varðar viðkvæm einkamál. Ákvæði þetta kemur í staðinn fyrir síðustu málsgr. 133. gr. laga nr. 85/1936.

Svo sem áður var sagt, er bannað í 118. gr. frv. að nota skýrslu til sönnunar í dómsmáli, sem maður gefur utan dóms skriflega um atvik málsins. Út af þessu má þó bregða, ef gagnaðili samþykkir það eða dómari telur alveg sérstaka ástæðu til að leyfa það. Í athugasemdunum við 118. gr. frv. var lýst nokkuð rækilega þeim sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar ákvæðum þeirrar greinar. Í samræmi við þau lagarök, sem þar voru greind, er svo mælt í 143. gr. frv., sem er nýmæli, að vitni megi eigi svara spurningum með tilvísun til utanréttarvottorðs, sem það hefur gefið um málsatvik, en kynna má það sér reikninga og önnur slík gögn til styrktar minni sínu. Af þessum ákvæðum leiðir, að alls eigi má leggja fram utanréttarvottorð vitna og láta þau staðfesta þau með þeim hætti, sem tíðkazt hefur áður. Af samanburði á 118. gr. og 143. gr. frv. má sjá, að tilætlunin er, að væntanleg vitni í dómsmáli afhendi eigi aðiljum undirrituð vottorð um þau atriði, sem þau kunna að verða krafin vættis um. En vitaskuld er aðilja rétt að ræða við væntanleg vitni, áður en þau koma fyrir dóm, og kynna sér, hvað þau vita um sakarefnið. Í 2. mgr. 143. gr. frv. er dómara veitt heimild til þess að gefa vitni færi á því að skýra mál sitt, ef vætti þess fer í bág við skýrslu, sem það hefur áður gefið fyrir lögreglumanni eða dómi um málsatvik, eða vilji vitnið nú ekki bera um málsatvik eða telur sig ekki geta það.

Ákvæði 144. gr. frv. koma í staðinn fyrir 3. og 4. mgr. og að nokkru 2. mgr. 133. gr. laga nr. 85/1936. Rétt er að benda á það ákvæði í greininni, að vitni skal hvatt til þess að skýra fyrst frá atvikum máls í samhengi og án þess að það sé spurt, ef

kostur er. Einnig er rétt að benda á það ákvæði greinarinnar, að dómara ber að svipta aðilja, sem fengið hefur leyfi til að spyrja vitni, rétti til að bera fram spurningar, ef spurningar hans eru óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, lagaðar til að rugla vitni, ósæmilegar eða sýnilega þýðingarlausar fyrir málið.

Ákvæði 145. og 146. gr. frv. koma að nokkru í staðinn fyrir 133. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936. Það skiptir vitaskuld miklu máli hverju sinni, hvort vitni reisir skýrslu sína á sjálfs sín skynjun eða sögusögn annarra. Er oft nauðsynlegt að spyrja vitni allrækilega til þess að komast að því sanna í því efni. Einnig er nauðsyn að prófa rækilega horf vitnis til máls og málsaðilja.

Efni 147. gr. frv. kemur í staðinn fyrir 133. gr. laga nr. 85/1936, 3. mgr. að nokkru, og 124. gr., 1. mgr., sömu laga, og fjallar hún um bókun á vitnaskýrslum.

Ákvæði 148. gr. frv. kemur í staðinn fyrir 131. gr. laga nr. 85/1936 og fjallar um viðurlög á hendur vitni, sem eigi fullnægir vitnaskyldu sinni. Rétt er að benda á það ákvæði að sækja má vitni með aðstoð lögreglu til vættis og að vitni verður eigi gerð refsing fyrir brot á vitnaskyldu né það sótt með valdi, þá er eigi eru lengur fyrir hendi ástæður til að leiða það. Börn, innan 15 ára, og menn, sem mjög er vitsmunavant eða geðbilaðir, verða eigi dæmdir til refsingar vegna brots á vitnaskyldu.

Í 149. gr. frv. eru nýmæli þess efnis, að dómari úrskurðar vitni, sem vísvitandi eða af gáleysi hefur eigi fullnægt vitnaskyldu sinni og valdið með því aðilja eða ríkissjóði kostnaði, að greiða þann kostnað, enda geri rétthafi kröfu um það.

Ákvæði 150. gr. frv. koma í stað 135. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt frv. er dómara nú falið að ákveða þóknun til vitnis, en er eigi bundinn við ákveðinn taxta, svo sem ákveðið er í lögum nr. 85/1936.

Ákvæði 151. gr. frv. er í samræmi við það, sem gilt hefur.

Ákvæði 152. gr. koma í stað 129. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936.

Um X. kafla.
Um skýrslugjöf aðilja að viðlögðum drengskap.

Í 161.—174. gr. laga nr. 85/1936 eru ákvæði, er veita dómara heimild til þess að láta úrslit máls í heild sinni eða úrslit einstakra málsatriða velta á eiði eða drengskaparheiti aðilja eða jafnvel þriðja manns. Það virðist einsýnt, að slík ákvörðun um málsúrslit er hálfgert neyðarúrræði. Aðiljar eru meira og minna litaðir af sjálfs sín málstað og telja oft sjálfum sér trú um, að þeir hafi á réttu að standa, þótt svo sé eigi. Ef þeim er veittur aðildareiður og þar með fenginn heimild til þess að segja síðasta orðið í málinu, er mikil freisting lögð á leið þeirra, einkum ef um stór hagsmunamál er að tefla. Má þá oft búast við því, að óhlutvandir menn og ófyrirleitnir láti sig hafa það að vinna eið, þar sem samvizkunæmir og miður harðir menn fallast á honum. Af þessum sökum hafa dómarar oft veigrað sér við að dæma aðildareið í miklum hagsmunamálum. En sé notkun aðildareiðs viðsjárverð í stórum hagsmunamálum, þá virðist það ósamræmi að grípa til hans í minni háttar málum. Má og segja, að ríkisvaldið leggi að nokkru árar í bát, ef það leggur á vald aðilja að ráða úrslitum í málum, sem ber undir það sjálft að úrskurða. Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, hefur Hæstiréttur nú um 10 ára bil eigi látið mál velta á aðildareiði, þrátt fyrir það þótt heimild hafi verið til þess í lögum. Hér eru þó undanskilin barnsfaðernismál, enda fyrirskipa lög þar beinlínis aðildareið.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru eigi fyrirmæli um notkun aðildareiðs. En í stað ákvæða laga nr. 85/1936 um hann kemur X. kafli frv. um skýrslugjöf aðilja að viðlögðum drengskap. Ákvæði þessa kafla eru sniðin að miklu leyti eftir sænsku réttarfarslögunum, en þó er lengra gengið í frv. um notkun slíkrar skýrslugjafar. Samkvæmt 153. gr. frv. er heimilt að láta annan hvorn aðilja eða báða gefa skýrslu að viðlögðum drengskap, og getur hvor aðilja eða dómari átt frumkvæði að því. Samkvæmt þessu má taka skýrslu af aðilja að viðlagðri sömu ábyrgð og

um aðildareið væri að tefla, en dómari metur síðan skýrsluna og leggur dómsorð á hana. Virðist þessi háttur miklu eðlilegri heldur en notkun aðildareiðs og meira í samræmi við skyldu og rétt ríkisvaldsins til þess að kveða á um lögskipti aðilja.

Í 154. gr. frv. segir um það, hverjir geti gefið aðiljaskýrslur fyrir ólögráða menn og fyrirtæki.

Í 155. gr. frv. eru ákvæði um það, að sá, er eigi verður heitfestur, geti eigi heldur gefið aðiljaskýrslu að viðlögðum drengskap.

Ákvæði 156. gr. frv. miða að því að búa menn sem bezt undir það að gefa skýrslu að viðlögðum drengskap.

Í 157. gr. eru talin upp ýmis ákvæði frv. um vitni, sem beita skal um skýrslugjöf aðilja, eftir því sem við á.

Um XI. kafla.
Um matsgerðir.

Þessi kafli frv., sem tekur yfir 158.—174. gr., að báðum meðtöldum, kemur í stað 136.—144. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 158. gr. frv. koma í stað 1. mgr. 136. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 159. gr. frv. koma að nokkru í stað 2. mgr. 136. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 160. gr. frv. koma einnig í stað 136. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936. Hér er það nýmæli, að dómari skuli ganga á vettvang, þar sem hann má því við koma, til framkvæmdar á mati og skoðun.

Ákvæði 161. gr. frv. eru að efni hin sömu og ákvæði 138. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 162. gr. frv. koma í stað 139. gr., 1.—3. mgr., laga nr. 85/1936. Gert er nú ráð fyrir því, að kveðja megi einn matsmann, ef því er að skipta.

Ákvæði 163. gr. frv. koma í stað síðustu málsgr. 139. gr. laga nr. 85/1936.

Efni 164. gr. frv. er nýmæli og miðar að því að knýja aðilja til þess að bera fram mótmæli gegn matsmanni, svo fljótt sem verða má, ef aðili telur hann eigi hæfan til starfans.

Ákvæði 165. gr. koma í stað 1. og 2. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936. Er nú svo kveðið á, að dómari skuli tilkynna matsmanni dómkvaðningu. Tekið er nú fram, að matsmanni sé heimilt að afla sér gagna og skýrslna til afnota við matið, enda gefi hann aðilja færi á að tjá sig um þær skýrslur, eftir því sem kostur er á. Ef vitnaleiðsla er nauðsynleg til skýringar á matsatriði, skal dómari framkvæma hana. Matsmaður skal senda bæði dómara og aðiljum matsgerð sína.

Í 166.—168. gr. frv. eru rækilegri reglur en nú gilda um prófun matsmanna og heitfestingu þeirra fyrir dómi. Koma þær í stað 3. mgr. 140. gr. og að nokkru í stað 2. mgr. sömu greinar laga nr. 85/1936. Eru reglur frv. ýtarlegri en reglur laganna.

Ákvæði 169. gr. frv. koma í stað 1. mgr. 141. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 170. gr. frv. svara til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 85/1936 og ákvæði 171. gr. frv. til 3. mgr. 141. gr. sömu laga.

Ákvæði 172. gr. frv. eru nýmæli. Er þar lagt fyrir dómara að dæma matsmann, sem vanrækir starfa sinn og veldur þar með aðilja eða ríkissjóði kostnaði, að bæta þann kostnað, enda krefjist sá, er í hlut á, þess. Hér er um sams konar ákvæði að tefla og í 149. gr. frv. segir um vitni.

Ákvæði 173. gr. frv. koma í stað 142. gr. laga nr. 85/1936. Í frv. segir, að yfirmatsmenn skuli venjulega vera fleiri en undirmatsmenn, en ekki er gert ráð fyrir því, að þeir þurfi að vera tvöfalt fleiri, svo sem lögin ætlast til, að þeir séu venjulega. Er það lagt á vald dómara.

Ákvæði 174. gr. frv. geymir það nýmæli í settum lögum, að rétt sé að dómkveðja matsmann eða matsmenn af nýju, þótt yfirmat hafi farið fram, enda telji dómari, að skýra megi málið með nýrri matsgerð.

Um XII. kafla.
Um skjöl.

Ákvæði XII. kafla frv. um skjöl eru þau sömu sem ákvæði 145.—157. gr. laga nr. 85/1936 að öðru en því, að 176. gr. frv. kemur í stað 146. gr. laganna. Ákvæði VIII. kafla frv. geyma almennar reglur um þau ákvæði, sem greinir í 158. og 159. gr. laga nr. 85/1936.

Um XIII. kafla.
Um öflun sönnunargagna til tryggingar.

Ákvæði kafla þessa eru nýmæli í íslenzkum settum lögum. Mönnum er oft nauðsyn að tryggja sér sönnun fyrir tilteknum atvikum, enda þótt ekki sé til málaferla komið. Ákvæði 188.—192. gr. frv. geyma reglur um öflun sönnunargagna, þegar svo stendur á. Við samningu þessa kafla hefur m. a. verið höfð hliðsjón af sænsku réttarfarslögunum.

Um XIV. kafla.
Um öflun gagna erlendis.

Oft er nauðsyn að afla gagna erlendis til afnota í málum hér á landi. Í XIV. kafla frv. eru reglur um öflun slíkra gagna, og eru þær reglur nýmæli í settum lögum. Þykir eigi vera ástæða til að skýra sérstaklega einstakar greinar kaflans. Höfð hefur verið hliðsjón af 296. gr. dönsku réttarfarslaganna við samningu þessara ákvæða.

Um XV. kafla.
Um málsmeðferð.

Svo sem lýst var í upphafi athugasemda þessara, er sá háttur venjulega hafður á málsmeðferð samkvæmt gildandi lögum, að út er gefin sáttakæra, og koma aðiljar síðan fyrir sáttanefnd til sáttaumleitunar. Ef hún reynist árangurslaus, er málinu vísað til aðgerða dómstólanna. Er þá gefin út stefna. Geymir hún venjulega sama efni og sáttakæran eða vísar að einhverju leyti til sáttakæru. Er sækjandi kemur fyrir dóm, skal hann leggja fram greinargerð fyrir kröfum sínum. Þegar sækjandi hefur gert það, ber verjanda, eins fljótt og verða má, að leggja fram greinargerð af sinni hálfu, þar sem hann lýsir málavöxtum frá sínu sjónarmiði. Reynslan hefur orðið sú, að lýsing málavaxta í stefnu, sáttakæru og greinargerð sækjanda er oft mjög ófullkomin. Lagt hefur verið út í mál, án þess að sækjandi eða umboðsmaður hans hafi verið búnir að kanna málavöxtu nægilega. Eftir að aðiljar hafa lagt fram greinargerðir sínar og dómari hefur kannað samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936, hvort um frávísun væri að tefla, fá aðiljar samkvæmt lögunum sameiginlega fresti til að afla gagna eftir þörfum. Er þeir telja sig hafa aflað gagna, er málið tekið til flutnings, venjulega munnlegs, en veita má þó leyfi til skriflegs flutnings. Það hefur viljað brenna við, er flutningur máls stendur yfir, að dómari verður þess vís, að málsefni er ekki leitt í ljós til neinnar hlítar. Hefur dómari þá oft orðið að stanza málflutning í miðjum klíðum og leggja fyrir aðilja að afla nýrra gagna eða jafnvel orðið, að loknum máflutningi, að taka málið upp af nýju í því skyni. Aðiljar eða umboðsmenn þeirra hafa og haft það í hendi sinni að stanza málflutning í miðjum klíðum með því að biðja um frest til öflunar gagna og kæra úrskurð dómara um synjun frests, ef hann var ekki veittur. Ef dregið er saman það, sem nú hefur sagt verið, má segja, að menn geti höfðað mál án þess að hafa áður að nokkru ráði undirbúið sakarefnið og komi oft fyrir dómara til að flytja það, áður en atvik þess eru svo í ljós leidd, að það verði flutt til nokkurrar hlítar. Ákvæði laga nr. 85/1936 veita dómara eigi nægilega stoð til þess að vinna gegn þessu. Að vísu segir í lögunum, að dómari eigi að fylgjast með málinu á öllum stigum þess og kosta kapps um, að yfirlýsingar og skýrslur málsaðilja verði nægilega glöggar, en lögin veita dómaranum ekki nægileg tæki til þess að framkvæma þetta, og hefur reyndin því orðið sú, er áður var lýst.

Í XV. kafla frv. um málsmeðferð er gerð tilraun til að setja fram ákvæði, er girði annars vegar fyrir það, að menn fari í mál undirbúningslaust, og stuðli hins vegar að því, svo sem kostur er, að mál séu sæmilega undirbúin, er þau koma til munnlegs flutnings fyrir dómara. Í frv. er allur undirbúningur málsins fram til munnlegs flutnings nefndur *frumflutningur* þess, og hinn munnlegi málflutningur er nefndur *aðalflutningur*. Í stað sáttakæru, stefnu og greinargerðar sækjanda kemur nú eitt skjal, *stefnan*, en til hennar eru gerðar mjög strangar kröfur. Dönsk, norsk, sænsk og þýzk réttarfarslög hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu þessara ákvæða, en sérstaklega hefur verið byggt á reynslu af dómstörfum hér á landi.

Ákvæði 198. gr. frv. koma að nokkru í stað 87., 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936. Í grein þessari segir um efni stefnu. Tilætlunin er, að aðili, sem hyggst fara í mál, verði að kynna sér málavexti sína mjög nákvæmlega og semja stefnu, þar sem þeir eru raktir ýtarlega, kröfur hans í málinu svo og þau gögn, sem hann hyggst sanna kröfur sínar með. Sérstaklega er ástæða til þess að benda á þetta síðastnefnda atriði um sönnunargögn, sem er hreint nýmæli: A, sem vill stefna B, verður að afla gagna, þ. á m. leita uppi vitni og hafa tal af þeim, áður en hann gefur út stefnu, og greina skal hann vitni í stefnu. Hins vegar er í þessu sambandi rétt að benda á ákvæði 118. og 143. gr. frv., sem meina honum að láta vitnin undirrita vottorð um sakaratriðið. Samkvæmt 199. gr. frv. skal dómari fara yfir og athuga, hvort stefna fullnægir skilyrðum 198. gr. frv. Er dómara venjulega nauðsynlegt í því sambandi að hafa tal af stefnanda eða umboðsmanni hans, spyrja hann rækilega um málavöxtu og brýna fyrir honum að bæta úr ágöllum á stefnu, ef því er að skipta. Ef dómari telur stefnu löglega úr garði gerða, áritar hann hana um stað og stund til þingfestingar. Telji dómari hins vegar stefnu gallaða, en aðili lætur ekki skipast við ábendingar hans, synjar dómari með úrskurði um áritun á hana, sbr. 201. gr. frv. Tilætlunin með þeim reglum, sem nú hefur verið lýst, er í fyrsta lagi að reyna að girða fyrir það, að menn ani undirbúningslaust út í fánýt mál. Maður, sem verður að leggja málavexti sína niður fyrir sér, áður en hann getur farið í mál, sér sig ef til vill um hönd og sparar sér og þjóðfélaginu kostnað og dómstólum fyrirhöfn. En jafnvel þótt málið fari leiðar sinnar fyrir dómstólum, þá stuðlar sú meðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, að greiðri meðferð þess, þar sem málið skal þegar við útgáfu stefnu liggja svo skýrt fyrir sem kostur er. Ætti málareksturinn því að taka styttri tíma.

Í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru til stefnunnar, eru þær kröfur, sem í 204. gr. frv. eru gerðar til greinargerðar af hendi verjanda. Honum ber í greinargerð sinni að lýsa málavöxtum jafn rækilega og sækjandi í stefnu og greina sönnunargögn þau, sem hann hyggst flytja fram með sama hætti, þ. á m. telja upp þau vitni, sem hann hyggst leiða. Dómara ber þegar að fara yfir greinargerð verjanda og athuga hana og benda honum á þau atriði, sem hann telur eigi nægilega rakin.

Ákvæði 206.—208. gr. frv. svara til 108. gr. laga nr. 85/1936, en í 206. gr. frv. er það nýmæli, að þar eru talin upp ýmis helztu tilvik, er valda því, að máli skal vísað frá dómi. Slík upptalning þykir hagkvæm til glöggvunar fyrir aðilja og dómara.

Ákvæði 209. gr. frv. svara til 207. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 210. gr. frv. lúta að því að gera sakarefnið einfaldara og er nýmæli.

Svo sem lýst var, er rætt var um stefnu og greinargerð aðilja, er ætlazt til þess, að dómari sá, sem með málið fer, fylgist frá upphafi með gangi þess og gagnaöflun. Er reynt að gera frv. þannig úr garði, að dómara sé unnt að framkvæma þessa skyldu sína. Miða ákvæði 211., 212., 214. og 215. gr. frv., sem koma að nokkru í stað 110., 114. og 115. gr. laga nr. 85/1936, að þessu marki.

Samkvæmt 205. gr. frv. veitir dómari verjanda hæfilegan frest til þess að undirbúa greinargerð, ef því er að skipta. Síðan veitir dómari aðiljum frest, eftir því sem hann telur nauðsynlegt, samkvæmt 213. gr. frv., er svarar til upphafsákvæðis 110. gr. laga nr. 85/1936.

Í þessu sambandi þykir rétt að minnast nokkuð á fresti í dómsmálum.

Samkv. tilsk. frá 17. maí 1690 um áfrýjun úrskurða o. fl. var bannað að skjóta til æðra dóms úrskurðum um einstök atriði, svo sem um fresti vitnaleiðslu o. fl., meðan stóð á meðferð málsins fyrir héraðsdómi. Segir í forsendum þeirrar tilskipunar, að nauðsynlegt hafi þótt að banna þetta, þar sem mikil brögð hafi verið að því, að málflutningsmenn áfrýjuðu slíkum úrskurðum fyrir yfirdómarann og drægju þannig málið á langinn. Með lögum nr. 85/1936 var tilskipunin frá 1690 felld úr gildi og aðiljum veitt víðtæk heimild til þess að kæra úrskurði um einstök atriði, sem kveðnir eru upp, meðan á málssókn stendur. En reynslan hefur sýnt, að heimild laga nr. 85/1936 til að kæra úrskurði um fresti hefur verið mjög misnotuð, svo sem verið hafði, áður en tilsk. frá 1690 gekk í gildi. Nokkrir málflutningsmenn kæra slíka úrskurði aldrei, sumir mjög sjaldan, en ýmsir aðiljar gera sér leik að því að kæra úrskurði um fresti og tefja með því málin og skapa dómurum óþarfa fyrirhöfn. Þykir því nauðsyn til bera að hverfa aftur að þeirri reglu, sem gilti frá 1690 til 1936, að því er varðar úrskurði héraðsdómara, þar sem synjað er um frekari frest. Hins vegar er í frv. heimild til að kæra úrskurð dómara um, að frestur skuli veittur, sbr. 10. lið 287. gr. frv. Þess má geta, að sams konar regla og hér er lagt til, að lögfest verði um frestveitingar, gildir í Noregi, sbr. 2. mgr. 96. gr. norsku réttarfarslaganna.

Það þykir hagkvæmast og eðlilegast, að aðiljayfirheyrsla fari að jafnaði fram á undan vitnaleiðslu, ef þess er kostur. Er ákvæði 214. gr. frv. á þeim rökum reist. Í erlendum lögum er víða svo kveðið á, að aðiljayfirheyrsla og vitnaleiðsla fari fram í aðalflutningi máls. Hér á landi mun venjan hafa verið sú, að þessar athafnir hafa farið fram áður. Rétt þótti því að leggja á vald dómara að kveða á um þetta hverju sinni.

Ákvæði 215. gr. frv. um sáttaumleitan dómara og heimild handa honum til að skipa sérstakan sáttamann sér til aðstoðar eru nýmæli, er rædd voru í upphafi athugasemda þessara, sbr. 42. kap., 17. gr., sænsku réttarfarslaganna.

Því hefur þegar verið lýst, að ákvæði frv. miða að því, að málarekstur verði sem gleggstur og vafningaminnstur þegar frá upphafi. Drepið hefur verið á það, að, eins og málum er háttað nú, kemur það þráfaldlega fyrir, að dómari tekur mál til munnlegs málflutnings, en verður að stanza þann flutning í miðjum klíðum vegna þess, hve gagnaöflun er ófullkomin. Reglur frv. um stefnur og greinargerðir eiga að bæta úr þessu, en með því að alltaf má búast við því, að atvik mála séu eigi nægilega í ljós leidd, þegar komið er að aðalflutningi þeirra, og vandræði er að eyða tíma dómstóla í málflutning, sem eigi verður til lykta leiddur vegna gagnaskorts, er dómara fengið í hendur tæki það, er greinir í 216. gr. frv. til að sannfæra sig enn betur um málatilbúnað, áður en hann ákveður dag til aðalflutnings þess. Ákvæði greinarinnar er algert nýmæli. Hvor aðilja skal, ef dómari krefst þess, skrifa skýrt, glöggt og gagnyrt yfirlit um kröfur máls, atvik þess, ástæður og sönnunargögn svo og þau lög, er hann hyggst vitna til. Verða dómarar að vera mjög á verði um það, að greinargerðir þessar séu annars vegar rækilegar og hins vegar lausar við málalengingar. Af greinargerðum þessum á dómarinn að geta gert sér fulla grein fyrir því, hvort mál er komið á það stig, að það verði flutt aðalflutningi. Og sé rétt með farið, ætti aðalflutningur máls sjaldan að stanza í miðjum klíðum vegna gagnaskorts og verk dómara þannig verða auðveldara. Í frv. er gert ráð fyrir því, að öll mál séu munnlega flutt. Ef mál eru flókin, t. d. reikningsmál, greiðist bezt úr þeim fyrst í greinargerð samkvæmt 216. gr. og síðar í munnlegum málflutningi.

Ákvæði 217. gr. frv. koma að nokkru í stað 111. gr. laga nr. 85/1936, og ákvæði 218. og 219. gr. frv. koma í stað 112. gr. sömu laga. Rétt þykir að benda á það nýmæli 218. gr. frv., að dómari getur ákveðið, að ein ræða af hendi hvors aðilja nægi, ef hann telur málið þá útrætt.

Ákvæði 221. gr. frv. koma að nokkru í stað 71. gr. laga nr. 85/1936. Rétt er í

því sambandi að benda einnig á 269. og 270. gr. frv. Fjalla greinar þessar um sundurliðun málflutnings.

Marglýst hefur verið ástæðum fyrir því, að frumflutningur skal vera svo ýtarlegur, sem gert er ráð fyrir í frv., en þungamiðja málflutnings á að vera í aðalflutningi. Dómari verður að vera á verði um það, að aðalflutningur fullnægi ákvæðum laganna. Í 222. gr. frv. er bannað að lesa í aðalflutningi upp úr greinargerðum aðilja í frumflutningi, nema sérstaklega standi á. Miðar ákvæði þetta að því að halda uppi sjálfstæði aðalflutnings.

Í réttarfari voru hefur um langan tíma gilt svokölluð eventualmaxima, sem nefnd hefur verið á íslenzku reglan um afdráttarlausan málflutning. Er hún lögfest í 110. gr. laga nr. 85/1936. Í stuttu máli er efni þessarar reglu það, að aðili getur eigi á síðara stigi máls borið fyrir sig málsatvik, er honum var unnt að bera fyrir sig á fyrri stigum þess. Það er sannmæli margra fræðimanna nú á dögum, að eventualreglan sé of ströng. Hafa nýjustu réttarfarslög vikið frá henni, sbr. 43. kap., 10. gr., sænsku réttarfarslaganna og 335. gr. norsku réttarfarslaganna. Ákvæði 223. gr. eru í samræmi við nýjustu fræðikenningar um þessi efni, sbr. Stephan Hurwitz i Tvistemaal, bls. 107 og 204.

Ákvæði 224. gr. frv. svara til 116. gr. laga nr. 85/1936 og eru í samræmi við þær reglur, sem gilt hafa um málflutningsyfirlýsingar eða vöntun þeirra.

Það liggur í verkahring aðilja eða umboðsmanna þeirra að leiða í ljós atvik hvers máls og bera þau fyrir sig til sóknar eða varnar. Í sumum réttarfarslögum er svo kveðið á, að dómari geti eigi reist niðurstöðu dóms á atvikum, sem aðili hefur eigi borið fyrir sig, þótt málsskjöl leiði atvikin í ljós. Í 113. gr. laga nr. 85/1936 segir, að komi málsástæða fram í skjali, en aðili hreyfir henni ekki í sókn eða vörn, þá skuli dómari meta það eftir atvikum hverju sinni, hvort slík málsástæða geti komið til greina. Það er málsástæða (Vorbringen), er aðili ber fyrir sig atvik máls til sóknar eða varnar. Verður því að skýra orðið „málsástæða" í 113. gr. laga nr. 85/1936, eins og þar stæði málsatvik. Þetta ákvæði 113. gr. gengur mun lengra heldur en löggjöf víða erlendis, sbr. 86. gr., 2. mgr., norsku réttarfarslaganna, 293. gr., 2. mgr., dönsku réttarfarslaganna og 17. kap., 3. gr., sænsku réttarfarslaganna. Hefur ákvæði þetta í sambandi við 120. gr. sömu laga verkað þannig, að margir málsaðiljar treysta því, að fyrst héraðsdómari og síðan Hæstiréttur taki í sínar hendur að vinna verk aðilja, þ. e. að kveða á um, hvaða atvik þurfi að leiða í ljós, og hefur málflutningur því oft eigi orðið svo vandaður sem skyldi. Af þessum sökum, er nú hefur verið lýst, þykir rétt að takmarka heimild þá, sem er í 113. gr. laga nr. 85/1936, en eigi þykir fært að fella hana alveg niður. Samkvæmt þessu er svo kveðið á í 225. gr. frv., að dómari geti reist niðurstöðu máls á atviki, er aðiljar hafa af vangá eigi borið fyrir sig, ef niðurstaða máls verður óréttlát í mikilvægum atriðum, ef gengið er fram hjá atvikinu, en kalla verður dómari aðilja jafnan fyrir sig og krefja þá sagna um atvikið, áður en hann leggur það til grundvallar dómi.

Ákvæði 226. gr. frv. svara til 120. gr. laga nr. 85/1936, en ætlazt er til þess, að ákvæði kaflans um vandaðan málflutning leiði til þess, að þessu ákvæði verði ekki beitt í jafn ríkum mæli og verið hefur.

Ákvæði 1. og 2. tölul. 227. gr. frv. koma að nokkru í stað 1. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Ákvæði 3. málsgr. 227. gr. frv. er nýmæli. Það getur skipt miklu verjanda, sem hefur orðið að þola málssókn, að dómur gangi um sakarefnið. Er honum því veitt heimild til þess, eftir að hann hefur lagt fram greinargerð, að krefjast dóms í málinu, enda þótt sækjandi komi eigi fyrir dóm. Í 118. gr. laga nr. 85/1936 segir svo, að mál skuli jafnan flytja skriflega, er verjandi sækir eigi dóm, og dæma það eftir kröfum sækjanda og málsútlistun, að því leyti sem samrýmanlegt er framkomnum skilríkjum. Með 228. gr. frv. er ætlazt til, að sú breyting verði á málsmeðferð, að málflutningur sé munnlegur. Verður eigi séð, að nokkur ástæða sé til

þess að hafa málflutning eigi munnlegan, þótt verjandi mæti eigi. Þá er og beinlínis tekið fram í nefndri gr. frv., að dómari megi eigi reisa dóm á málsatvikum, staðhæfingum eða málsástæðum, sem eigi segir glögg skil á í stefnu, og að vísa skuli máli frá dómi, ef það kemur í ljós, að lýsing atvika í stefnu er annaðhvort röng eða ófullkomin. Enn er það hreint nýmæli í 228. gr. frv., að sækjandi, er frest fær í máli, er verjandi mætir eigi, skuli láta birta fyrir verjanda endurrit af því, sem fram fór á dómþingi, með þeim fyrirvara, er dómari tiltekur, og að verjanda sé rétt að mæta á síðara dómþingi og hafa uppi vörn, þótt hann geti eigi sannað forföll sín við fyrri málsmeðferð.

Ákvæði 229. gr. frv. fjalla um endurupptöku máls, er aðili hefur haft forföll, og svara að mestu til 3. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Áður en lög nr. 85/1936 tóku gildi, giltu um útivist aðilja ákvæði 9. og 14. gr. tilsk. frá 15. ágúst 1832. Samkvæmt þeim greinum hafði aðili, er eigi mætti á dómþingi, rétt til að krefjast endurupptöku máls næstu 14 daga, hvort sem útivistin var honum sjálfráð eður eigi. Gat hann gengið inn í málið og borið fram málsástæður sínar og gögn. Með 118. gr. laga nr. 85/1936 var sú breyting gerð, að aðili, sem eigi hefur komið á dómþing, getur einungis fengið mál tekið upp af nýju fyrir þeim dómi, ef hann sannar forföll sín. A, sem gleymt hefur að mæta á dómþingi, getur eigi fengið málið tekið upp, hversu mikilvægt sem það er, heldur er það dæmt samkvæmt kröfum sækjanda og málsútlistun. Slíkur héraðsdómur er eigi reistur á alhliða athugun máls. En þótt aðili hafi eigi fengið málið tekið upp fyrir héraðsdómi, hefur hann getað skotið því til Hæstaréttar og lagt þar fram öll gögn og borið fram málsástæður. Þó hefur honum verið meinað að bera fyrir sig málsástæður í Hæstarétti, ef hann hafði áður sótt dómþing í héraði án þess að hafast neitt að. Afleiðingin af þessum ákvæðum laga nr. 85/1936 hefur verið sú, að ýmis mál, og það stór mál, hafa einungis fengið efnislega athugun í einu dómstigi, þ. e. Hæstarétti, og fer þessi meðferð í báða við þá meginreglu réttarfars, að þess sé kostur að sækja og verja hvert mál í tveimur dómstigum, enda þótt mistök verði um mót á dómþingi.

Ákvæði 230.—235. gr. frv. miða að því að færa þetta til annars og betra horfs. Eru ákvæði nefndra greina í samræmi við það, sem víða tíðkast í löggjöf erlendis, sbr. 24. kap. norsku réttarfarslaganna og 44. kap., 9.—10. gr., sænsku réttarfarslaganna. Aðilja, sem eigi hefur mætt á dómþingi, er rétt að krefjast endurupptöku málsins fyrir þeim dómi, er dæmdi það, innan eins mánaðar frá því að dómur var birtur honum, en þó eigi síðar en tveimur árum eftir uppsögu dóms. En aðili, sem sök átti á útivistinni, verður að greiða málskostnað, sem á hann var lagður með útivistardóminum eða setja tryggingu fyrir honum. Svo ber og að leggja á hann málskostnað í hinu endurupptekna máli, jafnvel þótt dóminum sé breytt honum í hag. Eru þessi ákvæði sett til þess að tryggja rétt gagnaðiljans og girða fyrir það, að ákvæði frv. um heimild til endurupptöku máls verði notuð til að tefja mál og vefja. Nú sannar aðili, að hann átti eigi sök á útivist sinni, og metur þá dómari samkv. 230. gr. i. f., hvort hann skuli greiða málskostnað í útivistarmálinu, áður en hann fær það endurupptekið, en að lokum skal í slíkum málum fara um málskostnað eftir almennum reglum. Er dómara þá rétt eftir ástæðum að leggja á útivistaraðilja kostnað, sem gagnaðili verður fyrir vegna útivistarinnar, enda þótt útivistin stafi af forföllum hans.

Um XVI. kafla.
Um gjafsókn.

Kafli þessi svarar að efni til XI. kafla laga nr. 85/1936.

Um XVII. kafla.
Um málskostnað.

Þessi kafli frv. kemur í stað XII. kafla laga nr. 85/1936, sem hefur verið umsaminn. Rétt þykir að benda á eftirtalin atriði:

Ferðakostnaður dómara er samkvæmt frv. ekki talinn til málskostnaðar, heldur er ætlazt til, að hann greiðist úr ríkissjóði. Aðili, sem valdið hefur gagnaðilja kostnaði með mistökum eða handvömm í málflutningi, skal greiða þann kostnað samkvæmt 246. gr. frv., hvernig sem fer um sakarefni og málskostnað að öðru leyti. Samkvæmt 247. gr. frv. ber að dæma umboðsmann aðilja til að greiða kostnað, sem hann hefur valdið með þar tilgreindri hegðun og leggja ber á umbjóðanda hans, jafnvel þótt krafa sé eigi gerð á hendur umboðsmanninum. Ber þá að dæma umbjóðanda og umboðsmann in solidum til greiðslu þess kostnaðar. Rétt er að benda á 2. mgr. 250. gr. frv., þar sem segir, að aðilja, sem málskostnað hlýtur, skuli að jafnaði dæmdur allur sá kostnaður, sem hann hefur haft af málinu, enda sé ekki um óþarfa kostnað að tefla.

Samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 má kæra sérstaklega til æðra dóms ákvæði héraðsdóms um málskostnað, enda þótt sá, er í hlut á, vilji una við ákvörðun dómara um sakarefnið sjálft. Þetta verður að teljast óheppileg regla. Hæstiréttur verður, er hann dæmir um málskostnað, að miða við niðurstöðu héraðsdóms um sakarefni að öðru leyti, hvort sem Hæstiréttur er sammála héraðsdómara um það eður eigi. Þar sem svo náið samband er milli sakarefnisins sjálfs og málskostnaðar, virðist engin ástæða til að hafa sérstaka heimild í lögum til að kæra málskostnað, en aðili getur áfrýjað ákvæði héraðsdóms um hann eftir almennum áfrýjunarreglum.

Um XVIII. kafla.
Um réttarfarssektir.

Þessi kafli frv. kemur í stað XIII. kafla laga nr. 85/1936, sem hefur verið saminn um. Rétt þykir að benda á þá breytingu, að fjárhæð sekta, sem dæma má á hendur manni samkvæmt ákvæðum kaflans, er eigi takmörkuð frekar en almennt segir í lögum.

Um XIX. kafla.
Um ráðstefnu dómenda og atkvæðagreiðslu.

Ákvæði þessa kafla eru að mestu nýmæli í settum lögum, en í samræmi við þær reglur, sem tíðkazt hafa í framkvæmd.

Um XX. kafla.
Um dóma og úrskurði.

Ákvæði 264.—267. gr. frv. koma í stað 190. og 191. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæðin eru umsamin og gerð rækilegri.

Ákvæði 268. gr. frv. svarar til upphafsákvæðis 113. gr. laga nr. 85/1936. Aðalreglan hlýtur að verða sú, að aðili, sem ráðstafað getur sakarefni að vild, ræður því, hvaða atvik máls hann vill bera fyrir sig til sóknar eða varnar. En með því að oft má gera ráð fyrir, að það stafi af vangá og mistökum, að aðili ber eigi fyrir sig til sóknar eða varnar atvik, er verða má honum til hagsbóta í máli, hefur verið gerð undantekning frá aðalreglunni með 225. gr. frv.

Ákvæði 269. og 270. gr. frv. koma ásamt 221. gr., er áður getur, í staðinn fyrir síðustu málsgr. 71. gr. laga nr. 85/1936. Efnislega eru ákvæði frv. að miklu leyti hin sömu og laganna, að öðru en því, að hinn stutti áfrýjunarfrestur, sem um getur í lögunum, hefur eigi verið tekinn upp í frv., en áfrýjunarfrestur í þessu sambandi verður tekinn til meðferðar, þegar fjallað verður um áfrýjunarfresti almennt.

Ákvæði 271. gr. frv. er nýmæli og miðar að því að skapa meiri festu í viðskiptum manna, sem gert hafa sátt um sakarefni.

Ákvæði 272. gr. koma í stað 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Reynt hefur verið að flokka þau atriði, sem taka skal fram í hverjum dómi, dómurum til glöggvunar og leiðbeiningar.

Í 273. gr. segir, að ágreiningsatkvæði skuli samið og birt með sama hætti og dómur.

Ákvæði 274. gr. frv. kemur í stað 2. mgr. 293. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 275. gr. frv. eru í samræmi við gildandi rétt.

Ákvæði 276. gr. frv. eru nýmæli. Dómari getur að kröfu aðilja bæði lengt og stytt aðfararfresti, ef hagsmunir aðilja krefjast þess, en þó gegn tryggingu úr hendi þess, sem hagsbóta nýtur af því, ef því er að skipta.

Ákvæði 277. gr. frv. kemur í stað niðurlagsákvæðis 193. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 278. gr. frv. kemur í stað 194. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæði 3. mgr. koma í staðinn fyrir 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 og upphafsákvæði 2. mgr. sömu greinar svo og 2. mgr. 196. gr. laganna.

Ákvæði 279. gr. kemur í stað nokkurs hluta 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936.

Það tíðkast nú á tímum, að ríki, sem hafa líka menningu og búa við líkar réttarhugmyndir, geri með sér gagnkvæma samninga um, að dómar dómstóla og úrskurðir stjórnvalda, er ganga í öðru ríkinu, skuli hafa gildi í hinu ríkinu. Ríki, sem slíka samninga gera, hafa þó áskilnað um það, að hafna gildi slíkra erlendra gerninga, ef þeir fara sýnilega í bág við lögskipan og allsherjarreglu í landinu, (hina svo nefndu ordre public reglu). Reglur um þetta efni hafa áður verið lögleiddar á Íslandi í skiptum við Norðurlönd, en rétt þykir að setja almennar reglur um skipan þessara mála. Virðist engin hætta þessu samfara, þar sem ákvæði 280. gr. frv. slær varnagla við því, að erlendum dómum og úrskurðum, er brjóta kunna í bág við íslenzka lögskipan og réttarvitund, verði fullnægt hér á landi. Aðili, er vildi láta framkvæma slíkan dóm á Íslandi, yrði að bera það undir íslenzka dómstóla, hvort dómurinn fullnægði skilyrðum til þess.

Um XXI. kafla.
Um endurupptöku dæmdra mála.

Jafnvel þótt dómur hafi gengið í máli manns og málið hlotið rétta formlega meðferð, þá er sá möguleiki fyrir hendi, að þau mistök hafi orðið, er leitt hafi til óréttlátrar niðurstöðu. Í 30. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 er veitt heimild til að taka mál upp af nýju fyrir Hæstarétti, ef það hefur sannazt eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna. Önnur ákvæði í gildandi lögum, að því er einkamál varðar, eru eigi fyrir hendi, en í lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála hafa verið sett ákvæði um endurupptöku opinberra mála. Samkvæmt tillögum Hæstaréttar hefur nefndu ákvæði hæstaréttarlaganna verið beitt með lögjöfnun um endurupptöku máls, sem dæmt hafði verið með óáfrýjuðum dómi í héraði. Telja verður, að ákvæði 30. gr. hæstaréttarlaganna sé alls kostar ófullnægjandi. Í erlendri réttarfarslöggjöf eru víðast hvar mjög rækileg fyrirmæli um endurupptöku óáfrýjaðra dóma, þar sem meiri háttar mistök hafa orðið, enda þótt slíkir dómar séu formlega rétt úr garði gerðir.

Ákvæði XXI. kafla frv. um endurupptöku dæmdra mála eru að töluverðu leyti sniðin eftir 58. kap. sænsku réttarfarslaganna um þetta efni.

Í 281. gr. frv. eru rakin þau tilvik, er leyfa má endurupptöku óáfrýjaðs héraðsdóms. Í 1. og 2. tölul. eru greind tilvik, er stórfellt misferli hefur verkað á dómsorðið. Það er andstætt réttarvitund, að aðili eigi þess ekki kost, að fá leiðréttingu mála sinna, ef svo stendur á. Í 3. tölulið er um mál að tefla, er ný atvik eða sönnun kemur í ljós, eftir að dómur gekk og aðilja var eigi hægt að bera atvikið eða sönnunina fyrir sig, meðan á málsmeðferð stóð. Ef aðilja er um að kenna, að atvik eða

sönnun kom eigi fram í fyrra málinu, getur hann vitaskuld eigi krafizt endurupptöku máls samkvæmt þessum tölulið.

Samkv. 4. tölul. má taka upp mál, ef dómsorð hvílir á augsýnilegri lögvillu. Endurupptaka samkvæmt þessum tölulið verður vitaskuld eigi framkvæmd, nema sérstaklega standi á, enda er það kunnara en frá þurfi að segja, að menn greinir oft mjög á um það, hvað sé lögvilla. Þegar rætt var um stefnubirtingar, var þess getið, að með ákvæðum frv. er leitazt við að tryggja það sem bezt, að stefna í dómsmáli berist til vitundar hins stefnda. En þótt allt sé gert, sem unnt er í þessu efni, getur það tilvik komið fyrir, að dómur gangi á hendur manni, þótt honum sé eigi kunnugt um málssóknina. Getur þá verið réttlætismál að veita honum heimild til þess að prófa málið á ný fyrir dómstólum, er hann fær vitnskju um dóminn.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls samkvæmt 282. gr. frv. og eru í 283.—286. gr. frv. nánari reglur um endurupptöku.

Í 2. mgr. 282. gr. frv. eru greind tímamörk þau, sem gilda um endurupptöku.

Þess skal loks getið, að greina verður skýrt á milli endurupptöku dæmdra mála samkvæmt þessum kafla og endurupptöku mála, þar sem útivistardómur gekk samkvæmt 230.—235. gr. frv.

Um XXII. kafla.
Um kæru.

Meðan á máli stendur fyrir héraðsdómi, ber það oft við, að upp rísa ágreiningseða vafaefni, sem dómari verður að skera úr með sérstökum úrskurði. Rís þá sú spurning, hvort heimila eigi í lögum að skjóta slíkum úrskurði sérstaklega til æðra dóms. Með þessari meðferð mælir það, að eigi þarf að taka málið upp aftur í heild sinni, ef úrskurðinum er breytt í æðra dómi. Hins vegar mælir það á móti þessari meðferð, að aðili eða umboðsmaður aðilja, er tefja vill mál og vefja, getur, ef sérstök kæra á einstökum úrskurðum er heimil, krafizt úrskurðar um eitt og annað og kært úrskurðina jafnharðan til Hæstaréttar og aflað sér á þann hátt ólögmætra fresta og tafið málið. Árið 1690 var gefin út tilskipun, sem bannaði sérstaka áfrýjun einstakra úrskurða, sem kveðnir voru upp við málsmeðferð. Var sú tilskipun á þeim rökum reist, „að sumir málfærslumenn og einkum þeir, sem tekið hafa að sér röng mál til flutnings, vilji eigi hlíta úrskurðum dómaranna, heldur beiðast afrits af úrskurðunum til þess að draga tímann og þreyta mótpartinn og láta stefna úrskurðunum fyrir yfirdómarann, er þeir hafa fengið afritið, en við þetta bæði eyðist lengri tími en þörf er á, og mótparturinn verður fyrir meiri drætti og kostnaði."

Í lögum nr. 85/1936 var vikið alveg af þeirri braut, sem lögð var með tilskipuninni frá 1690, og heimilað að kæra til Hæstaréttar einstaka úrskurði, sem kveðnir eru upp, meðan á málsmeðferð stendur fyrir héraðsdómi. En afleiðingin hefur orðið sú, að það, sem sagði í tilsk. frá 1690, hefur reynzt enn eiga við. Eigi þykir þó rétt að hverfa að því ráði að banna kærur á einstökum úrskurðum með öllu, heldur hefur verið leitazt við að takmarka heimildina og heimila kærumeðferð í þeim tilvikum, þar sem hennar virðist helzt þörf. Eru flest þeirra tilvika talin upp í 287. gr. frv., en svo sem áður segir, hefur ekki þótt fært að heimila kæru á úrskurði, þar sem aðilja er synjað um frest, með því að þar er hættan á misnotkuninni mest.

Með 288.—299. gr. frv. eru settar ýtarlegar reglur um kæru og meðferð kærumála. Í 288. gr. er kærufrestur nokkuð lengdur.

Það hefur viljað við brenna, að þeir, sem kæra úrskurði til Hæstaréttar, hafa sent hina kærðu úrskurði þangað án greinargerðar eða með mjög ófullkominni greinargerð. Ákvæði 289. gr. frv. miða að því að girða fyrir, að þetta geti átt sér stað framvegis. Eru þar talin upp þau efni, sem greind skuli í hverri kæru. Er til þess ætlazt, að málið sé skilmerkilega reifað í henni. Í 291. gr. er svo mælt, að héraðsdómari skuli athuga, hvort kæra sé fram komin í tæka tíð, og skora á kæranda að taka hana aftur, ef svo er eigi. Enn segir í sömu grein, að héraðsdómari skuli athuga, hvort kæra fullnægi ákvæðum laga að formi og efni, og brýna fyrir kæranda að bæta

úr því, sem áfátt kann að vera. Er einnig þessum ákvæðum ætlað að spyrna gegn því, að fányt eða vanreifuð kærumál séu send Hæstarétti. Í sömu átt ganga og ákvæði 292. gr., þar sem héraðsdómara er mælt vald til þess að ákveða, að kærandi setji að kröfu gagnaðilja tryggingu fyrir því tjóni og óhagræði, sem kæra kann að valda honum, svo framarlega sem kæra hefur frestun máls í för með sér.

Samkvæmt 293. gr. frv. skal dómari senda gagnaðilja kæruna til athugunar. Þá skal hann og samkvæmt 294. gr. frv. krefja hann um rækilega greinargerð, er geymi kröfur, atvikalýsingu og reifun máls af hans hendi.

Upphaflega voru ákvæði um málflytjendur í lögum nr. 85/1936, en síðar voru sérstök lög, nr. 61/1942, sett um málflytjendur. Rétt þykir að halda þeirri niðurskipun efnis að hafa ákvæðin um málflytjendur í héraði í sérstökum lögum. Þarf því frv. um meðferð einkamála í héraði eigi að bíða eftir því, að lögin um málflytjendur verði endurskoðuð.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Guðmundur Í. Guðmundsson, Hannibal Valdimarsson, Kristinn Gunnarsson.

Með hliðsjón af breyttum aðstæðum síðan varnarsamningurinn milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður í maí 1951 ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni, í samráði við utanríkismálanefnd, að hefja nú þegar undirbúning að breytingum á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, í því skyni, að hægt verði með stuttum fyrirvara að láta varnarlið það, sem nú dvelst í landinu samkvæmt samningnum, hverfa héðan. Með tilvísun til 7. gr. varnarsamningsins skal ríkisstjórnin, að undanfarinni tilkynningu til Bandaríkjastjórnar, fara þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda aðstöðu þeirri, sem Bandaríkjunum er veitt á Íslandi með samningi þessum. Skal ríkisstjórnin í því sambandi leggja áherzlu á eftirfarandi atriði:

1) Íslenzkir aðilar annist allar framkvæmdir, sem ákveðnar voru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og enn er ólokið. Ekki skulu leyfðar nýjar varnarframkvæmdir.

2) Sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða fyrst og fremst þarf að nota í hernaðarþágu, skal þegar í stað girtur og öll almenn umferð um hann bönnuð. Hið sama á við um þau varnarsvæði önnur, sem þegar hafa verið látin í té.

3) Ríkisstjórnin skal þegar hefja undirbúning þess, að Íslendingar taki í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu allra þeirra mannvirkja, sem byggð hafa verið eða óbyggð eru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951, en leita skal samninga við stjórn Bandaríkjanna eða Norður-Atlantshafsbandalagsins um greiðslu kostnaðar, sem af því hlýzt, og enn fremur um það, að Íslendingum verði látin í té nauðsynleg aðstoð til þess, að þeir læri sem fyrst þau störf, sem hér er um að ræða. Ekki skal þó þjálfa Íslendinga til neinna hernaðarstarfa.

4) Þegar Íslendingar hafa sérmenntað starfsmenn til þess að taka að sér þau störf, sem um ræðir í 3. lið, eða ráðið erlenda sérfræðinga til að annast þau, getur Alþingi ákveðið með 3 mánaða fyrirvara, að herlið Bandaríkjanna skuli hverfa að fullu frá Íslandi. Meðan varnarliðsmenn eru enn í landinu, skulu þeir eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem varnarliðið hefur þegar fengið til umráða.

Fáist ekki fullnægjandi samkomulag um þessi atriði innan þess tíma, sem í 2. málsl. 7. gr. varnarsamningsins greinir, skal ríkisstjórnin fylgja málinu eftir með því að segja samningnum upp samkv. 7. gr. hans.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að hefjast þegar handa um ráðstafanir í því skyni að tryggja atvinnuskilyrði þeirra manna, sem nú vinna að framkvæmdum samkvæmt varnarsamningnum, þegar þeim lýkur.

Greinargerð.

Á tveim undanförnum þingum hafa af hálfu Alþýðuflokksins verið fluttar till. til þál. um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna. Í tillögum þessum var lagt til:

1) Að íslenzkir aðilar skyldu annast allar framkvæmdir á grundvelli varnarsamningsins.

2) Að sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem notaður er í hernaðarþágu, skyldi girtur og öll umferð um hann bönnuð.

3) Að þegar skyldi hafinn undirbúningur þess, að Íslendingar tækju í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem byggð hefðu verið eða óbyggð væru á grundvelli varnarsamningsins, án þess þó að Íslendingar væru þjálfaðir til neinna hernaðarstarfa.

4) Að Alþingi gæti kveðið á um brottflutning herliðsins með 3 mánaða fyrirvara, þegar Íslendingar væru reiðubúnir til þess að taka fyrrgreind störf í eigin hendur.

5) Að meðan varnarliðsmenn væru enn í landinu, skyldu þeir eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem varnarliðið hefði þegar fengið til umráða.

Ef samningar tækjust ekki um þessar breytingar innan þess tíma, sem 7. gr. samningsins gerir ráð fyrir, þ. e. 6 mánaða, var lagt fyrir ríkisstjórnina að fylgja kröfum þessum eftir með því að segja samningnum upp, þannig að hann félli úr gildi 12 mánuðum síðar.

Samningaviðræður þær, sem fram fóru snemma á síðasta ári milli stjórna Íslands og Bandaríkjanna, leiddu ekki til viðunandi breytinga á skipan þessara mála. Þar eð horfur í alþjóðamálum virðast nú friðvænlegri en um langt skeið og aðstæður breyttar, síðan varnarsamningurinn var gerður í maí 1951, telur Alþýðuflokkurinn rétt, að þegar í stað sé hafinn undirbúningur að breytingum á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, í því skyni, að hægt verði með stuttum fyrirvara að láta varnarlið það, sem nú dvelst í landinu, hverfa héðan. Í tillögu þessari ítrekar Alþýðuflokkurinn, hvaða sjónarmið hann telur eiga að ríkja við endurskoðun gildandi samninga. Er enn fremur tekið fram, að ekki skuli leyfa nýjar varnarframkvæmdir. Náist ekki samkomulag, er grundvallist á þeim sjónarmiðum, telur hann, að fylgja eigi kröfum þessum eftir með því að segja samningnum upp, þannig að hann falli úr gildi að 18 mánuðum liðnum.

Í tillögunni er ríkisstjórninni enn fremur gert skylt að hefjast þegar handa um ráðstafanir í því skyni að tryggja atvinnuskilyrði þeirra manna, sem nú vinna að varnarframkvæmdum, þegar þeim lýkur.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Kristinn Gunnarsson.

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Fimm manna verðlagsnefnd skal fara með verðlagsákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti hagstofustjóri, sem skal vera formaður nefndar-

innar, forstöðumenn Innflutningsskrifstofunnar og tveir menn, skipaðir af ríkisstjórninni, annar samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsnefnd skal ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Verðlagsnefnd getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur verðlagsnefnd og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verðlagsnefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum og almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin 1. gr. l. nr. 30 7. marz 1951 og 7. gr. laga nr. 88 24. des. 1953.

Greinargerð.

Í heimsstyrjöldinni fyrri mun fyrst hafa verið komið á verðlagseftirliti hér á landi, en það var afnumið í lok styrjaldarinnar. Nokkru fyrir heimsstyrjöldina síðari var síðan aftur tekið að hafa opinbert eftirlit með verðlagi, enda hafði þess þá orðið vart, að verulegrar tilhneigingar hafði gætt til óeðlilegrar verðhækkunar sökum takmörkunar á innflutningi og vöruskorts á ýmsum sviðum. Þegar styrjöldin skall á, var verðlagseftirlitið aukið verulega. Árið 1943 var síðan fyrir forgöngu utanþingsstjórnarinnar, sem þá sat að völdum, sett mjög ýtarleg löggjöf um verðlagsákvæði og verðlagseftirlit. Voru verðlagsákvæði þá yfirleitt látin ná til allrar innfluttrar vöru og innlendrar iðnaðarvöru sem og margs konar þjónustu. Tveim næstu ríkisstjórnum þótti sjálfsagt að halda áfram eftirliti með verðlagi, enda er enginn vafi á því, að með hjálp verðlagsákvæðanna tókst að halda verðlagi fjölmargra vörutegunda lægra en ella hefði átt sér stað, einkum meðan innflutningur var takmarkaður verulega.

Þegar flokkar þeir, sem nú fara með ríkisstjórn, hófu stjórnarsamstarf, var það einn meginþáttur stefnu þeirra að gera innflutning til landsins frjálsan og hætta að mestu eftirliti með verðlagi innanlands, en treysta því í þess stað, að samkeppni héldi verðlaginu innan hóflegra takmarka. Þegar „bátagjaldeyriskerfið“ var tekið upp snemma á árinu 1951, var verðlagseftirlit með þeim vörum, sem undir það heyrðu, skyndilega afnumið, og nokkru síðar var farið eins að varðandi þær vörur, sem áður höfðu verið settar á „frílista“. Verðlagsákvæðin voru afnumin, meðan enn var mikill skortur á þeim vörum, sem verðlagið var gefið frjálst á, og varð það til þess, að álagning var hækkuð óhóflega, svo að gífurlegur gróði safnaðist á hendur milliliða.

Þótt síðan hafi að vísu verið rýmkað mjög um innflutning, er samt fjarri því, að hann geti yfirleitt talizt „frjáls“. Á síðastliðnu ári voru 33% selds gjald-

eyris fyrir vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, 52% fyrir vörum á „frílista“ og 15% fyrir vörum á „bátalista“. Innflutningur þeirra vörutegunda, sem eru á „frílista“, er þó langt frá því að vera frjáls, þar eð margar „frílistavörur“ má aðeins kaupa frá vöruskiptalöndum. Auk þess verða innflytjendur oft að bíða lengi eftir því, að bankarnir sinni yfirfærslubeiðnum, þótt um „frílistavörur“ sé að ræða. Vörueftirspurninni innanlands er því fjarri því að vera fullnægt í þeim mæli, að hægt sé að búast við, að hörð samkeppni tryggi hóflega álagningu. Til þess að svo væri, þyrfti innflutningurinn að vera bæði frjáls og ótakmarkaður. En hann er nú í raun og veru bæði ófrjáls og takmarkaður.

Undir slíkum kringumstæðum er ekki við öðru að búast en því, að álagning milliliða verði meiri en þörf er á og verðlag þar af leiðandi hærra en ástæða er til. Sannleikurinn mun og sá, að álagning sé nú hlutfallslega miklu hærri en hún var, meðan verðlagsákvæði voru í gildi.

Undanfarna mánuði hefur verðlag farið ört hækkandi. Fjölmörg fyrirtæki hafa hækkað verð vöru sinnar og álagningu sína og borið við kauphækkun þeirri, sem um samdist í verkfallinu í vor. Augljóst er þó í mjög mörgum tilfellum, að verðhækkunin er meiri en svarar til kauphækkunarinnar. Í samræmi við þá breytingu, sem gerð var á verðlagslögunum að frumkvæði núverandi stjórnarflokka, og afnám verðlagsákvæða í framhaldi af því, hefur þó engin tilraun verið gerð til þess að reisa rönd við þessu. Flm. þessa frv. telja, að við svo búið megi ekki standa. Þeir hafa áður og oftar en einu sinni flutt frumvörp um að hverfa frá stefnu „álagningarfrelsisins“, án þess að þau næðu fram að ganga. En nú telja þeir reynsluna hafa sýnt, svo að ekki verði um villzt, að nauðsyn sé opinberra aðgerða til þess að koma í veg fyrir óþarfar verðhækkanir. Er því í frv. þessu lagt til, að komið verði á fót verðlagsnefnd, er skylt skuli að setja almenn verðlagsákvæði í því skyni að hafa hemil á verðlaginu og þrýsta því niður á við. Gert er ráð fyrir því, að hagstofustjóri verði formaður nefndarinnar, en auk hans eigi sæti í nefndinni forstöðumenn Innflutningsskrifstofunnar, sem nú fara með það verðlagsákvörðunarvald, sem gildandi reglur gera ráð fyrir, og enn fremur tveir fulltrúar neytenda í landinu, annar tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og hinn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um rannsókn nýrra heyverkunaraðferða.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Helgi Jónasson, Ásgeir Bjarnason, Andrés Eyjólfsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa í samráði við Búnaðarfélag Íslands þriggja manna nefnd til þess að kynna sér nýjar heyverkunaraðferðir hér á landi og erlendis og árangur þeirra. Nefndin skili áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir lok janúarmánaðar n. k. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Óþurrkarnir sunnanlands og vestan s. l. sumar hafa enn á ný vakið athygli alþjóðar á þeirri hættu, sem stöðugt vofir yfir landbúnaðinum, meðan ekki eru fyrir hendi möguleikar til að koma í veg fyrir almennar stórskemmdir á heyfeng bænda af völdum tíðarfarsins. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar í þessu skyni. Má þar fyrst og fremst nefna votheysgerðina, sem tíðkazt hefur um nokkra áratugi og víða gefið ágæta raun. Nú síðustu árin hafa margir bændur komið á hjá sér súgþurrkun, sem oftast auðveldar mjög verkun heyjanna, en virðist hins vegar

ekki vera einhlít í verstu sumrum, þegar sífelldar úrkomur eru og loftrakinn er mestur. Enn fremur þurfa að fara fram athuganir á fóðurgildi heysins eftir hinum ýmsu heyverkunaraðferðum. Þá hafa nú nýlega verið flutt hingað til lands súgþurrkunartæki með lofthitun. Hita þau loftið með hráolíubrennslu, um leið og því er blásið. Erlendis hafa nú í seinni tíð verið teknir í notkun stórvirkir heyþurrkarar, þar sem blautt hey þornar á svipaðan hátt og fiskúrgangur í beinamjölsverksmiðjum, og virðist heyþurrkun af þessu tagi fara mjög vaxandi erlendis. En upplýsingar um heyþurrkun þessa eða heyþurrkunarverksmiðjur eru enn af skornum skammti hér á landi. T. d. er nauðsynlegt að afla upplýsinga um stofnkostnað og rekstrarkostnað við þurrkunina og á hvern hátt slík verkunaraðferð geti helzt orðið hinum dreifðu sveitabyggðum hér á landi að gagni, ef um það er að ræða. Virðist óhjákvæmilegt, að farið verði utan til þess að kynna sér tækin og þurrkunaraðferðina, þar sem hún hefur verið reynd í framkvæmd, t. d. í Bretlandi og Kanada.

Eðlilegt væri, að nefnd sú, sem skipuð yrði samkvæmt þessari tillögu, ef samþykkt verður, gerði áætlun um samræmdar framkvæmdir til að tryggja landbúnaðinn gegn stóráföllum af völdum óþurrka, þegar þá ber að höndum. Kæmi þá til mála, að þær framkvæmdir miðuðu jöfnum höndum að því að auka þá heyverkun til öryggis, sem reynd hefur verið hér á landi (votheysgerð, súgþurrkun), og að taka upp nýjar og stórvirkari aðferðir. Yrði þá að taka tillit til mismunandi staðhátta og fjárhagslegra möguleika.

Heyfengur landsmanna mun nú vera allt að 3 millj. hesta í sæmilegu árferði, sem er lauslega áætlað um 300 millj. kr. virði, ef miðað er við verðlag, þegar hey er selt. Oft er það svo, að þriðjungur eða helmingur þess mikla verðmætis liggur undir skemmdum sama sumarið og ónýtist eða missir fóðurgildi sitt til mikilla muna. Er hér um að ræða stóran lið í þjóðarbúskap okkar Íslendinga.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um landkynningu og ferðamál.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Stofna skal Ferðamálaráð Íslands. Skal það skipað 7 mönnum; 2 eru kosnir af Alþingi, en 5 tilnefndir af eftirfarandi aðilum:

Eimskipafélag Íslands tilnefnir 1 mann.
Félag sérleyfishafa tilnefnir 1 mann.
Ferðafélag Íslands og Ferðamálafélag Reykjavíkur tilnefna 1 mann.
Flugfélag Íslands og Loftleiðir tilnefna 1 mann.
Samband veitinga- og gistihúsaeigenda tilnefnir 1 mann.
Ferðamálaráð skiptir sjálft með sér verkum.

2. gr.

Nú verða aðilar, sem tilnefna eiga samkv. 1. gr. einn mann sameiginlega, eigi sammála um tilnefningu, og skulu þeir þá tilkynna ráðherra tillögu sína; skipar ráðherra annan hvorn þeirra manna, sem nefndir eru til.

3. gr.

Hlutverk Ferðamálaráðs Íslands skal vera það, sem hér segir:

1. Ferðamálaráð hefur umsjón og eftirlit með öllu því, er lýtur að ferðamálum í landinu, einkum að því er tekur til erlendra ferðamanna, sem heimsækja

vilja landið og ferðast um það. Skal það vera hlutverk ferðamálaráðs að bæta ástand þessara mála í hvívetna, eftir því sem unnt er á hverjum tíma.

2. Ferðamálaráð hefur með höndum, í samráði við þau ráðuneyti, er hlut eiga að máli, kynningu lands og þjóðar á erlendum vettvangi á þann hátt, er ráðið telur vænlegast til þess að vekja athygli á landinu sem ferðamannalandi. Taka skal jafnan tillit til ástandsins í ferðamálum á hverjum tíma og möguleika landsmanna til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum á þann hátt, að sómi megi vera að.
3. Ferðamálaráð gerir áætlanir og tillögur um skipan gistihúsamála í landinu, svo sem um það, hvar ráðið telji einkum nauðsyn á að gistihúsakostur verði aukinn eða bættur, hver tegund gistihúsa skuli vera á hverjum stað og með hvaða hætti þeim verði komið upp.
4. Ferðamálaráð hefur eftirlit með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku erlendra ferðamanna, bæði að því er snertir verðlag og gæði þjónustu og viðurgernings, eftirlit með hreinlæti, umgengni og aðbúð ferðamanna á gisti- og veitingastöðum, og því, að fólk, sem annast móttöku erlendra ferðamanna, sé starfi sínu vaxið um menntun og framkomu. Skal þetta eftirlit ná jafnt til starfsfólks þeirra aðila, sem annast móttöku ferðamanna, og eigenda fyrirtækja þeirra, sem hlut eiga að máli.

   Til þess að örva heilbrigða samkeppni í þessu efni, er ráðinu heimilt að veita viðurkenningarskjal gisti- og veitingastöðum svo og öðrum aðilum, sem annast móttöku ferðamanna og reka starfsemi sína þannig, að til fyrirmyndar má teljast. Ferðamálaráð getur og svipt aðila slíkri viðurkenningu, ef ráðið telur, að eigi sé lengur ástæða til hennar, um stundarsakir eða þangað til bætt hefur verið úr því, sem ábótavant hefur reynzt í starfseminni.

   Ef ferðamálaráð verður þess áskynja, að einhverju sé ábótavant af því, sem að framan greinir, skal hlutaðeiganda bent á að bæta úr þeim misfellum. Séu ábendingar ferðamálaráðs eigi teknar til greina, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum ferðamálaráðs, að svipta eigendur að gisti- eða veitingastöðum, svo og ferðaskrifstofum, rétti til þess að reka þau um stundarsakir, þar til úr hefur verið bætt, eða að fullu.
5. Ferðamálaráð hefur eftirlit með bifreiðaakstri og bifreiðakosti, sem ætlaður er til aksturs erlendra ferðamanna.
6. Ferðamálaráð heldur námskeið fyrir túlka og veitir þeim starfsréttindi að loknu tilskildu prófi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Ferðamálaráð tekur við stjórn og rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins. Hún skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækja fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem beztum notum.

   Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

   Um verkefni ferðaskrifstofunnar að öðru leyti og starfsemi hennar yfirleitt skal ákveðið nánar í reglugerð.
8. Ferðamálaráð skal vera til ráðuneytis Alþingi og ríkisstjórn um öll þau mál, sem að framan greinir, og bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur, sem ráðið telur nauðsynlegar á hverjum tíma.

4. gr.

Ferðamálaráð Íslands ræður sér framkvæmdastjóra með samþykki ráðherra til þess að hafa með höndum daglegan rekstur og framkvæmdir eftir ákvörðun ferðamálaráðs. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk, eftir því sem þörf krefur, með samþykki ferðamálaráðs. Launakjör framkvæmdastjóra skulu ákveðin af ferða-

málaráði með samþykki ráðherra, en launakjör annars starfsfólks skulu ákveðin af framkvæmdastjóra með samþykki ferðamálaráðs.

Kostnaður við störf ferðamálaráðs, þar með talinn skrifstofukostnaður og fé til landkynningar, skal greiddur úr ferðamálasjóði, sbr. 7. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal semja árlega skýrslu um störf ráðsins og framkvæmdir. Þá skal ráðið og semja árlega fjárhagsáætlun, og skal hún jafnan send ráðherra til athugunar og staðfestingar fyrir hver áramót.

5. gr.

Hver sá, sem óskar að reka ferðaskrifstofu fyrir almenning, skal sækja um leyfi til ráðherra. Í umsókn sinni skal umsækjandi gera grein fyrir hæfni sinni til þess að reka slíka starfsemi, hverja reynslu hann hefur öðlazt í slíku starfi, tungumálakunnáttu og öðru því, er til greina kemur til þess að geta rekið ferðaskrifstofu fyrir innlenda og erlenda menn. Þá skal umsækjandi og gera grein fyrir húsnæði því, sem hann hefur til umráða til rekstrar ferðaskrifstofu. Skal ráðherra leita umsagnar ferðamálaráðs, áður en leyfi er veitt.

6. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal beita sér fyrir því, að stofnuð verði sem víðast á landinu félög áhugamanna — ferðamálafélög, er vinni að því að bæta skilyrði til móttöku ferðamanna hvert í sínu umdæmi og verði jafnframt til aðstoðar og ráðuneytis ferðamálaráði um allt það, er við kemur ferðamálum í héraðinu eða umdæminu.

7. gr.

Stofna skal ferðamálasjóð. Hlutverk hans er að veita lán til bygginga og endurbóta á gisti- og veitingastöðum, greiða kostnað við landkynningu og önnur útgjöld samkv. lögum þessum.

Ríkissjóður leggur til sjóðsins 500 þús. kr. á ári.

Ferðamálaráð beitir sér fyrir því að fá ýmsa aðila, er hagsmuni hafa af auknum ferðamannastraumi, til þess að greiða árlega frjáls framlög til sjóðsins.

Ferðamálaráð skal undirbúa aðrar fjáröflunarleiðir og leggja tillögur um þær fyrir Alþingi og ríkisstjórn fyrir árslok 1956.

8. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirstjórn landkynningar og ferðamála. Hún setur reglugerð um framkvæmd þessara mála, að fengnum tillögum Ferðamálaráðs Íslands.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og lög nr. 20 12. marz 1947, um breyting á þeim lögum.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000—100000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flestir munu nú telja rétt að reyna að gera Ísland að ferðamannalandi og örva straum erlendra ferðamanna hingað til lands.

Þeir fordómar, sem áður voru uppi gegn því að gera Ísland að ferðamannalandi, eru óðum að hverfa. Íslenzku þjóðerni og sjálfstæði á ekki að vera nein hætta búin, þótt hingað komi erlendir ferðamenn. Hins vegar geta Íslendingar eins og fjöldi annarra þjóða haft af því drjúgar gjaldeyristekjur og aukin viðskipti.

En til þess að svo megi verða, þarf margt til. Það þarf nýja skipan ferðamála og landkynningar. Það þarf aukinn gistihúsakost og bættan aðbúnað á mörgum sviðum. Tilgangur þessa frumvarps er að lögfesta heildarskipun þessara mála og koma þar á nýrri hreyfingu.

Aðalefni frumvarpsins er sem hér segir:

Lagt er til, að stofnað sé Ferðamálaráð Íslands, sem hafi með höndum stjórn landkynningar og ferðamála. Ferðamálaráðið skal skipað 7 mönnum; Alþingi kýs tvo þeirra, en hinir fimm skulu tilnefndir af ýmsum félögum og fyrirtækjum, sem hafa sérstakan áhuga á eða beina hagsmuni af auknum ferðamannastraumi, en það eru: Eimskipafélag Íslands, sem annast megnið af farþegaflutningi með skipum að landinu og frá því; félag sérleyfishafa, sem sér um flutning farþega með bifreiðum innanlands; flugfélögin íslenzku, sem flytja mikinn fjölda farþega loftleiðis að og frá landinu; Ferðafélag Íslands, sem unnið hefur rúman aldarfjórðung að því að örva ferðalög landsmanna og auka kynni þeirra af landinu; Ferðamálafélag Reykjavíkur, sem hefur það markmið að greiða í hvívetna fyrir auknum ferðamannastraumi; Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, en gistihúsmálin eru einn veigamesti þáttur þessara mála.

Hlutverk ferðamálaráðs er samkvæmt frumvarpinu að hafa umsjón og eftirlit með öllu, er lýtur að ferðamálum, annast í samráði við ráðuneytin kynningu lands og þjóðar á erlendum vettvangi, gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsmála, hafa eftirlit með móttöku erlendra ferðamanna, með bifreiðaakstri og bifreiðakosti, halda námskeið fyrir túlka, hafa með höndum stjórn og rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins og vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis um öll þessi mál.

Ferðamálaráðið ræður sér framkvæmdastjóra.

Þá er ætlazt til með frumvarpinu að afnema þá einokun, sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur nú að lögum um móttöku erlendra ferðamanna. Samkvæmt frumvarpinu verður starfsemi ferðaskrifstofa frjáls, en sækja þarf um leyfi til ráðherra, gera grein fyrir hæfni umsækjanda og kunnáttu, og skal leita umsagnar ferðamálaráðs, áður en leyfi er veitt.

Þá skal stofna ferðamálasjóð, er veiti lán til byggingar gistihúsa og greiði kostnað við landkynningu. Er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi til hans hálfa milljón króna á ári. Enn fremur skal reynt að fá ýmsa aðila, sem hafa hagsmuni af auknum ferðamannastraumi, til að greiða frjáls framlög árlega til sjóðsins. En auk þess á ferðamálaráð að undirbúa fyrir næstu áramót tillögur um aðrar fjáröflunarleiðir.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að koma nýrri skipan á þetta þýðingarmikla mál, sem enn er hér á byrjunar- og bernskustigi, en á eftir að verða stór atvinnuvegur landsmanna og þjóðinni á margan hátt til þrifnaðar og menningarauka.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi fluttu sömu flutningsmenn á síðasta þingi, en það náði þá ekki fram að ganga. Frv. var vísað til samgöngumálanefndar. Leitaði hún álits Ferðaskrifstofu ríkisins, Orlofs h/f, Ferðamálafélags Reykjavíkur og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda. Mæltu þrír hinir síðartöldu aðilar eindregið með samþykkt frv., og eru umsagnir þessara aðila prentaðar með þessari greinargerð. Forstöðumaður Ferðaskrifstofu ríkisins taldi sum ákvæði frv. til bóta, en vill viðhalda þeirri einokun, sem nú ríkir í þessum málum.

Flm. þessa frv. eru sannfærðir um, að brýn þörf er breytinga og stórra átaka í ferðamálum og landkynningar. Þeir flytja því mál þetta að nýju í trausti til vaknandi og vaxandi skilnings þings og þjóðar á þessu þýðingarmikla umbótamáli.

Fylgiskjal I.

FERÐAMÁLAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 25. apríl 1955.

Í bréfi, dags. 6. þ. m., hefur háttvirt samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar Ferðamálafélags Reykjavíkur um frumvarp til laga um landkynningu og ferðamál, þingskjal 449.

Stjórn Ferðamálafélagsins hefur kynnt sér frumvarpið og fagnar því, að fram skuli vera komið á Alþingi frumvarp um þetta efni, með því að hún telur, að eigi megi lengur við svo búið standa, að engin heildarlöggjöf sé til um, hvernig þessum málum skuli skipað hér á landi.

Í þessu frumvarpi virðist stjórn Ferðamálafélagsins að tekið sé fram allt hið helzta, sem máli skiptir um skipan þessara mála, og sér hún því eigi ástæðu til þess að gera tillögur um neinar breytingar á því. Það er einróma álit stjórnar félagsins, að hér á landi séu svo miklir möguleikar til þess að gera móttöku erlendra ferðamanna að sérstakri atvinnugrein, sem jafnframt veitir miklum erlendum gjaldeyri inn í landið, ef rétt er á málum þessum haldið, að lagasetning slík sem þessi sé bæði þörf og nauðsynleg, og telur stjórn Ferðamálafélagsins því, að umrætt frumvarp sé rétt spor í þá átt, að svo megi verða.

Vegna sérstakra anna formanns félagsstjórnarinnar hefur dregizt að svara bréfi nefndarinnar fyrr en nú, og beiðist stjórn félagsins afsökunar á þessum drætti.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Ferðamálafélags Reykjavíkur,
Agnar Kofoed Hansen
formaður.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

ORLOF h/f

Reykjavík, 15. apríl 1955.

Vér höfum með þökk móttekið bréf yðar, dagsett 6. þ. m., þar sem þér óskið umsagnar vorrar um frumvarp um landkynningu og ferðamál, þingskjal 449.

Vér lýsum ánægju vorri yfir, að frumvarp um þetta mál skuli vera komið fyrir Alþingi, en ástand ferðamála hér hefur verið til vansa.

Eftir lestur frumvarpsins teljum vér það ýtarlegt og gera ferða- og landkynningarmálunum góð skil.

Skipulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er hið sama og nú er á þessum málum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Englandi, Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Sviss og Ítalíu, en í öllum þessum löndum og fjölda annarra taka borgararnir þátt í ferðamálunum við hlið hins opinbera og í fullri samvinnu við það. Í öllum hinna framantöldu landa reka hinar opinberu ferðaskrifstofur eingöngu landkynningar- og skipulagsstörf á breiðum grundvelli, en einkafyrirtæki sjá um móttöku ferðamannanna og skipta við þá.

Vér teljum því, að frumvarpið, ef það verður að lögum, muni valda breytingum á ferðamálum hérlendis, sem mjög muni stuðla að því, að hér rísi upp nýr og arðbær atvinnuvegur, sem er móttaka og þjónusta við erlenda ferðamenn.

Með virðingu,
Orlof h/f,
Ásbjörn Magnússon.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSAEIGENDA

Reykjavík, 30. apríl 1955.

Sem svar við fyrirspurn yðar, dags. 6. þ. m., viljum við taka fram eftirfarandi:

Stjórnin hefur kynnt sér frumvarp um landkynningu og ferðamál á þingskjali, sem fylgdi með fyrirspurn yðar. Stjórn sambandsins fagnar því, að frumvarp þetta skuli fram komið á Alþingi, og mælir eindregið með samþykkt þess, enda brýn nauðsyn, að landkynning og ferðamál komi til umræðu á hæstvirtu Alþingi, þar sem þau mál eru til lítils sóma landi voru og þjóð eins og nú háttar. Í öllum löndum heims, sem á annað borð vilja snúa sínu rétta andliti að umheiminum, eru ferða- og landkynningarmál nú mjög á dagskrá og margt gert til úrbóta, sem meðfylgjandi frumvarp ætlast til að verði að lögum í landinu. Stjórn sambandsins væntir þess, að háttvirt samgöngumálanefnd neðri deildar eigi gæfu til að veita þessu aðkallandi nauðsynjarmáli brautargengi úr háttvirtri neðri deild.

Að lokum vill stjórn sambandsins þakka háttvirtri nefnd fyrirspurnina, en einnig skal afsakað, að vegna strjálla stjórnarfunda nú um sinn hefur ekki gefizt tækifæri til að afgreiða málið fyrr.

Virðingarfyllst,

f. h. Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda,
Lúðvíg Hjálmtýsson.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um skipun nefndar til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Ásgeir Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán og gera tillögur um breytingar í því skyni að greiða fyrir fjölgun nýbýla og gera efnalitlum bændum kleift að koma sér upp hæfilegum bústofni. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Greinargerð.

Lög um nýbýli og samvinnubyggðir voru sett á Alþingi árið 1935, eða fyrir 20 árum. Samkvæmt þessum lögum voru stofnuð um 380 nýbýli víðs vegar um land, aðallega næstu fimm árin. Árið 1941 var nýbýla- og samvinnubyggðalöggjöfin felld inn í ný lög um byggingar- og landnámssjóð, er sett voru á því ári. En vegna styrjaldarinnar varð lítið um nýbýlaframkvæmdir meðan þau lög voru í gildi. Þriðju lögin varðandi nýbýli voru sett árið 1946, þ. e. lög nr. 35/1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, en þau lög voru gefin út að nýju með nokkrum nýjum breytingum frá Alþingi árið 1952. Á gildistíma laganna frá 1946 (og 1952) hafa verið veitt leyfi til stofnunar nál. 530 nýbýla, og mun því mega segja, að stofnuð hafi verið rúml. 900 nýbýli á þeim tuttugu árum, sem nýbýlalöggjöf hefur verið í gildi,

þótt sum býlin séu enn ekki fullgerð. Eru hér með taldar eyðijarðir, sem hafa verið endurbyggðar samkvæmt nýbýlalögunum. Til mikils hluta nýbýlanna er stofnað með skiptingu jarða, þannig að einstaklingar, sem fengið hafa til umráða hluta af jörð, hafa fengið nýbýlastyrk — nú um 25 þús. kr. — til túnræktunar á nýbýlinu og jafnframt venjuleg lán úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði. En á nokkrum stöðum hefur landnám ríkisins keypt stór samfelld lönd, ræktað nokkurn hluta þeirra og lagt um þau ræktunarvegi, en síðan skipt þeim í býli, en þeir, sem við hinum nýju býlum taka, fá síðan lán úr sjóðnum eins og aðrir nýbýlingar.

Það er álit þeirra, er að þessari tillögu standa, að tímabært sé, að fram fari ný athugun á nýbýlalöggjöfinni, að sjálfsögðu í samráði við landnámsstjóra og nýbýlastjórn. Kemur þá ýmislegt til greina, sem gefa þarf gaum að. Nauðsyn ber til að hækka hið árlega framlag ríkisins til nýbýlastarfseminnar, en það er nú 2½ millj. kr. Yfirleitt munu nýbýlingar þurfa á meiri stuðningi að halda en nú er í té látinn. Um leið og áætlun er gerð um stofnun nýbýla á komandi árum, þarf að athuga gaumgæfilega möguleika til nýbýlastofnunar í öllum héruðum landsins og þá möguleika, sem landnám ríkisins hefur til frumkvæðis í þessum efnum. Í því sambandi þarf að hafa fyrirhyggju um útvegun lands handa þeim, sem vænta má að reisa vilji nýbýli á komandi tímum. Og fleira kemur hér til greina. Ekki verður hjá því komizt að gera nú gangskör að því að koma á fót einhvers konar bústofnslánsstarfsemi í landinu. Eiga þar raunar fleiri en nýbýlingar hlut að máli.

Á Alþingi hafa öðru hverju verið uppi tillögur um bústofnslán og fyrirkomulag þeirra, en ekki borið þann árangur, að komið hafi verið á fót skipulagðri bústofnslánsstarfsemi til frambúðar. Í lögum Búnaðarbankans voru um tíma sérstök ákvæði um bústofnslánadeild, en sakir fjárskorts varð lítið um framkvæmdir, og voru þessi ákvæði numin úr lögunum. Nú eru í gildi a. m. k. tvenn lagaákvæði varðandi bústofnslán, ákvæði laga nr. 31/1930 (bústofnslánafélög) og ákvæði ræktunarsjóðslaganna frá 1947, þar sem ræktunarsjóði er heimilað að lána til bústofnskaupa. Þá heimild mun sjóðurinn aldrei hafa notað, enda varla von til þess, þar sem hann hefur átt fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum eru ætluð fyrst og fremst, þ. e. lánveitingar til framkvæmda. Má og vera, að tæplega sé við því að búast, að hægt sé að útvega fjármagn sem um munar til bústofnslána með sömu kjörum og ræktunar- eða byggingarlán. Og líklegt er, að bændur teldu sér hag að bústofnslánum, þótt þau væru til skemmri tíma og eitthvað vaxtahærri en byggingar- og ræktunarlánin. Hitt er óviðunandi til lengdar, að menn, sem vilja eignast bústofn eða þurfa nauðsynlega að auka bústofn sinn til þess að geta lifað á honum, skuli ekki eiga aðgang að neinni lánsstofnun í því skyni. Því er að vísu haldið fram af bankafróðum mönnum, að erfitt sé að reka bústofnslánsstarfsemi vegna þess, að vafasöm trygging sé í búfé eins og staðhættir eru nú hér á landi. Hefur þetta að vísu nokkuð til síns máls. Þarf hér að ráða bót á og þá einkum með því að draga úr þeirri hættu, sem yfir búpeningi vofir vegna fóðurskorts í illæri og vegna búfjársjúkdóma. Hugsanlegt er að koma á takmarkaðri skyldutryggingu á búfé í sambandi við bústofnslán. Og baráttunni gegn fóðurskorti og búfjársjúkdómum verður að halda áfram af alefli, hvort sem bústofnslán eru veitt eða ekki. Möguleikar til úrræða í þessum efnum koma að sjálfsögðu til meðferðar í nefndinni í sambandi við bústofnslánin.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og afnám laga um lagagildi hans.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Guðnason,
Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands skal tilkynna ráði Norður-Atlantshafsbandalagsins, þegar eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, að Ísland hafi ákveðið að segja varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna upp með tilskildum fyrirvara og endurskoðun sé aðeins formsatriði. Sex mánuðum eftir þá tilkynningu til nefnds ráðs skal ríkisstjórnin tilkynna stjórn Bandaríkja Norður-Ameríku uppsögn samningsins og sjá svo um, að tólf mánuðum eftir það hafi Bandaríkin flutt allt sitt lið af landi brott.

2. gr.

Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110 19. des. 1951, falla úr gildi, um leið og varnarsamningurinn fellur niður samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingmenn Sósialistaflokksins hafa allt frá því að hernámssamningurinn var gerður 1951 á hverju þingi lagt til, að honum væri sagt upp.

Það er fróðlegt að rifja nú upp rök flokksins fyrir þeirri uppsögn, þegar á Alþingi 1952, en þá hljóðaði greinargerð þessa frumvarps sem hér segir:

„Síðan „varnarsamningurinn“ milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður, hinn 5. maí 1951, og Ísland var aftur hernumið af amerískum her, er nú liðið eitt og hálft ár.

Höfuðástæður þess, að flm. þessa frv. telja fullkomlega tímabært að segja honum upp, eru þessar:

I. Það hefur sýnt sig, að sá ótti, sem kann að hafa verið ríkjandi í hugum allmargra þingmanna, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni og hernáminu, sem henni fylgdi, um, að ný heimsstyrjöld og vopnuð árás á Ísland væri alveg yfirvofandi á hverri stundu, var ástæðulaus með öllu, heilaspuni einn og blekking, sem viss öfl höfðu reynt að ala á og koma inn hjá þingmönnum, er voru kallaðir saman til leynifunda til þess að samþykkja hernámið að þjóðinni forspurðri, þvert ofan í stjórnarskrá landsins og þvert ofan í allar þær yfirlýsingar, sem þjóðinni voru gefnar 1949 og áður um, að aldrei skyldi koma til hersetu á Íslandi á friðartímum.

Það er því ljóst nú, að samningurinn var gerður á fölskum forsendum. Þingmenn voru fengnir til að samþykkja hann með blekkingum um yfirvofandi heimsstyrjöld, sem ekki hefur komið og er nú ólíklegri en nokkru sinni fyrr vegna sívaxandi máttar og áhrifa friðaraflanna í heiminum.

II. Það hefur sýnt sig svo átakanlega, að því þarf ekki að lýsa, að sá ægilegi háski, sem sjálfstæði þjóðarinnar, íslenzkri menningu og tungu og siðferði uppvaxandi æskulýðs er búinn af hernámi Íslands af hálfu erlends stórveldis og setu þúsunda erlendra hermanna rétt við bæjardyr höfuðborgarinnar og í henni sjálfri, er jafnvel miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir, áður en hið nýja hernám hófst fyrir hálfu öðru ári.

III. Samningurinn sjálfur og viðbótarsamningur sá, sem honum fylgdi, hefur verið vanefndur og þverbrotinn af hálfu hins erlenda samningsaðila, Bandaríkjanna. Í honum og málamyndaákvæðum hans hefur ekki reynzt neitt hald gegn þeim hættum, sem af hersetunni stafa.

Bandaríkin lofuðu því hátíðlega í samningnum sjálfum að framkvæma skyldur sínar samkvæmt honum þannig að stuðla svo sem frekast mætti verða að öryggi íslenzku þjóðarinnar og hafa ávallt í huga, hve fámennir Íslendingar eru. Og enn fremur lofuðu þeir, að ekkert ákvæði samningsins skyldi skýrt þannig, að það raskaði úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum (8. gr. samningsins).

Þessi loforð hafa verið efnd þannig, að íslenzkir menn og konur geta ekki lengur verið örugg fyrir árásum, líkamsmeiðingum og nauðgunartilraunum amerískra hermanna á opinberum skemmtistöðum, á götum úti eða jafnvel í híbýlum sínum.

Bandaríkin sýna tillitsemi sína til fámennis Íslendinga með þeim hætti að láta þúsundir hermanna flæða yfir Reykjavík á nótt sem degi, stórauka húsnæðisvandræðin þar með því að yfirkaupa leiguhúsnæði handa yfirmönnum hersins, sem þykir þægilegra að búa hér með fjölskyldur sínar en á Keflavíkurflugvelli, taka heilar hæðir íbúðarhúsa eða heil hús á leigu fyrir einkaskemmtistaði hermanna og ólifnaðarbæli og koma þannig því óorði á höfuðborg Íslands úti um heim, að spilling og ólifnaður sé hér meiri en dæmi séu til, þar sem verst er í stórborgum (sbr. ummæli ameríska herprestsins á Keflavíkurflugvelli í viðtali við erlent blað).

Í 4. gr. viðbótarsamningsins um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra er ákveðið, að hermenn í hernámsliðinu skuli vera einkennisklæddir.

Þetta ákvæði hefur verið þverbrotið af sjálfri yfirstjórn hernámsliðsins, beinlínis í þeim tilgangi að auka varnarleysi og öryggisleysi Íslendinga fyrir hættum hernámsins.

Þegar allt framferði hernámsliðsins og yfirgangur hér í bænum keyrði svo úr hófi, að það hafði vakið réttmæta reiði og fordæmingu alls almennings í landinu og alveg sérstaklega reykvíska borgara, sem urðu að horfa upp á það og þola daglega, greip herstjórnin sjálf til þess ráðs að birta auglýsingu í aðalstöðvum hersins þess efnis, að hermenn skyldu afklæðast einkennisbúningum sínum á ferðum sínum í Reykjavík.

Þetta tiltæki herstjórnarinnar hér mun vera algert einsdæmi og ekki eiga sér nein fordæmi jafnvel þar, sem ameríska hernámsliðið dvelur í sigruðum löndum, en það er alkunn staðreynd, að amerískir hermenn eru alls staðar óvinsælir og illa liðnir, hvar sem þeir dveljast utan heimalands síns, og hafa alls staðar fulla ástæðu til að dylja einkenni hers síns og þjóðernis. En hér á að heita svo, að þeir dveljist samkvæmt gerðum samningi við varnarlausa smáþjóð, allsendis óvana hermennsku og vopnaburði. Í samninginn vantar að vísu öll skýr ákvæði til verndar Íslendingum sjálfum í viðskiptum þeirra við hernámsliðið, og var rækilega bent á það af sósíalistum í umræðum um samninginn hér á Alþingi. En þegar samningsákvæði eins og það, að hermenn í hernumdu landi skuli bera einkennisbúning hers síns til aðgreiningar frá innlendum mönnum, er jafnvel þverbrotið opinberlega af yfirstjórn hersins, einmitt þegar það er orðin krafa alþjóðar, að reglur séu settar til að reisa rönd við spillingaráhrifum, sem af hernum stafa, þá er það augljóst, að í slíkum samningi er engin vörn eða vernd og að hann er óþolandi, enda hefur því meira að segja verið haldið fram af þeim, sem lengst ganga í þjónustuseminni, — Alþýðublaðinu og utanríkisráðherranum, — að engin íslenzk lög séu til og engin lög heldur hægt að setja (!), sem reisi fullnægjandi skorður við flakki óeinkennisbúinna ameríska dáta utan samningssvæðanna svokölluðu, t. d. í höfuðstað Íslands.

En sú vörn er þó til, eftir að öll þjóðin hefur fordæmt framkomu hernámsliðsins og reynslan hefur fært henni heim sanninn um hina geigvænlegu hættu af dvöl þess hér á landi og þá ómótmælanlegu staðreynd, að hún er jafnóþörf sem hún er háskaleg, að segja upp þessum samningi, sem gerður var á fölskum for-

sendum, með blekkingum og í blekkingarskyni, en auk þess hefur reynzt gersamlega haldlaus gagnvart hinum erlenda samningsaðila.

Sá samningsaðili, Bandaríki Norður-Ameríku, hefur nú sýnt Íslendingum það með framkvæmd fjögurra milliríkjasamninga, hvernig hann heldur gefin loforð og gerða samninga við eina af minnstu og varnarlausustu þjóðum heimsins:

I. Í herverndarsamningnum frá 1951 lofuðu Bandaríkin að hverfa burt frá Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó þegar að ófriðnum loknum. Bandaríkin sviku þetta hátíðlega loforð, neituðu að hverfa burt héðan með her sinn og kröfðust árið 1945 herstöðva á Íslandi til 100 ára.

II. Þau neituðu að falla frá herstöðvakröfunum og fengu Keflavíkursamninginn árið 1946. Hver einasta grein þess samnings, sem til framkvæmda gat komið, var þverbrotin þau 5 ár, sem hann gilti.

III. Árið 1949, þegar Ísland var tekið í Atlantshafsbandalagið, gaf utanríkisráðherra Bandaríkjanna út hátíðlega yfirlýsingu „í embættisnafni fyrir hönd Bandaríkjanna og fyrir hönd allra bandalagsþjóðanna“, þess efnis, að „það skyldi aldrei koma til mála, að fram á það yrði farið við Íslendinga að hafa erlendar herstöðvar á Íslandi á friðartímum“. Þannig orðað flutti utanríkisráðherra Íslands (einnig í embættisnafni) þetta hátíðlega loforð Bandaríkjanna til Alþingis og íslenzku þjóðarinnar, þegar verið var að fá okkur í Atlantshafsbandalagið í marz 1949.

Þetta loforð, sem auðvitað átti að hafa samningsgildi og var samningur í sjálfu sér, var haldið svo, að í maí 1951 var herstöðvanna krafizt og þær teknar.

IV. Um það var gerður „varnarsamningurinn“, sem nú er í gildi og hefur verið haldinn svo sem alþjóð er kunnugt og nokkuð hefur verið drepið á hér að framan.

Þessi er reynsla Íslendinga af samningum við Bandaríkin.

Það er grundvallaratriði, sem allir milliríkjasamningar og allur þjóðaréttur byggist á, að „samninga ber að halda“.

Þetta grundvallaratriði og þessi forsenda allra ríkjasamninga hefur sannanlega brostið í öllum hinum þýðingarmestu samningsviðskiptum Íslands og Bandaríkjanna, eins og hér hefur verið sýnt, og er Íslendingum auðvelt að sanna þetta fyrir öllum heimi, hvenær sem er.

Efndir þeirra fjögurra samninga, sem hér er minnt á, sýna, að Bandaríkin hafa ekki hirt um að halda orð eða anda þeirra samninga, sem þeir hafa gert við Ísland.

Framkvæmd þessa samnings sýnir þó allra skýrast, að það er ekki vernd eða öryggi Íslendinga sem smáþjóðar, sem fyrir þeim vakir, heldur hernám Íslands í anda ameríkskrar hernaðarstefnu og vegna hernaðarþarfa Bandaríkjanna án minnsta tillits til smæðar og veikrar aðstöðu íslenzku þjóðarinnar. Með öðrum orðum, það er framkvæmd hinna ógrímuklæddu herstöðvarkrafna frá 1945 og ekkert annað.

Það var ekki vilji eða tilætlun íslenzku þjóðarinnar 1945 né 1951. Þess vegna ber að segja þessum samningi upp þegar í stað.“

Þannig hljóðaði greinargerðin 1952.

Síðan hefur frv. verið flutt á hverju þingi og alltaf verið fellt frá nefnd þar til á síðasta þingi, 1954, að því var vísað til allsherjarnefndar, en ekki afgreitt þaðan.

Allar þær ástæður, sem fram eru færðar í ofanritaðri greinargerð fyrir því, að segja beri upp hernámssamningnum frá 1951, hafa síðan verið staðfestar og undirstrikaðar af reynslunni og rás viðburðanna innanlands og utan og sérstaklega nú af gerbreytingu þeirri, sem orðið hefur á þessu ári.

Í heimsstjórnmálum hefur það gerzt meðal annars síðan 1951, að Kóreustyrjöldin og Indó-Kínastríðið eru úr sögunni og að aðalforustumenn þriggja mestu stórvelda heimsins, Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands, hafa allir lýst yfir, að ekkert deilumál sé til, sem ekki sé unnt að leysa með friðsamlegum samningum. Aðalforustumenn stórveldanna hafa þegar setzt að samningaborði í Genf og lýst því yfir, að nú sæi fyrir endalok þess „kalda stríðs“ sem einkennt hefur 8 síðustu árin.

Í málefnum Atlantshafsbandalagsins hafa margir atburðir gerzt, sem gera það lausara í reipum en áður var og sýna, að það ofurvald, sem Bandaríkin hafa haft

innan þess og yfir bandamönnum sínum yfirleitt, er nú úr sögunni. Þær tvær smáþjóðir, sem Íslendingar eru skyldastir innan þessa bandalags, Norðmenn og Danir, hafa báðar ákveðið hafnað eindregnum kröfum Bandaríkjanna um herstöðvar með þeim rökum, að nú séu friðartímar og sívaxandi friðarhorfur, enda hræði sporin frá Íslandi, reynslan af hernámi Íslands sýni, að herseta Bandaríkjanna í öðru ríki Atlantshafsbandalagsins sé því sjálfu enginn styrkur, heldur öfugt.

Og hvað hefur gerzt, og hvað er að gerast með íslenzku þjóðinni, á sama tíma og danskir og norskir talsmenn Atlantshafsbandalagsins haga orðum sínum og gerðum með þessum hætti, vara þjóðir sínar við ameríkskri hersetu með reynsluna frá Íslandi fyrir augum? Hverjir eru þeir íslenzkir stjórnmálamenn, sem nú treystast til að staðhæfa, að forsendan, sem þeir töldu vera fyrir hernámssamningnum 1951, yfirvofandi heimsstyrjöld og árás á Ísland á hverri stundu, sé til enn í dag?

En ef forsendan er brostin eða var aldrei til, ef nú eru friðartímar og vaxandi friðarhorfur þrátt fyrir allt, eins og Danir og Norðmenn töldu þegar í fyrra og lögðu til grundvallar neitun sinni við amerískum herstöðvum, og allir ábyrgir stjórnmálamenn telja nú, hver eru þá rökin fyrir því að halda áfram samningsbundnu hernámi Íslands á friðartímum lengur en samningurinn um það gerir nauðsynlegt? Samkvæmt ákvæðum hans er hægt að losna við hernámið innan eins og hálfs árs. Hverjir vilja ekki vera lausir og óbundnir við hernám landsins þá, er friðarhorfur halda áfram að aukast?

Það er nú svo komið, að þeir flokkar, allir, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni 1951 og munu ávallt bera þá ábyrgð frammi fyrir dómstóli sögunnar, eru nú á undanhaldi í málflutningi sínum og varnir þeirra fyrir áframhaldandi hernámi landsins allar á ringulreið. Sá utanríkisráðherra, sem samninginn gerði og ber sérstaka ábyrgð á honum, hefur orðið að hrökklast frá því embætti. „Varnarmálanefnd“ sú, sem hann skipaði sér til aðstoðar, hefur farið sömu leiðina.

Sá flokkur, sem hafði stjórnarforustu, er samningurinn var gerður, og virtist ekkert hafa að athuga við samninginn og framkvæmd hans hátt á annað ár, sá sér þann kost vænstan, er að því kom að verja hvort tveggja fyrir dómstóli kjósendanna, að snúast til harðrar gagnrýmí á allri framkvæmd samningsins og fól síðan nýjum utanríkisráðherra að freista þess að ráða einhverja bót á henni, um leið og blað hans krefst endurskoðunar samningsins í heild og viðurkennir þar með, að samningurinn sjálfur sé óhæfur grundvöllur til að byggja á til frambúðar.

En þegar rætt er um endurskoðun samningsins, verða þeir, sem vilja varast nýjar blekkingar, að gera sér ljóst, að aðeins er um tvennt að gera: áframhaldandi hernám Íslands af hálfu Bandaríkjanna eða ekki. Áframhaldandi hernám með endurskoðuðum og endurnýjuðum hernámssamningi mundi þýða hernám Íslands um ófyrirsjáanlega langan aldur.

Þeir, sem ekki óska að tilkynna Bandaríkjunum það beinlínis fyrir fram, að Íslendingar séu nú, þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar, reiðubúnir til þess að veita þeim herstöðvar hér á landi um langa framtíð á friðartímum og við sívaxandi friðarhorfur, t. d. jafnvel þótt samningar tækjust á næstu mánuðum milli stórveldanna, sem tryggðu öruggan frið um langa hríð, hljóta því nú að vera því fylgjandi, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að samningurinn frá 1951, sem gerir ráð fyrir setu ameríska herliðs á Íslandi á friðartímum, falli niður, en það er aðeins hægt að gera ótvírætt með því, að Alþingi samþykki uppsögn hans með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., með tilliti til þess, hvernig um hnútana var búið, er honum var á sínum tíma veitt lagagildi á Íslandi.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um vélar og verkfæri til vega- og hafnagerða.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, í samráði við vegamálastjóra og hafnarmálastjóra, fara fram athugun á því, hvað tiltækt er af fullkomnum og hentugum vélum og verkfærum til vega- og hafnagerða hér á landi og hverrar viðbótar sé þörf af þeim tækjum, til þess að í öllum héruðum landsins sé hægt að vinna að slíkum framkvæmdum með sem hagkvæmustum aðferðum. Síðan sé unnið að því að afla, svo fljótt sem unnt er, nýrra og fullkominna tækja, eftir því sem rannsóknin sýnir að þörf sé fyrir.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa orðið verulegar breytingar á vinnubrögðum við opinberar framkvæmdir hér á landi, svo sem vega- og hafnagerðir. Í stað ófullkominna verkfæra, sem áður voru notuð, hafa nú verið tekin í notkun vélknúin tæki, svo sem uppmoksturstæki, jarðýtur, skurðgröfur og bifreiðar. Afköst við nýbyggingar og viðhald veganna fara nú fyrst og fremst eftir því, hvort slík hentug og stórvirk tæki eru notuð við framkvæmdirnar eða ekki, og svo er einnig við hafnabyggingar. Skiptir því miklu máli, að slík tæki séu til notkunar í öllum héruðum landsins, svo að sem mest fáist unnið fyrir það fé, sem árlega er veitt til framkvæmdanna.

Þrátt fyrir þær framfarir, sem orðið hafa í þessum efnum, mun þó enn skorta á, að hvarvetna sé kostur á hentugum tækjum til framkvæmdanna. Í tillögu þeirri, sem hér er fram borin, er því lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að láta fara fram athugun á því, hvað tiltækt er af fullkomnum vélum og tækjum til þessara framkvæmda og hve mikils þurfi að afla af þeim til viðbótar, svo að fullnægt verði þörfinni fyrir slík tæki. Meðal annars, sem taka þarf til athugunar, er þörfin fyrir stærri tæki en nú eru notuð, t. d. stóra vagna til flutninga á ofaníburði í vegi.

Þá er og lagt til, að unnið verði að því að afla sem fyrst þeirra nýrra véla og tækja, sem rannsóknin kann að leiða í ljós að þörf sé fyrir.

Ed. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt frv. um lögfestingu á 12 stunda hvíldartíma á botnvörpuskipum, þannig að sólarhringnum skuli skipt í fjórar sex stunda vökur og helmingur háseta vinna í einu, en hinn helmingurinn hvílast. Frv. þessi hafa ekki náð fram að ganga. Á þinginu 1950—51 var frv. um þetta efni vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var þar til þess vísað, að samtök sjómanna séu þegar búin að fá framgengt kröfunni um 12 stunda lágmarkshvíld á saltfiskveiðum með frjálsum samningum, og sé eðlilegt, að ákvæði um lágmarkshvíld á ísfiskveiðum verði einnig samningsatriði. Meiri hluti Alþingis hafði ekki viljað fallast á að lögfesta 12 stunda lágmarkshvíld á botnvörpuskipum. Þess vegna urðu sjómenn að neyta afls samtaka sinna og verkfallsréttar síns til þess að knýja fram kröfur sínar.

Sjómenn og samtök þeirra telja þessu réttlætismáli ekki komið í höfn, fyrr en hásetum hefur verið tryggð með lögum 12 stunda lágmarkshvíld á öllum veiðum. Sú krafa verður ekki látin niður falla. Ef Alþingi skirrist enn við að setja lagaákvæði um þetta efni, jafngildir það því, að sjómönnum sé sagt, að þeir verði áfram að treysta einvörðungu á samtök sín og verkfallsrétt. Rökin fyrir því, að togarasjómönnum sé tryggð með lögum 12 stunda lágmarkshvíld, eru svo sterk, að baráttunni fyrir þessum málstað hlýtur að ljúka með algerum sigri. Þegar þeir, sem í landi vinna, hafa yfirleitt ekki lengri vinnudag en 8 stundir og mjög margir skemmri, er fráleitt, að sjómenn vinni nokkurn tíma 16 stundir á sólarhring. Þótt vinnudagurinn verði með lögum styttur niður í 12 stundir, er munurinn enn sannarlega nógu mikill, þegar það er haft í huga, að vinna háseta á botnvörpuskipum er ein hin erfiðasta, sem unnin er.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um endurbætur og stækkun flugvallarins í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta ekki lengur dragast, að hafizt verði handa um nauðsynlegt viðhald og umbætur til öryggis á Vestmannaeyjaflugvelli, og að hraða svo sem unnt er stækkun vallarins.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við, sem nú flytjum þessa tillögu, ályktunartillögur um, að hraðað yrði framkvæmdum til stækkunar á flugvellinum í Vestmannaeyjum. Þessar tillögur fengu ekki fullnaðarafgreiðslu, en í nefndaráliti fjárveitinganefndar, útgefnu 6. maí 1955, segir svo meðal annars:

„Þess má vænta, að flugmálastjórnin verji af fjárveitingu til flugvallagerðar svo miklu fé til umbóta á Vestmannaeyjaflugvelli sem unnt er, með hliðsjón af öðrum þörfum á þessu sviði.“

Með þessum rökum lagði nefndin svo til, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Eins og sjá má af framanrituðu, var í tillögum okkar á síðasta þingi sérstök áherzla lögð á stækkun flugvallarins, enda töldum við, að nauðsynlegt viðhald þessa flugvallar þætti svo sjálfsagt, að ekki þyrfti sérstaka tillögu um það að flytja á Alþingi, enda öllum kunnugt, að notkun flugvallarins í Vestmannaeyjum er mjög mikil.

Nú hefur sú raunin á orðið, að það sem af er þessu ári hefur flugmálastjórnin ekki einasta látið allar stækkunarframkvæmdir undir höfuð leggjast, heldur einnig vanrækt hið nauðsynlegasta viðhald á slitlagi vallarins.

Ástand vallarins nú er því með þeim hætti, sem telja verður óviðunandi, einkum vegna þess, að slitlag vallarins er orðið svo þunnt, að hætta getur verið á, að flugvélar sökkvi í við lendingu eða flugtak, og má öllum ljóst vera, hverjar afleiðingar það getur haft. Einnig er lenging flugbrautarinnar til vesturs mjög aðkallandi, þar eð reynslan sýnir, að austurhluti brautarinnar notast ekki að fullu við aðflug úr austri, eins og þeim má ljóst vera, er til staðhátta þekkja.

Öllum Vestmannaeyingum og mörgum þeim, er skipti eiga við Eyjar, er ástand Vestmannaeyjaflugvallar orðið mikið áhyggjuefni og hinn furðulegi dráttur á aðgerðum, er tryggja hið fyllsta öryggi, fullkomið hryggðarefni.

Af þessum ástæðum teljum við flutningsmenn þessarar tillögu fyllstu ástæðu til að leita fulltingis Alþingis um að hrinda í framkvæmd hinum bráðnauðsynlegustu umbótum á Vestmannaeyjaflugvelli.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason, Gunnar Thoroddsen, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Nr. 1—5 í 79. kafla orðist svo:
   1 Flygel og píanó ..... tollfrjáls
   2 Hlutar til flygela og píanóa ..... tollfrjálsir
   3 Orgel og harmónium ..... tollfrjáls
   4 Hlutar til orgela og harmónía ..... tollfrjálsir
   5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a. ..... tollfrjáls
2. Nr. 7—9 í sama kafla orðist svo:
   7 — önnur og hlutar til þeirra ..... tollfrjáls
   8 Harmoníkur og hlutar til þeirra ..... tollfrjálsar
   9 — grammófónar og hlutar til þeirra ..... tollfrjálsir
3. Fyrir nr. 11 og 12 í sama kafla komi eitt nr., svo hljóðandi:
   11 — grammófónplötur ..... tollfrjálsar
4. Nr. 15—16 í sama kafla orðist svo:
   15 Trumbur ..... tollfrjálsar
   16 Önnur hljóðfæri og hljóðfærahlutar, ót. a. ..... tollfrjáls

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á hljóðfærum er nú tollur, sem nemur allt að 80%. Á það að sjálfsögðu sinn þátt í því, hve dýr þau eru. Er nú svo komið, að aðeins efnað fólk hefur möguleika til þess að kaupa hljóðfæri, eins og t. d. slaghörpu og orgel, sem æskilegt er að til séu á sem flestum heimilum í landinu.

Þetta er mjög illa farið. Tónmenntun þjóðarinnar hlýtur að vera snar þáttur í menningarlegu uppeldi hennar. En til þess að iðkun hljómlistar geti orðið almenn, þarf hljóðfæraeign mjög að aukast. Gegn því má hið opinbera ekki vinna með óhóflegum tollaálögum á þessi menningartæki. Á það má benda, að bækur, bæði skólabækur og aðrar bækur, sem inn eru fluttar, eru tollfrjálsar. Sama ætti að gilda um hljóðfæri.

Með frv. þessu er þess vegna lagt til, að felldir verði niður tollar af helztu hljóðfærum, sem til landsins eru flutt. Vegna þess, hve innflutningur þeirra hefur verið lítill undanfarin ár, missir ríkissjóður hverfandi lítils í af tekjum sínum með slíkri breytingu tollalaga. Samtals voru á s. l. ári flutt inn hljóðfæri fyrir rúmlega 975 þús. kr. að innflutningsverði. Vörumagnstollur, verðtollur og söluskattur af þessum innflutningi nam hins vegar rösklega 915 þús. kr.“

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um að gera aðalakvegi landsins úr varanlegu efni.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Ó. Ólafsson, Sigurður Bjarnason, Ingólfur Flygenring, Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að láta nú þegar undirbúa og framkvæma rannsóknir á því, í samráði við vegamálastjóra, með hverjum hætti sé hagkvæmast að gera aðalakvegi landsins úr varanlegu efni og af þeirri gerð, er svarar til stóraukinnar umferðar með stöðugt stærri og þyngri ökutækjum.

Skal rannsókninni hraðað með það fyrir augum, að sem fyrst sé hægt að hefjast handa um slíkar framkvæmdir og koma þar með í veg fyrir þá óhóflegu sóun fjármuna, sem felst í hinum gífurlega og sívaxandi kostnaði af vegaviðhaldi ríkisins og rekstrarkostnaði ökutækja, meðan ekki er úr bætt.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, er mjög var liðið á störf þess, og náði því ekki afgreiðslu þá. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

Á undanförnum árum hefur hinn gífurlegi kostnaður af viðhaldi vega í landinu verið stöðugt vaxandi áhyggjuefni. Kostnaðurinn við vegaviðhaldið hefur orðið margfaldur á við kostnaðinn af nýbyggingu vega og þar af leiðandi hindrað hinar bráðnauðsynlegu framkvæmdir við nýbyggingar. Vegna þess, hve fjölförnustu vegirnir ganga fljótt úr sér, eru þeir oft tímum saman í lítt færu ásigkomulagi og valda þannig samhliða stöðugt vaxandi kostnaði við rekstur samgöngutækjanna. Verður þetta að sjálfsögðu tilfinnanlegast þar, sem umferðin er örust og vöruflutningar mestir. Nægir í því sambandi t. d. að vitna til hins gífurlega viðhaldskostnaðar á bifreiðum við mjólkurflutningana af Suðurlandsundirlendinu til Reykjavíkur.

Á stríðsárunum og eftir hófst nýr þáttur í vegagerðinni með hagnýtingu nýrrar tækni, þegar tekin voru í notkun við vegagerðina ný tæki miklu mikilvirkari en áður tíðkuðust. Hefur vegagerð ríkisins gengið rösklega fram í því að tileinka sér á þessu sviði nýjar vinnuaðferðir.

En á síðari árum hefur einnig átt sér stað furðu ör þróun í samgöngutækni, sem fyrst og fremst felst í því, að landsmenn hafa tekið í notkun miklu þyngri og burðarmeiri ökutæki en áður, samtímis því sem öll umferð á vegunum hefur margfaldazt með auknum bifreiðakosti.

Hér þarf því enn að hefjast handa um nýjan viðbúnað til þess að mæta þessari nýju þróun, og er þáltill. þessi við það miðuð.

Vegamálastjóri mun hafa haft opin augu fyrir nauðsyn þessa máls. En hér þarf óvanalega stór átök, svo að gagni komi. Það þarf óhikað að afla þeirrar fyllstu sérfræðilegu þekkingar, sem fyrir hendi er hjá öðrum þjóðum, sem á undan okkur hafa leyst slík viðfangsefni. Og það má ekki hika við að leggja í milljónatuga kostnað í fyrstu, þegar einsýnt er, að leiða muni til ómetanlegs sparnaðar bæði fyrir ríkissjóð og einstaklinga og létta stórum undir með atvinnurekstri landsmanna, þegar fram í sækir. Sá stofnkostnaður, sem verða kann af því að gera aðalakvegina úr varanlegu efni og í samræmi við hina öru þróun umferðar og ökutækja, mun borga sig fyrir þjóðarheildina á fáum árum.

Nd. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sósíalistaflokkurinn flytur nú frumvarp þetta í tíunda sinn. Rökin fyrir því hafa oft verið sett fram og skulu nú sett fram einu sinni enn:

Alþingi Íslendinga mun ásátt um, að líf þessarar þjóðar byggist öðru fremur á starfi því, sem sjómenn hennar inna af höndum, og þess vegna fari vel á því, að hún haldi einn dag vor hvert hátíðlegan til að votta mönnum þessum virðingu sína og þökk. Á sama hátt og aðrar þjóðir hafa sérstakan dag til að heiðra hermenn sína, hafa Íslendingar sérstakan dag til að heiðra sjómenn sína.

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur síðustu 15 árin með skrúðgöngu og ræðuhöldum. Og Alþingi Íslendinga hefur alltaf átt fulltrúa meðal hinna

atkvæðamestu ræðumanna dagsins. Fulltrúar þess hafa yfirleitt lagt áherzlu á, að Alþingi kunni vel að meta afrek sjómanna í þágu fósturjarðarinnar, og staðið fyrir miklum húrrahrópum. Í 15 ár hefur Alþingi sem sagt látið ótvírætt á sér skilja fyrsta sunnudag í júní og stundum oftar, að það telji sig og landsmenn alla eiga sjómönnum allt gott að þakka, enda vinni þeir þýðingarmestu störf þjóðfélagsins og séu hetjur hafsins. Og næstum jafnlengi hefur meiri hluti Alþingis barizt markvíst gegn því, að mönnum þessum veittist lagalegur réttur til mannsæmandi hvíldar. Þessi stofnun, sem aldrei telur eftir sér að húrra fyrir sjómönnum, hefur nú í rúman áratug þrjózkazt við að samþykkja frumvarp til afnáms því hróplega ranglæti, að hásetar á togurum hafa með lögum verið skyldugir til að þræla 16 klukkustundir á sólarhring. Mætti ætla, að ekki væri lítið unnið og ekki lítið vakað innan þeirrar stofnunar, sem þannig þykist sóma síns vegna mega haga sér.

Frv. þetta til lögfestingar 12 klst. lágmarkshvíldar háseta á togurum var fyrst flutt á sumarþinginu 1942. Flutningsmaður þess var einn af þingmönnum Sósíalistaflokksins, þáv. 2. landsk. þm., Ísleifur Högnason. Sjávarútvegsnefnd Nd. fékk frumvarpið til meðferðar. Ef til vill hefur nefndinni ekki fundizt það ómaksins vert að sinna þessari kröfu um, að helztu fyrirvinnur þjóðfélagsins fengju tíma til að hvíla sig eitthvað í líkingu við það, sem tíðkast um aðrar mannlegar verur á Íslandi, — svo mikið er víst, að nefndinni láðist að afgreiða frumvarpið og það dagaði uppi á þinginu.

Næst var frv. flutt á þinginu 1946 af tveim þingmönnum Sósíalistaflokksins, Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Aftur fékk sjávarútvegsnefnd það til meðferðar, og að þessu sinni veitti hún sér tíma til að hafa skoðanir á því, enda gekk fulltrúi sósíalista í nefndinni mjög hart eftir því, að hún afgreiddi frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og Skúli Guðmundsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, lýsti sig andvígan málinu og lagði til, að frv. yrði fellt. Fulltrúi Alþýðuflokksins, Finnur Jónsson, lýsti yfir því, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins. Fulltrúi Sósíalistaflokksins, Áki Jakobsson, var einn nefndarmanna til að styðja frumvarpið og lagði til, að það yrði samþykkt. Hins vegar láðist deildinni að afgreiða frumvarpið. Það dagaði enn uppi á þessu þingi.

Sömu þingmenn fluttu frv. í þriðja sinn á þinginu 1947. Á meðan var hafin hörð barátta í málinu utan þings. Um 400 starfandi sjómenn sendu Alþingi áskorun um að samþykkja frumvarpið, og sams konar áskorun hafði verið samþykkt á þingi Alþýðusambands Íslands 1946, enda hörfa nú andstæðingar málsins á Alþingi til nýrra varnarstöðva í baráttunni gegn því. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar í sjávarútvegsnefnd lögðu að þessu sinni til, að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa nefnd til að athuga það. Og fulltrúi Alþýðuflokksins hljóp í bát með þessum mönnum, sem áður höfðu umsvifalaust viljað láta fella frumvarpið; lýsti sig fylgjandi afstöðu þeirra. Enn var aðeins einn nefndarmanna fylgjandi samþykkt frumvarpsins, fulltrúi Sósíalistaflokksins.

Málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar í marzmánuði 1948, en þremur mánuðum síðar skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á togurum. Tveir nefndarmanna voru skipaðir án tilnefningar, tveir voru tilnefndir af samtökum sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, tveir af togaraeigendum.

Það fór eins og þingmenn sósíalista höfðu varað við, störf nefndarinnar urðu til einskis annars en að tefja framgang þessa réttlætismáls. Í rúmt ár var nefndin að velta því fyrir sér, hvort mönnum þeim, sem fyrsta sunnudag í júní eru nefndir hetjur hafsins og þýðingarmestu starfsmenn þjóðfélagsins, skyldi lögum samkvæmt leyfast að hvíla sig lengur en 8 klst. á sólarhring. Og nefndin kom í þremur hlutum frá þessari löngu athugun. Fulltrúar sjómanna lögðu að sjálfsögðu til, að lögboðin yrði 12 klst. hvíld á togurum. Fulltrúar útgerðarmanna lögðu til, að frv.

um slíka lögfestingu yrði fellt, samkvæmt þeirri gamalkunnu röksemd, að heilsusamlegur svefn sjómanna hljóti að orsaka stöðugar andvökur útgerðarmanna vegna versnandi afkomu skipanna og fljótlega ná hámarki í algeru efnahagshruni þjóðfélagsins. Stjórnskipuðu fulltrúarnir létu ekki uppi neinar skoðanir á málinu, enda töldu þeir sig einungis hafa átt að leitast fyrir um sættir milli þessara tveggja stétta, en ekki að móta afstöðu nefndarinnar; sáttatilraunir þeirra hefðu hins vegar engan árangur borið.

Vegna hinnar seinfengnu niðurstöðu nefndarinnar tafðist framgangur málsins háit á annað ár, en eftir að hún hafði lokið störfum haustið 1949, var frumvarpið enn flutt snemma á næsta þingi. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar lagði þá til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að eðlilegast væri, að sjómenn semdu sjálfir við útgerðarmenn um kjör sín, — og samþykkti deildin þessa afgreiðslu.

Þannig var málinu varpað úr höndum Alþingis og gert að deilumáli sjómanna og útgerðarmanna, og var afleiðinganna skammt að bíða. Togaraflotinn var stöðvaður og lá bundinn við bryggju vikum saman, og þjóðin beið af þessu tjón, sem nam um 70 milljónum króna í erlendum gjaldeyri. En sjómenn komu úr átökum þessum með rétt sinn að nokkru heimtan; samningar þeirra fólu nú í sér ákvæði um 12 klst. lágmarkshvíld á saltfiskveiðum.

En gömlu vökulögin giltu eftir sem áður varðandi ísfiskveiðar, og baráttunni fyrir málinu var haldið áfram á Alþingi. Í fimmta sinn fluttu sósíalistar frumvarp þetta á þinginu 1950 og í sjötta sinn á þinginu 1951, alltaf gegn sömu andstöðu meiri hlutans. Jafnframt héldu sjómenn sjálfir áfram sinni baráttu. Og útgerðarmenn héldu áfram að þrjózkast við. Áður en þeir létu sig, varð þjóðfélagið að þola nýtt áfall langrar og kostnaðarsamrar togarastöðvunar. En í þeirri deilu vinna sjómenn loks fullan sigur; 12 klst. lágmarkshvíld háseta er tryggð á öllum veiðum togaranna.

Sjómenn tryggðu sér þennan rétt þrátt fyrir hina fjandsamlegu afstöðu Alþingis. Það hafði alltaf verið á valdi Alþingis að veita þeim hann og firra þannig þjóðfélagið vandræðum tveggja langvarandi togarastöðvana. Alþingi ber þannig höfuðábyrgð á því milljónatjóni, sem þessar togarastöðvanir ollu.

Tólf klst. lágmarkshvíld togaraháseta á öllum veiðum er að vísu tryggð í samningum, sem stendur. En fyrir því er engin trygging, að ekki verði reynt að ná þessum sjálfsagða rétti af sjómönnum aftur og málið þannig enn á ný gert að hörðu og kostnaðarsömu deilumáli. Hins vegar er það á valdi Alþingis að veita slíka tryggingu. Sósíalistaflokkurinn gerði tilraun til þess að fá Alþingi til þess að veita slíka tryggingu og flutti því frv. þetta í sjöunda sinn á Alþingi 1952 og í áttunda sinn á Alþingi 1953. En allt fór á sömu leið og fyrr. Nú er frv. þetta flutt í tíunda sinn af Sósialistaflokknum. Alþingi hefur enn tækifæri til að bæta að nokkru fyrir misgerðir sínar og fyrirbyggja, að tjón það, sem af þeim hlauzt, endurtaki sig. Þetta getur það gert með því einfaldlega að samþykkja nú loks frumvarpið og festa þannig í lög Íslands ákvæði um, að hetjur hafsins skuli hafa rétt til mannsæmandi hvildar, engu síður en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Nd. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um jafnvægislánadeild við Framkvæmdabanka Íslands.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal við Framkvæmdabanka Íslands sérstaka lánadeild, er nefnist jafnvægislánadeild. Hlutverk jafnvægislánadeildar er að veita lán til að auka atvinnurekstur í þeim landshlutum, sem erfiðasta aðstöðu hafa sakir skorts á atvinnutækjum.

Jafnvægislánadeild er undir sérstakri umsjón þriggja manna stjórnar, sem annast lánveitingar úr deildinni. Stjórnina skipa skrifstofustjórarnir í félagsmálaráðuneytinu, atvinnumálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu, og er skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins formaður stjórnarinnar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir jafnvægislánadeild 10 millj. kr. stofnframlag árlega næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara. Hin árlegu stofnframlög ríkissjóðs eru stofnfé deildarinnar.

3. gr.

Fjármálaráðherra ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs allt að 100 millj. kr. lán, sem jafnvægislánadeild tekur til starfsemi sinnar. Ríkisstjórnin og Framkvæmdabankinn hafa forgöngu um útvegun lánsfjárins.

4. gr.

Jafnvægislánadeild veitir tvenns konar lán:

1. A-lán, af lánsfé deildarinnar, gegn 1. veðrétti í botnvörpuskipum og iðnaðarfyrirtækjum, sem geta ekki fengið lán úr Fiskveiðasjóði Íslands eða Ræktunarsjóði Íslands.
2. B-lán, af stofnfé deildarinnar, gegn síðari veðrétti í fiskibátum og skipum, iðnaðarfyrirtækjum og félagsmannvirkjum.

Stofnfé má verja til A-lána, ef þörf krefur, og endurgreiðist það þá af lánsfé deildarinnar, þegar ástæður leyfa.

Vextir af A-lánum skulu vera jafnir almennum útlánsvöxtum í bönkum á hverjum tíma.

Vextir af B-lánum skulu vera við það miðaðir að bera kostnað af starfsemi deildarinnar, þó ekki hærri en 4%. Lánstíma ákveður stjórn deildarinnar.

5. gr.

Lán samkvæmt 4. gr. verður því aðeins veitt, að færð séu rök fyrir því, að skortur sé á atvinnutækjum í sveitarfélaginu, að atvinnutæki, sem sótt er um lán til, bæti úr þeim skorti að meira eða minna leyti og að ekki sé um aðra heppilegri lausn að ræða, eins og á stendur. Umsókn um lán skal fylgja greinargerð um rekstrarmöguleika atvinnutækis.

6. gr.

Heimilt er að veita lán til hafnarbóta þar, sem löndunarskilyrði fyrir stór fiskiskip eru ekki fyrir hendi, enda sé löndun afla úr slíkum skipum að dómi deildarstjórnar nauðsynleg vegna atvinnurekstrar á staðnum.

7. gr.

Heimilt er deildarstjórninni að verja árlega allt að 1/10 stofnframlags til að greiða til bráðabirgða rekstrarskuldir atvinnutækja, sem lán er veitt til, þar sem um byrjunarörðugleika er að ræða.

8. gr.

Ársreikninga deildarinnar skal bera undir samþykki deildarstjórnar, enda undirritar hún þá reikninga ásamt bankastjóra og bankaráði Framkvæmdabankans.

9. gr.

Nánari reglur um starfsemi jafnvægislánadeildar setur ríkisstjórnin með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Úr bæjum og þorpum við sjávarsíðuna á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, svo og úr sveitunum, er stöðugur straumur fólks og fjármagns til hinna vaxandi bæja við Faxaflóa. Af hálfu hins opinbera hefur nú undanfarið verið nokkur viðleitni í þá átt að ráða hér bót á. Má þar t. d. nefna starfsemi fiskimálasjóðs og úthlutun atvinnuaukningarfjár á vegum félagsmálaráðuneytisins, ríkisábyrgðir vegna fiskiðjuvera, lánadeild smáíbúðarhúsa, félagsheimilasjóð, vatnsveitulögin, endurbætur jarðræktarlaga svo og útvegun fjármagns til hinna eldri lánsstofnana dreifbýlisins, svo að nefnd séu nokkur úrræði í atvinnu- og menningarmálum, sem komið hafa að gagni á þeim stöðum, sem örðugt eiga með að halda til jafns við þéttbýlið syðra.

En hér er meiri aðgerða þörf, aðgerða, sem alveg sérstaklega eru miðaðar við þá staði, sem mest þörf er á að styðja. Það er fyrst og fremst atvinnulíf þessara staða, sem þarf á stuðningi að halda. Efling atvinnulífsins er undirstaða annarra framfara. Staðir, sem búið hafa við árstíðabundið atvinnuleysi, þurfa að fá nýja möguleika. Sama er að segja um þá staði, sem orðið hafa verst úti af því, að bátamið hafa gengið úr sér vegna ágangs togara eða af öðrum ástæðum. Úrræðin eru þau að koma upp nýjum atvinnutækjum eða skipta að meira eða minna leyti um atvinnutæki. Einkum á þetta við um atvinnutækin á sjónum. Í seinni tíð hefur mikið verið að því unnið að koma upp hraðfrystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, verkunarstöðvum og öðru til að hagnýta sjávaraflann, þegar hann er kominn á land. En hin nýju fiskiðjuver og fiskverkunarstöðvar vantar víða hráefni til vinnslu, hafa það af skornum skammti. Kemur þá til greina jöfnum höndum að fjölga bátum og að fá togara til löndunar, og fer það eftir staðháttum, hvaða leið á að fara í því efni og að hve miklu leyti. Sums staðar er í þessu sambandi aðkallandi að bæta hafnarskilyrði, en erfitt fyrir hafnarsjóði að fá lán, jafnvel þótt ríkisábyrgð sé til staðar. Í landi koma ýmsar framkvæmdir til greina til eflingar atvinnulífi aðrar en þær, sem hér hafa verið nefndar. Í sveitunum bíða ýmis tilsvarandi úrlausnarefni.

Til þess að koma upp atvinnutækjum þarf fyrst og fremst fjármagn. Í þessu frv. er lagt til, að komið verði upp sérstakri lánadeild við Framkvæmdabankann, sem hafi með höndum að veita slíku fjármagni inn í atvinnulíf þeirra landshluta, sem mesta þörf hafa á að efla atvinnulífið. Lagt er til, að þetta fjármagn verði fengið sem óafturkræft framlag úr ríkissjóði, 50 millj. kr. á næstu fimm árum, og lán gegn ríkisábyrgð. Frv. þetta, ef að lögum verður, miðar að því að flytja til nokkuð af fjármagninu við sjávarsíðuna á næstu árum og beina því þangað, sem þess er mest þörfin til að stuðla að jafnvægi byggðarinnar. Fjármagninu er misjafnlega varið og ekki ávallt á þann hátt, sem heppilegastur væri fyrir þróun þjóðfélagsins og uppbyggingu landsins. Verzlun landsmanna virðist óþarflega fjárfrek svo og ýmiss konar fjárfesting, einkum í höfuðstaðnum, sem verður ekki talin bráðnauðsynleg þjóðinni. En uppbygging atvinnulífsins í þeim landshlutum, sem örðugasta aðstöðu hafa, þolir ekki langa bið.

Að tilhlutun Alþingis og ríkisstjórnar er nú unnið að áætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sakir skorts á raforku, samgöngum og atvinnutækjum. Er þar um víðtækt verkefni að ræða, sem vafalaust krefst ýtarlegra rannsókna og tekur sinn tíma. Flutningsmenn telja hins vegar, að þann þátt jafnvægismálsins (varðandi atvinnutæki), sem frumvarp þetta fjallar um, verði að leysa sem fyrst, að minnsta kosti til bráðabirgða, og ekki sé ástæða til, að sú lausn bíði eftir þeirri væntanlegu framkvæmdaáætlun, sem nú er unnið að.

Nd. 32. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gils Guðmundssyni.

1. Í stað 1.—3. gr. komi 5 nýjar greinar (verða 1.—5. gr.) í kafla (verður I. kafli) með fyrirsögninni: **Um söluskatt,** svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Af tollverði innfluttrar vöru, að viðbættum innflutningsgjöldum, skal greiða 7% söluskatt með þeim undanþágum, sem um getur í lögum þessum.
   b. (2. gr.) Skatt þennan skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri) innheimta um leið og varan er tollafgreidd, og nýtur skatturinn sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.
   c. (3. gr.) Undanþegnar söluskatti eru eftirtaldar vörur:
      Fiskumbúðir, veiðarfæri, önnur en sporttæki, kol, salt, hráolía, brennsluolía, smurningsolía, flugvélabenzín, flugvélar og varahlutir til þeirra, skip og bátar, varahlutir og búnaður til þeirra, landbúnaðarvélar, aðrar en jeppar, og varahlutir til þeirra, kornvörur til manneldis, nema fluttar séu inn í smáumbúðum, sykur, kaffi, tilbúinn áburður, bækur, nótur og nótnapappír, dagblöð og vikublöð.
   d. (4. gr.) Verð á vörum og þjónustu, sem falla undan söluskatti við gildistöku þessara laga, er skylt að lækka sem söluskatti nemur.
   e. (5. gr.) Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.
2. Á eftir 3. gr. koma 20 nýjar greinar (verða 6.—25. gr.) í kafla (verður II. kafli) með fyrirsögninni: **Um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm,** svo hljóðandi:
   a. (6. gr.) Ríkisstjórnin skipar verðlagsnefnd á þann hátt, sem fyrir er mælt í 7. gr. í lögum þessum.
   b. (7. gr.) Verðlagsnefnd skal skipuð þrem mönnum. Tveir menn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar Alþýðusambands Íslands, en einn tilnefnir ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir hafa þekkingu á verðlagsmálum. Jafnframt skulu skipaðir þrír menn til vara á sama hátt.
   c. (8. gr.) Verðlagsnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur hún bæði vald og skyldu til að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu á allar innfluttar vörur og innlendar iðnaðarvörur, en getur auk þess ákveðið verðlag á hvers konar vörum og verðmætum og kostnaðarliðum, er máli skipta fyrir verðlag í landinu. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.
   d. (9. gr.) Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra samkvæmt tillögu verðlagsnefndar. Verðlagsstjóri gerir tillögur til nefndarinnar um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með því, að þeim sé hlýtt. Hann hefur einnig á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Rísi ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker verðlagsnefnd úr.
      Verðlagsnefnd er ekki ályktunarfær um verðlagsmál, nema hún sé fullskipuð, og ræður þá afl atkvæða.
      Verðlag má ekki ákveða fyrr en fulltrúum þeirra aðila, er verðlagsákvæði ná til, hefur verið gefinn kostur á að leggja sitt sjónarmið fyrir verðlagsstjóra eða ræða við verðlagsnefnd, ef þeir óska.

e. (10. gr.) Þeir, sem með verðlagseftirlitið fara samkv. lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.
f. (11. gr.) Sala á vörum milli heildverzlana og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.
g. (12. gr.) Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanirnar skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.
h. (13. gr.) Verðlagsnefnd, verðlagsstjóra, starfsmönnum eða öðrum, sem afskipti hafa um framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem um getur í 10. gr., að því leyti sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.
i. (14. gr.) Kostnaður við framkvæmd verðlagseftirlitsins greiðist úr ríkissjóði.
j. (15. gr.) Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á lögum þessum.
k. (16. gr.) Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn: hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómari, sem er skipaður af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu verðlagsnefndar. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til eins árs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
l. (17. gr.) Dómsmálaráðuneytið tilkynnir verðlagsnefnd, hvenær hún skuli hafa tilnefnt meðdómendur í verðlagsdóm.
m. (18. gr.) Almenn skilyrði til meðdómarastarfa eru þessi:
   1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
   2. Óflekkað mannorð.
   3. Lögræði og fjárforræði.
   4. Aldur frá 25—70 ára.

   Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

   Um vanhæfni meðdómara dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrskurði hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru.
n. (19. gr.) Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.
o. (20. gr.) Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.
p. (21. gr.) Ef ágreiningur verður milli dómara, sker atkvæði formanns úr.

   Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.
q. (22. gr.) Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.
r. (23. gr.) Áfrýjun mála til hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.
s. (24. gr.) Hver sá, er vanrækir að láta verðlagsnefnd, verðlagsstjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 30—300 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísvitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.

Brot gegn öðrum ákvæðum þessa kafla laganna, reglum eða samþykktum settum samkvæmt honum, varða sektum allt að 300 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbrot er ítrekað, má svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar eða atvinnurekstrar um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

t. (25. gr.) Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 100 frá 29. des. 1948, lög nr. 35 frá 27. apríl 1950, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi. Einnig fellur niður umboð verðgæzlustjóra, starfsmanna hans í verðgæzlunni og trúnaðarmanna, þó ekki fyrr en verðlagsnefnd hefur tekið til starfa og verðlagsstjóri verið skipaður.

3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: Frumvarp til laga um dýrtíðarráðstafanir og lækkun verðlags.

Sþ. 33. Fyrirspurnir. [32. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um störf húsnæðismálastjórnar.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu mikið fé hefur húsnæðismálastjórn fengið til umráða samkv. lögum nr. 55 1955?
2. Hversu margar umsóknir um lánsfé hafa húsnæðismálastjórn borizt, og hversu há er upphæð þeirra samtals?
3. Hvers vegna hefur húsnæðismálastjórn enn þá engin lán veitt?
4. Hvenær er talið, að húsnæðismálastjórn geti hafið lánveitingar, og hversu mikið fé er gert ráð fyrir, að hún muni þá hafa til umráða?

II. Til ríkisstjórnarinnar um aðstoð við togaraútgerðina.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu mörg innflutningsleyfi fyrir bifreiðum hafa verið veitt gegn gjaldi samkv. lögum nr. 114 1954?
2. Hversu miklu hefur gjald þetta numið samtals?
3. Hversu mikið hefur þegar verið greitt úr sjóði þeim, sem gjaldið hefur runnið í?
4. Hversu lengi er talið, að sjóðurinn muni endast til þess að tryggja rekstur togaraútgerðarinnar?
5. Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur togaraútgerðarinnar eftir þann tíma?

III. Til ríkisstjórnarinnar um bátagjaldeyri.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu miklu hefur álag á innflutningsleyfi samkvæmt reglugerðum um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna numið:
   a. frá upphafi,
   b. það, sem af er þessu ári?

2. Hversu mikið af þessu fé hefur þegar verið greitt:
   a. útvegsmönnum,
   b. sjómönnum?
3. Hversu miklu hefur numið samtals gjald það, sem tekið hefur verið til greiðslu kostnaðar við framkvæmd þessara ákvæða?
4. Hversu miklu hefur árlegur skrifstofukostnaður við framkvæmd ákvæðanna numið síðan þau tóku gildi.

IV. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu verðuppbóta úr ríkissjóði.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu miklar verðuppbætur hafa verið greiddar úr ríkissjóði á vörur til sölu innanlands það, sem af er þessu ári, og hve miklu er gert ráð fyrir, að þær nemi samtals á árinu?
2. Hversu miklar verðuppbætur hafa verið greiddar úr ríkissjóði á útfluttar vörur það, sem af er þessu ári, og hversu miklu er gert ráð fyrir, að þær nemi samtals á árinu?

Nd. 34. Frumvarp til laga [33. mál]

um verðtryggingarsjóð.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er ber heitið verðtryggingarsjóður. Reikningshald sjóðsins annast fjármálaráðuneytið í samráði við sjóðsstjórnina.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja óbreytt gengi íslenzku krónunnar og óhindraða framleiðslu í landbúnaði og sjávarútvegi landsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, er kosnir séu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Tveir endurskoðendur skulu kosnir á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar einn í stjórninni formann hennar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera þessar:

1. Framlag úr ríkissjóði, 50 milljónir króna á ári. (Sbr. 19. gr. 1 í fjárlögum ársins 1955.)
2. 10% skattur af öllum launum, kaupgjaldi og öðrum beinum tekjum fyrir eigin vinnu í landinu. Skal skatturinn, þar sem því verður við komið, dreginn frá og greiddur sjóðnum um leið og laun eru greidd. Þar sem óvíst er um tekjur manna fyrir eigin vinnu, skal miðað við árskaup manna í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, er atvinnu hafa allt árið, og á þetta við fullvinnandi fólk. Endurgreiðslu á launaskattinum geta þeir verkamenn fengið í árslok, er sanna fyrir yfirvaldi héraðs síns eða bæjar, að þeir hafi eigi getað fengið atvinnu á liðnu ári í 2 mánuði eða lengur. Launaskatturinn skal vera frádráttarbær við framtal til hins almenna tekjuskatts.
3. 10% stimpilgjald á alla aðgöngumiða að kvikmyndahúsum, leikhúsum, dansleikjum og hljómleika- og söngskemmtunum.

4. 200% álag á allan gjaldeyri, sem látinn er af hendi til ferðamanna, er ferðast til annarra landa.
5. Tollur af innfluttum bifreiðum. (Sbr. 1. gr. laga nr. 114 1954, um aðstoð við togaraútgerðina.)

Um álagningu, innheimtu og skil þessara gjalda setur ríkisstjórnin reglugerð.

5. gr.

Verð á landbúnaðarafurðum til framleiðenda skal vera það, sem kostar að framleiða þær vörur næsta ár áður á ríkisbúunum á Bessastöðum, Hólum, Hvanneyri, Kleppi og Vífilsstöðum, enda sé tekið með í tilkostnaði vextir af þeim höfuðstól, sem í búunum stendur, og áætluð opinber gjöld í samræmi við það, sem vera mundi, ef búin væru einkafyrirtæki. Reiknað sé með meðaltals framleiðslukostnaði á búunum öllum.

6. gr.

Verð á sjávarafurðum til þeirra, er ábyrgð bera á framleiðslunni, skal vera kostnaðarverð, eins og það reynist næsta ár áður að meðaltali hjá bæjarútgerðunum á Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði, Norðfirði, Reykjavík og Siglufirði.

Sé í þeim útreikningum, á sama hátt og hjá ríkisbúunum, tekið tillit til þess, að fullir vextir séu greiddir af þeim höfuðstól, sem í útgerðinni stendur, og reiknað með opinberum gjöldum, eins og þau mundu vera, ef fyrirtækin væru einkafyrirtæki.

7. gr.

Söluverð á landbúnaðarvörum og sjávarframleiðslu til neytenda innanlands skal á hverri tegund vera hið sama árið um kring. Það skal ákveðið af sjóðsstjórninni í samráði við ríkisstjórnina þannig, að vísitala framfærslukostnaðar fari eigi hækkandi.

8. gr.

Flutningskostnað þeirra afurða, sem um ræðir í 5. og 6. gr., greiði framleiðendur sérstaklega, á sölustað, ef varan er seld innanlands, en á hafnarstað, ef hún er send til sölu á erlendan markað. Að öðru leyti sé sams konar framleiðsluvara greidd sama verði, hvar á landinu sem hún er framleidd.

9. gr.

Sá mismunur, sem verður á framleiðsluverði landbúnaðar- og sjávarafurða samkvæmt 5. og 6. gr. og því verði, er vörurnar seljast á innlendum markaði samkv. 7. gr., og því verði, sem selt er á erlendis, skal greiddur framleiðendum af verðtryggingarsjóði.

10. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er óheimilt að blanda verkun, vinnslu og sölu þeirra afurða, sem lögin taka til, saman við aðra verzlun eða atvinnurekstur. Skal sú starfsemi öll fara fram í fyrirtækjum, sem framleiðendur einir standa að, svo sem mjólkurbúum, sláturfélögum, hraðfrystihúsum, fiskvinnslustöðvum, síldarbræðslum og öðrum verkunar- og sölufyrirtækjum, sem framleiðendur ráða yfir. Samtímis er óheimilt að leggja tolla, söluskatta eða önnur prósentugjöld á þær afurðir, sem lög þessi ná til.

11. gr.

Sjóðurinn ber kostnað af stjórn, endurskoðun og annarri nauðsynlegri starfsemi, sem af verksviði hans leiðir.

12. gr.

Verði tekjur sjóðsins samkvæmt 4. gr. eigi nægilegar til að standa undir því hlutverki, sem sjóðnum ber að fullnægja, skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess

að afla honum lánsfjár, þar til Alþingi gefst færi á að hækka tekjuliði sjóðsins eða afla honum tekna á annan hátt.

Fé sjóðsins ber að ávaxta í seðladeild Landsbankans, og er óheimilt að lána nokkuð af því út.

13. gr.

Ríkisstjórninni ber að setja reglugerð í samráði við sjóðsstjórnina, þar sem nánar er ákveðið um alla framkvæmd þessara laga, þannig að þau nái tilgangi sínum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Reglugerð um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna frá 11. febr. 1954 (bátagjaldeyrir).
2. Lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og lög nr. 116 27. nóv. 1942, um breyting á þeim lögum.
3. 2. og 3. gr. laga nr. 114 frá 24. des. 1954, um aðstoð við togaraútgerðina.
4. 5. gr. laga nr. 112 28. des. 1950, a-liður (ferðagjaldeyrir).
5. Öll önnur ákvæði laga og reglugerða, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Á síðasta ári birti ég í blöðum allýtarlega grein, þar sem ég rakti orsakir þess, að ég hef frá upphafi verið andstæður vísitölu- og verðlagsuppbótakerfinu. Sýndi ég þar fram á afleiðingar þess í okkar fjármálum og lýsti þeirri stefnu, að allt þetta ásamt niðurgreiðslum á vörum o. fl. bæri að afnema til fulls.

Ég hef fengið vissu fyrir, að mjög margir landsmenn og einkum í sveitunum eru mér sammála í þessu efni. Hitt veit ég af fenginni reynslu og á annan hátt, að enginn stjórnmálaflokkur heill og ekkert stéttarfélag mundi fást til að fallast á eða berjast fyrir því nú, að tillögur mínar í þessum efnum yrðu framkvæmdar. Því ber að taka eins og það er.

En það er hygginna manna háttur að reyna næstu færa leið, ef hin stytzta er lokuð. Það hið sama vil ég reyna með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir. Það er byggt á því að halda vísitölu- og verðlagsuppbót, eins og mikill hluti fólksins vill, en halda vísitölunni í fullum skefjum með niðurgreiðslu og um leið gera aðrar ráðstafanir til að bjarga framleiðslunni og koma í veg fyrir nýtt gengisfall eða öllu heldur gengishrun.

Frá því að fjármálaólga sú, er orsakazt hefur af tveimur heimsstyrjöldum, hófst hér á landi, hefur gengi íslenzku krónunnar verið fellt hvað eftir annað. Er svo komið á því sviði, að enskt pund, sem kostaði áður 18 krónur íslenzkar, kostar nú 45.70 krónur. Bandaríkjadollari, sem áður kostaði kr. 3.75, kostar nú kr. 16.32; og danska krónan kostar nú kr. 2.36 íslenzkar, en kostaði áður eina krónu. Annað er eftir því eða næstum því. Þetta hefur þó eigi nægt til að gera útflutningsframleiðslu mögulega hér á landi. Til viðbótar hefur þurft að bjarga bátaflota landsmanna með nýjum ráðstöfunum, þ. e. sérstökum bátagjaldeyri, sem raunverulega er ný og aukin gengislækkun. Botnvörpungaflotanum verður að bjarga með allt að 2000 króna styrk á dag fyrir hvert botnvörpuskip. Landbúnaðarafurðir eru greiddar niður með ríkisframlagi um tugi milljóna króna á ári, og er það vísitöluráðstöfun. Jafnframt er það kunnugt, að framleiðsla þeirra vara er orðin svo dýr, að þær eru lítt seljanlegar fyrir kostnaðarverð á erlendum markaði þrátt fyrir allt gengisfall okkar krónu.

Það má í sjálfu sér þykja undarlegt, að okkar aðalatvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, skuli hafa lent í slíkum vanda sem orðið hefur, þegar tekið er tillit til allra þeirra framfara og bættu aðstöðu, sem fengizt hefur umfram það, sem áður þekktist. En til þessa liggja tvær aðalástæður. Í fyrsta lagi stórkostlega auknar lífskröfur fólksins og um leið hækkuð laun á öllum sviðum langt umfram það, sem atvinnuvegirnir eru færir um með því afurðaverði, sem þeir hafa haft við að búa. Í öðru lagi háir skattar og gjöld vegna óhóflegrar eyðslu þess opinbera. Það er kunnugt, að laun eru hækkuð árlega hjá einhverri stétt, og stundum á það sér stað oft á ári. Gerist þetta ýmist með samningum eða löggjöf. Oft fylgja og aukin fríðindi á annan hátt, svo sem styttur vinnutími, fleiri frídagar borgaðir o. fl. Allir frjálshuga menn telja þetta í sjálfu sér æskilegt og gott, og ekki þekki ég neina fulltrúa á Alþingi, er ekki kysu, að sem lengst sé hægt að ganga á þessu sviði.

En það er tvennt ólíkt, hvað menn óska og vilja, og svo hitt, hvað er skynsamlegt og hvað er hægt að gera. Afurðir framleiðslunnar og geta hennar er sú undirstaða, sem allt þarf og á að miðast við. Þar er arðurinn, sem þjóðin hefur til skipta. Þessa hefur ekki verið gætt. Óskir og lífskröfur hafa ráðið meiru en getan og heilbrigt fjármálavit. Þess vegna hefur framleiðslan komizt í þrot hvað eftir annað. Hefur þá verið gripið til þess ráðs að fella gengi okkar krónu, fyrst 1939, síðan 1950. Sú aðferð hefur bjargað í bili. En stefnan er flóttastefna, svo sem reynsla síðustu ára hefur sannað að fullu. Gengisfall er hvergi ákveðið í öðrum tilgangi en þeim að leiðrétta óheppilegt hlutfall milli framleiðslu og vinnu, til þess að gera framleiðslunni mögulegt að selja sínar afurðir á erlendum markaði fyrir fleiri einingar í eigin gjaldeyri en ella. Til þess eins er gengislækkun framkvæmd. Sú framleiðsla, sem ekkert flytur út til sölu, hefur ekkert gagn beinlínis af gengislækkun.

Það er vitað, að vegna endurtekinnar gengislækkunar hefur verið unnt að halda framleiðslunni gangandi og koma miklum framkvæmdum áleiðis. En þegar launahækkanir með verðlagsuppbótum og grunnlaunahækkun hafa náð hinu lækkaða gengi, þá er flóttinn kominn að sömu hindrun, og sú hindrun er alltaf því geigvænlegri, sem gengið hefur oftar verið fellt. Kemur þá til álita, hvort leggja eigi á nýjan flótta eða spyrna við fótum og snúa við. Það vandamál liggur nú fyrir í okkar fjármálalífi.

Að leggja enn á flóttann og fella gengi krónunnar til mikilla muna gæti ef til vill dugað útflutningsframleiðslunni 2—4 ár eftir því, hve fljótt launin yrðu hækkuð að sama skapi. Að þeim tíma liðnum er allt komið í sama horf og þó stórum verra, því að hvert nýtt gengisfall gerir málið enn á ný örðugra viðfangs. Ég tel því óumflýjanlegt að stinga nú við fótum og reyna aðrar leiðir. Og málið er tiltölulega einfalt, ef menn vilja hreinskilnislega viðurkenna þann sannleik, að allur vandinn stafar af of háum lífskröfum og of háum launum almennings í landinu, samfara of miklum kröfum hins opinbera valds til eyðslu og framkvæmda. Þess vegna er það nauðsynlegt, að löggjöfin slái föstum þeim sannleika, sem ekki er með rökum hægt að vefengja, að órjúfandi bönd eru milli launa og kaupgjalds annars vegar og verðgildis okkar krónu hins vegar.

Öll framleiðsla byggist á vinnu fyrst og fremst, og vinnan er því verðmeiri, sem meira er hægt að létta hana með vélanotkun, enda hefur þess rækilega verið gætt við ákvörðun launa á undanförnum árum. Þörfin á hækkun skatta og tolla byggist líka að mjög miklu leyti á launahæð, því að mikill meiri hluti af gjöldum þess opinbera fer til að greiða launuðu fólki, ekki einasta í stjórn allra stofnana og starfsgreina ríkisins og sveitarfélaganna, heldur líka í öllum framkvæmdum, sem hið opinbera lætur vinna.

Þess vegna er það eðlilegasta og réttlátasta leiðin til að tryggja það gengi, sem er á krónunni, að taka hæfilegan hluta af öllum launum til að koma í veg fyrir lækkaða krónu. Framleiðslan verður að bera sig. Það vita allir, sem vilja vita. Fyrst

til hennar eru gerðar hærri kröfur en hún þolir að eðlilegum hætti, verður hún að fá hlut sinn réttan með tillagi, sem henni dugir.

Með þessu frumvarpi er gerð tilraun til þess að búa til ramma, er veiti þær skorður á þessu sviði, er að haldi megi koma. Að öðru leyti verður hér á eftir gerð grein fyrir öllum aðalatriðum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein þarf eigi mikillar skýringar við. Nafnið „verðtryggingarsjóður" er einfalt og á að fela í sér hlutverk sjóðsins, að tryggja verð okkar krónu með því að fullnægja þeirri kröfu, að fyrir þær afurðir, sem framleiddar eru beint úr skauti náttúrunnar, fáist það verð, sem framleiðslan kostar. Virðist réttast, að fjármálaráðuneytið annist reikningshald þessa sjóðs, á sama hátt sem það annast reikningshald annarra ráðuneyta og fleiri stofnana.

Um 2. gr.

Með þessari grein er tilgangur sjóðsins ákveðinn, og skal eigi frekar en orðið er gerð grein fyrir honum.

Um 3. gr.

Það getur að sjálfsögðu verið mikið ágreiningsmál, hvernig stjórn þessa sjóðs yrði hagað. En það virðist einfaldast, að Alþingi kjósi stjórn hans, þar sem hún hefur sitt afmarkaða verksvið. Er og betra, að eigi séu fleiri menn en þrír í stjórninni, því að fjölmenni í vandasömum störfum er oftast aðeins til tafar og stundum vandræða. Engin vissa er heldur fyrir, að vitrari menn veldust til starfans, þó að þeir væru t. d. fimm.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru þau ákvæði, sem ætla má að mestum deilum valdi, eins og oftast er um skattakröfur.

Í fyrsta lið er engin ný krafa, heldur aðeins gert ráð fyrir þeim sjálfsagða hlut, að það, sem ríkissjóður leggur fram til dýrtíðarráðstafana, falli í þennan sjóð. Á yfirstandandi árs fjárlögum er þetta áætlað 49100 þús. kr., en mun án efa fara mikið fram úr áætlun eftir fenginni reynslu.

Fimmti liður er heldur ekkert nýtt. Þar er aðeins gert ráð fyrir, að bílaskatturinn vegna togaraútgerðarinnar falli í verðtryggingarsjóð. Um leið er ætlazt til, að sjóðurinn taki við því verkefni, sem þessum skatti var ætlað.

Annar liður greinarinnar er aðalatriði hennar og hið stóra nýja ákvæði. Það er byggt á því, að gengi íslenzku krónunnar sé svo dýrmæt eign, að allri þjóðinni beri skylda til að vernda hana og leggja sitt fé fram til þess, af því að það komi aftur að öllu sjálfráðu margfalt. En hví að leggja þetta á launin? munu menn spyrja. Það er af því, að „vinnan er móðir auðæfanna" og öll fjármálavelgengni byggist á vinnu. Vinnutekjur allra verkfærra einstaklinga í landinu eru því hinn eðlilegi gjaldstofn á þessu sviði, og með því að gjaldið er hundraðshluti, fer hæð þess frá hverjum og einum eftir því, hvað hver fær fyrir sína vinnu. Með 5. og 6. gr. er ætlazt til, að framleiðendur til sjávar og sveita fái út úr framleiðslunni samsvarandi laun og aðrir landsmenn, og af þeim launatekjum ber þeim því líka að borga sinn launaskatt. Að öðru leyti er ætlazt til, að nánari ákvæði séu um þetta sett í reglugerð. En hitt er sanngjarnt og eðlilegt, að þeir verkamenn, sem geta ekki fengið atvinnu vissan hluta af árinu, sleppi við skattinn.

Í þriðja og fjórða lið greinarinnar er lagt til að skattleggja nokkuð tvo þætti eyðslunnar, og skal eigi fjölyrt um það. Má þó vel vera, að fleiri þætti ætti að taka með til þess að tryggja nægilegar tekjur sjóðnum til handa. En á þessu sviði eru sláttulönd ríkissjóðsins og annarra stofnana svo rækilega hagnýtt, að eigi er hægt um vik að afla þar mikið aukins forða með nýjum hækkunum. Þó vil ég eigi segja, að það sé með öllu útilokað.

Um 5.—6. gr.

Það er vafamál, við hvaða mælikvarða beri að miða framleiðsluverð á landbúnaðar- og sjávarframleiðslu. Það hefur verið og er mikið deilumál um landbúnaðarafurðir. Og um sjávarafurðir er það svo mikið deilumál, að framleiðendurnir sjálfir hafa hvað eftir annað gert verkfall um stundarsakir til að tryggja sér hærra verð en ella. Að koma fastri skipun á þessi mál er því mjög aðkallandi. En þetta er ekki hægt með öðru móti en því að miða við eitthvað raunverulegt, sem árlega er byggt á föstum útreikningi. Nú vill svo til, að forustumenn þeirra stéttarfélaga, sem fastast hafa barizt fyrir hækkuðum launum og styttum vinnutíma hjá fastlaunuðu fólki og verkamönnum í tímavinnu, eru sömu mennirnir, sem leggja kapp á að koma framleiðslunni í opinberan rekstur. Hefur þetta einna mest komið fram um rekstur sjávarútvegsins og náð fram að ganga með vaxandi útgerð bæjarfélaganna. Þessum mönnum öllum ætti því eigi að vera annar mælikvarði geðfelldari á verð til einkafyrirtækja en sá að miða við það, hvert er hið raunverulega kostnaðarverð hjá bæjarútgerðunum að meðaltali. Hvert það er, ætti ekki að fara milli mála, þar sem um opinbert reikningshald og endurskoðun er að ræða.

Um verð á landbúnaðarafurðum hefur að undanförnu verið að því fundið allrækilega, að það verð væri miðað við afkomu of smárra búa og um leið búa, sem ekki hafa í sinni þjónustu alla þá tækni, sem fullkomnust er í landbúnaðarframleiðslu. Fram hjá þessu skeri er alveg siglt með því að nota framleiðslukostnað ríkisbúanna sem mælikvarða. Þau eru rekin sem stórbú við þau beztu skilyrði og víðtækustu tækni, sem fáanlegt er hér á landi. Betra er eigi hægt að bjóða þeim, er tortryggja útreikninga og skoðanir bændanna.

Á báðum sviðum verður auðvitað að taka með í reikninginn, að hinn opinberi rekstur verði að greiða fulla vexti af höfuðstólnum, sem til framleiðslunnar þarf, og opinber gjöld í samsvörun við það, sem einkareksturinn þyrfti að greiða.

Með miklum rétti mætti segja, að þeir, sem einkareksturinn stunda í framleiðslu sinni, setji sig í nokkra hættu með því að viðurkenna þessa reglu. En fram hjá því er örðugt að sneiða, því að fari svo, að þeir geti eigi staðizt samkeppnina með þessum hætti, af því að opinberi reksturinn reynist hagstæðari, þá verður meira og fleira að fara í það form og einkareksturinn smám saman að falla niður. Eftir núverandi útliti ætti samt ekki að vera mikil hætta á þessu.

Um 7. gr.

Með þessari grein er til þess ætlazt, að framleiðsluvörurnar séu seldar á föstu verði á innlendum markaði, og hinu sama árið um kring, þannig að launavísitalan hækki ekki. Með því ætti að vera tryggt, að landsfólkið sjálft lifði á innlendu framleiðsluvörunum til þess ýtrasta, og er það allra hluta vegna hagstæðast fyrir þjóðina alla.

Um 8. gr.

Til þess er ætlazt, að verð á sams konar vöru sé hið sama til framleiðenda, hvar á landinu sem varan er framleidd og hvernig sem sölu hennar og verkun er háttað, sem oft fer eftir ástæðum, sem hlutaðeigandi framleiðendur hafa ekki ráð á. Komist þetta á, er öll verðmiðlun og verðjöfnunargjöld úr sögunni og þau lagaákvæði, sem um það fjalla, óþörf.

Sú undantekning frá þessari reglu virðist þó eðlileg, að framleiðendur greiði sérstaklega flutningskostnað afurðanna á sölustað, ef varan er seld innanlands, en á hafnarstað, ef hún er flutt út til sölu á erlendum markaði.

Um 9. gr.

Með þessari grein eru útgjöld verðtryggingarsjóðs aðallega ákveðin, og þau eru að greiða það, sem vantar á fullt framleiðsluverð, þegar búið er að selja framleiðslu ársins innanlands og utan. Útgjöld sjóðsins verða eftir því minni, sem betur gengur

með sölu varanna á erlendum markaði og innanlands. En þau verða þeim mun meiri, sem sú sala gengur verr. Þjóðarheildin á því jafnt sem nú fjárhag sinn undir því, að góðra markaða sé aflað fyrir okkar vörur og að sala þeirra sé sem hagstæðust og hindrunarminnst.

Um 10. gr.

Þar sem verðtryggingarsjóði er ætlað að bera ábyrgð á verði þeirra afurða, sem lögunum er ætlað að ná til samkvæmt þessu frumvarpi, þá skiptir miklu máli, að sölu þeirra innanlands og utan sé hagað á sem hagfelldastan máta.

Það er því aðeins líklegt eða tryggilegt, að komið sé í veg fyrir það, að sölu afurðanna sé blandað inn í aðra verzlun eða annan áhættusaman atvinnurekstur, eins og nú á sér nokkuð stað. Sala þeirra á ekki að vera gróðavegur fyrir einstaklinga eða félagsfyrirtæki utan framleiðslunnar. Ekki á heldur að vera leyfilegt að leggja söluskatta eða önnur hundraðsgjöld á þessar vörur. Það yrði sama sem að láta verðtryggingarsjóð bera meiri halla og mundi heimta hærri launaskatt.

Um 11. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringa við, svo auðskilin og sjálfsögð er hún.

Um 12. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að fari svo, að verðtryggingarsjóður hafi eigi nægilegar tekjur til að fullnægja sínu hlutverki, þá verður að gera ráðstafanir til að útvega honum það fjármagn, sem á kynni að vanta. Verkefnið er svo mikilvægt, að frá því mætti eigi hvika, ef þessi leið yrði farin. Hagur þjóðarinnar allrar er í veði, ef gengi okkar krónu heldur áfram að falla, og það á ekki og má ekki hlífast við því að takmarka lífskröfur og lífsþægindi fólksins við það að geta haldið því lága gengi, sem okkar peningar eru komnir í. Ella er voði fyrir dyrum.

Um 13. gr.

Verkefni það, sem ákvarðað er með þessu frumvarpi, er svo mikilvægt, flókið og víðtækt, að nauðsynlegt er, ef það yrði að lögum, að setja reglugerð um öll minni háttar atriði og um framkvæmd allra þeirra ákvæða, sem um er að ræða. Er að sjálfsögðu eðlilegast, að ríkisstjórnin setji slíka reglugerð í samráði við væntanlega sjóðsstjórn.

Um 14. gr.

Það er heppilegast allra hluta vegna, að gildistaka þeirra ákvæða, sem frumvarp þetta hefur að geyma, miðist við áramót, og því er það lagt hér til. Þó er sá agnúi við þetta, að verð á ársframleiðslunni, t. d. af kjöti, verður misjafnt eftir því, hvort selt er í fyrsta sinn fyrir eða eftir áramót. Fram hjá þessu skeri er þó örðugt að sneiða.

Um 15. gr.

Ekki ætti að verða mikill ágreiningur um það, ef þetta frumvarp yrði lögfest, hvaða ákvæði, sem nú gilda, ættu að falla niður. Þó gæti komið fyrir, ef eitthvað af tekjum sjóðsins yrði rýrt, að þá yrðu líka önnur ákvæði, sem nú eru í gildi, að haldast áfram.

Nd. 35. Frumvarp til laga [34. mál]

um olíuverzlun ríkisins.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal Olíuverzlun ríkisins, er hafi aðalaðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Frá 1. janúar 1957 skal öllum öðrum en Olíuverzlun ríkisins, sem um ræðir í 1. gr., óheimilt að flytja til landsins frá útlöndum jarðolíu, brennsluolíu, hráolíu, steinolíu, benzín, smurningsolíu og smurningsfeiti eða aðrar tegundir af olíum eða feiti, sem notaðar eru á aflvélar.

Lög þessi taka þó ekki til skipa eða flugvéla, sem koma í landhelgi eða til landsins og hafa umræddar vörur meðferðis, ef birgðirnar eru ekki meiri en svo, að áliti tollstjóra, að hæfilegur og eðlilegur forði sé handa viðkomandi farartæki, miðað við aðstæður. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 12. og 13. gr.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal kaupa tvö 15000—20000 smálesta olíuflutningaskip til þess að annast olíuflutninga til landsins, og skal Olíuverzlun ríkisins eða Skipaútgerð ríkisins falið að annast rekstur skipanna eftir því, hvort hagkvæmara þykir.

4. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka eignarnámi hverja þá fasteign til olíusölu og skip til olíuflutninga innanlands, sem er í eigu þeirra olíufélaga, sem nú eru starfandi í landinu, eða rekið af þeim og nauðsynlegt verður talið til að halda uppi a. m. k. jafnfullkominni og víðtækri dreifingu og nú á sér stað í verzlun með olíur.

Hlutast skal til um, að slíkt eignarnám komi sem jafnast niður hlutfallslega á þeim olíufélögum, sem nú eru starfandi, miðað við verðmæti eigna félaganna, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þær eignir núverandi olíufélaga, sem óþarfar yrðu taldar til að fullnægja ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar, skal ríkisstjórnin gefa olíufélögunum kost á að selja ríkissjóði fyrir 30% af matsverði, ella skal olíufélögunum heimilt að ráðstafa þeim á hvern þann hátt annan, er þau æskja, innanlands eða utan.

Gjald það, sem ríkisstjórninni ber að greiða samkvæmt þessari grein, skal innt af hendi með ríkisskuldabréfum, er borgist á 20 árum með jöfnum afborgunum.

5. gr.

Vörur þær, sem Olíuverzlun ríkisins flytur inn samkvæmt 2. gr., selur hún gegnum eigið dreifingarkerfi, sbr. 4. gr., olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum smásöluverzlunum, opinberum fyrirtækjum, félögum bifreiðaeigenda og iðnfyrirtækjum, en ekki öðrum.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal skylt að hlutast til um, að Olíuverzlun ríkisins hafi jafnan nægan forða í landinu af þeim vörum, er um ræðir í 2. gr., svo að tryggt sé, að framleiðsla landsmanna og atvinnutæki bíði ekki tjón eða stöðvist vegna vöntunar á þessum vörum.

7. gr.

Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, sem um ræðir í 2., 5. og 6. gr., leggur ríkissjóður fram. Fé það, sem þarf til kaupa á olíuflutningaskipum samkv. 3. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni erlendis eða innanlands.

8. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð um framkvæmd þessara laga, skipar forstöðumann olíuverzlunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri hennar, ræður starfsfólk, skipar tvo endurskoðendur og fær þeim erindisbréf.

Í reglugerðinni skal einnig ákveðið, hvernig fara skuli með olíubirgðir þær, sem fyrir hendi verða í landinu 1. janúar 1957.

9. gr.

Olíuverzlun ríkisins greiðir lögákveðinn toll, þar sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður verð til þeirra aðila, er um ræðir í 5. gr., og hámarksverð í smásölu af vörum þeim, er um ræðir í 2. gr. Við ákvörðun á þeirri verðlagningu skal jafnan hafa hliðsjón af afkomu framleiðsluatvinnuveganna, einkum sjávarútvegs, og hinu almenna efnahagsástandi í þjóðfélaginu.

11. gr.

Ágóði sá, sem verða kann af rekstri Olíuverzlunar ríkisins, eftir að hæfilegur hluti hans hefur verið lagður í rekstrarsjóði, varasjóði og fyrningarsjóði, rennur í ríkissjóð. Nánari ákvæði um reikningsskil skulu sett í reglugerð.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—500000 krónum, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu allar þær vörur, sem um ræðir í 2. gr. og inn eru fluttar í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast olíuverzluninni til ráðstöfunar, en andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Olíuinnflutningur til landsins hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum og fer enn ört vaxandi í sambandi við vaxandi tækni og vélanotkun þjóðarinnar. Sem dæmi má nefna, að olíuinnflutningurinn nam um 40 þúsund smálestum árið 1940, en um 240 þúsund smálestum s. l. ár.

Þeim, sem kynni hafa af atvinnulífi landsmanna, er ljóst, hve mikill liður í rekstri og afkomu margra atvinnugreina, einkum sjávarútvegs, olía og ýmsar olíuvörur eru og hve miklu máli verðlag þeirra skiptir fyrir þessar atvinnugreinar.

Það er einnig ljóst, að olíufélög þau, sem nú starfa hér, hafa safnað miklum gróða á starfsemi sinni. Auk þess hefur orðið bert, að þar hafa verið gerðar tilraunir til að ná undir sig miklum gróða með óheiðarlegu móti og á þann hátt, er varðar við landslög.

Hvort þar er eitthvað óupplýst, veit almenningur engar sönnur á, en hitt er ljóst, að þeir menn innan núverandi stjórnarflokka, sem kunnugastir eru þessum málum, gerðu óheiðarlegar viðskiptaaðferðir olíufélaganna að helzta ágreinings- og hitamáli stjórnarflokkanna í alþingiskosningunum 1953.

Það er einnig ljóst, að þau þrjú aðalolíufélög, sem hér eru starfrækt, hafa, í því skyni að ná sem mestum viðskiptum og gróða hvert um sig, bundið í þessari verzlunargrein óhæfilega mikið fjármagn og vinnuafl, sem þjóðhagslega séð hefði verið hagkvæmara að ráðstafa á annan hátt. Má nefna sem dæmi, að þrjár aðal-

skrifstofur og þrjár aðalbirgðastöðvar olíufélaganna eru nú í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem ein hefði nægt, þrjú útibú í flestum kaupstöðum og sjávarþorpum landsins, þó að eitt hefði nægt á hverjum stað, og þrír benzíngeymar og dælur hlið við hlið með stuttu millibili meðfram helztu akvegum landsins.

Öll þessi óhóflega fjárfesting og fasti kostnaður við olíuverzlun landsmanna hækkar olíuverðið langt umfram það, sem vera þyrfti og vera ætti, ef allt væri með felldu, og veldur á þann hátt framleiðslu þjóðarinnar þungum búsifjum að ástæðulausu.

Í þessu sambandi ber einnig að athuga það gaumgæfilega, að flestar eða allar olíutegundir eru heimsmarkaðsvörur, mjög svipaðar innbyrðis að gæðum og verði víðast hvar, þannig að engin sérstök fyrirhöfn eða áhætta fylgir því að kaupa og verzla með þessar vörur. Sala þeirra er einnig svo áhættulaus og auðveld, að kaupandi sækir þær sjálfur að afgreiðslustað, og samdráttur í þessari verzlun kemur naumast til greina.

Þá ber þess einnig að minnast, að ríkisstjórnin hefur um nokkra hríð samið um kaup á mestum hluta olíuinnflutningsins og á þann hátt tekið að sér það starf að útvega olíuna, án þess að það starf yrði framleiðslunni á nokkurn hátt til hagsbóta.

Öll rök hníga þess vegna að því, að ríkinu beri að taka olíuverzlunina í sínar hendur á þann hátt, sem lagt er til í frumvarpi þessu, og tryggja með því, að framleiðslu landsmanna sé ekki íþyngt um of með hóflausum tilkostnaði og gróðastarfsemi þeirra, er nú stunda verzlun með þessar nauðsynjar framleiðslugreinanna.

Í íslenzku þjóðfélagi stendur einnig svo sérstaklega á nú, að allra ráða verður að leita til að lækka framleiðslukostnað atvinnuveganna og bæta hag þeirra með því að draga úr milliliðagróða, ef takast á að stöðva þá verðbólguþróun, sem nú er að buga atvinnulífið, og forða gengisfalli.

Miðstjórn Þjóðvarnarflokks Íslands samþykkti 4. okt. s. l. ályktun um heildartillögur í því efni, sem send var formönnum hinna svonefndu vinstri flokka. Frumvarp þetta um Olíuverzlun ríkisins er í fullu samræmi við þá ályktun og einn liður hennar. Er það flutt hér í samræmi við þann megintilgang þessarar ályktunar að ná samstæðum þingmeirihluta um að koma efnahagslífi þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll og forða því hruni og upplausn, sem nú blasir við, ef áfram er haldið eins og nú horfir.

Ed. 36. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. B-liður greinarinnar falli niður.

Ed. 37. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Með skírskotun til greinargerðar frumvarpsins mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. okt. 1955.

Bernharð Stefánsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson.	Haraldur Guðmundsson.	

Ed. 38. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1956 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er heimild til að innheimta á næsta ári ýmis gjöld með viðauka, eins og á yfirstandandi ári.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 13. okt. 1955.

Bernharð Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 39. Frumvarp til laga [35. mál]

um fiskveiðalandhelgi Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Fiskveiðalandhelgi Íslands tekur til alls landgrunnsins.

Landgrunnið takmarkast af línu, sem dregin er 50 sjómílum utan yztu nesja, eyja og skerja við landið. Þar sem 200 metra dýptarlína landgrunnsins nær út fyrir 50 sjómílna línuna, takmarkast landgrunnið af henni.

2. gr.

Með reglugerð skal kveða á um framkvæmd löggæzlu innan fiskveiðalandhelginnar, svo og um stærð gæzlusvæðisins. Þó skal það í samræmi við tilskipun frá 13. maí 1682 og síðari tilskipanir eigi vera minna en 12 sjómílna belti utan við friðunarlínuna frá 19. marz 1952. Á því svæði sé öllum erlendum fiskiskipum bannað að stunda hvers konar fiskveiðar.

Þar til ákveðið verður, að íslenzk lögsaga, að því er varðar fiskveiðar, taki til allrar fiskveiðalandhelginnar, skal ríkisstjórn Íslands tilkynna stjórnum þeirra ríkja, er fiskveiðar stunda við landið, um víðáttu þess svæðis, sem löggæzlan er látin taka til á hverjum tíma samkvæmt grein þessari.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1956.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var einnig flutt á tveimur seinustu þingum og fylgdi því í bæði skiptin greinargerð sú, er hér fer á eftir:

„Ákvæði um víðáttu fiskveiðalandhelginnar við Ísland er aðeins að finna í gömlum tilskipunum þar að lútandi, og má eigi lengur við það una, að ákvæði í lögum kveði ekki skýrt og skorinort á um rétt íslenzku þjóðarinnar til að búa ein að auðlindum þeim, lífrænum sem ólífrænum, sem finnast í hafi umhverfis landið.

Friðunarákvæðin, sem sett voru 19. marz 1952 í samræmi við lög nr. 44 frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, eru ekki ákvæði um fiskveiðalandhelgi og því varhugavert, þegar friðunarlínan er kölluð landhelgislína eða fiskveiðitakmörk. Svo sem kunnugt er, táknar landhelgislína endimörk yfirráðaréttar

hlutaðeigandi ríkis um tilekna hagsmuni, og getur sá yfirráðaréttur verið mismunandi mikill eftir því, hvaða hagsmuni er um að ræða, svo sem einkarétt til fiskveiða eða að því er tekur til tollgæzlu o. s. frv. Aftur á móti táknar friðunarlína endimörk þess svæðis, sem friðað er í einhverjum ákveðnum tilgangi, t. d. vegna fiskstofnsins, og getur naumast náð út fyrir landhelgi þess ríkis, nema samþykki annarra ríkja, sem hagsmuna eiga að gæta, komi til. Mismunurinn kemur hvað ljósast fram í því, að samkvæmt eðli málsins getum við leyft fiskiskipum okkar að stunda hvers konar veiðar innan landhelgi, en slíkt kemur hins vegar ekki til greina um friðunarsvæðið.

Þegar reglugerðin frá 19. marz 1952 var birt, var þess sýnilega vandlega gætt, að ekki yrði á neinn hátt annað gefið í skyn en að hér væri einungis um friðunarlínu að ræða. Þessi afstaða var eftir atvikum mjög hyggileg, en nauðsynlegt hefði verið, að skarið hefði verið tekið af um það, að í landhelgismálum ættum við miklu víðtækari rétt en friðunarsvæðið benti til. Þó tókst svo til, að sum blöðin, sem birtu fréttatilkynninguna, kölluðu þær ráðstafanir, sem hún fjallaði um, aðgerðir í landhelgismálum og línuna landhelgislínu. Nauðsynlegt hefði verið, að þessi misskilningur hefði verið leiðréttur, helzt þegar í stað.

Fréttatilkynningar utanríkisráðuneytisins sumar hverjar og yfirlýsingar einstakra starfsmanna þess hafa og verið varhugaverðar að þessu leyti, þar sem t. d. er talað um landhelgismál og landhelgislínu, þegar átt er við friðunarráðstafanir. Þess ber að minnast, að alþjóðadómstóllinn í Haag staðfesti með dómi sínum í deilumáli Norðmanna og Breta, að friðunarsvæðið við Noreg skyldi teljast landhelgi, enda þótt Norðmenn nefndu svæðið aldrei því nafni, heldur einungis fiskveiðitakmörk. Í því sambandi gæti einmitt verið sérstök ástæða til að leggja áherzlu á það, að friðunarlínan sé ekki landhelgislína, ella kynni svo að fara, að alþjóðadómstóllinn kvæði einhvern daginn upp dóm þess efnis, að friðunarsvæðið frá 19. marz 1952 bæri að telja landhelgi Íslands. Og þá kann svo að fara, að vér glötum rétti vorum til frekari aðgerða og að þetta spor, sem að áliti svo margra, þar á meðal málgagns þess flokks, sem nú fer með utanríkismál, verði ekki aðeins spor í rétta átt, heldur lokasporið í þessu mikilvæga máli þjóðarinnar, en tilgangur þessa frumvarps er m. a. að koma í veg fyrir, að svo kunni að fara.

Um afmörkun landhelginnar segir í fyrrgreindum dómi, að hún hafi alltaf alþjóðlegt horf og að hún geti ekki eingöngu oltið á vilja strandríkisins, svo sem hann birtist í innanlandslöggjöf þess. Þótt framkvæmd afmörkunarinnar sé að vísu óhjákvæmilega einhliða gerningur, þar sem strandríkið eitt er bært til að framkvæma hana, lýtur gildi afmörkunarinnar gagnvart öðrum ríkjum alþjóðareglum. Þá segir enn fremur, að veita verði ríki því, er hlut eigi að máli, olnbogarúm til að afmarka landhelgina í samræmi við hagsmuni og aðstæður. Ljóst er og, að taka verður tillit til efnahagslegrar sérstöðu, svo og landfræðilegrar, enn fremur, að söguleg atriði varðandi landhelgina skipta verulegu máli.

Í öllum þessum atriðum hefur Ísland algera sérstöðu, og mun vera óþarfi að gera grein fyrir því, svo alkunn er hún.

Öllum má ljós vera nauðsyn þess, að íslenzka þjóðin búi ein að auðlindum sínum í hafinu umhverfis landið, en aðrar þjóðir hafa einnig gert sér grein fyrir hagsmunum sínum að þessu leyti, og hafa sumar þeirra helgað sér landgrunn sitt, nú síðast eitt brezku samveldislandanna, Ástralía.

Alþýðuflokkurinn telur, að ekki megi dragast öllu lengur, að íslenzka þjóðin geri ráðstafanir til þess að tryggja rétt sinn í þessu mikilvæga máli, og því er frumvarp þetta flutt nú.

Þess skal getið, að lagafrumvarp þetta er samið með hliðsjón af þeim niðurstöðum, sem dr. Gunnlaugur Þórðarson hefur komizt að í doktorsritgerð sinni, sem sé, að Íslendingar eigi rétt til landgrunnsins alls, svo sem var á dögum þjóðveldisins, eða a. m. k. til 16 sjómílna landhelgi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Varðandi takmörk landgrunnsins er stuðzt við kenningar dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, en í doktorsritgerð sinni segir hann á bls. 119—120:

„Það er rannsóknarefni út af fyrir sig, hvernig ákveða skuli takmörk landgrunnsins. Eðlilegast væri að miða við ákveðið dýpi. Hentugra mun þó að miða við tiltekna fjarlægð undan landi. Þó virðist heppilegasta lausnin geta orðið sú, að taka tillit til dýptar og fjarlægðar í senn.

Um landgrunnið við Ísland hefur aðallega komið til tals að miða við ákveðið dýpi, 200 eða 400 metra. Telja verður eðlilegast, að miðað verði við hvort tveggja í senn, fjarlægð undan landi og jafnframt tekið tillit til sjávardýpis. Kæmi þá helzt til greina 50 sjómílna víðátta. Sú landgrunnslína mundi að mestu leyti falla á milli 200 og 400 metra dýptarlínanna. Hins vegar verði 200 metra dýptarlínan látin skera úr um víðáttu landhelginnar, þar sem hún nær út fyrir 50 sjómílna takmörkin. Á þeim slóðum, þar sem þessi landgrunnslína mundi liggja, eru dýptarlínurnar víða mjög þéttar og halli sjávarbotnsins því mikill, en það er einn helzti mælikvarðinn til að miða takmörk landgrunnsins við.

Önnur ástæða er og til þess, að 50 sjómílna línan er sett fram, nefnilega sú, að sögulegar líkur eru fyrir því, að um það bil, er fiskveiðar erlendra manna hófust við Ísland, hafi fyrsta „landhelgin“, þ. e. svæðið, þar sem erlendum skipum var með tilskipunum bannað að fiska, náð allt að 50 sjómílum undan landi.

Þá er þess og að geta, að öll helztu fiskimið við landið mundu lenda innan 50 sjómílna takmarksins, svo sem hin alkunnu Halamið að mestu.

Loks er þess getið í sambandi við landgrunnskenninguna, að dr. Hermann Einarsson fiskifræðingur telur Íslendinga alveg einfæra um að veiða þann fisk, sem æskilegt er, að verði veiddur á landgrunninu, án þess að fiskistofninum sé ofboðið.


Kenningin um landgrunnshelgi, eða eignarrétt hlutaðeigandi þjóða á landgrunni sínu, er nær alveg ný, eða frá því eftir aldamótin 1900, og var fyrst sett fram, að því er höf. bezt veit, af Spánverjanum Odon de Bureu á fiskveiðaráðstefnu í Madrid 1916. Hefði sú kenning verið komin fram árið 1859 eða 1901, hefði þjóðin án efa haldið þeirri kröfu fram, einkum ef hana hefði órað fyrir þeim framförum, sem síðar urðu í veiðitækni.

Íslenzka þjóðin verður að hugsa fyrir framtíðinni. Ef til vill verður 16 sjómílna landhelgi orðin ónóg eftir 20 ár og 50 sjómílna landhelgi ein talin nægja vegna framfara í veiðitækjagerð. Ef til vill verður botnvarpan orðin úrelt þá, fiskur aðallega veiddur með rafmagnsveiðarfærum. Því er Íslendingum nauðsyn að gera nú þegar hinar ýtrustu kröfur.“

Tilgangur lagagreinar þessarar er að tryggja íslenzku þjóðinni þann rétt, sem hún átti fyrir gildistöku samnings Stóra-Bretlands og Danmerkur frá 24. maí 1901, varðandi landhelgi Íslands, og helga Íslandi landgrunnið allt, enda þótt lögsaga verði ekki látin taka til þess alls þegar í stað, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Það er Íslandi e. t. v. ofviða að hafa á hendi löggæzlu með allri landgrunnshelginni með þeim varðskipastól, sem við höfum yfir að ráða, enda eru nokkur svæði innan hennar, sem ástæðulaust er að hafa eftirlit með, en önnur svæði eru fiskiauðug, og því er þessi leið valin, að leggja það í vald ríkisstjórnarinnar, hvernig löggæzlunni skuli hagað í því efni. Hins vegar þykir ekki rétt, að ríkisstjórnin hafi algerlega óbundnar hendur í þessu efni, og því er sett ákveðið lágmark og miðað við þá landhelgi, sem þjóðin bjó við áður fyrr, 16 sjómílur, og um leið er gömlum tilskipunum gefið nýtt og aukið gildi í samræmi við álit Alþingis um rétt Íslands í landhelgismálum, er fram kom í bænarskrá Alþingis 9. sept. 1869. Gert er ráð fyrir, að friðunarákvæðin haldist óbreytt þannig, að á þessu svæði, sem er a. m. k. 12 sjómílur, geti aðeins íslenzk fiskiskip stundað hvers konar veiðar.



Á hinum lauslega uppdrætti, er sést hér að ofan, sjást fjórar línur. Innsta línan er landhelgislína samkv. samningnum frá 1901. Önnur er núverandi friðunarlína. Þriðja línan er dregin 16 sjómílur utan við yztu annes, eyjar og sker. Yzt er lína 50 sjómílur utan sömu marka, en slitrótt, þar sem 200 m dýptarlínan fer utar.

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Íslands, sem hér segir:

Friðunarlína fyrir Vestfjörðum á svæðinu milli Bjargtanga og Kögurs skal dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar þeir, sem hún er miðuð við, nr. 43—47 í reglugerðinni, þó þannig, að aðliggjandi takmarkalínur núverandi friðunarsvæðis að norðan og sunnan framlengjast í beina stefnu, þangað til þær ná þessari nýju línu.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram borin af brýnni nauðsyn og eftir sameiginlegum óskum vestfirzkra sjómanna og útgerðarmanna. Reynslan hefur nefnilega sýnt, að við ákvörðun nýju friðunarlínunnar hefur ágengni togbáta og togara stóraukizt fyrir Vestfjörðum. Er það bein afleiðing þess, að sunnan- og vestanlands lokuðust með hinum nýju friðunarsvæðum víðáttumikil togveiðisvæði, sem botnvörpuskip, erlend og innlend, áttu áður aðgang að. Nú stefna þau til Vestfjarðamiða með margföldum þunga.


Svo hagar til, eins og kunnugt er, að úti fyrir Vestfjörðum eru einhver fiskisælustu togaramið í heimi, „Halamið“. Á þau leitar nú miklu meiri fjöldi skipa en nokkru sinni fyrr, og stunda þau, einkum útlendu skipin, oft veiðiskap allt utan af Hala og upp að nýju friðunarlínunni, sem nálega alls staðar fyrir Vestfjörðum færðist aðeins út um eina sjómílu. Hefur reynslan sýnt, að fiskgöngur upp á grunnmiðin virðast bókstaflega stöðvast við þessa margföldu girðingu botnvörpuskipanna fyrir utan. Segja togaraskipstjórar t. d., að nokkur undanfarin haust hafi verið slík fiskgengd úti fyrir Djúpál, að þeir muni tæpast annað eins. En staðreynd er það, að þær fiskgöngur hafa ekki komið inn á bátamiðin, og hafa vélbátar búið við sama tregfiskið og verið hefur, síðan línunni var breytt.

Er nú svo komið, að útgerðarmenn og sjómenn á Vestfjörðum eru að gefast upp á vélbátaútgerð, sem þó hefur lengstum verið aðallífsbjargarvegur fólksins í þessum landshluta.

Um þessar mundir er algengt að heyra vonleysið brjótast fram hjá vestfirzkum útgerðarmönnum og sjómönnum í þessum og þvílíkum setningum: „Vélbátaútgerðin á Vestfjörðum virðist vera dauðadæmd, ef ekkert verður að gert. Ef til vill verður þetta seinasta vertíðin, sem við reynum að gera út, nema friðunarsvæðið fáist verulega stækkað.“ Uppgjöfin hefur mjög almennt gripið um sig, og er hér því mjög alvarlegt mál á ferðinni.

Þessi mál hafa mikið verið rædd af útgerðarmönnum og sjómönnum á Vestfjörðum. Einnig hefur þing- og héraðsmálafundur Vestur-Ísafjarðarsýslu tekið málið til umræðu og gert um það ályktun. Var þar látin í ljós ánægja yfir rýmkun friðunarsvæðisins, þegar á heildina væri litið, en jafnframt skorað á Alþingi og ríkisstjórn að halda fast á rétti þjóðarinnar til landgrunnsins til fiskveiða og verndar fiskstofninum. „Einnig telur fundurinn brýna nauðsyn á, að landhelgisgæzlan verði aukin, og þá sérstaklega við Vestfirði, þar sem vitað er, að eftir að hin nýja friðunarlína var sett, hefur ágengni botnvörpuskipa stóraukizt þar.“

Það er mikilsvert, að þingmenn geri sér ljóst, að með ákvörðun hinnar nýju friðunarlínu urðu línuveiðaslóðir vélbátanna víðast hvar fyrir innan friðunarlínuna. En á Vestfjörðum er því ekki þannig farið. Þar eru flest hin gömlu hefðbundnu mið vélbátaflotans 10—20 sjómílur undan yztu andnesjum.



Aðalveiðislóðir vélbátanna fyrir Vestfjörðum liggja þannig svo að segja allar fyrir utan núverandi friðunarlínu og ná að vísu einnig verulega út fyrir þá línu, sem hér er farið fram á að ákveða. Hins vegar liggja Halamið — gullkista togveiðiskipanna — 50 sjómílur frá yztu andnesjum, svo að nærri þeim er alls ekki höggvið með þeirri auknu friðun, sem hér er farið fram á fyrir vélbátaflotann.

Samkvæmt lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, skal sjávarútvegsmálaráðuneytið ákvarða með reglugerð „takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar

veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur."

Enn fremur segir í 1. gr. laganna:

„Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum."

Í þessari tillögu er farið fram á það, samkvæmt þessum skýru lagaheimildum, að takmörk friðunarsvæðisins fyrir Vestfjörðum verði ákveðin af sjávarútvegsmálaráðuneytinu 16 sjómílur utan við grunnlínupunktana 43—47 — þ. e. Bjargtanga, Kópanes, Barða, Straumnes og Kögur — í reglugerðinni um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

Hér er líka um það að ræða, að friðun landgrunnsins á Vestfjarðasvæðinu hefur orðið fyrir skerðingu vegna aukins ágangs innlendra og erlendra togveiðiskipa. Um nauðsynina á því að tryggja fiskimiðum vélbátaflotans á Vestfjörðum aukna friðun og vernd, er ekki hægt að deila. Reynslan hefur þegar sýnt, að hér liggur við, að aðallífsbjargarvegur fólksins í heilum landshluta sé að leggjast í örtröð, ef ekkert verður að gert.

Þá stendur hér og alveg sérstaklega á: Hvergi hagar þannig til annars staðar við strendur landsins, að línuveiðasvæðin liggi öll utan friðunarlínu og auðug togaramið, eins og „Halinn", liggi þar fyrir utan og valdi því, að enginn friður er fyrir vélbátana að athafna sig á hinum hefðbundnu vélbátamiðum. Það má því segja, að hér sé um að ræða lífsnauðsynjamál, sem ekki getur skapað neitt almennt fordæmi annars staðar.

Þykir okkur flutningsmönnum mikið við liggja, að þingmenn kynni sér þetta mál gaumgæfilega, og þarf þá varla að efa, að þeir stuðla að því, að ríkisstjórninni verði falið að framkvæma þá breytingu á reglugerðinni frá 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sem hér er farið fram á.

Til þess að gera mönnum auðveldara fyrir að átta sig á, hvaða breytingu er um að ræða á friðunarsvæðinu fyrir Vestfjörðum, ef tillagan er samþykkt, látum við fylgja kort af hinni hugsuðu friðunarlínu fyrir Vestfjörðum.

Nd. 41. Frumvarp til laga [37. mál]

um olíueinkasölu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Kristinn Gunnarsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1956 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinolíu (petroleum) eða olíum eða feiti, sem unnar eru úr henni, svo sem benzíni, ljósaolíu, hráolíu (gas- og dieselolíu), brennsluolíu, smurningsolíum og smurningsfeiti, — né aðrar tegundir af olíum og feiti, sem unnar eru úr steinolíu.

2. gr.

Olíuvörur, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum verzlunarfélögum, kaupmönnum, félögum bifreiðaeigenda, fyrirtækjum, sem eru eign ríkis og bæjarfélaga, og iðnaðarfyrirtækjum, en eigi öðrum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að leigja, kaupa eða láta byggja olíuflutningaskip til þess að annast olíuflutningana til landsins og sjá um dreifinguna innanlands með sem ódýrustum hætti.

4. gr.

Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni. Sama gildir um fé það, sem þarf til þess að reisa olíugeyma eða önnur mannvirki og byggingar, sem nauðsynlegar eru fyrir slíkan verzlunarrekstur.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða tæki, sem nú eru notuð hér á landi til verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu.

5. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera: Olíueinkasala ríkisins.

6. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur olíueinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

7. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með olíubirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. júlí 1956, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. apríl 1956 skal stjórninni vera heimilt að banna allan innflutning á olíum, nema leyfi hennar komi til.

8. gr.

Olíueinkasalan skal leggja frá 10—40 af hundraði á olíuvörur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í geymi eða í hús hér á landi að meðtöldum geymslukostnaði og tolli.

9. gr.

Olíueinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll, þar sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri olíueinkasölunnar, eftir að hæfilegur hluti hans, fyrirtækinu til öryggis, hefur verið lagður í veltufjár- og varasjóði, fyrningar- og byggingarsjóði, skal geymast til næsta árs og notast það ár til lækkunar á verðlagi þeirra vara, er olíueinkasalan verzlar með, að svo miklu leyti sem eigi reynist unnt að verja ágóðanum til verðuppbótar á því sama ári, sem ágóðinn varð til. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil og ákveður árlega um framlög í sjóði.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð olíuvaranna í smásölu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 100 til 100000 kr., ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu allar olíuvörur, sem fluttar eru inn í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast einkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með brot út af málum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt oft áður.

Fyrir síðustu alþingiskosningar urðu heiftúðugar deilur milli stjórnarflokkanna út af olíufarmgjöldum, og varð af þeim deilum ljóst, að félög þau, sem annast olíuverzlunina, geta dregið til sín milljónafúlgur umfram það, sem hóflegt getur talizt, án þess að nokkur vissa sé þó fyrir því, að það komist upp.

Í þessu er ekkert öryggi. Einasta færa leiðin til að tryggja olíur með réttu verði er sú, að ríkið komi á fót einkasölu með olíur, enda er lagt til í þessu frumvarpi, að svo verði gert.

Á árunum 1943 og 1944 átti ríkisstjórnin með sérstökum ráðstöfunum allverulegan þátt í því að útvega hagkvæmara verð á olíur en verið hefði, ef olíufélögin hefðu ein mátt ráða. Í lok ársins 1944 var þessum afskiptum ríkisstjórnarinnar hætt með þeim afleiðingum, að verðið hækkaði mikið. Þessi ríkisafskipti af olíuverzluninni höfðu því reynzt heppileg.

Nú hefur ríkisstjórnin um nokkur ár gert heildarinnkaup hjá Rússum á þeim olíum, sem við þurfum. Sjá allir, hversu hjákátlegt það er undir slíkum kringumstæðum, að ríkisstjórnin skuli þurfa að framselja samninga sína til olíufélaganna og valda með því verðhækkun, sem engin þörf er á.

Þessi heildarolíukaup ríkisins gera því einkasölu ríkisins á olíum að sjálfsögðum hlut, og eru þau ein aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er flutt enn þá einu sinni.

Þá mælir það líka með ríkiseinkasölu á olíum, að flutningar olíunnar verða miklu ódýrari, ef hún er flutt í sem allra stærstum tankskipum, jafnvel 16000 tonna eða þar yfir.

Einnig ber á það að líta, að dreifing olíunnar verður miklum mun ódýrari með einkasölufyrirkomulaginu. Mundi allt sölukerfið í landinu í heild þá verða miklu einfaldara og ódýrara, eins og bezt sést á því, að á mörgum sölustöðum úti um land eru vegna samkeppnisfyrirkomulagins hafðar tvær til þrjár benzíndælur, og sama furðusjónin blasir líka við víða um land að því er olíugeymana snertir.

Enn er á það lítandi, að einkasala ríkisins mundi algerlega draga olíuverzlunina úr höndum þeirra erlendu olíufélaga, sem enn þá hafa verulegan hluta hennar í sínum höndum. Er varla hægt að segja, að það samrýmist sjálfstæði Íslands, að erlend verzlunarfélög skuli annast jafnþýðingarmiklar greinar íslenzkrar verzlunar sem olíuverzlunin er. Það er því fyllilega kominn tími til, að bundinn verði endir á það ástand. Þennan þátt verzlunarinnar getum við vel annazt sjálfir og eigum auðvitað að gera það, en engar líkur eru til, að svo verði, nema lagasetning komi til um olíueinkasölu ríkisins.

Olíunotkun þjóðarinnar hefur margfaldazt á undanförnum árum.

Árið 1940 var olíueyðslan rúm 23000 tonn.
— 1944 — — tæp 36000 —
— 1945 — — rétt 40000 —
— 1946 — — 52000 —

Árið 1953 var olíueyðslan komin yfir 200000 tonn, og fer hún enn óðfluga vaxandi. Það ár voru olíur og benzín fluttar inn fyrir 158 milljónir króna, og er það langhæsti liðurinn á innflutningsskýrslum þess árs.

Atvinnulíf þjóðarinnar skiptir það miklu máli, að olíuverði sé haldið eins lágu og mögulegt er. Hér ríður því á að komast hjá óþörfum milliliðum, útiloka óhóflega álagningu, tryggja það, að olían sé flutt til landsins í stórum tankskipum og að dreifingarkerfið innanlands sé eins einfalt og ódýrt og verða má. — En þetta allt verður bezt tryggt með ríkiseinkasölu á olíu.

Nánar verður gerð grein fyrir þessu þýðingarmikla máli í framsögu.

Ed. 42. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið. Það felur í sér framlengingu á ákvæðum laga nr. 92/1954, án niðurfellingar eða viðauka.

Fjórir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt efnislega óbreytt.

Fimmti nefndarmaðurinn (HG) flytur hins vegar breytingartillögu um, að B-liður 1. gr. frumvarpsins falli niður. Tekur hann fram, að afdrif þeirrar tillögu kunni að hafa áhrif á afstöðu sína til frumvarpsins að öðru leyti. Skrifar hann þar af leiðandi undir nefndarálitið með fyrirvara.

Sá formgalli er á frumvarpinu, að í fyrirsögn er það talið breyting á lögum nr. 62/1939, og sömuleiðis er vitnað til þeirra laga í 1. gr. þess. En í stað þeirra laga eru nú komin lög nr. 90/1954. Fjárhagsnefnd leggur því til, að á frumvarpinu verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum“ í A-lið komi: nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
   Frumvarp til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Alþingi, 18. okt. 1955.

Bernh. Stefánsson, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr. — Karl Kristjánsson, frsm.

H. Guðmundsson, með fyrirvara. — Gísli Jónsson.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Þar eð endurskoðunartími samningsins er sex mánuðir og uppsagnarfrestur eitt ár, telur Alþingi nauðsynlegt, að gerðar verði þegar í stað ráðstafanir til að draga úr skaðvænlegum afleiðingum hersetunnar, meðan hún varir, og ályktar því að fela ríkisstjórninni eftirfarandi:

1. að krefjast þess, að Bandaríkin fækki nú þegar stórlega herliði sínu hér á landi;
2. að neita Bandaríkjaher um leyfi til byggingar allra frekari herstöðva eða hernaðarmannvirkja á Íslandi;
3. að krefjast brottflutnings allra erlendra verkamanna, sem starfa á vegum hersins og að framkvæmdum í þágu hans;

4. að loka bækistöðvum Bandaríkjahers algerlega, þar til herliðið er flutt af landi brott, og einangra herinn innan þeirra stöðva;
5. að koma nú þegar í veg fyrir, að hermenn eða starfsmenn á vegum Bandaríkjahers hafi á leigu húsnæði í íbúðum Íslendinga;
6. að sjá svo um, að ekki verði fleiri Íslendingar ráðnir til starfa hjá herliðinu en nú eru þar. Meðan Íslendingar starfa innan bækistöðva hersins, sé herinn einangraður frá hinu íslenzka starfsliði og girt fyrir öll ónauðsynleg samskipti þeirra í milli;
7. að stöðva nú þegar rekstur hinnar bandarísku útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli;
8. að sjá að öðru leyti um, að ekki verði á neinn hátt gengið á rétt Íslands í sambandi við framkvæmd varnarsamningsins, meðan hann er í gildi.

Greinargerð.

Tillögu samhljóða þessari hafa sömu flutningsmenn flutt í upphafi tveggja síðustu þinga. Á báðum þeim þingum, er þær till. voru fluttar, fylgdu þeim ýtarlegar greinargerðir, og vísast hér til þess, sem þar er sagt um rök fyrir því, að íslenzkri þjóð sé það lífsnauðsyn, að hinni erlendu hersetu á Íslandi sé lokið svo fljótt sem verða má.

Til viðbótar því, sem þar greinir, skal tekið fram eftirfarandi:

Síðan síðasta þingi lauk, hefur hver stórviðburðurinn rekið annan í heimsmálunum, sem stórlega hafa dregið úr viðsjám milli vestur- og austurveldanna og treyst friðsamleg samskipti þeirra. Ýmsir af æðstu valdamönnum stórveldanna hafa þá einnig lýst yfir því opinberlega sem skoðun sinni, að kalda stríðinu væri nú lokið og framundan væri langt tímabil friðsamlegrar samkeppni þjóðanna.

Þessi þróun heimsmálanna í friðsamlegri átt hófst fyrir alvöru á fundi æðstu manna fjórveldanna í Genf á síðastliðnu sumri. Kjarnorkuráðstefna fjórveldanna, sem haldin var í sömu borg nokkrum vikum seinna, markaði þó eflaust enn þá merkari tímamót og var mun stærra skref í þá átt að draga úr viðsjám milli austurs og vesturs og sannfæra allar þjóðir veraldar um nauðsyn friðsamlegrar sambúðar. Á þeirri ráðstefnu kepptust fjórveldin um að gefa upplýsingar um framleiðslu og hagnýtingu kjarnorkunnar, upplýsingar, sem fram til þess tíma höfðu verið taldar mikilvægastar allra hernaðarleyndarmála og voru margfalt mikilvægari en upplýsingar þær, sem Rósenbergshjónin voru grunuð um að hafa átt hlutdeild í að afla og urðu að láta lífið fyrir í rafmagnsstól í bandarísku fangelsi.

Á kjarnorkuráðstefnu þessari, sem af öllum málsmetandi mönnum er talin einhver markverðasta ráðstefna, sem stórveldi veraldarinnar hafa efnt til, kom í ljós, að vitneskja vestur- og austurvelda í þessum efnum var nákvæmlega jafnmikil og tæknileg þróun Sovétríkjanna á sviði kjarnorkunnar sízt minni en vesturveldanna. Sú vitneskja opnaði að fullu augu ráðamanna og sérfræðinga stórveldanna fyrir þeirri einföldu staðreynd, að útilokað er, að þau geti háð styrjöld hvert gegn öðru og vænzt sigurs. Styrjöld þeirra í milli hefði aðeins tortímingu í för með sér, jafnt fyrir alla aðila, og að öllum líkum fyrir gervallt mannkyn.

Árangurinn af þessum tveim Genfarráðstefnum á s. l. sumri hefur verið að koma í ljós síðustu vikurnar. Bendir hann ótvírætt í þá átt, að mannkynið geti nú með miklu öryggi vænzt þess, að ekki komi til heimsstyrjaldar í náinni framtíð a. m. k.

Fyrsti sýnilegi árangur Genfarráðstefnanna kom í ljós á þann hátt, að Sovétríkin minnkuðu her sinn um 640 þúsund manns, en síðan minnkuðu austurveldin heri sína, hvert af öðru. Vestan megin hefur svo sjálft brezka heimsveldið riðið á vaðið og tilkynnt, að fækkað muni í brezka hernum um 200 þúsund manns á næstunni. Enginn þarf að efa, að þjóðir Vestur-Evrópu muni fara að dæmi Breta og minnka heri sína og draga úr hernaðarútgjöldum sínum og hernaðarframkvæmd-

um, svo mjög sem þessar þjóðir hafa stunið undir drápsklyfjum vígbúnaðar að undanförnu og jafnmiklum erfiðleikum og truflunum og vígbúnaðurinn hefur valdið í efnahagslífi þessara þjóða, einkum og sér í lagi Atlantshafsbandalagsríkjanna.

Þá hefur einnig dregið til muna úr haturs- og stríðsáróðri milli austurs og vesturs, og er það sýnilegt tákn batnandi sambúðar.

Enn má það telja sem væntanlegan árangur Genfarráðstefnanna, að nú þegar þetta er ritað virðast allar líkur benda til þess, að tillögur þær, sem bornar hafa verið fram af Eisenhower Bandaríkjaforseta og Búlganin forsætisráðherra Sovétríkjanna, og bréfaskipti þau, sem átt hafa sér stað af því tilefni milli þessara valdamanna, muni innan skamms leiða til þess, að Rússar og Bandaríkjamenn ljósmyndi úr lofti mikilvægar herstöðvar og setji þar eigin eftirlitsmenn, hvorir í annars landi. Mundi slíkt óefað hafa hinar mikilverðustu afleiðingar í för með sér og verða stórt spor í þá átt að hefja allsherjar afvopnun þjóðanna og útrýmingu styrjalda.

Öll rök og allar líkur hníga því mjög að einu marki, því langþráða takmarki mannkyns að geta byggt lönd sín í friði og eytt lífi sínu í starf, en ekki stríð.

Sterk rök hníga og að því, að þáttaskil hafi orðið á s. l. sumri í heimsmálunum, og æðstu menn stórveldanna og ráðgjafar þeirra hafi nú loks fengið þá skoðun sína staðfesta að fullu, að deilumál þjóða verði ekki leyst með styrjöldum, heldur samningum, skilningi og þekkingu hverrar þjóðar á aðstæðum og högum hinna.

Það, sem hér hefur verið sagt, sýnir ljóslega, að ástandið í heimsmálunum hefur breytzt mjög til batnaðar síðan við flm. þessarar tillögu fluttum hana á síðasta þingi. Það breytta ástand leiðir jafnvel enn greinilegar í ljós en öll fyrri rök, hvílík fjarstæða það er að hafa hér erlendan her og halda áfram hervirkjagerð í landi okkar af slíku kappi, að efnahagslíf og atvinnuvegir þjóðarinnar verða fyrir geigvænlegu tjóni af þeim sökum. Voru þó þau rök, sem áður voru flutt í sambandi við þessi mál, nægilega skilmerkileg til að geta opnað augu þeirra, er vildu sjá, hver voði íslenzkri þjóð var búinn með herstöðvasamningnum 1951 og þeim afleiðingum, er sá samningur hafði í för með sér.

Enn er þó ótalinn sá stórviðburður í þróun heimsmálanna síðustu vikurnar, sem færir íslenzkri alþýðu gleggstar sönnur á það, að erlendri hersetu og hervirkjagerð verður að ljúka hér, a. m. k. jafnskjótt og ákvæðin í 7. gr. samningsins frá 5. maí 1951 heimila. Sá viðburður gerðist fyrir nokkrum vikum, þegar Rússar tilkynntu á fundi æðstu manna Sovétríkjanna og Finna, að þeir ætluðu nú þegar að fara frá herstöð þeirri á Porkalaskaga, skammt frá höfuðborg Finnlands, sem þeir neyddu Finna til að leigja sér til 50 ára við lok síðustu heimsstyrjaldar. Höfðu Rússar þó komið sér upp mun öflugri vígstöð í þessari Keflavík Finnlands en Bandaríkjamenn hér og áttu eftir 39 ár af samningstímanum, en ætla nú að afhenda hana Finnum um næstu áramót.

Er þá svo komið, að Ísland, eitt Norðurlanda, er hersetið af erlendu stórveldi, því að eins og kunnugt er hafa bæði Norðmenn og Danir þverneitað að hleypa erlendum herjum inn í lönd sín til langdvalar, og eru þó báðar þessar þjóðir í Atlantshafsbandalaginu eins og Íslendingar. Þá neitun rökstuddu þessar þjóðir m. a. með illri reynslu af hinni bandarísku hersetu á Íslandi.

Norðurlandabúum hefur verið gjarnt að líta á sig sem menningarlega heild og verið stoltir af menningu sinni og sögu. Þangað hafa þeir sótt þau rök og þann styrk, sem þeir treystu á til að varðveita sjálfstæði sitt gegn ágengum stórveldum, en ekki til lítilfjörlegra herja sinna. Því ber þó ekki að neita, að meir hafa þessar þjóðir talið sig þurfa að óttast það, að minna tillit yrði tekið til slíkra raka úr austri en vestri. Þess vegna er það, að íslenzk alþýða fær ekki skilið, að hin mikla öndvegisþjóð lýðræðis og menningar, Bandaríki Norður-Ameríku, skuli ekki af sjálfsdáðum fara með her sinn nú þegar af íslenzkri grund, þegar Rússar hafa gert það hvort tveggja að viðurkenna fánýti slíkra herstöðva á kjarnorkuöld og þá hindrun, sem þær eru á braut friðsamlegrar sambúðar þjóðanna, og unnt hinni

finnsku menningarþjóð þeirrar viðurkenningar og þess sóma að afhenda henni herstöðina á Porkala löngu fyrir umsaminn tíma án baráttu og langra samningaumleitana.

Enn óskiljanlegra er það þó íslenzkum almenningi, að ríkisstjórn Íslands og stuðningsflokkar hennar skuli ekkert hafa aðhafzt enn í því efni að losa þjóðina við hina bandarísku hersetu, jafnháskaleg og hún hefur reynzt menningu og efnahagslífi þjóðarinnar. Virðist mönnum engu líkara en íslenzka ríkisstjórnin hafi enga skoðun á því máli, hve lengi Bandaríkjaher skuli dveljast hér, né hve langt honum skuli leyft að ganga í því að soga íslenzkt vinnuafl til hervirkjagerðar og lama á þann hátt íslenzkt atvinnulíf, sem síðustu missiri hefur verið bjargað frá óbætanlegu tjóni með færeyskum sjómönnum, þótt sú leið muni nú lokuð. Ljóst er þó, að íslenzk ríkisstjórn getur tæpast lengi farið með völd án þess að mynda sér einhverja skoðun á þessum málum og kunngera hana almenningi, því að þess gengur nú varla nokkur dulinn, hve hröðum skrefum andstaðan gegn erlendri hersetu vex hér á landi. Má nefna sem dæmi, að Alþýðuflokkurinn, sem stóð óskiptur að herstöðvasamningnum 1951 og réð örlögum í því efni, þar sem vitað er, að stjórnarflokkarnir hefðu aldrei þorað að kalla hingað erlendan her, ef einhver flokkur, annar en Sósialistaflokkurinn, hefði verið því andvígur, hefur nú látið undan síga fyrir þunga andstöðunnar við hina erlendu hersetu hér. Að vísu hefur Alþýðuflokkurinn farið hænufetið á þessari braut, enda vart við öðru að búast af flokki, sem átti jafnmikinn þátt í að kalla hingað erlendan her og yfir þjóðina allt það böl og tjón, sem fylgdi hersetunni. Þó er nú svo komið, að Alþýðuflokkurinn hefur lagt fram þáltill. á þessu þingi, þar sem látið er að því liggja, að flokkurinn geti hugsað sér það, að notuð séu ákvæði herstöðvasamningsins til að segja honum upp.

Öll rök staðfesta því, að það sé skylda Alþingis við íslenzka þjóð, líf hennar og sjálfstæða tilveru, að sjá um, að herstöðvasamningnum frá 1951 sé sagt upp nú þegar, — að það sé skylda Alþingis Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum og baráttu mannkyns fyrir friði og öryggi að sjá um, að þeirri hindrun, sem herstöðvar á Íslandi eru á þeirri braut, sé rutt úr vegi. Þessa skyldu getur Alþingi rækt með því að fela ríkisstjórninni að segja upp herstöðvasamningnum frá 1951 lögum samkvæmt á þann hátt, sem tillaga okkar felur í sér.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um eyðingu refa og minka.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Andrés Eyjólfsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við Búnaðarfélag Íslands fara fram athugun á möguleikum til eyðingar refa og minka og þá sérstaklega, hvort ekki sé tiltækilegt að taka upp nýjar aðferðir til útrýmingar þeim.

Greinargerð.

Refum virðist hafa fjölgað mjög hér á landi í seinni tíð, og tjón af völdum þeirra er mikið. Miklu fé er árlega varið til þess í hverri sveit að leita uppi greni á vorin og vinna þau. Er þetta verk tímafrekt og ekki á allra færi, og þar sem ekki tekst að finna nema nokkurn hluta grenjanna ár hvert, fer því fjarri, að útrýmingar sé að vænta að svo stöddu, enda þvert á móti um fjölgun að ræða, eins og fyrr var sagt.

Á meðan refaskinn voru í háu verði, lögðu margir það á sig að stunda refaveiðar á vetrum, og oft með miklum árangri, enda báru þeir þá talsvert úr býtum fyrir erfiði sitt. Síðan skinnin féllu í verði, var til lítils að vinna að þessu leyti. Var þá tekin upp sú aðferð að veita sérstök verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr (og minka). Verðlaun þessi voru hækkuð til muna með lagabreytingu, sem gerð var á síðasta Alþingi, en eru þó af ýmsum talin of lág til þess að ná fyllilega tilgangi sínum. Sýslufundir og búnaðarþing hafa gert ýmsar ályktanir um þessi mál undanfarið, og víst er, að ekki má við svo búið standa. Bent hefur verið á ýmis úrræði, svo sem að hækka enn verðlaun fyrir hlaupadýr, auka eitrun frá því, sem nú er, eða koma af stað sýkingu meðal dýranna innbyrðis, ala upp sérstaka tegund veiðihunda til að finna greni o. s. frv. Hér skal ekki lagður dómur á þessar aðferðir. En vera má, að erlend reynsla gæti orðið til gagns í þessu efni.

Þá ber og brýna nauðsyn til að vinna af alefli að útrýmingu villiminka, sem eru afkomendur dýra, sem sloppið hafa úr minkabúrum, eftir að minkarækt var tekin upp hér, illu heilli. Eru villiminkar víða um land, og í þeim héruðum, sem hafa sloppið við vágest þennan hingað til, mega menn búast við, að hans sé von þá og þegar. Getur þar verið mikið tjón yfirvofandi, t. d. í varplöndum og veiðivötnum.

Nú eru í gildi lög um eyðingu refa og minka, er sett voru árið 1949 (nr. 56 það ár). En breytingar voru gerðar á þeim lögum á síðasta þingi, og þá m. a. sú breyting að hækka verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr og minka, eins og fyrr var sagt. Landbúnaðarnefnd efri deildar aflaði sér þá allýtarlegra upplýsinga um framkvæmd laganna frá 1949. Skrifaði hún í því sambandi atvinnumálaráðuneytinu og öllum sýslumönnum landsins. Upplýsingar þær, er nefndin aflaði sér, er að finna í nefndaráliti á þskj. 418 frá síðasta þingi svo og í ræðu framsögumanns nefndarinnar. Að fengnum þessum upplýsingum beitti nefndin sér fyrir nokkrum breytingum á lögunum auk þeirra, sem fyrir lágu í frv. Flm. telja því að svo stöddu ekki ástæðu til að óska eftir endurskoðun laganna milli þinga, þótt vera megi, að einhverra breytinga sé þörf í sambandi við þá niðurstöðu, sem trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar kunna að komast að varðandi útrýmingaraðferðir.

Samkvæmt fyrrnefndum upplýsingum reyndist kostnaður við eyðingu refa og minka árið 1953 nál. 837 þús. kr., þar af 307 þús. kr. úr ríkissjóði. Er kostnaður við grenjavinnslu þar meðtalinn.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um kjarnorkumál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rækilega athugun á því, hverjir möguleikar eru til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna hér á landi í þágu atvinnuveganna og til lækninga, og gera ráðstafanir til, ef heppilegt þykir að athuguðu máli, að sérstök stofnun fylgist með nýjungum í þeim efnum og hafi með höndum rannsóknir og forgöngu um framkvæmdir, eftir því sem gagnlegt þykir og viðráðanlegt er.

Greinargerð.

Hagnýting kjarnorku til friðsamlegra starfa virðist vera eitt af stærstu viðfangsefnum vísindanna nú á tímum. Engin þjóð, hvort sem hún er fjölmenn eða fámenn, getur talið það mál sér óviðkomandi. Það viðhorf hafa Íslendingar fyrir

sitt leyti staðfest með þátttöku í alþjóðaráðstefnu þeirri, sem haldin var í Genf í ágústmánuði í sumar.

Á ráðstefnu þessari skýrðu vísindamenn margra þjóða frá niðurstöðum undangenginna rannsókna. Fátt eitt er almenningi kunnugt af þeim mikla fróðleik, er þar kom fram, en þó er ljóst af frásögnum um þessi efni, að þegar eru fyrir hendi margháttaðir möguleikar til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna. Má í því sambandi t. d. nefna notkun geislavirkra efna til lækninga og einnig til ýmiss konar rannsókna í þágu landbúnaðar og iðnaðar.

Í sambandi við þessi mál hefur verið bent á það, að framleiðsla á þungu vatni við jarðhita kynni að geta orðið arðvænlegur stóriðnaður hér á landi. Ætti það að athuga til hlítar þann möguleika að verða eitt af verkefnum milliþinganefndarinnar, sem kosin var á síðasta Alþingi til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Hér er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að taka til atnugunar, hver skilyrði eru til notkunar kjarnorku og geislavirkra efna hér á landi. Enn fremur að undirbúa það, að sérstakri stofnun, ef heppilegt þykir, verði falið að fylgjast með nýjungum á þessu sviði, annast rannsóknir og hafa forgöngu um hagnýtingu nýjunganna, eftir því sem framkvæmanlegt og heillavænlegt þykir. Að áliti flm. getur komið til mála, að þessi verkefni verið falin rannsóknaráði ríkisins, nema betur þyki henta að athuguðu máli að setja á fót sérstaka stofnun til að annast þau viðfangsefni.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um undirbúning löggjafar um framleiðslusamvinnufélög.

Flm.: Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til ýtarlegrar löggjafar um framleiðslusamvinnufélög og leggja það frumvarp fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Eitt af helztu misklíðarefnunum innan þjóðfélagsins er kaup og kjör þeirra, sem selja vinnu sína. Hagsmunir atvinnuveitandans og verkamannsins fara ekki saman nema að takmörkuðu leyti undir hinu venjulegasta skipulagi þessara málefna. Vinnuveitandinn, sem leggur til fjármagnið og tekur á sig áhættu fyrirtækisins, þarf að gæta þess, að reksturinn greiði ekki meira en hann getur borið. Auk þess vill vinnuveitandinn græða, ef unnt er. Verkamaðurinn þarf á sínu að halda og vill auðvitað gjarnan græða líka. Hann tortryggir vinnuveitandann, — álítur, að hann gæti greitt hærri laun en hann gerir, græði of mikið eða stjórni fyrirtæki sínu verr en skyldi.

Mikilsvert skipulag til þess að komast fram hjá þessum misklíðarefnum er framleiðslusamvinna. Hið vinnandi fólk stofnar framleiðslusamvinnufélög um sérstakar starfsgreinar. Tilgangur þeirra félaga er að gera verkalýðinn atvinnulega og efnahagslega sjálfstæðan og sameina í höndum hans fjármagn og vinnuafl, — skapa sannvirði vinnunnar með því að skipa þannig málum, að hann fái í laun það, sem varan gefur, sem hann vinnur að, — tryggja honum stjórnarhlutdeild, eignarhlutdeild og eftirlitsaðstöðu í atvinnufyrirtækjunum.

Félagsmennirnir kjósa sér sjálfir framkvæmdastjórn. Hver félagsmaður fer með eitt atkvæði, hvort sem hann er ríkur eða fátækur. Fólkið tekur laun eftir viðurkenndum töxtum, en fær uppbætur á þau laun eftir því, sem framleiðsluvaran

selst. Allir, sem í félaginu eru, hafa ávinning af því, að skilað sé miklu verki og góðu.

Í þessum félögum er hver maður sinn eigin vinnuveitandi, að svo miklu leyti sem því verður við komið á félagslegum grundvelli.

Í Bretlandi eru framleiðslusamvinnufélög búin að starfa lengi, sérstaklega í iðnaði ýmiss konar, og hafa með sér samband. Sagt er, að aldrei hafi komið til verkfalls í framleiðslusamvinnufélagi þar í landi. Hvers vegna ætti líka fólk í slíkum félagsskap að gera verkfall, frekar en t. d. bóndi gegn búi sínu? Félagsfólkið á fyrirtækið sjálft eins og bóndinn búið og fær afrakstur verka sinna eins og hann.

Hér í Reykjavík var nýlega stofnað Samvinnufélag rafvirkja, og í undirbúningi er stofnun samvinnufélags húsasmiða. Fleiri atvinnuhópar hafa hug á því hérlendis að koma á hjá sér slíkri framleiðslusamvinnu.

Um leið kemur í ljós, að í löggjöf landsins vantar almenn ákvæði um samvinnufélagsskap á þessum sviðum. Lög um samvinnufélög, nr. 46 1937, eiga ekki við í öllum atriðum. Þau eru aðallega sniðin fyrir samvinnuverzlun. T. d. er öllum heimil innganga í kaupfélög, af því að allir þurfa að verzla, en í framleiðslusamvinnufélögunum á eftir eðli málsins ekki við svo almenn þátttaka.

Byggingarsamvinnufélögin fengu, þegar þau komu til sögunnar, sína sérstöku löggjöf, og hins sama þurfa framleiðslusamvinnufélögin.

Flutningsmenn tillögunnar telja skylt, að Alþingi geri nú ráðstafanir til, að sú löggjöf verði vel undirbúin og sett eigi síðar en á næsta reglulegu Alþingi, — eðlilegt, að ríkisstjórninni, og þá að sjálfsögðu félagsmálaráðherra, sé falið að annast undirbúninginn. Ástæða er til að athuga löggjöf Breta um framleiðslusamvinnu, af því að reynsla þeirra kann að fela í sér heppilegar fyrirmyndir.

Það er álit flutningsmanna tillögunnar, að þjóðfélagið eigi að greiða fyrir því, að vinnandi stéttir taki upp skipulag samvinnunnar í framleiðslu, eftir því sem við verður komið, til þess að tryggja sér sannvirði vinnu sinnar, efla vinnufrið í landinu og leiða í ljós, hvað hægt er að bera úr býtum í landi voru, þegar ábyrgir menn vinna og fá sinn rétta hlut.

Nd. 47. Frumvarp til laga [42. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jónas Rafnar, Emil Jónsson.

1. gr.

Á eftir aa-lið 3. gr. laganna komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

bb. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gervefnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en var ekki afgreitt. Fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Snemma á árinu 1947 var Dúkaverksmiðjan h/f stofnuð á Akureyri í því skyni að hefja framleiðslu á baðmullardúkum. Fyrirtækið hefur starfað óslitið síðan. Framleiðsluvörur verksmiðjunnar eru: vinnuvettlingaefni, fóðurefni til klæðagerðar, sængurdúkar, húsgagnafóður, lakaléreft, vinnuskyrtuefni o. fl. Framleiðsla verk-

smiðjunnar s. l. ár mun hafa numið töluvert á annað hundrað þúsund metra af þessum efnum.

Frá byrjun hefur verksmiðjan átt við margvíslega örðugleika að etja — ekki sízt vegna þess, að lágir tollar eru á innfluttum baðmullardúkum. Á óbleiktum dúk er nú 10% verðtollur og 15% á öðrum einlitum dúk. Með hliðsjón af þessu hafa tollar á hráefni verksmiðjunnar hins vegar verið of háir, þar sem 7 aura vörumagnstollur og 5% verðtollur hefur verið á innfluttu baðmullargarni.

Milliþinganefnd í tollamálum, sem lauk störfum á síðasta ári, kynnti sér ýtarlega tollakjör verksmiðjunnar og var sammála um, að lækka þyrfti verulega tolla á baðmullargarni. Þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar um tollabreytingar var lagt fyrir Alþingi í fyrra, voru tillögur nefndarinnar um lækkun tolla á baðmullargarni þó ekki teknar með.

Í frv. þessu er því lagt til, að heimilað verði að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum.

Á það má benda, að framleiðslustarfsemi Dúkaverksmiðjunnar h/f er algert brautryðjandastarf hér á landi og til mikils að vinna fyrir þjóðina að geta flutt baðmullardúkaframleiðsluna sem mest inn í landið. Á árinu 1952 voru fluttir inn baðmullardúkar fyrir 17.4 millj. kr. fob., en gjaldeyrissparnaður við baðmullardúkaframleiðslu mun nema að meðaltali um 50%.

Greinargerð þessari fylgir umsögn tveggja þekktra fyrirtækja, sem viðskipti hafa átt við Dúkaverksmiðjuna h/f, og ýtarleg umsögn Iðnaðarmálastofnunar Íslands, sem mælir með því, að verksmiðjunni verði gefnir eftir tollar á innfluttum hráefnum.“

Fylgiskjal I.

Herra alþm. Jónas Rafnar, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni hr. framkvæmdastjóra Vigfúsar Jónssonar, f. h. Dúkaverksmiðjunnar h/f, Akureyri, látum vér yður eftirfarandi umsögn í té:

1) Undanfarin tvö ár hefur innflutningsverðmæti baðmullardúka, sem fluttir hafa verið inn undir 48. kafla, 16., 17. og 18. lið tollskrárinnar, numið samkvæmt hagskýrslum um 17 millj. króna á ári. Tollar á þessari vöru eru samkvæmt tollskránni:

	Vm.t.aur/kg	Verðt. %
48/16: óbleiktir og ólitaðir dúkar	20	10
48/17: einlitir og ómunstraðir dúkar	20	15
48/18: aðrir dúkar	20	20

2) Samkvæmt núgildandi viðbót tollskrárinnar frá 1953 eru tollar á baðmullargarni samkv. 48. kafla, 7. lið, svo sem hér segir:

	Vm.t.aur/kg	Verðt. %
48/7: Baðmullargarn	7	5

3) Með núverandi vélakosti verksmiðjunnar má framleiða allt að 100—120 þús. metra af dúk á ári (miðað við 8 stunda vaktir). Verðmæti þessarar framleiðslu frá verksmiðjunni nemur um 800 þús. krónum, og fer mest af henni í vinnuvettlinga. Verð og gæði vörunnar virðast fyllilega samkeppnisfær við erlenda vöru, sem einnig er á markaðnum hér. Virðist eftirspurn og ummæli kaupenda sanna þetta.

4) Vér höfum haft tækifæri til þess að skoða þessa verksmiðju nú í sumar og sjá hana í fullum gangi. Vélakostur hennar er nú orðinn ófullnægjandi, og hafa eigendur hennar þegar uppi ráðagerðir um að endurbæta hann með kaupum nýrra og afkastameiri véla. Höfum vér kynnt oss þær ráðstafanir, sem þeir hafa í huga í þessum efnum, og virðast oss þær skynsamlegar, ef samkeppnisaðstaða verksmiðjunnar væri betri en hún nú er.

5) Eigendur telja, að við vinnslu slíkra dúka hér á landi, í stað þess að flytja þá inn tilbúna, megi spara allt að 50% gjaldeyrisverðmætis. Þessa staðhæfingu höfum vér ekki haft tækifæri til þess að sannprófa, en ætla má, að gjaldeyrissparnaðurinn sé verulegur.

6) Verksmiðjan hóf starfsemi sína 1947 og hefur verið rekin stanzlaust síðan. Reikningslega hefur flest árin verið tap á rekstri verksmiðjunnar, þar til á s. l. ári, að fjárhagsafkoma hennar virðist nokkurn veginn standa í járnum.

Með þessar upplýsingar í huga drögum vér eftirfarandi ályktanir:

a. Innflutningur þeirra vörutegunda, sem verksmiðja þessi framleiðir, nemur árlega verulegri fjárhæð, og væri því æskilegt að færa eins mikið og auðið er af þessum verðmætum inn í landið og nýta íslenzkt vinnuafl og orku við framleiðslu þeirra.

b. Starfræksla þessarar verksmiðju er brautryðjendastarf, og nú fyrst virðist fengin næg og haldgóð reynsla til þess, að unnt sé að framleiða þessa vöru hér á landi, svo að hún þoli fyllilega samanburð erlendrar vöru. Tollvernd sú, sem þessi framleiðsla nýtur á móti innfluttri, fullunninni vöru, er óveruleg (sbr. 1. og 2. lið hér að framan).

Samkvæmt bókum verksmiðjunnar nam verðmæti heildarnotkunar á garni í dúka 1953 kr. 367 800.00, að meðtöldum tolli og söluskatti, samtals að upphæð kr. 62 500.00. Af þessari heildarupphæð var erlendur gjaldeyrir tæp 290 þús., en söluverð framleiðslunnar frá verksmiðjunni 613 þús. krónur. Með niðurfellingu tolla og söluskatts á hráefnum verksmiðjunnar verður ríkissjóður því að sjá af 60—100 þús. krónum, en með því mundi þessum rekstri vera borgið og verksmiðjan gæti sjálf staðið undir eðlilegri uppbyggingu og þróun.

Með hliðsjón af öllu þessu virðist eðlilegt, að ríkissjóður endurgreiði eða gefi eftir tolla og söluskatt af hráefnum (garni) til þessa iðnaðar, og mælum vér eindregið með, að þér veitið aðstoð yðar til þess að fá þessu framgengt.

Virðingarfyllst,

Iðnaðarmálastofnun Íslands,

Bragi Ólafsson, framkvstj.

Fylgiskjal II.

Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h/f.

Reykjavík, 25.11. 1954.

Að gefnu tilefni vottum við hér með, að við höfum undanfarin ár keypt mikið magn af vasaefnum af Dúkaverksmiðjunni h/f, Akureyri, og hefur okkur reynzt þau viðskipti mjög hagkvæm.

pr. pr. Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h/f,

Þórarinn Andrésson.

Fylgiskjal III.

Sjófataverksmiðjan h/f.

Reykjavík, 24. nóv. 1954.

Sjófataverksmiðjan h/f, Reykjavík, hefur undanfarin ár haft mikil viðskipti við Dúkaverksmiðjuna h/f, Akureyri, á dúkum til vinnuvettlinga o. fl. Ég vil í því sambandi og að gefnu tilefni lýsa því yfir, að dúkar þeir, er hún hefur keypt frá áðurnefndri verksmiðju, standast að hennar dómi í alla staði samanburð á erlendum dúkum sömu tegundar.

Sjófataverksmiðjan h/f,

Kári Sigurðsson.

Nd. 48. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum stofnlánum, og leggur ríkissjóður fram til hans árlega 600 000 kr.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en felur Iðnaðarbanka Íslands h/f stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Er iðnlánasjóður sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu. Lán úr sjóðnum skal veita eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna og eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:
Lánin veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og til að koma upp nauðsynlegum húsum fyrir rekstur sinn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:
Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum eða fasteignum eða á annan hátt, sem sjóðsstjórnin telur jafntryggan.

5. gr.

Fyrir orðið „atvinnumálaráðherra“ í 9. gr. laganna komi: iðnaðarmálaráðherra.

6. gr.

12. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Í stað síðari málsl. 13. gr. laganna komi:
Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því, að fasteign, sem sett er að veði fyrir láni úr sjóðnum, sé jafnan vel við haldið. Ef veði er ekki haldið vel við, svo að hætta getur verið á, að það verði ekki næg trygging fyrir láni úr sjóðnum, getur sjóðsstjórnin sagt því upp fyrirvaralaust.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi. Fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hækki um 300 000 kr. frá því, sem nú er ákveðið í lögum frá 1946. Einnig er lagt til, að lögunum um iðnlánasjóð verði þannig breytt, að sjóðurinn veiti framvegis eingöngu stofnlán til nýrra og eldri iðju- og iðnaðarfyrirtækja í landinu, þ. e. a. s. til kaupa á vélum, stærri áhöldum og til þess að koma upp nauðsynlegum húsakosti. Þá er tekin upp í frumvarpið sú tilhögun varðandi stjórn og starfrækslu

sjóðsins, sem ákveðin er í IV. kafla laga nr. 113 frá 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Í frv. eru og felld niður ákvæði 12. gr. laganna um iðnlánasjóð, en eftir þeim mun ekki hafa verið farið við lánveitingar úr sjóðnum.

Frá því er iðnlánasjóður tók fyrst til starfa samkvæmt lögum frá 1935, hefur sjóðurinn verið svo til eina lánsstofnunin í landinu, sem veitt hefur iðju og iðnaði samningsbundin lán til lengri tíma og með hagstæðum vaxtakjörum. Hefur starfsemi sjóðsins því komið mörgum að góðum notum, svo langt sem hún hefur náð. Frá byrjun hefur starfsfé sjóðsins verið allt of lítið, enda þarfir iðnaðarins fyrir aukið lánsfé vaxið með ári hverju.

Þróun iðnaðarins hefur verið sérstaklega ör undanfarin ár, og er iðnaðurinn nú mikilsverður þáttur í atvinnulífi landsmanna, þriðji höfuðatvinnuvegurinn við hlið landbúnaðar og sjávarútvegs, en að því er nú unnið að efla lánastarfsemi þeirra atvinnuvega og tryggja þeim stofnlán til lengri tíma. Með því að auka fjárráð iðnlánasjóðs eru iðju og iðnaði veittir meiri möguleikar til nauðsynlegrar fjárfestingar.

Flutningsmenn telja, að framvegis eigi að binda starfsemi iðnlánasjóðs við fjárfestingarlán (stofnlán), þar sem það eigi fyrst og fremst að vera í verkahring Iðnaðarbankans og annarra bankastofnana að veita iðnaðinum nauðsynleg rekstrarlán."

Nd. 49. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á lögum nr. 29 1955, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 2. tölul. 3. gr. laganna bætist nýr stafl., svo hljóðandi (verður c-liður):

Skjólbelti í ræktunarlöndum ... kr. 1000.00 pr. ha.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um, að veittur yrði styrkur til gróðursetningar skjólbelta í ræktunarlöndum, flutti fyrri flutningsmaður þessa frv. í Nd. 1953 og breytingartillögu sama efnis á síðasta þingi. Í hvorugt skiptið náði málið fram að ganga, og viðurkenndu þó þeir, sem lögðu gegn samþykkt þess, nauðsyn þess og nytsemi í ræðum sínum á Alþingi.

Það hefur stundum verið sagt um okkur Íslendinga, að við þorum ekki að hrinda af stað sjálfsögðum nýjungum í atvinnulífi landsins, fyrr en útlendir menn hafa bent okkur á nauðsyn þess að gera það.

Nú vill svo til, að danskur maður, að nafni I. C. Möller, hefur gefið sjóð einn gildan og hyggst auka hann enn frekar með gjöfum við andlát sitt. Af einstakri vinsemd og velvild í Íslands garð ákvað hann, að Ísland skyldi vera eitt þeirra þriggja landa, sem nytu styrkja úr sjóðnum, og þar að auki hljóta fyrsta styrkinn, ef á Íslandi fyndist nokkurt það málefni, er vert væri að styrkja.

Fulltrúa Íslands í úthlutunarnefnd sjóðsins kom þá það helzt í hug, hvort það yrði ekki talið verðugt verkefni að styrkja Íslending til náms í að gróðursetja skjólbelti og hirða um þau. Og hinir erlendu menn, sem mynduðu meiri hluta úthlutunarnefndarinnar, féllust á, að þetta verkefni væri verðugt þess að hljóta

styrk úr sjóðnum. Slíkan skilning báru hinir útlendu menn á nytsemi skjólbelta fyrir íslenzkan landbúnað, að þeir töldu ekki of mikið að veita 10 þúsund krónur danskar til að styrkja mann til náms í þessari grein. Manni verður ósjálfrátt hugsað til þess, hvað þeir hefðu gert, ef þeir hefðu vitað það, að meiri hluti Alþingis hefði engan áhuga sýnt þessu máli annan en þann að hafna því tvívegis að veita smástyrk til að hvetja bændur og aðstoða við að hrinda skjólbeltaræktun í framkvæmd.

Flutningsmenn þessa frv. vænta þess nú, að sá mikli skilningur og aðstoð, sem velviljaðir útlendir menn hafa sýnt þessu málefni, nægi til þess að ýta svo við samvizku alþingismanna, að frv. nái fram að ganga, er það er flutt í þriðja sinn. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frv. um sama efni, er flutt var 1953.

Þó skal að gefnu tilefni úr þingræðum um þetta mál tekið fram, að flutningsmenn ætlast til, að styrkurinn sé veittur á hvern hektara af skjólbelti, en þeir ætlast ekki til, að styrkur sé í þessu sambandi veittur út á það land, sem skjólbeltið umlykur.

Ed. 50. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 115 29. des. 1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

Flm.: Jón Kjartansson, Gísli Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

1. Fyrir orðin „42% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins“ í a-lið kemur: 27% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins.
2. Fyrir orðin „35% skattsins renni í félagsheimilasjóð“ í c-lið kemur: 50% skattsins renni í félagsheimilasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að félagsheimilin fái aftur þann hluta skemmtanaskattsins, er þau nutu til ársloka 1952, eða 50% skattsins.

Eitt af frumskilyrðum þess, að unga fólkið fáist til þess að dvelja í sveitum landsins, er, að unnt sé að halda þar uppi heilbrigðu félagslífi. En til þess að menningarbragur sé á skemmtana- og félagsstarfinu, þarf góð og vistleg húsakynni. En þessu er einmitt mjög ábótavant, einkum í sveitunum. Úr þessu hafa félagsheimilin bætt nokkuð, en þeim miðar allt of skammt áfram, og veldur þar mestu fjárskortur. Hér er lagt til, að ofur lítil bót verði á þessu ráðin með því að láta félagsheimilin fá aftur 50% skemmtanaskattsins í stað 35%, sem til þeirra rennur nú.

Nd. 51. Frumvarp til laga [46. mál]

um ráðstafanir til atvinnujöfnunar.

Flm.: Magnús Jónsson, Einar Ingimundarson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, sem nefnist atvinnujöfnunarsjóður. Er sjóðurinn eign ríkisins.

Ríkissjóður afhendir atvinnujöfnunarsjóði sem stofnfé skuldabréf fyrir lánum þeim, sem veitt hafa verið einstaklingum, félögum og sveitarfélögum af fé því, sem ríkissjóður hefur varið til atvinnuaukningar samkvæmt fjárlögum.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til árlegt framlag, eftir því sem hverju sinni er veitt í fjárlögum, en þó ekki innan við 5 millj. kr., í fyrsta sinn árið 1956.

Ríkissjóður skal enn fremur næstu fimm ár, í fyrsta sinn 1956, leggja fram 5 millj. kr. árlega til atvinnujöfnunarsjóðs. Skal fé þetta vera vaxtalaust lán til sjóðsins, en endurgreiðast á 15 árum.

2. gr.

Hlutverk atvinnujöfnunarsjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita lán til atvinnubóta og framleiðsluaukningar á þeim stöðum á landinu, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, en hafa þau framleiðsluskilyrði, að íbúarnir geti haft sæmilega afkomu í meðalárferði.

Nú verða sveitarfélög fyrir sérstökum áföllum vegna aflabrests eða af öðrum sökum, þannig að annaðhvort sé þörf tímabundinnar aðstoðar eða breyta þurfi um atvinnuhætti, og skulu þá þau byggðarlög sitja fyrir um lán úr sjóðnum.

Lán úr sjóðnum má veita bæði sveitarfélögum, einstaklingum og félögum. Lán til hinna síðarnefndu aðila verða þó ekki veitt, nema sveitarstjórn telji viðkomandi framkvæmdir vera til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Heimilt er sjóðsstjórninni að krefjast ábyrgðar sveitarsjóðs, ef lántaki getur ekki sett viðunandi tryggingu fyrir láninu.

3. gr.

Vextir af lánum atvinnujöfnunarsjóðs skulu vera 4%, en lánstímann ákveður sjóðsstjórn, og má hann vera mismunandi eftir aðstæðum og greiðslugetu.

Heimilt er sjóðsstjórn að lengja lánstímann frá því, sem upphaflega er ákveðið. Einnig er heimilt að stytta lánstímann, ef afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarsjóðs leyfir það.

Stjórn sjóðsins ákveður, hvaða tryggingar séu viðunandi fyrir lánunum.

Heimilt er stjórn sjóðsins, við sérstakar aðstæður, að veita fé úr sjóðnum sem óafturkræft framlag, ef öll sjóðsstjórnin er sammála því.

4. gr.

Stjórn atvinnujöfnunarsjóðs skal skipuð 4 mönnum. Kýs Alþingi 2 menn til fjögurra ára, en atvinnumálaráðherra og félagsmálaráðherra skipa sinn manninn hvor til sama tíma. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lán úr atvinnujöfnunarsjóði skulu að jafnaði veitt einu sinni á ári, nema einstök mál krefjist skjótrar úrlausnar á öðrum tíma árs.

Sjóðsstjórnin skal, áður en lán eru veitt, kynna sér rækilega atvinnuástand á viðkomandi stöðum og rannsaka, hvaða framkvæmdir séu líklegastar til þess að bæta mest afkomu íbúanna.

Skylt er ríkisstofnunum og embættismönnum að veita stjórn atvinnujöfnunarsjóðs sérfræðilega aðstoð og leiðbeiningar við athugun á atvinnuástandi og mat á gildi framkvæmda.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við opinbera lánsstofnun um afgreiðslu lána og innheimtu.

6. gr.

Nú óska sveitarfélög, hlutafélög eða einstaklingar eftir að kaupa nýja togara og leitað er aðstoðar atvinnujöfnunarsjóðs til þessara framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs, að semja um smíði togara erlendis eða innanlands og selja þá viðkomandi aðilum, enda telji ríkisstjórnin og stjórn sjóðsins kaup togara brýna nauðsyn til þess að tryggja atvinnu og lífvænlega afkomu íbúa viðkomandi byggðarlags. Séu einstaklingar eða hlutafélög einstaklinga kaupendur togara, skal sveitarfélaginu áskilinn forkaupsréttur að skipinu, ef það ætti ella að seljast úr byggðarlaginu.

Ríkisstjórninni er heimil nauðsynleg lántaka í þessu skyni erlendis eða innanlands. Greiðsluskilmálar til kaupenda skulu vera í samræmi við lánskjör stofnlánadeildar sjávarútvegsins, en lánsupphæð og tryggingar ákveður ríkisstjórnin í samráði við stjórn atvinnujöfnunarsjóðs.

Eigi sveitarfélag eða tvö eða fleiri sveitarfélög sameiginlega eða útgerðarfélag kost á að kaupa togara erlendis eða innanlands, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 90% af kaupverði togara eða kaupa togarann og endurselja hann, enda telji stjórn atvinnujöfnunarsjóðs kaup skipsins brýna nauðsyn til atvinnutryggingar.

7. gr.

Nú eru í gildi hömlur á fjárfestingu eða innflutningi framleiðslutækja eða skortur á lánsfé til framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs, að vissir staðir, sem við sérstaka atvinnuörðugleika eiga að stríða, skuli sitja fyrir um þessa fyrirgreiðslu, varðandi tilteknar framkvæmdir, sem í senn séu þjóðhagslega skynsamlegar og til mikilvægrar atvinnutryggingar.

8. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi atvinnujöfnunarsjóðs skulu sett með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um þetta efni var flutt af sömu flutningsmönnum á síðasta þingi, en var ekki afgreitt, og er nú endurflutt með þeim breytingum einum, að fjármagn sjóðsins er nokkuð aukið.

Atvinna í landinu er nú mjög mikil og skortur á vinnuafli á Suðvesturlandi í ýmsum atvinnugreinum og einnig víða í sveitum landsins. Hins vegar er það svo, að vegna aflabrests og af ýmsum öðrum ástæðum eru erfiðleikar með að halda uppi fullri atvinnu í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum, einkum norðanlands og vestan. Síldveiði fyrir Norðurlandi hefur enn brugðizt algerlega, en afkoma fólks við sjávarsíðuna þar hefur jafnan verið mjög tengd síldveiðunum. Önnur fiskveiði hefur einnig verið mjög stopul, þótt sú von sé bundin við stækkun landhelginnar, að aflabrögð aukist verulega og verði jafnari, en ekki aðeins stuttan tíma árs, eins og verið hefur til þessa. Fyrir Vestfjörðum hefur landhelgin lítið stækkað, en ágengni togara á bátamið þar farið mjög vaxandi. Eru því erfiðleikar báta-útvegsins á þeim slóðum mjög miklir.

Því ber vissulega að fagna, hversu blómlegt atvinnulíf hefur verið að undanförnu á Suðvesturlandi, þar sem meiri hluti þjóðarinnar býr. En hinir miklu

möguleikar til atvinnu- og tekjuöflunar á þessum hluta landsins geta þó haft alvarlegar afleiðingar fyrir jafnvægi í byggð landsins, ef fólk á við miklum mun lakari afkomu að búa annars staðar á landinu. Vitanlega getur atvinnuþróunin verið þess eðlis, að ekki sé óeðlileg nokkur tilfærsla á fólki, en þó því aðeins, að sú atvinnuþróun sé eðlileg og varanleg. Geta of miklir flutningar fólks milli héraða haft hinar alvarlegustu afleiðingar, ekki sízt fyrir þau byggðarlög, sem fólkið flytur til, ef þar þrengir aftur að um atvinnu. Það er því engum efa bundið, að fyrir afkomu þjóðarheildarinnar er það farsælast, að reynt sé eftir föngum að jafna atvinnuna og vinna þannig gegn flutningi fólks af þeim stöðum á landinu, sem veitt geta fólki sómasamlega lífsafkomu, ef það fær nauðsynleg skilyrði til framleiðslu og lífsbjargar.

Með þessu frumvarpi er að því stefnt að marka með löggjöf ákveðna stefnu í þá átt, að íbúar hinna ýmsu kauptúna og kaupstaða víðs vegar um land geti aflað sér lífsframfæris heima fyrir, en þurfi ekki að flytjast til annarra staða á landinu til atvinnuleitar að staðaldri. Tímabundin atvinnuleit til annarra staða getur hins vegar verið eðlileg og nauðsynleg vegna atvinnuhátta í þjóðfélaginu, sbr. sumarsíldveiði fyrir Norðurlandi og vetrarvertíð á Suðurlandi. En þegar menn þurfa mestan hluta árs að leita sér atvinnu utan heimilissveitar, hlýtur að því að koma, að menn flytjist á brott þaðan. Flutningsmenn þessa frumvarps halda því ekki fram, að þeir hafi fundið neitt allsherjarbjargráð til lausnar á atvinnuörðugleikum, og margvíslegar ráðstafanir hafa þegar verið gerðar til þess að styrkja jafnvægi í byggð landsins og bæta úr atvinnuörðugleikum fólks í ýmsum kauptúnum og kaupstöðum. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í raforkumálum er stórfellt átak í þá átt að veita sömu lífsþægindi því fólki, sem í strjálbýli býr, og í þéttbýlinu. Síðustu árin hefur árlega verið veitt fé á fjárlögum til atvinnuaukningar, og hefur það fé síðan orðið að miklu gagni.

Hins vegar hefur þessari aðstoð til atvinnutryggingar ekki verið komið í fast form, heldur aðeins verið ákveðin frá ári til árs með fjárveitingum í fjárlögum. Hefur því ekki komið sú festa og skipulag á þessa starfsemi, sem verða mundi, ef hún væri varanleg og mörkuð með löggjöf.

Árið 1952 báru tveir af flutningsmönnum þessa frv., ásamt fleiri þm. Sjálfstæðisflokksins, fram frv. um stofnun atvinnubótasjóðs ríkisins, er hafa skyldi svipað hlutverk og atvinnujöfnunarsjóði er nú ætlað. Það frv. náði ekki fram að ganga, en þeirri stefnu þó fylgt, sem mörkuð var í því frv.

Kjarni þessa frumvarps er að koma í fast form þeim ráðstöfunum, sem af hálfu ríkisvaldsins þykir rétt og nauðsynlegt að gera til tryggingar atvinnu í þeim byggðarlögum, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, en hafa þó góð framleiðsluskilyrði. Gert er ráð fyrir að stofna sérstakan sjóð, atvinnujöfnunarsjóð, og leggi ríkissjóður til sjóðsins ákveðið árlegt framlag, sem eigi sé minna en 5 milljónir króna. Þörfin fyrir aðstoð getur verið mjög misjöfn frá ári til árs, og verður því að gera ráð fyrir, að þörf geti verið á mun hærra framlagi sum árin. Raunverulega þyrfti sjóðurinn nú þegar á miklum mun meira fjármagni að halda, en flutningsmenn hafa viljað vera raunsæir í tillögum sínum og ekki gera kröfur um fjárframlög, sem væru það mikil, að ekki yrði talið gerlegt að afgreiða málið þess vegna. Er lagt til, að næstu 5 ár leggi ríkissjóður atvinnujöfnunarsjóði til 25 millj. kr. vaxtalaust lán, sem endurgreiðist síðan á 15 árum. Þá er loks gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái sem stofnfé skuldabréf fyrir lánum þeim, sem þegar hafa verið veitt af atvinnuaukningarfé. Munu þau lán sennilega nema 18 millj. kr. eða meira, að meðtöldu því fé, sem lánað hefur verið á árinu 1954.

Atvinnujöfnunarsjóði er ekki ætlað að koma í stað þeirra lánsstofnana, sem þegar eru starfandi, heldur séu lánveitingar atvinnujöfnunarsjóðs viðbótarlán eða lán til framkvæmda, sem aðrar lánsstofnanir veita ekki lán til, en nauðsynlegar eru taldar til tryggingar atvinnu. Starfsgrundvöllur atvinnujöfnunarsjóðs er einnig mjög ólíkur venjulegri bankastarfsemi, því að lánin skulu fyrst og fremst veitt

þeim, sem erfiðasta aðstöðu eiga og því oft og tíðum eiga erfitt með að setja fullgildar tryggingar fyrir láni. Skulu lánveitingar við það miðaðar, að þeir staðir sitji fyrir, sem við mesta örðugleika eiga að stríða, og ekki þykir verða hjá því komizt að veita stjórn sjóðsins rúmar hendur um lánskjör, að öðru leyti en því, að rétt þykir að ákveða fastan vaxtafót fyrir lánum. Einnig þykir rétt að veita stjórn sjóðsins heimild til að lengja eða stytta lánstímann eftir því, hvernig afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarfélags er.

Stjórn atvinnujöfnunarsjóðs er ekki aðeins ætlað það hlutverk að meta lánsþörf hvers sveitarfélags eða fyrirtækis, sem leitar aðstoðar sjóðsins, heldur á stjórn sjóðsins að reyna að mynda sér heildaryfirsýn um það, hvar skórinn kreppir mest að og jafnframt hvernig hagkvæmast verði úr vandanum leyst, svo að hið takmarkaða fé komi að sem mestum notum. Af þessum sökum er nauðsynlegt, að árlegar lánveitingar úr sjóðnum geti að mestu leyti farið fram samtímis.

Þótt vonir standi til, að bætt verði úr hinni brýnu fjárþörf til stofnlána í sjávarútvegi, þá er þó hætt við, að lángeta til framkvæmda á þessu sviði og jafnframt gjaldeyrisaðstaða til fjárfestingar verði takmörkunum háð. Því er ríkisstjórninni í frumvarpinu veitt heimild til þess að mæla svo fyrir, að tilteknar framkvæmdir skuli hafa forgangsrétt, ef stjórn atvinnujöfnunarsjóðs telur mikla nauðsyn á þeim til tryggingar atvinnu. Er hér haft í huga bæði bygging óhjákvæmilegra fiskiðjuvera til nýtingar afla þeirra skipa, sem til eru á viðkomandi stað, bátakaup til þeirra staða, sem mannafla hafa á bátana og aðstöðu til að nýta aflann, og ýmsar aðrar framkvæmdir koma einnig til greina.

Reynslan hefur sýnt, að togaraútgerð er sá þáttur útgerðar, sem veitir varanlegasta atvinnu, og er útgerð togara nú orðin styrkasta stoðin undir atvinnulífi ýmissa bæjarfélaga. Mikill rekstrarhalli er að vísu nú á togaraútgerðinni, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að togararnir eru ein styrkasta stoðin undir efnahagslífi þjóðarinnar.

Ýmis byggðarlög, sem ekki hafa þegar eignazt togara, hafa óskað eftir fyrirgreiðslu ríkisvaldsins til þess, og atvinnuástandi í sumum kauptúnum og kaupstöðum er þannig háttað, að ekki virðist önnur leið líklegri til þess að tryggja þar viðunandi afkomu en einmitt útgerð togara. Með ákvæðum þessa frumvarps er ekki ætlunin að marka stefnu um aukningu og viðhald togaraflota landsmanna almennt, heldur er ákvæðum frumvarpsins um aðstoð til togarakaupa ætlað að vera innan þess ramma, sem tilgangur frumvarpsins setur. Af þeim sökum er ekki talað um ákveðinn fjölda togara, heldur gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin annaðhvort hlutist sjálf til um smíði togara eða ábyrgist tiltekinn hluta af andvirði togara, sem keyptir yrðu til staða, sem taldir yrðu hafa brýna þörf fyrir slík framleiðslutæki til þess að tryggja íbúum sínum atvinnu og lífvænlega afkomu. Er því gert ráð fyrir, að það verði eftir mati ríkisstjórnarinnar og stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs, hvort nauðsynlegt sé að nota þær heimildir, sem felast í 6. gr. frumvarpsins.

Um einstök atriði málsins mun verða nánar rætt í framsögu.

Nd. 52. Frumvarp til laga [47. mál]

um þjóðhátíðardag Íslendinga.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Öll vinna er bönnuð þann dag nema óhjákvæmileg störf. Er bæjar- og sveitarstjórnum um land allt skylt að hafa forgöngu um hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn og beita sér fyrir því, að dagurinn beri virðulegan og viðeigandi svip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi 1953, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Um langt skeið hefur 17. júní, fæðingardagur Jóns Sigurðssonar, verið merkisdagur í augum Íslendinga. Öllum þótti fara vel á því, er sá dagur var valinn til stofnunar lýðveldis á Þingvöllum 1944. Síðan hefur dagurinn verið hátíðlegur haldinn til minningar um lýðveldisstofnunina, og mun eflaust verða svo á ókomnum tímum. Hátíðahöld þennan dag hafa orðið svo almenn, að 17. júní er í vitund allra Íslendinga orðinn ótvíræður þjóðhátíðardagur. Hins vegar hefur ekki verið um það hirt að gera hann að lögboðnum frídegi. Þess í stað hefur sá háttur verið hafður á, að í hvert sinn, er dagurinn nálgast, beinir ríkisstjórnin þeim tilmælum til þjóðarinnar, að almenn vinna falli niður þann dag og efnt verði til hátíðahalda um land allt. Virðist í alla staði eðlilegast, að 17. júní verði lögboðinn frídagur og bæjar- og sveitarstjórnum gert að skyldu að beita sér fyrir hátíðahöldum, sem hæfa þjóðhátíðardegi.“

Nd. 53. Frumvarp til laga [48. mál]

um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Slegin skal íslenzk skiptimynt, er aðeins sé gjaldgeng á Íslandi. Myntirnar gildi 5 krónur, 2 krónur, 1 krónu, 50 aura og 10 aura.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ekki má skakka meiru um rétta þyngd á fimm króna, tveggja króna og einnar krónu peningum, þegar hver peningur er prófaður fyrir sig, en hér segir:

Á fimm króna peningi og tveggja króna peningi 1 af hundraði.

Á einnar krónu peningi 1½ af hundraði.

4. gr.

2. málsl. 7. gr. orðist svo:

Þó skal enginn vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 50 krónum í 5 króna peningum, 20 krónum í einnar krónu og tveggja króna peningum og 5 krónum í 50-eyringum og 10-eyringum.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Um öll viðskipti gildir sú regla, að fjárhæð, sem nemur 1 eyri til 5 aurum, telst ekki kræf og fellur niður, en fjárhæð, sem nemur 6—9 aurum, skal reiknast sem 10 aurar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1956.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjármálaráðuneytið skal ákveða innlausn þeirra mynta, er úr gildi falla með lögum þessum. Skal sú innlausn tilkynnt með auglýsingu með minnst sex mánaða fyrirvara.

Greinargerð.

Tilgangur þeirrar breytingar, sem hér er lagt til að gerð verði á myntkerfinu, er fyrst og fremst sá að draga úr erfiði og kostnaði við aurareikning, létta af ríkinu kostnaði við sláttu þarflausrar smámyntar, samræma myntina hagkerfinu og viðurkenna þá staðreynd, að verðgildi hinna smæstu mynta samsvarar engan veginn fyrirhöfninni, sem því fylgir að hafa þær í umferð.

Jafnframt því, sem gildi peninga hefur rýrnað stórlega hina síðustu áratugi, meðal annars af völdum tveggja heimsstyrjalda og afleiðinga þeirra, hafa menn af eðlilegum ástæðum hneigzt æ meir að notkun sléttra tuga, hundraða eða þúsunda í viðskiptum sínum. Virðist óeðlilegt að fresta því áratugum saman að viðurkenna þá þróun, sem orðin er, með því að breyta aurareikningnum til samræmis við hana.

Slíkar breytingar hafa þegar verið gerðar víða erlendis, þar sem verðgildi peninga hefur rýrnað til mikilla muna. Þannig er nú mark lægsta mynt í Finnlandi og franki í Frakklandi, en allar smærri myntir úr sögunni. Svipaðar breytingar hafa gerzt hjá fleiri þjóðum.

Helztu áhrif þeirrar breytingar, sem hér um ræðir, að hætta sláttu 25-eyringa, 5-eyringa, 2-eyringa og einseyringa, virðast þau, að sparast mundi allmikil vinna við skrifstofu- og bókhald margra fyrirtækja, kostnaður ríkisins við myntsláttu lækkaði, og almenningur yrði losaður við hvimleiða smámynt, sem misst hefur nálega allan kaupmátt.

Ýmis fyrirtæki, svo sem Eimskipafélag Íslands, Skipaútgerð ríkisins og sumar deildir bankanna, hafa þegar tekið upp þann hátt að láta reikninga alltaf hlaupa á 5 eða 10 aurum. Er það gert til að spara vinnu, og mun engum viðskiptavini þessara stofnana hafa þótt mein að nýbreytninni. En ef einstök fyrirtæki eiga að bera allan veg og vanda af þessari þróun, er hætt við, að hún gangi seint og misræmis gæti enn um langa hríð. Virðist orðið tímabært, að löggjafarvaldið breyti aurareikningnum í samræmi við þá staðreynd, að brottfall hinna smæstu mynta, sem nú eru í umferð, mundi verða til aukins hagræðis í viðskiptum.

Ed. 54. Frumvarp til laga [49. mál]

um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Setja skal á stofn eftirlit með opinberum rekstri.

Hlutverk þess er:

1. Að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila.
2. Að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald.
3. Að gera tillögur til ríkisstjórnar og Alþingis um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, eftir því sem við verður komið, þar á meðal niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa.

2. gr.

Á 2. fundi fjárveitinganefndar Alþingis, sem haldinn er að afstöðnum almennum alþingiskosningum, kýs nefndin eftirlitsmann með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Til starfans má aðeins velja þingmann, sem kosinn hefur verið lögmætri kosningu og tekið hefur sæti á Alþingi. Skal kjör hans gilda allt kjörtímabilið, og tekur hann sömu laun og skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu. Nú hafa atkvæði nefndarmanna fallið þannig, að enginn hefur hlotið meiri hluta atkvæða nefndarmanna, og skal þá fara fram bundin atkvæðagreiðsla á milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði hafa fengið. Verði atkvæðatala þeirra jöfn, sker formaður nefndarinnar úr um það, hvor kjörinn verður.

3. gr.

Fjárveitinganefnd ákveður eftirlitsmanni nauðsynlegt starfslið og skrifstofukostnað.

4. gr.

Skrifstofustjórar stjórnarráðsins, ríkisbókari, endurskoðendur og forstöðumenn ríkisstofnana, sem heyra beint undir ráðherra, skulu vera eftirlitsmanni til ráðgjafar í störfum hans, og getur hann kvatt þá einn eða alla til sameiginlegra fundarhalda um tiltekin málefni.

5. gr.

Ríkisstofnunum og einstökum starfsmönnum ríkisins er skylt að veita eftirlitsmanni hverjar þær upplýsingar, sem hann þarfnast vegna starfa síns. Ber þeim að hafa fullt samstarf við hann um hvað eina, sem mætti verða til þess, að rekstur-inn gæti orðið sem hagkvæmastur fyrir ríkissjóð.

6. gr.

Fjárveitinganefnd skal láta eftirlitsmanni í té allar þær upplýsingar um rekstur ríkis og ríkisstofnana, er til hennar berast á hverjum tíma, og leyfa honum aðgang að öllum gögnum þar að lútandi. Skal eftirlitsmaður vera nefndinni til aðstoðar um öll þau mál, er lúta að sparnaði í rekstri ríkis og ríkisstofnana, og sitja fundi nefndarinnar, þegar hún óskar þess. Hann skal enn fremur vera ríkisstjórninni til aðstoðar við samningu fjárlagafrumvarps ár hvert.

Eftirlitsmanni er skylt að vera yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna til aðstoðar um allt það, er lýtur að upplýsingum um þau atriði reikninganna, er yfirskoðunarmönnunum kann að þykja ástæður til að gera athugasemdir við. Hann skal og beita sér fyrir því, að tillögum þeirra til umbóta verði komið í framkvæmd, og leggja jafnan fyrir fjárveitinganefnd eða fjárhagsnefndir deilda, eftir því sem við á, þau atriði, sem yfirskoðunarmenn kunna að vísa til aðgerða Alþingis, ásamt tillögum sínum til umbóta og endanlegra aðgerða.

7. gr.

Nú telur eftirlitsmaður, að embætti eða ríkisstofnun mætti starfrækja með meiri hagsýni en gert er, eða honum þykir rétt að sameina embætti eða stofnanir eða leggja niður, og skal hann þá ræða þessi mál við viðkomandi aðila og leita eftir samkomulagi við þá um breytta starfstilhögun til hagsbóta fyrir ríkissjóð. Takist ekki samkomulag við aðila um bætt rekstrarfyrirkomulag, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar ráðuneytanna um að koma á umbótum. Beri það hins vegar engan árangur, skal eftirlitsmaður leggja málið fyrir fjárveitinganefnd ásamt skýrslu um gang þess og tillögum sínum til umbóta.

Eftirlitsmaður getur einnig hvenær sem er gert tillögur beint til fjárveitinganefndar, þegar þing situr, um endurbætur á rekstri einstakra embætta eða stofnana ríkisins.

8. gr.

Nýja stofnun má ekki setja á fót nema með lögum. Áður en það er gert, skal leita umsagnar og tillagna eftirlitsmanns. Sama gildir, ef stofna skal nýtt embætti eða fjölga skal starfsmönnum í embætti eða stofnunum ríkisins.

9. gr.

Ef eftirlitsmaður er eigi endurkjörinn, skulu honum þó greidd full laun í 6 mánuði frá því að nýr maður hefur hlotið kosningu og tekið við starfi hans. Hins vegar skal hann á þeim tíma vera hinum nýkjörna eftirlitsmanni til aðstoðar við eftirlitið.

10. gr.

Fjárveitinganefnd gefur eftirlitsmanni erindisbréf og kveður nánar á um starfssvið hans með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síaukin afskipti ríkisvaldsins af athafna- og viðskiptalífi þegnanna, sem jafnframt kallar á síaukin útgjöld úr ríkissjóði, kallar og eðlilega á síaukið eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Við afgreiðslu fjárlaga ár hvert reynir fjárveitinganefnd að afla svo mikilla upplýsinga sem unnt er um þessi mál öll og ræðir þau í einstökum atriðum, eftir því sem við verður komið, við þá aðila, sem falin er forusta fyrir hinum margvíslegu verkefnum, sem ríkissjóður hefur með höndum. Þessari sjálfsögðu og virðingarverðu tilraun fjvn. til þess að fylgjast með rekstrinum og hafa áhrif á eyðslu ríkisfjárins hefur verið misjafnlega tekið. En um það verður þó ekki deilt, að hún hefur verið sterkur þáttur í því að halda eyðslunni niðri á ýmsum sviðum. Og víst er um það, að ríkisstjórnin hefur ekki óskað eftir því, að dregið yrði úr því starfi, nema síður væri. Hitt er svo ljóst, að nefnd, sem aðeins starfar takmarkaðan tíma á ári hverju, hefur enga möguleika til þess að rækja slíkt eftirlit sem skyldi eða beita áhrifum sínum að fullu til umbóta. Í þeim löndum, þar sem fjárveitinganefndir eru fastlaunaðar allt árið, er allt öðru máli að gegna, enda þykir það nauðsynlegt fyrirkomulag meðal annarra þjóða. En þó að sá háttur yrði ekki upp tekinn hér, ætti að takast til alvarlegrar athugunar, hvort ekki væri rétt, að formaður fjárveitinganefndar væri fastráðinn allt árið og hefði þá á hendi það eftirlitsstarf, sem um er rætt í frv. því, sem hér er fram borið.

Á Alþingi 1952 bar ég fram frv. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Með því að frv. það, sem hér er borið fram, er að mestu samhljóða því frv. og öll sömu rök hníga enn að því, að málið nái fram að ganga, og þá voru færð fram fyrir málinu, þykir mér rétt að láta birta hér greinargerð þá, sem því var látin fylgja, en hún var svo sem hér segir:

„Á Alþingi 1948 bar þáverandi fjármálaráðherra, Jóhann Þ. Jósefsson, fram stjórnarfrv. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana (138. mál, þskj. 358). Náði frv. þetta samþykki efri deildar og komst auk þess til 3. umr. í neðri deild, en fékk þar ekki endanlega afgreiðslu. Í meginatriðum hafði frv. ekki tekið öðrum breytingum í meðferð þingsins en þeirri, að samkv. 2. gr. frv. eftir 2. umr. í Nd. (sjá þskj. 727) skyldi fjármálaráðherra setja mann til forstöðu fyrir eftirlitsdeild til reynslu í eitt ár, eftir þann tíma gat forseti Íslands skipað hann, en þó því aðeins að allir ráðherrar væru sammála um að leggja til, að svo yrði gert, í stað þess að gert var ráð fyrir því í frv. upphaflega, að forseti Íslands skipaði manninn strax eftir að lögin tækju gildi. Á þessa breytingu gat þáverandi ráðherra ekki fallizt, og náði frv. því aldrei fram að ganga.

Árið áður en framangreint frv. var borið fram, hafði sparnaðarnefnd, er skipuð var til að athuga, á hvern hátt koma mætti við sparnaði í rekstri ríkisins og ríkisstofnana, bent á, að nauðsynlegt væri að koma á víðtækum sparnaði í rekstrinum, en frumskilyrði fyrir því, að svo mætti verða, væri það, að komið yrði á stofnun, er hefði því hlutverki að sinna, er frv. ætlaðist til. Um þetta atriði varð heldur enginn ágreiningur, heldur um hitt, hvernig velja skyldi þann mann, sem hafa skyldi forustu í þessum málum og vald til að koma umbótum á.

Síðan frv. það, sem að framan greinir, var fram borið, hafa mörg rök hnigið að því, að nauðsyn bæri til þess að koma á því eftirliti með rekstri ríkis og ríkisstofnana, sem þá var einróma álit þingmanna, að koma ætti á. Svo að segja daglega er upplýst um ný og ný atriði, sem viðkomandi aðilar eru gagnrýndir fyrir, ýmist í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, í fyrirspurnatímum í Sþ. eða í umræðum um einstök mál, og nú síðast eru gefnar upp í nefndaráliti meiri hl. fjárveitinganefndar margvíslegar tölur, sem sýna, hversu það er orðið afar aðkallandi, að hér sé haft á meira eftirlit en unnt er að koma við með óbreyttu fyrirkomulagi. Þá má einnig benda á athugasemdir endurskoðenda ríkisreikninganna, sem árlega benda á ýmsar misfellur í rekstri ríkis og ríkisstofnana, sem áreiðanlega mætti mjög draga úr með meira eftirliti. Þjóðin gerir sí og æ háværari kröfur um samvizkusamlegan og gætinn fjármálarekstur ríkisins og trúir því ekki, eftir að hafa hlustað á oft og tíðum réttláta og sanna gagnrýni á meðferð ríkisfjár, að ekki sé unnt að koma við endurbótum og sparnaði í rekstri ríkis og ríkisstofnana. Af margra ára starfi mínu í fjárveitinganefnd er ég þess fullviss, að eftirlit með rekstri ríkis og ríkisstofnana á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, mundi marka nýja og holla stefnu í sambandi við meðferð ríkisfjár og verða til þess að koma á stórfelldum umbótum í rekstrinum til hagsbóta fyrir ríkissjóð.

Það er nú að verða öllum ljóst, að kapphlaupið um hærri laun og minni vinnu leiðir þjóðina ekki út úr þeim erfiðleikum, sem að henni steðja nú á öllum sviðum, og í sambandi við lausn þeirra vandamála er bent á réttilega, að ríkissjóði beri að hafa forustu um, að snúið sé við á þeirri braut, sem farið hefur verið lengra og lengra inn á, að hækka laun eftir ýmsum leiðum langt fram úr því, sem lög heimila, og gera á þann hátt allan rekstur ríkis og ríkisstofnana margfalt dýrari en ella. Þess er því vænzt, að þingmenn sjái, hversu óhjákvæmilegt það er að hefja hér nýja sókn til umbóta á þessum málum, en ein leiðin til þess er að samþykkja frv. það, sem hér um ræðir.

Ég skal að öðru leyti gera hér nokkra grein fyrir einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 1. gr. frv. frá 1948, eins og gengið var frá henni eftir 5 umræður í þinginu. Verður því að telja, að efnislega sé enginn ágreiningur um innihald hennar.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að fjárveitinganefnd Alþingis kjósi eftirlitsmanninn á 2. fundi sínum eftir að fyrsta þing kemur saman að undangengnum almennum kosningum og að kjörtímabil hans sé sama og kjörtímabil þingmanna. Eins og getið er um hér að framan, náði frv. frá 1948 ekki fram að ganga vegna þess, að ekkert samkomulag náðist um skipun eftirlitsmannsins. Hér er til þess ætlazt, að þingmeirihluti geti á hverjum tíma valið manninn, enda verður starf hans að vera svo nátengt starfi fjárveitinganefndar, að langeðlilegast er, að hún velji hann. Það er líka trygging fyrir því, að hægt er að breyta um, ef nefndin lítur svo á, að maðurinn hafi ekki rækt starf sitt sem skyldi. Þá er einnig eðlilegt, að aðeins þingmaður komi til greina, er velja skal manninn, þar sem slíkur maður hefur að jafnaði miklu meiri möguleika til þess að beita sér fyrir umbótum en annar, sem ekki á sæti á Alþingi.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um, að fjárveitinganefnd skuli ákveða nauðsynlegt starfslið og skrifstofukostnað fyrir eftirlitsstarfið. Er langeðlilegast, að nefndin ákveði þetta, þar sem hún á ávallt að geta haft mesta vitneskju um þörf eftirlitsins á hverjum tíma.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar eru að mestu leyti samhljóða ákvæðum frv. frá 1948.

Um 6. gr.

Hér er til þess ætlazt, að fjárveitinganefndin láti eftirlitsmanni einnig í té allar upplýsingar um rekstur ríkis og ríkisstofnana. Hjá nefndinni er samankomið árlega svo yfirgripsmikið safn af upplýsingum um þessi atriði, að sjálfsagt er, að eftirlitsmaður hafi aðgang að því. Þá er hér einnig ákveðið, að samstarf skuli vera milli eftirlitsmanns og fjvn. um þessi mál, og er það meginskilyrði fyrir árangri, að svo verði.

Um 7. gr.

Hér er tekið fram, á hvern hátt eftirlitsmaður skuli fara að, ef hann vill koma fram ákveðnum umbótum á rekstrinum. Er eðlilegast, að fyrst sé reynt samkomulag við viðkomandi aðila, sem daglega stjórna, síðan við ráðuneytin, ef ekki tekst samkomulag við forstjóra stofnananna, og að síðustu sé málunum skotið til fjárveitinganefndar, ef ekki tekst að koma umbótum á. Getur hún þá, ef henni þykir ástæða til, knúið umbæturnar fram á Alþingi eða að minnsta kosti látið málið fá þar eðlilega meðferð.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða fyrirmælum frv. frá 1948.

Um 9. gr.

Ef eftirlitsmaður er ekki endurkjörinn af einhverjum ástæðum, er eðlilegt, að honum séu greidd sex mánaða laun, og enda nauðsynlegt, að hann aðstoði nýjan mann þann tíma við ýmsar framkvæmdir í sambandi við eftirlitið.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa við.“

Rétt þykir að taka fram, að sú breyting er gerð á frv. frá 1952, að nýrri málsgr. er bætt við 6. gr., þar sem ætlazt er til, að eftirlitsmaðurinn aðstoði yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna í starfi þeirra og hafi forgöngu um að koma á þeim umbótum, er þeir leggja til að gerðar séu á rekstri ríkisins.

Þá þótti og rétt að breyta upphafi 10. gr. frv. þannig, að fjárveitinganefnd, en ekki fjármálaráðherra, gefi eftirlitsmanni erindisbréf og semji reglugerð um starfssvið hans. Eftirlitsmaðurinn er fyrst og fremst starfsmaður og trúnaðarmaður Alþingis og því eðlilegt, að fjárveitinganefnd fyrirskipi honum, en ekki ráðherra.

Öll þau gögn, sem fyrirfinnast í þingtíðindum um þetta mál frá fyrri þingum, svo sem nefndarálit og umræður, bera það með sér, að alþingismenn telja brýna nauðsyn á því, að eftirliti því, sem hér um ræðir, verði komið á, þótt hins vegar ýmsar tillögur hafi verið uppi um fyrirkomulag. Þess er því að vænta, að þingmenn geti á þessu þingi orðið sammála um að samþykkja frumvarpið.

Sþ. 55. Fyrirspurnir. [50. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um bátagjaldeyri af togarafiski.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hefur þess orðið vart, að fiskur af togurum, sem unninn er í hraðfrystihúsum, hafi verið kallaður bátafiskur í því skyni að öðlast fyrir hann uppbætur samkvæmt ákvæðum um bátagjaldeyri?
2. Hvaða eftirlit er haft með því af opinberri hálfu, að hraðfrystihús haldi fiski af bátum og togurum stranglega aðgreindum?

II. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd ákvæða um bátagjaldeyri.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti opinberra aðila með því, að eigi séu fluttar inn og seldar með bátagjaldeyrisálagi aðrar vörur en þær, sem reglugerð um bátagjaldeyri heimilar?
2. Hefur komið í ljós, að reglur þær, sem gilda um bátagjaldeyrisvörur, hafi verið sniðgengnar?
3. Ef svo er, á hvern hátt hefur það verið gert?

Nd. 56. Frumvarp til laga [51. mál]

um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Enginn má reka framleiðslu á vörutegund, sem gjald ber af að greiða samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollyfirvaldi, þar sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda kr. 2000.00 til ríkissjóðs.

Slíkt leyfisbréf má því aðeins láta af hendi, að réttur til verzlunar eða iðjureksturs hafi ekki verið dæmdur af umsækjanda og hann hafi ekki áður verið sviptur leyfi til tollvörugerðar og uppfylli þessi skilyrði:

1. Sé heimilisfastur hér á landi, þegar leyfisbréfið er veitt, og hafi verið það síðasta árið.
2. Sé fjárráður.
3. Hafi forræði á búi sínu og hafi haft það síðasta árið. Hafi ekki orðið tvisvar gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.
4. Hafi ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, og liggi ekki undir ákæru fyrir slíkan verknað.
5. Hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem talin er nauðsynleg til þess að reka tollvörugerð.

Nú missir maður eitthvert framangreindra skilyrða og fellur þá leyfisbréf hans úr gildi.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari skilyrði fyrir því, að leyfisbréf megi láta af hendi, svo og um missi leyfisbréfs og hvernig framfylgja skuli slíkri leyfissviptingu.

2. gr.

Enginn má hefja tollvöruframleiðslu, nema hann hafi áður tilkynnt það tollyfirvaldi með minnst 14 daga fyrirvara. Skal hann þá hafa aflað sér húsnæðis, sem fullnægir skilyrðum til tollvöruframleiðslu að dómi tollyfirvalds og fullnægir kröfum hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda.

Stöðvi tollvörugerðarmaður rekstur sinn um lengri tíma en einn mánuð í senn, skal hann tilkynna það tollyfirvaldi með minnst 7 daga fyrirvara og sömuleiðis, ef hann hefur vörugerð að nýju.

3. gr.

Af vörum, sem framleiddar eru hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

1. kafli.

Sykur- og lakkrísvörur.

Gjaldskrárnr.	Vörutegund.	Gjaldeining	Vörumagnsgjald Aurar
1.	Marzipan, það er möndlumassi blandaður sykri, perzipan og aðrar sykurblandaðar marzipan- og perzipanvörur	1 kg	1386
2.	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	—	1386
3.	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	—	1386
4.	Töggur (karamellur)	—	1386
5.	Sykruð ber og sykraðir ávextir, hlaup og aðrar svipaðar vörur, ef þær eru mótaðar í stengur, plötur eða önnur form	—	1386
6.	Lakkrísvörur sérhverrar tegundar	—	1386
7.	Önnur sætindi ótalin undir öðrum liðum	—	1386

2. kafli.

Súkkulaði, súkkulaði- og kakóvörur.

1.	Hreint súkkulaði alls konar, iðnsúkkulaði og suðusúkkulaði, sem hefur allt að 28% fituinnihald og er selt í 150 g umbúðum eða stærri	—	693
2.	Annað iðn- og suðusúkkulaði	—	1386
3.	Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	—	1386
4.	Kokosbollur	—	1386
5.	„Negrakossar“	—	1386
6.	Rjómalengjur	—	1386
7.	Aðrar kakóvörur	—	1386

3. kafli.

Kaffibætir og kaffilíki.

1.	Kaffibætir	—	90
2.	Kaffilíki	—	396

4. kafli.

Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

1.	Gosdrykkir	1 l	117
2.	Maltöl	—	66

3.	Annað öl	1 l	168
4.	Óáfeng vín	—	693
5.	Aldin- og limonaðisöft	—	140
6.	Litað sykurvatn með kjörnum	—	462
7.	Aðrir slíkir drykkir og vökvar	—	462

5. kafli.

Tóbaksvörur.

1.	Vindlar	1 kg	7260
2.	Vindlingar	—	9900

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur séu gjaldskyldar eftir lögum þessum, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Tollvörugjald það, sem um ræðir í 3. gr., skal greiða eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna ¾ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, ¼ allt að ¾ hálfa, en minna broti skal sleppt.

5. gr.

Vörur verða gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum jafnótt og þær eru framleiddar. Gjaldið skal vörugerðarmaður greiða til hlutaðeigandi tollyfirvalds, áður en varan er seld, látin í umboðssölu eða flutt burt af framleiðslustað.

Ráðherra getur þó með reglugerð heimilað innheimtumanni að veita frest á greiðslu gjaldsins, þó aldrei lengur en svo, að allt gjaldið sé greitt fyrir 15. næsta mánaðar á eftir. Gjaldfrest má binda skilyrðum, þ. á m. að vörugerðarmaður setji þá tryggingu, sem innheimtumaður tekur gilda.

Vörugerðarmaður skal skila innheimtumanni skýrslu innan viku frá lokum hvers mánaðar um gjaldskylt vörumagn í mánuðinum, vörubirgðir í byrjun og lok mánaðarins og framleitt og selt vörumagn í mánuðinum. Skýrslunni skulu fylgja samrit af sölunótum eða sölureikningum eða afhendingarnótum yfir hið gjaldskylda vörumagn, en á þeim skal greina nafn kaupanda vörunnar, vörumagnið í kílóum eða lítrum, tegundarheiti vörunnar og verð í krónum, enda er óheimilt að selja eða afhenda vöru, án þess að sölu- eða afhendingarnóta fylgi. Heimta má vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 145. gr. hegningarlaganna, um framtal vöru.

Hafi greiðsla gjaldsins ekki farið fram fyrir lok þess mánaðar, sem hún skal greiðast í, skal greiða dráttarvexti 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá getur tollyfirvald bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhendingu á öllum innlendum tollvörutegundum og efnivörubirgðum og látið lögregluna loka útsölu, vörugeymslu og verkstofu vörugerðarmanns og framfylgja banninu að öllu leyti, unz skil eru gerð á gjaldinu. Sama gildir og, ef vörugerðarmaður skilar ekki skýrslu yfir framleiðslu sína á réttum tíma, eða færir ekki bókhald sitt eins og fyrir er mælt.

6. gr.

Vörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum og vörugerðarmaður hefur ekki látið af hendi, eða látið ólöglega af hendi, vörur, er hann á í umboðssölu, svo og allar efnivörur hans til tollvörugerðar, skulu vera að veði fyrir gjaldinu, vöxtum, sektum og kostnaði. Séu skil ekki gerð samkvæmt 5. gr., getur tollyfirvald selt þær birgðir af tilbúinni vöru og efnivörum, sem fyrirfinnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar gjaldi, vöxtum og kostnaði. Skal það gert á uppboði, er boðað sé með minnst viku fyrirvara, og má tollyfirvald krefjast greiðslu við hamarshögg. Náist þannig ekki næg fjárhæð til lúkningar gjaldi, vöxtum, sektum og kostnaði, má án undanfarinnar birtingar gera lögtak fyrir því, sem á vantar, í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Nú verður tollvara ósöluhæf, áður en vörugerðarmaður lætur hana af hendi og má þá undanþiggja hana gjaldi, enda sé hún eyðilögð undir eftirliti tollyfirvalds. Sama gildir, ef gallar koma fram á vöru, strax eftir afhendingu.

8. gr.

Heimilt skal fjármálaráðherra að endurgreiða gjald, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tolllaga um endursending vara og útflutningsskýrslur og skjöl þau, sem fylgja, bera það með sér, að vörurnar séu sendar til útlanda til sölu þar.

Þá skal og heimilt að endurgreiða tollvörugjald, sem greitt hefur verið af iðnsúkkulaði, framleiddu hér á landi, ef það hefur verið selt öðrum tollvörugerðarmanni til tollvöruframleiðslu. Slík endurgreiðsla má því aðeins fara fram, að vörugerðarmaður færi sönnur á, að hann hafi notað iðnsúkkulaðið til framleiðslu gjaldskyldrar vöru, sem hann hefur greitt tollvörugjald af.

9. gr.

Tollvörugerðarmönnum er óheimilt að láta af hendi vörur, gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, nema í sérstökum þar til gerðum umbúðum. Skal á umbúðunum greina heiti vörunnar, nafn eða firmaheiti vörugerðarmanns og innihald í lítrum eða kílóum.

Vörugerðarmaður skal afhenda tollyfirvaldi sýnishorn af öllum umbúðum af framleiðsluvörum sínum, innan 14 daga, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi. Skulu sýnishornunum fylgja upplýsingar um, hver séu aðalefni vörunnar. Áður en sala vörutegundar hefst, sem vörugerðarmaður hefur ekki áður framleitt, eða breytt hefur verið umbúðum vöru, sem áður hefur verið framleidd, skal vörugerðarmaður senda tollyfirvaldi sýnishorn af vörunni eða umbúðunum 14 dögum áður en sala vörunnar hefst.

Verzlunum og öðrum smásölustöðum, sem selja vörur gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum er óheimilt að hafa á boðstólum tollvörur, nema þær séu merktar þannig, að þær beri með sér frá hvaða framleiðanda þær eru. Vanræksla í þessum efnum varðar framleiðanda og seljanda sektum, og skulu vörurnar upptækar.

10. gr.

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að kanna tollvörubirgðir verzlana og annarra sölustaða, sem selja til neytenda gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum. Skulu á slíkum sölustöðum jafnan vera fyrir hendi innkaupareikningar yfir allar innlendar tollvörur, sem á boðstólum eru, og skal tollyfirvald hafa aðgang að þeim hvenær sem er.

11. gr.

Hver sá, sem kaupir eða tekur við vörum, sem gjaldskyldar eru eftir lögum þessum í því skyni að selja þær aftur, skal, ef hann veit eða hefur ástæðu til að ætla, að gjald verði ekki greitt af vörunum, tilkynna það hlutaðeigandi tollyfirvaldi án tafar. Vanræki hann það, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

12. gr.

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að rannsaka allt bókhald tollvörugerðarmanns og taka það til sín í því skyni. Einnig er tollyfirvaldi heimilt að rannsaka birgðir vörugerðarmanns af unnum og óunnum vörum og leggja fyrir hann að gera birgðatalningu undir tolleftirliti. Enn fremur er tollyfirvaldi heimilt að ákveða, að allar framleiddar vörur vörugerðarmanns skuli settar í geymslu undir lás eða innsigli tollgæzlunnar, og skal tollvörugerðarmaður sem endranær leggja til hæfilegt húsnæði fyrir vöruna.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerð fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merking umbúða, um afhending og sölu varanna, um allt bókhald vörugerðar og hverjum viðurlögum það sæti, ef bækur eru ekki færðar eins og fyrir er mælt, eða ef þær eru eyðilagðar, um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni og annað það, er að framkvæmd laganna lýtur og þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna, þar á meðal um gerð, sölu og notkun tollmerkja á einstakar eða allar tollvörutegundir.

Enn fremur má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

14. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

Verði vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína, efnivörur, birgðir, hversu mikið hann hefur selt af birgðum eða hann selur þær í heimildarleysi, án þess að gjaldið sé greitt, þá varðar það hann sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Auk þess ber honum að greiða tvöfalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan. Verði eigi sannað, hve há sú upphæð hefur verið, skal ákveða hið tvöfalda gjald eftir málavöxtum.

15. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála. Sektir allar renna í ríkissjóð.

16. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning eftir reglum þeim, sem settar verða um opinber reikningsskil.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 frá 30. desember 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Leyfisbréf til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir nokkru skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum. Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Ólafur Jensson, fulltrúi, af hálfu fjármálaráðuneytisins, Stefán Thorarensen, lyfsali, af hálfu Félags ísl. iðnrekenda, og Sveinn Þórðarson fulltrúi, tilnefndur af tollstjóra.

Nefndin gat eigi orðið á eitt sátt og skilaði tveimur frv. til ráðuneytisins. Stóðu að öðru þeir Ólafur Jensson og Sveinn Þórðarson, en hinu Stefán Thorarensen.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í meginatriðum samhljóða frv. meiri hluta nefndarinnar, en inn í frv. hafa verið teknar nokkrar breytingar eftir tilmælum tollstjórans í Reykjavík, og hefur áður nefndur meiri hluti nefndarinnar fallizt á þær.

Svo breyttu fylgir frv. eftirfarandi greinargerð frá meiri hluta nefndarinnar:

Um 1. gr.

Fyrsta mgr. er samhljóða 1. gr. núgildandi laga, nema að því leyti, að leyfisgjaldið hefur verið hækkað úr kr. 100.00 í kr. 2000.00 og skal renna til ríkissjóðs, en ekki til bæjarsjóðs, eins og lögin ákveða.

Þá eru í greininni sett ákvæði um skilyrði fyrir því, að leyfisbréf til tollvöruframleiðslu megi láta af hendi og eru þau svo til samhljóða skilyrðum til verzlunarleyfis. Slík skilyrði hafa ekki verið í lögum um innlent tollvörugjald áður.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli, samin með hliðsjón af dönskum lögum.

Um 3. gr.

Svarar til 2. gr. laganna.

Gjöld gjaldskrárinnar eru grunngjöld samkv. lögunum að viðbættu heimiluðu álagi samkv. lögum nr. 91/1954, sbr. d-lið í 1. gr.

1. kafli gjaldskrárinnar er óbreyttur, en aftan við heiti flestra gjaldskrárliða hefur verið bætt skýringum.

Í öðrum kafla frv. eru 7 gjaldskrárliðir, en 5 í lögunum. 3.—6. gjaldskrárliður eru samhljóða 2.—5. gjaldskrárlið 2. kafla gjaldskrárlaganna, en 1. lið hefur verið breytt þannig, að við hann hefur verið bætt setningunni: „sem hefur allt að 28% fituinnihald og selt er í 150 g. umbúðum eða stærri". Er þetta nýmæli, tekið úr norskum lögum, sett í þeim tilgangi að ákveða, hvað skuli teljast iðn- og suðusúkkulaði. Í lögin hefur slíkt ákvæði vantað mjög tilfinnanlega.

2. og 7. gjaldskrárl. þessa kafla eru nýir liðir. Ákvæði 7. liðar eru sett með það fyrir augum, að tryggja það, að gjaldskyldan taki einnig til vara, sem búnar eru til úr kakói, en eru hliðstæðar súkkulaðivörum.

Aðrir kaflar gjaldskrár frv. eru að mestu samhljóða tilsvarandi köflum í gjaldskrá laganna.

Um 4. gr.

Samhljóða 3. gr. laganna.

Um 5. gr.

1. mgr. þessarar gr. svarar til 1. mgr. laganna, en er mun ýtarlegri.

Í 2. mgr. gr. er heimild til greiðslufrests. Hliðstæð ákvæði eru til í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935.

Í 3. mgr. eru ákvæði um skýrslugjöf o. fl., sem áður voru reglugerðarákvæði, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, en eru mun ýtarlegri.

Í 4. mgr. eru ákvæði um dráttarvexti, sem eru algert nýmæli. Þar eru einnig ákvæði um bann við framleiðslu og sölu og um lokun verkstofu o. s. frv. Ákvæði þessarar mgr. eru samin með hliðsjón af 3. mgr. 6. gr. áðurgreindrar reglugerðar.

Um 6. gr.

Svarar að mestu til 5. gr. laganna.

Um 7. gr.

Nýmæli.

Um 8. gr.

Fyrri mgr. gr. er að efni til samhlj. 4. gr. laganna.

Síðari mgr. gr. er nýmæli, sett með það fyrir augum, að veita heimild til endurgreiðslu á gjaldi af iðnsúkkulaði, ef gjaldið hefur verið tvígreitt. Líklegt er, að hinir smærri tollvöruframleiðendur muni framvegis kaupa iðnsúkkulaði til framleiðslu sinnar að mestu leyti hjá innlendum framleiðendum. Greiðir þá framleiðandinn fyrst gjald af iðnsúkkulaðinu og síðar kaupandinn, er hann hefur unnið úr því. Gjald af iðnsúkkulaði getur þannig orðið tvígreitt. Heimild til endurgreiðslu í slíkum tilfellum er því nauðsynleg.

Um 9., 10., 11. og 12. gr.

Nýjar greinar með nýmælum, settum til tryggingar gjaldheimtunni.

Ákvæði hliðstæð ákvæðum 12. gr. eru til í 2. mgr. 5. gr. og í 7. gr. reglugerðar nr. 9/1935.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til fyrri mgr. 6. gr. laganna, en í greinina hefur verið bætt ákvæðum um tollmerki, sem eru nýmæli.

Um 14. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 7. gr. laganna, en sektarákvæðum hefur verið breytt. T. d. er ákveðið, að greiða skuli tvöfalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan, en í lögunum er ákveðið þrefalt gjald.

Um 15., 16., 17. og 18. gr.

Að mestu samhljóða 8.—11. gr. laganna.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um flugvallargerð í Norðfirði.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar á næsta sumri hefja flugvallargerð í Norðfirði, svo að hægt verði sem fyrst að taka upp flugsamgöngur þangað í beinu sambandi við flugferðir til Egilsstaða.

Greinargerð.

Nú er svo komið, að allar flugsamgöngur við Austurland eru bundnar við flugvöllinn á Egilsstöðum. Áætlunarferðir sjóflugvéla á firðina eru algerlega hættar, og verða því flugfarþegar af fjörðunum að fara til Egilsstaða og komast í áætlunarflugvélar þaðan.

Þetta nýja fyrirkomulag er viðunandi fyrir Reyðarfjörð, Eskifjörð og sennilega Seyðisfjörð, en alveg óviðunandi fyrir Norðfirðinga og varla viðunandi til frambúðar fyrir Fáskrúðsfirðinga.

Vegarsamband milli Neskaupstaðar og Egilsstaða er ekki opið nema 3—4 mánuði á ári. Hinn tíma ársins er óhugsandi fyrir Norðfirðinga að notfæra sér flugið til Egilsstaða. Á milli Neskaupstaðar og Egilsstaða er tveggja tíma akstur í bíl, þegar vegir eru beztir, og gefur það auga leið, að varla getur heitið mögulegt að byggja flugsamgöngur á slíkum aðstæðum.

Athugun hefur farið fram á aðstöðu til flugvallargerðar í Norðfirði. Að dómi sérfróðra manna er talið, að þar séu sæmilega góðar aðstæður til þess að gera flugvöll. Vegna þeirrar sérstöðu, sem skapazt hefur í flugsamgöngum Neskaupstaðar, þar sem segja má, að flugsamgöngur þangað séu nú lítt framkvæmanlegar, sýnist full ástæða til þess, að sérstök áherzla verði lögð á flugvallargerð þar. Eigi framkvæmdir að hefjast við flugvallargerðina á næsta sumri, er óhjákvæmilegt að tryggja fjárveitingu til verksins eða fyrirgreiðslu ríkisstjórnar um útvegun láns til byggingar vallarins.

Flugvöllur í Norðfirði ætti að tryggja, að vélar þær, sem halda uppi samgöngum við Egilsstaði, geti komið þar við eftir fastri áætlun, eða eftir því sem þörf krefur. Á þann hátt ætti að vera hægt að nota sömu vélina í mörgum tilfellum til farþegaflugs til Neskaupstaðar og til Egilsstaða.

Án efa kemur síðar til þess, að óhjákvæmilegt þykir að gera einnig flugvöll á Fáskrúðsfirði, því að leiðin þaðan og til Egilsstaða er líka lengri en svo, að hægt sé að búast við, að flugfarþegar sætti sig við það. Sjálfsagt er því að hefja undirbúning að flugvallargerð þar svo fljótt sem kostur er á.

Sþ. 58. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um strandferðaskipið Herðubreið.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að strandferðaskipið Herðubreið verði látið koma við á öllum Austfjarðahöfnum í báðum leiðum um Austfirði.

Greinargerð.

Á fundi Fjórðungsþings Austfirðinga að Egilsstöðum 10.—11. sept. síðastl. var gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Fjórðungsþing Austfirðinga ítrekar fyrri óskir sínar um, að strandferðaskipið Herðubreið komi við á öllum Austfjarðahöfnum í báðum leiðum um Austfirði.“

Eins og þessi samþykkt Fjórðungsþingsins ber með sér, hafa Austfirðingar nokkrum sinnum óskað eftir því, að Herðubreið yrði látin koma við á öllum Austfjarðahöfnum í báðum leiðum, í stað þess, sem verið hefur, að koma aðeins við á nokkrum höfnum og það í annarri leiðinni. Mikil óánægja hefur verið á Austfjörðum með ferðatilhögun Herðubreiðar, en þrátt fyrir ótal samþykktir og tilmæli til Skipaútgerðar ríkisins hefur ekki fengizt breyting á áætlunarfyrirkomulagi skipsins.

5. febr. 1953 samþykkti Alþingi að fela ríkisstjórninni að leggja svo fyrir, að Herðubreið yrði eingöngu höfð í Austfjarðaferðum, og var það í fullu samræmi við það, sem ráðgert hafði verið, þegar skipið upphaflega var keypt.

Herðubreið átti að verða Austfjarðaskip, enda var samþykkt, að Austfjarðabátur, sem áður gekk aðallega að vetrinum á milli Austfjarðahafna, yrði lagður niður sem strandferðabátur, þegar Herðubreið yrði tekin í notkun. Eitt aðalverkefni Austfjarðabátsins var að halda uppi samgöngum milli Austfjarðahafna innbyrðis og þá sérstaklega reglubundnum ferðum milli útgerðarbæjanna á Austfjörðum og Hornafjarðar, sem var aðalvetrarvertíðarstaður Austfirðinga.

Eins og áætlun Herðubreiðar hefur verið, hefur hún ekki getað haldið uppi samgöngum milli Austfjarðahafna. Verkefni hennar hefur einvörðungu verið að flytja vörur frá Reykjavík á einstakar hafnir eystra. Af því, að skipið hefur ekki komið við á öllum höfnum eystra í báðum leiðum, hefur m. a. það leitt, að engar skipaferðir hafa verið milli útgerðarbæjanna á Austfjörðum og Hornafjarðar. Þannig hefur ekki verið hægt að fara með áætlunarskipi allan veturinn á milli Neskaupstaðar og Hornafjarðar, og er auðsætt mál, hve óhentugt slíkt er fyrir Norðfirðinga, sem vetrarvertíð stunda á Hornafirði.

Alþingi hefur áður hlutazt til um, að Herðubreið yrði eingöngu notuð sem Austfjarðaskip, og nú virðist jafnnauðsynlegt og þá, að Alþingi hlutist til um, að skipið verði rekið í samræmi við óskir og hagsmuni Austfirðinga.

Sþ. **59. Tillaga til þingsályktunar** [54. mál]

um ráðstafanir gegn stöðvun útflutningsframleiðslunnar.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir stöðvun karfaveiðanna og karfavinnslunnar og til þess að afstýra stöðvun síldveiðanna og annarra þátta útflutningsframleiðslunnar.

Greinargerð.

Undanfarna daga hefur skapazt það sérstæða ástand, að mikill hluti togaraflotans hefur stöðvazt í rekstri af þeim ástæðum, að frystihúsin hafa ekki getað tekið við þeim afla, sem borizt hefur. Meginorsökin er sú, að frystihúsin eru full af fiski og fá ekki flutt framleiðslu sína á erlendan markað. Geymslurúm frystihúsanna er takmarkað, og gangi afskipanir treglega, sækir fljótt í móttökustöðvun, eins og nú hefur orðið.

Í Reykjavík hafa að undanförnu legið 4—5 skip full af karfa og beðið löndunar í marga daga. Ástandið er svipað annars staðar og sízt betra, því að á sumum stöðum hefur algerlega orðið að hætta móttöku á karfa, þar sem allt geymslurúm var á þrotum og afskipanir engar.

Tregða í afskipunum hefur að nokkru leyti byggzt á því, að frystihúsin hafa ekki viljað senda karfa á Bandaríkjamarkað, þar sem verðið þar hefur verið miklu lægra en í Sovétríkjunum. Hins vegar hefur verið talið, að ekki væri unnt að hafa afskipanir örari til Sovétríkjanna en verið hefur. Aftur á móti er vitað, að hægt hefði verið að selja allmikið magn af karfa til Austur-Þýzkalands við góðu verði og þangað hefði verið hægt að flytja karfann hindrunarlaust.

Allir hljóta að sjá, að framleiðslustöðvunin á karfanum er hneyksli. Er ekki furðulegt, að það skuli geta komið fyrir, að gjaldeyrisöflun þjóðarinnar sé á þann hátt stöðvuð, á sama tíma sem kvartað er undan ónógum gjaldeyri og rætt er um neyðarúrræði til þess að stöðva nauðsynlega gjaldeyrisnotkun? Hvílíkt öfugstreymi að eiga góðan skipastól og leggja honum í veiðibann, að eiga dýr og góð frystihús og stöðva rekstur þeirra og gera sjómenn og verkafólk aðgerðalaust, — en kvarta síðan undan gjaldeyrisskorti og efnahagserfiðleikum.

Hér er um stórvítavert ástand að ræða, — ástand, sem ríkisstjórnin verður að leysa tafarlaust. Engar afsakanir duga til þess að réttlæta slíkt öngþveiti í efnahagsmálum sem þetta.

Sams konar ástand og nú er skollið á hjá togaraflotanum er að skella á í síldveiðum bátaflotans.

Nú er ágætis síldveiði og síldin stærri og betri en áður. En þá á að stöðva veiðarnar og söltunina. Ástæðan er sú, að búið er að veiða það magn, sem ríkisstjórnin lofaði útvegsmönnum verðbótum á. Hitt liggur óumdeilanlega fyrir, að viðskiptaþjóðir okkar vilja fá miklu meiri síld og leggja meiri áherzlu á að fá síld en nokkra aðra vöru. Sala á meiri framleiðslu af síld er því vís. En samt á að stöðva veiðarnar.

Ríkissjóður þarf að vísu að greiða nokkurn styrk með síldveiðunum, en sá styrkur er þó minni en greiða þarf t. d. með þorskveiðum bátanna.

Hvaða vit getur þá verið í því að stöðva síldveiðar bátanna og koma þannig í veg fyrir nauðsynlega gjaldeyrisöflun?

Hér er sama fjarstæðan að gerast og með togarastöðvunina.

Það er ekki von, að vel gangi með efnahagsmál þjóðarinnar, ef sinnulaust er horft á það, að framleiðslan sé stöðvuð. Það hlýtur því að vera krafa allra landsmanna til ríkisstjórnarinnar, að hún nú þegar hlutist til um, að framleiðslan geti gengið, að fiskurinn verði fluttur frá frystihúsunum á markað og togararnir haldi

áfram veiðum af fullum krafti og dreifi afla sínum á svo mörg frystihús í landinu sem nauðsynlegt reynist, og að hún enn fremur komi í veg fyrir stöðvun vetrarsíldveiðanna.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Andrés Eyjólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um stofnun eins eða fleiri æskulýðsskóla með lýðháskólasniði, án sambands við menntaskóla og sérskóla, enda verði landspróf ekki haldið í þeim skólum. Jafnframt verði athugað, hvort ekki er hægt að ná þessu marki með því að breyta einum eða fleiri skólum gagnfræðastigsins í þessa átt. Leitað sé m. a. álits Ungmennafélags Íslands um þetta mál og tillögur ríkisstjórnarinnar um það lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Fyrir áratug fór fram gagnger endurskoðun á skólalöggjöf landsins. Var þá skólum í landinu skipað í fast kerfi, þar sem eitt skólastig tekur við af öðru. Nemandi getur gengið námsbrautina stig af stigi frá barnaskóla til háskóla. Þetta greiðir að sjálfsögðu götu margra ungmenna á langri menntabraut, bætir aðstöðu hinna efnaminni, sem verða að afla sér tekna með mikilli vinnu um bjargræðistímann, meðan hlé er á skólastarfi, og það stuðlar að því, að æskumenn geti búið sig undir menntaskólanám heima í hverju héraði.

Hins vegar er hætta á, að með þessu móti verði kennslan um of miðuð við það að búa nemendur undir ákveðin próf, sem veita ýmis réttindi, en minni áherzla verði lögð á almennan þroska og vekjandi áhrif. Þetta virðist þegar hafa komið í ljós með þeirri reynslu, sem fengin er af skólakerfinu.

Samkvæmt lögum um skólakerfi og fræðsluskyldu eru barnaskólar fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Tekur þá við gagnfræðastigið. Lýkur skyldunámi eftir tveggja vetra nám í skóla gagnfræðastigs, að jafnaði á því ári, sem nemandinn verður 15 ára. Þegar þeim áfanga er náð, stendur ungmennið á vegamótum. Það er á öru þroskaskeiði og oft óráðið um það, hvert stefna skal að framtíðarstarfi. Því gefst að sönnu kostur á samfelldri skólavist fram yfir tvítugsaldur, en ekki hniga hugir allra í þá átt, enda hvorki þörf á né æskilegt, að allur þorri æskumanna búi sig undir þau störf, sem krefjast hinnar lengstu skólagöngu.

Mörgum æskumanni er það hollt að gera hlé á námi um 15 ára aldur, en efla þroska sinn um skeið við algeng störf í atvinnulífi þjóðarinnar.

Bændur og aðrir, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur, hafa oft mikla þörf fyrir vinnu unglinga, einkum þegar keppt er um vinnuaflið í landinu. Leiðir það til þess, að margir unglingar hverfa frá námi fremur en ella, eftir að skyldunámi lýkur. Vilji þeir síðar, er þeir hafa þroskazt nokkur ár við áreynslu atvinnulífsins, afla sér aukinnar almennrar menntunar með stuttri skólagöngu, komast þeir að raun um, að kennslan er ekki við þeirra hæfi þrátt fyrir hina mörgu skóla, sem mynda hið samfellda skólakerfi. Hinir þroskuðu menn eiga illa samleið með 16 ára unglingum, sem keppa að gagnfræðaprófi eða landsprófi. Þeir ætla sér ekki til náms í menntaskólana. Og þeim reynist torfær leið að komast í ýmsa sérskóla, þar sem landspróf er víða gert að inntökuskilyrði. Af þeirri reynslu, sem fengin er að þessu leyti, virðist svo sem þjóðfélagið búi ekki nógu vel að þeim æsku-

mönnum, er hverfa frá skólanámi um hríð að eigin ósk eða af þegnskap við heimilin, sem skortir fólk til nauðsynlegra starfa.

Á 19. öld reis á Norðurlöndum öflug alda þjóðlegrar vakningar. Þá náði sú hugsjón tökum á hugum margra manna, að æskulýðsskólar ættu ekki að miða starfsháttum sínum að því að kenna þurrar fræðigreinar, heldur leggja áherzlu á að efla manngildi nemenda og kenna þeim hollar lífsvenjur. Atorkusamir og gáfaðir leiðtogar hrundu þessari hugsjón í framkvæmd. Lýðháskólar voru stofnaðir. Þeir voru ekki hlekkur í skólakerfi og veittu engin réttindi, en bjuggu undir sjálfa lífsbaráttuna og fylltu af anda og áhuga. Nú mynda skólar á Norðurlöndum kerfi svipað og hér, en þrátt fyrir það halda lýðháskólarnir velli utan við skólakerfið.

Eftir síðustu aldamót hófst til áhrifa hér á landi svipuð vakningaralda. Ungmennafélög voru stofnuð í hverri byggð og höfðu að kjörorði: ræktun lýðs og lands. Hugmyndinni um skóla fyrir æskumenn með lýðháskólasniði var hreyft á fyrsta *landsmóti ungmennafélaganna*, sem var haldið á Þingvöllum 1907. Áhugamenn í ýmsum héruðum fengu því til vegar komið, að þar voru reistir skólar fyrir æskumenn, áður en löggjöf var sett um slíkar stofnanir. Síðar störfuðu þessir skólar eftir héraðsskólalögunum og veittu nokkra almenna menntun í bóklegum og verklegum greinum. En nú hafa allir slíkir skólar verið gerðir að hlekk í skólakerfinu.

Flutningsmenn þessarar tillögu báru fram á síðasta þingi tillögu um óháða alþýðuskóla, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að hlutast til um, að einn eða fleiri æskulýðsskólar starfi með svipuðu sniði og fylgt var áður í héraðsskólum, meðan þeir störfuðu án sambands við menntaskóla og sérskóla. Hæstv. menntamálaráðherra andmælti þeirri tillögu að því leyti, að hann taldi þurfa lagabreytingu til að koma á slíkri skipan. Flutningsmenn þessarar tillögu líta svo á enn sem fyrr, að fræðslumálastjórnin geti komið þeirri skipan á, sem hér um ræðir, án þess að lögum sé breytt. En til þess að reyna að koma í veg fyrir, að ágreiningur rísi um málið, er það nú flutt með breyttu formi.

Með tillögu þeirri, sem hér er fram borin, er stefnt að því, að Alþingi gefi ríkisstjórninni fyrirmæli um að undirbúa löggjöf um stofnun eins eða fleiri æskulýðsskóla með lýðháskólasniði án sambands við menntaskóla og sérskóla, þar sem aukið manngildi og vekjandi áhrif sé meginmarkmið skólastarfsins.

Ef henta þykir, getur fræðslumálastjórnin komið slíkri starfsemi á í einum skóla eða fleiri, sem starfandi eru. Slík breyting á kennsluháttum þarf þá ekki að hafa í för með sér aukinn kostnað.

Rétt þykir, að fræðslumálastjórnin hafi forgöngu um að koma í framkvæmd þeirri breytingu, sem hér er stefnt að, og undirbúa þær breytingar á löggjöf, sem hún kann að telja þörf á í þessu sambandi.

Samkvæmt þessari tillögu ber að leita álits Ungmennafélags Íslands um þetta mál. Ungmennafélög starfa enn í flestum héruðum og eiga að gegna sama hlutverki sem fyrr. Það hlýtur að teljast á verksviði U. M. F. Í. að fjalla um það að koma á skólastarfi, sem miðað er við ástæður þeirra, er hafa ekki í hyggju að slíta tengslin við heimili sín eða atvinnulíf þjóðarinnar með langri skólavist, skólastarfi, sem hefði að markmiði að móta í huga æskumannsins þetta viðhorf: „Gæt þess vel, sem göfgast hjá þér finnst, og glæddu vel þann neista, sem liggur innst.“

Nd. 61. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Sigurjón Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 hefur verið lögfest og ákvæði sett um tekjur sýsluvegasjóða með hliðsjón af hinu nýja fasteignamati (sbr. lög nr. 33 1955, um samræmingu á mati fasteigna, 10. gr.), að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi að viðbættum samanlögðum hundraðshluta þeirrar hækkunar á kaupgjaldi og öðrum kostnaði við vegagerð, sem átt hefur sér stað frá árslokum 1954 samkvæmt útreikningi vegamálastjóra hverju sinni. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 9. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að ráða nokkra bót á fjárhagsörðugleikum sýsluvegasjóðanna. Með lögum nr. 10 frá 1953 var sýslunefndum heimilað að innheimta, þar til nýtt fasteignamat hefði farið fram, vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Þessu álagi var ætlað að mæta þeirri hækkun á kaupgjaldi og öðrum kostnaði við vegagerðina, sem átt hafði sér stað þá á undanförnum árum. Hækkun þessi bætti mikið úr, en hefur þó reynzt ófullnægjandi vegna vaxandi útgjalda sýsluvegasjóðanna til viðhalds og nýbygginga sýsluvega. Við þetta bætist, að kaup vegavinnumanna og annar kostnaður við vegagerð stórhækkaði á yfirstandandi ári, svo sem öllum er kunnugt. Af þessu leiðir, að sýsluvegasjóðirnir geta ekki lengur með sömu tekjum og þeir hafa haft annað því hlutverki, sem þeim er ætlað. Það verður því ekki hjá því komizt að hækka vegaskattinn til móts við áðurgreindar kauphækkanir og aukinn kostnað.

Í lögum um samræmingu á fasteignamati frá síðasta Alþingi er gert ráð fyrir, að þegar hið nýja fasteignamat gengur í gildi, fari fram endurskoðun á gjöldum til sýsluvegasjóða og á öðrum hundraðsgjöldum af fasteignum. Varlegast er að gera ráð fyrir, að þeirri endurskoðun verði ekki lokið fyrr en á árinu 1957. Allir kunnugir vita, að sýsluvegirnir þola ekki að bíða í tvö ár eftir nauðsynlegum tekjuauka sýsluvegasjóðanna, með þeim afleiðingum, að vegaviðhaldinu hraki og nauðsynlegar vegabætur verði lagðar á hilluna. Hér er því lagt til, að sett verði nýtt bráðabirgðaákvæði, er heimili sýsluvegasjóðum tekjur á móti auknum kostnaði við vegagerðina, þar til áðurgreindri endurskoðun er lokið.

Ed. 62. Frumvarp til laga [15. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á árinu 1956 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1956 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Nd. 63. Frumvarp til laga [57. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Breiðumýrarholt í Árnessýslu.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúendum Holts í Árnessýslu, þeim Sigurgrími Jónssyni, Vernharði, Herði og Jóni Sigurgrímssonum, eyðijörðina Breiðumýrarholt fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári fór Sigurgrímur Jónsson bóndi í Holti í Stokkseyrarhreppi fram á að fá á erfðaleigu eyðijörðina Breiðumýrarholt. Synir Sigurgríms eru þrír að hefja búskap í Holti með föður sínum. Heima í Holti hafa þeir feðgar framkvæmt miklar byggingar á jörðinni, og munu þær halda áfram að aukast, eftir því sem búnaður þeirra feðga færist í aukana. Jörðin Breiðumýrarholt liggur mjög nærri Holti og er á sinni tíð byggð úr Holtslandi. Það er þess vegna auðvelt að rækta jörðina og nytja frá Holti. Ráðuneytið mun ekki hafa talið sig geta byggt jörðina á erfðaleigu, nema sá, er fengi hana, byggði heima á jörðinni. Það er feðgunum í Holti miklu óhagstæðara en að byggja heima í Holti og nytja jörðina þaðan, enda framkvæmdum þeirra heima fyrir það langt komið, að lítt mun gerlegt fyrir þá, að einhver þeirra taki sig upp og flytjist að Breiðumýrarholti.

Þeir feðgar hafa mikla þörf fyrir aukið landrými umfram það, er Holti fylgir. Þessi ráðstöfun jarðarinnar, sem hér er farið fram á, er því beinlínis til þess að greiða fyrir fjölgun nýbýla og auðvelda þessum búendum betri möguleika en ella til góðrar afkomu.

Jörðin er búin að vera í eyði í 8—10 ár. Með hverju ári sem líður gengur jörðin úr sér að ræktun og rýrnar að verðmæti. Engin mannvirki eru á jörðinni eða fylgja henni. Sýslumaður Árnessýslu hafði gefið eindregin meðmæli sín með því, að Sigurgrímur í Holti fengi jörðina byggða á erfðaleigu.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps mælir einróma með því, að þeir feðgar fái nú jörðina Breiðumýrarholt keypta, og afsalar kauparétti fyrir hönd hreppsins.

Vona ég, að háttvirt Alþingi samþykki þetta frumvarp.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um fjölgun póstferða.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að póstferðum verði fjölgað um þau héruð, þar sem ferðirnar eru nú strjálastar, svo að póstur verði fluttur um allar byggðir eigi sjaldnar en vikulega á öllum árstímum.

Greinargerð.

Í sumum héruðum landsins er nú póstflutningum hagað þannig, að aukapóstar ganga frá aðalpóststöðvum um sveitirnar vikulega að sumrinu, en aðeins á hálfsmánaðarfresti að vetrarlagi. Þykir mönnum, sem eðlilegt er, illt að búa við svo strjálar póstferðir að vetrinum. Hér er því lagt til, að póstferðum um sveitirnar verði fjölgað, svo að þær verði eigi sjaldnar en vikulega á öllum árstímum.

Nd. 65. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Unglingum í gagnfræðaskólum skal séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem kenndar eru.

Til vara:

Unglingum í unglingaskólum skal séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem kenndar eru.

2. Við 2. gr. Fyrir orðin „einn skv. tillögu Prestastefnu Íslands“ kemur: einn skv. tillögu félags framhaldsskólakennara.
3. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Námsbókanefnd er, eftir því sem við verður komið, heimilt að sjá um.

Ed. 66. Frumvarp til laga [59. mál]

um kaupþing í Reykjavík.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Stofna skal í Reykjavík kaupþing, þar sem seld eru og keypt verðbréf, svo sem vaxtabréf og hlutabréf, og gengi þeirra skráð. Aðrar stofnanir og fyrirtæki hafa ekki rétt til að nota kaupþingsnafnið.

2. gr.

Kaupþingsdagar skulu ákveðnir með reglugerð og mega ekki vera sjaldnar en tvisvar í mánuði. Kaupþingsfundir skulu háðir í heyranda hljóði.

3. gr.

Kaup og sölu verðbréfa á kaupþingi megi þeir einir annast, sem til þess hafa verið löggiltir af kaupþingsstjórn. Þeir nefnast kaupþingsfélagar. Einstaklingar og félög, bankar og sparisjóðir geta orðið kaupþingsfélagar. Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn skulu vera kaupþingsfélagar.

Í reglugerð skal ákveða um skilyrði fyrir upptöku kaupþingsfélaga, inntökugjald, ársgjald, tryggingarfé, umboðslaun, víti og um brottvikning kaupþingsfélaga um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Umboðsmenn kaupþingsfélaga skulu háðir sömu skilyrðum og þeir sjálfir og vera samþykktir af kaupþingsstjórn. Kaupþingsfélagar skulu gera grein fyrir því, hvort þeir kaupa eða selja fyrir sjálfa sig eða sem umboðsmenn.

4. gr.

Í kaupþingsstjórn skulu vera eigi færri en þrír menn og eigi fleiri en fimm. Umboðsmenn Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans skulu vera í kaupþingsstjórn, og skulu aðrir kaupþingsfélagar tilnefna tvo menn í stjórnina, enda séu þeir eigi færri en sex, og þó eigi fyrr en á öðru starfsári kaupþingsins. Kaupþingsstjórn kýs sér formann og varaformann. Kosning gildir til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn.

5. gr.

Kaupþingsstjórn fer með öll málefni kaupþingsins, ákveður kaupþingsdaga, sér um kaup, sölu og skráningu verðbréfa, innheimtu gjalda, greiðslur og allan rekstur stofnunarinnar.

Formaður kallar saman stjórnarfundi, þegar tilefni er til eða tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundir eru lögmætir, þegar meiri hluti stjórnarinnar er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði formanns ræður úrslitum, þegar atkvæðatala er jöfn.

Kaupþingsstjórn ákveður, hvenær kalla skuli alla kaupþingsfélaga til fundar, og skulu þeir fundir boðaðir með viku fyrirvara og tilkynnt um dagskrá. Skylt er

formanni að boða til fundar, þegar þriðjungur kaupþingsfélaga óskar þess. Tillögur, sem samþykktar eru á fundi kaupþingsfélaga, skulu bornar upp á stjórnarfundi, strax og við verður komið, og ræður sú atkvæðagreiðsla úrslitum.

6. gr.

Kaupþingsstjórn ákveður, eftir umsókn hlutaðeigandi aðila, hvaða verðbréf skulu tekin á kaupþingsskrá og strikuð út af henni. Ekki má selja eða kaupa á kaupþingi önnur verðbréf en þau, sem tekin hafa verið á skrá.

Í reglugerð skal ákveða um skilyrði fyrir því, að verðbréf verði skrásett á kaupþingi, skrásetningargjöld o. fl.

Hlutabréf má því aðeins taka á kaupþingsskrá, að hlutafé sé að fullu greitt eða tryggt, nema um hlutafjáraukningu sé að ræða hjá fyrirtæki, sem áður hefur verið skráð.

Ákvörðun kaupþingsstjórnar um það, hvort verðbréf skulu tekin á kaupþingsskrá eða strikuð út af henni, má áfrýja til ráðherra.

7. gr.

Kaupþingsstjórn skal sjá um, að kaup- og sölugengi verðbréfa sé birt almenningi þegar að skráningu lokinni. Um birtinguna skal nánar ákveða í reglugerð.

8. gr.

Kaupþingsfélagar skulu hafa lokið öllum skuldbindingum, sem þeir taka á sig um kaup og sölu verðbréfa, innan þriggja daga frá því kaupþingsviðskipti fóru fram. Kaupþingsstjórn setur reglur um vanefndir.

9. gr.

Verðbréfakaup og sölur banka, sparisjóða og opinberra sjóða og stofnana skulu fara fram á kaupþingi. Hefur fjármálaráðherra heimild til að hafa þar sérstakan umboðsmann, sem nýtur allra réttinda og skyldna venjulegra kaupþingsfélaga. Umboðsmaður fjármálaráðherra er þó gjaldfrjáls og ekki háður löggildingu kaupþingsstjórnar.

10. gr.

Deilum, sem upp koma milli kaupþingsfélaga út af kaupum og sölum á kaupþinginu, skal, þegar aðilar koma sér saman um það, skotið til gerðardóms, sem skipaður er þrem mönnum. Tilnefna aðilar hvor sinn dómara og kaupþingsstjórn einn. Fulltrúi kaupþingsstjórnar er jafnframt formaður gerðardómsins og skal skipaður til eins árs í senn. Úrskurði gerðardóms verður ekki áfrýjað.

11. gr.

Ráðherra, sem fer með bankamál, hefur eftirlit með starfsemi kaupþingsins. Sér hann, eða umboðsmaður hans, um, að lögum og reglugerðum sé fylgt.

12. gr.

Tekjur kaupþingsins eru:

a. Inntökugjald og ársgjöld kaupþingsfélaga.
b. Skrásetningargjöld og ársgjöld af vaxtabréfum og hlutabréfum.
c. Gjöld af viðskiptum, sem fara fram á kaupþingi, ef sett verða með reglugerð.

Gjöld þessi skulu ákveðin í reglugerð. Nú hrökkva tekjur kaupþingsins ekki fyrir gjöldum, og skal þá mismuninum jafnað niður á bankana eftir úrskurði ráðherra.

13. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi kaupþingsins samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er upphaflega samið af milliþinganefnd þeirri í bankamálum, sem starfaði á árunum 1937—41, en flutningsmaður var formaður þeirrar nefndar og sá eini af nefndarmönnum, sem nú á sæti á Alþingi. Frumvarpið var flutt sem stjórnarfrumvarp 1941, en varð þá ekki útrætt. Flutningsmanni þykir nú ekki mega dragast lengur að gera þær ráðstafanir, sem frumvarpið fjallar um, og flytur það því á ný eins og milliþinganefndin gekk frá því.

Frumvarpi milliþinganefndarinnar fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er um stofnun „Börs“ í Reykjavík. „Börs“ hefur oft verið nefndur „kauphöll“ á íslenzku. En nefndin leggur til, að tekið verði upp annað nafn: kaupþing. „Börs“ á ekkert skylt við höll. Það er þing eða markaður, þar sem menn koma saman til að kaupa og selja verðbréf, og er rétt að miða heitið við þann tilgang. Þeir menn og stofnanir, sem kaupa og selja verðbréf fyrir almenning, þurfa að hittast sem flestir á einum stað, til þess að komizt verði sem næst sannvirði verðbréfanna. En á því ríður mjög fyrir einstaklinga og þjóðlífið, að verðbréf séu í sannvirði og að það sannvirði, hið skráða gengi, sé kunngert almenningi.

Hér á landi hafa margir fengizt við kaup og sölu verðbréfa, bæði fyrir eigin reikning og vegna annarra. Bankar og sparisjóðir hafa og verið kaupendur meira en seljendur verðbréfa. En þessir aðilar hafa aldrei stofnað með sér félag, þar sem framboð og eftirspurn gæti mætzt. Verðbréfamarkaðurinn hefur verið óskipulegur, með þeim afleiðingum, sem það hefur, öryggisleysi fyrir almenning og aðgerðaleysi um að hafa áhrif á gengi fulltryggra verðbréfa.

Verðbréfamagn það, sem er í umferð á hverjum tíma, og umsetning á því, hefur mikla þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn. Sést það bezt, þegar þess er gætt, að vaxtabréf í umferð nú nema nálægt 50 milljónum króna. Ef talið er, að skuldlaus eign þjóðarinnar, ef reiknað er með verðlagi eins og það var fyrir stríð, nemi um 300 milljónum króna, þá nema vaxtabréfin ein að nafnverði einum sjötta hluta þjóðarauðsins. Þess ber þó að geta, að vaxtabréfamagnið hefur aukizt óeðlilega mikið í seinni tíð, einkum vegna kreppulánabréfanna.

Auk þess má búast við, að hlutabréf hinna stærri fyrirtækja verði skráð a kaupþingi, ekki sízt vegna þess, að opinber skráning gildir við skattaframtöl, og þó að hlutabréfamagn, sem væntanlega verður skráð, nemi hvergi nærri sömu fjárhæð og vaxtabréfin, þá má gera ráð fyrir, að það fari ört vaxandi.

Meginið af því fé, sem einstaklingar, og nokkuð af því fé, sem hið opinbera festir, gengur til fasteigna- og atvinnufyrirtækja. Af því leiðir, að mikið er undir því komið, að almenningur geti treyst því, að verðbréfaviðskiptin séu lifandi og traust. Og með opinberri skipulagningu á verðbréfamarkaðinum má gera mikið til að örva þau og tryggja þann almenning, sem tekur þátt í þeim. Til þess að ná þeim tilgangi þarf að sjá til þess, að miðstöð sé til fyrir kaup og sölu verðbréfa, sem starfi eftir reglum, sem settar eru til öryggis fyrir almenning. Í frv. því, sem hér liggur fyrir um kaupþing, eru gerðar tillögur til, að framboð og eftirspurn geti mætzt á einum stað og að almenningur og fjármálastjórnin geti fylgzt sem bezt með því, sem gerist á þeim vettvangi. Kaupþing, sem aðallega er stjórnað af bönkunum og starfar undir eftirliti hins opinbera, veldur því, að þessir aðilar eiga hægt með að beita afskiptum sínum, ef með þarf, gegn ýmiss konar tilviljunum og óeðlilegu verðfalli.

Kaupþing er markaður, þar sem margir seljendur og kaupendur standa óháðir gagnvart hver öðrum. Enginn einstakur hefur veruleg áhrif á það gengi verðbréfa, sem skráð verður. Gengið er að vissu leyti sameiginlegt mat allra, sem viðskipti reka á kaupþinginu. Og þangað veljast menn, sem hafa gert það að sérgrein sinni að kynnast öllu því, sem áhrif á að hafa á gengi verðbréfa. Þar er því mest trygging fyrir því, að sannvirði fáist. Og þótt ekki fari fram á kaupþingi nema nokkur hluti

verðbréfaviðskipta, þá hefur kaupþingsgengið úrslitaáhrif á gengi þeirra verðbréfa, sem seld eru og keypt utan kaupþings. Kaupþing nær því að miklu leyti tilgangi sínum, þó að þangað dragist ekki í upphafi öll verðbréfaviðskipti. En þó er sjálfsagt að miða starfsreglur kaupþings við það, að þátttaka geti orðið sem mest. Nær sannvirði verðbréfa verður ekki komizt með öðrum ráðum en að stofna til kaupþings.

Á kaupþingi á og að fást nokkurn veginn nákvæm vissa um innbyrðis verðmæti verðbréfa, eins og t. d. hinna ýmsu veðdeildarflokka. En um það hefur stundum verið misbrestur, þó að nokkuð hafi lagazt síðari árin.

Það er eitt þýðingarmesta atriði kaupþingsstarfsemi, að þá er tryggt, að almenningi verði gengi verðbréfa heyrinkunnugt. Kaupþingsstjórn er skylt að birta almenningi skráningarlista þegar í stað. Er það mörgum manni nauðsynleg aðstoð, því að annars vill við brenna, að hægt sé að nota sér ókunnugleik manna um raunverulegt gildi verðbréfa. Hefur það ekki eingöngu siðferðislega þýðingu í verðbréfaviðskiptum, að almenningi sé fullkunnugt um gengi helztu verðbréfa, heldur og mikla fjárhagslega þýðingu, því að margur óttast að öðrum kosti um að leggja fé sitt í verðbréf. Full trygging gegn misnotkun í þessu efni fæst svo, ef ákveðin eru í lögum eða reglugerð lágmarksumboðslaun, sem verðbréfakaupmenn megi taka.

Það er alls staðar reynslan, að kaupþingsviðskipti valda stöðugra gengi á þeim verðbréfum, sem skráð eru, en ella mundi vera. Bankar og hið opinbera getur þar dregið úr stökkum. Og jafnvel „spekulationin“ getur haft mildandi áhrif, þegar sérfróðir menn fjalla um.

Kaupþingið sjálft og tilvera þess eru aukin trygging fyrir umsetningu bréfa. Einstaklingum og félögum er það mikið öryggi, að kaupþingsskráð verðbréf nálgist það sem mest að hafa sama gildi og handbært fé. Festing fjár verður öruggari og jafnari, en af því leiðir aftur, að framlög til framkvæmda og atvinna verður jafnari. Það má fastlega búast við, að skráning verðbréfa á kaupþingi gerbreyti smátt og smátt eðli verðbréfa og viðhorfi almennings til þeirra. Að vísu getur það valdið nokkurri rýrnun á sparifjárinnstæðum, vegna þess að menn leita eftir hærri verðbréfavöxtum, en auknir möguleikar til að ávaxta fé sitt valda jafnframt oft aukinni sparnaðarviðleitni og engin ástæða fyrir þessar sakir til að hika við að koma verðbréfaviðskiptum í betra lag.

Þá má og gera ráð fyrir, að bankar, og þá einkum Landsbankinn, fari inn á þá braut að selja og kaupa vaxtabréf að staðaldri í þeim tilgangi að draga úr eða auka hina almennu kaupgetu í landinu (open market operation), en því verður ekki við komið, nema til sé kaupþing, sem verður milliliður þessara viðskipta. Má og benda á, að í hinum breytilegu gengisskráningum á kaupþingi fá bankarnir og fjármálastjórnin mælikvarða á fjármálaástandið og geta hagað viðskiptastefnu sinni eftir því. Kaupþing er mælikvarði viðskiptalífsins.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að nokkru leyti sniðið eftir þeim reglum, sem gilda um kaupþingið í Stokkhólmi, og höfð hliðsjón af löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Þó verður ýmsu að haga öðruvísi hér. Margra alda þróun hefur ráðið ýmsu, sem enn gildir um kaupþing annars staðar, en hér er gerð fyrsta tillagan um kaupþing á Íslandi og engar erfðavenjur sem binda. T. d. hefur nefndin ekki talið annað fært en að lögskylda bankana til að vera kaupþingsfélagar og fjármálaráðuneytið til að hafa þar fulltrúa og að skylda banka, sparisjóði og opinbera sjóði til að láta öll sín vaxtabréfaviðskipti fara fram á kaupþingi. Það skapar skilyrði fyrir því, að hið opinbera geti ráðið miklu um skráningar og komið í veg fyrir tilviljun og ranglæti. Í öllum grundvallaratriðum er þó fylgt þeim reglum, sem gilda á Norðurlöndum. Má þar fyrst og fremst nefna, að gert er ráð fyrir, að kaupþingið verði ríkisstofnun með þátttöku verðbréfakaupmanna. Uppboðsfyrirkomulagið við skráningu er fyrirskipað, og kaupþingsfélagar einir, sem fullnægja settum skilyrðum og hafa fengið löggildingu, geta selt og keypt

verðbréf á kaupþinginu. Í frv. sjálfu er svo fátt bundið sem auðið er, en um öll smærri atriði verður ákveðið í reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

Um 1. gr.

Ekki er ástæða til að halda kaupþing nema á einum stað í landinu og þá að sjálfsögðu í Reykjavík. Starfsemi kaupþingsins er bundin við verðbréf. Fyrir vöruþing eru engin skilyrði hér á landi.

Um 2. gr.

Kaupþingsdagar þurfa að sjálfsögðu að vera fleiri en 2 í mánuði á flestum tímum árs, en rétt er, að það sé reglugerðarákvæði, hve oft skuli haldin kaupþing. Lágmarksákvæðið er miðað við kaupþingsdaga, sem nægilegt mætti telja að sumrinu til. Rétt er, að almenningur geti fylgzt með um kaupþingsstörf gegn litlum aðgangseyri, eftir því sem rúm leyfir.

Um 3. gr.

Það hefur alls staðar reynzt óframkvæmanlegt, að allur almenningur hafi rétt til að verzla á kaupþingi. Það er þvert á móti trygging fyrir hagsmuni almennings í því, að þeir einir, sem fullnægja settum skilyrðum, hafi rétt til að kaupa og selja verðbréf á kaupþingi, líkt eins og það, að skilyrði eru sett um það, hverjir megi flytja mál fyrir hæstarétti. Kaupþingsfélagar kaupa og selja fyrir sjálfa sig eða almenning, en um starf þeirra fyrir almenning þarf að setja bindandi reglur.

Um 4. gr.

Ætlazt er til, að bankarnir hafi meiri hluta í kaupþingsstjórn, enda eru allir bankar hér ríkisbankar. Kaupþingið er fyrst og fremst samstarf milli bankanna og ríkisstjórnar um opinbera verðbréfaskráningu, og bönkunum ætlað að bera þann kostnað, sem tekjur hrökkva ekki fyrir.

Um 5. gr.

Greinin er um skyldu kaupþingsstjórnar, og þarf í reglugerð að ákveða nánar um starfsaðferðir.

Um 6. gr.

Til öryggis fyrir verðbréfakaupendur þarf kaupþingsstjórn að dæma um það, hvort verðbréf séu skráningarhæf, en ráðherra er þá falið úrskurðarvald.

Um 7. gr.

Það er eitt höfuðatriði um kaupþingsstarfsemi, að gengi verðbréfa sé birt almenningi. Um það má ákveða í reglugerð, hvort áfallnir, en ógreiddir vextir skuli teljast með í kaup- og söluverði bréfa eða greiðast sérstaklega af kaupanda. Eins er rétt að ákveða í reglugerð um nánari skýrslu um starfsemi kaupþings.

Um 8. gr.

Hér er svo til ætlazt, að öll kaupþingsviðskipti séu gerð upp innan þriggja daga. Sá frestur er sanngjarn, til þess að kaupþingsfélagar geti haft samband við viðskiptamenn sína utan Reykjavíkur, en lengri frestur mundi sennilega valda óþarfri spákaupmennsku. Lengri frestir mundu sérstaklega vera hættulegir, þegar um kaup og sölu lítilla verðbréfaflokka er að ræða. Þó er hér ekki bannað, að kaupþingsfélagar, seljandi og kaupandi, komi sér saman um lengri fresti í einstökum tilfellum.

Um 9. gr.

Til að varðveita sannvirði verðbréfa er nauðsynlegt, að allmikið opinbert fé, sem meira er ráðstafað með tilliti til öryggis en fljóttekins gróða, sé starfandi á kaupþingi. Það skapar festu og dregur úr braskhættu.

Um 10. gr.

Á flestum kaupþingum eru gerðardómar frjálsir, en þeir, sem það kjósa heldur, geta leitað til dómstóla um mál sín.

Um 11. gr.

Rétt er, að fulltrúi bankamálaráðherra hafi eftirlit með kaupþingsstarfsemi, en ef skipaður er eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum, þá fer bezt á, að honum sé einnig falið þetta eftirlit.

Um 12. gr.

Ekki er ástæða til að ætla, að kostnaður af kaupþingi verði tilfinnanlegur, og væntanlegar tekjur er ókleift að áætla. Er bönkunum hér ætlað að greiða tekjuhalla, ef einhver verður.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um rannsókn vegarstæðis milli landsfjórðunga.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á vegarstæði yfir hálendið milli Austur- og Norðurlandsins og Suðurlands.

Greinargerð.

Ferðir á bifreiðum inn á öræfin hafa mjög færzt í vöxt hin síðari ár. Nokkru fé hefur þegar verið varið til lagfæringa hér og þar, en þó raunar aðeins smáupphæðum, enda verkefni ærin við þá vegi, er telja má að beinlínis þjóni framleiðsluatvinnuvegum landsmanna. Það er fyrst og fremst skemmtiferðafólk úr þéttbýlinu, sem farið hefur öræfaleiðir til þessa. En öræfaferðirnar og þekking sú, sem þegar er fyrir hendi á staðháttum inni á hálendinu, hefur leitt hugi manna að þeim möguleika að opna leiðir milli landsfjórðunga um þessar slóðir, styttri miklu en þær, sem nú eru farnar. Væri vissulega æskilegt, ef fé það, sem á næstunni kann á þennan hátt að verða varið til að greiða götu skemmtiferðafólks, kæmi þeim einnig að nokkru gagni, er ferðast þurfa annarra erinda milli fjarlægra landshluta. En meiri háttar fjárveiting kæmi fyrst til greina, þegar lengra er komið en nú er að sinna lagningu nauðsynlegra framleiðsluvega í byggðum landsins. Ökuleiðin milli höfuðstaðar og Austurlandsins, sú sem nú er farin, er svo löng, að full ástæða er til að gera þá athugun, er þingsályktunartillagan fjallar um.

Sþ. 68. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um byggingu flugvallar í grennd við Húsavíkurkaupstað.

Flm.: Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar á næsta vori hefja flugvallargerð í grennd við Húsavíkurkaupstað.

Greinargerð.

Það hefur að undanförnu verið á valdi ríkisstjórnarinnar og flugráðs, án sérstakrar fyrirsagnar Alþingis, hvar farið hefur fram flugvallargerð ár hvert. Slíkt

fyrirkomulag er þó alls ekki sjálfsagt. Er ég, sem þessa tillögu flyt, ekki einn um þá skoðun, eins og sjá má á því, að fram eru komnar á Alþingi því, sem nú situr, tvær aðrar þingsályktunartillögur um, að þingið feli ríkisstjórninni að láta gera tilteknar framkvæmdir í byggingu flugvalla næsta sumar.

Það hefur dregizt lengur en forsvaranlegt er, að flugvöllur fengist byggður í nánd við Húsavíkurkaupstað. Þar er meira að segja ekki lendingarstaður fyrir sjúkraflugvél. Næsti flugvöllur er hjá Akureyri. Milli Húsavíkur og Akureyrar er hartnær 100 kílómetra vegarlengd, og sú leið er ófær bifreiðum langtímum saman á vetrum, sérstaklega Vaðlaheiði, sem er snjóabæli.

Í Húsavíkurkaupstað eru nálega hálft annað þúsund íbúar og margt fólk í sveitum þeim, er að liggja og hlut eiga að máli. Er flugvöllum nú orðið þannig skipað í landinu, að til óréttlætis má telja, ef ekki verður hafin flugvallargerð í námunda við Húsavík á næsta sumri.

Ég vissi ekki annað síðastliðinn vetur en að vinna ætti að þessari flugvallargerð í sumar sem leið, en þegar til kastanna kom, skorti til þess fé. Mun og mála sannast, að Alþingi hefur um of sparað fjárveitingar til flugvallargerða, og mundi það tæplega hafa orðið í sama mæli, ef þingið hefði sjálft þurft að skipta fjárveitingu hvers árs milli staða og ekki komizt hjá að horfast þannig í augu við þarfirnar.

Síðastliðið sumar var þó ákveðið, hvar flugvöllur sá, er tillagan ræðir um, skuli byggður, mælt fyrir honum og afsal lands undir hann tryggt. Er flugvallarstæðið talið mjög gott og öruggt. Það er vestan þjóðvegarins, yzt í Aðaldalshrauni.

Tillaga mín er að sjálfsögðu miðuð við völl fyrir innanlandsflug. En þarna er þó einnig aðstaða til þess að koma upp — með hagfelldu móti — stórum flugvelli, sem gæti verið fullkominn öryggisflugvöllur fyrir millilandaflug. Vöntun er á slíkum flugvelli norðanlands og vandfundinn annar staður fyrir hann í þeim landsfjórðungi, að því er fróðir menn segja. Bygging vallar í Aðaldalshrauni getur því verið áfangi í framkvæmd, sem miklu fleiri varðar en þá, sem í grenndinni búa.

Nd. 69. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni frá því að þau voru keypt.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera hlutafélag. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutaféð nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Nú veit það hver maður, sem eitthvað þekkir inn í venjulegan hlutafélagarekstur, að hluthafi er eigandi að jafnstórum hlut í viðkomandi hlutafélagi og hlutabréfaeign hans segir til um. Það virðist einnig sýnilegt, að þá reglu eigi að nota til þess að koma eignarrétti yfir áburðarverksmiðjunni í hendur þessa hlutafélags, þótt 3. gr. laganna kveði skýrt á um, að hún eigi að vera sjálfseignarstofnun. A. m. k. tveir ráðherrar, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og núverandi fjármálaráðherra, hafa opinberlega lýst því yfir á Alþingi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þótt skýrum orðum standi í lögunum, að hún sé sjálfseignarstofnun. Fer þá skörin að færast upp í bekkinn, ef ráðherrum á að takast að breyta skýrum lagaákvæðum með yfirlýsingum á Alþingi.

Áburðarverksmiðjan mun kosta um 130 millj. kr. Þar af nemur hlutaféð 10 millj., og skulu aðrir hluthafar en ríkið eiga ⅖ hluta þess, eða 4 millj. kr. Allt hitt fjármagnið verður ríkið að leggja fram sem hlutafé eða lán. Þessi lán, sem samkvæmt þessu mundu nema um 120 millj., eiga að greiðast af notendum áburðarins í áburðarverðinu. Það liggja einnig fyrir ráðherrayfirlýsingar um það. Fjármagn þetta, sem að nokkru leyti er fé mótvirðissjóðs, er ríkið lánar verksmiðjunni, eða lán, sem ríkið tekur erlendis og endurlánar fyrirtækinu, á að greiðast á 20 árum með 5—6% vöxtum.

Ef hlutafélagið á nú að fá eignarrétt verksmiðjunnar samkvæmt yfirlýsingum ráðherranna, í stað þess að fylgt verði ákvæðum 3. gr. laganna um, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, þá þýðir það, að þeir hluthafar, sem eiga 4 millj. kr. hlutafé á móti ríkinu, eiga að þessum 20 árum liðnum ⅖ hluta fyrirtækisins, þegar skuldir eru greiddar, og mundu þá þessir ⅖ hlutar nema að verðgildi 52 millj. kr., miðað við sama peningagildi og nú. Það þýðir að eignast 2.4 millj. kr. verðgildi á ári í fyrirtækinu, auk þess sem lögin heimila þeim að taka 6% í arð af hlutafé sínu.

Þá má enn fremur minna á þá yfirlýsingu, sem núverandi bankastjóri Framkvæmdabankans gaf á fundi fjárhagsnefndar efri deildar á þingi 1952, að tilætlunin væri að selja hlutabréf ríkisins í Áburðarverksmiðjunni síðar meir. Verði horfið að því ráði, verður verksmiðjan öll afhent einkaaðilum á sama hátt.

Ég dreg mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlazt til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar

að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur er líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að ráðherrar fara að lýsa yfir þeim skilningi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Það er því sjálfsagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætíð var fyrirhugað þangað til á allra síðustu stundu málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki eigi ekki að komast í eign einkaaðila.

Það ástand, sem nú ríkir í málum áburðarverksmiðjunnar, ýtir og undir það, að stjórn og eign ríkisins á þessu mikla fyrirtæki sé gerð skýlaus.

Frv. eins og þetta hafa verið flutt á síðustu þingum af þm. Sósialistaflokksins, en ekki náð fram að ganga.

Nd. 70. Frumvarp til laga [63. mál]

um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Sérhver íslenzkur ríkisborgari, sem eigi á sjálfur íbúð, sem hæf sé til íbúðar, á rétt á því að byggja sér íbúðarhús með einni íbúð, eða stærra hús, ef hann byggir með öðrum. Á hann kröfu á að fá til þess þá aðstoð frá því opinbera, sem nánar er kveðið á um í þessum lögum. Réttur þessi miðast við stærð íbúða, sem fyrir er mælt um í 3. lið 7. gr. þessara laga.

Rétt er og hverjum íslenzkum ríkisborgara að byggja íbúðarhús til sölu eða leigu, svo fremi innflutningur á byggingarefni sé frjáls samkv. 46. gr. þessara laga. En sé innflutningur byggingarefnis takmarkaður samkvæmt 47. gr., skulu þeir ganga fyrir, er um mælir í 1. málsgr. þessarar greinar.

Skylt er byggingarnefnd hvers kaupstaðar eða kauptúns að leyfa slíkar byggingar, ef þær samrýmast kröfum til heilsusamlegra íbúða, og mæla út lóð handa mönnum til byggingar slíkra íbúðarhúsa eða gefa mönnum kost á að byggja á sömu lóð allt að þriggja hæða hús. Eigi þarf að sækja um önnur leyfi en til byggingarnefndar viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns til slíkra bygginga. Öll ákvæði, sem takmarka slíkar byggingar við veitingu fjárfestingarleyfa, eru úr gildi numin.

Rétt eiga menn að mynda samtök um að nota þennan rétt og fela þeim framkvæmd slíkra bygginga, og njóta þau þá sama réttar, enda breytist eigi eignarréttur aðilans við það öðruvísi en ráð er fyrir gert í lögum þessum.

I. KAFLI
Um verkamannabústaði.

2. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, sem greinir í 4. lið 7. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

3. gr.

Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

4. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 3. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 12 krónum og ekki meira en 18 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs, sbr. 3. gr.
3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn helminginn af tekjuafgangi ríkisins af einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 3. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 2. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs, þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð.

5. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 7. gr. þessara laga. Í Reykjavík mega þó vera tvö byggingarfélög verkamanna, og skulu félög þau, sem nú starfa þar, öðlast viðurkenningu og njóta réttinda samkv. lögum þessum.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

A.-flokkur. Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.
B.-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.
C.-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár.

Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði —.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt, og er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til þeirra verkamannabústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

6. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

7. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 5. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 24000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 3500 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 5. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

   Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllunum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal notandi hennar greiða. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

8. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 9. lið 7. gr., um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 4. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 7. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

10. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi borizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

11. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Um byggingarsamvinnufélög.

13. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna (sjá 16. gr.) og reka lánastarfsemi.

14. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 25 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

15. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum, heilsusamlegum íbúðum og sameiginlegum þægindum, og skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

16. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

   Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra samvinnubústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.

   Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

17. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 16. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 75% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 75% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

18. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

19. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 16. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum eða því sem næst með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af félagsmálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagsstjórnin tekur gildan.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

20. gr.

Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 15. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 7. gr. svo og ákvæði 8. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

21. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

22. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 21. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

23. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

24. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

25. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

26. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

III. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

28. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

29. gr.

Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegun húsnæðis.

30. gr.

Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka, og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.

31. gr.

Skýrslur þær og áætlanir, sem um getur í 30. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir.

32. gr.

Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 30. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðabygginga sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið.

33. gr.

Til tryggingar 75% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til lánin eru að fullu greidd.

34. gr.

Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðabygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður

35. gr.

Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er.

Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það, í hverri röð menn fái íbúðirnar.

36. gr.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

37. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

38. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitarfélaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

IV. KAFLI

Um lánadeild smáíbúðarhúsa.

39. gr.

Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela skal Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar, þar með úthlutun lána samkvæmt reglugerð, er ráðuneytið setur.

40. gr.

Ríkissjóður leggur fram 30 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

41. gr.

Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem fé er lánað til. Ársvextir skulu vera 4 af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærra lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur.

Lánin endurgreiðast lánadeildinni og notast til frekari útlána úr lánadeildinni.

42. gr.

Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnæðisþörf umsækjanda.

43. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til smáíbúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla laga þessara.

V. KAFLI
Um rétt einstaklinga til veðlána.

44. gr.

Þeir einstaklingar, sem eigi njóta aðstoðar samkvæmt I.—III. kafla þessara laga, en byggja sér íbúð samkvæmt skilyrðum 1. gr., skulu eiga rétt á láni úr veðdeild Landsbanka Íslands svo sem hér segir:

1. Veðdeildin skal starfrækt svo, að hún fullnægi skilyrðum þessarar greinar.
2. Ákvæðin í 7. gr. laga nr. 1 12. jan. 1900, um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, skulu gilda með þeirri breytingu á síðasta málslið, að í stað „helmingi af virðingarverði“ komi „helmingi af brunabótamati“ — og 8. gr. sömu laga skal eigi gilda gagnvart þessum aðilum.
3. Skylt er seðlabankanum að kaupa þau bankavaxtabréf, er veðdeildin lætur þessum mönnum í té.

45. gr.

Hver sá íslenzkur ríkisborgari, sem á íbúð samsvarandi þeim, sem um getur í 1. gr., og býr í henni sjálfur, á kröfu á því að fá lán út á 1. veðrétt í veðdeild Landsbanka Íslands samkvæmt ákvæðum 44. gr., enda hafi íbúðin verið byggð á síðustu 5 árum.

VI. KAFLI
Um innflutning byggingarefnis o. fl.

46. gr.

Innflutningur á byggingarefni skal vera frjáls, svo fremi að innflutningur á nokkrum vörum er frjáls.

47. gr.

Nú eru höft á öllum innflutningi og erfiðleikar á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, og skal þá innflutningsskrifstofan, á meðan hún starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til þess að lög þessi nái tilgangi sínum.

48. gr.

Nú ákveður stjórn byggingarfélags að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni fyrir félagsmenn sína, og skal hún þá hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til að fá innflutningsleyfi og að fá keyptan gjaldeyri.

49. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á, er reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

50. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

51. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, II. kafli laga nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning stjórnar byggingarsjóðs samkv. 9. gr. og endurskoðenda samkv. 10. gr. fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir til ársloka 1958.

Greinargerð.

Húsnæðisvandamálið hefur eðlilega verið eitt allra brýnasta þjóðfélagsvandamál vor Íslendinga á þessari öld. Kynslóð feðra vorra tók við landinu lítt húsuðu varanlegum íbúðarhúsum um síðustu aldamót, og tvær kynslóðir hafa nú unnið við að byggja varanleg hús í landi voru. Í sveitunum hefur verið gert mikið átak til þess að skapa steinsteypt íbúðarhús í stað gömlu bæjanna, og hefur vel orðið ágengt, þótt mikið verk sé þar enn eftir að vinna.

Í bæjunum og kauptúnunum hefur orðið að byggja upp að nýju og þörfin þar verið hvað brýnust vegna hins hraða vaxtar þeirra og þá fyrst og fremst Reykjavíkur. Reynslan hefur sýnt það allan tímann, að hér varð að einbeita öllum kröftum, jafnt framtaki einstaklinga og samtakaheilda sem aðstoð og framlögum ríkisins, ef bæta átti úr neyðinni. Hins vegar hefur verið við ramman reip að draga um að fá það aðgert í byggingarmálum, sem brýn þörf var á. Veldur því hvort tveggja, að í Reykjavík hefur verið voldugur hópur ríkra fésýslumanna, sem grætt hafa fé á hárri húsaleigu, er húsnæðisskorturinn olli, og svo hitt, að yfirvöld ríkis og banka hafa löngum hirt lítt um að aðstoða alþýðu manna við að bæta úr húsnæðisleysinu, nema til neydd, og þá gengið skrykkjótt með framkvæmdir, svo sem saga síðustu tuttugu ára ber vott um.

1929 voru samþykkt lög um bann við íbúðum í kjöllurum. Það átti að útrýma þar með þeim íbúðum, er hættulegastar þóttu þá heilsu manna. — Þessi lög hafa aldrei verið framkvæmd og kjallaraíbúðum fjölgað ár frá ári. 1928 voru 800 kjallaraíbúðir í Reykjavík, en 1946 voru þær orðnar 1884.

Lögin um verkamannabústaði voru sett um sömu mundir. Samkvæmt lögum um tóbakseinkasölu ríkisins frá 1931 átti helmingur tekna hennar að ganga til byggingar verkamannabústaða. En þessari miklu tekjulind var nokkru síðar kippt burt. Byggingarfélag alþýðu í Reykjavík hafði þó rutt brautina með myndarlegum byggingum í höfuðstaðnum. En 1939 var starfsemi Byggingarfélags alþýðu bönnuð með útgáfu bráðabirgðalaga af hálfu Stefáns Jóh. Stefánssonar, er var félagsmálaráðherra „þjóðstjórnarinnar".

Rannsóknir, er gerðar voru á nýsköpunarárunum, leiddu í ljós, að byggja þurfti um 600 íbúðir á ári í Reykjavík til þess að fullnægja þörfinni fyrir nýtt húsnæði þar. En síðustu fjórtán ár hefur bygging íbúðarhúsa og annarra húsa í Reykjavík verið sem hér segir (fjöldi íbúða, herbergjafjöldi í svigum aftan við, þegar til eru skýrslur um hann):

	Íbúðir	Herbergi	Önnur hús
1941	335	(974)	68
1942	417	(1182)	118
1944	339	(1086)	80
1945	541	(1897)	142
1946	634	(2148)	176
1947	468	(1665)	45
1948	491	(1764)	34
1949	366	(1226)	21
1950	410	(1430)	35
1951	284		45
1952	329		14
1953	349		32
1954	487		109

Þótt unnið væri mest að byggingu íbúðarhúsa og annarra húsa á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, eins og þessi skýrsla ber með sér, þá var þeirri stjórn ljóst, að hefjast þurfti handa af hálfu þess opinbera með enn meira átaki en gert var með verkamanna- og samvinnubústöðum. Því voru lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða sett 7. maí 1946, og samkvæmt þeim var, eins og einnig segir í 30. gr. þessa frv., ákveðið að útrýma heilsuspillandi íbúðum úr landinu á fjórum árum með sameinuðu átaki ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og banka.

Það voru ekki sízt braggaíbúðirnar í Reykjavík, sem hafðar voru í huga, þegar þessi löggjöf var sett af nýsköpunarstjórninni. 1946 bjuggu 1303 manns í braggaíbúðum (326 að tölu), þar af voru 511 börn.

En 1947 setti ríkisstjórn Alþýðuflokksins, Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins, er tekið hafði við af nýsköpunarstjórninni að vilja Bandaríkjanna, lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða úr gildi, svo að engin áætlun var samin og engin útrýming heilsuspillandi íbúða framkvæmd. Árið 1950 bjuggu því í bröggum í Reykjavík 2210 manns, þar af 976 börn.

En sú ríkisstjórn, sem eyðilagði lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og þar með framtak ríkisins í byggingarmálunum, setti um leið slík höft á framtak einstaklinga og félaga, að bygging íbúðarhúsa í Reykjavík fór minnkandi ár frá ári, eins og þessi skýrsla ber með sér. Hins vegar er vitanlegt, að á síðustu árum hefur verið til nóg vinnuafl, byggingarefni og fjármagn til þess að byggja miklu meira af íbúðarhúsum en byggt hefur verið. Það var því auðséð, að miklu meira yrði byggt, ef bygging hóflegra íbúða væri gefin frjáls, og hefur Sósialistaflokkurinn því á síðustu árum reynt hvað eftir annað að knýja slíkt byggingarfrelsi fram. Í þeirri baráttu kom það greinilega í ljós, hvaða vald það var, sem bannaði og meinaði Íslendingum að útrýma neyðinni í húsnæðismálum. Ég rakti sögu þeirrar baráttu í nefndaráliti, sem ég gaf út 27. nóv. 1952 sem minni hluti fjárhagsnefndar, um frv. er ég og þáv. hv. þm. Siglfirðinga fluttum um byggingarfrelsi. Þar segir:

Saga baráttunnar fyrir frelsi til íbúðarhúsabygginga 1949—52.

„Barátta fyrir því að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa hefur staðið nokkur ár á Alþingi, eftir að það kom í ljós, að ríkisstjórn og fjárhagsráð þrengdu óeðlilega kosti landsmanna í krafti þeirra heimilda til takmarkana á byggingu íbúðarhúsa, sem veittar eru í lögunum um fjárhagsráð. En eins og kunnugt er, kom það í ljós, að þessar takmarkanir ollu bæði húsnæðisskorti meðal almennings og atvinnuleysi meðal byggingarverkamanna.

Á Alþingi 1949 flutti ég breytingartillögu við lögin um fjárhagsráð, að aftan við 5. gr. bættist svo hljóðandi málsgrein (þskj. 566):

„Þó skal þeim, sem ekki eiga íbúð, heimilt án fjárfestingarleyfis að byggja íbúðarhús fyrir sjálfa sig, enda sé íbúðin eigi stærri en ákveðið er um verkamannabústaði.“

Þessi tillaga var felld. En síðar á þinginu flutti fjárhagsnefnd Nd. sem heild breytingartillögu við sömu grein laganna, og hljóðaði fyrri hluti hennar svo (þskj. 734):

„Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk íbúða."

Þessi tillaga var samþykkt, en þar sem þetta var seint á þingi, náði frv. ekki afgreiðslu.

Á næsta þingi, 1950, flutti meiri hl. fjárhagsnefndar Nd. (EOl, JóhH, SÁ, ÁÁ) frumvarp, er fór fram á samsvarandi breytingu, að við 5. gr. nefndra laga væri bætt þessu atriði m. a.:

„Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk þeirra."

Frumvarp með þessu sem aðalefni var síðan samþykkt við allar þrjár umræður í Nd. og sent til efri deildar.

Í efri deild fór málið til fjárhagsnefndar, og gaf hún 17. jan. 1951 út sameiginlegt álit um frv., og segir í því (þskj. 505):

„Samkomulag varð um að leggja til, að frv. yrði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma."

En þegar hér var komið sögu, hafði annar aðili komið til skjalanna.

Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfðu flutt þáltill. um að afnema skömmtun á byggingarefni. Við hana hafði ég flutt brtt. um að gefa nú þegar frjálsan innflutning á byggingarvörum.

Tillagan hafði verið send fjárhagsráði til umsagnar.

Í umsögn sinni, dags. 13. jan. 1951, hafði fjárhagsráð lagzt gegn samþykkt þess að gefa frjálsa byggingu íbúðarhúsa og frjálsan innflutning byggingarefnis og fært m. a. fram svo hljóðandi röksemd:

„Fjárhagsráði hefur skilizt, að vegna tilrauna til þess að fá að nota fé úr mótvirðissjóði verði að takmarka fjárfestingu við ákveðið hámark og að það sé fullkomlega skilyrði fyrir því, að leyfi fáist til þess að nota mótvirðissjóð. Ef fara ætti eftir tillögu þessari, mundi það gera ómögulegt að sýna forráðamönnum mótvirðissjóðs fram á, hver fjárfestingin væri, þar sem takmarkanirnar næðu aðeins til hluta hennar."

Með þessari yfirlýsingu sinni viðurkenndi fjárhagsráð tvennt:

1) Að ráðið leit á erlenda menn í Washington sem „forráðamenn mótvirðissjóðs", en ekki á Alþingi, sem samkvæmt íslenzkum lögum ræður mótvirðissjóði. Og að ráðið leit á sig sem fulltrúa og eftirlitsmenn hinna amerísku auðmanna með fjárfestingarmálum Íslendinga, en skoðaði sig ekki sem fulltrúa þings og þjóðar.

2) Að hinir erlendu yfirboðarar höfðu krafizt þess, að fjárfesting Íslendinga væri takmörkuð og að þeir, hinir útlendu menn, hefðu völdin um það, hver fjárfestingin væri. Takmörkunin á íbúðarbyggingum Íslendinga var því eitt af skilyrðum þeirra fyrir því að „leyfa" Íslendingum að nota mótvirðissjóðinn, sem Íslendingar leggja sjálfir fram og eiga!

Eftir að umboðsmenn ameríska auðvaldsins á Íslandi höfðu þannig látið í ljós skoðanir þess, varð skyndilega breyting á afstöðu ýmissa þingmanna til lagafrumvarpsins um að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa. Meiri hlutinn í fjárhagsnefnd efri deildar, sem áður hafði öll mælt með frv., snerist nú skyndilega gegn því, er meiri hlutinn fann, hvernig blés að vestan, og lagði nú til, að frv. væri vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var sú tillaga nefndarinnar samþykkt með 10 atkv. gegn 5, eftir að átalin höfðu verið þau undarlegu vinnubrögð, er þarna kæmu í ljós, og snarsnúningur meiri hluta nefndarmanna.

Þannig fór um baráttuna fyrir því að gefa frjálsa byggingu hóflegra íbúðarhúsa á Alþingi 1950—51. Bandaríkjavaldið hafði kippt í spottann, brúður þess

kippzt við, — en of seint til þess að það kæmi ekki í ljós, hvaða aðili taldi sig geta ráðið því, hvort Íslendingar fengju að byggja yfir sig eða ekki.

Í byrjun yfirstandandi þings flutti ég svo ásamt hv. þm. Siglf. það frv., sem hér um ræðir: að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa og miða þá við, hvað hæfilegt þykir um verkamannabústaði.

Frumvarpið fór til fjárhagsnefndar neðri deildar, þeirrar sömu, er flutti frv. það 1950, sem fyrr getur og hlaut svo söguleg afdrif. Og nú lögðust þeir sömu menn er þá fluttu frv. á móti því að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa.

Ég álít hins vegar, að þörf Íslendinga fyrir nýtt húsnæði sé svo brýn, neyðin, sem þúsundir Íslendinga búa við í húsnæðismálum, hrópi svo til þjóðar og þings, að það beri tafarlaust að gefa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa frjálsa, og legg því til, að frv. sé samþykkt.

Þess skal getið, að samtök byggingarverkamanna hafa hvað eftir annað tekið undir kröfuna um, að byggingar verði gefnar frjálsar, m. a. gerði Múrarafélagið, sem atvinnuleysið hefur bitnað mjög á, það á fundi sínum 3. júlí s. l.

Alþingi, 27. nóv. 1952.

Einar Olgeirsson.“

Meðan á þessari baráttu stóð fyrir byggingarfrelsi, háði Sósialistaflokkurinn einnig baráttu fyrir því, að innflutningur byggingarefnis væri gefinn frjáls. Og meðan hvers konar óþarfi hefur verið fluttur inn undanfarin ár og íslenzkum iðnaði og þjóðarheildinni unnið stórtjón með innflutningi erlendra iðjuvara, er hægt var að framleiða hér, eru sannarlega engin rök til gegn því, að innflutningur byggingarefnis sé gefinn frjáls. Hinn mikli viðskiptasamningur, sem nú hefur verið gerður við Sovétríkin og Tékkóslóvakíu um innflutning 50 þús. smálesta af sementi, sannar, að nóg er hægt að fá af byggingarefni fyrir ísl. afurðir, ef vilji er til.

Nú er hins vegar svo komið, að neyðarástandið í húsnæðismálum Reykvíkinga er orðið meira en nokkru sinni, hundruð fjölskyldna húsnæðislausar og þúsundir búa við illt og óhæft húsnæði. Samtímis vex svarti markaðurinn í húsnæðismálum.

Fyrir 10 árum, 1945—6, var þriggja herbergja íbúð leigð í Reykjavík á 150 kr., en þá voru húsaleigulögin í gildi og framkvæmd a. m. k. hvað gömlu íbúðirnar snertir. 1946 var tímakaup Dagsbrúnarverkamanna í Reykjavík 8.03 kr. Nú, 1955, hafa þriggja herbergja íbúðir í Reykjavík víða verið leigðar á 1500 kr., og jafnvel í sumar, í hinni almennu dýrtíðarherferð ríkisstjórnarinnar gegn almenningi, verið hækkaðar upp í 2000 kr. Þannig hefur húsaleigan í Reykjavík víða 10—12-faldazt á undanförnum áratug, en kaupgjald verkamanna aðeins tvöfaldazt, er nú 16.85 kr. Er það eitt dæmi þess, hvílík firra það er, að kaupgjald verkamanna valdi dýrtíðinni.

Orsök dýrtíðarinnar er þvert á móti, hve hamslausri gróðafíkn ríkisstjórnin hefur sleppt lausri á almenning, m. a. með afnámi húsaleigulaganna, lánsfjárbanninu, vaxtahækkun og okri. Það er því orðin hin brýnasta nauðsyn, að breytt sé um stefnu í húsnæðismálunum, byggingar íbúðarhúsa losaðar úr helgreipum okurs og brasks með stórvirkri aðstoð þjóðfélagsins sjálfs. Það sýnir sig nú þegar, að lög ríkisstjórnarinnar um húsnæðismálastjórn o. fl. frá síðasta þingi hafa aðeins gert illt verra. Því er nú þetta frv. flutt að nýju. Það mun sýna sig, að til þess að tryggja hvort tveggja í senn: lága húsaleigu, jafnt fyrir leigjendur sem þá, er búa í eigin íbúð, og nægar hóflegar íbúðir, er bezta ráðið að framkvæma þá stefnu, sem í þessu frv. er mörkuð, enda er hún í samræmi við það skynsamlegasta, sem gert hefur verið í húsnæðismálum vor Íslendinga það sem af er þessari öld.

Þess gerist því hin brýnasta þörf, að jafnt frjálsu framtaki einstaklinga sem skipulegu framtaki hins opinbera sé beitt til hins ýtrasta til þess að bæta úr því neyðarástandi, sem skapazt hefur fyrir vanrækslu og haftapólitík undanfarinna Marshall-ára.

Frumvarp þetta er flutt til þess, að bætt verði úr þessari þörf. Svipuð frv. voru flutt á þingunum 1952, 1953 og 1954, en náðu þá eigi afgreiðslu. 1952 fylgdi frv. stutt greinargerð, einnig með skýringum við einstakar greinar, og birtist hún hér á eftir nokkuð stytt og örlítið breytt.

Með því frv., sem hér er lagt fram, er verið að tryggja rétt þeirra manna, sem ekki eiga íbúð sjálfir, til þess að byggja yfir sig. Eftir að húsaleigulögin eru afnumin, er engin vörn til fyrir því ástandi, að hægt sé að segja fjölskyldu upp húsnæði og setja hana á götuna, en lögin banna henni að byggja yfir sig. Þetta frv. fjallar um rétt manna til að byggja og skyldu ríkisins til að aðstoða þá.

Enn fremur er með þessu frv. verið að tryggja rétt manna, sem búa í eigin íbúð, til þess að fá lán út á hana. Nú, þegar verið er óðum að svipta þá verkamenn og þær millistéttir, sem eignuðust eigin íbúð á nýsköpunarárunum, þessum íbúðum sakir þess, hvernig lífskjör þeirra hafa verið rýrð, er nauðsynlegt að setja ákvæði um útlánsskyldu bankanna þessu fólki til handa.

Í þessu frumvarpi eru felld saman með nokkrum breytingum lög þau, sem nú gilda um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og ný ákvæði til þess að tryggja rétt manna til þess að bæta úr húsnæðisleysi sínu og upphefja þar með það réttleysi, sem einstaklingarnir nú verða að búa við í þessum efnum.

Skal farið nokkrum orðum um hinar einstöku greinar og kafla þessa frv.

Um 1. gr.

Með henni er ákveðinn réttur hvers íslenzks borgara til þess að fá að byggja, ef hann treystir sér til þess og á ekki sjálfur hæfa íbúð, enn fremur réttur allra til að byggja, ef innflutningur byggingarefnis er frjáls. Er með þessari grein afnumið valdið til þess að geta neitað mönnum um fjárfestingarleyfi fyrir íbúðum, fjögurra herbergja eða minni.

Um I. kafla.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar úr lagakaflanum um verkamannabústaði, nema 4. gr. Henni er breytt í sama horf og var, er lögin um tóbakseinkasölu voru sett 1931. Þá var ákveðið, að helmingur af tekjum Tóbakseinkasölu ríkisins skyldi renna til Byggingarsjóðs verkamannabústaðanna. Helmingurinn af tekjum þessum er nú rúmar 20 millj. kr., svo að nokkuð yrði séð fyrir þörfum byggingarsjóðsins með þeim, enda verður að telja byggingu verkamannabústaðanna einhverja skynsamlegustu aðferðina til lausnar húsnæðisvandamálsins.

Um 5.—12. gr.

Greinarnar eru óbreyttar, nema 5. og 7. gr.

Með breytingunni á 5. gr. er ákveðið, að þau tvö byggingarfélög verkamanna, sem nú starfa í Reykjavík, skuli mega starfa og hafa sama rétt. Væri þar með þeim samtökum, er braut ruddu í byggingu verkamannabústaða, Byggingarfélagi alþýðu í Reykjavík, leyft að starfa áfram að byggingu verkamannabústaða.

Með breytingunni á 7. gr. er ákveðið, að öll stjórn byggingarfélags skuli kosin af meðlimum þess. Er það lýðræðislegra en núverandi fyrirkomulag.

Um II. kafla.

Um 13.—27. gr.

Þessi ákvæði um byggingarsamvinnufélögin eru alveg óbreytt.

Um III. kafla.

Um 28.—38. gr.

Þessum kafla er breytt í sitt gamla horf, eins og hann var, er lögin voru sett 1946 af nýsköpunarstjórninni.

Það er eftirtektarvert tákn um áhrif ríkisstjórna þeirra, er Sjálfstæðisflokkurinn, Framsókn og Alþýðuflokkurinn hafa myndað saman, jafnt 1939—41 sem 1947—49, að þær hafa alltaf rýrt eða eyðilagt fyrri lagasetningar um þessi nauðsynjamál, hvort heldur þær voru frá 1931 eða 1946. — Það eru því stórfelldar endurbætur að leggja til að færa ákvæði þessara laga í sitt gamla horf.

Um IV. kafla.

Um 39.—43. gr.

Kafli þessi er að mestu óbreyttur tekinn úr núgildandi lögum um lánadeild smáíbúðarhúsa. Þó eru þar á þessar breytingar:

Í 39. gr. er svo mælt fyrir, að ráðherra skuli fela lánsstofnun eigi aðeins stjórn lánadeildar, heldur og úthlutun lána samkvæmt reglugerð, er ráðuneytið setur. Við þá úthlutun lána, er fram hefur farið, hefur ekki verið farið eftir neinum reglum, lánað af handahófi og eftir geðþótta eða pólitískri fylgispekt, enda settu stjórnarflokkarnir hvor sinn mann í úthlutunina, er skiptu á milli sín að úthluta lánunum. Slíkt hneyksli má ekki endurtaka sig. Er Landsbanka Íslands eða hvaða annarri lánsstofnun, sem ráðherra semur við, hins vegar fyllilega treystandi til að framfylgja óhlutdrægt þeirri reglugerð, er ráðuneytið setti samkvæmt lögunum.

Á 40. gr. er gerð sú breyting, að ákveðið er, að 30 millj. kr. skuli vera stofnfé deildarinnar. En það voru 4 millj. kr., er deildin var stofnuð.

Á 41. gr. er gerð sú breyting, að útlánsvextir eru lækkaðir úr 5½% í 4%. Enn fremur er ákveðið, að lánin skuli endurgreiðast til lánadeildarinnar og féð síðan notast til frekari útlána í lánadeildinni. Um þetta voru engin ákvæði áður.

Um V. kafla.

Um 44.—45. gr.

Þessar greinar miða að því að tryggja þeim mönnum, sem eigi verða aðnjótandi aðstoðar samkv. I.—IV. kafla, að þeir hafi aðgang að veðdeild Landsbankans, þannig að þeim yrði veruleg hjálp í því. Hins vegar er engin hætta á, að bankanum yrði um megn að inna þessar skyldur af hendi.

Með 45. gr. er ákveðinn réttur þeirra manna, er hús eiga, til að geta þó að minnsta kosti fengið lán út á 1. veðrétt í húsinu eða íbúðinni, og tryggt, að þeir geti selt bankanum bankavaxtabréf affallalaust. Ástandið, sem nú ríkir í þessum málum, er algerlega óviðunandi. Það er ekki hægt fyrir menn, sem eiga íbúðir, að fá lán út á 1. veðrétt, þótt mikið liggi við. Slíkt er þó talinn sjálfsagður hlutur í öllum löndum. En hér hefur verið komið á slíkri einokun á lánsfjárveitingum, að jafngildir féflettingu og eignaráni, því að vitanlega er það sama og að ræna eign manns, er ríkið og bankar hindra mann, sem á góða eign skuldlausa, að geta fengið 1. veðréttar lán út á hana, t. d. til þess að borga skatt til ríkisins.

Um VI. kafla.

Um 46.—53. gr.

Í 46. gr. er ákveðið, að innflutningur á byggingarefni skuli vera frjáls, ef nokkur innflutningur er frjáls. Væri þar með afnumin sú óhæfa, að innflutningur óþarfa, eins og ameríska kerta, sé frjáls, en Íslendingum óheimill frjáls innflutningur byggingarefnis til þess að byggja nauðsynleg íbúðarhús og spara þar með fyrir þjóðina og framtíðina og byggja upp landið.

Séu höft á öllum innflutningi, skulu gömlu ákvæðin haldast.

Ed. 71. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 12. gr. laganna bætist:

Frádráttur þessi skal þó aldrei nema lægri upphæð en þeirri, sem skattgreiðandi hefur fengið greidda í bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta árið 1956.

Greinargerð.

Þegar persónufrádráttur var ákveðinn í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt, mun nokkur hliðsjón hafa verið af því höfð, að þeir, sem ekki höfðu annan framfærslueyri en bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, þyrftu ekki að greiða tekjuskatt af þeim bótum. Það olli því nokkrum vonbrigðum, er í ljós kom við framkvæmd hinna nýju skattalaga, að ýmsir, er ekki höfðu annað sér og sínum til framfæris en bætur frá Tryggingastofnuninni, urðu að greiða tekjuskatt af bótunum. Gamalmenni og öryrki, sem dvelja á elliheimili eða sjúkrahúsi og fá uppbætur á ellilífeyri sinn eða örorkubætur, verða samkvæmt skattalögunum að greiða nokkurn tekjuskatt af þessum bótum. Ekkja, sem fær ekkjubætur í eitt ár og barnalífeyri að auki, lendir einnig í tekjuskatti. Þetta er ósanngjarnt, og gætir hér ósamræmis milli tekjuskattslaganna og tryggingalaganna, sem miða bætur aðeins við brýnustu nauðþurftir. Bætur ekkjunnar, gamalmennisins og öryrkjans eru ekki við það miðaðar, að þessir aðilar séu af bótum sínum einum aflögufærir um tekjuskattsgreiðslur. Það er og í fyllsta máta óeðlilegt, að þessir aðilar skuli einir allra þeirra, sem bóta njóta, greiða af þeim tekjuskatt. En bætur, sem greiddar eru í einu lagi vegna slysaörorku eða dauðsfalls, eru, sem kunnugt er, ekki skattskyldar. Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr þessu misræmi og sníða þennan galla af lögunum um tekjuskatt og eignarskatt með því að ákveða, að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skuli ætíð falla undir persónufrádráttinn að fullu.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, til þess að kanna, hversu bezt verði komið við aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum, svo sem um ýmsa þætti þjóðskipulags-, efnahags-, félags- og verkalýðsmála.

Nefndin athugi, hvort námskeiðum um þessi efni verði komið við á vegum Háskóla Íslands.

Nefndin kýs sér formann.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir, að skipuð verði nefnd þriggja manna, tilnefndra af Háskóla Íslands og tveim fjölmennustu stéttarsamtökum landsins, til

þess að athuga, hvernig bezt megi koma við aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum, svo sem um ýmsa þætti þjóðskipulags-, félags-, verkalýðs- og efnahagsmála. Er gert ráð fyrir, að nefndin athugi sérstaklega, hvort námskeiðum um þessi efni verði komið við á vegum Háskóla Íslands.

Auðsætt er, að í lýðræðisþjóðfélagi er almenningi mikil nauðsyn á óhlutdrægri fræðslu um þessi efni. Þar er valdið endanlega í höndum þeirra þjóðfélagsborgara, er kosningarrétt hafa. Í okkar þjóðfélagi eru og stéttarsamtökin mjög valdamikil. Öllum almenningi eru þannig fengin mikil völd í hendur. Því valdi fylgir mikil ábyrgð. Þekking á grundvallaratriðum þjóðskipulags og efnahagskerfis er því í rauninni undirstaða þess, að valdi þessu verði skynsamlega beitt. Almenningi er því hin mesta nauðsyn á aukinni fræðslu um þessi efni. Um það verður ekki deilt. Hitt er álitamál, hversu þeirri fræðslu verði bezt fyrir komið.

Þjóðfélagið eignast því betri og þroskaðri þegna, því betur sem það býr að fræðslu þeirra og þekkingu, sérstaklega í þeim efnum, er hér ræðir um. Samtök almennings, t. d. verkalýðsfélög, eignast og því betri málsvara sem þekking þeirra og þegnskapur við þjóðfélagið er meiri. Margur alþýðumaður, sem sökum eðlisgreindar og mannkosta velst til forustu meðal samherja sinna, hefur fundið þörfina fyrir meiri fræðslu og þráir það heitast að geta svalað menntaþorsta sínum og þannig gert sig hæfari til að gegna forustuhlutverki fyrir samherja sína.

En fulltíða maður, sem þarf að vinna fyrir lífi sínu og sinna, hefur ekki tíma aflögu til skólagöngu og á ekki heldur samleið með nemendum hins almenna skólakerfis. Þetta hafa alþýðusamtök flestra landa komið auga á. Þess vegna er það algengt, að t. d. verkalýðshreyfingin og samvinnuhreyfingin gangast fyrir fræðslustarfsemi fyrir forustumenn hreyfinganna og almenning um félags- og efnahagsmál. Hugsanlegt er, að settir verði á stofn sérstakir kvöldskólar í þessu skyni. Hugsanlegt væri og auðvitað að styrkja alþýðusamtök til slíks skólahalds. Sjálfsagt virðist að taka upp eða auka kennslu í þessum fræðum í almennum unglinga- og gagnfræðaskólum. Flutningsmönnum þessarar tillögu virðist og athugandi, hvort ekki geti komið til greina kvöldnámskeið á vegum Háskóla Íslands í ýmsum þáttum þjóðskipulags-, félags-, efnahags- og verkalýðsmála.

Mál þetta þarf að sjálfsögðu að athuga rækilega. Þykir því flutningsmönnum eðlilegt, að skipuð sé nefnd manna samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands og stærstu stéttarsamtaka landsins til þess að vinna að athugun og undirbúningi þess.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um Austurlandsveg.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar á næsta sumri hefja gagngerðar umbætur á Austurlandsveginum frá Mývatnssveit austur í Jökuldal.

Verði unnið að nýlagningu og endurbótum á veginum með stórvirkum vinnuvélum og unnið eins og tíðarfar leyfir á næsta sumri.

Greinargerð.

Austurlandsvegurinn frá Norðurlandi austur á Fljótsdalshérað tengir Austurland við aðalakvegakerfi landsins. Hann er því jafnþýðingarmikill Austfirðingum og vegurinn um Holtavörðuheiði er Norðlendingum og vegurinn yfir Hellisheiði er Sunnlendingum. Það er því eðlilegt, að Austfirðingar séu óánægðir yfir því, að þessi aðalvegur þeirra skuli vera verr úr garði gerður en allir aðrir aðalvegir í landinu.

Austurlandsvegurinn er enn að mestu leyti ógerður sem vegur, þó að akfær eigi

að heita þann tíma á sumrum, sem veður eru bezt. Mestur hluti leiðarinnar er enn farinn eftir gömlum ruðningum eða um slétta sanda. Á leiðinni eru enn óbrúaðar ár og lækir, sem oftast verða ófær í mikilli rigningartíð.

Þegar þess er gætt, að Austurlandsvegurinn liggur um mestu öræfi landsins og þar sem lengra er á milli bæja en annars staðar eru dæmi um hér, þar sem þjóðvegur liggur um, er alveg furðulegt að láta veginn vera í jafnmikilli vanrækslu og raun er á.

Undanfarin tvö ár hefur nær ekkert verið unnið að nýlagningu á þessari leið, og er ekki annað að sjá en að það fé, sem Alþingi hefur ákveðið til nýlagningar á Austurlandsvegi, hafi beinlínis verið tekið til annarra framkvæmda.

Vegarstæði Austurlandsvegar er sérstaklega gott að dómi kunnugra manna. Svo til öll leiðin er hið ákjósanlegasta ýtuland. Nokkrar jarðýtur, sem látnar væru vinna að vegagerðinni heilt sumar, mundu gerbreyta samgöngum við Austurland. Þar sem Austurlandsvegurinn er vegur heils landsfjórðungs og þess landsfjórðungsins, sem býr við lakastar samgöngur í landinu, sýnist ekki óeðlilegt, að Alþingi ákveði með sérstakri samþykkt, að hafizt skuli handa um lagningu vegarins á þann hátt, sem má koma Austfirðingum að fullu gagni.

Bílstjórar, sem kunnugastir eru ferðum um Austurlandsveginn, segja, að vel gerður, upphlaðinn vegur á þessum slóðum mundi ekki aðeins stytta til muna þann tíma, sem nú tekur bíla að aka á milli Akureyrar og Austurlands, heldur mundi vegarsambandið haldast miklu lengur opið á hverju ári. Vegna þess, hve Austurlandsvegurinn er nú hraklega illa gerður, eru bílasamgöngur við Austurland miklu minni og ótryggari en annars mundi vera. Nú hika flestir við að leggja smærri bíla í jafnlangan og erfiðan akstur og leiðin frá Norðurlandi til Austfjarða er. Afleiðing þess er m. a. sú, að miklu færri koma að sumarlagi austur á land en þangað vilja koma. Önnur afleiðing er sú, að vöruflutningar á bílum á milli Austur- og Norðurlands eru illframkvæmanlegir, því að vafasamt er að leggja þunghlaðna bíla í langa keyrslu eftir illa gerðum vegi.

Það er almenn krafa Austfirðinga, að ekki verði látið dragast lengur að gera Austurlandsveginn að minnsta kosti jafnvel úr garði og aðra aðalakvegi landsins.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um athugun á möguleikum fyrir vegagerð í stórum stíl og vegaskatti á bíla.

Flm.: Emil Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort ekki sé tiltækilegt og æskilegt að hefja í stórum stíl gerð vega með varanlegu slitlagi, malbikuðu eða steyptu, á fjölförnustu leiðum, á þann hátt að kostnaður við vegagerðina yrði endurgreiddur að einhverju eða öllu leyti með skatti af bílum, sem um vegina fara.

Greinargerð.

Eins og öllum er ljóst, sem það mál hafa kynnt sér, er umferðin um nokkra vegi hér á landi, aðallega út frá Reykjavík, nú orðin miklu meiri en hæfilegt er fyrir venjulega malarvegi. Kemur þetta fram í óeðlilega miklu viðhaldi, sem þó getur aldrei orðið svo að vel sé, og í allt of miklu sliti á ökutækjum þeim, sem um vegina fara. Hefur því þráfaldlega verið talað um, bæði á Alþingi og annars staðar, að gera þessa vegi með varanlegu slitlagi, sem kallað er. Ekki hefur þó orðið úr framkvæmdum enn sem komið er nema að mjög litlu leyti, og er eingöngu fjárskorti um að kenna, því að allir hafa verið sammála um að viðurkenna nauðsyn þessara aðgerða. Er allillt, að þetta skuli dragast mjög, því að á

meðan fer mikið fé forgörðum í óeðlilegt viðhald vega og allt of mikið slit á ökutækjum.

Víða erlendis eru hliðstæð mál leyst á þann hátt, að vegir, brýr, jarðgöng o. fl. er byggt að öllu leyti fyrir lánsfé, en vextir og afborganir af láninu og viðhald mannvirkisins er greitt með skattgjaldi, sem tekið er af hverju ökutæki, sem mannvirkið notar. Er þá skatturinn í upphafi hafður það hár, að nægi til þessara útgjalda, miðað við umferð, sem reiknað er með að verða muni, er mannvirkið hefur verið tekið í notkun. Virðast eigendur ökutækja sætta sig vel við þetta, því að venjulega sparast þeim á ýmsan hátt miklu meira en sem skattinum nemur.

Nú er að vísu umferð hér minni en víðast erlendis. Þó teljum við ekki ólíklegt, að hún sé á einstaka vegi hér orðin það mikil, að beita mætti þessari aðferð, ef hún á annað borð þætti henta. Til þess að ganga úr skugga um það er þessi tillaga fram borin.

Sþ. 75. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um stækkun friðunarsvæða eftir núgildandi meginreglum.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar, að þegar í stað beri að gera ráðstafanir til að færa út núgildandi friðunarlínu, sem ákveðin er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, þannig að fylgt verði sömu meginreglum og þar er gert, en eftirtaldar breytingar gerðar á grunnlínunni og friðunarlínunni í samræmi við það:

1. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 1 og 5, þ. e. frá Horni í Ásbúðarrif.
2. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 12 og 15, þ. e. frá Langanesi í Almenningsfles.
3. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 25 og 28, þ. e. frá Stokksnesi í Ingólfshöfða.
4. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 28 og 31, þ. e. frá Ingólfshöfða í punktinn Meðallandssandur II.
5. Grunnlínan verði dregin beint milli punktanna 35 og 39, þ. e. frá Geirfuglaskeri í Eldeyjardrang.

Breytingar þessar felur Alþingi ríkisstjórninni að auglýsa og tilkynna erlendis með sama hætti og gert var um reglugerðina nr. 21 frá 19. marz 1952.

Greinargerð

Sú stækkun friðunarsvæðanna við Íslandsstrendur, sem gerð var 1952, vakti almennan fögnuð með þjóðinni. Það hefur líka komið greinilega í ljós á því tímabili, sem liðið er frá gildistöku reglugerðarinnar, að víða við strendur landsins hafa möguleikar til fiskafla á grunnmiðum stórlega aukizt, og virðist fiskisældin nú haldast mjög í hendur við hin friðuðu svæði, þannig, að þar sem friðunarlínan færðist verulega út, hefur afli bátaflotans aukizt mest, en minna eða ekki, þar sem stækkun friðunarsvæðanna varð lítil.

En þótt það meginefni reglugerðarinnar að stækka friðunarsvæðin væri Íslendingum almennt fagnaðarefni, hafa þó frá öndverðu verið skiptar skoðanir um það, hvort með henni hafi verið gengið eins langt og fært var, enda munu fáir eða engir telja þá skipan þessara mála, sem þar var mótuð, viðhlítandi til langrar framtíðar, heldur beri að stefna að fullum yfirráðum Íslendinga yfir öllu íslenzka landgrunninu.

Tillögur þær, sem lagðar eru nú fram á hverju Alþingi um stækkun friðunarsvæða eftir öðrum reglum en þeim, sem gildandi eru, sanna það gleggst, að endurskoðun á landhelgisframkvæmd okkar er ekki einasta tímabær, heldur knýjandi nauðsyn.

Hitt er þó vitað, að áður en grundvallarreglum núgildandi fiskveiðitakmarkana verður raskað, þarf að fara fram undirbúningsstarf af hendi ríkisstjórnarinnar, og á því virðist ekkert örla enn sem komið er. Þess mun því vart að vænta, að þær stækkanir friðunarsvæða fyrir Vestfjörðum og Austurlandi, sem tillögur hafa verið gerðar um hér á Alþingi, komi til framkvæmda á næstu mánuðum, þar eð þær verða ekki framkvæmdar án þess að breyta þeim meginreglum, sem núgildandi friðunarlína er dregin eftir.

Öðru máli gegnir um þær breytingar, sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þær er hægt að framkvæma eftir gildandi reglum og með sama rétti og öll þau friðunarákvæði, er sett voru 1952.

Þetta er staðfest í bók þeirri, er íslenzka ríkisstjórnin gaf út á ensku um þetta mál í septembermánuði 1954 og nefnist The Icelandic Efforts for Fisheries Conservation. Á blaðsíðu 23 í þeirri bók er sérstaklega vitnað til þess, að á þeim stöðum, sem þessi tillaga fjallar um, hafi verið möguleikar til að hafa friðunarsvæðin stærri en gert var. Það er enda vitað, að á sínum tíma létu íslenzk stjórnarvöld það undan andróðri Breta í þessu máli að hafa friðunarsvæðin, að minnsta kosti á þessum tilteknu stöðum, minni en reglur þær, sem annars var farið eftir, gáfu tilefni til.

Hér skal ekki lagður neinn dómur á það, hve viturleg eða réttmæt sú undanlátssemi kann að hafa verið. Hún hefur vafalaust verið framkvæmd í þeirri von, að Bretar mundu þá líta á okkar ráðstafanir af meiri skilningi en ella. Hitt vita svo allir, að í reynd hafa Bretar sýnt okkur fullan fjandskap í þessu máli og hafið við okkur viðskiptastríð vegna þess. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að þótt tilslakanirnar hafi ef til vill átt sér einhverja afsökun í öndverðu, þá er því ekki lengur til að dreifa.

Eins og fyrr getur, felur tillaga þessi ekki í sér neina endanlega lausn þess máls, er hún fjallar um, en hún miðar að stækkun fiskveiðisvæða íslenzka bátaflotans og friðun mikilvægra fiskimiða fyrir botnsköfum, — svæða, sem nú eru flest óspart sótt og þaulnýtt af erlendum togurum, — og framkvæmd hennar ætti ekki að vera neinum annmörkum háð og því framkvæmanleg þegar í stað, aðeins með hæfilegum tilkynningarfyrirvara.


Tillaga þessi ásamt ofanritaðri greinargerð var flutt á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. En þótt afgreiðsla málsins færist þá fyrir, kom það glögglega fram, að það átti mikinn hljómgrunn meðal þingmanna, og dráttur á afgreiðslunni átti sér þá orsök, að þingnefnd sú, er málið hafði með höndum, gerði sér vonir um, að ríkisstjórnin ynni að almennari friðun fiskveiðisvæða en þessi tillaga fjallar um og að aðgerða væri von af hennar hálfu fljótlega.

Þess hefur hins vegar ekki orðið vart, að neinna aðgerða sé að vænta að sinni úr þeirri átt, og því er tillaga þessi nú endurtekin.

Ein breytingartillaga kom fram við tillögu þessa á síðasta þingi. Stóðu að henni sex þingmenn af Norðurlandi. Gerði sú tillaga ráð fyrir beinni grunnlínu milli Sigluness og Rauðanúps.

Ég tel þá tillögu eiga fullan rétt á sér, þar eð hún virðist algerlega falla inn í núgildandi meginreglur um friðunarsvæði. En með því að tillaga mín er byggð á því einu, sem af hálfu ríkisstjórnarinnar er opinberlega yfirlýst að hægt sé að gera (sbr. The Icelandic Efforts for Fisheries Conservation), hef ég ekki fellt tillögu norðanþingmanna inn í þessar tillögur, þar eð hún er ekki sérstaklega tiltekin sem möguleiki í nefndri greinargerð ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal (uppdráttur, sjá næstu síðu).



Nýju friðunarsvæðin samkv. þáltill. eru auðkennd með skástrikum.

Nd. 76. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hvarvetna í menningarþjóðfélögum leitast löggjafinn við að vernda þegna sína gegn óhóflega miklu erfiði og notfærir aukna tækni til að takmarka lengd hins almenna vinnudags. Víða er litið á þetta sem lið í almennri heilsuvernd.

Hérlendis er þó ekkert gert af opinberri hálfu til að vernda þegnana í þessu efni. Þvert á móti notfærir hið opinbera sér yfirvinnu landsmanna til hóflausrar skattheimtu af þeirri kaupuppbót, sem verkalýðshreyfingin hefur samið um fyrir slíka vinnu.

Þótt yfirvinna sé í eðli sínu mjög óæskileg og verki hindrandi á alla menningarframþróun, er þó augljóst, að enn er ekki tímabært að banna hana með lögum, og eins og til háttar um aðalútflutningsframleiðslu okkar, sjávarafurðirnar, mundu allar takmarkanir á yfirvinnu við þau störf hafa í för með sér minnkandi framleiðslu.

Í verstöðvum landsins er það algengt, þegar mikið aflast, að menn vinna oft vikum og jafnvel mánuðum saman svo lengi á hverjum sólarhring, að jafngildir tveim venjulegum vinnudögum eða jafnvel hálfum þriðja.

En þótt þjóðfélagið hafi ekki tök á að vernda þegna sína á þessu sviði svo sem æskilegt væri, má þó ekki minna vera en að þegnskapur sá, er þeir sýna með því að leggja hart að sér, til þess að framleiðslan geti orðið sem mest, sé að einhverju virtur af löggjafanum, og liggur þá beinast við að leysa kaupgreiðslur fyrir yfirvinnuna við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar undan opinberri skattlagningu.

Frumvarp þetta flutti ég á síðasta þingi, en það fékk þar ekki afgreiðslu, og því er það flutt hér að nýju. Afgreiðsla Alþingis á þessu máli er sýnu brýnni nú en áður, þar eð fyrirsjáanlegt er, að til þess hlýtur að reka, að verkalýðssamtökin hætta að leyfa takmarkalausa yfirvinnu, sem sökum skatts og útsvars aðeins hafnar lítið gjald fyrir hjá því fólki, sem leggur nótt með degi í það erfiði, sem þarf til að gera verðmæta vöru úr sjávaraflanum.

Augljóst er því, að vilji þjóðfélagið komast hjá framleiðslutapi, verður löggjafinn að tryggja það, að verulegur efnahagslegur ávinningur sé að yfirvinnunni, enda er nú vaxandi skilningur verkafólks á því, að ekki sé umfram erfiði þess fullgoldið með lúanum einum saman eða gigtveikinni, sem hið hóflausa strit færir mönnum um aldur fram.

Nd. 77. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Við 2. tölulið 4. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Atvinnutekjur, sem útsvarsþegn aflar sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar, skulu þó jafnan undanþegnar útsvarsálagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og þá eins og nú samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um rökstuðning þessa frumvarps vísast til greinargerðar fyrir því frumvarpi (á þingskjali 76).

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um breytta skipun strandferða.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutbundinni kosningu í sameinuðu þingi til þess að framkvæma á því athugun, hvort tiltækilegt sé með breyttri skipan strandferða að draga verulega úr siauknum rekstrarhalla strandferðaskipa ríkisins, sem sýnilega stafar af minnkandi verkefnum skipanna vegna aukinna samgangna síðari tíma um loft, land og sjó og þar af leiðandi vaxandi samkeppni um flutninga á fólki og vörum, enda sé tryggt, að samgöngurnar í heild sumar og vetur verði að engu leyti lakari fyrir landsbyggðina en nú er. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu manna formann nefndarinnar. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. ágúst n. k.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillögur um þetta efni höfum við flm. flutt á undanförnum þingum, og hafa þær eigi náð samþykki Alþingis.

Í ræðu sinni við 1. umr. fjárlaga upplýsti fjármálaráðherra, að hækka yrði framlag til rekstrar strandferðanna um 4.5 millj. kr. frá því, sem tekið var upp á fjárlög yfirstandandi árs. Væri þessi upphæð þó ekki eins há og tillaga frá forstjóra skipaútgerðarinnar, og mætti því búast við því, að upphæðin gæti orðið nokkru hærri á rekstrarreikningi.

Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir s. l. ár var rekstrartap á m/s Heklu kr. 2836644.09, á m/s Esju kr. 3277562.83, á m/s Herðubreið kr. 984155.29 og á m/s Skjaldbreið kr. 982666.91, eða alls 8081029.12 á þessum fjórum skipum. En alls er rekstrarhalli á skipaútgerðinni á þessu ári rúmar 9 millj. kr. Ráðherra taldi í ræðu sinni ekki gerlegt að hækka flutningsgjöldin, enda vitanlegt, að slíkt mundi

aðeins hafa í för með sér enn minnkandi flutningsmagn og kæmi því ekki að tilætluðum notum, nema aðrar ráðstafanir til tryggingar nægilegu flutningsmagni séu gerðar samhliða. Af þessu er ljóst, að gera verður ráðstafanir nú þegar til tryggingar því, að síaukinn rekstrarhalli skipanna, sem sýnilega á rót sína að rekja til vantandi verkefna og aukinnar samkeppni um flutninga, verði stöðvaður og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst með breyttri skipan þessara mála, sem þó tryggi fólkinu eigi lakari heildarsamgöngur en það á nú við að búa, bæði vetur og sumar.

Það er sýnilegt, að hinar breyttu samgöngur á landi og í lofti hafa valdið því, að verkefni „Heklu“ og „Esju“ hafa gerbreytzt frá því, sem áður var. Fyrir þá upphæð, sem greiða hefur orðið í rekstrarhalla á þeim árið 1954, mætti starfrækja 6 strandferðabáta af sömu stærð og „Skjaldbreið“, og er þó vitað, að í strandferðum hefur „Hekla“ engan veginn verið allt árið. Bendir þetta m. a. til þess, að aðkallandi sé, að mál þessi öll verði athuguð og skipulögð á ný með tilliti til þeirrar þróunar, sem orðið hefur í samgöngunum síðan sú skipan, sem nú er á strandferðunum, var tekin upp.

Er þess vænzt, að þingmenn sjái nauðsyn þess að skipa þessum málum betur en nú er gert og spara þannig ríkissjóði stórar fjárfúlgur.

Ed. 79. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 40. tölul. 1. gr. laganna kemur ný málsgr., svolátandi:

Í Vestmannaeyjum skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar. Kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups, fyrirmæli um afstöðu þeirra hvors til annars, samband þeirra á milli og verkaskiptingu í söfnuðinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu frv. var flutt á síðasta þingi, en náði ekki að verða afgreitt og er því flutt aftur nú, með því að sama þörf liggur enn fyrir og þá var. Rétt er að benda á, að á nýafstöðnum héraðsfundi Kjalarnessprófastsdæmis, sem Ofanleitisprestakall í Vestmannaeyjum hefur nú verið sameinað, var svo hljóðandi ályktun gerð mál þetta varðandi:

„Héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis, haldinn í Hafnarfirði sunnudaginn 23. okt. 1955, lýsir yfir þeirri skoðun sinni, að óhjákvæmilegt sé, að 2 prestar þjóni í Vestmannaeyjum, m. a. vegna einangrunar Eyjanna og samgönguerfiðleika. Skorar fundurinn á hið háa Alþingi, sem nú situr, að samþykkja frumvarp, er fari í sömu átt og það, er Jóhann Þ. Jósefsson flutti á s. l. þingi.“

Til frekari skýringar fylgir hér greinargerð fyrir málinu, sú er því fylgdi á þinginu í fyrra:

„Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindregnum tilmælum frá 1237 mönnum búsettum í Vestmannaeyjum. Það er einnig borið fram í samræmi við óskir núverandi sóknarprests og sóknarnefndar, eins og fram kemur í vísitazíu biskups, er fram fór í Vestmannaeyjum hinn 13. febrúar s. l. Þar segir svo: „Sóknarprestur og sóknarnefnd eru sammála um það, að æskilegt sé, að tveir þjóðkirkjuprestar verði í Vestmannaeyjum til enn meiri eflingar kirkjulegu starfi og kristilegri menningu.“

Samkvæmt upplýsingum hagstofunnar var íbúatala í Vestmannaeyjum hinn 1. des. s. l. 4056, en á vetrarvertíð er þar, sem kunnugt er, hinn mesti sægur aðkomufólks. Vegna legu eyjanna er þar örðugra að fá þjónustu nágrannapresta í forföllum sóknarprests en annars staðar á landinu. Styrkir þetta enn nauðsyn þess, að tveir sóknarprestar séu þar starfandi. Var og svo fram á 19. öld, eða þar til Vestmannaeyjar voru gerðar að einu prestakalli með konungsbréfi 7. júní 1837.

Þess skal að lokum getið, að frumvarp þetta er stutt af biskupi landsins og auk þess hefur kirkjumálaráðherra tjáð sig vinveittan því.“

Nánar í framsögu.

Nd. 80. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1947, um eftirlit með skipum.

Flm.: Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Í D-lið 34. gr. laganna bætist nýr tölul., er verði 3. liður, svo hljóðandi (aðrir töluliðir greinarinnar breytist samkv. því):

Á fiskiskipum, sem stærri eru en 12 rúmlestir og ekki hafa björgunarbáta úr tré eða málmi, skulu vera gúmmí-björgunarbátar, nægjanlega stórir fyrir alla skipshöfnina.

2. gr.

Við 4. tölul. (verður 5. liður) í D-lið 34. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Með reglugerð um notkun björgunartækja, er ráðuneytið setur, skal tryggja það, að sjómönnum verði kennd meðferð gúmmí-björgunarbáta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp efnislega samhljóða þessu fluttum við á síðasta þingi, en það fékk þá ekki afgreiðslu og er því flutt hér að nýju.

Greinargerð sú, er frumvarpinu fylgdi, var svo hljóðandi:

„Í lögum um eftirlit með skipum er gert ráð fyrir því, að á öllum skipum, þar sem því verður við komið, sé skylda að hafa björgunarbáta til öryggis skipshöfn og farþegum. Munu og allir sammála um nauðsyn og réttmæti þeirra lagaákvæða.

En þegar þau lög voru sett, mun löggjafinn ekki hafa séð til þess neina möguleika, að slíkum öryggisútbúnaði yrði komið fyrir með neinu skaplegu móti á vélbátunum almennt, enda vissu menn þá ekki skil á annarri gerð björgunarbáta en tiltölulega þungum og fyrirferðarmiklum tré- eða málmbátum.

En tækninni fleygir fram, og nú hafa allmargir vélbátaeigendur búið fiskiskip sín gúmmíbátum til öryggis skipshöfninni. Slíkir bátar eru fyrirferðarlitlir og léttir, svo að vandalaust er að koma þeim fyrir jafnvel í hinum minnstu þilfarsbátum. Gúmmíbátarnir hafa þegar borgið mörgum mannslífum og sannað það í reynd, að þeir koma að gagni.

Í Vestmannaeyjum hafa þeir verið í vélbátum síðustu 4 vertíðir, fyrst aðeins í fáum bátum, en nú munu þeir komnir í flesta eða alla Eyja-báta.

Á því stutta tímabili, sem reynsla er af tækjum þessum í Vestmannaeyjum,

hafa 3 bátar farizt, og er fullvíst að enginn maður af neinum þeirra hefði haldið lífi án gúmmíbátanna. En af þessum bátum björguðust menn sem hér segir:

Af m/b	Veigu, er fórst 15. apríl 1952	6 menn
— —	Guðrúnu, er fórst 23. febr. 1953	4 —
— —	Glað, er fórst 11. apríl 1954	8 —

Samtals bjargast á gúmmíbátum s. l. 3 vertíðir 18 menn

Þessi reynsla sannar það fullkomlega, að gúmmíbátarnir, sem menn höfðu takmarkaða trú á í upphafi, koma að miklu gagni, og verður að teljast fullkomlega tímabært, að tryggt sé með lagasetningu, að þeir verði framvegis í hverjum þeim fiskibát, er sækir út fyrir grynnstu mið og ekki hefur hina stærri björgunarbáta innanborðs.

En meðferð þessara báta hefur til þessa ekki verið kennd sjómönnum svo sem vert væri, og þarf að tryggja með reglugerðarákvæðum, að sjómenn fái nauðsynlega fræðslu um rétta meðferð þeirra, og væri eðlilegt að leita um það efni samvinnu við Slysavarnarfélag Íslands."

Frá því að þessi upprunalega greinargerð var skráð, hefur það bætzt við reynslu á tækjum þeim, er hér um ræðir, að hinn 15. sept. 1955 sökk vélbáturinn Halkion frá Vestmannaeyjum og áhöfnin, 7 menn, bjargaðist á gúmmí-björgunarbát yfir í annan vélbát.

En þrátt fyrir alla fengna reynslu munu enn allmargir vélbátar gerðir út án þessara öryggistækja, enda eru útgerðarmenn eða útgerðarfélög óskyld til þess að lögum að hafa þau í fiskibátum sínum.

Við flutningsmenn lítum svo á, að óverjandi sé að tregðast lengur við að lögbjóða jafn sjálfsögð öryggistæki og sannazt hefur að gúmmíbjörgunarbátarnir eru, og væntum þess því, að frumvarp þetta verði tekið í lög á þessu þingi.

Nd. 81. Frumvarp til laga [74. mál]

um verkalýðsskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Stofna skal skóla, er nefnist Skóli verkalýðssamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.

Á sumrin getur skólinn haft styttri eða lengi námskeið til hvatningar og fræðslu, og fer kennslan þá aðallega fram í fyrirlestrum og frjálslegu námshópastarfi.

2. gr.

Aðalnámsgreinar vetrarskólans eru íslenzk tunga, íslenzkar bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga og þróun atvinnuveganna, þjóðfélagsfræði, hagfræði, alþjóðamálið esperanto, enska og eitt norðurlandamál.

3. gr.

Auk aðalnámsgreina skal verkalýðsskólinn veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og starf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtaka atvinnurekenda. Einnig skal skólinn kynna nemendum rækilega meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar — alveg sérstaklega vinnulöggjöfina. Þá skal í öllu starfi skólans brýna rækilega fyrir nemendum skyldur þegnanna og réttindi í lýðsræðisþjóðfélagi.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum í að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Kennslan fer að nokkru fram í fyrirlestrum. Söngur skal iðkaður daglega í nánum tengslum við alla kennslu og starfsemi skólans.

4. gr.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fer með stjórn skólans og ræður skólastjóra og kennara.

5. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu í verkalýðsfélagi.

6. gr.

Ríkið leggur fram fé til stofnkostnaðar og rekstrar verkalýðsskólans eftir sömu reglum og til skóla gagnfræðastigsins. Að öðru leyti leggja verkalýðssamtökin fram fé til stofnunar og starfrækslu skólans.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ber ríkisstjórninni að sjá um, að þau komi þegar til framkvæmda.

Greinargerð.

Á seinasta þingi bar flutningsmaður þessa máls fram frumvarp um gagnfræðaskóla verkalýðssamtakanna. Þetta frumvarp er að meginefni hið sama, en nokkuð breytt að formi til. Horfið er frá að láta skóla verkalýðssamtakanna falla inn í heildarskólakerfið sem einn af skólum gagnfræðastigsins, heldur er hann hugsaður sem sérstök grein á þeim stofni, líkt og bændaskólarnir og skólar annarra atvinnustétta. Ekki er þó farið fram á það, að ríkið beri allan stofnkostnað og rekstrarkostnað þessa skóla, eins og það gerir um bændaskóla, sjómannaskóla og flesta aðra skóla einstakra vinnustétta og atvinnugreina, heldur er verkalýðshreyfingunni ætlað að bera þar sama hlut kostnaðarins sem bæjar- og sveitarfélög bera af stofn- og rekstrarkostnaði skólanna á gagnfræðastiginu.

Fylgir nú hér á eftir greinargerð sú, lítið breytt, er fylgdi frumvarpinu um gagnfræðaskóla verkalýðssamtakanna á seinasta þingi.

Hugmyndin um sérskóla fyrir verkalýðshreyfinguna mun vafalaust koma einhverjum ókunnuglega fyrir í fyrstu. Ef til vill kann sumum að finnast slíkt vera blátt áfram fjarstæðukennd hugmynd. En ef svo fer, þá er því aðeins um að kenna, að við höfum í þessu efni dregizt langt aftur úr öðrum menningarþjóðum. Dönsk verkalýðshreyfing hefur t. d. alllengi átt aðgang að tveimur slíkum skólum, sem að sjálfsögðu eru kostaðir af ríkinu eins og aðrir skólar. Þetta eru lýðháskólarnir í Hróarskeldu og Esbjerg. Hliðstæðir skólar eru einnig til í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Eru þeir ávallt yfirfullir og þykja vera hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagsfólk verkalýðssamtakanna og sérstaklega fyrir trúnaðarmenn þeirra og forustumenn.

Í þessum löndum er löngu viðurkennt, að slíkt skólahald sé ekkert sérmál verkalýðsstéttarinnar út af fyrir sig, heldur sé slík fræðslustarfsemi eðlilegur og þýðingarmikill þáttur í fræðslustarfi þjóðanna.

Sumarið 1951 var Alþýðusambandi Íslands boðið að senda nefnd til Bandaríkjanna til þess að kynna sér skipan verkalýðsmála og atvinnumála í þessari voldugu ríkjasamsteypu. Formaður sendinefndarinnar var Finnur heitinn Jónsson alþingismaður.

Þegar heim kom, skrifaði Finnur skýrslu um það merkasta, sem fyrir þá félaga hafði borið í ferðinni. Duldist engum, sem skýrsluna las, að Finnur og félagar hans höfðu orðið einna hrifnastir af því, hversu veglegt rúm fræðslunni um verkalýðs-

mál og verkalýðshreyfingu var ætlað í ýmsum skólum Bandaríkjanna, jafnvel sjálfum háskólunum. — Segir svo um þetta í upphafi skýrslunnar:

„Einn af mörgum háskólum Chicagoborgar er Roosevelt College, ungur skóli, stofnaður 1945, sem hefur unnið sér viðurkenningu fyrir frjálslyndi og framsýni. Við skóla þennan er verkalýðsmáladeild, undir stjórn ungs prófessors, að nafni Mac Callister, og annaðist hann móttöku sendinefndarinnar í Chicago. Verkalýðsmálaskóla þennan sóttu veturinn 1950—51 um 1500 starfandi verkalýðsleiðtogar frá 50 félögum, og nú sótti sendinefnd Alþýðusambandsins fyrirlestra við þennan skóla og ræddi við prófessora þar um sögu, viðhorf og vandamál amerísku verkalýðshreyfingarinnar þær tvær vikur, sem dvalizt var í Chicago."

Hvað ætli menn segðu hér, ef farið væri fram á stofnun prófessorsembættis eða sérstakrar deildar í verkalýðsmálum við Háskóla Íslands? — Hætt er við, að margur kynni að hrista höfuðið yfir slíku.

Skömmu eftir heimkomuna lagðist Finnur Jónsson í sjúkrahús fársjúkur af því meini, er leiddi hann til bana nokkrum vikum síðar. En á sóttarsænginni var honum það ríkast í huga að vekja áhuga á stórauknu fræðslustarfi verkalýðshreyfingarinnar hér á landi. Skrifaði hann hverja hvatningargreinina á fætur annarri í banalegunni um fræðslu- og skólamál alþýðusamtakanna.

Í seinustu greininni fórust honum m. a. orð á þessa leið:

„Síðan ég skrifaði fyrri grein mína um nauðsyn á fræðslustarfsemi Alþýðusambandsins, hefur það tvennt skeð, að Alþingi hefur komið saman til fundar að nýju og Alþýðusamband Íslands hefur auglýst fræðslunámskeið nú í vetur. Þessari auglýsingu Alþýðusambandsins ber að fagna, þó að hins vegar sé ekki hægt að loka augunum fyrir því, að A. S. Í. skortir fé til slíkrar fræðslustarfsemi. Verður því eitt af hlutverkum þess Alþingis, sem nú situr, að veita fé til starfseminnar og það svo ríflega, að nægi til þess að leggja nauðsynlegan framtíðargrundvöll að fræðslustarfsemi Alþýðusambandsins.

A. S. Í. þarf að tryggja sér til kennslunnar hina beztu fáanlegu starfskrafta um allt, er lýtur að stjórn og starfi verkalýðsfélaganna sjálfra, sögu þeirra, svo og samningagerðum og þess háttar. ...

Til annarra þátta þessarar fræðslustarfsemi, svo sem upplýsinga um félagsmálalöggjöfina, vinnulöggjöfina, mismun á lýðræði og einræði, fræðslu um löggjöf, sem lýtur að öryggi á vinnustöðvum og eftirlit með skipum, réttindi og skyldur hvers borgara í lýðræðisþjóðfélagi, svo og tilsögn um alþjóðastarfsemi verkalýðsfélaga og samstarf þeirra á lýðræðisgrundvelli, þarf að velja hina færustu fræðimenn, hvern á sínu sviði. Slík fræðsla ætti að fara fram í fyrirlestraformi, en að loknum hverjum fyrirlestri yrðu svo leyfðar fyrirspurnir og almennar umræður í því skyni að æfa nemendurna í að hugsa sjálfstætt og taka ákvarðanir, eftir að hafa skoðað allar hliðar málsins."

Þetta voru skoðanir Finns heitins Jónssonar á nauðsyn og fyrirkomulagi fræðslustarfsemi á vegum verkalýðssamtakanna.

Nú mæla öll rök með því, að ríkið sjálft viðurkenni og kosti skóla verkalýðssamtakanna á sama hátt og bændaskólar, húsmæðraskólar og aðrir skólar fámennari vinnustétta (matsveina, vélstjóra o. s. frv.) eru að meira eða minna leyti kostaðir af ríkisfé. Eða hvers ætti fjölmennasta stétt þjóðfélagsins að gjalda, ef það teldist goðgá að halda uppi myndarlegum skóla henni til fræðslu og menntunar?

Sú skoðun ryður sér æ meir til rúms í heiminum, að lýðræðið eigi allt sitt undir almennri þekkingu og menntun þegnanna, einkanlega staðgóðri þekkingu í þjóðfélagsmálum. Vitrustu menn hafa þegar gefið upp vonina um, að ofstæki og einræði verði nokkurn tíma útrýmt með þvingunarlöggjöf eða fangelsunum. Til þess sé aðeins ein leið fær: Bætt lífskjör, aukið öryggi og víðtæk þekking alþýðustéttanna á þjóðfélagsmálum.

Eins og skýrt kemur fram í 1.—3. gr. frumvarpsins, er skólanum ætlað að

haga námsgreinavali og kennslutilhögun með svipuðum hætti og gefið hefur góða raun í sams konar skólum verkalýðssamtakanna á Norðurlöndum. Er allt við það miðað, að trúnaðarmenn verkalýðsfélaganna á vinnustöðvum og forustumenn félaganna eigi þess kost að afla sér þar hagnýtrar þekkingar á félagsstörfum. Þess vegna er áherzlan lögð á íslenzku, sögu, hagfræði, félagsfræði og hagnýtt tungumálanám.

Skiptir það þjóðfélagið miklu, að starfsmenn verkalýðssamtakanna séu sem allra bezt undir þann trúnað búnir, sem þeim er falinn í fjölmennustu og voldugustu félagssamtökum þjóðfélagsins. Þess vegna ber að leysa skólamál verkalýðssamtakanna með almennri lagasetningu.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um skipun nefndar til að undirbúa löggjöf um nýja skipan skattkerfis og skattheimtu.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna fimm manna nefnd til að gera tillögur um einfaldara skattkerfi og ódýrari skattheimtu en nú tíðkast og undirbúa löggjöf um það efni. Skal nefndin athuga gaumgæfilega, hvort ekki mundi kleift og æskilegt að færa skattkerfið í það horf, að aðeins verði lagður á einn skattur og innheimta gerð sameiginleg fyrir ríkið og sveitarfélögin.

Greinargerð.

Sú hefur orðið þróun mála í flestum löndum, enda bein afleiðing aukinnar félagshyggju, að opinberir aðilar, ríki, bæjar- og sveitarfélög, hafa látið æ fleiri sameiginleg hagsmunamál borgaranna til sín taka. Kröfur hafa smám saman vaxið um aukna þjónustu félagsheildarinnar í þágu almennings, auk þess sem sú skoðun hefur rutt sér til rúms, að beita beri almannavaldinu til að jafna tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Þá hefur og aukizt mjög skilningur manna á því, að tryggja beri þeim þjóðfélagsborgurum, sem verst eru settir sakir sjúkdóma, elli og annarra orsaka, viðhlítandi lífsskilyrði, þótt víða skorti enn allmjög á, að það sé gert sem skyldi. Þróun þessi í félagsmálum hefur að sjálfsögðu haft það í för með sér, að aukizt hefur stórlega í öllum löndum skattheimta til sameiginlegra þarfa. Eru skattar krafðir af þegnunum með ýmsu móti, oft með ærinni fyrirhöfn og miklum kostnaði. Hafa þær raddir orðið æ fleiri víða um lönd hin síðari ár, sem telja skattheimtufyrirkomulag í nútímaþjóðfélagi orðið allt of flókið og viðamikið, þjóðarheildinni til kostnaðarauka og borgurunum til óþæginda. Beinist nú viðleitni margra þjóða í þá átt að færa það í einfaldara og hentugra horf, þótt fastheldni við gamlar venjur reynist að visu ærinn þrándur í götu á þessu sviði, eigi síður en mörgum öðrum.

Þótt við Íslendingar séum fámennir og þjóðlífið fábreytilegra en í flestum öðrum löndum, höfum við sízt verið eftirbátar annarra þjóða um upptöku flókinna aðferða við skattheimtu. Er nú svo komið, að hver þjóðfélagsþegn, sem nokkrar tekjur hefur, verður að greiða fjölmarga skatta til almannaþarfa, en ríki, sveitarfélög og opinberar stofnanir kosta ár hvert tugum milljóna króna til hinnar margföldu skattheimtu. Það er því sízt að ófyrirsynju, þótt fram komi tillaga þess efnis, að kannað verði til nokkurrar hlítar, hvort ekki muni kleift að gerbreyta allri löggjöf um opinbera skattheimtu og færa hana í einfaldara og hagkvæmara horf en nú tíðkast. Þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, miðar að því, að þetta verði kannað.

Komið hefur fram sú skoðun, studd veigamiklum rökum, að eigi muni aðeins auðvelt að fækka mjög beinum sköttum frá því, sem nú er, heldur megi færa skattkerfið í það horf, að aðeins verði lagður á einn skattur og innheimta hans gerð sameiginleg fyrir ríki og sveitarfélög. Fer ekki á milli mála, að svo framarlega sem þetta reynist kleift, muni það spara stórfé við innheimtu, draga mjög úr skriffinnsku og verða skattþegnunum til mikilla þæginda. Ingimar Jónasson viðskiptafræðingur, starfsmaður Hagstofu Íslands, sem manna mest hefur kannað þetta mál, birti nýlega um það mjög fróðlega ritgerð. Þar eð hún bregður skýru ljósi á mörg atriði málsins, fer hér á eftir nokkur hluti hennar.

„Skattar eru lagðir á einstaklingana með þrennu móti:

1. Í hlutfalli við neyzlu: tollar, veltuskattar, skemmtanaskattar o. s. frv.
2. Í hlutfalli við efnahag: tekjuskattar, útsvör, kirkjugarðsgjöld o. s. frv.
3. Sem nefskattar: almannatryggingargjald, kirkjugjald o. s. frv.

Tollar og þess háttar opinber gjöld verða ekki gerð að umtalsefni að þessu sinni, en hins vegar athugaðir hinir flokkarnir tveir og þá fyrst og fremst hinir mikilvægustu einstöku skattar innan þeirra.

Helztu nefskattar hér á landi eru: Iðgjöld til almannatrygginga, sjúkrasamlagsiðgjöld, kirkjugjald (þeir, sem eru í fríkirkjusöfnuðum, kaþólskir eða eru í sértrúarsöfnuðum, eru þó undanþegnir kirkjugjaldi), námsbókagjald (lagt á þá, sem börn eiga á skólaskyldualdri) og afnotagjald af útvarpi (má einnig telja hér með, þar sem útvarpið nær nú orðið til allra landsmanna).

Það, sem einkennir skatta þessa er:

1. Þeir eru lagðir á sem sama fjárhæð á alla, sem fullnægja einhverjum ákveðnum skilyrðum, sem þó eru ekki beint í sambandi við efnahag, t. d. aldursskilyrðum, búsetuskilyrðum o. s. frv.

2. Þeim er öllum ætlað að standa straum af ákveðnum kostnaði í ríkisbúskapnum, t. d. sjúkrasamlagsgjald til kostnaðar við sjúkrahjálp, námsbókagjald til útgáfu námsbóka, kirkjugjald til viðhalds og útgjalda kirkna o. s. frv.

3. Þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur, sem út frá hinum gömlu „líberölu“ sjónarmiðum er ekki í verkahring ríkisvaldsins, en álitið er hins vegar, út frá hinum „sósíölu“ sjónarmiðum nútímans, að ríkisvaldið eigi að annast.

4. Þeim er flestum ætlað að standa straum af útgjöldum, sem eru hinum efnaminni til stuðnings fyrst og fremst.

Rétt er nú að athuga hvert þessara einkenna út af fyrir sig og komast að raun um, hvort nokkurt framantalinna einkenna nefskattanna réttlæti þá ókosti og þann kostnaðarauka, sem það hefur í för með sér að leggja skatta þessa á sem sérstaka nefskatta. ...

Þegar tillögur hafa verið bornar fram um nýmæli og framkvæmdir, hefur þeim venjulega verið svarað með spurningunni: Hvar á að fá fé? Vegna þessa hefur oft verið leitazt við að benda á sérstakar fjáröflunarleiðir til ákveðinna framkvæmda, tryggingargjöld til trygginga, námsbókaskatt til útgáfu námsbóka o. s. frv. Af nútímasjónarmiðum leiðir, að spurningin um, hvar eigi að fá peninga, er spurning um, hvort tækt sé að jafna tekjuskiptinguna eða þvinga fram nægilegan sparnað, án þess að raunverulegar þjóðartekjur minnki við það. Nöfn skattanna skipta ekki máli í þessu sambandi og skattálagningaraðferðin þarf ekki að hafa í för með sér, að sköttum þessum sé haldið aðskildum frá hinum venjulega tekjuskatti, þar sem á hann má ætíð bæta fastákveðinni upphæð, ef menn endilega vilja hafa þessa skatta nefskatta. — Við þetta bætist svo, að talsverður ljómi fer af sérsköttunarleiðinni þegar þess er gætt, að oftast nægir hinn fastákveðni skattur ekki til framkvæmdanna, tryggingariðgjöld einstaklinga standa aðeins undir litlum hluta tryggingarútgjaldanna, útvarpsafnotagjald undir mjög litlum hluta af rekstri útvarps o. s. frv.

Nú býst ég við, að margir muni fallast á þessi sjónarmið út af fyrir sig, en koma hins vegar með mótbárur annars eðlis. Sumir mundu segja: „Kostir þess að binda vissa skatta vissum opinberum útgjöldum eru þeir, að með því gerir fólk sér betri

grein fyrir, að hlunnindi þau, sem hið opinbera veitir því, kosti fórnir.“ Röksemd þessi kann að hafa nokkuð til síns máls. Hækkun ákveðins skatts skilur og finnur almenningur betur en hækkun einhvers ákveðins liðs í fjárlögum. En spyrja má sem svo, hvar á að setja mörkin? Hvað er að segja um fræðslumál og vegamál, svo að dæmi séu nefnd? Hví þá ekki að leggja sérskatt á til þeirra mála? Röksemd þessi hefur einnig harla lítið gildi gagnvart mörgum sérsköttunum. Kirkjugjald og námsbókagjald eru það lágar upphæðir, að röksemd þessi getur engan veginn réttlætt sérskatt til þeirra. Röksemd þessi getur heldur ekki réttlætt útvarpsafnotagjaldið sem sérskatt. Afnotagjaldið er tiltölulega lítill liður í heildarkostnaði útvarpsins, og hagsmunalegar eða pólitískar kröfur eru ekki gerðar til þess. Sjúkrasamlagsgjöldin og tryggingargjöldin eru þá ein eftir, og samkvæmt almannatryggingalögunum á að afnema sjúkrasamlögin, þó að framkvæmd þess hafi dregizt. Það má telja hæpna kenningu að halda því fram, að röksemd þessi sé nægileg til að réttlæta þann mikla kostnað, sem sérsköttunarkerfið hefur í för með sér, enda er þessi kenning frekar fræðileg en hún styðjist við beina reynslu, enda ganga menn þess ekki duldir, að sníða verður stakk eftir vexti hvað útgjöld tryggginganna snertir, þó að pólitískur ágreiningur geti orðið nokkur um, hversu þröngur stakkurinn eigi að vera. ...

Ég hef nú rætt hin ýmsu almennu atriði, er nefskattana varða, og þau höfuðeinkenni, sem sköttum þessum eru sameiginleg, og mun ég nú lítillega ræða atriði, er varða hvern nefskatt fyrir sig.

Kirkjugjaldið er elzt þeirra nefskatta, sem nú eru á lagðir. Er það mjög lágt og tiltölulega dýrast að hafa það sérstakan skatt, bæði vegna þess, hve lágt það er, og vegna umsvifamikillar aðferðar við að skipta heildarsummu þess niður á söfnuði, en það verður ekki nánar gert að umtalsefni hér. Hið helzta, sem færa mætti fram gegn því, að greitt væri úr ríkissjóði til kirkna, t. d. í hlutfalli við stærð safnaða, er það, að með því væri utanþjóðkirkjumönnum gert rangt til. Þar til er því að svara, að úr því að um ríkiskirkju er að ræða, skiptir það ríkisvaldið og þjóðina í heild máli, að kirkjum sé sómasamlega við haldið. Það er ekki síður menningarlegt atriði en trúaratriði. Ríkið greiðir laun presta þjóðkirkjunnar, enda eru þeir embættismenn ríkisins, jafnframt því að vera þjónustumenn safnaða sinna. Er nokkur ástæða til, að rekstrarkostnaður kirkna sé frekar sérmál meðlima þjóðkirkjunnar en laun prestanna? Þar sem um ríkiskirkju er að ræða, hlýtur ríkið að vera skuldbundið til að halda henni uppi. Skilnaður ríkis og kirkju er svo mál, sem fellur út fyrir ramma þessa efnis.

Námsbókagjald er aðeins nokkrar krónur, sem lagðar eru á hvern þann, er barn á á skólaskyldualdri. Það er því tiltölulega mjög kostnaðarsamt að viðhalda því sem sérstökum nefskatti, og sé ég ekki neitt, sem mæli með því og ekki hefur verið rætt um í sambandi við nefskattana almennt.

Afnotagjald af útvarpi er greitt af hverju heimili, sem útvarp hefur, og þar sem segja má, að hvert heimili á landinu hafi útvarp, þá er hér orðið um fastan nefskatt til ríkisins að ræða. Útvarpið er rekið af ríkinu, og aðaltekjuöflun þess er gjald fyrir auglýsingar, sem það tekur til flutnings. Auk þess er heimtað afnotagjald af útvarpsnotendum, sem þó er ekki innheimt ásamt þinggjöldunum, sem þó hefði verulegan sparnað í för með sér að gera, heldur annast sérstök innheimtuskrifstofa útvarpsins innheimtu afnotagjaldanna og hefur svo innheimtumenn á fleygiferð um allar trissur til að leita menn uppi og innheimta afnotagjöldin. Sjá allir, hversu kostnaðarsöm og óheppileg þessi innheimtuaðferð er. Auglýsingatekjur útvarpsins hafa vaxið mikið á undanförnum árum og munu sjálfsagt enn vaxa gífurlega á næstu árum. Í sambandi við það koma upp ný viðhorf, t. d. gæti komið til greina að láta auglýsingarnar bera uppi allan útvarpskostnaðinn. Sumir munu þó telja útvarpsauglýsingarnar það hvimleiðar, að frekar bæri að skera þær niður. Þessi vandamál verða þó ekki rædd hér, heldur þótti aðeins rétt að drepa á þennan möguleika. Sé gert ráð fyrir, að útvarpið þurfi á fé að halda frá almenningi, þá er það augljóst, að kostnaðarminnst væri, að í fjárlögum væri gert ráð fyrir ákveðinni fjárhæð til útvarpsins.

Almenn tryggingargjöld (þar með talin sjúkrasamlagsgjöld) eru hæstu nefskattarnir hér á landi, og væri það nokkur kjarabót fyrir hina efnaminni, ef þeir væru afnumdir. Það, ásamt þeim kostnaði, sem álagning þeirra og innheimta hefur í för með sér, ætti vissulega að vera nægileg ástæða til, að möguleikar á að afnema þá væru athugaðir. Um ýmislegt, sem gjöld þessi snertir, hefur þegar verið rætt í sambandi við nefskattana almennt, en mörg atriði koma hér til greina, sem snerta tryggingargjöldin sérstaklega.

Almennar skyldutryggingar eru að miklu leyti arftakar tveggja ólíkra framfærsluaðferða, frjálsra trygginga hjá tryggingarfélögum og þurfamannaframfæris hins opinbera. Óhjákvæmilega setur þetta svip sinn á almennu skyldutryggingarnar. Þær eru tryggingar í þeim skilningi, að greiðslur til hinna tryggðu eru skoðaðar sem bætur og réttur, sem menn öðlast, ef tiltekin tilvik ber að höndum, en þær hafa hins vegar þau einkenni hinnar opinberu framfærslu, að þátttaka í þeim er þvinguð og ekki þarf að vera jafnvægi milli iðgjalda og bóta. Fjár er aflað til hinna frjálsu trygginga með iðgjöldum, en til þurfamannaframfæris með sköttum. Til almennra skyldutrygginga er venjulega aflað fjár eftir þessum leiðum báðum, þótt þessu sé misjafnlega farið í hinum ýmsu löndum. Það hafa þó víða komið tillögur fram um iðgjaldalausar tryggingar, svo sem í Þýzkalandi, sem langa reynslu hefur í þessum málum. Í tillögum Fabian Society í Englandi, sem komu fram um svipað leyti og tillögur Beveridge, var gert ráð fyrir iðgjaldalausum tryggingum. Og í Nýja-Sjálandi og Sovétríkjunum, en bæði þessi ríki hafa mjög fullkomna tryggingalöggjöf, eru iðgjöld ekki nefskattur, heldur er ákveðinni prósenttölu haldið eftir af launum eða þau eru greidd af öðrum tekjum, svo að raunverulega er þar um hlutfallslegan tekjuskatt að ræða.

Margir kunna að álíta, að iðgjaldalaust tryggingakerfi sé um of með blæ opinberrar framfærslu. Ég tel þó, að mest sé um vert, að sá réttur, sem tryggingarnar veita, hafi til að bera öll einkenni hinna frjálsu trygginga, fjáröflunarleiðina beri hins vegar að velja með það fyrst og fremst fyrir augum, að hún sé sem hagkvæmust og ódýrust í framkvæmd og hinum efnaminni í þjóðfélaginu sé ekki íþyngt um of. Þetta skilyrði uppfyllir hið sérstaka nefskattsform ekki. Það að leggja ákveðna krónuupphæð eða prósentuupphæð á tekjuskattinn kæmi mjög til greina, ef menn sætta sig ekki við það fyrirkomulag, að hið opinbera ætli nægilegt fé til trygginganna í fjárlögum, eins og til ýmissa annarra mála, svo sem verðniðurgreiðslna, menntamála, heilsugæzlu, vegagerðar o. s. frv.

Ég hef nú rætt nokkur almenn og sérstök sjónarmið, sem nefskattana varða.

Krafan um, að aðeins verði lagður á einn skattur og innheimta verði sameiginleg fyrir ríki og sveitarfélög, verður stöðugt háværari. Eigi það að komast í framkvæmd, verður að afnema alla nefskattana. Ég tel mig hafa sýnt fram á, að slíkt er engin neyð, heldur frá flestum sjónarmiðum æskilegt og í fullu samræmi við ríkjandi skoðanir á því, hvernig rétt sé að skipta skattbyrðinni niður á þjóðfélagsborgarana.

Hér verður nú fjallað um þá skatta, sem lagðir eru á einstaklinga í hlutfalli við efnahag. Sérstaklega skal bent á, að hér eru ekki gerðir að umtalsefni skattar félaga.

Skattar þessir eru ýmist tekjulindir ríkisins: tekjuskattur og eignarskattur, til skamms tíma einnig tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur, tekjulindir sveitarfélaga: útsvar, eða tekjulindir kirkjugarða: kirkjugarðsgjald.

Við álagningu ríkisskattanna starfa á þriðja hundrað skattanefndir, skattstjórar og yfirskattanefndir, auk ríkisskattanefndar. Við álagningu útsvara bætast svo við rúmlega 200 hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir. Til skamms tíma hefur skattálagningin verið unnin með gamaldags skrifstofuaðferðum án allrar tækni, en nú er þetta að breytast nokkuð til batnaðar, hvað varðar Reykjavík og nágrenni, þar sem þar hefur nútímavéltækni verið tekin upp. Útsvör eru lögð á af hreppsnefndum eða niðurjöfnunarnefndum fyrir hvert sveitarfélag um sig, og oft er lagt á

sama manninn fullt útsvar í fleiri en einu sveitarfélagi, og verður hann oft að eiga í dýrum málaferlum, til þess að annað sveitarfélagið felli útsvarið niður, og hafi hann greitt útsvar í einu sveitarfélagi af frjálsum vilja og í góðri trú, að hann væri þar útsvarsskyldur, en dómur fellur svo á þá leið, að hann sé útsvarsskyldur annars staðar, endurgreiðir sveitarfélagið honum ekki útsvarið, og styðst það við hæstaréttardóma. Iðulega verða sveitarfélög að standa í málaferlum hvert við annað vegna útsvarsskiptingar. Innheimta sveitarfélagsgjaldanna og ríkisgjaldanna er framkvæmd sín af hvorum aðila. Á báðum innheimtustöðunum þarf því fullkomna spjaldskrá yfir skattgreiðendurna og fólk til að viðhalda henni, bókhald og innheimta verður að mestu leyti tvíverknaður, og kostir stórrekstrar og nútímatækni koma ekki að notum.

Þegar rætt er um endurbætur í skattamálum, kemur fleira til greina en það að fækka sköttunum, það kemur ekki síður til greina að fækka þeim aðilum, sem um þessi mál fjalla og að þeim vinna, leggja skattana á fyrir landið allt á einum stað. Þar með væri hægt að framkvæma skattálagninguna í stórum stíl með hinni fullkomnustu skrifstofuvélatækni og þjálfuðu og séræfðu vinnuafli.

Með því væri einnig tryggt, að menn slyppu ekki undan skatti, og eftirlit með skattframtölum auðveldara, þar sem launamiðar og annað væri þá samankomið á einn stað.

Krafan um að leggja á aðeins einn skatt mun, hvað snertir þá skatta, sem hér um ræðir, fá fleiri andstæðinga en krafan um afnám nefskattanna. Sérstaklega á þetta þó við um, ef sameina ætti í einn skatt ríkisskatta og sveitarfélagsskattana. Hér mun nú verða rætt um hvern skatt um sig með tilliti til kröfunnar um, að aðeins einn skattur skuli á lagður.

Tekjuskattur er sá skattur, sem allir, er á annað borð vilja ekki afnema alla beina skatta til ríkisins, vilja halda í. Þeir, sem aðeins vilja hafa einn skatt, eiga annaðhvort við, að þeir vilja hafa tekjuskattinn eða útsvarið. Hér er gert ráð fyrir, að tekjuskattinum sé viðhaldið, allir aðrir skattar ýmist falli niður eða sameinist tekjuskattinum. Um tekjuskattinn er því rætt í sambandi við hvern hinna skattanna um sig, en hér skal bent á, að ýmislegt, sem menn greinir nú á um í sambandi við tekjuskattinn, svo sem hvað skuli teljast skattskyldar tekjur, fær aukna þýðingu, eftir að tekjuskatturinn væri orðinn eini skatturinn, og mundi það gera nauðsynlegar margs konar breytingar á honum.

Um eignarskatta hafa ávallt verið skiptar skoðanir. Andstæðingar þeirra vilja halda því fram:

1. Að greiðslugeta manna miðist ekki við það að eiga eignir, heldur við það, hve arðbærar þær eru. Eignarskatturinn sé því raunverulegt eignarnám.
2. Skuldlaus eign sýni ekki það, sem almennt er kallað fátækt eða ríkidæmi, heldur séu það oft þeir, sem skuldugastir eru, er óhófsömustu lífi lifa og skortir ekkert til neins.
3. Eignarskattur sé refsing fyrir sparnað og hófsemi, en verðlauni eyðslu og óhóf.
4. Form eigna sé mismunandi og matsverð eigna mjög umdeilanlegt. Eignarskatturinn komi því mjög misjafnlega niður eftir því, hvert form eignanna sé. Einnig séu umdeilanlegar reglur um, hvaða eignir skuli teljast skattskyldar.

Fylgjendur eignarskattsins halda því hins vegar fram:

1. Að maður, sem miklar eignir á, sé færari um að leggja meira af mörkum til þjóðfélagsins, eignarskatturinn sé ekki eignarnám, heldur nokkurs konar íþyngin á tekjuskattinum.
2. Eignarskatturinn nái til að skattleggja „tekjur“, sem tekjuskatturinn nái ekki til og oftast séu til komnar án tilverknaðar viðkomandi, svo sem arfs, aukins verðmætis eigna vegna almennrar verðhækkunar, eigna fenginna í tekjuskattfrjálsu happdrætti o. s. frv.

3. Sparnaðarmennirnir greiði með eignarskattinum hluta til hins opinbera, í stað þess að þeir losna við mikla óbeina skatta, sem þeir yrðu að greiða, verðu þeir peningum sínum til neyzlu.

4. Auðveldara sé að koma undan skatti tekjum af eignum en launatekjum, og jafni því eignarskatturinn metin að nokkru.

Ef meta á röksemdirnar með og móti eignarskattinum, þá held ég, að varla verði hjá því komizt að viðurkenna, að andstæðingar eignarskattsins hafi almennt séð í öllum atriðum mikið til síns máls. Fylgjendur eignarskattsins benda hins vegar einnig á mikilvægar staðreyndir, en þær eru yfirleitt bundnar við núverandi skipan skattkerfisins, og til þeirra mætti og yrði að taka tillit í tekjuskattinum, ef eignarskatturinn yrði lagður niður. Vilji menn hins vegar byggja í aðalatriðum á skoðunum fylgjenda eignarskattsins, þá þarf það engan veginn að vera ósamrýmanlegt hugmyndinni um aðeins einn skatt, því að eign er í rauninni „kapítaliseraðar" tekjur, þ. e. a. s. tekjurnar margfaldaðar með 100 og deilt með vaxtaprósentu, sem samsvarar raunverulegum arði þeirra.

Það mætti því bæta áætluðu skatttekjuvirði eigna við skattskyldar tekjur eftir ákveðnum reglum og ákvarða þar með tekjuskattinn með tilliti til eigna. Þetta áætlaða skatttekjuvirði þarf í sjálfu sér ekki að svara til raunverulegs tekjuvirðis, frekar en mat eigna til skatts nú svarar til raunverulegs virðis þeirra.

Kirkjugarðsgjald. Um skatt þennan gildir eftirfarandi lagaákvæði: „Nú hrökkva ekki tekjur kirkjugarðsins fyrir útgjöldum, og skal sóknarnefnd þá jafna því, sem á vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra. Þó má hundraðsgjald þetta ekkert ár fara fram yfir 2%, nema safnaðarfundur leyfi. — Nú eru í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá fyrst skipta gjaldinu niður eftir íbúatölu hvers þeirra innan sóknarinnar. Eindagi hundraðsgjaldsins er sá sami og á útsvörum. Innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóðs er skylt að innheimta hundraðsgjaldið gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar. Ella innheimtir sóknarnefnd gjaldið gegn sömu þóknun."

Að baki fyrirkomulagi þessu um kirkjugarðsgjaldið býr sú hugsun, að kirkjugarðarnir eigi að vera fjárhagslega sjálfstæðir og stjórn þeirra þurfi ekki að leita til sveitarfélaga eða ríkisins um fjárveitingu. Í raun og veru verður þó varla sagt, að veigamikil rök hnígi til þessa fjárhagslega sjálfstæðis kirkjugarðanna. Sökum gamallar venju hafa kirkjugarðarnir verið álitnir málefni kirkjunnar, þó að lögum samkvæmt eigi nú hver maður rétt til legstaðar í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar. Kirkjan skiptist í sóknir, og sú skipting fer ekki saman við skiptingu landsins frá sjónarmiði hins veraldlega valds í sveitarfélög og lögsagnarumdæmi, og gert er ráð fyrir, að hver sókn hafi að jafnaði sinn kirkjugarð. Í lögum um kirkjugarða er þó gert ráð fyrir, að þessi skipan mála kunni að þykja óheppileg, því að þar segir:

„Nú óskar bæjarstjórn eða hreppsnefnd að taka að sér umsjón kirkjugarðs og fjárhald, og getur ráðherra þá heimilað það, að fengnum tillögum biskups og sóknarnefndar, enda hvíla þá á bæjarstjórn eða hreppsnefnd hinar sömu skyldur sem á sóknarnefnd eftir lögum þessum."

Það er því möguleiki á að breyta svo skipan þessara mála án beinna lagabreytinga, að kirkjugarðsgjaldið verði í reynd aðeins hluti af útsvari, og þá verður að sjálfsögðu að teljast ástæðulaust að viðhalda því sem sérstökum skatti.

Vilji menn nú samt sem áður viðhalda fjárhagslegu sjálfstæði kirkjugarðanna, þá sé ég þrátt fyrir það enga nauðsyn að viðhalda hinu sérstaka kirkjugarðsgjaldi. Það mætti alveg eins gefa sóknarnefndum eða stjórn kirkjugarða rétt til fjárstyrks úr ríkissjóði eftir nánari reglum með tilliti til fjölmennis sóknar og annars, sem máli skipti, og þyrftu þær reglur engan veginn að vera handahófslegri en núverandi reglur.

Útsvör. Samkvæmt útsvarslögum skal útsvar á lagt eftir efnum og ástæðum. Í reynd er útsvar lagt eftir fyrir fram ákveðnum stiga á tekjur og eignir, svo og veltu hjá þeim, er sjálfstæðan atvinnurekstur stunda.

Í samræmi við það, sem sagt hefur verið um eignarskattinn hér að framan, verður hér talið, að eignarútsvar beri að leggja niður, eða ef menn ekki vilja það, þá að sameina það tekjuútsvarinu með því að umreikna eignirnar í tekjur.

Hvað snertir veltuútsvarið, þá verður engan veginn komið auga á, að stærð veltu út af fyrir sig segi nokkuð til um efnahag skattgreiðenda. Veltuútsvarið hefur sennilega verið upp tekið vegna skattsvika og þá verið ályktað sem svo, að skattsvik atvinnurekenda væru í réttu hlutfalli við stærð veltu. Með þessu hefur ríkisvaldið viðurkennt skattsvikin og refsað þeim, sem ekki hafa fylgzt með í því kapphlaupi.

Afleiðingar þessarar stefnu eru margs konar, bæði hagrænar og siðferðilegar. Svo óbilgjörn hefur þessi skattálagning verið, að skattar og útsvar hafa numið meira en nettótekjum atvinnurekandans, jafnvel taprekstur hefur verið skattlagður. Hér er eins og kostað hafi verið kapps um að reka menn út á skattsvikaleið í sjálfsvörn. Afkastamikill atvinnurekstur með lítinn ágóða á framleiðslueiningu verður hér harðast úti, fyrirtæki með litla veltu og mikinn ágóða á framleiðslueiningu sætir betri kjörum. Ætli þetta sé nú það, sem þjóðfélagslega séð er æskilegast? Það er fáránlegt að ætla sér að mæta skattsvikum á þann hátt að koma öllum til að svíkja hlutfallslega jafnt, og það er ábyrgðarhluti að gefa þjóðinni slíka forskrift í siðferðilegum efnum. Veltuútsvarið er óréttlátt, og það á því að afnema það, skattsvik ber að taka öðrum og harðari tökum, og til róttækra ráðstafana verður að grípa til að leiða þau í ljós.

Við erum nú komnir að þeirri niðurstöðu, að útsvar verði lagt á tekjur, eins og tekjuskatturinn, og þá liggur næst fyrir að athuga, hvort hægt verði að gera útsvörin og tekjuskattinn að sama skatti og þar með komast að því marki, að aðeins skuli lagður á einn almennur skattur.

Aðalannmarkarnir á því að leggja á einn skatt, lagðan á af einum og sama aðila og innheimtan af einni og sömu stofnun og skipta síðan skatttekjunum milli ríkisins og sveitarfélaganna, eru þeir, að tekjuþörf hinna ýmsu byggðarlaga er misjöfn, sem aftur stafar af ýmsum aðstæðum og orsökum. Það er þó engan veginn svo, að ekki megi finna leiðir úr þessum vanda, og skal nú hér sem dæmi drepið á eina, en fleiri leiðir koma þó mjög til greina. Til dæmis væri hægt að endurskoða algerlega verkaskiptinguna milli ríkisins og sveitarfélaganna og haga henni til samræmis við hina nýju sköttunaraðferð. En hætt er við, að erfitt væri að fá samþykkta svo róttæka leið.

Sú leið, sem ég ætla hér að gera að umtalsefni, er í stuttu máli á þessa leið:

Lagður sé á einn skattur til ríkisins eftir lögákveðnum, stighækkandi „skala“. Hvert sveitarfélag getur svo í samræmi við sína fjárhagsþörf ákveðið tölu, sem margfalda eigi ríkisskattinn með til að fá sveitarfélagsskattinn.

Sveitarfélagsskatturinn að viðbættum ríkisskattinum er þá heildarskatturinn. Heildarskatturinn er einnig jafn ríkisskattinum margfölduðum með tölu, sem er einum heilum hærri en sú tala, sem sveitarfélagið ákveður, að margfalda eigi með, og gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða skatt hvers einstaklings eða summu skattanna á alla íbúa sveitarfélagsins, og er því auðvelt að reikna út þann hluta, er sveitarfélagið á að fá greiddan.

Kostir þessarar leiðar eru þeir, að hún er einföld í framkvæmd og samrýmist greiðlega vélavinnu við skattálagningu og sparar mikið í bókhalds- og innheimtuvinnu. Ókosti munu menn sjálfsagt geta fundið á henni og þá margvíslega, en á mismunandi rökum reista.

Hér er t. d. gert ráð fyrir, að menn séu skatt- og útsvarsskyldir á einum og sama stað. Fyrir einstaklingana er þetta kostur, en frá sjónarmiði margra sveitarfélaga mundi þetta vera talinn ókostur. Ég tel þó, að hiklaust eigi að fara þessa

leið, en hins vegar þyrfti þá jafnframt að endurskoða lögin um heimilisfesti, enda er það fyrir löngu og af mörgum ástæðum orðið meir en tímabært.

Kostir þess, að menn séu skattskyldir á einum og sama stað, bæði til ríkis og sveitar eða bæjar, eru, að með því fæst aukið öryggi fyrir einstaklingana, það kemur í veg fyrir mikinn kostnað, erfiðleika og málaferli, auk þess sem það er hagkvæmast og ódýrast í framkvæmd.

Tap það, er einstök sveitarfélög kunna af þessu að hafa, er vandamál, sem hægt ætti að vera að leysa, en á þessu máli eru og verða ávallt margar hliðar, og verða þær ekki ræddar hér, þar sem deilan um, hvar réttmætt sé, að einstaklingur eigi að greiða sitt útsvar, verður ekki tekin til meðferðar hér.

Erfiðleikum mun valda í sambandi við þessa sköttunar- og innheimtuleið hinn mikli fjöldi smárra sveitarfélaga, sem gerir þá aðila of marga og afkastalitla, sem saman þarf við að sælda. Þessi fjöldi og smæð sveitarfélaga er raunar á ótalmörgum fleiri sviðum þrándur í götu. Stækkun sveitarfélaganna hefur á undanförnum árum nokkuð verið á dagskrá, og var á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenzkra sveitarfélaga 1951 samþykkt tillaga til ríkisstjórnarinnar um að kjósa nefnd til að framkvæma nákvæma athugun á, hvort tímabært sé að stækka sveitarfélög landsins með því að sameina þau þannig, að ekki séu undir 500 íbúum í neinu sveitarfélagi, nema sérstakar landfræðilegar ástæður liggi til."

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um lækkað verð á raforku til súgþurrkunar.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hver ráð séu tiltækilegust til að lækka svo raforkukostnað til súgþurrkunar á heyi, að bændum verði almennt fært að taka upp þá verkunaraðferð, og að athugun lokinni séu gerðar ráðstafanir til framkvæmda í þessu efni í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Greinargerð.

Þau vandræði, sem orsakazt hafa af hinu hörmulega tíðarfari, er var svo að mánuðum skipti á síðasta sumri í tveimur landsfjórðungum, knýja mjög á um það að leita allra tiltækilegra ráða til varnar gegn því, að slík vandræði endurtaki sig. Veit og enginn, hvar örðugleikarnir verða mestir næst. Hitt er augljósara þjóðinni nú en oft áður, að allur okkar landbúnaður er í mikilli hættu, hvenær sem langvarandi ótíð gengur yfir á slættinum. Verður líka að gera sér grein fyrir því, að miklu meiri verðmæti eru í veði nú orðið á stuttum tíma en áður var. Kemur þetta af því, að meginhluti heyskaparlandsins er ræktað og vélarfært land, sem heimtar, að losað sé og hirt á ákveðnum tíma. Allt það tjón, sem af því hlýzt, ef möguleika til þess brestur, er alvarlegt mál, ekki einasta fyrir bændur landsins, heldur einnig fyrir þjóðina alla. Eru sannanirnar fyrir því glöggar nú. Þær birtast meðal annars í þeim miklu framlögum, sem gert er ráð fyrir að ríkið verði nú að inna af hendi vegna þeirra, er verst hafa orðið úti. Er það og endurtekning á því, er gerðist fyrir skömmu um Austurland og Norðausturland. Öll þau ráð, sem hugsanleg eru til varnar, ber því að athuga og hika eigi við framkvæmdir.

Nú er það svo, að eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur á nokkrum stöðum á landinu, fylgir súgþurrkunaraðferðinni næstum ótrúlega mikið öryggi. En henni fylgir sá mikli ókostur, að hún er ákaflega dýr í framkvæmd. Veldur því einkum það, hve raforkukostnaðurinn er ákaflega mikill. Gildir það bæði um þá aðila, sem

eiga kost á rafmagni frá héraðsrafveitum eða öðrum vatnsvirkjunum, og hina, er verða að taka þann kostinn að kaupa olíumótora til orkuframleiðslunnar. Reynsla þeirra bænda, er komið hafa upp hjá sér súgþurrkunartækjum og hafa framkvæmdir á þessu sviði í stórum stíl, er slík, að auðsætt er, að bændum yfirleitt er ekki fært að standast kostnaðinn. Kemur þá mjög til álita, hvort eigi er hagkvæmara allra hluta vegna, að hið opinbera veiti í þessu efni óbeina eða beina aðstoð, heldur en að eiga á hættu að leggja fram margfalt stærri upphæðir til að bjarga frá vandræðum, þegar illa er komið. Gildir um það sú alkunna regla, að betri er fyrirhyggja og varnarráð en að stríða við ósköpin, þegar allt er komið í óefni.

Þess vegna er þessi tillaga flutt, og vænta flutningsmenn þess, að Alþingi hafi nú svo glöggan skilning á þessu vandamáli, að talið verði ómaksins vert að hefjast handa, svo að verulega muni um.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um rannsókn til undirbúnings fyrirhugaðri vegagerð í Skagafirði og ákvörðun brúarstæða í því sambandi.

Flm.: Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta fara fram rannsókn á, hvernig bæjunum sunnan Norðurár í Skagafirði verði haganlegast komið í gott og öruggt akvegarsamband, jafnframt því sem höfð sé hliðsjón af kostnaði ríkissjóðs og sýsluvegasjóðs Skagafjarðarsýslu af þessum framkvæmdum.

   Við þessa rannsókn sé auk væntanlegrar Norðurárbrúar, sem tengir þessa bæi við þjóðveginn út Blönduhlíðina, höfð í huga hin fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum sunnan Norðurár, sem er ætlað að tengja þessa bæi við aðalsamgönguleiðina vestan Héraðsvatna um sýsluveginn hjá Litladalskoti og Héraðsdal á Skagfirðingaveg hjá hinni nýju brú á Svartá hjá Reykjum.
2. Að láta athuga leiðina um þessar fyrirhuguðu brýr á sýsluveginn hjá Litladalskoti og Héraðsdal, til þess að úr því fáist skorið, hvort þetta verður ekki álitlegasta leiðin, sem kostur er á til að halda opnum samgöngum við héruðin norðan Öxnadalsheiðar, þegar þjóðvegurinn á leiðinni um Silfrastaðafjall til Varmahlíðar lokast, svo sem dæmi eru til.
3. Að ákveða brúarstæðin á Norðurá og Héraðsvötnum að loknum þessum rannsóknum og í samræmi við það, er niðurstöður þeirra gefa tilefni til.

Greinargerð.

Hún kemur í stað 65. gr. laganna og mælir fyrir um arðskrár veiðifélaga. Rétt þykir að breyta þeim meginreglum, sem fara á eftir, þegar arði af félagsveiði er jafnað niður, því að aðstæður hafa breytzt frá því, er lög um lax- og silungsveiði voru sett. Þá var lítil veiði í höfuðám ofanverðum og þverám, því að stangarveiði var þá fremur fátíð og langmest um netjaveiði neðanvert í höfuðám eða við ósa þeirra. Þótti því verða að jafna arðinum niður eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarða. Síðan lögin voru sett, hefur stangarveiði færzt mjög í vöxt, og hefur reynsla sýnt, að hún er jafnan mest ofarlega í fiskihverfi hverju. Augljóst er, að hrygningarsvæði og uppeldisskilyrði ráði úrslitum um afkomu fiskstofns. Hitt er jafnvíst, að ekki nýtast þessi skilyrði, nema fiskurinn fái gengið leið sína frá sjó til hrygningar- og uppeldissvæða, sem jafnan eru ofanvert í ám. Virðist því rétt að taka tillit til allra þeirra atriða, er í greininni getur, enda hefur sú raun orðið á, að víða hefur það verið gert, þá er arðskrá hefur verið sett með mati.

Það nýmæli er í 2. mgr., að greiða má atkvæði um arðskrá skriflega. Er það gert í því skyni að sannreyna sem bezt vilja félagsmanna um setningu arðskrár. Aðrar breytingar þykja ekki þurfa skýringar.

Um 71. gr.

Hún má heita samhljóða 66. gr. laganna.

Um 72. gr.

Hún er samhljóða að mestu 67. gr. laganna. Orðalagi vikið við.

Um 73. gr.

Í henni er sama efni sem í 51. gr. frv., og vísast til skýringa um þá grein. Sýnist rétt, að sams konar ákvæði sem í 51. gr. taki einnig til veiðifélaga. Þó þykir verða að hafa vefengingarfrest til ráðherra lengri, þar sem um veiðifélög er að tefla.

Um 74. gr.

Er að efni hin sama sem 2. mgr. 54. gr. frv. Þykir rétt, að þessi ákvæði taki jafnt til veiðifélaga og fiskræktarfélaga.

Um 75. gr.

Efni þessarar greinar er hið sama sem í 57. gr. frv. Þykir eigi síður ástæða, að veiðifélög gefi skýrslur um starfsemi sína en fiskræktarfélög.

Um 76. gr.

Hún er að meginefni samhljóða 52. gr. frv., og vísast til skýringa við þá grein. Krafizt er þó, að ⅔ félagsmanna samþykki breytingu á samþykkt og arðskrá veiðifélags, enda þótt einfaldur meiri hluti sýnist nægja, þá er breyta skal samþykkt fiskræktarfélags eða gjaldskrá.

Um 77. gr.

Hún er að efni hin sama sem 68. gr. laga nr. 112/1941, en orðalagi vikið við.

Um 78. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru samhljóða 1. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941 að öðru en því, að aukið hefur verið við orðunum „og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir". Viðbótin þarf eigi skýringa við.

Um 79. gr.

Hún er að meginefni hin sama og 70. gr. laga nr. 112/1941.

Um 80. gr.

Hún er sama efnis sem 1. mgr. 71. gr. laga nr. 112/1941. Síðari mgr. þeirrar greinar er niður felld, þar sem ákvæði, er lengra ganga í sömu átt, eru tekin upp í 2. mgr. 62. gr.

Um 81. gr.

Þessi grein er nýmæli, sama efnis sem 61. gr. frv., og vísast til skýringa við þá grein.

Um X. kafla.

Kafli þessi kemur að nokkru í stað laga nr. 36/1937, um klaksjóð, og laga nr. 27/1953, um breytingar á þeim lögum. Nauðsynlegt þótti þó að breyta ákvæðum laga þessara og auka við nýmælum, m. a. um fiskeldi.

Skoðanir manna á fiskrækt hafa breytzt til mikilla muna hin síðari ár. Þykir eigi lengur einhlítt að sleppa kviðpokaseiðum í vatn, heldur þykir hitt sums staðar eiga betur við að sleppa eldri seiðum, sem alin hafa verið eftir að kviðpokann þraut. Einkum sýnist þetta henta þar, sem svo hagar til, að æti seiða er ónóg, hættur miklar eða vernd lítil, svo að smáseiði misfarast til muna, eins og víða í vötnum hér á landi. Er því æskilegt að taka upp í lög ákvæði um eldi fiska. Sjá nánar um þetta í greinargerð með frv., bls. 1143—1144.

Um 82. gr.

Í lögum nr. 27/1953 er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að láta reisa eldisstöðvar ásamt klakstöðvum og gera félag um slíkar stöðvar við aðra aðila. Þykir rétt að láta þau ákvæði haldast að efni. En eigi virðist ástæða til að takmarka seiðatölu eldisstöðva. Aftur sýnist eðlilegt að fela veiðimálastjóra umsjá með slíkum stöðvum.

Um 83. gr.

Torvelt er að afla seiða, og hefur ekki tekizt um langa hríð að fullnægja eftirspurn eftir seiðum. Verður því að telja hana aðalhlutverk klak- og eldisstöðva ríkisins. Auk þess fari þar fram tilraunir og rannsóknir um fiskrækt. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar.

Um 84. gr.

Um hana má vísa til 22. gr. frv. þessa og skýringa um hana.

Um 85. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 86. gr.

Á undanförnum árum hafa verið reistar hér á landi þrjár eldisstöðvar, er hafa það markmið að rækta alifisk til þess að sleppa í veiðivötn (sleppifisk) og rækta matfisk til sölu, einkum erlendis, og má kalla það nýja grein búskapar. Engin ákvæði í íslenzkum lögum lúta að slíkum stöðvum nema þau ein, er getur í lögum nr. 27/1953, um breyting á lögum um klaksjóð. Þykir því rétt að taka upp í frv. þetta ákvæði um þessi efni, og getur þeirra í þessari grein og hinum næstu.

Um 87. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 88. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 89. gr.

Rétt virðist að undanþiggja eldisstöðvar ákvæðum laga um lágmarksstærð fisks, er veiða má, veiðarfæri og veiðiaðferðir.

Um 90. gr.

Nauðsynlegt þykir, að veiðimálastjóri fái skýrslur um starfsemi eldisstöðva, m. a. það, hvort þær selji fisk eða seiði innanlands eða utan.

Um 91. gr.

Ákvæði þessarar greinar sýnast réttmæt og þurfa eigi skýringar við.

Um XI. kafla.

Í kafla þessum eru nýmæli, sem nauðsynlegt þykir að taka upp. Víða erlendis er ræktaður til mikilla muna silungur sá, er nefnist regnbogasilungur (Salmo irideus), og hafa hrogn hans verið flutt hingað til lands árið 1951 og 1954. Nú er það kunnugt, að tveir skæðir sjúkdómar sækja á laxfiska í flestum löndum Evrópu, m. a. Norðurlöndum. Nefnist annar kýlaveiki (furunculosis), en hinn vanki (Drehkrankheit, drejesyge). Sjúkdómar þessir geta borizt með hrognum, og þar sem talið er víst, að þeir séu ekki í íslenzkum laxfiskum, þykir nauðsynlegt að setja ákvæði til varnar því, að þeir berist hingað. En að því lúta ákvæði þessa kafla.

Um 92. gr.

Vegna sýkingarhættu þeirrar, sem samfara getur verið innflutningi hrogna, þykir nauðsynlegt að setja ákvæði um bann við innflutningi fisks eða lifandi hrogna, nema ráðherra leyfi slíkan innflutning.

Um 93. gr.

Talið er unnt að sótthreinsa hrogn til hlítar, svo að hætta stafi ekki af innflutningi þeirra. Að því lúta ákvæði greinar þessarar. Jafnframt þykir nauðsynlegt að setja fyrirmæli um meðferð fisks, sem fluttur kann að verða landa á milli með viðkomu á Íslandi.

Um 94. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja í lög ákvæði um sótthreinsun fisks í eldisstöðvum eða veiðivötnum, ef hætta þykir á, að hann sé sýktur næmum sjúkdómi.

Um 95. gr.

Þarf eigi skýringar.

Um XII. kafla.

Þessi kafli er að efni hinn sami og X. kafli laga nr. 112/1941 að öðru en því, að bætt er inn í 2. mgr. 98. gr. ákvæði um, að bætur fyrir missi selveiðinytja skuli ákveðnar með mati, ef eigi semur. Frá því er lög um lax- og silungsveiði voru sett, hefur mikið áunnizt um útrýmingu sels úr veiðivötnum, og virðast ákvæði laganna hafa reynzt fullnægjandi, svo að eigi sé ástæða til breytinga. Orðalagi greina hefur verið breytt, þar sem ástæða þótti til.

Um XIII. kafla.

Kafli þessi geymir ákvæði XI. kafla laga nr. 112/1941. Ákvæði laganna um stjórn veiðimála hafa reynzt haldkvæm, og sýnist eigi ástæða til að breyta þeim að neinu ráði.

Um 99. gr.

Hún er sama efnis sem 75. gr. laganna.

Um 100. gr.

Hún er sama efnis sem 76. gr. laganna að öðru en því, að skipun veiðimálastjóra er eigi tímabundin. Eigi virðist ástæða til að tímabinda skipun hans frekar en annarra starfsmanna ríkisins.

Um 101. gr.

Hún kemur í stað 77. gr. laga nr. 112/1941, er fjallar um veiðimálanefnd. Sú er ein breyting, að landssambandi fiskræktarfélaga eða landssambandi veiðifélaga, ef stofnuð yrðu, er veittur tillöguréttur um menn í veiðimálanefnd. Virðist það vera eðlilegt.

Um 102. gr.

Hún kemur í stað 78. gr. laga nr. 112/1941, og eru 1., 2. og 3. mgr. sama efnis sem sömu mgr. lagagreinarinnar. Í 4. mgr. er nú kveðið beinum orðum á um rétt eftirlitsmanna til farar meðfram veiðivatni.

Um 103. gr.

Hún kemur í stað 79. gr. laga nr. 112/1941 og er nokkuð aukin að efni og orðalagi breytt. Í 1. mgr. er það nýmæli, að kaup eftirlitsmanna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, í stað þess að sýslusjóði er gert að greiða kaupið allt samkvæmt gildandi lögum. Geta má þess, að undanfarin ár hefur ríkissjóður styrkt eftirlit með veiði í fiskihverfum Hvítár í Borgarfirði og Ölfusár. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Sýnist eðlilegt, að eftirlitsmönnum, sem eigendur eða notendur veiði ráða, sé veitt lögregluvald.

Um XIV. kafla.

Kafli þessi kemur í stað XII. kafla laga nr. 112/1941, en ákvæðum laganna er breytt til muna, greinar dregnar saman eða felldar niður.

Um 104. gr.

Hún kemur í stað 80. og 82. gr. laganna. Sýnist verða að binda styrkveitingar því skilorði, að fé sé veitt til þeirra á fjárlögum. Þá er lögin voru sett, mátti kalla, að kr. 2.50 hrykkju til greiðslu á þriðjungi dagsverks og kr. 3.00 væru þriðjungur af verði eitt þúsund hrogna. Nú eru þessi verðhlutföll gerbreytt, og þykir því rétt að miða styrkveitingar við þriðjung af verði mannvirkja, sem gerð eru vegna fiskræktar, svo sem gert var í 2. mgr. 80. gr. laganna. Rétt sýnist, að eigi sé veittur styrkur til klak- eða eldisstöðva, fyrr en reynsla hefur sýnt, að vatn, sem nota á, sé vel fallið til fiskeldis. Ákvæði 3. mgr. 80. gr., 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. eru niður felld.

Um 105. gr.

Hún kemur í stað 83. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. eru óbreytt að öðru en því, að lánstími er lengdur um helming. Þykir reynsla hafa sýnt, að lánstími laganna sé of skammur. Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli. Fiskeldi má telja eina grein búskapar, svo sem áður segir, og virðist eðlilegt að veita lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar, eins og um nýrækt jarðar væri að tefla.

Um XV. kafla.

Kafli þessi kemur í stað XIII. kafla laga nr. 112/1941. Greinum er breytt nokkuð að efni og orðalagi, sem sagt verður. Felldur er niður 85. gr. laganna, því að hún var talin óþörf.

Um 106. gr.

Hún fjallar um sama efni sem 84. gr. laganna. Sett eru skýrari ákvæði en áður um þau efni, er skera á úr með mati, ef þau valda ágreiningi. Er þetta gert samkvæmt reynslu. Af sömu ástæðu er breytt reglum um dómkvaðningu undirmatsmanna og lengdur frestur til þess að skjóta undirmati til yfirmats úr 6 vikum í 3 mánuði.

Um 107. gr.

Hún kemur í stað 86. gr. laganna, og er fyrri mgr. óbreytt að efni, en í hinni síðari er sú breyting á ger, að matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu skipaðir á sama hátt sem aðrir matsmenn samkvæmt 106. gr. Þykir sú skipun eðlilegri.

Um 108. gr.

Hún er sama efnis sem 87. gr. laganna. Orðalagi vikið við.

Um XVI. kafla.

Með lögum nr. 10/1952 voru refsiákvæði þessa kafla þyngd mjög. Sýnist eigi ástæða til að hrófla við refsimörkum þeim, sem ákveðin voru með þeim lögum.

Um 109. gr.

Söm að efni sem 1. mgr. 88. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 1. gr. laga nr. 101/1952.

Um 110. gr.

Söm að efni sem 89. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 101/1952. Efni úr upphafi greinar er flutt og gert að nýjum lið, f-lið.

Um 111. gr.

Hún kemur í stað 90. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 3. gr. laga nr. 101/1952, en fleiri verk eru refsiverð beinum orðum en áður. Nú skal einnig refsað fyrir veiði með skotvopnum og rafmagni svo og sé vatni veitt af fiski. Eru þessar veiðiaðferðir, einkum sú síðastnefnda, mjög vítaverðar. Refsa mætti líklega fyrir nefndar veiðiaðferðir eftir lögjöfnun frá 90. gr. gildandi laga, en rétt sýnist samt að kveða skýrum orðum á um refsiverðleik þeirra til þess að veita mönnum aukna viðvörun.

Um 112. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru samhljóða 91. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 4. gr. l. nr. 101/1952. En 2. mgr. er nýmæli. Rétt sýnist að leggja viðurlög við brotum á lögmætum samþykktum fiskræktarfélaga og samþykktum veiðifélaga.

Um 113. gr.

Hún er samhljóða 92. gr. laga nr. 112/1941.

Um 114. gr.

Hún er samhljóða 93. gr. laga nr. 112/1941.

Um 115. gr.

Hún kemur í stað 94. gr. laga nr. 112/1941. Sú ein breyting er gerð, að fésektir eru látnar renna í ríkissjóð, svo sem venja er um flestar fésektir.

Um XVII. kafla.

Um 116. gr.

Eðlilegt sýnist, að félög, sem stofnuð hafa verið samkvæmt gildandi lögum um fiskrækt og félagsveiði, fái nokkurn frest til þess að breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði frv., ef að lögum verður.

Um 117. gr.

Hún þarfnast eigi skýringar.

Nd. 90. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundarhalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt á tveim undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga.

Allir þeir, sem fylgzt hafa með framvindu félagsmála almennt hér á landi s. l. áratugi, hljóta að viðurkenna, að áhrifamestu samtök almennings eru stéttarfélögin og þá jafnframt þau fjölmennustu og telja nú yfir 27000 félaga. Allt frá stofnun fyrstu verkalýðsfélaganna um og eftir aldamótin síðustu hefur skortur á viðunanlegu húsnæði mjög háð eðlilegri og ákjósanlegri starfsemi þeirra. Á seinni árum hefur þó nokkuð úr þessu rætzt hjá fjölmennustu félögunum, en allur þorri stéttarfélaga býr þó við þröngan og alls ófullnægjandi húsakost til fundarhalda og hvers konar fræðslustarfsemi, sem samtökunum er brýn nauðsyn á, að starfrækt sé. Að sjálfsögðu eru stéttarfélögin fyrst og fremst hagsmunasamtök, en jafnframt fræðslu- og menningarsamtök þess fólks, sem myndar þau, og þegar litið er yfir sögu þessara samtaka, ber ef til vill hæst hinn menningarlega árangur af starfi þeirra. Hinn mikli skortur húsnæðis þessara félaga stafar ekki hvað sízt af fjárskorti til slíkra framkvæmda.

Sú breyting, sem farið er fram í frumvarpi þessu, er í því fólgin, að ríkisvaldið komi til móts við stéttarfélögin á sama hátt og hin virðingarverðu félög, sem um getur í lögunum, og er því einungis krafa um, að þau njóti sama réttar til lausnar þessum vanda sínum og önnur samtök almennings. Með samþykkt þessa frumvarps eru opnaðir möguleikar fyrir lausn þessa vandamáls, t. d. með því, að hin smærri félög myndi með sér samtök til lausnar húsnæðisvandræðum sínum með tilstyrk þess opinbera.

Nd. 91. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gunnar Jóhannsson, Eggert Þorsteinsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Undanþegnir eru þó iðnnemar, sbr. 16. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert hálfan annan dag — einn og hálfan dag — fyrir hvern unninn almanaksmánuð á orlofsárinu, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt sem orlofsfé 6% — sex af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsréttthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram.

Þegar starfsmenn, sem eru í föstu starfi, fara í orlof, halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr föstu starfi, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í föstu starfi, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b, 5. lið, skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkv. lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um orlof voru samþykkt 1943. Þau voru mjög mikilvægur áfangi í réttindabaráttu íslenzkrar alþýðu.

En svo mikilvæg sem lögin voru á sínum tíma, eru þau engan veginn fullnægjandi nú, og hafa þingmenn Alþýðuflokksins og Sósíalistaflokksins hvorir í sínu lagi hvað eftir annað flutt frumvörp til breytinga á orlofslögunum sama efnis og frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Að þessu sinni hefur orðið samkomulag um, að frumvarpið sé flutt af þingmönnum Sósíalistaflokksins og Alþýðuflokksins sameiginlega. Þykja það skynsamlegri og eðlilegri vinnubrögð, þar sem aukinn orlofsréttur hefur unnizt á seinustu árum í sameiginlegri baráttu verkalýðssamtakanna.

Í verkfallinu mikla 1952 náðist sú réttarbót fram, að orlofsfé skyldi hækka úr 4% í 5%, og í verkfallinu s. l. vetur samdist um, að orlofsféð hækkaði úr 5% í 6% af greiddum vinnulaunum.

Í þessu frumvarpi felast fjórar meginbreytingar á lögunum:

1) Lágmarkssumarleyfi lengist upp í 18 virka daga, eða sem svarar þriggja vikna orlofi, og skal orlofsfé hækka í samræmi við það upp í 6% af kaupi.

Þriggja vikna orlof er nú orðið mjög algengt hjá embættismönnum, starfsmönnum og ýmsum iðnaðarmönnum og mun af almenningi vera talinn mjög eðlilegur og hæfilegur tími. Erlendis hefur 3 vikna almennt orlof færzt mjög í vöxt á undanförnum árum. Norðmenn samþykktu lög um 3 vikna orlof þegar 1947. Hafa þau gefið hina beztu raun og þykja jafnsjálfsögð nú og 2 vikna orlof áður. Síðan hefur sama breyting verið tekin upp í Danmörk og Svíþjóð. Það er auðsætt, að vinnandi fólk á Íslandi mun ekki sætta sig lengi við það að vera eftirbátar starfsbræðra sinna á Norðurlöndum á þessu sviði.

2) Þá er lagt til í frumvarpinu, að orlofsrétturinn nái einnig óskertur til hlutarsjómanna.

Í orlofslögunum eru ákvæðin um orlof hlutarsjómanna óljós og hafa þráfaldlega valdið ágreiningi. Þar kemur til álita, hvort hlutarsjómenn fái nema hálft orlof, ef þeir taka þátt í útgerðarkostnaði að einhverjum hluta. Það virðist með öllu ástæðulaust að láta slík ákvæði standa í orlofslögunum, enda mælir ekkert með því, að hlutarsjómenn séu afskiptir um orlofsfé. Ef hlutarsjómaður rekur útgerð jafnframt, er hann að sjálfsögðu ábyrgur fyrir orlofsgreiðslunum á sama hátt og aðrir atvinnurekendur.

3) Lögin gera ráð fyrir, að orlofsfé sé ekki greitt af eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu í sama hlutfalli og launagreiðslur gefa tilefni til, heldur aðeins svo sem um dagvinnu eina væri að ræða. Hér er lagt til, að þessi ákvæði verði felld niður úr orlofslögunum og að orlofsfé verði í öllum tilfellunum jafnt, þ. e. 6% af launum.

Breyting þessi stefnir að fyllri framkvæmd á markmiði laganna. Orlofslögin eiga að tryggja vinnandi fólki hæfilega hvíld að unnu starfi, og hlýtur hvíldarþörfin jafnan að verða miklum mun meiri, ef unninn er óhæfilega langur vinnudagur, svo sem jafnan er, þegar um eftirvinnu og næturvinnu er að ræða.

4) Í 15. gr. orlofslaganna eru sérstök ákvæði um fyrningu á kröfum, og hljóða þau svo:

„Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust.“

Þessi tilhögun er óeðlileg. Þess eru mörg dæmi, að af þessu ákvæði hafa hlotizt óþægindi og misskilningur. Virðist sjálfsagt, að fyrning á kröfum vegna orlofsfjár fylgi algerlega sömu reglum og fyrning kaupgjalds, og er lagt til í frumvarpinu, að svo verði um fyrningu orlofsréttar.

Við flutning málsins á undanförnum þingum hafa flutningsmenn margoft bent

á, að ef Alþingi fengist ekki til að breyta orlofslögunum, mætti búast við, að aukið orlof verði knúið fram af verkalýðsfélögunum sjálfum í samningum við atvinnurekendur. Þannig gæti lausn þessa sjálfsagða máls orsakað langvarandi og kostnaðarsamar deilur, sem hægt væri að komast hjá, ef Alþingi sýndi sanngirni og víðsýni.

Þessi varnarorð hafa rætzt. Í desemberverkfallinu mikla 1952 var þriggja vikna orlof, eins og áður er að vikið, ein meginkrafa verkalýðssamtakanna, og eftir hin miklu átök var þá samið um 15 daga orlof — helminginn af kröfum verkalýðsins á þessu sviði.

Í verkfallinu í marz og apríl s. l. vor var aukið orlof ein af aðalkröfunum, og náðist nú krafan um þriggja vikna orlof fram og fékkst viðurkennd í samningum verkalýðsfélaganna.

Það er engum vafa bundið, að bæði þessi löngu og hörðu verkföll hefðu orðið auðleystari, ef Alþingi hefði farið að tillögum flutningsmanna um afgreiðslu málsins á þingi.

Nú standa sakir þannig, að orlofslögin eru óbreytt með ákvæði um 12 daga orlof, en verkalýðsfélögin hafa með samningum sínum tryggt 18 daga orlof, og flestir, ef ekki allir starfshópar hafa fylgt í kjölfar þeirra.

Núgildandi lög um orlof eru orðin úrelt og á eftir veruleikanum. Þess vegna ber Alþingi að breyta lögunum til samræmis við það, sem um hefur samizt milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda. Eðlilegast er, að lögin staðfesti það samkomulag, sem atvinnurekendur og verkafólk hafa með sér gert. En ósamræmi milli samninga og laga um þetta atriði er engum til hags eða þægðar.

Sþ. 92. Breytingartillaga [68. mál]

við till. til þál. um stækkun friðunarsvæða eftir núgildandi meginreglum.

Frá Bernharð Stefánssyni, Gunnari Jóhannssyni, Magnúsi Jónssyni, Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni og Einari Ingimundarsyni.

Inn í tillögugreinina komi nýr töluliður, er verði 2. liður (töluröð liða breytist samkvæmt því):

Grunnlínan verði dregin beint milli punktanna 6 og 9, þ. e. frá Siglunesi í Rauðanúp.

Ed. 93. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — HG var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 3. nóv. 1955.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Bernharð Stefánsson, með fyrirvara.
	Sigurður Ó. Ólafsson.	

Ed. 94. Frumvarp til laga [85. mál]

um mannanöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö.

Þeir, sem fara með foreldravald yfir barni, hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Það má hvorki vera hneykslanlegt né klaufalegt né með öðrum hætti þannig að gerð eða merkingu, að til ama verði þeim, sem ber það.

Ekki má gefa kvenmanni karlmannsnafn né karlmanni kvenmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig lagað, að kennt sé til nafns annars manns, hvort heldur nafnið er haft í eignarfalli eingöngu eða í eignarfalli að viðbættum orðunum son eða dóttir.

Ekki má gera löglegt ættarnafn að eiginnafni. Þetta tekur þó ekki til ættarnafna, sem í eðli sínu eru eiginnöfn og venja hefur verið að nota þannig.

3. gr.

Mannanafnanefnd (sbr. 21. gr.) semur skrá um þau eiginnöfn, sem við þykir eiga, að borin séu hér á landi. Dómsmálaráðuneytið gefur skrá þess út og sendir hana öllum prestum landsins og öðrum, er kirkjubækur halda, enda skal hún fylgja kirkjubókunum. Skráin skal endursamin og gefin út ekki sjaldnar en á 10 ára fresti.

Heimilt er að gefa barni nafn, þó að það hafi ekki verið tekið í áðurnefnda skrá, ef nafnið fer ekki í bága við ákvæði 2. gr.

4. gr.

Þegar fyrirhugað er að gefa barni nafn í skírn, sem prestur þjóðkirkjunnar eða forstöðumaður löggilts trúfélags á að framkvæma, skal sá, er nafn gefur, skýra presti eða forstöðumanni trúfélags, um leið og hann er beðinn skírnar, frá eiginnafni því eða eiginnöfnum, sem barn á að hljóta. Skal það gert innan 6 mánaða frá fæðingu barns, og skírn framkvæmd eigi síðar en innan 14 daga frá þeim tíma.

Nafngjöf barns, sem á ekki að skíra eða skírt hefur verið af öðrum en þeim, sem í 1. málsgrein getur, skal tilkynna sóknarpresti innan 6 mánaða frá fæðingu þess.

Nú hefur barn verið skírt skemmri skírn, og má þá í nýrri skírn eða með tilkynningu til sóknarprests, samkvæmt því sem segir í 1. og 2. málsgrein, gefa barni nýtt nafn í stað þess, sem því var áður gefið, eða annað nafn til viðbótar áður gefnu einkanafni.

5. gr.

Nú telur sá, sem tekur við tilkynningu um nafngjöf samkvæmt 4. gr., að hún samrýmist ekki ákvæðum 2. gr., og skal hann þá reyna að koma því til leiðar, að nafni sé breytt í rétt horf eða nýtt nafn valið. Ef það tekst ekki, skal hann þegar í stað skjóta ágreiningi um nafngjöfina til Mannanafnanefndar.

Mannanafnanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð um, hvort nafn skuli leyft eða um nafngjöf synjað. Ef felldur er synjunarúrskurður, skal handhafi foreldravalds velja barni nýtt nafn eða nöfn. Um skírn eða tilkynningu fer síðan svo, sem í 4. gr. segir. Ef liðnir eru frestir samkvæmt þeirri grein, skal nafngjöf fara fram án nokkurs óþarfs dráttar.

6. gr.

Nú hefur maður hlotið eiginnafn, sem óheimilt er að gefa barni samkvæmt 2. gr., og getur hann þá fengið leyfi Dómsmálaráðuneytisins til að breyta nafni, eftir að leitað hefur verið álits Mannanafnanefndar. Ráðuneytinu er og heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, ef það telur nafn hans af einhverjum sérstökum ástæðum vera honum til baga.

Ef barn er ættleitt, eftir að því var nafn gefið, má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar nafni, sem það hefur áður hlotið.

Ráðuneytið sendir sóknarpresti, þar sem nafn aðila var upphaflega skráð, tilkynningu um nafnbreytingu, og skal hennar getið í kirkjubók.

7. gr.

Hver maður, sem hefur ekki löglegt ættarnafn, skal kenna sig til föður síns, þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður í eignarfalli að viðbættu orðinu *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er.

8. gr.

Ófeðrað barn, sem hefur ekki fengið sérstakt ættarnafn, skal kenna sig til móðurföður síns, eftir því sem í 7. gr. segir, eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er, sbr. þó 3. mgr. 15. gr.

9. gr.

Þegar kjörbarn er ættleitt af hjónum eða karlmanni eingöngu, má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það sé kennt til kjörföður með sama hætti og í 7. gr. segir.

Ef barn er ættleitt af konu eingöngu má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það kenni sig til föður hennar.

10. gr.

Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast.

Eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi, nema Dómsmálaráðuneytið hafi veitt leyfi til þess, enda hafi Mannanafnanefnd samþykkt ættarnafnið.

11. gr.

Ættarnöfn skulu vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu.

Ekki er heimilt að taka upp ættarnafn, sem annar maður hefur áður öðlazt rétt til að bera eða er svo líkt því nafni, að villu geti valdið.

Ekki má gera eiginnafn, sem tíðkað er í landinu, að ættarnafni og eigi heldur nöfn, sem enda á orðinu *son*.

12. gr.

Sá, sem æskir upptöku ættarnafns, skal sjálfur senda Dómsmálaráðuneytinu umsókn sína, ef hann er 16 ára eða eldri.

Veita má barni, sem yngra er en 16 ára, leyfi til upptöku ættarnafns, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, samkvæmt umsókn þess manns, er fer með foreldravald yfir því.

Ættmenn geta í sameiningu sótt um sameiginlegt ættarnafn.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hver gögn skuli fylgja umsóknum um upptöku ættarnafna.

13. gr.

Nú ber maður löglegt ættarnafn, og hafa þá niðjar hans í beinan karllegg rétt til að nota nafnið. Sama gildir um kjörbörn, ef svo er ákveðið í ættleiðingarbréfi.

14. gr.

Eiginkonu er heimilt að bera ættarnafn eiginmanns síns, meðan hjónabandið stendur og eftir að því líkur við dauða hans.

Nú er hjónaband ógilt með dómi, og má konan þá bera áfram ættarnafn mannsins, nema henni hafi verið kunn ógildingarástæðan, þegar hjónavígsla fór fram.

Kona, sem skilin er að lögum við eiginmann sinn, má bera ættarnafn hans áfram, nema hún eigi aðallega sök á skilnaðinum og eiginmaðurinn hafi krafizt þess, er skilnaður var gerður, að ákveðið væri í skilnaðarbréfi eða dómi, að hún mætti ekki kenna sig við hann.

Nú ber kona ættarnafn eiginmanns, eftir að hjónabandi er lokið, og fellur þá niður réttur hennar til að bera nafnið, ef hún gengur í hjónaband að nýju.

15. gr.

Veita má kjörbarni ógiftrar konu í ættleiðingarbréfi rétt til að bera ættarnafn hennar.

Ófeðrað barn hefur rétt til að bera ættarnafn móður sinnar, ef það hefur ekki hlotið sjálfstætt ættarnafn.

Þegar kona ber ættarnafn eiginmanns síns, eftir að hjónabandi er lokið, sbr. 14. gr., er ófeðruðum börnum hennar og kjörbörnum, er hún tekur eftir það, þó óheimilt að bera það ættarnafn.

16. gr.

Veita má manni leyfi til ættarnafns, sem aðrir bera löglega, ef allir þeir, sem rétt eiga til nafnsins, samþykkja það.

17. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn, þó að hann hafi rétt til þess. Í stað þess að nota ættarnafn er mönnum jafnan heimilt að kenna sig svo sem segir í 7.—9. gr.

Þegar kona gengur í hjónaband, er henni heimilt að nefna sig áfram ættarnafni því, sem hún hafði áður, enda hafi hún ekki hlotið það frá eiginmanni, sem hún var fyrr gefin, sbr. 14. gr.

Nú hefur kona tekið ættarnafn manns síns, og er henni þá frjálst að taka upp að nýju upprunalegt ættarnafn sitt, þegar hjónabandi er lokið. Í öðrum tilfellum er manni ekki heimilt, nema samþykki Dómsmálaráðuneytisins komi til, að taka upp aftur ættarnafn, sem hann hefur eitt sinn fellt niður.

Þegar nafnbreyting verður með þeim hætti, að maður tekur að nefna sig ættarnafni, sem hann á rétt á, en hefur ekki borið að undanförnu, eða maður fellir niður ættarnafn, sem hann hefur borið, og kennir sig svo sem í 1. eða 3. mgr. segir, skal hann tilkynna Dómsmálaráðuneytinu nafnbreytinguna þegar í stað. Þessi tilkynningarskylda nær þó ekki til konu, sem tekur við giftingu ættarnafn eiginmanns, né til barna, yngri en 16 ára, sem taka ættarnafn föður, um leið og hann hefur fengið leyfi til ættarnafns.

18. gr.

Nú er manni veittur íslenzkur ríkisborgararéttur með lögum, og skal hann þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögunum, annaðhvort kenna sig svo sem mælt er í 7.—9. gr. eða afla sér leyfis til upptöku ættarnafns í samræmi við ákvæði laga þessara.

19. gr.

Heimilt er Dómsmálaráðuneytinu að veita manni, þegar sérstaklega stendur á, leyfi til að taka upp nýtt ættarnafn í samræmi við ákvæði laga þessara í stað ættarnafns, sem hann hefur áður borið.

20. gr.

Menn skulu rita nafn sitt, eiginnafn (eiginnöfn) og föðurnafn eða ættarnafn, með sama hætti alla ævi, nema lögleg nafnbreyting eigi sér stað.

21. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar nefnd þriggja manna, sem bera skal heitið Mannanafnanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir kennarar heimspekideildar og einn kennari í lögfræði við Háskóla Íslands.

Mannanafnanefnd hefur með höndum störf þau, sem henni eru ákveðin í lögum þessum, og er að öðru leyti til aðstoðar Dómsmálaráðuneytinu við framkvæmd laganna, eftir því sem það kann að óska.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að kr. 10000.00.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um mannanöfn, nr. 54 frá 27. júní 1925, 10. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 frá 19. febrúar 1886, og 48. og 81. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 frá 27. júní 1921.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu er ekki heimilt að veita leyfi til upptöku nýrra ættarnafna, fyrr en 8 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna. Ef fleiri menn en einn hafa á þeim tíma sótt um leyfi til upptöku sama nafns, skal sá ganga fyrir, ef nafn er leyft, sem sannar fyrir ráðuneytinu, að hann hafi áður notað nafnið sem ættarnafn, þó að það hafi ekki verið lögfest.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. marz 1955 fól dóms- og menntamálaráðherra þeim Alexander Jóhannessyni prófessor, Jónatan Hallvarðssyni hæstaréttardómara, Þorsteini Þorsteinssyni fyrrverandi hagstofustjóra og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að endurskoða lög um mannanöfn, nr. 54 frá 27. júní 1925, og semja frumvarp til laga um mannanöfn á Íslandi. Jafnframt skipaði ráðherra Þórð Eyjólfsson formann nefndarinnar, en hún kaus Þorstein Þorsteinsson ritara sinn. Hefur nefndin samið frumvarp þetta og látið því fylgja greinargerð þá, sem hér fer á eftir.

I.
Sögulegt yfirlit.

1. *Lög og venjur um nafnrétt fram til 1914.*

Heildarlöggjöf um mannanöfn var ekki sett hér á landi fyrr en með lögum nr. 41 frá 10. nóvember 1913, sem gengu í gildi 1. janúar 1914. Lagaboð um nafnrétt voru áður mjög fábrotin, en mest farið eftir venjureglum, sem þó var yfirleitt ekki skylt að fylgja. Það var þó forn lagaskylda, að hverju barni skyldi nafn gefa. Leiddi það af skírnarskyldunni, sem komst hér á þegar með kristnitökunni. Eftir að farið var að halda kirkjubækur, voru sett fyrirmæli um, að nafn hvers barns skyldi skráð í kirkjubók ásamt nöfnum foreldra þess, sbr. konungsbréf frá 11. desember 1812. Með 10. gr. laga nr. 4 frá 19. febrúar 1886, sem enn er í gildi, var mönnum, er stóðu utan þjóðkirkjunnar, ekki gert skylt að láta skíra börn sín, en engu að síður skyldu þeir gefa börnunum nöfn og tilkynna þau sóknarpresti til skráningar innan 12 vikna frá fæðingu barnanna.

Skírnarskyldunni fylgdi aðeins sú kvöð að gefa barni *eiginnafn* eða *skírnarnafn*, enda hefur það frá fornu fari verið talið hið eiginlega nafn hvers manns. Ekki lá neitt lagabann við því að gefa barni fleiri nöfn en eitt, en allt fram á 19. öld var það venja að skíra börn eingöngu einu nafni. Eftir það hafa börn oft verið skírð fleiri nöfnum en einu, og mun það vera orðið jafntítt á síðustu árum, Engar hömlur voru settar að lögum á nafnavalið. Í öndverðu báru flestir norræn nöfn, og hafa þau heiti fram til þessa dags verið aðalstofninn í íslenzkum mannanöfnum. Nokkur keltnesk nöfn bárust hingað á landnámstíð með írskum mönnum, en flest þeirra féllu fljótt úr notkun. Eftir kristnitökuna fór það að tíðkast, að börnum væru gefin nöfn postula og helgra manna og enn síðar hvers konar bibliunöfn. Er mikill fjöldi slíkra nafna enn í notkun, eins og kunnugt er. Á síðustu öldum hafa verið tekin upp mörg erlend eiginnöfn, meðal annars úr rímum, riddarasögum og öðrum skáldsögum. Af þeim rótum eru mörg óviðfeldin nöfn og ónefni runnin. Þá hefur eiginnöfnum fjölgað mjög með þeim hætti, að stofnum úr tveimur nöfnum er skeytt saman með ýmsu móti. Þau nöfn eru mörg óhönduleg. Það er og altítt, að karlmannsnafn sé myndað af konunafni eða gagnstætt með tilteknum endingum, svo sem -ína, -ínus o. fl. Þau nöfn fara flest illa í íslenzku máli.

Eiginnöfn eru tiltölulega fá, þegar miðað er við fjölda landsmanna á hverjum tíma. Þess vegna hefur bæði hér á landi og hvarvetna annars staðar að minnsta kosti einu öðru heiti verið bætt við eiginnafnið, til þess að auðkenning yrði nægilega glögg. Ekki var þessu þó skipað með lögum hér á landi, fyrr en lög nr. 41/1913 komu til sögu. Sú forna venja, að menn kenndu sig til föður síns, var næstum einráð hér á landi fram á 18. öld og er tíðust enn í dag. Það kom þó einstöku sinnum fyrir, að menn væru kenndir til móður sinnar, en nú mun það alveg lagt niður. Fram eftir öldum báru menn og oft sérstök viðurnefni til auðkenningar, eins og meðal annars er kunnugt af Íslendingasögum og Sturlungu.

Á 14. og 15. öld fóru aðalsmenn í Danmörku og Noregi að taka sér arfgeng ættarnöfn. Þessi siður breiddist þar út til annarra stétta, einkum á 17. öld og síðar. Útrýmdi hann að lokum hinum eldra sið að kenna sig til föður, en þó ekki til fulls fyrr en á síðustu öld.

Ættarnafnasiður barst hingað til lands á síðara hluta 17. aldar. Frá þeim tíma eru hin elztu ættarnöfn, sem tekin voru upp af Íslendingum. Upptaka ættarnafna fór allmjög í vöxt á 18. og 19. öld, þó að ekki yrði það nema lítill hluti þjóðarinnar, sem tók þann sið upp. Elztu ættarnöfnin voru með latneskri gerð, t. d. Vidalín, Thorlacius, en síðar og fram á miðja 19. öld mynduð að dönskum hætti, hvort heldur þau voru gerð af mannanöfnum með endingunni -sen, eða af staðarnöfnum, t. d. Gröndal, Melsted.

Á þeim tíma, sem hér ræðir um, fjölgaði ættarnöfnum hér á landi einnig vegna innflutnings erlendra manna. Ber þar mest á nöfnum danskra verzlunar- og iðnaðarmanna, sem hér settust að. Ganga mörg slík nöfn enn í ættum þessara manna hér á landi og eru flest alkunn.

Talið er, að árið 1910 hafi ættarnöfn, sem borin voru af íslenzkum mönnum hér á landi, verið um 300 talsins.

Skortur á lagareglum um mannanöfn, þar á meðal um upptöku ættarnafna og aðrar nafnbreytingar, olli hér ýmsum ruglingi og vandkvæðum. Menn skiptu um nöfn reglulaust, þegar þeim sýndist svo, og ýmsir tóku sér ættarnöfn, sem áður voru fyrir í landinu og borin af öðrum ættum. Það kom þó fyrir á þessum tíma, að menn öfluðu sér konunglegs leyfisbréfs til nafnbreytingar, þar á meðal til upptöku ættarnafna.

Til þess að ráða bót á þeim glundroða, sem skortur á löggjöf um þessi efni hafði í för með sér, báru tveir alþingismenn fram frumvarp til laga á Alþingi 1912 um nýnefni. Frumvarp þetta varð ekki útrætt, en árið 1913 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga um ný nöfn manna og ættarnöfn. Hlaut það samþykki þingsins, eftir að nokkrar breytingar höfðu verið á því gerðar, og var stað-

fest sem lög um mannanöfn nr. 41/1913. Lögin gengu almennt í gildi 1. janúar 1914, en sum ákvæði þeirra skyldu þó ekki koma til framkvæmdar fyrr en 1. janúar 1915 og önnur 1. janúar 1916.

2. *Tímabilið 1914—1925.*

Reglur um *eiginnöfn* í lögum nr. 41/1913 voru aðallega þessar: Prestum var heimilað að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg, eða færa slík nöfn til bókar. Til leiðbeiningar um nafnaval skyldi ríkisstjórnin láta semja skrá um góð íslenzk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sérstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni. Hver sá maður, sem hlotið hefur tvö eiginheiti eða fleiri, skal vera skyldur til, frá því að hann verður 16 ára, að nota sama nafn og nöfn alla ævi, nema leyfi fái til breytingar, og rita þau jafnan á sama hátt. Eiginnafni mátti enginn breyta, nema að fengnu konungsleyfi.

Um *kenningu til föður* skulu þeir menn, sem bera ekki ættarnafn, fylgja hinni fornu reglu. Ef maður bar ættarnafn, var börnum hans skylt að nota það, en rita máttu þau föðurnafn sitt, fullt eða skammstafað, á undan ættarnafninu. Ekki nefna lögin kenningu til móður, en föðurlaust barn skyldi kenna sig til móðurföður, eða bera ættarnafn móður sinnar, ef til var.

Þá hafa lögin fyrirmæli um *kenningarnöfn*, þ. e. heiti, sem mönnum var heimilt að taka sér í viðbót við eiginheiti og föðurnafn, en skyldi ekki ganga til afkomenda. Kenningarnafn mátti enginn taka sér nema samkvæmt opinberu leyfi.

Um *ættarnöfn* hafa lögin ýtarlegar reglur. Þau ættarnöfn, sem upp höfðu verið tekin fyrir aldamót (1. janúar 1901), skulu teljast viðurkennd eign þeirra, sem þau nota, en tilkynna skal þau stjórnarráðinu fyrir 1. janúar 1915. Ættarnöfn þau, sem upp höfðu verið tekin án konungsleyfis eftir aldamót, mátti því aðeins nota eftirleiðis, að hlutaðeigandi aflaði sér konungsleyfis fyrir 1. janúar 1916. Eftir 1. janúar 1915 mátti enginn taka sér nýtt ættarnafn nema með leyfi stjórnarráðsins. Hneykslanleg nöfn mátti ekki leyfa og ekki heldur nöfn, sem áður voru löggleg eign annars manns eða svo lík eldri nöfnum, að villu gæti valdið. Skylt var börnum að nota ættarnafn föður síns, en eiginkona hafði rétt, en ekki skyldu, til að taka ættarnafn eiginmanns síns.

Í lögunum eru fyrirmæli um, að gerð skuli skrá um orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum. Þessi skrá var samin af þeim Einari H. Kvaran rithöfundi, Guðmundi Finnbogasyni landsbókaverði og Pálma Pálssyni yfirkennara og gefin út árið 1915.

Á árunum 1915—1925 veitti stjórnarráðið leyfi til upptöku rúmlega 200 nýrra ættarnafna samkvæmt lögum nr. 41/1913. Auk þess voru á þessum árum tilkynnt til stjórnarráðsins eða staðfest af því allmörg eldri ættarnöfn. Hin nýju ættarnöfn skera sig mjög úr eldri ættarnöfnum að gerð, og gætir nú yfirleitt ekki erlendra áhrifa, eins og svo mjög hafði áður tíðkazt.

3. *Tímabilið 1925—1955.*

Á Alþingi 1925 hlaut stefna þeirra manna, sem andvígir voru ættarnöfnum, fylgi meira hluta þingsins. Voru þá að frumkvæði Bjarna Jónssonar frá Vogi sett lög um mannanöfn nr. 54 27. júní 1925, sem enn eru í gildi, en lög nr. 41/1913 felld úr gildi. Skal hér getið helztu ákvæða laga nr. 54/1925, en reglur þeirra um nafnrétt eru að ýmsu leyti ófullkomnari en reglur laga nr. 41/1913.

Um eiginnöfn segir í 1. gr., að hver maður skuli heita einu íslenzku nafni eða tveim, og í 4. gr., að ekki megi menn bera önnur nöfn en þau, sem rétt séu að lögum íslenzkrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með því, að þessum ákvæðum sé fylgt, en rísi ágreiningur um nafn, skeri heimspekideild háskólans úr. Til leiðbeiningar skal stjórnarráðið samkvæmt 6. gr. laganna gefa út skrá eftir tillögum

heimspekideildar um þau mannanöfn, sem nú eru uppi og bönnuð skulu vera samkvæmt lögunum. Loks er ákveðið í 5. gr., að sá, sem hlotið hefur óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn, áður en lögin voru sett, geti fengið því breytt með leyfi konungs.

Um *kenning til föður* er kveðið svo á í 1. gr., að hver maður skuli kenna sig til föður eða kjörföður, en auk þess er tekið fram, að mönnum sé heimilt að kenna sig til móður.

Heimild til að taka *kenningarnöfn*, slík sem um ræðir í lögum nr. 41/1913, var nú að fullu felld niður, enda hafði hún lítið verið notuð.

Ákvæði laganna um *ættarnöfn* eru aðallega miðuð við þann tilgang þeirra að takmarka notkun ættarnafna hér á landi. Hins vegar stefna lögin ekki að fullri útrýmingu ættarnafna. Þau skjóta jafnvel ekki loku fyrir, að ættarnöfnum geti fjölgað hér á landi vegna innflutnings erlendra ættarnafna með erlendum mönnum, sem til landsins flytjast.

Í lögunum er fólgið bann við því, að Íslendingar taki upp ný ættarnöfn. Um lögleg ættarnöfn, sem til voru í landinu, þegar lögin öðluðust gildi, er kveðið svo á, að sum þeirra mega haldast og ganga í ætt um alla eða óákveðna framtíð, en önnur skulu fá að haldast um sinn, en falla niður síðar. Eru reglur um þett, sem hér segir:

a. Íslenzkir þegnar, sem við gildistöku laganna báru ættarnöfn, er upp höfðu verið tekin fyrir síðustu aldamót, mega halda þeim fyrir sig og niðja sína.

b. Íslenzkir þegnar, sem báru ættarnöfn, er upp höfðu verið tekin á tímabilinu frá 1. janúar 1901 til 1. janúar 1915, mega einnig halda þeim fyrir sig og niðja sína, enda hafi verið aflað opinbers leyfis fyrir nafninu eftir gildistöku laga nr. 41/1913.

c. Þá segir í lögunum: „Þeir íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41 1913 komu í gildi, mega halda þeim alla ævi.“ Á Alþingi 1925 var því ómótmælt haldið fram, að þetta ákvæði bæri að skýra svo, að einungis þau börn þessara manna, sem fædd væru fyrir gildistöku laganna, mættu bera ættarnöfn, sbr. orðalagið „sem *nú* bera ættarnöfn“ (Sjá Alþtíð. 1925, B, bls. 3315). Lög nr. 54/1925 tóku gildi hinn 23. sept. sama ár. Um þá menn, sem fengu ný ættarnöfn með stjórnarráðsleyfi á árunum 1915—125, gildir því það samkvæmt orðum laganna, að þeir sjálfir og þau börn þeirra, sem fædd eru fyrir 23. sept. 1925, mega bera ættarnöfnin til æviloka, en þau börn þeirra og aðrir niðjar, sem fæddir eru eftir 23. sept. 1925, hafa ekki heimild til að bera ættarnöfnin, heldur ber þeim að kenna sig til feðra sinna samkvæmt 1. gr. laganna.

Eins og áður var getið, mega erlendir menn, sem til landsins flytjast, halda ættarnöfnum sínum fyrir sig og niðja sína samkvæmt 3. gr. laganna. Hefur mikill fjöldi erlendra ættarnafna borizt hingað til lands með þessum hætti á síðustu áratugum. Á árunum 1921—1951 munu hátt á annað hundrað ný erlend ættarnöfn hafa borizt hingað með mönnum, sem hér var á þessum árum veittur íslenzkur ríkisborgararéttur með lögum. Á árinu 1952 og síðar hefur það hins vegar verið gert að skilyrði í lögum um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar, að hlutaðeigendur tækju sér íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54/1925. Ekki er þó með þessum hætti girt að fullu fyrir innflutning erlendra ættarnafna. Óskilgetin börn íslenzkra kvenna, sem þær eiga með erlendum ríkisborgurum, munu hafa rétt til að bera ættarnöfn feðra sinna. Þá hefur og íslenzk kona, sem gifzt hefur erlendum manni án þess að glata íslenzkum ríkisborgararétti, heimild til að bera hið erlenda ættarnafn manns síns, og getur það haldizt, þó að skilnaður gerist síðar með hjónunum.

Um framkvæmd á lögum nr. 54/1925, að því er tekur til ákvæða þeirra um ættarnöfn, er það fyrst að segja, að á þeim þremur áratugum, sem þau hafa gilt, hefur aldrei verið framfylgt því fyrirmæli þeirra, sem greint var í c-lið, hér að framan, að börnum, sem fædd eru eftir gildistöku laganna, sé óheimilt að bera

ættarnöfn feðra sinna. Þau ættarnöfn, sem upp voru tekin á árunum 1915—1925, ganga því í ættum með sama hætti og eldri ættarnöfn.

Í öðru lagi hafa menn alla tíð frá gildistöku laga nr. 54/1925 tekið sér ný „ættarnöfn“, þrátt fyrir ákvæði laganna, og látið þau ganga til barna sinna og annarra niðja. Athugun bendir til, að samkvæmt manntali 1950 muni slík „ættarnöfn“ hafa verið 300—400.

II.
Um efni frumvarpsins.

Við samningu frumvarps þessa hefur nefndin gert sér far um að haga efni þess þannig, að mannanöfn nái þeim höfuðtilgangi sínum að vera nægilega glögg og áreiðanleg auðkenning þjóðfélagsþegnanna, svo að komizt verði hjá þeim ruglingi og réttaróvissu í samskiptum einstaklinga sín á milli og afstöðu þeirra til ríkisvaldsins, sem óreglulegar nafnbreytingar og ófullkomin nafnalöggjöf hefur í för með sér. Í öðru lagi eiga ákvæði frumvarpsins að miða að því, að nöfn íslenzkra manna séu í samræmi við íslenzka tungu og þannig valin, að hvorki verði að þeim málspjöll né að þau verði þeim, sem bera þau, til ama eða óþæginda.

Nefndin hefur einskorðað efni frumvarpsins við þær reglur nafnréttar, sem lúta að opinberum rétti, með sama hætti og áður hefur gert verið í lögum nr. 41/1913 og lögum nr. 54/1925.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins verða efnisatriði þeirra rædd, eftir því sem ástæða þykir til, en rétt þykir að gera hér fyrst almenna grein fyrir afstöðu nefndarinnar og einstakra nefndarmanna til meginákvæða frumvarpsins.

Í 1.—6. gr. frv. eru ákvæði um *eiginnöfn*. Látin er haldast sú regla gildandi réttar, að handhafar foreldravalds hafi rétt og skyldu til að gefa barni nafn. Nafngjöf skal samkvæmt 4. gr. fara fram innan ákveðins frests, en um það gilda nú ekki ákveðnar reglur. Rétt þykir að láta þá reglu gildandi laga, að ekki megi gefa barni fleiri en tvö eiginnöfn, gilda áfram. Heimild til nafnbreytingar samkvæmt stjórnarráðsleyfi er í 6. gr. frv. rýmkuð nokkuð frá því, sem nú er í lögum. Þá lúta nokkur ákvæði þessara greina að gerð eiginnafna. Eiga þau að tryggja eftir föngum, að eiginnöfn fari vel í íslenzku máli. Er prestum eins og áður falið að gæta þessa og í því skyni ákveðið, að þeir fái vitneskju um fyrirhugað nafn eða nöfn, um leið og skírnar er beðizt, svo að þeir séu viðbúnari því að hindra nafngjöf, sem þeir telja ekki samrýmast lögunum. Ágreiningi um nafngjöf má skjóta til sérstakrar nefndar, sem skipuð sé tveimur kennurum heimspekideildar og einum lagakennara háskólans, og úrskurðar hún til fullnaðar um ágreininginn.

Einn nefndarmanna, Þorsteinn Þorsteinsson, lætur þess getið í sambandi við ákvæði 2. gr. frv., að enda þótt hann álíti það rétta stefnu, að eiginnöfn séu þannig löguð, að þau fari sem bezt í íslenzku máli, þá telur hann samt of langt gengið í upphafi greinarinnar, þar sem segir: „Eiginnafn skal vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu“, því að með því sé gengið of nærri frelsi manna til þess að velja börnum sínum nöfn. Einkum sé það bagalegt, ef maður hefur tekið tryggð við nafn manns, er honum hefur verið kær, en nafnið fullnægir ekki þessum skilyrðum. Ef talið er, að smekk manna í nafnavali sé ábótavant, verði að reyna að bæta úr því með öðrum ráðum en lagabanni, svo sem með fræðslu og leiðbeiningum, eins og líka er ráð fyrir gert í frv., bæði af hálfu prests og Mannanafnanefndar. Þó séu auðvitað takmörk fyrir frelsinu til nafnavals, svo sem kemur fram í áframhaldi greinarinnar, en auk þess telur hann, að upphaf greinarinnar megi orða þannig: „Miða skal að því, að eiginnöfn séu með íslenzkum svip og særi ekki málsmekk almennings.“ Þar með sé aðallega átt við það, að nöfnin fari vel í íslenzku máli og séu ekki með óíslenzkum framburði. Í flestum tilfellum muni vandalítið að búa svo um, enda þótt nafnið sé útlent, og oft vandalaust, svo sem

þegar sama nafn er til í íslenzku (Sigrid, Erling, Marie, Mary, Charles o. s. frv.). Muni þetta svipuð meining sem í frumvarpsgreininni, en mildara orðalag, ekki bein fyrirskipun, heldur nokkurs konar stefnuskrá fyrir Mannanafnanefnd, og geti hún þá tekið fullt tillit til allra ástæðna.

Í sambandi við ákvæði 7.—9. gr. frv. um *kenningu* til föður o. fl. vill nefndin sérstaklega geta þess, að gert er ráð fyrir því sem aðalreglu, að menn kenni sig þannig framvegis, svo sem verið hefur. Samkvæmt frv. er hverjum manni jafnan heimilt að kenna sig með þessum hætti, hvort sem hann hefur rétt til að bera ættarnafn eða ekki, sbr. 1. mgr. 17. gr. Ef maður vill fella niður notkun ættarnafns, sem hann hefur borið, en kenna sig til föður að fornum hætti, nægir einföld tilkynning til stjórnarráðsins um nafnbreytinguna, sbr. 4. mgr. 17. gr.

Í frv. er fellt niður það ákvæði gildandi laga, að menn geti kennt sig til móður, þar sem sá háttur er nú algerlega niður lagður í framkvæmd.

Að öðru leyti verður nánar getið um efni 7.—9. gr. í athugasemdum við þær síðar.

Í 10.—19. gr. frv. eru ákvæði um *ættarnöfn*. Um afstöðu til þeirra eru skoðanir nefndarmanna skiptar. Þrír nefndarmanna, þeir Jónatan Hallvarðsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Þórður Eyjólfsson leggja til, að leyfð sé upptaka ættarnafna með tilteknum skilyrðum. Þorsteinn Þorsteinsson hefur þó nokkra sérstöðu, og gerir hann sérstaka grein fyrir því. Alexander Jóhannesson hefur hins vegar ekki fallizt á úrlausn meira hluta nefndarinnar, og skýrir hann einnig sérstaklega frá áliti sínu og þeirri úrlausn, sem hann hneigist að.

Þeir Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson gera þá grein fyrir afstöðu sinni til ættarnafna, sem hér segir:

Reynsla sú, sem fengizt hefur af ákvæðum um ættarnöfn í núgildandi löggjöf, hefur öðru fremur markað afstöðu okkar til nýrrar lagasetningar á þessu sviði. Eins og gerð var grein fyrir hér að framan, hefur bann við notkun ættarnafna í lögum nr. 54/1925 að miklu leyti verið dauður bókstafur og engan veginn náð tilgangi sínum. Í þá þrjá áratugi, sem lögin hafa verið í gildi, hefur notkun ættarnafna, sem eiga ekki stoð í lögunum, verið látin viðgangast átölulaust af hálfu allra þeirra ríkisstjórna, sem á þeim tíma hafa setið að völdum. Tekur þetta bæði til hinna fjölmörgu nýju „ættarnafna“, sem menn hafa tekið sér á þessum áratugum án stoðar í lögum, og einnig til óheimillar notkunar á ættarnöfnum þeim, sem upp voru tekin með stjórnarráðsleyfi á árunum 1915—1925. Ekki verður séð, að almennigsálitið hafi verið sérstaklega andstætt þessu afskiptaleysi stjórnvalda. Flokkar þeir, sem að ríkisstjórnunum hafa staðið, virðast ekki hafa krafizt þess af þeim, að þær framfylgdu lögunum að þessu leyti, og opinberrar gagnrýni frá einstaklingum hefur ekki gætt. Þeir menn, sem nú bera ættarnöfn án stoðar í lögum, munu skipta þúsundum. Það yrði mjög erfitt, ef ekki óframkvæmanlegt, að útrýma þessum ættarnöfnum með málshöfðunum og beitingu refsiákvæða gegn öllum þeim fjölda, sem hér á hlut að máli. En það verður á hinn bóginn að telja mjög óheppilegt að hafa lagaákvæði í gildi að formi til, sem mönnum er látið haldast uppi að virða að vettugi.

Um ættarnafnasið viljum við að öðru leyti taka þetta fram: Við álítum það í sjálfu sér góðan sið og æskilegan, að menn kenni sig til feðra sinna að fornum hætti í stað þess að taka upp eða bera ættarnöfn. En um þetta eiga menn að hafa frjálsan ákvörðunarrétt. Við fáum ekki séð, að íslenzku þjóðerni eða íslenzku máli sé neinn háski búinn af ættarnöfnum, sem gerð eru í samræmi við lögmál íslenzkrar tungu. Þau geta engu síður staðizt í íslenzku máli en viðurnefni þau eða kenningarnöfn, sem bæði karlar og konur báru til forna, meðan íslenzk tunga var enn óspillt af erlendum áhrifum. Ættarnöfn þau, sem Íslendingar tóku upp fram til loka síðustu aldar, voru yfirleitt óþjóðleg, og mun andúð gegn ættarnafnasið meðfram eiga rætur til þess að rekja, en auðvelt er að tryggja, að ný ættarnöfn fari vel í málinu. Það er skoðun okkar, að afstaða manna til ættarnafna fari

fremur eftir smekk og tilfinningum en efnisrökum. En um smekk og tilfinningar er ekki unnt að deila, og á því sviði á persónufrelsi að ríkja, enda sé þess gætt, að mikilvægum þjóðarhagsmunum, svo sem vernd íslenzkrar tungu, sé ekki misboðið. Það þykir einum betur fara, sem annar telur til lýta, og smekkur manna á þessu sviði sem öðrum er auk þess breytingum háður frá einni kynslóð til annarrar. Það er augljóst mál, að þeir, sem tekið hafa sér ættarnöfn, eru yfirleitt engu minni smekkmenn eða óþjóðlegri en hinir, sem eldri siðnum fylgja. Ef frjálsræði ríkir á þessu sviði, getur hver og einn farið eftir sínum smekk og tilfinningum, og hefur þá enginn við annan að sakast.

Loks teljum við mjög óviðfelldið, að sumum þegnum þjóðfélagsins sé leyft að bera ættarnöfn, en að öðrum sé það bannað, eins og nú er í lögum. Það brýtur í bága við þá grundvallarreglu um jafnrétti þegnanna gagnvart landslögum, sem viðurkennd er í okkar rétti eins og annarra lýðræðisríkja nú á dögum, en svipar meira til arfgengra sérréttinda, sem tíðkuðust á fyrri öldum. En útrýmingu allra ættarnafna, sem nú eru borin hér á landi og mörg hafa gengið í ættum mann fram af manni í allt að 3 aldir, teljum við ekki koma til álita, enda lítt framkvæmanlega af áðurgreindum ástæðum.

Þorsteinn Þorsteinsson gerir grein fyrir sinni afstöðu á þessa leið:

Sérstaða mín varðandi ættarnöfn gagnvart meðnefndarmönnum mínum, Jóntan Hallvarðssyni og Þórði Eyjólfssyni, er aðallega í því fólgin, að ég er persónulega hlynntari ættarnöfnum heldur en þeir, því að ég tel þau mjög mikilvæg til þess að auðkenna menn, umfram það sem unnt er með eiginnöfnum einum og kenningu til föður. Vegna þess hve algengt er, að menn heiti sama nafni, er nauðsynlegt að auðkenna þá nánar, og er algengast hér á landi, að það sé gert með því að kenna þá til föður. En með því að sama máli gegnir um föðurnöfnin, að þau eru mörg samnefni, þá verða fjöldamargir samnefndir þrátt fyrir það (bæði með sama eiginnafni og föðurnafni). Ef menn nú auk þess kenna sig til ákveðinnar ættar með ættarnafni, þá fækkar samnefnunum mjög mikið eða hverfa jafnvel. Oft sleppa menn þá kenningu til föður og nota aðeins eiginnafnið og ættarnafnið, og getur það oft verið fullkomin auðkenning, en þegar menn af sömu ætt heita sama nafni, sem oft kemur fyrir, þá tíðkast líka, að þeir noti einnig til aðgreiningar kenningu til föður, oftast þó aðeins með skammstöfun, en stundum fullum stöfum. Þar með er fengin miklu fullkomnari auðkenning á þjóðfélagsþegnunum en unnt er að fá með kenningu til föður aðeins. En auðvitað er minni þörf fyrir svo fullkomna auðkenningu í fámenni heldur en í fjölmenni, og því eru ættarnöfn ekki eins nauðsynleg hér eins og í stærri þjóðfélögum. Þó verður þörfin fyrir þau ríkari, eftir því sem þéttbýli vex og bæirnir stækka. Ég tel þó ekki ástæðu til þess að ýta sérstaklega undir upptöku ættarnafna nú. Með hægfara aukningu þeirra með sérstökum leyfum ætti að vinnast það tvennt, að ættarnöfnin yrðu betri og að þau yrðu fullkomnari auðkenning vegna þess, að sérstakt nafn yrði fyrir hverja ætt, en ekki margar ættir með sama nafni.

Annars er ég fullkomlega samþykkur þeim rökum, sem Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson hafa borið fram fyrir upptöku ættarnafna nú. Þó sé ég ekki, að íslenzku máli eða íslenzku þjóðerni þyrfti að vera nein hætta búin, þó að erlend ættarnöfn fengju að flytjast hingað til lands, líkt og þau hafa áður gert. Ég býst ekki við, að menn mundu breyta málvenjum sínum þeirra vegna, enda mundi þeirra gæta því minna sem innlendum ættarnöfnum fjölgaði.

Alexander Jóhannesson gerir svofellda grein fyrir afstöðu sinni:

Ég hef unnið með samnefndarmönnum mínum að samningu þessa frumvarps. Eins og frumvarpið ber með sér, er gert ráð fyrir, að Íslendingar geti tekið sér ættarnöfn, en þess krafizt (11. gr.), að þau skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Þótt tekið sé fram í lögum frá 1925, að ættarnöfn megi enginn taka sér eftir þann tíma, hefur ættarnöfnum fjölgað mjög á síðustu 30 árum og má áætla, að nú séu um 1100 ættarnöfn í landinu, og hefur engin tilraun verið

gerð til að beita refsiákvæðum áðurnefndra laga gegn þeim, er tekið hafa sér ættarnöfn, síðan þau lög voru samin.

Nú hefur á síðustu þingum verið sett að skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, að erlendir menn skuli taka upp íslenzka nafnavenju, og hefur Alþingi með því lýst yfir, að það vilji ekki láta afskiptalaust, hver nöfn íslenzkir ríkisborgarar bera. En þetta ætti engu síður að gilda um Íslendinga sjálfa. Meginþorri allra íslenzkra ættarnafna sýnir, að þau eru engan veginn rétt að lögum íslenzkrar tungu, og ef svo fer fram, að mönnum skuli leyft að taka sér ættarnöfn, má ætla, að á nokkrum áratugum hverfi sá gamli og góði siður, er ríkt hefur í landinu í 1000 ár.

Flest íslenzk ættarnöfn eru málspjöll og munu þau, er tímar líða, valda skemmdum á tungu vorri, t. d. á þann hátt, að tvö föll verði notuð í stað fjögurra, eins og þróunin hefur orðið í öðrum germönskum málum (nefnif., þolf. og þáguf. eins, eignarfall með s-endingu), eða jafnvel aðeins eitt. Má sjá þess dæmi daglega í hverju íslenzku blaði og heyra í ríkisútvarpinu, að ættarnöfn eru beygingarlaus, einng í eignarfalli, og er sýnt, hvert stefnir. Þau munu slæva tilfinning vandaðs máls og flýta fyrir margs konar mállýtum. Tign íslenzkrar tungu er m. a. fólgin í því, að hvert íslenzkt orð er gagnsætt á þann hátt, að menn skilja, hvernig merking orðs var hugsuð, og er því meira en hljómur einn, sem menn nema við endurtekna notkun. Oss Íslendingum ber því að halda vörð um geymd hins dýrasta arfs, er vér höfum fengið frá forfeðrum vorum.

Á fyrstu fundum nefndar þeirrar, er unnið hefur að frumvarpi þessu, lýsti ég yfir skoðun minni, en hún er sú, að banna skuli ættarnöfn og kenna sig við föður sinn, eins og tíðkazt hefur frá upphafi Íslands byggðar. Hins vegar lít ég þannig á, að ekki sé hægt að hrófla við þeim ættarnöfnum, sem nú eru notuð, hvorki þeim, sem teljast mega lögleg, né þeim, sem eru brot á gildandi lögum. Ef svo fer, að Alþingi vilji nú banna ættarnöfn með nýjum lögum, skal sú höfuðregla gilda, að þeir Íslendingar, er fæðast eftir að slík lög eru gengin í gildi, skuli nefna sig að fornum sið. Þá einu undantekningu vildi ég leyfa, að hjónum, sem bera ættarnafn og hafa eignazt börn, er bera ættarnafn foreldra sinna, skuli heimilað að leyfa þeim börnum, er kunna að fæðast eftir að lögin eru gengin í gildi, að bera sama ættarnafnið og hin börnin (eða barnið). Af þessu yrði ljóst, að ættarnöfnum yrði ekki útrýmt úr íslenzku máli fyrr en eftir marga áratugi eða allt að 100 árum. Aðalatriðið er, að stefnubreyting verði nú í nafngiftum Íslendinga. Ég legg því til, að frumvarpinu verði breytt í samræmi við þessar skoðanir.

III.
Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru að efni til í samræmi við núgildandi rétt, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1925.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er haldið þeirri reglu núgildandi laga, að eiginnöfn skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu, sbr. 1. og 4. gr. laga nr. 54/1925. Af því leiðir m. a., að eiginnöfn eiga að vera nafnorð í nefnifalli, karlkyns orð, þegar um karlmenn er að ræða, en kvenkyns orð, þegar kvenmanni er nafn gefið, sbr. og 2. mgr. 2. gr. Þá eiga ákvæði greinarinnar að koma í veg fyrir það, að mönnum séu gefin ýmis ónefni, sem séu þeim til leiðinda. Að sjálfsögðu verður heimilt, eins og hingað til hefur verið, að gefa börnum ýmis nöfn af erlendum toga, þar á meðal bibliunöfn, sem orðin eru rótgróin í málinu og mega því heita íslenzk. Heimilt er og að gefa barni nýtt nafn, sem hefur ekki áður tíðkazt, ef það er rétt myndað og fer ekki í bága við fyrirmæli greinarinnar. Um sérálit Þorsteins Þorsteinssonar varðandi þessa mgr. vísast til hinnar almennu greinargerðar hér að framan.

Ákvæðum 3. mgr. er ætlað að girða fyrir þann sið, sem verið hefur nokkuð algengur, að eiginnöfn séu mynduð eins og þegar kennt er til föður, t. d. Jónsson, Ólafsson, Jónsdóttir, Ólafsdóttir, o. s. frv., og sama á að gilda, þó að notað sé eignarfall eingöngu, svo sem Jóns, Ólafs o. s. frv. Þessi siður er fallinn til að villa um rétta kenningu til föður, auk þess sem slík nafngjöf samrýmist ekki lögmálum íslenzkrar tungu.

Talsverð brögð hafa verið að því, að börn hafi verið skírð ættarnöfnum, sem hafa verið lögleg eign annarra manna. Ákvæði 4. mgr. eiga að koma í veg fyrir þann rugling um ætterni, sem þessi siður hefur í för með sér. Með honum er einnig gengið á rétt þeirra, sem ættarnafnið bera. Undantekning er þó gerð, þegar menn hafa tekið sér tíðkanleg eiginheiti að ættarnöfnum.

Um 3. gr.

Um skipun Mannanafnanefndar vísast til athugasemda við 21. gr. Í þessari grein er henni falið það starf að leiðbeina um nafnaval með því að semja skrá um eiginnöfn, sem fara ekki í bága við ákvæði 2. gr. Rétt er henni að setja í slíka skrá ný eiginheiti, sem hafa ekki verið áður borin, en hún telur fara vel í málinu.

Um 4. gr.

Þar sem prestum er falið að gæta þess, eins og verið hefur, að nafngjöf fari ekki í bága við ákvæði laga, þykir rétt, að þeim sé veitt nokkurt ráðrúm til athugunar á því. Það getur enga fyrirhöfn bakað þeim, sem barni vill nafn gefa, að skýra presti frá nafninu um leið og skírnar er beðizt, en vitanlega ber presti að gæta þagnarskyldu um það.

Nauðsynlegt er vegna opinberrar skráningar, að ekki dragist mjög lengi, að börnum séu nöfn gefin. Hefur nefndin talið fresti þá, sem í 1. og 2. mgr. eru ákveðnir, hæfilega.

Þegar barn er skírt skemmri skírn, oftast vegna veikinda þess, getur farið svo, að lítið ráðrúm sé til að velja því nafn, að foreldri geti ekki haft samráð um það, o. s. frv. Þykir því rétt að heimila nýja nafngjöf, þegar svo stendur á, án þess að fara þurfi þá leið um nafnbreytingu, sem ákveðin er í 6. gr.

Um 5. gr.

Þegar ágreiningur verður um nafngjöf, er presti jafnan skylt að leita úrlausnar Mannanafnanefndar, en heimilt er líka þeim, sem nafn vill gefa, að bera agreininginn undir nefndina.

Mannanafnanefnd ber að rökstyðja úrskurði sína. Ef hún t. d. synjar um nafngjöf, ber henni að greina þær ástæður, sem til þess liggja.

Um 6. gr.

Heimild Dómsmálaráðuneytisins til að leyfa nafnbreytingar er rýmkuð nokkuð frá því, sem nú gildir.

Þeir, sem ættleiða börn, hafa oft uppi óskir um að mega sjálfir velja barni nafn. Þykir rétt að heimila nafnbreytingu af þessum sökum, enda þótt skilyrði samkvæmt 1. mgr. séu ekki fyrir hendi. Væntanlega mundi þetta einkum koma til greina um ungbörn.

Um 7. gr.

Efni og orðalag þessarar greinar er sniðið eftir sams konar ákvæði í 1. gr. laga nr. 41/1913. Kemur hér fram aðalregla um, hvernig mönnum sé skylt að kenna sig, en gert er ráð fyrir, að kenning með ættarnafni sé undantekning frá þessari reglu.

Um 8. gr.

Það hefur jafnan verið vandkvæðum bundið, hvernig kenna skuli ófeðruð börn. Hér er ráðgert, að barn geti fengið ættarnafn móður, ef til er, þó með þeirri undantekningu, sem segir í 3. mgr. 15. gr. Í öðru lagi er ákveðið, að sá, sem fer með foreldravald yfir ófeðruðu barni, geti fengið leyfi til að taka upp nýtt ættarnafn því til handa. Ef hvorugt þetta úrræði verður notað, er heimilað að kenna barn til móðurföður, og hefur nefndin tekið þar aftur upp ákvæði úr lögum nr. 41/1913, með því að hún hefur ekki komið auga á aðra heppilegri reglu.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er tekin upp regla 1. mgr. 10. gr. laga um ættleiðingu nr. 19/1953, þó með þeirri breytingu, sem af því leiðir, að kenning til móður er felld niður.

Í 2. mgr. er svipað ákvæði og í 8. gr., en þó þarf kjörbarn ekki að vera ófeðrað, til þess að kenna megi það svo, sem í 2. mgr. segir. Kjörmóðir og barn kunna að hafa hér hagsmuna að gæta um það, að barnið sé ekki kennt til hins rétta föður þess.

Um 10. gr.

Um ástæður til þess, að heimiluð er upptaka nýrra ættarnafna, vísast til hinnar almennu greinargerðar. Ekki þykir rétt að gera grein fyrir því í frv., hverjum skilyrðum ættarnöfn þau, sem nú eru borin, þurfi að fullnægja til þess að teljast lögleg. Ef ágreiningur rís um einstök ættarnöfn að því leyti, verða dómstólar að skera úr um lögmæti þeirra.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er sett sams konar ákvæði um ættarnöfn, og áður var sett í 2. gr. um eiginnöfn.

2. mgr. þarfnast ekki skýringar. Samsvarandi ákvæði var í 7. gr. laga nr. 41/1913.

Í 3. mgr. er fyrst sú regla, að tíðkanleg eiginnöfn megi ekki gera að ættarnöfnum. Slík samnefni eiginheita og ættarnafna eru óheppileg og geta valdið ruglingi. Í öðru lagi er bönnuð upptaka ættarnafna, sem enda á orðinu *son*. Þar skera ættarnöfn sig ekki úr venjulegri kenningu til föður, jafnvel ekki í framburði, þó að eignarfalls-s sé fellt niður, t. d. Jónson. Allmörg slík ættarnöfn voru leyfð á árunum 1915—1925, en hvorttveggja er, að þau eru fallin til að valda ruglingi og að þau eru ekki rétt mynduð sem ættarnöfn.

Um 12. gr.

Ákvæði 2. mgr. er sett vegna þess, að sérstakar ástæður geta valdið því, að æskilegt sé að gefa yngra barni en 16 ára nýtt ættarnafn, svo sem þegar um er að ræða ófeðruð börn, börn með erlendum ættarnöfnum o. s. frv.

Um 13. gr.

Hér er tekin upp regla, sem yfirleitt hefur verið fylgt í framkvæmd, sbr. og 1. gr. laga nr. 41/1913.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er regla, sem ávallt hefur gilt hér, sbr. og 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Í 2. og 3. mgr. eru teknar upp reglur um efni, sem nú eru fyrirmæli um í 48. og 81. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921.

Í 4. mgr. er nýmæli. Þykir eðlilegt, að ekkja eða fráskilin kona, sem gengur að nýju í hjónaband, beri ekki eftir það ættarnafn fyrra manns síns.

Um 15. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru undantekningar frá þeirri reglu 13. gr., að ættarnöfn gangi um karlkné. Í þessum tilfellum er ýmist ekki unnt eða ekki æskilegt, að barn sé kennt til föður síns, og réttlætir það undantekningarregluna. Ekki þykir þó rétt, sbr. 3. mgr., að kona, sem fengið hefur ættarnafn við giftingu og ber það eftir lok hjónabandsins, flytji það ættarnafn til ófeðraðs barns eða kjörbarns, sem hún hefur síðar tekið.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar mundu einkum koma til framkvæmdar um ættarnöfn, sem nýlega væru upp tekin og fáir bera. Að því er varðar börn undir 16 ára aldri, mundi samþykki handhafa foreldravalds þurfa að koma til. Ekki er heimild greinarinnar bundin við, að skyldleiki sé með þeim, sem nafn leyfa, og þeim, sem leyfi fær til að bera það.

Um 17. gr.

Hér er í 1. mgr. sett sú aðalregla, að engum er skylt að bera ættarnafn, fremur en hann sjálfur vill. Víkur þessi regla því frá ákvæðum 4. gr. laga nr. 41/1913, þar sem öllum var gert skylt að bera ættarnafn föður síns, ef til var.

Sjálfsagt þykir að heimila konu að halda upphaflegu ættarnafni sínu, þó að hún giftist manni, sem einnig ber ættarnafn.

Samkvæmt 3. mgr. er mönnum ekki heimilt að taka aftur upp ættarnafn, sem þeir hafa fellt niður, nema samkvæmt stjórnarráðsleyfi. Þegar um slíka endurupptöku er að ræða, mun þó ekki þurfa samþykki samkvæmt 16. gr. Rétt þykir að heimila konu, sem fellt hefur niður ættarnafn sitt við giftingu, að taka það upp aftur án leyfis stjórnarráðsins, þegar hjónabandi er lokið.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett til að koma í veg fyrir fjölgun erlendra ættarnafna hér á landi vegna þess, að mönnum er veittur með lögum íslenzkur ríkisborgararéttur. Ákvæðin koma þó því aðeins til framkvæmdar, að ekki sé öðruvísi ákveðið í lögum þeim, sem veita ríkisborgararéttinn.

Um 19. gr.

Heimild til að breyta um ættarnafn mundi einkum verða notuð, þegar menn vilja fella niður óviðfelldið nafn eða erlent og fá sér annað íslenzkt í þess stað.

Um 20. gr.

Hér er tekið upp ákvæði úr 1. gr. núgildandi laga, óbreytt að efni til.

Um 21. gr.

Í stað þess að skjóta ágreiningi um nafngjöf til heimspekideildar háskólans, eins og mælt er í núgildandi lögum, er hér lagt til, að við því starfi taki nefnd, sem skipuð sé tveimur kennurum heimspekideildar og einum kennara í lögum við háskólann.

Um 22.—24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Reykjavík, 9. október 1955.

Þórður Eyjólfsson. Alexander Jóhannesson.
Jónatan Hallvarðsson. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 95. Frumvarp til laga [86. mál]

um laun starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Launaflokkar samkvæmt lögum þessum eru 15, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 59100.00	kr. 59100.00
II. —	— 55200.00	— 55200.00
III. —	— 51300.00	— 51300.00
IV. —	— 47400.00	— 47400.00
V. —	— 43800.00	— 43800.00
VI. —	— 40200.00	— 40200.00
VII. —	— 28500.00	— 37800.00
VIII. —	— 25800.00	— 35400.00
IX. —	— 23700.00	— 33000.00
X. —	— 23700.00	— 30900.00
XI. —	— 21300.00	— 28500.00
XII. —	— 18900.00	— 26100.00
XIII. —	— 18900.00	— 23700.00
XIV. —	— 16500.00	— 21300.00
XV. —	— 12900.00	— 18900.00

2. gr.

Laun samkvæmt VII.—XV. launaflokki hækka á 4 árum úr byrjunarlaunum í hámarkslaun með jöfnum fjárhæðum árlega.

Þegar aldurshækkanir eru ákveðnar, er heimilt, ef sérstaklega stendur á og með samþykki fjármálaráðherra, að taka tillit til starfsaldurs hlutaðeigandi starfsmanns við sams konar störf, þótt eigi hafi verið unnin í þjónustu ríkisins.

Ritarar, sem í lögunum er skipað í XIV.—XIII. launafl., skulu, er þeir hafa náð hámarkslaunum í XIV. flokki, færast í XIII. flokk og taka þar þau laun, sem næst eru ofan við hámarkslaun XIV. flokks og síðan aldurshækkanir, unz hámarki er náð.

3. gr.

Starfsmönnum þeim, er lög þessi taka til, skal skipað í launaflokka svo sem segir í 4.—20. gr.

4. gr.

Æðsta stjórn landsins.

I. Laun forseta Íslands eru ákveðin með sérstökum lögum.
II. Forsetaskrifstofan:
1. Forsetaritari ..... VI. launafl.
2. Ritari ..... XIV.—XIII. —
3. Bifreiðarstjóri ..... XI. —
III. Bústjóri á Bessastöðum ..... IX. —

5. gr.

Alþingi.

1. Skrifstofustjóri ..... IV. launafl.
2. Fulltrúi ..... VII. —

3. Ritari	XIV.—XIII.	launafl.
4. Húsvörður	XII.	—

6. gr.

Stjórnarráðið, ásamt ríkisbókhaldi og ríkisfjárhirzlu.

I. Stjórnarráðið:		
A. Laun ráðherra eru ákveðin með sérstökum lögum.		
B. Ráðuneytisstjórar (en það nafn kemur framvegis í stað embættisheitisins skrifstofustjóri)	III.	launafl.
C. Aðrir starfsmenn:		
a. Ráðuneytin:		
1. Deildarstjórar	V.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4. Bókarar	X.	—
5. Húsverðir	XII.	—
6. Bifreiðarstjórar	XI.	—
7. Aðstoðardyraverðir	XIII.	—
8. Ritarar og símastúlkur	XIV.—XIII.	—
Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar en þeir, sem starfað hafa í ráðuneytunum a. m. k. 10 ár.		
b. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.		
1. Ríkisendurskoðandi (en það nafn kemur framvegis í stað embættisheitisins aðalendurskoðandi)	III.	—
2. Endurskoðendur	VI.	—
3. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VIII.	—
5. Bókarar	X.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII	—
Eigi mega aðrir taka laun sem endurskoðendur en þeir, sem lokið hafa sérstöku prófi í endurskoðun.		
II. Ríkisbókhald:		
1. Ríkisbókari	IV.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VIII.	—
4. Bókarar	X.	—
5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III. Ríkisfjárhirzla:		
1. Ríkisféhirðir	IV.	—
2. Féhirðir	VII.	—
3. Skiptimyntarféhirðir	X.	—
4. Ritarar	XIV.—XIII.	—

7. gr.

Utanríkisþjónustan.

1. Sendiherrar	IV.	launafl.
2. Sendifulltrúar og aðalræðismenn	VI.	—
3. Sendiráðsritarar I. stigs og ræðismenn	VII.	—
4. Sendiráðsritarar II. stigs og vararæðismenn	VIII.	—
5. Ritarar	XIV.—XIII.	—

8. gr.

Hagstofa Íslands.

1. Hagstofustjóri	III.	launafl.
2. Deildarstjórar	VI.	—
3. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VIII.	—
5. Umsjónarmaður með skýrslusöfnun	IX.	—
6. Bókarar	X.	—
7. Ritarar	XIV.—XIII.	—

9. gr.

Dómgæzla og lögreglustjórn.

I. Hæstiréttur:		
1. Dómarar	I.	launafl.
2. Hæstaréttarritari	VI.	—
3. Ritari	XIV.—XIII.	—
4. Húsvörður	XII.	—
II. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
1. Borgardómari	IV.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4. Bókari	XI.	—
5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
1. Borgarfógeti	IV.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4. Firmaskrásetjari	X.	—
5. Féhirðir	XI.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
7. Bifreiðarstjóri	XI.	—
IV. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
1. Sakadómari	IV.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5. Bókari	X.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
V. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
1. Lögreglustjóri	IV.	—
2. Fulltrúi I. stigs (1) eftir 10 ára starf	VI.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5. Bókari	X.	—
6. Húsvörður	XII.	—
7. Ritarar	XIV.—XIII.	—
Útlendingaeftirlitið:		
1. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
2. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
3. Eftirlitsmenn	X.	—
Bifreiðaeftirlitið:		
1. Yfireftirlitsmaður	VII.	—
2. Fulltrúi í Reykjavík og fulltrúi í Akureyri	IX.	—
3. Eftirlitsmenn	X.	—

VI.	Bæjarfógetar, sýslumenn og lögreglustjórar utan Reykjavíkur:		
	1. Bæjarfógetar, sýslumenn og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	VI.	launafl.
	2. Aðrir lögreglustjórar	IX.	—
VII.	Starfsmenn sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra:		
	1. Fulltrúar I. stigs hjá bæjarógetanum á Akureyri, í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum	VI.	—
	2. Fulltrúar I. stigs, aðrir	VII.	—
	3. Féhirðar hjá bæjarfógetanum á Akureyri, í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum	VIII.	—
	4. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	5. Sýsluskrifarar og bókarar	X.	—
	6. Innheimtumenn	XI.	—
	7. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar við embætti þau, sem talin eru í II., III., IV. og VII., 1 hér á undan, en þeir, sem samkvæmt úrskurði dómsmálaráðherra hafa dómstörf að aðalstarfi og hafa gegnt slíku starfi a. m. k. í 10 ár.		
VIII.	Ríkislögreglan:		
	1. Yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli	VII.	—
	2. Varðstjórar á Keflavíkurflugvelli	VIII.	—
	3. Ríkislögregluþjónar	X.	—
IX.	Landhelgisgæzlan:		
	1. Forstjóri	III.	—
X.	Hegningarhús og vinnuhæli:		
	1. Yfirfangaverðir í Reykjavík og á Litla-Hrauni	IX.	—
	2. Fangaverðir	X.	—
	3. Bryti á Litla-Hrauni	X.	—

10. gr.

Opinbert eftirlit.

I.	Skipaskoðun ríkisins:		
	1. Skipaskoðunarstjóri	V.	launafl.
	2. Skoðunarmenn	X.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
II.	Öryggiseftirlit:		
	1. Öryggismálastjóri	V.	—
	2. Öryggiseftirlitsmaður	VII.	—
	3. Skoðunarmenn	X.	—
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—
III.	Löggildingarstofan:		
	1. Forstöðumaður	VIII.	—
	2. Aðstoðarmenn	XII.	—
IV.	Eftirlit með skipulagi bæja og kauptúna:		
	1. Skipulagsstjóri	V.	—
	2. Arkitektar I. stigs	VI.	—
	3. Arkitektar II. stigs	VIII.	—
	4. Yfirteiknari	IX.	—
	5. Aðstoðarteiknari	XIV.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—
V.	Afurðamat:		
	a. Fiskmat:		
	1. Fiskmatsstjóri	V.	—
	2. Yfirfiskmatsmenn	IX.	—

	3. Bókari	X.	launafl.
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—
	b. Síldarmat:		
	1. Síldarmatsstjóri	IX.	—
VI.	Eftirlit með sparisjóðum:		
	1. Eftirlitsmaður	XII.	—
VII.	Þjóðgarðsvörður	X.	—
VIII.	Mjólkureftirlitsmaður	VII.	—

11. gr.

Toll- og skattheimta.

I.	Tollstjóraembættið í Reykjavík:		
	A. Skrifstofan:		
	1. Tollstjóri	IV.	launafl.
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Deildarstjórar í tollheimtu- og skattheimtudeildum	VI.	—
	4. Aðalféhirðir	VII.	—
	5. Aðalbókari	VII.	—
	6. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
	7. Aðstoðarféhirðir	VIII.	—
	8. Aðalskatt- og aðaltollritarar	VIII.	—
	9. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	10. Toll- og skattritarar I. stigs	X.	—
	11. Toll- og skattritarar II. stigs og innheimtumenn	XI.	—
	12. Toll- og skattritarar III. stigs	XII.	—
	13. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	B. Tollgæzlan:		
	1. Tollgæzlustjóri	VI.	—
	2. Fulltrúi við tollgæzlu	VII.	—
	3. Yfirtollvörður, sem jafnframt er féhirðir í farangursafgreiðslu	VIII.	—
	4. Yfirtollverðir	IX.	—
	5. Tollverðir	X.	—
II.	Tollgæzlan utan Reykjavíkur:		
	1. Yfirtollverðir	IX.	—
	2. Tollverðir	X.	—
III.	Ríkisskattanefnd:		
	1. Skrifstofustjóri	VI.	—
	2. Fulltrúar	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
IV.	Skattstofan í Reykjavík:		
	1. Skattstjóri	IV.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Deildarstjórar	VII.	—
	4. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
	5. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	6. Bókarar I. stigs	X.	—
	7. Bókarar II. stigs	XI.	—
	8. Ritarar	XIV.—XIII.	—
V.	Skattstofur utan Reykjavíkur:		
	1. Skattstjórar	VI.	—
	2. Fulltrúar	IX.	—
	3. Ritarar	XIV.—XIII.	—

12. gr.

Heilbrigðismál.

I.	Landlæknisembættið:		
	1. Landlæknir	III.	launafl.
	2. Landlæknisritari	IX.	—
II.	Berklavarnir:		
	1. Berklayfirlæknir	IV.	—
	2. Aðstoðarlæknar	VI.	—
III.	Læknar:		
	1. Yfirlæknar á ríkisspítölunum á Kleppi, Vífilsstöðum, Kristnesi og Landspítala, sem ekki eru jafnframt kennarar við háskólann	V.	—
	2. Forstöðumaður Blóðbankans	V.	—
	3. Yfirlæknir við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur	V.	—
	4. Héraðslæknirinn á Akureyri	V.	—
	5. Héraðslæknar, aðrir	VI., VII. og X.	—
	6. Aðstoðarlæknar, sbr. lög nr. 16/1955, 5. gr.	VII.	—
	Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka, sbr. III., 5. hér að framan, og skal við þá flokkun einkum farið eftir fólksfjölda, samgöngum og þéttbýli með hliðsjón af því, hvar erfiðast hefur reynzt að fá lækna í héruðin.		
	Reglugerð þessa skal endurskoða á fimm ára fresti.		
IV.	Ríkisspítalarnir:		
	A. Skrifstofa ríkisspítalanna:		
	1. Framkvæmdastjóri	VI.	—
	2. Fulltrúi	VIII.	—
	3. Féhirðir	VIII.	—
	4. Aðalbókari	VIII.	—
	5. Bókarar	X.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	B. Landspítali:		
	1. Deildarlæknar	VI.	—
	2. Aðstoðarlæknar	VII.	—
	3. Yfirhjúkrunarkona	VII.	—
	4. Aðstoðaryfirhjúkrunarkona	IX.	—
	5. Deildarhjúkrunarkonur og skurðstofuhjúkrunarkonur	X.	—
	6. Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.	—
	7. Ráðskona	VIII.	—
	8. Aðstoðarráðskona	XI.	—
	9. Umsjónarmaður	IX.	—
	10. Nuddkona	XI.	—
	11. Rannsóknarkonur	X.	—
	12. Vélgæzlumenn	XI.	—
	13. Viðgerðarmaður	XI.	—
	Röntgendeild:		
	1. Deildarhjúkrunarkona	IX.	—
	2. Röntgenhjúkrunarkonur	X.	—
	3. Röntgenkonur	X.	—
	4. Bókari	XI.	—
	5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	6. Aðstoðarstúlkur	XIV.	—

	Fæðingardeild:		
1.	Deildarlæknir	VI.	launafl.
2.	Aðstoðarlæknar	VII.	—
3.	Yfirljósmóðir	VIII.	—
4.	Deildarhjúkrunarkonur, skurðstofuhjúkrunarkonur	X.	—
5.	Aðstoðarhjúkrunarkonur og aðstoðarljósmæður	XI.	—
6.	Vélgæzlumaður og viðgerðarmaður	XI.	—
	Hjúkrunarkvennaskólinn:		
1.	Forstöðukona	VII.	—
2.	Kennari	IX.	—
	Þvottahús Landspítalans:		
1.	Þvottaráðskona	IX.	—
2.	Vélgæzlumenn, þvottamenn og bifreiðarstjóri	XI.	—
C.	Vífilsstaðahæli:		
1.	Deildarlæknir	VI.	—
2.	Aðstoðarlæknir	VII.	—
3.	Yfirhjúkrunarkona	VIII.	—
4.	Deildarhjúkrunarkonur	X.	—
5.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.	—
6.	Ráðskona	IX.	—
7.	Bústjóri	IX.	—
8.	Vélgæzlumenn, viðgerðarmenn og bifreiðarstjórar	XI.	—
9.	Vinnumenn	XII.	—
D.	Kleppsspítali:		
1.	Deildarlæknir	VI.	—
2.	Aðstoðarlæknir	VII.	—
3.	Yfirhjúkrunarkona	VIII.	—
4.	Aðstoðaryfirhjúkrunarkona	IX.	—
5.	Deildarhjúkrunarkonur	X.	—
6.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.	—
7.	Sjúkrakennarar	X.	—
8.	Ráðskona	IX.	—
9.	Bústjóri	IX.	—
10.	Vélgæzlumenn, viðgerðarmenn, bifreiðarstjóri, umsjónar- og hjúkrunarmaður	XI.	—
11.	Hjúkrunarmenn	XII.	—
E.	Kristneshæli:		
1.	Deildarlæknir	VI.	—
2.	Yfirhjúkrunarkona	IX.	—
3.	Deildarhjúkrunarkonur	X.	—
4.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.	—
5.	Ráðskona	IX.	—
6.	Ráðsmaður	VIII.	—
7.	Vélgæzlumaður og bifreiðarstjóri	XI.	—
8.	Vinnumaður	XII.	—
F.	Fávitahælið í Kópavogi:		
1.	Yfirhjúkrunarkona	IX.	—
2.	Deildarhjúkrunarkonur	X.	—
3.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.	—
4.	Hjúkrunarmenn	XII.	—
5.	Kennarar	X.	—
6.	Matráðskona	X.	—
7.	Vélgæzlu- og viðgerðamaður	XI.	—

13. gr.

Samgöngur.

I.	Vegamálaskrifstofan:		
	1. Vegamálastjóri	III.	launafl.
	2. Yfirverkfræðingur	V.	—
	3. Skrifstofustjóri	VI.	—
	4. Verkfræðingar	VI.	—
	5. Landmælingamenn	VII.	—
	6. Féhirðir	VIII.	—
	7. Bókarar I. stigs	X.	—
	8. Bókarar II. stigs	XI.	—
	9. Teiknari	X.	—
	10. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	11. Verkstjórar	X.	—
	12. Efnisvörður	IX.	—
II.	Vita- og hafnamálaskrifstofan:		
	1. Vita- og hafnamálastjóri	III.	—
	2. Yfirverkfræðingur	V.	—
	3. Skrifstofustjóri	VI.	—
	4. Verkfræðingar	VI.	—
	5. Viðgerðamaður	IX.	—
	6. Sjómælingamenn	VII.	—
	7. Féhirðir	IX.	—
	8. Teiknari	X.	—
	9. Bókari I. stigs	X.	—
	10. Bókari II. stigs	XI.	—
	11. Efnisvörður	IX.	—
	12. Kafari	XI.	—
	13. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III.	Skipaútgerð ríkisins:		
	1. Forstjóri	III.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Aðalbókari	VII.	—
	4. Aðalféhirðir	VII.	—
	5. Fulltrúi	VIII.	—
	6. Vélaráðunautur	VIII.	—
	7. Innkaupastjóri	IX.	—
	8. Afgreiðslustjóri	IX.	—
	9. Bókari I. stigs	X.	—
	10. Bókari II. stigs	XI.	—
	11. Ritarar	XIV.—XIII.	—
IV.	Flugþjónustan:		
	1. Flugmálastjóri	III.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits	V.	—
	4. Framkvæmdastjóri flugöryggisþjónustu	V.	—
	5. Flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli	V.	—
	6. Aðalbókari	VIII.	—
	7. Aðalgjaldkeri	VIII.	—
	8. Bókari	X.	—
	9. Gjaldkeri á Keflavíkurflugvelli	IX.	—
	10. Ritarar	XIV.—XIII.	—

Flugumferðarstjórn:
1. Yfirflugumferðarstjórar í Reykjavík og Keflavík ..... VI. launafl.
2. Varðstjórar ..... VII. —
3. Flugumferðarstjórar ..... VIII. —

Flugumsjón á Keflavíkurflugvelli:
1. Yfirflugumsjónarmaður ..... VI. —
2. Varðstjórar ..... VII. —
3. Flugumsjónarmenn ..... VIII. —

Flugvélaafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli:
1. Deildarstjórar ..... VII. —
2. Varðstjórar ..... IX. —
3. Afgreiðslumenn ..... X. —
4. Umsjónarstúlkur ..... XI. —

Radíóverkstæði:
1. Verkstjóri ..... IX. —
2. Afgreiðslumaður ..... XII. —

Aðrir starfsmenn:
1. Yfirverkstjóri ..... VIII. —
2. Slökkviliðsstjóri ..... VIII. —
3. Aðstoðarslökkviliðsstjóri ..... IX. —
4. Slökkviliðsmenn ..... X. —
5. Gæzlumaður flughafnar ..... VIII. —
6. Bifreiðarstjóri ..... XI. —

V. Ferðaskrifstofa ríkisins:
A. Aðalskrifstofan:
1. Forstjóri ..... V. —
2. Skrifstofustjóri ..... VII. —
3. Fulltrúar ..... VIII. —
4. Bókari ..... X. —
5. Ritari ..... XIV.—XIII. —

B. Minjagripaverzlanir:
1. Verzlunarstjóri ..... VII. —
2. Sölumaður ..... X. —
3. Afgreiðslumenn ..... XIII. —

14. gr.

Kirkju- og kennslumál.

A. Kirkjumál:
I. Biskupsembættið:
1. Biskup Íslands ..... III. launafl.
2. Biskupsritari og söngmálastjóri ..... VII. —
3. Ritari ..... XIV.—XIII. —

II. Prestar:
1. Vígslubiskupar ..... VI. —
2. Sóknarprestar ..... VIII.—VII. —

Kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups og Prestafélags Íslands, reglugerð um skiptingu prestakalla í tvo flokka með hliðsjón af aukatekjum embættanna.

Nú er sóknarprestur skipaður prófastur og skal hann þá færast upp um einn launaflokk.

B. Kennslumál:
I. Háskóli Íslands:
1. Prófessorar, sem jafnframt eru yfirlæknar við ríkissjúkrahús eða veita forstöðu Rannsóknarstofu háskólans II. —

	2. Rektor háskólans	III.	launafl.
	3. Prófessorar og háskólabókavörður	V.	—
	4. Dósentar	VI.	—
	5. Háskólaritari	VII.	—
	6. Íþróttakennari	IX.	—
	7. Húsvörður	XII.	—
II.	Fræðslumálaskrifstofan:		
	1. Fræðslumálastjóri	IV.	—
	2. Íþróttafulltrúi	VII.	—
	3. Bókafulltrúi	VII.	—
	4. Fulltrúar	VII.	—
	5. Féhirðir	VIII.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	7. Námsstjórar	VII.	—
III.	Eftirlitsmaður með fjármálum skóla	VI.	—
IV.	Menntaskólar:		
	1. Rektor Menntaskólans í Reykjavík og skólameistarar við menntaskólana á Akureyri og Laugarvatni	V.	—
	2. Kennarar	VII.	—
	3. Húsverðir	XII.	—
V.	Kennaraskólinn:		
	1. Skólastjóri	V.	—
	2. Kennarar	VII.	—
VI.	Stýrimannaskólinn og vélskólinn:		
	1. Skólastjórar	VI.	—
	2. Kennarar	VIII.	—
	3. Húsvörður í sjómannaskólahúsi	XII.	—
VII.	Búnaðarskólar:		
	1. Skólastjórar	VI.	—
	2. Kennarar	VIII.	—
VIII.	Garðyrkjuskólinn að Reykjum:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennarar	IX.	—
IX.	Gagnfræðaskólar:		
	A. Skólastjórar:		
	1. Við skóla með fleiri en 200 nemendur	VI.	—
	2. — — — 125—200 nemendur	VII.	—
	3. — — — færri en 125 nemendur	VIII.	—
	4. — héraðsgagnfræðaskóla með fleiri en 75 nemendur	VII.	—
	5. — — með færri en 75 nemendur	VIII.	—
	B. Kennarar	VIII.	—
X.	Iðnskólar:		
	A. Skólastjórar:		
	1. Við skóla með fleiri en 200 nemendur	VI.	—
	2. — — — 125—200 nemendur	VII.	—
	3. — — — færri en 125 nemendur	VIII.	—
	B. Kennarar	VIII.	—
XI.	Matsveina- og veitingaþjónaskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennarar	IX.	—
XII.	Húsmæðrakennaraskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennarar	IX.	—

XIII.	Húsmæðraskólar:		
	1. Skólastjórar	IX.	launafl.
	2. Kennarar	X.	—
XIV.	Íþróttakennaraskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennari	IX.	—
XV.	Heyrnar- og málleysingjaskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennarar	IX.	—
XVI.	Barnafræðslan:		
	A. Skólastjórar við barnaskóla:		
	1. Við skóla með fleiri en 20 kennara	VI.	—
	2. — — með 10—20 kennara	VII.	—
	3. — — með færri en 10 kennara og heimavistarbarnaskólastjórar	VIII.	—
	B. Barnakennarar	X.—IX.	—

Eigi mega aðrir barnakennarar taka laun í IX. flokki en þeir, sem starfað hafa sem fastir kennarar a. m. k. 10 ár.

Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá ¾ af launum annarra barnakennara miðað við jafnlangan starfstíma.

Af launum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði ⅛ hluti úr bæjarsjóði og 1/12 hluti úr sveitarsjóði hlutaðeigandi skólahverfis.

15. gr.

Listir og vísindi.

I.	Þjóðleikhúsið:		
	1. Þjóðleikhússtjóri	IV.	launafl.
	2. Skrifstofustjóri	VII.	—
	3. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður	XII.	—
II.	Landsbókasafnið:		
	1. Landsbókavörður	V.	—
	2. Bókaverðir	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður safnahúss	XII.	—
III.	Þjóðskjalasafnið:		
	1. Þjóðskjalavörður	V.	—
	2. Skjalaverðir	VII.	—
IV.	Þjóðminjasafnið:		
	1. Þjóðminjavörður	V.	—
	2. Minjaverðir	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður	XII.	—
V.	Listasafn ríkisins:		
	1. Safnvörður	VII.	—
VI.	Náttúrugripasafnið:		
	1. Forstöðumaður	V.	—
	2. Deildarstjórar	VI.	—
VII.	Atvinnudeild háskólans:		
	1. Framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs	V.	—
	2. Deildarstjórar	V.	—
	3. Sérfræðingar	VI.	—
	4. Skrifstofustjóri	VII.	—
	5. Viðgerðarmaður	IX.	—

6.	Aðstoðarmenn I. stigs	X.	launafl.
7.	Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
8.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
VIII.	Rannsóknarstofa háskólans:		
1.	Læknar	VI.	—
2.	Vefjarannsóknarmaður	VIII.	—
3.	Sýklarannsóknarmaður	VIII.	—
4.	Aðstoðarmenn I. stigs	X.	—
5.	Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
6.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
IX.	Tilraunastöðin á Keldum:		
1.	Forstöðumaður	V.	—
2.	Dýralæknir	VI.	—
3.	Efnafræðingur	VI.	—
4.	Vefjarannsóknarmaður	VIII.	—
5.	Aðstoðarmenn I. stigs	X.	—
6.	Ráðsmaður	X.	—
7.	Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
8.	Bókari	XI.	—
X.	Veðurstofan:		
1.	Veðurstofustjóri	IV.	—
2.	Skrifstofustjóri	VII.	—
3.	Bókari	X.	—
4.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
	Deild Veðurstofunnar á Reykjavíkurflugvelli:		
1.	Deildarstjóri	V.	—
2.	Veðurfræðingar I. stigs	VI.	—
3.	Veðurfræðingar II. stigs	VII.	—
4.	Aðstoðarmenn	XI.	—
	Deild Veðurstofunnar á Keflavíkurflugvelli:		
1.	Deildarstjóri	V.	—
2.	Veðurfræðingar I. stigs	VI.	—
3.	Veðurfræðingar II. stigs	VII.	—
4.	Aðstoðarmenn	XI.	—
5.	Varðstjóri í háloftastöð	IX.	—
6.	Háloftaathugunarmenn	X.	—
	Loftskeytadeild:		
1.	Yfirvarðstjóri	VIII.	—
2.	Varðstjórar	IX.	—
3.	Loftskeytamenn	X.	—
	Veðurfarsdeild:		
1.	Deildarstjóri	VI.	—
2.	Aðstoðarmenn	XI.	—
	Eigi skulu aðrir taka laun sem I. stigs veðurfræðingar en þeir, er lokið hafa háskólaprófi í veðurfræði, þó má samkvæmt tillögu veðurstofustjóra flytja II. stigs veðurfræðinga í VI. launaflokk eftir 10 ára starf.		
XI.	Skrifstofa húsameistara:		
1.	Húsameistari ríkisins	III.	—
2.	Húsameistarar I. stigs og byggingameistari	VI.	—
3.	Húsameistarar II. stigs	VIII.	—
4.	Féhirðir	IX.	—
5.	Ritari	XIV.—XIII.	—

16. gr.

Landbúnaðarmál.

I.	Sandgræðsla ríkisins:		
	1. Sandgræðslustjóri	VII.	launafl.
II.	Skógrækt ríkisins:		
	1. Skógræktarstjóri	V.	—
	2. Fulltrúi	VII.	—
	3. Skógarverðir	X.	—
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—
III.	Stjórn Veiðimála:		
	1. Veiðimálastjóri	VI.	—
	2. Aðstoðarmaður	X.	—
IV.	Dýralæknar:		
	1. Yfirdýralæknir	V.	—
	2. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi	X.	—
	3. Borgarfjarðarumdæmi	VIII.	—
	4. Dalaumdæmi	VII.	—
	5. Ísafjarðarumdæmi	VII.	—
	6. Húnaþingsumdæmi	VIII.	—
	7. Skagafjarðarumdæmi	VIII.	—
	8. Eyjafjarðarumdæmi	X.	—
	9. Þingeyjarþingsumdæmi	VIII.	—
	10. Austurlandsumdæmi	VIII.	—
	11. Rangárvallaumdæmi	X.	—
	12. Selfossumdæmi	X.	—
	13. Laugarásumdæmi	VIII.	—
V.	Sauðfjárveikivarnir:		
	A. Skrifstofan:		
	1. Framkvæmdastjóri	VI.	—
	2. Skrifstofustjóri	VIII.	—
	B. Rannsóknir:		
	1. Læknir	V.	—
	2. Aðstoðarmaður I. stigs	X.	—
	3. Aðstoðarmaður II. stigs	XIII.	—
VI.	Tilraunastjórar	IX.	—

17. gr.

Raforkumál.

I.	Raforkumálaskrifstofan:		
	1. Raforkumálastjóri	III.	launafl.
	2. Yfirverkfræðingur	V.	—
	3. Skrifstofustjóri	VI.	—
	4. Verkfræðingar	VI.	—
	5. Hagfræðingur	VII.	—
	6. Fulltrúi I. stigs	VII.	—
	7. Vatnamælingamaður	VII.	—
	8. Féhirðir	VIII.	—
	9. Aðalbókari	VIII.	—
	10. Fulltrúi II. stigs	VIII.	—
	11. Rafvirkjar	X.	—
	12. Bókarar I. stigs	X.	—
	13. Teiknarar I. stigs	X.	—
	14. Bókarar II. stigs	XI.	—
	15. Teiknarar II. stigs	XII.	—
	16. Ritarar	XIV.—XIII.	—

II.	Rafmagnsveitur ríkisins:		
	1. Rafmagnsveitustjóri	IV.	launafl.
	2. Yfirverkfræðingur	V.	—
	3. Deildarstjórar	VI.	—
	4. Verkfræðingar	VI.	—
	5. Rafveitustjórar	VII.	—
	6. Rafstöðvarstjórar	VII.	—
	7. Iðnfræðingar	VII.	—
	8. Yfirvélstjórar	VIII.	—
	9. Aðalverkstjóri	VIII.	—
	10. Vélstjórar	IX.	—
	11. Rafgæzlumenn	IX.	—
	12. Birgðavörður	IX.	—
	13. Verkstjórar, faglærðir	IX.	—
	14. Rafvirkjar	X.	—
	15. Verkstjórar	X.	—
	16. Teiknarar I. stigs	X.	—
	17. Vélaverðir	XI.	—
	18. Flokkstjórar	XI.	—
	19. Teiknarar II. stigs	XII.	—
	20. Aðstoðarvélaverðir	XII.	—
	21. Bifreiðarstjórar	XI.	—
	22. Línumenn I. stigs	XII.	—
	23. Línumenn II. stigs	XIII.	—
III.	Jarðboranir ríkisins:		
	1. Yfirverkfræðingur	V.	—
	2. Verkfræðingar	VI.	—
IV.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	1. Rafmagnseftirlitsstjóri	V.	—
	2. Verkfræðingur	VI.	—
	3. Eftirlitsmenn	IX.	—
	4. Raffangaprófari	IX.	—
	5. Bókari	X.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—

18. gr.

Póstur og sími.

I.	Póst- og símamálastjóri	II.	launafl.
II.	Póstmálaskrifstofan:		
	1. Skrifstofustjóri	VI.	—
	2. Póstmálafulltrúi	VII.	—
	3. Aðalbókari	VII.	—
	4. Fulltrúar	VIII.	—
	5. Bókarar	X.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III.	Póststofan í Reykjavík:		
	1. Póstmeistari	VI.	—
	2. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
	3. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	4. Póstafgreiðslumenn	X.	—
	5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	6. Bifreiðarstjórar	XI.	—
	7. Bréfberar	XII.	—
	8. Húsvörður	XII.	—

IV. Póststofan á Akureyri:		
1. Póstmeistari	VII.	launafl.
2. Fulltrúar	IX.	—
3. Póstafgreiðslumenn	X.	—
4. Bréfberar	XII.	—
V. Landssíminn:		
A. Símarekstrardeild:		
1. Skrifstofustjóri	VI.	—
2. Aðalbókari	VII.	—
3. Aðalféhirðir	VII.	—
4. Eftirlitsmaður radióstöðva	VIII.	—
5. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
6. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
7. Bókarar I. stigs	X.	—
8. Bókarar II. stigs	XI.	—
9. Ritarar	XIV.—XIII.	—
B. Símatæknideild:		
1. Yfirverkfræðingur	V.	—
2. Verkfræðingar	VI.	—
3. Símafræðingar	VII.	—
4. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
5. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
6. Yfirteiknari	IX.	—
7. Símvirkjar	X.	—
8. Teiknari I. stigs	X.	—
9. Teiknari II. stigs	XII.	—
10. Ritarar	XIV.—XIII.	—
C. Ritsíminn:		
1. Ritsímastjórinn í Reykjavík	VI.	—
2. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
3. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
4. Bókarar I. stigs	X.	—
5. Bókarar II. stigs	XI.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
7. Yfirvarðstjórar	VIII.	—
8. Varðstjórar	IX.	—
9. Símritarar	X.	—
10. Skeytaskrásetjarar	XI.	—
11. Fjarritarar	XIII.	—
12. Talsímakonur	XIV.	—
13. Yfir-sendimenn	XI.	—
14. Sendimenn	XIII.	—
D. Langlínumiðstöð:		
1. Yfirvarðstjórar	X.	—
2. Varðstjórar	XIII.	—
3. Eftirlitsstúlkur	XI.	—
4. Talsímakonur I. stigs	XIII.	—
5. Talsímakonur II. stigs	XIV.	—
E. Bæjarsíminn í Reykjavík:		
1. Bæjarsímastjóri	VI.	—
2. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
3. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
4. Innheimtuféhirðir	VIII.	—
5. Símafræðingur	VII.	—

6.	Símvirkjaverkstjórar	IX.	launafl.
7.	Teiknari I. stigs	X.	—
8.	Símvirkjar	X.	—
9.	Bókarar I. stigs	X.	—
10.	Línuverkstjórar	X.	—
11.	Teiknarar II. stigs	XII.	—
12.	Efnisvörður	X.	—
13.	Iðnaðarmenn I. stigs	X.	—
14.	Flokksstjórar	XI.	—
15.	Aðstoðarféhirðar	X.	—
16.	Næturvörður	XI.	—
17.	Línumenn	XII.	—
18.	Stöðvargæzlumenn	XII.	—
19.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
F.	Birgðahúsið:		
1.	Birgðastjóri	VIII.	—
2.	Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
3.	Fulltrúi II. stigs	IX.	—
4.	Efnisverðir	IX.	—
5.	Umsjónarmaður bifreiða	X.	—
6.	Bókari	XI.	—
7.	Afgreiðslumenn	XII.	—
G.	Radíóverkstæðið:		
1.	Verkstjóri	IX.	—
2.	Símvirkjar	X.	—
3.	Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—
H.	Skiptiborðaverkstæðið:		
1.	Verkstjóri	IX.	—
2.	Símvirkjar	X.	—
3.	Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—
I.	Ritsímaverkstæðið:		
1.	Verkstjóri	IX.	—
2.	Símvirkjar	X.	—
3.	Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—
J.	Viðhald síma:		
1.	Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
2.	Símvirkjaverkstjórar	IX.	—
3.	Línuverkstjórar	X.	—
4.	Símvirkjar	X.	—
5.	Flokksstjórar	XI.	—
6.	Línumenn	XII.	—
K.	Landssímahúsið:		
1.	Húsvörður	XII.	—
L.	Radíóstöðvarnar:		
1.	Stöðvarstjóri stuttbylgjustöðvarinnar í Gufunesi	VIII.	—
2.	— Loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík	IX.	—
3.	— sendistöðvarinnar á Rjúpnahæð	IX.	—
4.	— sendistöðvarinnar á Vatnsendahæð	IX.	—
5.	— Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli	IX.	—
6.	Varðstjórar	IX.	—
7.	Símritarar	X.	—
8.	Loftskeytamenn	X.	—
9.	Tækjagæzlumenn	X.	—
10.	Fjarritarar	XIII.	—

M. Umdæmisstöðin á Akureyri:

1. Umdæmisstjóri	VII.	launafl.
2. Fulltrúi	VIII.	—
3. Ritsímavarðstjóri	IX.	—
4. Símvirkjaverkstjóri	IX.	—
5. Langlínuvarðstjórar	XIII.	—
6. Símritarar	X.	—
7. Bókari	X.	—
8. Símvirki	X.	—
9. Línumaður	XII.	—
10. Talsímakonur I. stigs	XIII.	—
11. Talsímakonur II. stigs	XIV.	—
12. Ritarar	XIV.—XIII.	—

N. Umdæmisstöðin í Hrútafirði:

1. Umdæmisstjóri	VII.	—
2. Ritsímavarðstjóri	VIII.	—
3. Símvirkjaverkstjóri	IX.	—
4. Línumaður	XII.	—
5. Talsímakonur I. stigs	XIII.	—
6. Talsímakonur II. stigs	XIV.	—
7. Ritari	XIV.—XIII.	—

O. Umdæmisstöðin á Ísafirði:

1. Umdæmisstjóri	VII.	—
2. Fulltrúi	VIII.	—
3. Ritsímavarðstjóri	IX.	—
4. Símvirkjaverkstjóri	IX.	—
5. Símritarar	X.	—
6. Langlínuvarðstjórar	XIII.	—
7. Talsímakonur I. stigs	XIII.	—
8. Talsímakonur II. stigs	XIV.	—

P. Umdæmisstöðin á Seyðisfirði:

1. Umdæmisstjóri	VII.	—
2. Fulltrúi	IX.	—
3. Ritsímavarðstjóri	IX.	—
4. Símvirki	X.	—
5. Símritarar	X.	—
6. Talsímakonur I. stigs	XIII.	—
7. Talsímakonur II. stigs	XIV.	—

R. Umdæmisstöðin á Siglufirði:

1. Umdæmisstjóri	VII.	—
2. Ritsímavarðstjóri	IX.	—
3. Símritarar	X.	—
4. Símvirki	X.	—
5. Bókari	X.	—
6. Langlínuvarðstjóri	XIII.	—
7. Talsímakonur I. stigs	XIII.	—
8. Talsímakonur II. stigs	XIV.	—

S. Vestmannaeyjar:

1. Símstjóri	VII.	—
2. Ritsímavarðstjóri	IX.	—
3. Símritarar	X.	—
4. Símvirkjar	X.	—
5. Bókari	X.	—
6. Langlínuvarðstjóri	XIII.	—

7. Talsímakonur I. stigs	XIII.	launafl.
8. Talsímakonur II. stigs	XIV.	—
T. Hafnarfjörður:		
1. Símstjóri	VIII.	—
2. Símvirkjaverkstjóri	IX.	—
3. Símvirki	X.	—
4. Fjarritari	XIII.	—
5. Talsímakonur I. stigs	XIII.	—
6. Talsímakonur II. stigs	XIV.	—

Laun sem I. stigs talsímakonur skulu þær einar taka, er gegnt hafa því starfi a. m. k. 10 ár.

Með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, skal, eftir því sem við verður komið, ákveða laun símstjóra á I. fl. B og II. fl. stöðvum fyrir rekstur stöðvanna svo og laun póstafgreiðslumanna, sem ákvæði þessarar greinar ná ekki til. Launin séu ákveðin þannig, að þessir starfsmenn fái hlutfallslega sömu laun og aðrir, sem nefndir eru í þessari grein, miðað við þau störf, er þeir hafa með höndum.

19. gr.

I. Ríkisútvarpið:		
a. Aðalskrifstofan:		
1. Útvarpsstjóri	IV.	launafl.
2. Skrifstofustjóri	VI.	—
3. Fulltrúi	IX.	—
4. Féhirðir	IX.	—
5. Bókari	XI.	—
b. Innheimtudeild:		
1. Fulltrúi	IX.	—
2. Bókari	XI.	—
3. Ritarar	XIV.—XIII.	—
4. Innheimtumenn	XIII.	—
c. Auglýsingadeild:		
1. Auglýsingastjóri	IX.	—
2. Ritari	XIV.—XIII.	—
3. Innheimtumaður	XIII.	—
d. Fréttastofan:		
1. Fréttastjóri	VI.	—
2. Fréttamenn	IX.	—
3. Ritarar	XIV.—XIII.	—
e. Skrifstofa dagskrár:		
1. Dagskrárstjóri	VII.	—
2. Fulltrúi	IX.	—
3. Bókari	XI.	—
4. Þulir	IX.	—
5. Ritari	XIV.—XIII.	—
f. Tónlistardeild:		
1. Tónlistarstjóri	VII.	—
2. Fulltrúi	IX.	—
3. Hljómsveitarstjóri	IX.	—
4. Hljómplötuverðir	XII.	—
g. Magnarasalur:		
1. Fulltrúi	IX.	—
2. Magnaraverðir I. stigs	X.	—
3. Magnaraverðir II. stigs	XII.	—

h.	Vatnsendastöðin og endurvarpsstöðvar:		
	1. Stöðvarstjórar	IX.	launafl.
	2. Stöðvarverðir og vélstjórar	X.	—
II.	Viðtækjaverzlun ríkisins:		
	1. Forstjóri	VI.	—
	2. Skrifstofustjóri	VIII.	—
	3. Útvarpsvirki og sölumaður	X.	—
	4. Bókari	XI.	—
	5. Afgreiðslumaður	XII.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III.	Viðgerðarstofa útvarpsins:		
	1. Forstöðumaður	IX.	—
	2. Bókari	XI.	—
	3. Útvarpsvirkjar	X.	—
	4. Afgreiðslumaður	XII.	—

20. gr.

Verzlun og iðnaður.

I.	Áfengisverzlun ríkisins:		
	1. Forstjóri	V.	launafl.
	2. Lyfsölustjóri	V.	—
	3. Skrifstofustjóri	VI.	—
	4. Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
	5. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
	6. Fulltrúi II. stigs	IX.	—
	7. Sölumenn og bókarar I. stigs	X.	—
	8. Innheimtumenn og bókarar II. stigs	XI.	—
	9. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	10. Aðalverkstjóri	VIII.	—
	11. Aðstoðarverkstjórar	X.	—
	12. Átappari, blöndunarmaður, bifreiðarstjórar	XI.	—
	13. Aðstoðarmenn í birgðahúsi	XII.	—
	14. Aðstoðarfólk í lyfjagerð	XIV.	—
	15. Iðnkonur	XV.	—
	16. Útsölustjórar í Reykjavík	VI.	—
	17. Afgreiðslumenn í útsölum	X.	—
	18. Útsölustjórar utan Reykjavíkur	VIII.	—
II.	Tóbakseinkasalan:		
	1. Forstjóri	V.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
	4. Birgðavörður	VIII.	—
	5. Sölumenn og bókarar I. sigs	X.	—
	6. Innheimtumaður og bókarar II. stigs	XI.	—
	7. Afgreiðslumenn	XII.	—
	8. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	9. Bifreiðarstjórar	XI.	—
	Tóbaksgerð:		
	1. Verkstjóri	X.	—
	2. Aðstoðarmenn	XI.	—
	3. Iðnkonur	XV.	—

III.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:		
	1. Forstjóri	V.	launafl.
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Bókari	XI.	—
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—
IV.	Áburðar- og grænmetisverzlun:		
	1. Forstjóri	V.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Féhirðir	VIII.	—
	4. Sölumaður	X.	—
	5. Bókari	XI.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—
	7. Verkstjóri og bifreiðarstjóri	XI.	—
	8. Aðstoðarmenn	XIII.	—
V.	Landssmiðjan:		
	1. Forstjóri	V.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
	4. Bókarar I. stigs	X.	—
	5. Bókarar II. stigs og innheimtumaður	XI.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
VI.	Innkaupastofnun ríkisins:		
	1. Forstjóri	V.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Bókari	X.	—
	4. Ritari	XV.—XIII.	—

21. gr.

Árslaun kennara og barnaskólastjóra samkv. 14. gr. eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um 1/12 hluta heildarlauna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu, í samráði við fjármálaráðuneytið, að ákveða sérstaka þóknun þeim skólastjórum, sem hafa á hendi stjórn í tví- eða þrískipuðum skólum, svo og til barnaskólastjóra, sem veita jafnframt forstöðu unglingadeildum.

22. gr.

Laun stundakennara skulu ákveðin með reglugerð, er menntamálaráðherra setur, og vera sem næst 80% af launum fastra kennara við þá skóla, sem þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum.

23. gr.

Á laun samkvæmt 1. gr. laga þessara skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er ákveðin á hverjum tíma samkv. lögum.

24. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

25. gr.

Um leið og lög þessi taka gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, svo og greiðsla skrifstofufjár embættismanna, sem ætlað hefur verið til launa starfsfólks, er lög þessi taka til.

Ríkisstjórnin, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Hæstiréttur tilnefna einn

mann hvert í nefnd, sem skal úrskurða um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs, og hver beri að launa sérstaklega. Nefndinni ber enn fremur að úrskurða um ágreining, sem rísa kann um framkvæmd reglugerðar um vinnutíma og eftirvinnukaup o. fl. Þá er og nefndinni skylt að láta í té umsögn sína um mál, er varða kaup og kjör starfsmanna hjá ríkinu, ef ríkisstjórnin óskar þess.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfa hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Bæjarfógetar, sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík fá gjald af innheimtum ríkissjóðstekjum sem hér segir:

1. Af 100 þús. kr. eða minna greiðist	1 %
2. Af 100—500 þús. kr. greiðist	½ %
3. Af 500—1000 þús. kr. greiðist	¼ %
4. Af 1—5 millj. kr. greiðist	1‰
5. Af 5—10 millj. kr. greiðist	½‰
6. Af 10 millj. kr. og þar yfir greiðist	¼‰

26. gr.

Héraðslæknar, dýralæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkv. gjaldskrám, sem hlutaðeigandi ráðherra setur.

27. gr.

Nú ber nauðsyn til að unnið sé á vinnuvökum, og er þá fjármálaráðherra heimilt að ákveða, að starfsmenn hljóti 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á tímanum frá kl. 21 til 8.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins og öll lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta ári lýsti ríkisstjórnin yfir því, að hún mundi beita sér fyrir setningu nýrra launalaga á Alþingi því, sem nú stendur yfir. Var skipuð nefnd til þess að undirbúa mál þetta. Nefndin hefur lokið störfum og skilað áliti og ríkisstjórnin fallizt á að gera tillögur hennar að sínum tillögum. Er frumvarp það, sem hér liggur fyrir því samhljóða tillögum nefndarinnar.

Þess er rétt að geta, að eftir að álit nefndarinnar var prentað hafa verið gerðar á frumvarpinu breytingar samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá nefndinni, en að öðru leyti, er álit hennar birt sem fylgiskjöl.

Um 1. gr.

Launaflokkar í frv. nefndarinnar eru XV, eða einum færri en í launalögum nú. Taldi nefndin sjálfsagt að sleppa XVI. launaflokknum, þar eð honum hefur eigi verið fylgt í framkvæmd.

Launastigann í frv. hefur nefndin ákveðið svo sem nú skal greina: Lögð eru til grundvallar grunnlaun samkvæmt launastiga núgildandi launalaga, en þau eru fundin þannig, að tekin eru launin eins og þau voru, eftir að ákveðið var með 5. gr. gengisskráningarlaganna, nr. 22/1950, að eigi skyldi greina á milli grunnlauna og verðlagsuppbótar, heldur telja hvort tveggja laun í einu lagi. Við þessi laun er svo bætt 20% grunnlaunauppbót þeirri, sem nú er greidd.

Dæmi: Árslaun í I. flokki launalaga eru kr. 15000.00. Samkvæmt ákvæðum 5. gr. l. nr. 22/1950 urðu þessi laun kr. 45000.00 (vísitala var þá 300), við bætast 20%, núverandi grunnlaun eru því kr. 54000.00.

Núgildandi grunnlaun hefur svo nefndin hækkað um 9—10%, og er annars staðar í nefndarálitinu gerð grein fyrir því, á hvaða rökum sú hækkun er reist.

Með þessu móti verða hlutföllin milli launaflokkanna innbyrðis sem næst hin sömu, og þau voru upphaflega í launalögunum 1945.

Nefndin er sammála um, að einn helzti galli á þessum launastiga sé, hve lítill munur er gerður á launum fyrir ábyrgðarstöður og stöður, er krefjast mikillar undirbúningsmenntunar annars vegar, og á launum fyrir hin ábyrgðarminni og vandaminni störf hins vegar.

Var mjög um það rætt að hækka hlutfallslega meira efri launaflokkana, en niðurstaðan varð þó sú, að nefndin treysti sér eigi til að fara inn á þá braut, m. a. af því, að hún taldi þá fá nokkra leiðréttingu, frá því sem verið hefur, með afnámi þeirrar skerðingar, sem verið hefur á greiðslu verðlagsuppbótar.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er gerð sú breyting á ákvæðum launalaga, að tíminn, sem það tekur að komast úr byrjunarlaunum í hámarkslaun, styttist í 6 launaflokkum um 2 ár og einum um 1 ár. Telur nefndin þessa breytingu eðlilega, því að vart getur talizt sanngjarnt, að 6 ár þurfi til að vinna sig upp í hámarkslaun. Er áætlað, að breyting þessi kosti ríkissjóð um 233 þús. kr. á ári miðað við vísitölu 173.

Í 2. mgr. er nýmæli. Þykir einsætt að heimila, þegar sérstaklega stendur á, að taka megi tillit til starfa, þótt eigi séu unnin hjá ríkinu, þegar aldurshækkanir eru ákveðnar.

Ákvæði 3. mgr. eru einnig nýmæli. Í launalögum nú er riturum skipað í þrjá launaflokka: XV., XIV. og XIII. Eiga sumar stofnanir einungis rétt á að hafa ritara í XV. fl., aðrar í XV. og XIV. og enn aðrar í öllum flokkunum. Hefur þetta gefizt illa. Stofnanir, sem aðeins mega ráða ritara í tveimur lægri flokkunum, fá oft enga fyrir þau laun, er greiða má, og hefur í framkvæmd orðið að víkja frá launalögum til þess að mögulegt væri að ráða í stöðurnar, einkum ef launin eru bundin við XV. flokk.

Nefndin leggur til, að ritarar taki laun samkvæmt XIV. og XIII. launaflokki, og að eigi sé í þessu efni gerður munur á stofnunum, en reglan verði sú, að ritarar taki laun með venjulegum hætti í XIV. flokki, þegar þeir koma fyrst í þjónustu ríkisins, færist síðan í XIII. fl., er þeir hafa náð hámarkslaunum í XIV. flokki. Þessi tilhögun verður að dómi nefndarinnar tvímælalaust til bóta.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

II. Forsetaskrifstofan.

Laun þessara starfsmanna eru ekki ákveðin í launalögum nú.

Núverandi forsetaritara hafa verið goldin laun samkvæmt IV. launafl., með tilliti til þess, að hann gegnir jafnhliða störfum í utanríkisráðuneytinu. Hér er lagt til, að forsetaritari taki laun samkv VI. flokki.

III. Bústjóri á Bessastöðum. — Bústjóri tekur nú laun samkv. X. launaflokki, og er í frv. lagt til, að hann verði færður í IX. flokk.

Um 5. gr.

Alþingi. — Húsvörður færður úr XIII. í XII. launafl. Að öðru leyti óbreytt.

Um 6. gr.

I. Stjórnarráðið.

Ráðherrar eru eigi fastir starfsmenn með sama hætti og aðrir þeir, er launalög taka til. Telur nefndin því eðlilegast að ákveða laun þeirra með sérstökum lögum, svo sem var áður en núgildandi launalög voru sett.

B. Ráðuneytisstjórar.

Lagt er til, að starfsheiti skrifstofustjóra í ráðuneytunum verði breytt þannig, að þeir verði framvegis nefndir ráðuneytisstjórar, en það svarar til erlenda heitisins departementschef, sem er sambærileg staða, t. d. í Danmörku. Þegar stjórnarráðið var stofnað, var ráðuneytið aðeins eitt og greindist í þrjár skrifstofur, 1., 2. og 3. skrifstofu, og í samræmi við það voru forstöðumenn skrifstofanna kallaðir skrifstofustjórar. Á hinn bóginn var landritarinn þá eins konar ráðuneytisstjóri, og hélzt svo til 1917, er það embætti var lagt niður og ráðherrunum fjölgað, en þá má segja, að skrifstofustjórarnir hafi orðið ráðuneytisstjórar, þó að embættisheitinu væri eigi breytt í samræmi við það.

Nefndin telur eðlilegt, að laun ráðuneytisstjóra verði ákveðin samkvæmt III. flokki í stað IV. eins og nú er.

C. Aðrir starfsmenn.

a. Ráðuneytin.

1. Deildarstjórar. — Í núgildandi launalögum er einungis gert ráð fyrir deildarstjóra í utanríkisráðuneytinu.

Nefndin sér ekki ástæðu til að einskorða þetta starfsheiti við utanríkisráðuneytið eitt. Telur hún, að hentugt gæti verið að hafa a. m. k. í stærri ráðuneytunum, embættismann, er væri í launaflokki milli ráðuneytisstjóra og fulltrúa, sem annaðhvort hefði með höndum tiltekin trúnaðarstörf eða verkstjórn á ráðuneytisskrifstofunum.

2., 3. Fulltrúar. — Fulltrúar I. stigs eru hækkaðir um einn launaflokk eftir 10 ára starf, eða úr VII. fl. í VI. fl. Fulltrúar II. stigs eru hækkaðir um einn flokk úr VIII. fl. í VII. fl. Hefur sú breyting ekki teljandi útgjaldaaukningu í för með sér, þar eð örfáir menn taka nú laun sem fulltrúar II. stigs.

6. Bifreiðarstjórar eru hækkaðir um tvo launaflokka, úr XIII. í XI. flokk.

Annað óbreytt.

b. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Tekið upp starfsheitið ríkisendurskoðandi í stað aðalendurskoðanda og staðan færð úr IV. launaflokki í III. launaflokk til samræmis við ráðuneytisstjóra. Tekið er upp nýtt starfsheiti, endurskoðendur, og laun ákveðin í VI. fl. Er ætlazt til, að í þær stöður veljist menn, sem lokið hafi sérstöku prófi í endurskoðun.

Annað óbreytt.

II. Ríkisbókhald. — Ríkisbókari færður úr V. í IV. launafl. Annað óbreytt.

III. Ríkisfjárhirzla. — Ríkisféhirðir færður úr V. í IV. launafl. Annað óbreytt.

Um 7. gr.

Utanríkisþjónustan. — Óbreytt.

Um 8. gr.

Hagstofa Íslands. — Hagstofustjóri færður í III. launaflokk.

Ný starfsheiti: deildarstjórar í VI. launaflokki og umsjónarmaður með skýrslusöfnun í IX. launaflokki.

Annað óbreytt.

Um 9. gr.

I. Hæstiréttur. — Hæstaréttarritari færður úr VII. í VI. launaflokk og húsvörður úr X. í XII. launaflokk. — Annað óbreytt.

II. Borgardómaraembættið í Reykjavík. — Á s. l. vetri var í framkvæmd gerð sú breyting, að fulltrúar við borgarfógetaembættið, sakadómaraembættið og borgardómaraembættið, svo og við stærstu bæjarfógetaembættin utan Reykjavíkur voru færðir úr VII. í VI. launaflokk, ef þeir höfðu dómstörf að aðalstarfi. Var þetta talið sanngjarnt, þar eð þeir störfuðu nú meira á eigin ábyrgð en verið hafði, þegar launalögin voru sett. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þessi skipan haldist, enda hafi hlutaðeigandi gegnt slíku starfi a. m. k. í 10 ár.

Annað óbreytt.

III. Borgarfógetaembættið í Reykjavík. — Um fulltrúa I. stigs vísast til þess, er segir um fulltrúa hjá borgardómara.

Bifreiðarstjóri færður úr X. í XI. launaflokk.

Annað óbreytt.

IV. Sakadómaraembættið í Reykjavík. — Um fulltrúa I. stigs sbr. aths. hér á undan.

Laun skrifstofustjóra ákveðin hér samkvæmt VI. launafl., sem er í samræmi við núverandi laun þessa starfsmanns.

Annað óbreytt.

V. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.

Ekki var talið annað fært en ákveða laun aðalfulltrúa lögreglustjóra hin sömu og I. stigs dómarafulltrúa.

Skrifstofustjóri færður úr VII. í VI. fl. til samræmis við skrifstofustjóra sakadómara.

Húsvörður færður úr XIII. í XII. launafl.

Útlendingaeftirlitið. — Óbreytt frá því, sem er í framkvæmd.

Bifreiðaeftirlitið. — Yfireftirlitsmaður, óbreytt frá því, sem er í framkvæmd. Fulltrúi í Reykjavík og fulltrúi á Akureyri færðir úr X. í IX. launafl. — Annað óbreytt.

VI. Bæjarfógetar, sýslumenn og lögreglustjórar utan Reykjavíkur. — Óbreytt.

VII. Starfsmenn sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra.

Fulltrúar I. stigs hjá bæjarfógetanum á Akureyri, bæjarfógetanum í Hafnarfirði og bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum færðir úr VII. launafl. í VI. launafl., sbr. athugasemd við borgardómaraembættið.

Bætt við stöðu féhirðis hjá bæjarfógetanum á Akureyri, í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum. Laun ákveðin í VIII. fl. svo sem nú er í framkvæmd.

Annað óbreytt.

VIII. Ríkislögreglan. — Bætt við stöðu yfirlögregluþjóns (VII. fl.) og stöðu varðstjóra (VIII. fl.) á Keflavíkurflugvelli. — Annað óbreytt.

IX. Landhelgisgæzlan. — Staða forstjóra landhelgisgæzlunnar tekin í frv. í III. launafl. eins og nú er í framkvæmd.

X. Hegningarhús og vinnuhæli.

Fangavörðum skipað í launafl. eins og nú er, en sú breyting hefur í framkvæmd orðið frá launalögum, að yfirfangaverðir taka laun í IX. launafl.

Bryti á Litla-Hrauni tekinn í frv. í X. launafl.

Um 10. gr.

I. Skipaskoðun ríkisins. — Skipaskoðunarstjóri færður úr VI. í V. launaflokk, engin breyting frá því, sem nú er í framkvæmd. — Annað óbreytt.

II. Öryggiseftirlit.

Öryggismálastjóri færður úr VI. í V. launaflokk. Öryggiseftirlitsmaður settur í VII. flokk, eins og hann er nú.

Skoðunarmenn eru samkv. launalögum í X. fl., en hafa í framkvæmd laun samkv. IX. flokki. Nefndin hefur samræmis vegna fært þá í X. flokk.

III. Löggildingarstofan. — Forstöðumaður færður úr X. launafl. í VIII. fl. og aðstoðarmenn færðir úr XIII. í XII. fl.
IV. Eftirlit með skipulagi bæja og kauptúna. — Skipulagsstjóri færður úr VI. fl. í V. fl. — Arkitektum I. stigs er skipað í VI. flokk og arkitektum II. stigs í VIII. flokk.
V. Afurðamat.
a. Fiskmat. — Óbreytt frá því, sem er í framkvæmd, en fiskmatsstjóri færist úr VI. launafl. í V. og yfirfiskmatsmenn úr X. í IX. launafl.
b. Síldarmat. — Óbreytt.
VI. Eftirlitsmaður með sparisjóðum. — Óbreytt.
VII. Þjóðgarðsvörður — Óbreytt.
VIII. Mjólkureftirlitsmaður. — Óbreytt frá því, sem er í framkvæmd.

Um 11. gr.

I. Tollstjóraembættið í Reykjavík.
Störf við embætti þetta hafa aukizt mjög síðan launalögin voru sett, og hefur af þeim sökum þótt óhjákvæmilegt að gera nokkrar breytingar frá gildandi launalögum, og eru þessar helztar:
A. Skrifstofan.
Bætt er við skrifstofustjóra með launum samkv. VI. fl., enn fremur deildarstjórum í tollheimtu- og skattheimtudeildum (2) með launum samkvæmt VI. fl. Fulltrúar með VII. fl. laun annast nú þessi störf. Aðalbókari og aðalféhirðir eru hækkaðir um einn launaflokk upp í VII. fl., en aðalféhirðir tollstjórans tekur nú í framkvæmd laun samkv. þeim launaflokki. Bætt er í frv. aðstoðarféhirði með launum samkv. VIII. fl., en sá starfsmaður tekur nú í framkvæmd laun samkvæmt þeim flokki. Gert er ráð fyrir aðalskatt- og aðaltollriturum í VIII. fl. Þessir starfsmenn taka nú laun sem fulltrúar II. stigs samkv. IX. fl. Þykir ekki fært annað en hækka þá um einn launaflokk, og hefur starfsheiti þeirra jafnframt verið breytt. Loks er tekinn upp nýr liður: Toll- og skattritarar III. stigs með launum samkv. XII. fl. — Annað óbreytt.
B. Tollgæzlan í Reykjavík.
Fyrir alllöngu var skipaður sérstakur fulltrúi við tollstjóraembættið til að annast daglega yfirstjórn tollgæzlunnar í Reykjavík. Er hér tekið upp nýtt starfsheiti á þessum starfsmanni, tollgæzlustjóri, og honum skipað í VI. launaflokk. Fulltrúa við tollgæzlu er skipað í VII. flokk. Yfirtollvörður, sem jafnframt er féhirðir í farangursafgreiðslu er hækkaður úr IX. fl. í VIII. fl., þar eð hann hefur miklar fjárreiður með höndum. — Annað óbreytt.
II. Tollgæzlan utan Reykjavíkur. — Óbreytt.
III. Ríkisskattanefnd. — Skrifstofustjóri færður úr VII. fl. í VI. flokk. Að öðru leyti óbreytt frá því, sem nú er í framkvæmd.
IV. Skattstofan í Reykjavík. — Skattstjóri færður úr V. í IV. fl. Bætt við starfsheitinu deildarstjórar í VII. fl., þar eð heppilegt þykir að skipta stofnuninni í deildir vegna aukinna starfa. Sú breyting er gerð að greina fulltrúana í 2 stig. Er lagt til, að fulltrúar I. stigs taki laun eftir VIII. fl., en II. stigs eftir IX. fl., en samkvæmt núgildandi launalögum er aðeins einn fulltrúaflokkur á skattstofunni, er tekur laun samkv. IX. launaflokki.
V. Skattstofur utan Reykjavíkur. — Óbreytt.

Um 12. gr.

I. Landlæknisembættið. — Landlæknisritari færður úr X. í IX. launafl.
II. Berklavarnir. — Óbreytt.

III. Læknar. — Upp í frv. eru teknir forstöðumaður Blóðbankans í V. launafl. og yfirlæknir við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur í sama launafl. Niður fellur héraðslæknir í Reykjavík. — Annað óbreytt.

IV. Ríkisspítalarnir.

A. Skrifstofa Ríkisspítalanna. — Í samræmi við það, sem nú er í framkvæmd.

B.—F. Sjúkrahúsin.

Nefndin taldi, að ekki yrði komizt hjá að gera allmiklar breytingar á launaflokkum hjá starfsfólki ríkissjúkrahúsanna, og verða þær nú raktar hér á eftir:

Breytt er starfsheiti I. aðstoðarlækna og þeir nefndir deildarlæknar. Launaflokkun óbreytt (VI. fl.).

Aðstoðarlæknar (nú II. aðstoðarlæknar) færðir úr VIII. í VII. fl. Yfirhjúkrunarkona á Landspítala færð úr IX. í VII. launaflokk.

Með hliðsjón af þeim kröfum, sem gerðar eru um menntun hjúkrunarkvenna, svo og því, hvernig starfinu sjálfu er háttað, taldi nefndin sanngjarnt, að þær væru hækkaðar um einn launaflokk. Enn fremur eru röntgenkonur á Landspítala og ljósmæður við fæðingardeild hækkaðar um einn flokk. Þá er ráðskona á Landspítala færð úr IX. í VIII. fl. og umsjónarmaður á Landspítala færður í IX. fl., en hann tekur nú í framkvæmd laun sem svara til X. fl. Er þá jafnframt svo til ætlazt, að niður falli sérstök þóknun til hans vegna starfa við fæðingardeild. Bústjórar á Kleppi og Vífilsstöðum færðir úr X. í IX. fl. og ráðsmaður á Kristnesi færður úr IX. í VIII. fl.

Nýlega hafa verið gerðir samningar við Starfsmannafélagið Þór um, að þeir starfsmenn ríkissjúkrahúsanna, sem hingað til hafa tekið laun samkv. kjarasamningum við nefnt félag, verði fastir starfsmenn ríkisins og taki laun samkv. launalögum. Er hér um að ræða vélgæzlumenn, viðgerðarmenn, bifreiðarstjóra, hjúkrunarmenn á Kleppi, vinnumenn og þvottamenn í þvottahúsi Landspítala. Eru þeir flokkaðir hér í samræmi við það, sem nú er í framkvæmd.

Hjúkrunarkvennaskólinn. — Verið er að flytja skólann í ný húsakynni, og er jafnframt gert ráð fyrir fjölgun nemenda. Hefur þótt rétt að ákveða forstöðukonu laun samkvæmt VII. launafl. í stað IX. nú og kennara í IX. fl. Eru það sömu launakjör og ákveðin eru í frv. forstöðukonu og kennurum við Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Fávitahælið í Kópavogi. — Óbreytt frá því, sem er í framkvæmd, nema hvað hjúkrunarkonur hafa verið hækkaðar um einn flokk, sbr. það, sem áður hefur verið sagt.

Um 13. gr.

I. Vegamálaskrifstofan. — Verkfræðingar hækka um einn launaflokk, en í framkvæmd tekur einungis yfirverkfræðingurinn laun samkv. launalögum, þar eð aðrir verkfræðingar taka laun samkv. sérstökum kjarasamningi. — Féhirðir færður úr IX. í VIII. launafl., en hann tekur nú laun samkv. þeim flokki. — Teiknari í X. launafl. er tekinn í frv., er það óbreytt frá því, sem er í framkvæmd. — Annað óbreytt.

II. Vita- og hafnamálaskrifstofan. — Verkfræðingar, sbr. það, sem segir um vegamálaskrifstofuna. Sama á og við um teiknara. — Annað óbreytt.

III. Skipaútgerð ríkisins. — Aðalbókari og aðalféhirðir færðir úr VIII. fl. og í VII. fl. — Annað óbreytt.

IV. Flugþjónustan. — Laun starfsmanna flugþjónustunnar eru ekki ákveðin nú í launalögum. — Hefur nefndin leitazt við að skipa þeim í launaflokka til samræmis við aðra sambærilega starfsmenn ríkisins. Hefur af því leitt, að sumir starfsmenn flugþjónustunnar koma í frv. í lægri launaflokk en svarar til

launa þeirra nú, en þau virðast mun hærri en launalög gera ráð fyrir um hliðstæða starfsmenn.

V. Ferðaskrifstofa ríkisins. — Þessi stofnun er ekki í núgildandi launalögum. Starfsmönnum skipað í launaflokka til samræmis við aðra hliðstæða starfsmenn.

Um 14. gr.

A. Kirkjumál.

I. Biskupsembættið. — Lagt er til, að biskupsritari og söngmálastjóri verði færðir úr VIII. í VII. launaflokk. Að öðru leyti óbreytt.

II. Prestar. — Nefndin telur að athuguðu máli, að þessir starfsmenn séu settir í of lágan launaflokk í launalögum nú, og leggur til, að vígslubiskupar verði færðir úr VIII. í VI. launaflokk. Enn fremur er lagt til, að ákveðið verði með reglugerð, er kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups og Prestafélags Íslands, að prestaköllum sé skipt í tvo flokka, með hliðsjón af aukatekjum embættanna, og taki sóknarprestar laun samkv. VIII. og VII. launaflokki. Þá leggur nefndin til, að sóknarprestur, sem skipaður er prófastur, skuli færast upp um einn launaflokk.

B. Kennslumál.

I. Háskólinn. — Rektor háskólans eru ákveðin laun í III. fl., en samkvæmt núgildandi launalögum tekur hann laun sem aðrir prófessorar í V. fl. Tekinn í frv. íþróttakennari, sem nú starfar við háskólann, og laun hans ákveðin í IX. launafl. Húsvörður færður úr XIII. í XII. launafl.

II. Fræðslumálaskrifstofan. — Óbreytt frá launalögum nú, að öðru leyti en því, að tekin er í frv. staða féhirðis, sem nú starfar við stofnunina, og staða bókafulltrúa, sbr. 30. gr. laga nr. 42/1955.

III. Eftirlitsmaður með fjármálum skóla. — Nýtt starf, sbr. lög nr. 41/1955, 21. gr. Maður sá, er gegnir starfinu nú, hefur verið námsstjóri.

IV. Menntaskólar. — Menntaskólinn á Laugarvatni tekinn upp í frumvarpið. Húsverðir færðir úr XIII. í XII. launafl. — Annað óbreytt.

V. Kennaraskólinn. — Skólastjórinn færður úr VI. í V. launaflokk og kennarar úr VIII. í VII. launaflokk.

VI. Stýrimannaskólinn og vélskólinn. — Óbreytt, nema húsvörður færður úr XIII. í XII. flokk.

VII. Búnaðarskólar. — Óbreytt.

VIII. Garðyrkjuskólinn á Reykjum. — Óbreytt.

IX. Gagnfræðaskólar. — Óbreytt.

X. Iðnskólar.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 45/1955 greiðir ríkissjóður laun skólastjóra og fastra kennara við iðnskólana. Í 14. gr. sömu laga segir, að um launakjör þessara aðila skuli gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt, þó skuli skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík taka laun í V. flokki launalaga.

Í samræmi við þetta hefur nefndin flokkað þessa starfsmenn í frv., þó með þeirri breytingu, að skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík er færður niður í VI. launaflokk, þar eð nefndin getur eigi á það fallizt, að hann taki laun í sama flokki og háskólaprófessorar og forstöðumenn menntaskólanna.

XI. Matsveina- og veitingaþjónaskólinn. — Ný stofnun. Laun ákveðin í samræmi við hliðstæða skóla.

XII. Húsmæðrakennaraskólinn. — Óbreytt.

XIII. Húsmæðraskólar. — Óbreytt.

XIV. Íþróttakennaraskólinn. — Óbreytt.

XV. Heyrnar- og málleysingjaskólinn. — Óbreytt.

XVI. Barnafræðslan.

Í launalögum nú er barnakennurum skipað í X. launaflokk. Þegar athugað er, hvaða starfshópar aðrir eru settir í þann flokk, er ljóst, að meiri undirbúningsmenntunar er krafizt af kennurum en öðrum, sem þann flokk skipa. Bendir margt til þess, að ráðið hafi úrslitum um þessa skipan, að kennurunum hafi verið talið til hlunninda lengra sumarleyfi en tíðkast hjá flestum öðrum stéttum.

Gera má ráð fyrir, að það séu einkum yngri mennirnir í stéttinni, sem helzt stunda vinnu í sumarleyfi sínu og drýgi með því tekjur sínar.

Með skírskotun til framanritaðs hefur nefndin talið, að lagfæringar sé þörf og leggur til, að eftir 10 ára starf séu barnakennarar færðir úr X. launafl. í IX. launafl. Við þessa breytingu koma kennarar þeir, sem færast í IX. flokk í sama launaflokk og skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 1—4 kennarar. Leggur því nefndin til, að skólastjórar þessir flytjist í VIII. launafl. Í þessu sambandi skal á það bent, að í þessum launaflokki eru nú skólastjórar við barnaskóla, þar sem eru 5—10 kennarar og heimavistarbarnaskólastjórar. Koma því nú samkv. frv. í þennan launaflokk skólastjórar við barnaskóla með færri en 10 kennurum og heimavistarbarnaskólastjórar.

Vegna ákvæða 5. gr. laga nr. 22/1950, um að hætt skyldi við gildistöku þeirra laga að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar, verður að breyta hlutföllum núgildandi launalaga um skiptingu kennararlauna milli ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga úr ⅓ í ⅓ og ¼ í 1/12 til þess að sú skipan, sem nú er á þessum málum, haldist óbreytt.

Að öðru leyti óbreytt.

Um 15. gr.

I. Þjóðleikhúsið. — Nefndin hefur eigi talið ástæðu til að taka í launalög aðra starfsmenn þjóðleikhússins en þjóðleikhússtjóra, skrifstofufólk og húsvörð. Er launaflokkun miðuð við það, sem nú er í framkvæmd.

II. Landsbókasafnið. — Húsvörður færður úr XIII. í XII. flokk. Annað óbreytt.

III. Þjóðskjalasafnið. — Óbreytt.

IV. Þjóðminjasafnið. — Staða húsvarðar tekin í frumvarpið. Annað óbreytt.

V. Listasafn ríkisins. — Nýtt. Launaflokkun hin sama og nú er í framkvæmd.

VI. Náttúrugripasafnið.

Samkv. 5. gr. laga nr. 17/1951 eiga laun deildarstjóra við náttúrugripasafnið að vera hin sömu og deildarstjóra við Atvinnudeild háskólans.

Þó skal sá, sem fer með yfirstjórn sameiginlegra mála safnsins, njóta sömu launa og forstöðumenn landsbóka-, þjóðminja- og þjóðskjalasafns.

Þar eð nefndin gerir tillögur um, að bæði deildarstjórar og sérfræðingar við Atvinnudeild háskólans verði færðir upp um einn launaflokk, sbr. VII. hér á eftir, leggur hún til, að deildarstjórar við náttúrugripasafnið taki laun samkv. sama flokki og sérfræðingar við atvinnudeild, en forstöðumaðurinn verði á hinn bóginn í sama launaflokki og forstöðumenn framangreindra safna.

VII. Atvinnudeild háskólans. — Framkvæmdastjóri rannsóknarráðs og deildarstjórar færðir úr VI. launafl. í V. flokk. Sérfræðingar færðir úr VII. launafl. í VI. fl. Staða skrifstofustjóra tekin í frv. Laun ákveðin í samræmi við það, sem nú er í framkvæmd. Sama er að segja um stöðu viðgerðamanns.

VIII. Rannsóknarstofa háskólans. — Tekin eru upp 2 ný starfsheiti: Vefjarannsóknarmaður og sýklarannsóknarmaður í VIII. launafl. Menn þessir gegna sérstökum trúnaðarstörfum og hafa nú í framkvæmd tekið laun samkv. VIII. launaflokki. — Annað óbreytt.

IX. Tilraunastöðin að Keldum. — Ný stofnun í launalögum. Laun forstöðumanns

og sérfræðinga ákveðin í samræmi við 4. gr. laga nr. 11/1947 og laun annarra starfsmanna í samræmi við það, sem þau eru í framkvæmd og í samræmi við hliðstæðar stofnanir.

X. Veðurstofan.

Störf þessarar stofnunar eru stórum umfangsmeiri nú heldur en þegar launalögin voru sett. Starfsmönnum hefur fjölgað mikið og starfssvið stofnunarinnar færst mjög út. Af þessu leiðir, að nefndin leggur til ýmsar breytingar frá núgildandi lögum. Er við það miðað, að stofnunin starfi í deildum svo sem nú er í framkvæmd.

Veðurstofustjóri er fluttur úr V. launafl. í IV. fl. Tveir deildarstjórar færðir úr VI. í V. fl., en starfsheiti þeirra í núgildandi launalögum er fulltrúar, og taka þeir laun í VI. fl.

Veðurfræðingar taka nú laun í VII. launaflokki. Nefndin leggur til, að þeir veðurfræðingar, sem lokið hafa háskólaprófi í grein sinni, verði færðir í VI. launafl. til samræmis við sérfræðinga í atvinnudeild og að aðra veðurfræðinga megi færa í VI. fl. eftir 10 ára starf samkvæmt tillögu veðurstofustjóra.

Skrifstofustjóri færður úr VIII. í VII. launafl. Samkvæmt tillögu veðurstofustjóra eru aðstoðarmenn færðir úr X. fl. í XI. fl. með tilliti til þess, að þeim verði greitt álag á næturvinnu.

Annað er óbreytt frá því, sem nú er í framkvæmd.

XI. Skrifstofa húsameistara. — Húsameistarar I. stigs eru færðir úr VII. í VI. launafl. til samræmis við verkfræðinga. Eðlilegt þykir, að byggingameistari sé í sama flokki. Staða féhirðis er tekin í frv. í IX. fl. í samræmi við það, sem nú er í framkvæmd. Bætt við stöðu ritara.

Um 16. gr.

I. Sandgræðslustjóri — Óbreytt.

II. Skógrækt ríkisins. — Skógræktarstjóri færður úr VI. í V. launafl. Annað óbreytt frá því, sem er í framkvæmd.

III. Stjórn veiðimála. — Stofnun þessi er ekki í launalögum nú. Launaflokkun í frv. hin sama og nú er í framkvæmd.

IV. Dýralæknar.

Yfirdýralæknir færður úr IX. í V. launaflokk, þar eð nefndin telur, að þessi embættismaður sé nú í of lágum launaflokki miðað við hliðstæða embættismenn.

Dýralæknisumdæmum í landinu hefur verið fjölgað frá því að launalög voru sett. Nefndin taldi rétt, að dýralæknar tækju laun í 3 mismunandi launaflokkum, með hliðsjón af þeim aukatekjum, sem gera má ráð fyrir í hverju umdæmi um sig. Er þar fylgt sömu reglu og um héraðslækna. Samkvæmt framansögðu er því lagt til, að dýralæknar taki laun samkv. X., VIII. og VII. launafl., í stað þess, að samkv. núgildandi launalögum taka þeir allir laun eftir X. launafl.

V. Sauðfjárveikivarnir. — Laun starfsmanna ekki áður í launalögum. Launaflokkun í frv. hin sama og nú er.

VI. Tilraunastjórar. — Óbreytt.

Um 17. gr.

Í launalögum eru aðeins starfsmenn við Rafmagnseftirlit ríkisins, sem nú er einungis hluti af stofnun þeirri, er annast stjórn raforkumála, en hún hefur sem kunnugt er fært mjög út kvíarnar á síðustu árum, og er fyrirsjáanlegt, að enn muni störf hennar aukast. — Nefndin hefur því að nokkru í tillögum sínum haft hliðsjón af óskum forstöðumanna stofnunarinnar um að taka í frv. stöður, sem sýnilega verður ekki komizt hjá að stofnaðar verði í náinni framtíð. Að öðru leyti er fylgt

þeirri launaflokkun, sem nú tíðkast í framkvæmd. Þó eru gerðar frá því eftirtaldar breytingar:

Verkfræðingar færðir úr VII. í VI. launafl. Tekin í frumvarpið skrifstofustjórastaða með launum samkv. VI. fl. Iðnfræðingar færðir úr VIII. í VII. fl. Þykir það óhjákvæmilegt með hliðsjón af launakjörum verkfræðinga.

Um 18. gr.

I. Pósturinn. — Bifreiðarstjórar færðir úr X. í XI. launaflokk til samræmis við bifreiðarstjóra hjá öðrum stofnunum. — Annað óbreytt.

II. Landssíminn. — Verkfræðingar færðir úr VII. í VI. launaflokk. Símafræðingar færðir úr VIII. í VII flokk. Aðstoðarféhirðar við bæjarsímann í Reykjavík færðir úr XI. fl. í X. launafl., en þeir eru ekki í launalögum. Lagt er til, að talsímakonur, sem gegnt hafa því starfi 10 ár eða lengur, færist í XIII. launaflokk. Húsvörður í landssímahúsi færist úr XIII. í XII. launaflokk. Tekin eru í frv. nokkur starfsheiti, sem ekki eru í núgildandi launalögum, en tíðkast nú við stofnunina. Er launaflokkun óbreytt frá því, sem er í framkvæmd.

Um 19. gr.

I. Ríkisútvarpið.

Skrifstofustjóri færður úr VII. fl. í VI. fl. eins og nú er orðið í framkvæmd.

Tekið er upp starfsheitið auglýsingastjóri í stað „afgreiðslumaður auglýsinga“, og er staðan jafnframt færð í IX. launafl. úr XII. fl., svo sem er í launalögum nú, en þess þó að geta, að í framkvæmd eru goldin laun samkv. X. fl. Fréttastjóri færður úr VII. í VI. launafl. Tekið upp starfsheitið tónlistarstjóri í tónlistardeild í VII. fl. Sá maður, sem gegnir þessu starfi nú, tekur ekki full laun.

Magnarasalur. — Tekið upp starfsheitið fulltrúi í stað „aðalmagnaravörður“, launafl. óbreytt. Tekin upp starfsheitin magnaraverðir I. og II. stigs, sem ekki eru til í núgildandi launalögum, en launafl. óbreytt frá því, sem er í framkvæmd.

Vatnsendastöðin og endurvarpsstöðvar. — Nýtt starfsheiti, stöðvarstjórar (áður stöðvarverðir). Launafl. óbreytt. Hins vegar er nú gert ráð fyrir stöðvarvörðum og vélstjórum í X. fl. eins og er í framkvæmd.

II. Viðtækjaverzlun ríkisins. — Sölumaður færður úr XI. í X. fl. — Annað óbreytt.

III. Viðgerðastofa útvarpsins. — Óbreytt.

Um 20. gr.

I. Áfengisverzlun ríkisins.

Skrifstofustjóri færður úr VIII. í VI. launafl., en sú breyting var gerð í framkvæmd fyrir alllöngu síðan. Sama máli gegnir um aðalbókara og aðalféhirði, sem færðir eru úr IX. í VII. launafl. Tekin upp ný starfsheiti, fulltrúar I.stigs í VIII. launafl. og fulltrúar II. stigs í IX. fl., en báðar þessar stöður eru í raun réttri til við stofnunina. Sölumenn eru færðir úr XI. fl. í X. fl. Aðalverkstjóri hefur í framkvæmd verið færður úr IX. í VIII. fl., og hefur því verið haldið í frv. Aðstoðarverkstjórar færðir úr XI. í X. fl., staðfesting á framkvæmd. Aðstoðarmenn í birgðahúsi færðir úr XIII. fl. í XII. fl., svo sem orðið er í framkvæmd. Tekið er upp starfsheitið aðstoðarfólk í lyfjagerð í XIV. fl. og iðnkonur færðar úr XVI. í XV. fl., en þær hafa í framkvæmd ekki tekið laun samkv. XVI. fl. Tekið er upp starfsheitið afgreiðslumenn í útsölum í X. fl., eins og tíðkast í framkvæmd. Útsölustjórar utan Reykjavíkur eru færðir úr IX. fl. í VIII. flokk.

II. Tóbakseinkasalan.
Skrifstofustjóri færður úr VIII. fl. í VI. fl. Aðalbókari og aðalféhirðir færðir úr IX. í VII. fl. Var flokkun þessara starfsmanna breytt í framkvæmd um leið og flokkun hliðstæðra starfsmanna Áfengisverzlunar ríkisins. Birgðavörður er færður úr X. í VIII. fl., en hann tekur nú laun samkv. þeim flokki.
Sölumenn eru færðir úr XI. í X. fl. Gert er ráð fyrir bókurum II. stigs í XI. fl. eins og er í framkvæmd.
Innheimtumaður er færður úr XIII. í XI. fl. Bifreiðarstjóri færður úr XIII. í XI. fl. Aðstoðarmenn í tóbaksgerð færðir úr XIII. í XI. fl., eins og nú er í framkvæmd.

III. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. — Skrifstofustjóri færður úr VIII. í VI. fl., en hann tekur nú laun samkv. þeim flokki. Tekin er inn staða bókara II. stigs eins og er í framkvæmd.

IV. Áburðar- og grænmetisverzlun.
Forstjóri færður úr VI. fl. í V. fl. Skrifstofustjóri færður úr VIII. fl. í VI. fl., en hann tekur nú laun samkv. þeim fl. Féhirðir færður úr X. í VIII. fl. eins og er í framkvæmd.
Sölumaður færður úr XI. í X. fl Tekin upp staða bókara í XI. fl. Bifreiðarstjóri færður úr XIII. í XI. fl., og er það óbreytt frá því, sem er í framkvæmd.

V. Landssmiðjan. — Skrifstofustjóri er færður úr VIII. fl. í VI. fl. Teknar upp stöður aðalféhirðis og aðalbókara í VII. fl. Allir þessir starfsmenn taka í framkvæmd hærri laun en svarar til þessarar flokkunar, en eigi þykir nefndinni eðlilegt að skipa þeim í hærri launaflokka vegna samræmis við aðrar stofnanir. Tekin er upp staða innheimtumanns í XI. fl., en hann tekur laun í þeim fl. nú.

VI. Innkaupastofnun ríkisins. — Stofnun þessi var ekki tekin til starfa, þegar núgildandi launalög voru samin. Stöðuheiti þau, sem nú eru til í stofnuninni tekin í frv. og flokkun þeirra hagað í samræmi við stöður í hliðstæðum ríkisstofnunum.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er gerð sú breyting, að kennaralaun skulu lækka um 1/12 hluta heildarlauna fyrir hvern mánuð, sem kennslutími er skemmri en 9 mánuðir, í stað þess að samkvæmt núgildandi lögum lækka þau um 1/9. Er hér orðið við óskum kennarasamtakanna um þetta efni.

Í allmörgum skólum verður sökum rúmleysis að tví- eða þrískipa daglega í kennslustofur. Af því leiðir, að kennsla stendur í skólum þessum óslitið frá morgni til kvölds, og lengir slíkt vitanlega starfsdag skólastjórans. Þykir rétt að heimild sé til þess að greiða skólastjóra sérstaka þóknun, þegar svo stendur á sem nú var rakið. Sama gildir um barnaskólastjóra, sem jafnframt veita forstöðu unglingadeildum.

Um 22. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 23. gr.

Óbreytt frá gildandi launalögum.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 35. gr. núgildandi launalaga.

Um 25. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru en því, að gert er ráð fyrir, að nefnd sú, sem um ræðir í 2. mgr., úrskurði ágreining um vinnutíma og eftirvinnukaup samkv. reglugerðum um það efni, svo og að nefndin láti í té umsögn um sérstök mál, ef ríkisstjórnin kann að óska þess.

Um 26. gr.

Bætt er inn í 1. mgr. greinarinnar, eins og hún er í launalögum nú, ákvæði um, að setja skuli gjaldskrá um aukaverk dýralækna. Á hinn bóginn er 2. mgr. greinarinnar felld niður, þar eð hún virðist óþörf.

Um 27. gr.

Með gr. er lagt til, að lögfest verði heimild til að greiða svonefnt „næturvinnuálag", sem nú er í framkvæmd greitt nokkrum starfshópum, sem vinna á vökum, svo sem lögreglumönnum, tollgæzlumönnum og loftskeytamönnum.

28. og 29. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Fylgiskjal I.

I.

Síðastliðið haust fól ríkisstjórnin nefnd að endurskoða núgildandi launalög. Í nefndinni áttu sæti: Sigtryggur Klemenzson skrifstofustjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Arngrímur Kristjánsson skólastjóri, Guðjón Baldvinsson fulltrúi, Gunnlaugur Briem skrifstofustjóri og Ólafur Björnsson prófessor.

Á fyrsta fundi sínum 6. okt. s. l. samþykkti nefndin að ráða Kristján Thorlacius stjórnarráðsfulltrúa sem ritara nefndarinnar. Alls hefur nefndin haldið 72 fundi. Auk þess hefur mikið starf verið innt af höndum utan funda. Hafa einstakir nefndarmenn tekið að sér tiltekin störf eða undirnefndir verið settar til að athuga ákveðin verkefni.

Nefndin hefur með aðstoð hagstofunnar gert athuganir á núverandi kjörum ýmissa stétta, er laun taka samkvæmt kjarasamningum, svo og hverjar breytingar hafi á þeim orðið á undanförnum árum. Þá hefur og nefndin viðað að sér margvíslegum upplýsingum um launakjör opinberra starfsmanna í nágrannalöndunum.

Enn fremur hefur nefndin átt viðræður við fjölmarga forstöðumenn ríkisstofnana, tekið á móti fulltrúum frá ýmsum starfsgreinum og starfshópum og kynnt sér rækilega öll erindi, sem henni hafa borizt frá starfsmannafélögum og einstaklingum.

Þar eð fljótlega varð ljóst, að nefndin mundi eigi geta hraðað störfum svo, að tillögur hennar yrðu lagðar fyrir Alþingi það, er sat síðastliðinn vetur, komu fram óskir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, um að starfsmönnum ríkisins væru veittar einhverjar launabætur til bráðabirgða.

Varði nefndin miklu af starfi sínu í nóv. og des. til þess að fást við þetta mál, og náðist samkomulag um þá leið, er ríkisstjórn og Alþingi síðan fóru um s. l. áramót, sem sé, að hækkuð var grunnlaunauppbót úr 10—17% í 20% og sú hækkun látin gilda frá 1. jan. 1954.

Þá fjallaði nefndin og nokkuð um undirbúning þeirrar breytingar, sem gerð var á s. l. vori á lögum um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna og fól í sér að miklu leyti afnám skerðingar á greiðslu uppbótarinnar.

Þá er þess að geta, að prófessor Ólafur Björnsson hefur samið fyrir nefndina sögulegt yfirlit um launamál ríkisstarfsmanna 1875—1955. Fylgir þetta yfirlit áliti nefndarinnar sem sérstakt fskj.

II.

Seint á árinu 1949 var skipuð nefnd, sem endurskoða skyldi launalögin frá 1945. Nefnd þessi afhenti ríkisstjórninni álit sitt og frv. til nýrra launalaga árið 1950.

Frumvarp þetta var sama ár sent stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til athugunar, og skilaði bandalagsstjórnin frumvarpinu með athugasemdum sínum á s. l. hausti um það bil, er nefndin hóf störf sín, og voru henni þá afhent gögn

þessi. Hefur nefndin að ýmsu leyti haft frumvarp þetta til hliðsjónar við störf sín og m. a. tekið upp í frv. sitt allmargar tillögur, sem launalaganefndin frá 1949 gerði, um breytingar á núgildandi launalögum.

Þá hefur nefndin í megin atriðum fylgt tillögum þessa frv. um flokkun og niðurröðun stofnana í frumvarpi sínu. Á hinn bóginn hefur eigi verið talin ástæða til að taka í launalög allar þær stofnanir, sem eldri nefndin tók í sitt frv., og enn fremur hefur ekki verið talið heppilegt að ákveða í launalögum tölu starfsmanna í hverri einstakri stofnun, svo sem eldri nefndin lagði til.

Þó að nefndinni hafi vissulega verið til hagræðis og flýtisauka að hafa við hendina frv. og álitsgerð hinnar fyrri launalaganefndar, var þó svo langt um liðið frá því að hún lauk störfum, að eigi varð hjá því komizt að athuga að nýju hverja stofnun og starfsgrein, auk þess sem ýmis ný viðhorf og viðfangsefni voru komin til sögunnar.

III.

Við ákvörðun launastiga þess, sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar, hefur það sjónarmið legið til grundvallar, að rétt sé, að ríkisstarfsmönnum séu ætluð svipuð kjör og þeim, sem vinna sambærileg störf á almennum vinnumarkaði. Við slíkan samanburð sé einnig tekið tillit til annarrar aðstöðu en launakjara, svo sem atvinnuöryggis, eftirlaunaréttar, vinnutíma o. s. frv.

Í samræmi við þetta sjónarmið hefur nefndin snúið sér til Hagstofu Íslands og beðið hana að láta í té sem nákvæmastar upplýsingar um launakjör þeirra starfsstétta á almennum vinnumarkaði, er helzt má telja sambærilegar við opinbera starfsmenn, og hverjar breytingar hafi á þeim orðið, frá því gildandi launalög voru sett.

Að því er snertir hina lægri launaflokka ríkisstarfsmanna, var og tiltölulega auðvelt að fá slíkan samanburðargrundvöll. Hjá ríkinu vinna og taka laun samkvæmt launalögum ófaglærðir verkamenn, bifreiðarstjórar, faglærðir iðnaðarmenn o. fl., sem eru sambærilegir við þá, er sams konar störf stunda á almennum vinnumarkaði.

Þannig er t. d. pakkhúsmönnum hjá ríkisstofnunum og öðrum ófaglærðum verkamönnum skipað í XIII. launaflokk samkvæmt núgildandi launalögum, en faglærðum iðnaðarmönnum er skipað í X. launaflokk. Auðvelt er einnig að bera aðra, er taka laun samkvæmt X.—XV. launafl., saman við störf á almennum vinnumarkaði.

Samkvæmt lauslegri athugun, er nefndin hefur látið gera, mun vart fjarri lagi að ætla, að ⅔ ríkisstarfsmanna taki laun í þessum launaflokkum.

Samkvæmt ofansögðu taldi nefndin því sanngjarnt, að laun í XIII. launaflokki yrðu ákveðin með hliðsjón af núgildandi töxtum í almennri verkamannavinnu, en laun í X. launaflokki með hliðsjón af kaupi faglærðra iðnaðarmanna á almennum vinnumarkaði. Laun í XI., XII., XIV. og XV. launaflokki yrðu hins vegar hlutfallslega þau sömu, miðað við áðurgreinda tvo launaflokka, og er samkvæmt núgildandi launalögum.

Samkvæmt upplýsingum, sem Hagstofa Íslands lét nefndinni í té, nam grunnkaup Dagsbrúnarmanna, er ráðnir voru fyrir mánaðarkaup, kr. 2015 skv. samningum þeim, er gerðir voru í apríl s. l. Hámarksgrunnlaun í XIII. launaflokki að viðbættri 20% uppbót nema samkvæmt núgildandi launalögum kr. 1800 á á mánuði, þannig að þau bæri að hækka um 11.9%, ef full samræming við Dagsbrúnarkaup ætti að nást. Ef miðað er hins vegar við tímakaupsmenn, sem hafa stöðuga atvinnu, er mánaðarkaup þeirra kr. 2091 samkvæmt áætlun hagstofunnar, eða 16.2% hærra en hámarkslaun XIII. flokks að viðbættri 20% uppbót.

Hagstofan reiknaði einnig út að tilmælum nefndarinnar vegið meðaltal af ársgrunnkaupi samkvæmt samningum 15 stéttarfélaga faglærðra iðnaðarmanna, og nam það kr. 31 536. Hámarkslaun X. launaflokks að viðbættri 20% uppbót nema samkvæmt núgildandi launalögum kr. 28 080 á ári, þannig að til fullrar samræmingar við meðalkaup iðnaðarmanna þyrftu launin að hækka um 12.4%.

Við þennan samanburð ber þó í fyrsta lagi að hafa það hugfast, að við áðurnefndan útreikning hagstofunnar er ekki tekið tillit til launahækkana og fríðinda, sem nokkrar iðnaðarmannastéttir, er sömdu eftir lok verkfallsins í marz—apríl, fengu fram yfir það, sem samningar þeirra félaga, er áttu í verkfallinu, gerðu ráð fyrir. Í öðru lagi er í útreikningunum sleppt ýmsum félögum í byggingariðnaðinum, sem vinna samkvæmt uppmælingatöxtum, en það er á allra vitorði, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, bera að jafnaði talsvert meira úr býtum en hinir, er vinna fyrir tímakaup.

Þess ber einnig að gæta við framangreindan samanburð á kaupi ríkisstarfsmanna og sambærilegra starfsstétta á almennum vinnumarkaði, að alltaf er miðað við hámarkslaun ríkisstarfsmanna, en skv. tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því, að það taki 4 ár að ná slíkum hámarkslaunum. Ef tekið væri tillit til þessa, mundi launamismunur ríkisstarfsmanna og áðurgreindra starfsstétta verða nokkru meiri en samkvæmt þeim niðurstöðum, er hér greinir.

Fullyrða má því, að launamismunur milli ríkisstarfsmanna og sambærilegra starfsstétta á almennum vinnumarkaði sé meiri en ofangreindar upplýsingar hagstofunnar gefa til kynna.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því, að laun ríkisstarfsmanna hækki um 9—10% frá því sem núgildandi launalög að viðbættri 20% uppbót ákveða. Að því er lægstu launaflokkana snertir, hefur 5% hækkun þegar komið til framkvæmda frá 1. júlí þ. á., þannig að launahækkun þeim til handa miðað við það, sem nú er greitt, verður 4—5%. Launahækkun ríkisstarfsmanna verður þannig nokkru minni en vera þyrfti, ef um fulla samræmingu við sambærilegar starfsstéttir á almennum vinnumarkaði væri að ræða. Þennan frádrátt hefur nefndin talið sanngjarnan með tilliti til hlunninda, er opinberir starfsmenn njóta, einkum að því er snertir eftirlaunaréttindi og meira atvinnuöryggi. Vinnutími þeirra ríkisstarfsmanna, er hér um ræðir, er hins vegar sá sami og tíðkast á almennum vinnumarkaði.

Þessi launafrádráttur er svipaður þeim, sem gert var ráð fyrir í tillögum launamálanefndar þeirrar, er starfaði veturinn 1949—1950, en samkvæmt tillögum þeirrar nefndar voru ríkisstarfmönnum ákveðnar launabætur þær, er þeir hafa notið skv. fjárlögum síðan 1950.

Þær breytingar hafa helztar orðið á aðstæðum í þessu efni, frá því er sú nefnd starfaði, að annars vegar hafa verið sett lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hins vegar hefur nú verið ákveðið að koma á fót almennum atvinnuleysistryggingum.

Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins veita ýmsum starfshópum tvímælalaust aukið öryggi og eru þeim þannig til hagsbóta. Frumvarp að löggjöf þessari lá þó fyrir vorið 1950, er fyrri launamálanefndin lauk störfum, og hafði ríkisstjórn sú, er lét af völdum haustið 1949, lofað að beita sér fyrir framgöngu málsins á Alþingi, þótt hún færi frá, áður en af því yrði. Við samningu álits þeirrar nefndar var því gert ráð fyrir, að slíkt frumvarp yrði að lögum.

Á hinn bóginn kemur nú til framkvæmda löggjöf um atvinnuleysistryggingar, sem gera má ráð fyrir að dragi mjög úr fjárhagslegum byrðum atvinnuleysis, er síðar kynni að bera að höndum, fyrir þá, er hlíta kjörum hins almenna vinnumarkaðar, þannig að mat það, er áður hefur verið lagt á atvinnuöryggi ríkisstarfsmanna, þegar þeir eru bornir saman við aðra, hlýtur af þeim sökum að lækka. Nefndin hefur því komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé grundvöllur fyrir því að meta hlunnindi ríkisstarfsmanna til frádráttar í kaupi hærra en áður hefur verið gert.

Það, sem hér hefur verið sagt, á við þá ríkisstarfsmenn, er vinna störf sambærileg við þau, sem unnin eru á almennum vinnumarkaði.

Eins og áður var getið, má telja, að um ⅔ ríkisstarfsmanna taki laun samkvæmt slíkum launaflokkum. Að því er snertir þá, er laun taka samkvæmt hærri launaflokkum, er erfitt og oftast ómögulegt að gera beinan samanburð við almennan

vinnumarkað, þar sem slík störf eru ekki til þar. Er hér einkum um langskólagengna menn að ræða eða menn, er gegna sérstökum ábyrgðarstöðum.

Mikið álitamál verður auðvitað ávallt, hversu ákveða skuli laun slíkra manna miðað við það, sem aðrar þjóðfélagsstéttir bera úr býtum.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir sömu innbyrðis hlutföllum milli launaflokkanna og ákveðin voru með launalögunum frá 1945. En samkvæmt því verða laun í hæsta launaflokki sem næst þreföld hámarkslaun í lægsta (XV.) launafl. Ef sleppt væri hins vegar XV. og XIV. launafl., sem undantekningarlítið eru byrjendaflokkar, þannig að gert er ráð fyrir, að þeir, sem taka laun samkv. þeim, færist sjálfkrafa í XIII. launaflokk, en í þess stað miðað við hámarkslaun XIII. launaflokks, verða laun í I. launaflokki 2.5 sinnum hærri en laun í lægsta launaflokki, er mönnum er ætlað að taka laun samkvæmt til frambúðar.

Eins og nánar er vikið að í athugasemdum nefndarinnar við 1. gr. frumvarpsins, er það einróma álit hennar, að æskilegt væri og rétt, að launamismunur sé gerður meiri en gert er ráð fyrir í tillögunum, þótt hún hafi eftir atvikum ekki séð sér fært að gera tillögur um meiri hækkun í hærri launaflokkunum, en raun er á.

Það er vitað, að í opinberum stofnunum, sem eru utan launalaga, svo sem bönkunum, er launamismunur meiri en samkvæmt launalögum, og hið sama á við í einkarekstri, að því leyti sem þaðan er hægt að fá upplýsingar til samanburðar. Á hinum Norðurlöndunum er launamismunur meðal ríkisstarfsmanna yfirleitt til muna meiri en hér, eins og eftirfarandi tölur, er sýna laun í hæsta og lægsta launaflokki í Danmörku, Noregi og Svíþjóð skv. launalögum þessara landa, bera með sér.

	Laun í lægsta launaflokki kr. á ári	Laun í hæsta launaflokki kr. á ári	Hæstu laun hve mörgum sinnum hærri en lægstu laun
Danmörk, d. kr.	9 480	45 673	4.8
Noregur, n. kr.	4 000	42 000	10,6
Svíþjóð, s. kr.	3 396	19 056	5.6

Þess er rétt að geta til skýringar við tölur þessar, að upplýsingar þær, er nefndin hafði frá Danmörku, gáfu ekki til kynna, hvaða stöður heyra til hvers launaflokks. Mun hinu lægst launaða starfsfólki hjá ríkinu vera sleppt í þeirri skýrslu, enda virðast lægstu laun í Danmörku skv. þessum tölum óeðlilega há, borið saman við Noreg og Svíþjóð. Launamismunur í Danmörku mun því raunverulega meiri en tölur þessar gefa til kynna.

Um norsku tölurnar er rétt að geta þess, að í tveimur hæstu launaflokkunum er aðeins einn maður í hvorum, og í lægsta launaflokki eru aðeins byrjendur við skrifstofustörf og þess háttar, þannig að varla er rétt að álykta, að launamismunur sé svo miklu meiri þar en annars staðar á Norðurlöndum, sem tölur þessar gefa til kynna.

Láta mun nærri lagi, samkvæmt upplýsingum þeim, er nefndin hefur fengið um laun ríkisstarfsmanna annars staðar á Norðurlöndum, að hæstu laun þar séu a. m. k. 5—6 sinnum hærri en lægstu laun. Samkvæmt tillögum nefndarinnar er hins vegar gert ráð fyrir, að hæstu laun verði 2.5—3 sinnum hærri en lægstu laun, þannig að launajöfnuður yrði hér helmingi meiri en á hinum Norðurlöndunum. Virðist ekki skynsamlegur grundvöllur fyrir því, að undir neinum kringumstæðum verði gengið lengra í því að jafna launin.

Það kemur og í ljós skv. fylgiskjali með nefndarálitinu, þar sem rakin er þróun launamála ríkisstarfsmanna hér á landi, að samkv. eldri launalögum hefur launamismunur verið miklu meiri en verið hefur síðan launalögin frá 1945 voru sett.

Nefndin telur og rétt að benda á það í þessu sambandi, að þar sem meginþorri ríkisstarfsmanna er í hinum lægri launaflokkum, og beinir skattar til ríkis og bæja skerða sjálfkrafa mjög hin hærri laun, mundi það ekki spara ríkissjóði veru-

legar fjárhæðir, þótt gengið yrði lengra í því að skerða laun í hærri launaflokkum en tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir.

IV.

Ætíð, þegar fjallað hefur verið um launalögin, hefur þótt nokkurt álitamál, hvaða stofnanir skyldi taka í lögin og hverjum sleppt. Er ekki með öllu ljóst, hvaða reglur hafa ráðið í þessu efni, en þó er helzt svo að sjá sem aðalreglan sé sú, að sleppt sé þeim stofnunum, sem lúta sérstakri stjórn, þó að ríkisstofnanir séu eða njóti verulegra fjárframlega úr ríkissjóði. Má hér nefna sem dæmi bankana, Síldarverksmiðjur ríkisins, Tryggingastofnun ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands o. fl.

Nefndin hefur að athuguðu máli eigi talið ástæðu til að víkja frá þessari reglu, og hefur því eigi tekið í frumvarp sitt þessar stofnanir og nokkrar fleiri hliðstæðar, þó að ýmis rök hnigi að því, að rétt væri að ákveða launakjör í stofnunum þessum með sama hætti og annarra starfsmanna ríkisins.

Frá því að núgildandi launalög voru sett, hefur starfsmannafjöldi ríkisins aukizt mjög, bæði hafa nýjar stofnanir komið til sögunnar og stofnanir þær, sem fyrir voru, fært út kvíarnar og fjölgað starfsliði.

Nýjar stofnanir, sem teknar eru í frv. þetta, eru:
Forsetaembættið.
Landhelgisgæzlan (forstöðumaður).
Mjólkureftirlitið.
Flugþjónustan.
Ferðaskrifstofa ríkisins.
Eftirlit með fjármálum skóla.
Þjóðleikhúsið.
Listasafn ríkisins.
Náttúrugripasafnið.
Tilraunastöðin að Keldum.
Stjórn veiðimála.
Matsveina- og veitingaþjónaskólinn.
Iðnskólar.
Sauðfjárveikivarnir.
Stjórn raforkumála.
Innkaupastofnun ríkisins.

Nefndin hefur athugað gaumgæfilega núgildandi launakjör hjá starfsfólki í stofnunum þessum og síðan leitast við að skipa því í flokka með sambærilegum starfsmönnum. Nokkrum örðugleikum hefur valdið, að laun við sumar þeirra stofnana, sem hér voru taldar, hafa verið ákveðin hærri en hjá hliðstæðum stofnunum, er launalög taka til, og hefur því orðið að færa nokkra starfsmenn í lægri launaflokk til samræmis.

Þá hefur nefndin lagt mikla vinnu í að athuga ákvæði núgildandi launalaga um skipan einstakra manna og starfshópa í launaflokka og hverra lagfæringa þar væri þörf. Kom þá til álita, að ýmsum starfsmönnum virðist hafa verið skipað í of lágan launaflokk upphaflega, svo og að störf þeirra eða starfsvið höfðu aukizt eftir að launalögin voru sett. Hefur niðurstaðan orðið sú, að nefndin gerir allmargar tillögur um tilfærslur milli flokka. Er hér oftast um að ræða einstaka menn eða fámenna starfshópa, en eigi heilar stéttir, þar eð af því gat skapazt ósamræmi milli hinna einstöku starfshópa.

Þó taldi nefndin eigi verða hjá því komizt að skipa þremur fjölmennum stéttum í hærri launaflokk, en það eru prestar, hjúkrunarkonur og barnakennarar. Verður nánar að því vikið í skýringum við einstakar greinar frv.

Þá er og þess að geta, að þau 10 ár, sem launalögin hafa gilt, hefur í nokkrum tilvikum verið í framkvæmd vikið frá ákvæðum þeirra um einstaka starfsmenn á

þá lund, að menn hafa verið fluttir í hærri launaflokk. Hefur þetta verið gert til þess að bæta úr augljósu ósamræmi, eða þá að störf hafa orðið stórum umfangsmeiri. Enn fremur hafa laun nokkurra starfsmanna verið hækkuð með lögum, sbr. t. d. l. nr. 46/1948, 10. gr. Þetta veldur því, að þótt ýmsir starfsmenn séu í frv. settir í hærri launaflokk en þeir skipa samkvæmt núgildandi launalögum, er ekki ávallt um að ræða hækkun frá því, sem orðið er í framkvæmd.

Eins og áður er drepið á hefur nefndin um flokkun og niðurröðun stofnana í frv. í meginatriðum fylgt tillögum launalaganefndarinnar frá 1949.

Er sundurliðun miklu nákvæmari en í launalögum nú. Hefði vitanlega mátt þjappa efninu meira saman, en það mundi hafa leitt til þess, að ákvæðin um launaflokkunina hefðu ekki verið eins greinargóð og handhæg þeim, er lögin þurfa að nota. Telur því nefndin þessa breytingu tvímælalaust til bóta.

V.

Nefndarmenn hafa orðið á eitt sáttir um það að leggja til, að laun ráðherra verði ákveðin með sérstökum lögum, svo sem var, áður en núgildandi launalög voru sett. Veldur þar mestu um, að ráðherrar eru eigi fastir starfsmenn með sama hætti og aðrir þeir, sem launalög taka til, svo og að nefndin telur, að í sambandi við kjör ráðherranna þurfi að taka til athugunar fleiri atriði en sjálf launin. Er nánar vikið að tillögum nefndarinnar um þetta í athugasemdum um einstakar greinar þess frumvarps.

VI.

Nefndin hefur leitazt við að áætla, hversu mikla árlega útgjaldaaukningu frv. muni baka ríkissjóði. Miðar nefndin í þeim áætlunum við það, að á laun sé greidd verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 173, svo sem nú er reiknað með í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1956. Enn fremur er miðað við, að stýfing vísitölu verði að fullu afnumin, svo sem ríkisstjórnin hefur gefið fyrirheit um.

Hér fer á eftir áætlun nefndarinnar:

1.	Vegna tilfærslu á milli launaflokka	kr.	3 720 000
2.	Vegna styttingar þess tíma, sem það tekur starfsmenn að komast á hámarkslaun (úr 6 árum í 4 ár), sbr. 2. gr. frv.	—	233 000
3.	Vegna þeirrar breytingar, að laun kennara, sem hafa styttri árlegan starfstíma en 9 mán., lækka um 1/12 fyrir hvern mánuð, sem árlegur starfstími er skemmri en 9 mán., í stað 1/9 eins og nú er, sbr. 21. gr. frv.	—	840 000
4.	Vegna hækkunar á launastiganum um ca. 9.5%	—	15 613 000
		Samtals kr.	20 406 000

Reykjavík, 4. ágúst 1955.

Sigtr. Klemenzson. Arngrímur Kristjánsson. Guðjón B. Baldvinsson.
Gunnl. E. Briem. Ólafur Björnsson.

Fylgiskjal II.

Sögulegt yfirlit um launamál ríkisstarfsmanna 1875—1955.

Launalögin frá 1875.

Fyrstu launalög, er sett voru hér á landi eftir það að Íslendingar öðluðust fjárforræði 1872, voru sett með lögum frá Alþingi 1875 (l. nr. 14 1875). Fyrir þann tíma mun íslenzkum embættismönnum (öðrum en prestum, en laun þeirra voru ákveðin með sérstökum hætti, svo sem minnzt verður á hér á eftir) hafa verið greidd laun í samræmi við þær reglur, er á hverjum tíma giltu í Danmörku.

Lög þessi tóku til aðeins 17 embættismanna, þ. e. biskups, amtmanna, landsyfirréttardómara, landfógeta, póstmeistara, þriggja kennara við prestaskólann og 5 kennara við lærða skólann. Launin voru ákveðin árslaun sem hér segir:

Biskup	kr. 7 000
Amtmenn (2)	— 6 000
Forstjóri landsyfirréttar	— 5 800
Forstöðumaður prestaskóla	— 4 600
Forstöðumaður lærða skólans, auk ókeypis húsnæðis	— 4 200
Dómendur í landsyfirrétti (2) og landfógeti	— 4 000
Yfirkennari lærða skólans	— 3 200
1. kennari við prestaskólann, 1. og 2. kennari við lærða skólann	— 2 400
2. kennari við prestaskólann, 3. og 4. kennari við lærða skólann	— 2 000
Póstmeistari	— 1 700

Auk þessa var biskupi, amtmönnum, landfógeta og póstmeistara ákveðinn skrifstofukostnaður.

Á sama Alþingi voru samþykkt lög um læknaskipan á Íslandi (l. nr. 15 1875), en samkvæmt ákvæðum þeirra skyldu árleg laun héraðslækna nema 1500—1900 kr. eftir stærð héraðanna, þannig að læknum í stærstu héruðunum voru ákveðin hærri laun.

Enn fremur voru á sama Alþingi samþykkt lög um læknaskóla, skyldi forstöðumaður hans, er gegndi embætti landlæknis, fá kr. 4800 í árslaun, en fastur kennari við skólann 1800 kr.

Á Alþingi 1877 voru samþykkt lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta (l. nr. 24 1877), skyldu þau nema frá kr. 2000—3500 á ári, eftir stærð og mannfjölda umdæmanna. Auk þess voru sýslumönnum ætluð nokkur innheimtulaun.

Prestar voru á þeim tíma launaðir af söfnuðunum, og voru tekjur þeirra mjög mismunandi eftir stærð prestakalla, gæðum prestssetra o. s. frv. Hélzt það fyrirkomulag til 1907 (sjá síðar).

Launalögin frá 1889.

Launalögin frá 1875 héldust óbreytt þar til 1889, að samin voru ný launalög (l. nr. 23 1889). Náðu þau til sömu manna og lögin frá 1875, þó að undanskildum póstmeistara.

Samkvæmt launalögunum frá 1889 voru hærri embættislaun lækkuð talsvert frá eldri lögum, en lægstu launin voru hins vegar hækkuð nokkuð. Þannig lækkuðu laun biskups úr kr. 7000 í kr. 5000 og amtmanna úr kr. 6000 í kr. 5000, þannig að engin laun urðu nú hærri en kr. 5000. Einnig voru laun forstjóra landsyfirréttarins, landfógeta og forstöðumanna prestaskóla og lærða skólans lækkuð, en laun kennara við áðurgreinda skóla voru hins vegar yfirleitt hækkuð um 400 kr. á ári. Lægstu laun skv. þessum lögum voru 2000 kr. á ári (5. kennari við lærða skólann).

Vegna hallæris þess, sem gekk yfir landið á 9. áratug aldarinnar, höfðu verið uppi um það háværar raddir næstu ár á undan, að nauðsynlegt væri að lækka hin hærri embættismannalaun, og höfðu frv. þess efnis verið borin fram á Alþingi, þótt eigi yrðu þau að lögum fyrr en 1889.

Launabreytingar þær, er til lækkunar horfðu, skyldu þó eigi koma til framkvæmda fyrr en jafnóðum og embættin losnuðu. Launakjörum lækna og sýslumanna, er samkvæmt áðursögðu höfðu verið ákveðin með sérstökum lögum, var ekki breytt.

Lög um laun sóknarpresta frá 1907.

Eins og á hefur verið minnzt giltu á þeim tíma, sem hér ræðir um, sérstakar reglur um laun presta, þannig að þeir voru launaðir af söfnuðum sínum og fengu tekjur sínar yfirleitt goldnar „í fríðu“.

Með l. nr. 46 1907 var þessu fyrirkomulagi breytt þannig, að hér eftir var gert ráð fyrir því, að prestar fengju laun sín greidd úr svonefndum prestlaunasjóði, er landssjóður bar ábyrgð á, en gjöld þau, er meðlimum safnaðanna bar áður að greiða til prestanna, runnu nú til sjóðs þessa og skyldu greidd í peningum.

Laun presta voru samkvæmt lögum þessum ákveðin 1300—1700 kr. eftir aldri presta, en auk þess var viðbótarþóknun fyrir nokkur brauð á landinu, er talin voru sérstaklega erfið. Prófastar fengu í árslaun 1—200 kr. eftir stærð og fólksfjölda prófastsdæma.

Launamálanefndin frá 1916.

Fram að heimsstyrjöldinni fyrri voru ekki gerðar teljandi breytingar á launum embættismanna frá því sem nú hefur verið greint. Þá helztu mætti telja, að samkv. læknaskipunarlögum frá 1907 (l. nr. 34 1907) voru laun allra héraðslækna ákveðin jöfn, eða 1500 kr., en áður höfðu þau numið frá 1300—1900 kr. eftir stærð læknishéraða. Þegar undirbúin var stofnun Háskóla Íslands, voru sett lög um laun háskólakennara (l. nr. 36 1909), en samkvæmt þeim skyldu byrjunarlaun prófessora nema kr. 3000 á ári, hækkandi um kr. 200 á þriggja ára fresti upp í kr. 4800. Dósentslaun skyldu nema kr. 2800 á ári.

Árið 1913 lagði stjórnin fyrir Alþingi frv. til laga um laun íslenzkra embættismanna. Skyldu lög þessi, ef samþykkt yrðu, þó aðeins ná til embættismanna þeirra, er ákveðin voru laun samkv. lögunum frá 1875 með breytingum þeim, er á þeim voru gerðar 1889, og nokkurra fleiri embættismanna. Ekki var hins vegar gert ráð fyrir breytingum á þeim sérstöku lögum, er hér hefur verið getið og þá giltu um laun lækna, presta og sýslumanna. Samkvæmt frv. þessu var gert ráð fyrir því, að hæstu byrjunarlaun (biskups, landritara og forstjóra landsyfirréttar) næmu 5000 kr. á ári, en hækkuðu um 300 kr. á þriggja ára fresti upp í 6500 kr. Lægstu laun samkvæmt frv. voru laun menntaskólakennara, er nema skyldu kr. 2400 í byrjun, en hækka um 200 kr. á þriggja ára fresti upp í 3600 kr.

Frumvarp þetta hlaut þau örlög, að það var fellt, og var það m. a. gagnrýnt á þeim grundvelli, að undirbúningur þess væri ónógur, enda væri æskilegt, að sett yrði heildarlöggjöf um laun allra embættismanna.

Á Alþingi 1914 var samþykkt þingsályktunartillaga um skipun milliþinganefndar „til þess að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna“ eins og það var orðað, en jafnframt skyldi nefndin „rannsaka launakjör embættismanna og annarra starfsmanna landssjóðs, og sérstaklega koma fram með tillögur til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna“.

Í nefnd þessa voru síðan skipaðir 5 menn skv. konungsúrskurði 9. des. 1914. Tók nefndin til starfa í apríl 1915 og lauk störfum í júlí 1916. Skilaði nefndin þá tillögum sínum og ýtarlegri greinargerð með þeim. Var álit hennar birt á prenti sama ár undir titlinum „Skýrslur og tillögur milliþinganefndar þeirrar, er skipuð var með konungsúrskurði 9. des. 1914“. Er það mikið verk að vöxtum, eða 375 bls.

Nefndin samdi ýtarlegt yfirlit yfir launakjör starfsmanna landssjóðs eins og þau voru þá. Hæstu laun námu þá 6000 kr. (landritari) og 5000 kr. (biskup, landssímastjóri), en lægstu laun, þar sem ætla má, að um fullt starf hafi verið að ræða, 420—480 kr. (talsímakonur, skrifarar).

Samkvæmt tillögum nefndarinnar skyldu hæstu laun nema 6000 kr. á ári (landritari), enn fremur skyldi háyfirdómari við landsyfirréttinn hljóta 5000 kr. í byrjunarlaun, hækkandi um 500 kr. á 4 ára fresti upp í 6000 kr., og biskup 4600 kr. í byrjunarlaun, hækkandi um 300 kr. á 4 ára fresti upp í kr. 5800. Hámarkslaun skrifstofustjóra í stjórnarráðinu skyldu nema 4500 kr., bæjarfógetans í Reykjavík 4800 kr., sýslumanna 3400—4400 kr., prófessora 4800 kr. og menntaskólakennara 3600 kr.

Hámarkslaun landlæknis skyldu nema kr. 4500, héraðslæknis í Reykjavík, er jafnframt skyldi forstöðumaður holdsveikraspítalans, 4000 kr., en laun annarra héraðslækna skyldu nema 1200—1800 kr. í öfugu hlutfalli við stærð læknishéraða. Laun presta skyldu óbreytt frá ákvæðum laga um laun þeirra frá 1907. Skrifarar í stjórnarráði skyldu fá 1800 kr. í hámarkslaun, póstaðstoðarmenn í Reykjavík 1440 kr. og talsímakonur 780 kr., voru það lægstu laun fyrir fullt starf, sem ákveðin voru samkvæmt frv.

Nefndin lagði til, í samræmi við háværar kröfur, er verið höfðu uppi þá undanfarið á þingmálafundum víðs vegar um land, að eftirlaun embættismanna skyldu afnumin, en þeim í þess stað gert að skyldu að verja ákveðnum hluta launa sinna til kaupa á lífeyri, og skyldi stofnaður sjóður í því skyni, sem landssjóður ábyrgðist greiðslur úr.

Launalögin 1919.

Frumvarp launalaganefndarinnar frá 1916 var ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en 1919, og voru þá gerðar á því ýmsar breytingar m. a. með tilliti til þeirra miklu verðhækkana, sem átt höfðu sér stað af völdum heimsstyrjaldarinnar fyrri. Hlaut frumvarpið afgreiðslu á því þingi, þó með ýmsum breytingum frá því, sem upphaflega hafði verið lagt fram af stjórninni. Lögin voru staðfest sem l. nr. 71 1919, um laun embættismanna. Voru það víðtækustu launalög, sem til þess tíma höfðu verið sett, og náðu til meginþorra fastra starfsmanna, er laun tóku úr ríkissjóði, þó ekki barnakennara, en um laun þeirra voru sett sérstök lög á sama þingi. Þeirri reglu var með fáum undantekningum fylgt við ákvörðun launa samkvæmt lögunum, að þau skyldu vera hækkandi með aldri, og tók það 6—24 ár að ná hámarkslaunum.

Fer hér á eftir yfirlit um grunnlaun þau, er ýmsum starfshópum voru ákveðin með launalögunum frá 1919.

	Lágmarks-laun kr.	Hámarks-laun kr.	Hámarksl. náð á árum
Dómstjóri hæstaréttar	10 000	10 000	0
Hæstaréttardómarar, aðrir	8 000	8 000	0
Biskup	6 000	7 000	8
Landlæknir	6 000	7 000	9
Póstmeistari	6 000	7 000	8
Landssímastjóri	5 000	6 500	9
Skrifstofustjórar í stjórnarráði	5 000	6 000	9
Prófessorar	4 500	6 000	9
Sýslumenn	4 200–4 600	5 200–5 600	9
Menntaskólakennarar	3 400	5 000	9
Stjórnarráðsfulltrúar	3 500	4 500	9
Héraðslæknar	2 500–3 500	3 500–4 500	15
Skrifarar og símritarar 1. fl. á landssíma	1 800	2 800	10
Skrifarar í stjórnarráði	1 600	2 400	24
Aðstoðarmenn hjá pósti	1 600	2 400	24
Skrifarar II. flokks hjá landssíma	1 400	2 200	16
Skrifarar III. flokks hjá landssíma	1 200	1 800	6
Talsímakonur við bæjarsíma	900	1 500	6

Samkvæmt l. nr. 75 1919, um laun barnakennara, skyldu þau vera sem hér segir:

	Lágmarks-laun kr.	Hámarks-laun kr.	Hámarksl. náð á árum
Skólastjórar í kaupstöðum	2 000	3 000	15
Skólastjórar utan kaupstaða	1 600	2 100	15
Kennarar við kaupstaðaskóla	1 500	2 500	15
Kennarar utan kaupstaða	1 300	1 800	15
Farkennarar	300	600	18

Auk grunnlauna þeirra, sem þannig voru ákveðin í lögunum, voru sett ákvæði um dýrtíðaruppbót, er á þau skyldi greidd. Hafði nokkur uppbót verið greidd á laun embættismanna frá því 1915, einkum á lægri laun og til þeirra, er fyrir fjölskyldu áttu að sjá. Samkvæmt ákvæðum launalaganna frá 1919 skyldi greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sérstakri vísitölu, er sýndi verðhækkanir 8 matvörutegunda síðan í okt. 1914. Dýrtíðaruppbót skyldi aðeins greidd, ef verðhækkanirnar næmu meira en 25% miðað við þennan tíma. Skyldi uppbótin aðeins greiðast af ⅔ launa, þó aldrei af hærri upphæð en 3000 kr. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót máttu þó aldrei nema meiru en 9500 kr., nema að því er hæstaréttardómara snerti, þá máttu samanlögð laun og dýrtíðaruppbót nema 10500 kr.

Ákvæðin um greiðslu dýrtíðaruppbótar urðu auðvitað til þess að jafna launin mjög, einkum fyrstu árin eftir setningu laganna, en þá náði dýrtíðin hámarki sínu. Þegar dýrtíðaruppbótin komst hæst, en það var árið 1921, nam hún 137% þeirra launa, er greidd var full dýrtíðaruppbót af (þ. e. a. s. 4500 kr. árslaun og lægri). Samanlögð lægstu árslaun eftir að aldurshámarki var náð, en þau námu 1500 kr. á ári, og dýrtíðaruppbót á þau, námu þá 3 550 kr., en hæstu laun máttu ekki samkvæmt framansögðu nema meira en 10500 kr. Hæstu laun urðu þannig þreföld á við þau lægstu, þar sem hæstu grunnlaun voru þó ákveðin 6—7 föld á við þau lægstu. Launalögin gerðu ráð fyrir því, að ákvæðin um dýrtíðaruppbætur skyldu í gildi til 1925, en það ár voru þau framlengd með þeirri breytingu, að hámarkslaun að viðbættri dýrtíðaruppbót voru þá hækkuð upp í 12500 kr. á ári.

Þar sem verðlag fór mjög lækkandi eftir 1920, lækkaði dýrtíðaruppbótin einnig, og 1928 var hún komin komin niður í 40% þeirra launa, er greidd var hámarksdýrtíðaruppbót af. Þar sem matvöruvísitalan, sem uppbótin var reiknuð af, hafði lækkað til muna meira en annað verðlag, þótti sanngjarnt að sú uppbót héldist óbreytt til ársins 1931, enda þótt hún hefði átt að lækka enn samkvæmt vísitölunni. Var ríkisstjórninni því heimilað með þingsályktunum frá þingunum 1929—31 að greiða sömu uppbót og greidd var 1928. Á Alþingi 1932 var þó engin slík ályktun gerð, og 1933 var uppbótin komin niður í 25% þeirra hámarkslauna, er hún var greidd af. Var uppbótin eftir það ákveðin í fjárlögum ár hvert, þannig að greidd skyldi 25% uppbót af launum undir 2800 kr. á ári, síðan stiglækkandi niður í 10% af 4500 kr. og ekkert af því, sem þar var fram yfir.

Launamálanefndin frá 1934.

Með þingsályktun 9. des. 1933 ákvað Alþingi að skipa 5 manna milliþinganefnd og skyldi það meginverkefni hennar að rannsaka og gera tillögur um það, „hvernig draga megi úr útgjöldum til embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, með hliðsjón af fjárhagsgetu almennings í landinu".

Nefnd þessi var kosin samdægurs af Alþingi og lauk störfum snemma árs 1935. Skilaði hún þá ýtarlegu áliti og tillögum, þ. á m. frumvarpi til nýrra launalaga. Samkvæmt því frumvarpi skyldu hæstu laun nema 11 þús. kr. á ári (ráðherrar) og 10 þús. kr. (dómstjóri hæstaréttar). Nokkrir embættismenn skyldu fá 8 þúsund kr. á ári, þ. á m. biskup, landlæknir, lögmaður í Reykjavík, tollstjóri o. fl. Lægstu laun skyldu nema 1800 kr. sem byrjunarlaun, hækkandi upp í 2400 kr. eftir 4 ár (vélritarar, talsímakonur o. fl.). Nefndin gerði að öðru leyti ráð fyrir því, að aldurshækkanir féllu niður. Enn fremur var lagt til, að greiðslur fyrir aukastörf yrðu mjög takmarkaðar frá því, sem áður var, og vinnutími lengdur.

Í heild hefði frv. þetta vafalaust orðið til þess að rýra kjör ríkisstarfsmanna frá því, sem áður var, enda gerði nefndin ráð fyrir, að ríkið og aðrar opinberar stofnanir, er hin væntanlegu launalög skyldu ná til (þ. á m. bankarnir) mundu spara rúml. 700 þús. kr. í launagreiðslum eða 12—13% heildarlaunagreiðslna. Hins vegar hefðu tillögur nefndarinnar, ef fram hefðu náð að ganga, lagfært verulega ósamræmi í launagreiðslum ríkis og ríkisstofnana, sem orðið var mjög mikið um þetta leyti.

Frumvarp þetta var flutt á næstu þingum eftir að nefndin lauk störfum, en hlaut aldrei samþykki Alþingis.

Launalögin frá 1945 og aðdragandi þeirra

Ekki varð af frekari tilraunum til þess af hálfu hins opinbera fram til seinni heimsstyrjaldarinnar að endurskoða launalögin frá 1919, en ósamræmi í launagreiðslum fór stöðugt vaxandi vegna nýrra ríkisstofnana, sem nú risu upp og greiddu laun eftir allt öðrum reglum en þeim, er launalögunum lágu til grundvallar.

Vorið 1939 var gengi íslenzku krónunnar fellt með löggjöf frá Alþingi, en í þeim ákvæðum laganna, er fjölluðu um nokkrar launabætur launþegum til handa vegna verðhækkana af völdum gengislækkunarinnar, var ekki gert ráð fyrir neinum slíkum bótum til handa opinberum starfsmönnum.

Eftir það að heimsstyrjöldin skall á og sýnt var, að til miklu meiri verðhækkana drægi en þeirra, er stöfuðu af gengisfellingunni, taldi ríkisstjórn og Alþingi þó eigi fært að opinberir starfsmenn yrðu settir hjá um launabætur, og með l. nr. 77 1940 var ákveðið, að þeim skyldu greiddar verðlagsbætur eftir svipuðum reglum og þá giltu á almennum vinnumarkaði, en þær voru í meginatriðum á þann veg, að eftir að verðhækkanirnar hefðu náð vissu marki (5—10%) skyldu greiddar uppbætur fyrir hvert %, er verðhækkanirnar næmu, er næmu 0.5—0.8% eftir hæð launa, þannig að hæsta uppbótin kæmi á lægstu launin. Engar uppbætur skyldi þó greiða af launum hærri en kr. 650 á mánuði.

Frá áramótum 1941 var þessum ákvæðum breytt þannig, að greidd skyldi full dýrtíðaruppbót á öll laun upp að 650 kr. grunnlaunum, en engin uppbót af þeim hluta launanna, sem var fram yfir 650 kr.

Á Alþingi 1942 var ríkisstjórninni falið með þingsályktun að greiða 30% uppbætur á þann hluta árslauna, sem var undir 2400 kr. og 25% uppbót á það, sem fram yfir var, allt að 10 000 kr. Á þessa launahækkun skyldi greidd verðlagsuppbót sem á önnur laun.

Árið 1943 var skipuð milliþinganefnd í launamálum, og skilaði hún áliti fyrri hluta árs 1944. Samkvæmt tillögum nefndarinnar skyldi ríkisstarfsmönnum skipt í 14 launaflokka, og skyldu grunnlaun í I. launaflokki nema 14 000 kr. á ári, en í 14. launaflokki (iðnverkakonur) 3600 kr. og í 13. launaflokki 3000—4800 kr. (ritarar III. fl.). Greidd skyldi full dýrtíðaruppbót á öll laun. Í meðförum þingsins tók stiginn þeim breytingum, að bætt var við 2 launaflokkum. Urðu hæstu laun 15 000 kr. á ári (ráðherrar, hæstaréttardómarar), en í XVI. launaflokki urðu launin 3600 kr. og í XV. fl. 3000—4800 kr.. Svöruðu þessir flokkar til XIII. og XIV. flokks samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Launalögin hlutu samþykki Alþingis snemma árs 1945 og voru staðfest sem lög nr. 60 1945.

Launamálanefndin frá 1949.

Næstu ár eftir setningu launalaganna fór verðlag og kaupgjald mjög hækkandi, sem kunnugt er, og vorið 1949 var svo komið, að Alþingi sá sér eigi annað fært en koma til móts við óskir starfsmanna ríkisins um launabætur. Var ríkisstjórninni þá heimilað að verja 4 millj. kr. í þessu skyni, og var það gert þannig, að 6 síðustu mánuði ársins voru greiddar 20% uppbætur á öll laun, eða 10% fyrir allt árið. Sama haust var skipuð nefnd af ríkisstjórninni til þess að endurskoða launalögin, og skilaði hún áliti í byrjun maí 1950. Samkvæmt tillögum nefndarinnar skyldu grunnlaun í I.—III. fl. hækka um 10%, í IV. fl. um 12%, í V.—IX. fl. um 15%, í X. fl. um 15—18%, í XI.—XV. fl. um 17% og í XVI. fl. um 20%. Grunnlaun í I. launaflokki urðu þannig 49 500 kr. (200% dýrtíðaruppbót var nú felld inn í grunnlaunin), í XV. launaflokki 12 000—16 800 kr. og í XVI. launaflokki 12 900 kr.

Frumvarp það til launalaga, er nefndin samdi, var aldrei lagt fyrir Alþingi, en hins vegar voru tillögur nefndarinnar um hækkun grunnlauna lagðar nær

óbreyttar til grundvallar launabótum þeim opinberum starfsmönnum til handa, er samþykktar voru á fjárlögum 1950. Hafa launabætur þær verið óbreyttar þar til um s. l. áramót, að þær voru hækkaðar upp í 20% á öll laun.

Launamismunur samkvæmt eldri og nýrri launalögum.

Það er allmiklum erfiðleikum háð að gera slíkan samanburð langt aftur í tímann, m. a. vegna þess, að eldri launalög náðu til svo fárra, að allan samanburðargrundvöll vantar að því er snertir meginþorra þeirra starfa, er nú eru innt af hendi af starfsmönnum ríkisins. Það er þó ekki vafi á því, að launamismunur var til mikilla muna meiri samkvæmt eldri lögum og ákvæðum um laun ríkisstarfsmanna en nú gerist. Ef við lítum t. d. á elztu launalögin frá 1875, þá voru laun biskups, 7000 kr., sem voru hæztu laun, sem ákveðin voru samkvæmt þeim lögum, um það bil 3 sinnum hærri en hin betri laun menntaskóla- og prestaskólakennara, rúmlega 4 sinnum hærri en laun póstmeistara og allt að 5 sinnum hærri en laun héraðslækna í hinum lakar launuðu héruðum. Samkvæmt launalögunum frá 1945 eru laun biskups hins vegar aðeins 35% hærri en laun menntaskólakennara, er aldurshámarki þeirra er náð.

Með breytingu þeirri, er gerð var á launalögunum 1889, var launamismunurinn að vísu jafnaður nokkuð, þar eð hæstu launin voru þá lækkuð talsvert, en lægri launin hækkuð lítils háttar, en eftir sem áður var launamismunurinn langtum meiri en verið hefur eftir setningu launalaganna 1945. Mundi þetta án efa verða enn meira áberandi, ef fyrir lægju upplýsingar um hin lægstu laun í opinberri þjónustu, svo sem ritaralaun, frá því fyrir aldamót.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um þróunina í þessum efnum skal hér gerður samanburður á hæstu og lægstu launum á tímabilinu 1914—55 samkvæmt gildandi lögum og reglum og tillögum nefnda, er undirbúið hafa launalög. Er þar annars vegar miðað við laun landsyfirréttar- og hæstaréttardómara, er jafnan hafa verið meðal hæstlaunuðu ríkisstarfsmanna, hins vegar við laun talsímakvenna, er þær hafa náð hámarkslaunum, en þær hafa jafnan verið í þeim lægsta launaflokki, er starfsmönnum er ætlað að taka laun samkvæmt til frambúðar.

	Hæztu laun kr.	Lægstu laun kr.	Hæstu laun deilt með lægstu launum
Laun 1913	4 800[1])	600	8.0
Laun skv. till. launamálanefndar 1916	6 000	780	7.7
Laun samkv. launalögum 1919	10 000	1 500	6.7
Laun samkv. till. launamálan. 1934 ...	10 000	2 400	4.2
Laun skv. till. launamálanefndar 1943	14 000	4 800	2.9
Laun samkv. launalögum 1945	15 000	5 400	2.8
Laun skv. till. launamálanefndar 1949	49 500	18 900	2.6
Laun skv. till. launamálanefndar 1955	59 100	21 300	2.8

Hér er alls staðar miðað við grunnlaun, en eins og áður er getið, hafa ákvæði þau um dýrtíðaruppbætur, sem í gildi hafa verið á ýmsum tímum, oft raskað þessum hlutföllum, og hefur sú röskun jafnan verið til launajöfnunar, þar sem dýrtíðaruppbæturnar hafa oftast verið hærri á lægri launin en þau hærri.

Þróun kaupmáttar launa 1875—1955.

Það er vissulega háð óyfirstíganlegum örðugleikum að gera sér rétta hugmynd um heildarþróun verðlags á því tímabili, sem hér er um að ræða, þannig að hægt

1) Laun háyfirdómara. Nokkrir aðrir embættismenn höfðu þá 5—6000 kr. laun.

sé að gera samanburð á kaupmætti launa um það bil er hin elztu launalög voru sett og nú. Þessu veldur ekki eingöngu skortur upplýsinga um verðlag áður fyrr, heldur og það, að jafnvel þótt slíkar upplýsingar væru fyrir hendi, mundi allur samanburður á verðlagi fyrir fyrri heimsstyrjöldina t. d. og nú verða hæpinn sökum gerbreyttra neyzluvenja á þessum tíma.

Hér verður þó leitazt við, á grundvelli þeirra upplýsinga, er fyrir liggja, að gefa nokkurt yfirlit yfir verðlagsþróunina á því tímabili, sem um er að ræða.

Ekki var hafin nein söfnun upplýsinga um smásöluverðlag hér á landi fyrr en 1914, eða skömmu eftir það að Hagstofa Íslands tók til starfa. Um þróun verðlags fyrir þann tíma liggur ekki annað fyrir en lauslegar athuganir. Þeir Indriði Einarsson og Sighvatur Bjarnason hafa áætlað, að verðlag hafi hækkað um 10—15% á tímabilinu 1875—1889, en um 43% á árabilinu 1889—1914. Samkvæmt því ætti verðlag að hafa hækkað um 57—64% á tímabilinu 1875—1914.

Eftir 1914 tók Hagstofa Íslands að reikna út vísitölu smásöluverðs miðað við verðlag í júlí 1914. Árið 1939 var breytt um vísitölugrundvöll, þannig að verðlag í jan.—marz það ár var sett = 100, og voru verðhækkanir miðaðar við þann grundvöll fram til ársins 1950. En hagstofan telur, að ef óskað sé eftir því að gera sér grein fyrir verðlagshækkunum allt síðan 1914, muni mega fara nærri um það með því að margfalda vísitölur þær, sem reiknaðar hafa verið út miðað við grundvöllinn frá 1939 með $^{271}/_{103}$.

Árið 1950 var enn skipt um vísitölugrundvöll, þannig að eftir það hefur verið miðað við verðlagið í marz 1950 sem 100. Þá var vísitalan miðað við jan.—marz 1939 = 100, 355.

Hefði hún hins vegar verið reiknuð út frá 1939 á sama grundvelli og gert var frá marz 1950, hefði hún samkvæmt útreikningi hagstofunnar átt að vera 459. Síðan í marz 1950 hefur vísitalan hins vegar hækkað úr 100 í 165 stig, er þetta er skrifað (ágúst 1955).

Ef gert er ráð fyrir því samkvæmt framansögðu, að verðlag hafi hækkað um 60% á árunum 1875—1914, ætti að mega tengja núverandi vísitölu verðlaginu 1875 eftir formúlunni 160 · $^{271}/_{103}$ · $^{459}/_{100}$. Hækkun vísitölu á þessu tímabili ætti því að vera 160 · $^{271}/_{103}$ · $^{459}/_{100}$ · $^{165}/_{100}$ = 3188. Verðlagið ætti því að vera um það bil 32 sinnum hærra nú en það var 1875. Líklegt má þó telja, að hér sé um lágmarkstölu að ræða, því að gild rök hafa verið færð fyrir því, að vísitölur þær, sem notaðar hafa verið síðan 1939 hafi frekar vanmetið verðhækkanirnar en ofmetið, jafnvel þótt tekið sé tillit til þeirra leiðréttinga, sem gerðar voru á vísitöluútreikningnum 1950.

(Eftir að þetta er skrifað, hef ég orðið áskynja um, að Framkvæmdabanki Íslands hefur nýlega látið gera athugun á þróun verðlags á tímabilinu 1914—54 miðað við júlí 1914 og meðalvísitölu ársins 1954. Er þá sleppt að taka tillit til húsaleigu og skatta, en þeir voru liðir í vísitölunni 1914—39. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu þeirrar athugunar ætti verðlagið að hafa 16-faldazt á þessu tímabili, þar sem það hefur um það bil 19-faldazt samkvæmt mínum útreikningi. Ef gert er ráð fyrir því, að verðlagið hafi hækkað um 60% á árabilinu 1875—1914, svo sem ég geri, ætti verðlagið að hafa 26-faldast á þessum tíma samkv. útreikningi Framkvæmdabankans, en um það bil 30-faldazt samkv. mínum útreikningi.

Þessi niðurstaða hnekkir ekki því, sem bent hefur verið á hér að framan, að vísitalan hafi vanmetið þær hækkanir, sem orðið hafa síðan 1939.)

Ef bera ætti saman embættismannalaun 1875 og nú, ætti samkvæmt því, sem áður segir að margfalda þau fyrrnefndu með tölunni $^{3188}/_{100}$. Laun biskups, er samkvæmt launalögunum 1875 voru ákveðin 7000 kr. á ári, ættu því nú að nema, ef um sama kaupmátt væri að ræða, 223 160 kr. á ári. Samkvæmt tillögum launamálanefndar ættu árslaunin að viðbættri dýrtíðaruppbót, miðað við kaupgjaldsvísitölu ágústmánaðar (164) að nema kr 84132.

Þess ber þó enn fremur að geta við slíkan samanburð, að árið 1875 voru embættismönnum greidd ríflegri eftirlaun en nú fá þeir, án þess að þeir bæru af slíku

nokkurn kostnað, en auk þess voru beinir skattar þá hverfandi litlir (samkv. skattalögunum frá 1875 nam tekjuskattur til landssjóðs aðeins 4% af hæstu tekjum). Ef tekið væri t. d. tillit til þessara tveggja atriða, mundi rýrnun kaupmáttar embættismannalauna síðan 1875 verða enn meiri en ofangreindir útreikningar sýna.

Ólafur Björnsson.

Nd. 96. Frumvarp til laga [87. mál]

um laun ráðherra o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ráðherrar skulu hafa að árslaunum kr. 65 000 að viðbættri verðlagsuppbót, sem greiðist eftir sömu reglum og á laun annarra starfsmanna í þjónustu ríkisins.

2. gr.

Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í 2 ár samfleytt eða lengur, og á hann þá rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi.

Biðlaun skal greiða í 6 mánuði, talið frá 1. degi næsta mánaðar eftir að hlutaðeiganda var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra, eins og þau eru á biðlaunatímanum. Nú tekur sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

3. gr.

Nú hefur maður gegnt ráðherrastöðu samtals lengur en 10 ár, og á hann þá rétt til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri.

Eftirlaun skulu nema 50% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan því ári, er hlutaðeigandi öðlast eftirlaunaréttinn. Koma skal til frádráttar eftirlaunum samkvæmt þessari grein lífeyrir, sem greiddur kann að verða úr sérstökum lífeyrissjóðum.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60% þeirra eftirlauna, sem hann naut, þó með þeim takmörkunum, sem um getur í síðari málslið næstu mgr. hér á undan.

Ef maður, sem fullnægir skilyrði því, sem sett er í 1. mgr. þessarar greinar, andast, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, þá á ekkja hans rétt á eftirlaunum, sem svarar 30% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan dánarári manns hennar. Gilda skulu þó hér sömu takmarkanir og í næstu mgr. á undan.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, er samdi frumvarp til launalaga, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, telur rétt að setja sérstök lög um laun ráðherra, og gerir tillögur um það. Hefur ríkisstjórnin fallizt á þessa skoðun nefndarinnar og er frumvarp þetta samhljóða tillögum hennar.

Frumvarpinu fylgdi af hálfu nefndarinnar svo hljóðandi greinargerð:

Nefndarmenn hafa orðið á eitt sáttir um það að leggja til, að laun ráðherra verði ákveðin með sérstökum lögum, svo sem var, áður en núgildandi launalög

voru sett. Veldur þar mestu um, að ráðherrar eru eigi fastir starfsmenn með sama hætti og aðrir þeir, sem launalög taka til, svo og að nefndin telur, að í sambandi við kjör ráðherranna þurfi að taka til athugunar fleiri atriði en sjálf launin. Er nánar vikið að tillögum nefndarinnar um þetta í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Árslaun ráðherra eru hér ákveðin kr. 65 000, eða tæplega 6000 kr. hærri en laun samkvæmt I. launaflokki í frumvarpi nefndarinnar að nýjum launalögum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að greidd sé verðlagsuppbót á ráðherralaunin eftir sömu reglum og á laun annarra starfsmanna í þjónustu ríkisins.

Um 2. gr.

Í gr. er svo fyrir mælt, að maður, sem gegnt hefur ráðherraembætti samfleytt 2 ár eða lengur, skuli eiga rétt á biðlaunum, þegar hann lætur af því starfi. Oftast er það svo, að menn hverfa frá öðru starfi, er þeir taka við ráðherraembætti, og er þá stundum undir hælinn lagt, hvort þeir geta horfið að sömu stöðu aftur, ef langur tími líður svo, að þeir geti eigi rækt hana. Verður að telja sanngjarnt, að maður, sem gegnt hefur svo ábyrgðarmiklu, en jafnframt svo ótryggu starfi í þjónustu ríkisins sem ráðherraembætti er, eigi kost á sómasamlegum launum í hæfilegan tíma, meðan hann svipast um eftir öðru starfi. Vitaskuld er álitamál, hversu há biðlaun skuli vera. Tillaga nefndarinnar er, að þau séu 70% af ráðherralaunum eins og þau eru á biðlaunatímanum. Í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er svo fyrir mælt í síðasta málslið gr., að fái sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, skuli falla niður biðlaunin, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn. Geta má þess, að í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku, eru í lögum sérstök ákvæði um biðlaun ráðherra, þótt með öðrum hætti sé en hér er lagt til.

Um 3. gr.

Sanngjarnt þykir, að manni, sem á starfsævi sinni hefur gegnt ráðherraembætti lengur en 10 ár samtals, sé tryggður réttur til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri. Felst í ákvæðum 2. mgr., að þegar svo stendur á, eru þeim, sem hlut eiga að máli, tryggð eftirlaun, sem nema 50% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan því ári, er hann öðlast eftirlaunaréttinn. Til frádráttar skal koma lífeyrir, sem greiddur kann að verða úr sérstökum lífeyrissjóðum, og sé sá lífeyrir jafnhár eða hærri, verður auðvitað eigi um að ræða eftirlaunagreiðslur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Í 3. og 4. mgr. eru hliðstæð ákvæði um eftirlaun til ekkju manns, er uppfyllir skilyrði 1. mgr. þessarar greinar.

Nd. 97. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1947, um eftirlit með skipum.

Frá Eggert Þorsteinssyni.

1. gr. orðist svo:

Í D-lið 34. gr. laganna bætist nýr tölul., er verði 3. liður, svo hljóðandi (aðrir töluliðir breytist samkvæmt því):

Öllum skipum yfir 6 rúmlestir er skylt að hafa gúmmí-björgunarbáta, nægjanlega stóra fyrir alla skipshöfnina.

Skip undir 50 rúmlestum séu þó ekki skyldug til að hafa aðra björgunarbáta.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hvar og hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga og á hvern hátt þing og stjórn geti stuðlað að eflingu slíks fyrirkomulags. Skal ríkisstjórnin hafa samráð við fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og launþega um þetta undirbúningsstarf, er skal lokið eins fljótt og möguleikar eru á.

Greinargerð.

Á Alþingi árið 1937 fluttu þeir Jóhann G. Möller og Thor Thors tillögu svipaðs efnis og þá, er hér að ofan greinir. Skyldi samkvæmt henni skipuð 5 manna milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Tillaga þessi var samþykkt og nefndin kosin samkvæmt henni. En við það sat. Nefndin hélt aðeins einn fund, og engar tillögur komu frá henni.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, sem nú er flutt, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að gera beri tilraun til að koma því á frekari rekspöl. Hagsmunaárekstrar gerast nú stöðugt tíðari milli vinnuveitenda og verkalýðs í hinu íslenzka þjóðfélagi. Efnahags- og afkomugrundvöllur þjóðarinnar verður við þessar deilur ótraustari. Engra úrræða má því láta ófreistað til þess að sætta vinnu og fjármagn, koma á friði milli þeirra, sem stjórna atvinnutækjunum, og þeirra, sem vinna við þau. Mjög líklegt verður að telja, að stórt spor væri stigið í þá átt með því að gera verkamennina, sjómennina eða iðnaðarmennina að meðeigendum og meðstjórnendum í atvinnufyrirtækjunum, þar sem því verður við komið. Að því takmarki stefnir þessi tillaga.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi tillögu þeirra Jóhanns G. Möllers og Thors Thors árið 1937 var því skipulagi greinilega lýst, sem hér er um að ræða. Leyfa flutningsmenn þessarar tillögu sér að prenta þann kafla greinargerðar þeirrar upp hér á eftir. En þar var komizt að orði á þessa leið:

„Hér skal atvinnufyrirkomulagi þessu lýst nokkuð. Arðskiptifyrirkomulagið gengur út á það að veita starfsmönnum fyrirtækjanna hlutdeild í arði þeirra. Er það eitt út af fyrir sig mjög þýðingarmikið atriði og mjög til bóta frá því, sem nú er víða. Oft er samfara arðskiptingunni eftirlit og nokkur stjórnarihlutun af hálfu verkamannanna. En hlutdeildarfyrirkomulagið sjálft (co-partnership) miðar að því að veita starfsmönnum fyrirtækjanna áhrifavald í fyrirtækjunum, ekki einungis með þeim hætti að gera þá hluttakandi í arði fyrirtækjanna; heldur með því að gera þá beinlínis að meðeigendum þeirra. Yfirleitt er það stefnumið þeirra manna, sem berjast fyrir þessu máli, að allir verkamenn fyrirtækjanna hafi hlutöku í arði þeirra, eignist hluti í þeim og hafi íhlutun um stjórn þeirra eða eftirlit með henni. Má í sem stytzu máli segja, að grundvallarsetningar þessa fyrirkomulags séu:

1. að verkamennirnir fái auk hinna föstu launa einhvern hluta í arðinum;
2. að þeim gefist kostur á að safna arðhluta sínum, eða einhverjum hluta hans, til þess með honum að eignast hluta í atvinnufyrirtækjunum;
3. að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því: a) að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hlufhafa, eða með því: b) að nefnd verkamanna hvers fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess.

Eru þetta þær grundvallarsetningar, sem sérstaklega hefur verið byggt á í þessu efni. En fjölbreytni fyrirkomulagsins er svo að segja takmarkalaus, enda

hægt að beita því við svo til allar greinar atvinnulífsins. Er fengin í þessum efnum mikil reynsla erlendis.

Það má vera augljóst mál af því, sem nú hefur verið sagt, hver er tilgangurinn með eflingu atvinnurekstrarfyrirkomulags þessa. Og ef kleift er að ná þessum tilgangi, er það auðsætt, að framkvæmd þessa máls er spor í áttina til lausnar eins höfuðvandamáls þjóðfélags vors og kippir fótum undan hinni skefjalausu áróðrarstarfsemi andstæðinga núverandi þjóðskipulags um, að atvinnuveitendur hljóti jafnan að vera andstæðingar ef ekki fjendur verkamanna. Það er því ekki að ófyrirsynju, að vakin er athygli Alþingis á þessu máli og þess farið á leit, að löggjafarvaldið geri sitt til að efla framdrátt þessa máls með þjóð vorri, enda er það svo, eins og áður er drepið á, að þessari stefnu í atvinnumálum vex nú óðum fylgi. Hafa mörg stærstu og happadrýgstu fyrirtæki heimsins verið rekin á grundvelli þessa fyrirkomulags. En eitt höfuðeinkenni í rekstri þeirra er, að vinnudeilur koma þar aldrei fyrir, og flest eru þau annáluð fyrir snilldarlegan aðbúnað við verkamenn sína. Margir frægustu þjóðhagsfræðingar og heimsfrægir stjórnmálamenn hafa og séð í þessu atvinnurekstrarfyrirkomulagi lausn höfuðvandamála þjóðfélaga nútímans, og telja margir þeirra, að þegar menn taki að skilja hina dýpri merkingu hlutdeildarfyrirkomulagsins, þegar hún verði bæði verkamönnum og vinnuveitendum ljós, muni verða hægt að mynda hlutdeildarrekstur, sem geri launagreiðslur óþarfar nema sem úttekt á reikning. En þó að það sé langt undan landi, að svo verði, er málið þannig vaxið, að ástæða þykir til að athuga, hversu feikna stórt spor til heilbrigðrar þróunar efnahagslífsins væri hægt að stíga með framkvæmd þessa atvinnurekstrarfyrirkomulags."

Nd. 99. Frumvarp til laga [89. mál]

um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. Slysatryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingarnar og slysatryggingarnar, og hefur með höndum umsjón og yfirstjórn sjúkratrygginganna, allt undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins).

Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs, skrifstofustjóra, sjúkramálastjóra Tryggingastofnunarinnar, sem jafnframt er deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, aðra deildarstjóra, tryggingafræðing, aðalgjaldkera og tryggingayfirlækni, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs.

Ráðherra ákveður laun allra fastra starfsmanna Tryggingastofnunarinnar, að fengnum tillögum forstjóra, þar til launin verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

6. gr.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Rísi ágreiningur um bætur leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar;
b. ársreikningum stofnunarinnar;
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir;
d. öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús og önnur slík dvalarheimili;
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða;
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og sölum;
g. öðrum þeim atriðum, sem lög þessi ákveða.

Þá getur forstjóri og borið önnur mál undir tryggingaráð, ef honum finnst ástæða til.

Formaður tryggingaráðs hefur f. h. ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda og Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipa hvert um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. Þóknun til sýslumanna og bæjarfógeta fyrir þessi aukastörf skal ákveðin í reglugerð, sem samin sé í samráði við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og stjórn félags héraðsdómara.

Ráðherra ákveður þátttöku Tryggingastofnunarinnar í skrifstofukostnaði sýslumanna og bæjarfógeta vegna umboðsstarfa þessara.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðast liðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs, skulu reikningarnir sendir félagsmálaráðuneytinu, sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal gefa út árbók með sem gleggstum upplýsingum um alla starfsemi stofnunarinnar.

II. KAFLI
LÍFEYRISTRYGGINGAR

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Landinu er skipt í tvö verðlagssvæði. Til fyrsta verðlagssvæðis teljast kaupstaðir og kauptún með 2000 íbúum eða fleiri, til annars verðlagssvæðis allir aðrir staðir á landinu. Heimilt er að færa sveitarfélag milli verðlagssvæða, ef rökstuddar óskir þess efnis koma frá hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Bætur skulu vera fjórðungi (25%) lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, sbr. þó 19. og 20. grein.

Iðgjöld skulu vera hlutfallslega lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, miðað við bótaupphæðir hvors verðlagssvæðis.

B. Bætur.

11. gr.

Rétt til bóta frá lífeyristryggingunum með þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum hafa:

a. Íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi.
b. Erlendir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, ef fullnægt er ákvæðum milliríkjasamninga um gagnkvæmar tryggingar, sem Ísland er aðili að.
c. Aðrir erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi, ef fullnægt er skilyrðum alþjóðasamþykkta um tryggingamál, sem fullgiltar hafa verið af Íslands hálfu.

Þeir, sem rétt eiga til bóta frá lífeyrissjóðum, er starfa samkvæmt sérstökum lögum, eða hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt 84. gr., eiga ekki rétt til sams konar bóta frá lífeyristryggingunum. Þó skal greiða þeim lífeyrisþegum lögboðinna sjóða, sem látið hafa af störfum fyrir 1. janúar 1947 og njóta lægri bóta frá sjóðnum en lífeyristryggingin veitir, það, sem á vantar. Sama gildir um lífeyrisþega viðurkenndra sjóða, ef þeir hafa látið af störfum áður en sjóðurinn hlaut viðurkenningu.

12. gr.

Lífeyristryggingarnar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

13. gr.

Ellilífeyrir er greiddur þeim, sem orðnir eru 67 ára.

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 22., 23. og 76. gr. 3. mgr.:

	1. verðl.svæði	2. verðl.svæði
Fyrir hjón þegar bæði fá lífeyri	kr. 7 200.00	kr. 5 400 00
Fyrir einstaklinga	— 4 500.00	— 3 375.00

Nú eru hjón eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar og er þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri.

Nú frestar maður töku ellilífeyris og fær hann þá 7.5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður án þess hann taki lífeyrinn. Sama gildir þótt tekjur hans hefðu valdið skerðingu, sbr. 22. gr., ef hann hefði sótt um lífeyri. Viðbót þessi má þó aldrei nema meiru en 60% lífeyrisins. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinni.

14. gr.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir teljast ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess,

er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að verja allt að 10% þeirrar heildarfjárhæðar, sem árlega er greidd í örorkulífeyri samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til greiðslu örorkustyrkja handa þeim, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um slíkar heimildargreiðslur, sem ráðherra staðfestir.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

Örorkulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 13. gr., og greiðist samkvæmt sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 60% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

16. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru umfram tvö í fjölskyldu, og eru á fullu framfæri foreldranna.

Við ákvörðun fjölskyldubóta skulu ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar.

Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvíst er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattframtali undanfarin þrjú ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annars. Stytta má tímabil þetta ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.

Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:

	1. verðl.svæði	2. verðl.svæði
Með þriðja barni í fjölskyldu	kr. 600.00	kr. 450.00
Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu ..	— 1 200.00	— 900.00

17. gr.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn er látinn eða annaðhvort foreldranna er elli- eða örorkulífeyrisþegi.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn þegar eins stendur á.

Þó er ekki greiddur barnalífeyrir með stjúpbörnum, sem eiga framfærsluskyldan föður á lífi eða með kjörbörnum, nema þau hafi verið á framfæri hins látna eða örorkulífeyrisþegans a. m. k. 2 síðustu árin, eða ellilífeyrisþegans, a. m. k. 5 síðustu árin áður en lífeyrisrétturinn gat stofnazt. Þó er tryggingaráði heimilt að stytta þessa fresti, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur hans hrökkvi ekki til að sjá fjölskyldunni farborða.

Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 2400.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 1800.00 á 2. verðlagssvæði.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 50%.

18. gr.

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa tvö börn eða fleiri undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera þriðjungur óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt, og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri.

Tryggingastofnuninni er heimilt að lækka mæðralaunin eða láta þau falla niður, ef efnahagsástæður móðurinnar eru svo góðar, að hún þurfi þeirra ekki með.

19. gr.

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 900.00 við hverja fæðingu.

20. gr.

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 600.00 mánaðarlega.

Ef ekkjan hefur barn yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 450.00 mánaðarlega.

21. gr.

Þegar niður falla bætur, samkvæmt 20. gr., skal hver sú kona, sem orðin var 50 ára við lát mannsins, öðlast rétt til árlegs lífeyris, allt að fullum einstaklings ellilífeyri miðað við 67 ára aldur. Lífeyrir þessi, sem miðast skal við aldur konunnar, þegar lífeyrisrétturinn stofnast, skal lækka um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á að hlutaðeigandi sé 67 ára. Sama rétt eiga ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri.

Tryggingaráð ákveður lífeyrinn með hliðsjón af fjárhagsástæðum hlutaðeigandi og verðlagssvæðum, þó aldrei lægri en 10% lífeyris.

22. gr.

Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 13. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr því marki, sem hér segir:

a. 1⅓ hluta lífeyris, ef um einstakling er að ræða.
b. Fullum lífeyri, ef um hjón er að ræða.
c. 1¾ hlutum hjónalífeyris, ef um hjón er að ræða og aðeins annað fær lífeyri.

Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyrir um helming þess, sem umframtekjurnar nema og fellur niður, þegar þær hafa náð upphæð, sem er jafnhá 3⅓ hluta lífeyris, sé um einstakling að ræða, en þreföldum hjónalífeyri, sé um hjón eða annað hjóna að ræða.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna elli- og örorkulífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái, áður barnalífeyrir skerðist, hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður. Skerðing lífeyris vegna tekna skal miðast við síðasta skattframtal bótaþega. Breytist hagur hans verulega á bótaárinu, skal þó taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.

23. gr.

Greiða má uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef lífeyrisþegi á ekki lögskyldan, aflögufæran framfæranda á lífi, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947, og sýnt þykir, að hann geti ekki komizt af án hækkunar.

Uppbót þessa skal aðeins greiða þeim, sem:

a. þurfa sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika,
b. dvelja á elliheimili, sjúkrahúsi eða öðru slíku hressingar- eða dvalarheimili,
c. eru einstæðingar.

Uppbótin skal miðast við ástæður lífeyrisþegans, en þó aldrei vera hærri en lífeyrisupphæð skv. 13. gr. Uppbót og lífeyrir samkvæmt b-lið skal hvorutveggja miða við lífeyri 1. verðlagssvæðis.

Uppbót þessi greiðist að ⅖ af hlutaðeigandi sveitarsjóði og að ⅗ af Tryggingastofnun ríkisins og skal stofnuninni heimilt að verja upphæð, sem nemur allt að 7% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs í þessu skyni.

Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari eftir ástæðum lífeyrisþegans, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Hlutur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hlutur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

C. Tekjur.

24. gr.

Útgjöld lífeyristrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:

a. Ríkissjóður 33%.
b. Hinir tryggðu 33%.
c. Sveitarsjóðir 19%.
d. Atvinnurekendur 15%.

25. gr.

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin hafa gert áætlun um útgjöld lífeyristrygginganna fyrir næsta almanaksár, sem þá þegar skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Skal áætlunin miðuð við sömu vísitölu og fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að miða fjárlög næsta árs við. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af áætluðum útgjöldum.

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skulu ákveðin iðgjöld og framlög næsta árs, samkvæmt 24. gr.

Nú eru horfur á því fyrir árslok, að vísitala muni breytast verulega frá því sem gert var ráð fyrir þegar iðgjöld og framlög voru ákveðin og getur ráðherra þá breytt framlögum og iðgjöldum til samræmis við væntanlega vísitölubreytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag hefur orðið of hátt eða ekki nógu hátt hjá einstökum þátttökuaðiljum samkv. 24. gr., skal áætlað framlag hlutaðeigandi aðila fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

26. gr.

Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginganna samkvæmt 24. og 25. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

27. gr.

Iðgjöld, samkvæmt b-lið 24. gr., greiða allir, sem búsettir eru í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hvorki greiða tekju- né eignarskatt og hafa notið bóta, samkvæmt þessum kafla annarra en fjölskyldubóta, mæðralauna eða fæðingarstyrks tvo mánuði eða lengur eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu.

Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla og iðgjald hjóna sem næst einum tíunda hærra en karla.

Félagsmálaráðuneytið ákveður iðgjöldin með reglugerð fyrir næsta ár um leið og það staðfestir áætlun trygginganna, sbr. 25. gr. 2. mgr., að fengnum tillögum tryggingaráðs.

28. gr.

Framlagi sveitarfélaga skal skipta niður á lögsagnarumdæmi á eftirfarandi hátt:

a. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld lífeyristryggingarinnar í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig árið áður.
b. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattframtali.
c. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu um síðustu áramót.

Innan hvers lögsagnarumdæmis skiptist framlagið á milli sveitarfélaganna, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

a. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
b. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
c. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu um síðustu áramót.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur, sem tryggingargjaldi svarar, af þeim fasteignum, sem framlag sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við þegar því er skipt milli sveitarfélaga innan lögsagnarumdæmis, sbr. b-lið, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

Framlög sveitarfélaganna skal greiða ársfjórðungslega. Tryggingastofnunin áætlar framlag hvers sveitarfélags í ársbyrjun, og eru gjalddagar síðasta dag hvers ársfjórðungs, en lokaskil skulu gerð, þegar hlutur hvers sveitarfélags hefur verið endanlega ákveðinn samkvæmt framansögðu.

Ríkissjóður ábyrgist framlög sveitarfélaganna.

Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjá mánuði, skal það greiða dráttarvexti, ¾ af hundraði fyrir hvern mánuð frá gjalddaga til greiðsludags.

29. gr.

Framlagi atvinnurekenda, sbr. 24. gr. d., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 32. gr. með iðgjöldum miðuðum við vinnuvikur, unnar í þjónustu þeirra. Sé um tímavinnu að ræða telst vinnuvikan 48 stundir. Iðgjald þetta greiða og bifreiðastjórar, sem aka eigin bifreið í atvinnuskyni. Upphæð iðgjalds skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Í reglugerð skal og ákveða hversu meta skuli til vinnuvikna störf barna og fósturbarna eldri en 16 ára, sem dvelja og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna, unglinga, gamalmenna og öryrkja, sem dvelja og vinna hjá vandalausum án verulegrar kaupgreiðslu.

III. KAFLI
SLYSATRYGGINGAR

A. Almenn ákvæði.

30. gr.

Slys er það, samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu svo að hann deyr, eða verður óvinnufær.

Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

Til slysa teljast atvinnusjúkdómar, svo sem hvers konar fingur- og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, slátrun og aðra þá vinnu, sem sérstaklega er hættuleg að þessu leyti, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar. Ákveða skal í reglugerð hverja sjúkdóma aðra skulu telja atvinnusjúkdóma.

31. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt lögum þessum, skal atvinnurekandi senda tafarlaust tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Trygg-

ingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum.

32. gr.

Launþegi telst hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi, án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Um eftirtalda menn gilda sömu reglur og um launþega:

a. Nemendur við iðnnám samkvæmt lögum nr. 46/1949.
b. Útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar.
c. Ökumenn á eigin ökutækjum og stjórnendur aflvéla, sbr. 43. gr. 5. mgr.
d. Þá, sem vinna að björgun manna úr lífsháska.

Launþegar teljast ekki þeir, sem eingöngu taka vinnu heim til sín eða á vinnustað, sem þeir sjálfir ákveða, eigi heldur þeir, sem taka að sér lausavinnu. Með reglugerð skal setja nánari ákvæði um það, hvað telja beri starf á heimili og lausavinnu í þessu sambandi. Ekki skal þó undanskilja þá launþega, er stunda lausavinnu, sem sérstök áhætta fylgir.

Hjónin teljast hér bæði atvinnurekendur og eru börn þeirra, yngri en 16 ára, foreldrar og fósturforeldrar ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

B. Bætur.

33. gr.

Launþegar, samkvæmt 32. gr., sem verða fyrir slysi, samkvæmt 30 gr., eiga rétt til slysabóta, svo og vandamenn þeirra eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

34. gr.

Slysatryggingarnar taka til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

35. gr.

Ef bótaskylt slys veldur sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, skal greiða hinum slasaða nauðsynlega læknishjálp og sjúkrahúsvist frá þeim tíma, er slysið vildi til, svo og ¾ hluta af nauðsynlegum lyfja- og umbúðakostnaði utan sjúkrahúss, og að fullu í sjúkrahúsi. Læknishjálp og sjúkrahúsvist greiðist eftir gjaldskrá, sem staðfest er af heilbrigðismálaráðuneytinu, ef ekki er öðruvísi um samið. Auk þess er heimilt að greiða fyrir sjúkraleikfimi, hjúkrun í heimahúsum og flutning á slösuðum mönnum, fyrst eftir slys, enda séu slíkar aðgerðir taldar nauðsynlegar að dómi tryggingayfirlæknis.

Nú veldur slys óvinnuhæfni skemur en 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkrakostnað, sem ekki er almennt greiddur af sjúkrasamlögum, getur þá tryggingaráð heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfelli.

36. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 26 vikur.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru kr. 22.50 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 26.00 fyrir kvæntan mann eða gifta konu og kr. 3.50 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, er slysið varð og mega ekki, ásamt launatekjum, nema meiru en upphæð dagpeninga, að viðbættum þriðjungi.

37. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, er fyrir því varð örorkulífeyri 1. verðlagssvæðis eftir reglum 14. gr., síðustu mgr., eða örorkubætur í einu lagi. Skerðingarreglur 22. gr. taka þó ekki til slysalífeyris.

Ef örorkan er 50% eða meiri greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Nú er örorka metin 50% eða meiri og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 16 ára, sem voru á framfæri bótaþega, þegar slysið bar að höndum, eftir reglum 38. gr. Ef örorkan er alger, skal greiða fullar bætur, en sé örorkutapið minna, lækka bæturnar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku. Barnalífeyrir skal þó ekki vera lægri en verið hefði, ef hann hefði verið ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyrir til öryrkja, sbr. 17. gr.

Ef orkutap er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða örorkubætur í einu lagi, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda, samkvæmt reglum er ráðuneytið setur, að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

38. gr.

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hið látna eða á framfæri þess, hljóta kr. 9000.00. Ef ekkja eða ekkill eru 50 ára eða eldri, eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags. kr. 4500.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára.
b. Barnalífeyrir kr. 2400.00 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 17. gr.
c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 3000.00 og allt að kr. 9000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna þegar eins stendur á.
d. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 3000.00 og allt að kr. 9000.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra, sbr. 16. gr., 3. mgr., gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvorutveggja eru á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 37. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

39. gr.

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, samkv. a-, c- og d-lið 38 gr., greiða þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils, samkv. fyrri málslið a-liðs ..... kr. 14000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis, samkv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu ..... kr. 2000.00 til — 6000.00
3. Til foreldris, samkv. d-lið ..... — 2000.00 til — 6000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6400 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tl. þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6400.00, sem skiptast milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 38. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

40. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41, 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, þegar dagpeningar eru greiddir samkvæmt 36. gr., einnig fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

41. gr.

Atvinnurekendur, sem vinna með verkafólki sínu eða starfa að eigin atvinnurekstri við tryggingarskyld störf án þess að hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á að tryggja sér með iðgjaldagreiðslu sams konar slysabætur og launþegar njóta samkv. ákvæðum þessa kafla. Tryggingastofnunin ákveður iðgjald fyrir tryggingar þessar.

Trygging samkv. þessari grein skal bundin við tiltekin nöfn og miðuð við ákveðinn tíma, er eigi skal vera skemmri en 6 mánuðir. Tryggingin er því aðeins gild, að iðgjöld séu greidd fyrir fram eða hlutaðeigandi hafi skráð á skattframtal sitt, að hann óski að kaupa slíka tryggingu.

42. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar á nafngreindum mönnum. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Jafnframt er Tryggingastofnuninni heimilt að taka að sér hóptryggingar ónafngreindra manna, svo sem slysatryggingu farþega í bifreiðum, skipum og flugvélum, starfsmanna tiltekinna fyrirtækja, íþróttamanna við keppni og æfingar og aðrar hliðstæðar tryggingar. Tryggingar þessar mega einnig ná til sjúkradagpeninga. Enn fremur getur Tryggingastofnunin, með samþykki ráðherra, tekið að sér persónulegar ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

C. Tekjur.

43. gr.

Útgjöld slysatrygginganna skulu borin af atvinnurekendum.

Hver sá, er hefur í þjónustu sinni launþega, sbr. og 32. gr., skal greiða áhættuiðgjald.

Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysahættuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Ákvörðun iðgjaldanna skal miðuð við áætlun Tryggingastofnunarinnar um útgjöld slysatrygginganna. Ef erfitt er að skipta starfsemi fyrirtækis í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Í þeirri reglugerð má setja ákvæði um, að meta skuli til vinnuvikna störf þess fólks, er um ræðir í næst síðasta málslið 29. gr. á sama hátt og gert verður í reglugerð samkvæmt henni.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla.

IV. KAFLI
SJÚKRATRYGGINGAR

A. Almenn ákvæði.

44. gr.

Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs og með samþykki hlutaðeigandi sjúkrasamlagsstjórna, að eitt og sama sjúkrasamlag annist sjúkratryggingar í fleiri hreppum innan sömu sýslu, eða í kaupstað og nærliggjandi hreppum. Einnig má láta hluta sveitarfélags fylgja sjúkrasamlagi nágrannasveitarfélags.

Nú samþykkja a. m. k. ⅔ hlutar sjúkrasamlagsstjórna í sama lögsagnarumdæmi, að sameinast í eitt sjúkrasamlag, og getur þá ráðherra, að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið sameiningu allra samlaga umdæmisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

45. gr.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar tvo eða fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara, eftir því sem sveitarstjórn ákveður.

Standi fleiri en eitt sveitarfélag að sjúkrasamlagi, skulu þau hvert um sig kjósa einn mann í stjórnina, en verði tala stjórnarnefndarmanna þá jöfn, skal sveitarfélag það, sem flesta hefur tryggingarskylda meðlimi, kjósa tvo menn. Nú sameinast öll sjúkrasamlög í lögsagnarumdæmi í eitt sjúkrasamlag, sbr. 44. gr. 3. mgr. og skal þá sýslunefnd kjósa 4 menn í stjórn samlagsins.

Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

46. gr.

Í hverju sýslufélagi skal vera héraðssamlag. Öll sjúkrasamlög tilheyrandi 2. verðlagssvæði, sbr. 10. gr., önnur en sjúkrasamlög kaupstaða, skulu vera í héraðssamlagi hlutaðeigandi sýslu.

Ekki skal vera héraðssamlag í sýslu, ef öll sjúkrasamlög í sýslunni hafa sameinazt í eitt sjúkrasamlag, sbr. 44. gr. 3. mgr.

Samþykktir héraðssamlags skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

47. gr.

Oddviti sýslunefndar er formaður stjórnar héraðssamlags, en sýslunefnd kýs til viðbótar tvo menn í stjórn héraðssamlagsins.

Sýslunefnd ákveður þóknun stjórnarinnar, er greiðist úr sjóði héraðssamlagsins.

48. gr.

Hlutverk héraðssamlaga er:

a. Að greiða sjúkradagpeninga, samkvæmt úrskurðum sjúkrasamlagsstjórna, sbr. 53. gr., og annast jöfnun á kostnaði sjúkrasamlaganna, samkvæmt því, er nánar greinir í 49. gr.
b. Að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna og gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag.
c. Að gefa Tryggingastofnun ríkisins umsögn um einstök mál frá sjúkrasamlögunum, sem henni eru send til úrskurðar.
d. Að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál almennt í umdæminu.

Reikninga sjúkrasamlaganna og heildarskýrslur, sbr. b-lið, skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins.

Þar sem ekki eru héraðssamlög, skal ákvæði d-liðs gilda um hlutaðeigandi sjúkrasamlag.

49. gr.

Framlag ríkissjóðs og lífeyrisdeildar til sjúkratrygginganna, samkvæmt 58. gr., greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlaganna þar sem þau eru, ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Héraðssamlag greiðir hverju sjúkrasamlagi innan héraðssamlagsins sinn hluta framlaganna, að frádregnum sjúkradagpeningum, sem stjórn sjúkrasamlagsins hefur úrskurðað, kostnaði við stjórn héraðssamlagsins og því fé, sem ákveðið kann að hafa verið til jöfnunar.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð, að héraðssamlag skuli verja allt að helmingi ríkisframlagsins til jöfnunar sjúkrakostnaði í sýslunni. Slík ákvörðun skal þó aðeins gerð samkvæmt tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, að fengnu samþykki héraðssamlagsstjórnar.

Nú hefur ráðherra ákveðið jöfnun sjúkrakostnaðar í sýslu, og skal þá greiða þeim sjúkrasamlögum í sýslunni, sem hafa meiri sjúkrakostnað en nemur meðalsjúkrakostnaði í þeirri sýslu, ¾ hluta þess, sem umfram er meðalsjúkrakostnað, ef jöfnunarfé er fyrir hendi, ella hlutfallslega.

Ef fé verður afgangs að lokinni jöfnun og greiðslu kostnaðar héraðssamlags, getur stjórn þess ákveðið að greiða það til sjúkrasamlaganna eða leggja það í varasjóð, er síðar má verja til jöfnunar, ef fé skortir. Tekjuafgang skal þó ekki greiða samlögunum fyrr en 10% af fé því, sem ætlað er til jöfnunar hverju sinni hefur verið lagt í varasjóð, unz varasjóður nemur 50% þess fjár, sem varið var til jöfnunar næsta ár á undan.

Stjórn héraðssamlags gerir árlega reikning um jöfnunina, sem senda skal Tryggingastofnun ríkisins, ásamt fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar.

B. Bætur.

50. gr.

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkv. 57. gr., í því samlagi, er starfar þar, sem hann á heimilisfang. Undanþegnir tryggingarskyldunni eru þeir, sem haldnir eru sjúkdómi, sem lög nr. 78 frá 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla taka til, á meðan þeir dvelja í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað ríkisframfærslunnar.

Börn samlagsmanna, þar með talin sjúpbörn og fósturbörn, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Séu foreldrar samvistum, njóta börnin fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur.

51. gr.

Þeir, sem verða samlagsmenn þegar við 16 ára aldur, eða flytjast milli samlaga, samkvæmt 56. gr. öðlast réttindi án biðtíma. Biðtími annarra, þar á meðal þeirra, sem misst hafa réttindi vegna vanskila, sbr. 78. gr. skal að jafnaði vera 6 mánuðir frá því iðgjaldagreiðsla þeirra hófst. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum samlags, svo og, að biðtími skuli, ef iðgjaldsskuld er greidd að fullu, aðeins gilda rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga. Maður sem verður tryggingarskyldur að aflokinni dvöl í sjúkrahúsi eða hæli á vegum ríkisframfærslunnar, sbr. 50. gr., fær þó full réttindi án biðtíma.

52. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin:

a. Ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samning við, eins lengi og nauðsyn krefur, svo og læknishjálp, hjúkrun, lyf og önnur þjónusta sem þar er veitt. Þó greiðir samlag ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls, vegna ellikramar og alvarlegra, langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78/1936 taka til.
b. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.
c. Nauðsynlegar rannsóknir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að ¾ hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.
d. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½. Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem hér um ræðir og skal skráin staðfest af heilbrigðisstjórninni.
e. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að ½ samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
f. Sjúkradagpeninga samkv. ákvæðum 53. gr.
g. Dvöl á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem fram yfir er fyrstu 9 dagana eftir hverja fæðingu.

Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Sjúkradagpeningar mega þó eigi hærri vera en slysadagpeningar, samkv. 36. gr.

53. gr.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga ef samlagsmaður, sem eldri er en 16 ára og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður óvinnufær vegna veikinda og tekjur hans falla niður að miklu eða öllu leyti.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 26 vikur samtals á hverjum 12 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða.

Launþegar og einyrkjar njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. 14 daga, en atvinnurekendur frá og með sjöttu sjúkraviku. Atvinnurekandi telst í þessu sambandi hver sá, sem kaupir svo mikla vinnu, að honum beri að greiða gjald skv. 29. gr. af meiru en 52 vikum. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 12.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu; kr. 15.00 fyrir kvæntan mann og gifta konu, sem er fyrirvinna heimilis, og kr. 3.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Sjúkradagpeningar mega þó ekki vera hærri en svo, að þeir ásamt öðrum tekjum hlutaðeigandi nemi sjúkradagpeningum samkvæmt grein þessari að viðbættum þriðjungi og aldrei fara fram úr þrem fjórðu hlutum þeirra tekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Ef ósannað er, að skilyrði þessarar málsgreinar séu uppfyllt, má fresta úrskurði um dagpeninga þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur á veikindaárinu eru fyrir hendi.

Gift kona fær ekki greidda sjúkradagpeninga, þótt hún missi atvinnutekjur, ef maður hennar getur séð henni farborða. Sama gildir kvæntan mann ef konan er tekjuaflandi. Ef hlutaðeigandi hefur ekki unnið utan heimilis, er heimilt að greiða dagpeninga, allt að því sem svarar lífeyrisupphæð samkvæmt 13. gr.

54. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 52. gr. nema Tryggingastofnunin geri sjálf samningana í umboði hlutaðeigandi samlags.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði gerðardómur ekki fullskipaður fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á samkvæmt 52. gr. b. og c., en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi. Þó skal sjúkrasamlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað þess að lækka iðgjöldin, að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki veittar samkvæmt 52. gr. b. og c., til aukinna greiðslu sjúkradagpeninga, fjölskyldubóta eða til hinna tryggðu upp í kostnað við læknishjálp.

Ef ekki næst samkomulag við opinber sjúkrahús um daggjald ákveður heilbrigðismálaráðuneytið daggjaldið í einu lagi fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu, sbr. 52. gr. a. Sé um einkasjúkrahús að ræða, getur Tryggingastofnunin ákveðið, að samlag endurgreiði sjúklingum tiltekna upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn. Breyting daggjalda skal jafnan tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara.

55. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og er þá samlagi hans heimilt að greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu.

Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

56. gr.

Nú flytzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags og verður hann þá tryggingaskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga, og um greiðslu sjúkrakostnaðar, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti, sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta sjúkrahjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

C. Tekjur.

57. gr.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórna og umsögn stjórnar héraðssamlaga þar sem þau eru. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem heimilisfang eiga í umdæmi sjúkrasamlags og eldri eru en 16 ára. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

58. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður greiða hvor um sig til sjúkrasamlaganna þriðjung greiddra iðgjalda. Greiðast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir árlega framlag til sjúkrasamlaganna, sem nema skal 4% af samanlögðum bótagreiðslum deildarinnar næsta ár á undan. Framlag þetta greiðist í fernu lagi, í lok hvers ársfjórðungs, og skiptist milli þeirra í réttu hlutfalli við greidd iðgjöld á næsta ári á undan.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft ár eða heilt ár greiðast framlögin í samræmi við það.

V. KAFLI
SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

A. Um bætur.

59. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara fjölskyldubætur og dagpeningar, mæðralaun, barnalífeyrir og ekkjubætur, samkv. 20. gr., svo og aðrar þær bætur, sem lögin kveða svo á um.

Ef maður á rétt á fleiri en einni tegund bóta, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar.

Ef maður, sem nýtur slysabóta samkv. III. kafla, ætti rétt á hærri bótum, eftir öðrum ákvæðum, skal greiða honum mismuninn til viðbótar. Sé hinn slysatryggði einnig tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið sjúkrakostnað hans vegna gegn endurgreiðslu frá slysatryggingunni.

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, falla bótagreiðslur niður, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs. Þegar um er að ræða sjúkling, sem haldinn er ellikröm eða öðrum slíkum sjúkdómi, skal Tryggingastofnunin þó greiða lífeyri hans að viðbættum 20% upp í dvalarkostnað hans, sbr. þó næstu málsgr.

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingarstofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

60. gr.

Sama rétt til bóta og hjón, hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

61. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

62. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, inflúenza, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla bóta vegna slíkra sjúkdóma, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

63. gr.

Ef bótaþegi flytzt til útlanda eða dvelst erlendis, falla bótagreiðslur til hans niður, unz hann kemur aftur til landsins. Heimilt er þó að greiða elli- og örorkulífeyri til manna, er dveljast í útlöndum í allt að 12 mánuði, og lengur, ef lengri dvöl er nauðsynleg vegna lækninga.

Erlendur ríkisborgari, sem öðlast hefur rétt til dagpeninga eða lífeyris frá slysatryggingunni, heldur þeim rétti þó hann flytji af landi brott.

64. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

65. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna, þó eigi lengur aftur í tímann en tvö ár og eigi lengur en 3 mánuði að því er varðar sjúkradagpeninga. Bætur samkvæmt II. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar þegar bótarétti lýkur.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

66. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

67. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Tryggingastofnunin getur og dregið upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

68. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, er hann eða hún hafa valdið, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi sérstakt framsal.

69. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelur þar.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

70. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkv. lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

71. gr.

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara, eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun þeirra opinberra starfsmanna, sem lægst laun hafa, samkvæmt launalögum.

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

72. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar, í Reykjavík fyrir 1. apríl, ár hvert gera skrá í þrem eintökum yfir alla þá, sem heimilisfastir eru innan hlutaðeigandi sveitarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára.

Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir og enn fremur aðrar þær upplýsingar, er varða iðgjaldagreiðslur hlutaðeiganda. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattyfirvalds, sem leggur á iðgjöld samkvæmt 27. gr. Annað eintakið sendist innheimtumönnum, sbr. 75. gr., hitt eintakið Tryggingastofnuninni.

73. gr.

Iðgjöld atvinnurekanda samkvæmt 29. gr. og 43. gr. skulu skattanefnd og skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skul þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattanefndar eða skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem rétt eiga til slysabóta samkvæmt 35.—38. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgrein 43. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

74. gr.

Gjaldskrár samkvæmt 72. og 73. gr., skulu liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd skulu endurskoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

75. gr.

Iðgjöld samkvæmt 72. og 73. gr. skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 46, 14. apríl 1954 um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt gilda um innheimtu iðgjaldanna.

Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum. Þó getur Tryggingastofnun ríkisins annast innheimtuna sjálf í einstökum lögsagnarumdæmum, ef hún kýs það.

Um gjald (áhættufé) fyrir innheimtu af iðgjöldum, samkv. lögum þessum, fer eftir launalögum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

76. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína, og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupi þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt eða eignarskatt það ár og má ekki krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattskyldra tekna hans, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyristryggingin greiðir sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, er njóta elli- og örorkulífeyris. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvors annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

77. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtumaður eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt og greiða síðan til innheimtumanna. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupi og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein, og viðurlög við vanrækslu, skulu sett með reglugerð.

78. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 57. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum að allt að sex mánaða vanskil

valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 51. gr. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeigandi hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 19. gr., bætur samkv. 20. gr. eða slysabætur samkvæmt III. kafla laganna.

79. gr.

Iðgjöld samkvæmt 29. gr., 43. gr. og 57. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla, skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkvæmt 29. gr. og 43. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

80. gr.

Öll iðgjöld samkvæmt lögum þessum önnur en iðgjöld skv. 42. gr. koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

C. Önnur ákvæði.

81. gr.

Varasjóður Tryggingastofnunar ríkisins verður varasjóður lífeyristrygginganna og leggjast vextirnir við höfuðstólinn. Það fé, sem er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar vegna slysatrygginganna færist á sérreikning þeirra. Annað vörzlufé stofnunarinnar sé framvegis í vörzlu þeirrar deildar, sem fer með lífeyristryggingarnar.

Tryggingastofnuninni er heimilt að veita lán úr varasjóði til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Handbært fé stofnunarinnar, sem ekki þarf að nota til daglegs reksturs trygginganna skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

82. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74, 31. des. 1937, skulu greiddir hlutaðeigandi sveitarfélögum, er þau hafa komið upp hæli, sem félagsmálaráðherra viðurkennir, fyrir gamalmenni og öryrkja.

83. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að lífeyrisdeild greiði:

a. kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum;
b. gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin;
c. kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dvelja hér um stundarsakir;
d. allt að 300 þúsund krónur á ári í styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59/1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Úthlutun fjárins ákveður tryggingaráð og að fengnum tillögum landlæknis, að því er varðar styrk til læknisvitjanasjóða.

84. gr.

Tryggingastofnunin skal veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem Tryggingastofnunin setur

fyrir slíkri viðurkenningu. Það skal m. a. sett sem skilyrði, að þeir veiti félagsmönnum sínum elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, er ekki sé lægri en tryggður er með lögum þessum. Félagsmenn slíkra sérsjóða og lögboðinna lífeyrissjóða greiði til Tryggingastofnunarinnar iðgjald, er miða skal við þær bætur, er þeir gætu átt kröfu til frá Tryggingastofnuninni. Ráðherra ákveður iðgjöldin að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Tryggingaráð getur krafizt þess, að iðgjaldið sé innheimt af sérsjóðunum, svo og að þeir skuldbindi sig til að gera Tryggingastofnunina skaðlausa af þeim félagsmönnum, sem hverfa úr sjóðnum til almannatrygginganna. — Þessir sjóðir skulu greiða sjúkrasamlagsiðgjöld örorkulífeyrisþega sinna og ellilífeyrisþega, sem orðnir eru 67 ára, enda færi þeir sönnur á, að tekjur þeirra séu ekki svi háar, að valda mundi missi lífeyris samkvæmt 22. gr.

Tryggingastofnunin annast reikningshald og daglega afgreiðslu þeirra lífeyrissjóða, sem lögum samkvæmt eiga að vera í hennar vörzlu og getur tekið að sér sams konar störf fyrir aðra lífeyrissjóði, sem viðurkenndir eru samkvæmt grein þessari.

85. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein.

86. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

87. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

88. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum til Tryggingastofnunar ríkisins, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50/1946, III. kafli laga nr. 104/1943 og lög nr. 116/1954.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Almennar athugasemdir.

I.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar skipaði félagsmálaráðherra með bréfi, dags. 7. maí 1954, fimm manna nefnd til þess að endurskoða löggjöfina um almannatryggingar í heild, þar á meðal að athuga gaumgæfilega fjárhagslegan grundvöll trygginganna. Við endurskoðunina átti nefndin að hafa hliðsjón af samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102 frá 1952 um lágmarksákvæði almannatrygginga svo og samninga aðildarríkja Evrópuráðsins um almannatryggingar. Nefndin skyldi leita umsagnar og tillagna hjá bæjarstjórnum og hreppsnefndum í landinu, svo og öðrum þeim aðilum, er hún áliti gagnlegt að hafa samráð við um tryggingalöggjöfina og framkvæmd hennar. Að loknum rannsóknum sínum, skyldi nefndin semja frumvarp til heildarlaga um almannatryggingar.

Í nefndina voru skipaðir þessir menn: Hjálmar Vilhjálmsson, skrifstofustjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Gunnar J. Möller, hæstaréttarlögmaður, sem verið hefur ritari nefndarinnar, Gísli Guðmundsson, alþingismaður,

Haraldur Guðmundsson, alþingismaður, og Kjartan J. Jóhannsson, alþingismaður. Síðar ákvað ríkisstjórnin að bæta tveim konum í nefndina, og með bréfi félagsmálaráðherra, dags. 12. janúar 1955, voru þær frú Auður Auðuns, bæjarstjórnarforseti, og frú Rannveig Þorsteinsdóttir, héraðsdómslögmaður, skipaðar í nefndina.

Nefndin hóf störf sín með því að athuga hjá hvaða aðilum væri rétt að leita álits varðandi meginatriði almannatryggingarlaganna. Síðan sendi nefndin bréf til allra bæjar- og sveitarstjórna í landinu, þar sem leitað var álits þeirra um nokkur veigamikil atriði laganna. Svör hafa borizt við bréfi þessu frá 156 hreppsnefndum og frá 9 bæjarstjórnum eða samtals frá 165 sveitarstjórnum. Nefndin sendi enn fremur bréf til eftirtalinna sambanda og leitaði álits þeirra um nokkur meginatriði laganna:

1. Alþýðusambands Íslands.
2. Vinnuveitendasambands Íslands.
3. Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
4. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
5. Landssambands iðnaðarmanna.
6. Stéttarsambands bænda.
7. Læknafélags Íslands.
8. Læknafélags Reykjavíkur.
9. Sambands íslenzkra kvenfélaga.
10. Kvenréttindafélags Íslands.

Nr. 3 og 7—10 svöruðu, hinir ekki. Auk þessa fékk nefndin bréf frá ýmsum öðrum aðilum, sem hún hafði ekki skrifað, varðandi einstök atriði almannatryggingalaganna.

Tryggingastofnun ríkisins hefur látið nefndinni í té ýmsar skýrslur og útreikninga, sem nefndin óskaði eftir og K. G. Guðmundsson, tryggingafræðingur, annaðist fyrir nefndina ýmsa tryggingafræðilega útreikninga og áætlanir.

Fyrsti fundur nefndarinnar var 26. maí 1954 og samtals hefur nefndin haldið 74 fundi, sem bókaðir eru, auk fjölda annarra funda, sem formaður og einstakir nefndarmenn hafa setið með ýmsum aðilum um einstök atriði tryggingalaganna.

II.

Segja má, að um sé að ræða tvær meginstefnur í almannatryggingamálum og þar af leiðandi tvenns konar tryggingakerfi. Annars vegar kerfi, sem byggja á tryggingarsjónarmiði. Iðgjaldagreiðslur hinna tryggðu skapa réttinn til bótanna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, og bæturnar eru háðar iðgjaldagreiðslum tiltekið tímabil. Hins vegar kerfi, sem byggja að meira eða minna leyti á framfærslusjónarmiði. Þörf hinna tryggðu til bótanna hefur þá áhrif á bótagreiðslur og iðgjaldagreiðslur eru að jafnaði ekki skilyrði fyrir bótarétti. Hið fyrrnefnda kerfi byggir á myndun sjóða til þess að standa straum af kostnaði við tryggingarnar og krefst þá stöðugs peningagildis, þ. e. að gildi þeirra peninga, sem iðgjöldin eru greidd með verði hið sama og gildi þeirra peninga, sem bæturnar eru greiddar með, oft og einatt, áratugum síðar en iðgjöldin, eða verulegur hluti þeirra er greiddur. Ljóst er, að hér á landi eru ekki skilyrði til að halda uppi almennum tryggingum byggðum á þessum grundvelli. Með almannatryggingalögunum frá 1946 var því farið bil beggja. Samkvæmt lögunum var svo til ætlazt, að lífeyrir skyldi greiddur án tillits til tekna, en með bráðabirgðaákvæði, sem enn er í gildi, var ákveðið að skerða lífeyrinn, ef aðrar tekjur færu fram úr vissu marki. Þá er og lagt á vald Tryggingastofnunarinnar, hvort bætur skuli skertar eða felldar niður í ýmsum tilfellum vegna vangreiðslu iðgjalda. Enn fremur var tekið ákvæði inn í framfærslulögin þess efnis, að sveitarfélag hafi rétt til að tryggja bótaþega ákveðin réttindi gegn greiðslu á fimm ára iðgjaldi, þótt vanskil séu fyrir lengri tíma. Um leið og horfið var frá sjóðsmyndun, hallaðist löggjöfin meira að framfærslusjónarmiðinu.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, fylgir í þessu meginatriði þeirri sömu

stefnu og lögð var með lögunum frá 1946. Um iðgjaldagreiðslur gildir hið sama, samkvæmt frumvarpinu, og nú er, sjá 78. gr. 2. mgr. frumvarpsins. Skerðingarákvæðin, sem nú eru í bráðabirgðaákvæðum hafa verið tekin upp í frumvarpið nokkuð breytt, sjá 22. gr., sbr. síðar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að sjúkrasamlögin fylgja tryggingarsjónarmiðinu og er engin breyting í því efni, varðandi ákvæði IV. kafla, um sjúkratryggingar. Einnig hafa slysatryggingarnar nokkra sérstöðu, sem liggur í því, að iðgjöld eru ekki greidd af hinum tryggðu sjálfum, en bæturnar eru samt eingöngu bornar með iðgjaldagreiðslum atvinnurekendanna.

III.

Samkvæmt almannatryggingalögunum frá 1946, III. kafla, skyldi heilsugæzlan, þ. e. bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp, falin Tryggingastofnun ríkisins í samráði við heilbrigðisstjórnina. Eins og kunnugt er hefur þessum ákvæðum stöðugt verið frestað. Sjúkrahjálpin hefur verið á vegum sjúkrasamlaga, sem nú starfa í hverjum hreppi í landinu, og sérstök lög um heilsuvernd voru sett á síðasta þingi. Eitt hið þýðingarmesta atriði, sem nefndin hafði til athugunar, var að gera tillögur um tilhögun heilsugæzlunnar framvegis. Nefndin átti ýtarlegar viðræður við stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur um málið. Niðurstaða þeirra viðræðna varð sú, að læknarnir tjáðu sig andvíga því, að sjúkrahjálpin yrði skipulögð á þann veg, sem lögin gera ráð fyrir, og töldu heppilegast, að sjúkrasamlögin önnuðust sjúkrahjálpina með svipuðum hætti og verið hefur. Nefndin leitaði álits sveitarstjórnanna um þetta atriði. Svörin voru þannig, að um 30 sveitarstjórnir vildu leggja áherzlu á framkvæmd ákvæða almannatryggingalaganna um heilsugæzlu, nær 110 sveitarstjórnir voru ákvæðunum andvígar, en 25 svöruðu ekki þessu atriði.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að mjög yrði torvelt að framkvæma lagafyrirmæli, sem eiga svo litlu fylgi að fagna sem raun virðist vera á um þessi ákvæði, og það því fremur, sem læknarnir, er þessi ákvæði varða mest, voru þeim einnig gersamlega andvígir og töldu þau jafnvel óframkvæmanleg. Lækningarstöðvar þær, sem lögin gerðu ráð fyrir að komið yrði upp í kaupstöðum, hafa hvergi verið reistar og fullkominni heilsuverndarstöð hefur aðeins verið komið á fót í Reykjavík. Án slíkra stöðva er sú skipun, sem lögin gera ráð fyrir á læknishjálp utan sjúkrahúsa og heilsuvernd, ekki framkvæmanleg. Nefndin ákvað því að leggja til, að kaflinn um heilsugæzluna yrði numinn úr almannatryggingalögunum.

Í sambandi við þessa breytingu kemur þrennt til greina:

Í fyrsta lagi þarf að gera breytingu á lögunum frá síðasta þingi um heilsuvernd. Hefur nefndin gert frumvarp til laga um breytingu á þeim lögum, sem hún afhendir með þessu frumvarpi. Atriðið varðar skipun og launagreiðslur lækna, sem starfa við heilsuverndarstöðvar.

Í öðru lagi hefur nefndin tekið upp í frumvarpið sérstakan kafla um sjúkratryggingar, IV. kafla, en ákvæði laga nr. 104/1943, að því er þau lög varða sjúkrasamlög, eru tekin upp í nefndan sjúkratryggingarkafla, með nokkrum breytingum, sem nánar verður rætt um síðar.

Í þriðja lagi er svo ákveðið í almannatryggingalögunum, að Tryggingastofnunin úrskurði og greiði sjúkradagpeninga. Þetta var eðlilegt og sjálfsagt, þegar gengið var út frá því, að stofnunin annaðist aðra sjúkrahjálp. Þegar nú er lagt til, að horfið verði frá þessu atriði, þykir óeðlilegt að hafa úrskurðun og greiðslu sjúkradagpeninga, eina allra sjúkrabóta, á vegum Tryggingastofnunarinnar. Er því lagt til, að sjúkradagpeningarnir fylgi öðrum sjúkrabótum og verði úrskurðaðir eins og aðrar sjúkrabætur af stjórnum sjúkrasamlaganna.

IV.

Í 27. og 28. gr. almannatryggingalaganna eru ákvæði, sem heimila mæðrum, sem fengið hafa úrskurð yfirvalds, um meðlag með óskilgetnum börnum sínum og

fráskildum konum, sem fengið hafa skilnaðarbréf eða úrskurð, um meðlög með börnum sínum, að snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fá þar greidd meðlögin eða barnalífeyrinn.

Meðlög eða barnalífeyri, sem Tryggingastofnun ríkisins þannig greiðir, skal hún innheimta hjá barnsföður eða framfærslusveit hans. Hér er í raun réttri um að ræða lögboðna umboðsmennsku, sem Tryggingastofnunin hefur orðið að annast varðandi framfærslustyrk, sem á þennan hátt hefur orðið að veita óskilvísum barnsfeðrum. Þessi skipan hefur að því leyti gefizt illa, að það kemur ósjaldan fyrir, að framfærslusveit neitar endurgreiðslu með þeim rökum, að lögum samkvæmt hafi brostið skilyrði til greiðslu meðlaganna, sem Tryggingastofnunin hefur þó greitt, þegar fyrir lá t. d. skilnaðarbréf, sem ákvað að hinn fráskildi eiginmaður skyldi greiða með börnunum. Sem dæmi má nefna það, að fráskilin hjón, samkvæmt leyfisbréfi um skilnað að borði og sæng, taka upp sambúð aftur. Lögfylgjur skilnaðarins falla þá niður, þar með talinn réttur konunnar til þess að fá meðlög greidd af framfærslufé. Tryggingastofnunin hefur enga aðstöðu til þess að fylgjast með slíkum atvikum, og það myndi kosta hana aukið starfslið og mikla fyrirhöfn að hafa gát á atvikum sem þessum, sem þar að auki eru algerlega óskyld öðru starfi stofnunarinnar. Nefndin álítur því rétt að breyta þessum ákvæðum og taka upp þann hátt, sem á var hafður um þessar greiðslur fyrir gildistöku almannatryggingalaganna frá 1946. Í því sambandi er aðeins eitt atriði, sem virðast mætti varhugavert, en það er aðstaða barnsmóður til þess að fá meðlag sitt greitt refjalaust, þegar skilyrði laganna, um skyldu dvalarsveitar til að greiða það, eru fyrir hendi. Nefndin telur að veita megi barnsmóður rétt til að fá nauðsynlega fyrirgreiðslu yfirvalds varðandi þetta atriði og skylda megi það með lögum til að veita fyrirgreiðsluna. Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að 27. og 28. gr. almannatryggingalaganna verði numdar úr lögum. Nefndin hefur gert frumvarp til laga um breytingar á lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og frumvarp til laga um breytingu á framfærslulögunum, sem nauðsynlegt er, að lögtekin verði, ef 27. og 28. gr. almannatryggingalaganna verða afnumdar.

V.

Í frumvarpinu eru framlög ríkis og sveitarfélaga ákveðin í hlutföllum, en ekki í krónutölu eins og nú er samkvæmt gildandi lögum. Heildarupphæð iðgjalda hinna tryggðu og atvinnurekenda eru sömuleiðis ákveðin í hlutföllum, en svo fyrir mælt, að einstök iðgjöld verði ákveðin með reglugerð. Nú eru t. d. persónuiðgjöldin ákveðin í krónutölu í lögunum. Reynslan hefur sýnt, að oft hefur þurft að breyta þessum fastákveðnu upphæðum, en það kostar lagabreytingar, og vill nefndin því leggja til, að hlutföllin ein verði ákveðin. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að árlega verði gerð áætlun um öll útgjöld, en framlag hvers þátttökuaðila fyrir sig verði síðan fundið á grundvelli áætlunarinnar samkvæmt hinum lögbundnu hlutföllum. Þótt útgjöld trygginganna breytist og þar af leiðandi upphæðir framlaganna eða iðgjaldanna, þarf ekki lagabreytingu til þess að samræma framlög og iðgjöld breytingunni. Sú samræming kemur af sjálfu sér, ef þessi skipan verður lögfest. Varðandi þessi atriði þyrfti þá aðeins lagabreytingu, ef ákveðið væri að breyta hlutföllunum milli einstakra þátttökuaðila, en það út af fyrir sig er grundvallaratriði, sem eðlilegt virðist að ákveðið sé með lögum.

VI.

Að lokum er rétt að gera nokkra grein fyrir efnisskipun og uppsetningu þeirri, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en þetta er með nokkuð öðrum hætti en í almannatryggingalögunum.

Fyrsti kafli frumvarpsins fjallar um skipulag og stjórn Tryggingastofnunar ríkisins og svarar til I. kafla almannatryggingalaganna. Í frumvarpinu er önnur efnisskipun látin ráðast eftir greinum trygginganna, sem eru þrjár, lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Tvær hinar síðar nefndu eru sértrygg-

ingar, þar sem lífeyristryggingarnar eru hins vegar almenns eðlis. Sérstakur kafli er fyrir hverja grein tryggginganna, II.—IV. kafli, en í V. kafla eru loks ákvæði, sem eru sameiginleg fyrir allar tryggingarnar. Í köflum þeim, sem fjalla um hverja grein tryggginganna, er efnisskipunin alls staðar eins. Fyrst eru almenn ákvæði, sem ekki varða beinlínis bótagreiðslur eða iðgjöld, en eru nánast eins konar orðaskýringar varðandi bætur og önnur atriði hlutaðeigandi tryggginga. Þá koma ákvæði um bæturnar. Er þar fyrst rakið, hverjir geti eignazt rétt til bóta í hlutaðeigandi tryggingu, þá hverjar bætur sé um að ræða, síðan sérstök grein um hverja einstaka bótategund, sem skýrir nánar frá skilyrðum til bótanna og hver bótaupphæðin sé. Loks eru ákvæði í hverjum kafla um tekjur. Þar segir frá því, hversu fjár er aflað til þess að standast útgjöldin vegna þeirra bóta, sem lögfestar eru. Nánari greinar fyrir þessari efnisskipun virðist ekki þörf, vegna þess að hún má kallast sjálfgefin. Kaflanum um sameiginleg ákvæði er einnig skipt í þrjá undirkafla. Fyrst eru sameiginleg ákvæði, sem eingöngu varða bæturnar. Þar næst eru sameiginleg ákvæði, sem fjalla um iðgjöld, innheimtu o. fl., sem lýtur að tekjuöfluninni. Loks eru önnur sameiginleg ákvæði, sem raunar má líkja við ruslakistu. Þessi ákvæði eru að vísu flest sameiginleg ákvæði, en eiga þó ekki heima í ákvæðunum um bætur eða iðgjöld og eru því sett í sérstakan flokk, sem kallaður er önnur ákvæði.

B. Athugasemdir um einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Svarar til 2. og 3. gr. almannatryggingalaganna. Varðandi deildaskiptingu er sá munur, að frumvarpið gerir ráð fyrir því, að hver deild hafi sérstakan fjárhag. Þar eð iðgjöld og framlög eru sérstök og breytileg fyrir hverja deild verður fjárhagur þeirra og allt reikningshald að vera aðgreint, svo tilganginum með deildaskiptingunni verði fyllilega náð.

Um 3. gr.

Svarar til 4. gr. almannatryggingalaganna. Gert er ráð fyrir skrifstofustjóra, tryggingafræðingi og aðalgjaldkera, sem ekki eru taldir í gildandi lögum. Hér er þó ekki um að ræða starfsmannafjölgun, þar eð allir eru þessir menn starfandi í stofnuninni. Störf þessara manna álítast ekki síður mikilvæg en störf deildarstjóranna. Er því eðlilegt, að skipun þeirra sé með sama hætti. Með því að kaflinn um heilsugæzlu er numinn úr frumvarpinu þykir ekki rétt að viðhalda nafninu heilsugæzlustjóri, en þess í stað tekið upp nafnið sjúkramálastjóri.

Um 4. gr.

Svarar til 5. gr. almannatryggingalaganna. Gildandi lög gera ráð fyrir, að forstjóri afgreiði sjálfur öll mál í samráði við deildarstjóra eða feli þeim afgreiðslu ákveðinna mála, en beri sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum. Reynslan hefur sýnt, að störf stofnunarinnar eru svo umfangsmikil, að óhugsandi er að ætla einum manni afgreiðslu allra mála. Er því gert ráð fyrir, að deildarstjórar afgreiði málin sjálfir, hver fyrir sína deild, en beri þó alla nýbreytni eða afbrigði frá venju undir forstjóra.

Forstjóri hefur til þessa ráðið þá starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru skipaðir af ráðherra og telur nefndin rétt að lögbinda þá venju.

Um 5. gr.

Efnislega eins og 6. gr. almannatryggingalaganna með þeirri breytingu þó, að ekki er gert ráð fyrir neinni sérfræðinganefnd. Slík nefnd hefur nær ekkert starfað. Ákvæðið hefur því verið þýðingarlítið, og virðist rétt að nema það úr lögunum.

Um 6. gr.

Svarar til 7. og 8. gr. almannatryggingalaganna. Greinin gerir ráð fyrir að lögbundin verði sú venja, sem skapazt hefur varðandi störf tryggingaráðs.

Um 7. gr.

Efnislega eins og 9. gr. almannatryggingalaganna, sbr. viðaukalögin, 3. gr., með þeirri viðbót einni, að bætt er við Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, samkv. ósk þess, í hóp þeirra sambanda, sem rétt eiga til að taka þátt í þeim umræðum tryggingaráðs, sem greinin fjallar um.

Um 8. gr.

Það nýmæli er í þessari grein, að hún ákveður, að sýslumenn og bæjarfógetar fari með umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina. Stofnunin hefur til þessa samið við stjórn félags héraðsdómara um þessi umboðsstörf. Samkvæmt því samkomulagi hafa bæjarfógetar og sýslumenn annast umboðsstörfin víðast hvar. Á nokkrum stöðum hafa sjúkrasamlögin annazt umboðsstörfin. Umboðsstörf sýslumanna og bæjarfógeta hafa yfirleitt gefizt vel, að dómi Tryggingastofnunarinnar, og vill því nefndin lögbjóða þessa skipan. Gert er ráð fyrir, að þóknun fyrir störf þessi verði ákveðin með reglugerð í samráði við forstjóra og stjórn félags héraðsdómara og mætti e. t. v. hugsa sér, að þóknun sú, sem samið var um, verði bundin með reglugerð jafnframt því, að störfin, sem samið var um, verða lögbundin.

Tryggingastofnunin hefur greitt til ríkissjóðs ákveðna upphæð árlega vegna aukins starfsmannahalds á skrifstofum bæjarfógeta og sýslumanna vegna þessara umboðsstarfa. Gert er ráð fyrir, að félagsmálaráðherra ákveði þessa þátttöku.

Um 9. gr.

Svarar til 12. gr. almannatryggingalaganna. Enn fremur er í greininni ákvæði um, að reikningar stofnunarinnar verði fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert, og að þeir verði birtir í Stjórnartíðindum. Hvorutveggja þetta eru nauðsynleg ákvæði, sem ekki þurfa skýringar.

II. KAFLI

Um 10. gr.

Svarar til 14. gr. almannatryggingalaganna. Ákvæði 2. mgr. eru út af fyrir sig óþörf, vegna þess, að í hinum einstöku greinum laganna, um bótaupphæðir, er greint frá bótum bæði á 1. og 2. verðlagssvæði. Ákvæðið er sett hér til nánari skýringar á verðlagssvæðaskiptingunni og til samræmis við ákvæði 3. mgr., sem fjallar um iðgjöldin. Greinin þarfnast ekki frekari skýringar, en þess er rétt að geta, að nefndin ræddi allýtarlega um verðlagssvæðaskiptinguna. Varð ofan á að gera ekki tillögur um breytingu meðal annars vegna þess, að mikill meiri hluti sveitarstjórnanna vildu hafa þessa verðlagssvæðaskiptingu. Með skiptingunni voru þannig um 90 sveitarstjórnir, 45 vildu afnema hana, en um 30 svöruðu ekki spurningu nefndarinnar um þetta atriði.

Um 11. gr.

Hér segir frá því, hverjir hafi rétt til bóta frá lífeyristryggingunni. Aðalreglan er sú, að bótarétt hafa allir íslenzkir ríkisborgarar, sem búsettir eru hér á landi. Auk þeirra hafa bótarétt erlendir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, sem annaðhvort fullnægja ákvæðum millirikjasamninga um gagnkvæmar tryggingar, sem Ísland er aðili að, sbr. t. d. Norðurlandasamninginn, sem nýlega var undirritaður í Kaupmannahöfn, eða ef þeir fullnægja skilyrðum alþjóðasamþykkta um tryggingamál, sem fullgiltar hafa verið af Íslands hálfu. Í þessu sambandi má nefna samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 102/1952. Athugun, sem gerð var á þessari samþykkt með sérstöku tilliti til þess, hvort skilyrði væru til fullgildingar hennar af Íslands hálfu leiddi í ljós, að vegna ákvæðis 13. gr. almannatryggingalaganna, sem krefst

íslenzks ríkisborgararéttar, eru þessi skilyrði ekki fyrir hendi. Verði 11. gr. frumvarpsins að lögum, er þessari hindrun rutt úr vegi og mun þá mega fullgilda téða samþykkt, þar eð ellilífeyrir, örorkulífeyrir og eftirlifendabætur fullnægja þeim lágmarkskröfum, sem samþykktin setur.

Síðari málsgreinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Svarar til 13., 15. og 16. gr. almannatryggingalaganna, sbr. og viðaukalögin 5. gr. i. f. Nefndin ræddi mjög þann möguleika að breyta aldursmarkinu. Kom þar tvennt til greina. Annars vegar hækkun marksins um eitt eða tvö ár, hinsvegar annað aldursmark fyrir konur en karla og þá eitthvað lægra eins og nú er sums staðar á Norðurlöndum. Hið fyrra mætti rökstyðja með því, að vegna betri efnahagslegri afkomu alls almennings í landinu, m. a. vegna aukinna bóta almannatrygginganna og vegna margra endurbóta, sem orðið hafa í sambandi við heilsugæzluna eykst starfsorka fólksins og starfsaldurinn lengist. Nefndin ákvað þó í samræmi við álit sveitarstjórnanna að leggja til að aldursmarkið yrði óbreytt. Svör sveitarstjórnanna um þetta atriði voru annars á þá lund, að tæplega hundrað töldu aldursmarkið hæfilegt, rúmlega fimmtíu vildu annað aldursmark og flestar lægra aldursmark en nú er. Hins vegar voru sveitarstjórnirnar algerlega andvígar öðru aldursmarki fyrir konur en karla. Meir en 130 sveitarstjórnir höfnuðu þeirri hugmynd.

Upphæð ellilífeyrisins er rúmlega 5% hærri en nú er. Breytingin er gerð til samræmis við þá hækkun, sem gerð var á launum opinberra starfsmanna 1. júlí s. l.

Það virðist hafa verið stefna Alþingis og ríkisstjórnar, að hækka lífeyrinn til samræmis við þá hækkun, sem verður á launum þeirra starfsmanna ríkisins, sem lægst laun hafa. Árið 1947 var ellilífeyrir 25% af þessum launum og 1954 var þetta hlutfall 24.8%. Umrædd stefna Alþingis og ríkisstjórnar kom einnig ljóslega fram í bráðabirgðaákvæði laga nr. 116/1954.

Afnumin er regla 2. mgr. 13. gr. almannatryggingalaganna, þar sem svo er fyrir mælt, að þeir, sem njóta lífeyris eða eftirlauna af opinberu fé eða úr opinberum sjóðum, eigi ekki rétt á ellilífeyri, nema aðeins þeirri upphæð, sem á kann að vanta, að þeir hljóti fullan ellilífeyri. Slíkar lífeyrisgreiðslur geta, samkvæmt frumvarpinu, valdið skerðingu ellilífeyris með sama hætti og aðrar tekjur.

Sú breyting er á ákvæðinu um frestun á töku lífeyris, sbr. 16. gr. almannatryggingalaganna og 41. gr. viðaukalaganna, að viðbótin, sem nú er 5% fyrir hvert ár sem frestað er, hækkar í 7½%. Þessi hækkun svarar til þeirrar almennu hækkunar, sem orðið hefur á vöxtum síðan lögin voru sett.

Samkvæmt fylgiskjali I, 1. hækkar ellilífeyrir úr 49.5 millj. króna í 54.45 millj. króna, eða um 4.95 millj. króna. Hækkun þessi sundurliðast þannig:

1.	Vegna hækkunar lífeyris (rúml. 5%)	2.85	millj.	króna
2.	— afnáms reglunnar í 13. gr. 2. mgr. almannatrl.	1.5	—	—
3.	— hækkunar skerðingarmarks einstaklinga, 22. gr. frv.	0.6	—	—
	Samtals	4.95	millj.	króna

Um 14. gr.

Svarar til 18. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 3. tl. ákvæðis laganna til bráðabirgða. Í bráðabirgðaákvæðinu er upphæð sú, sem verja má til örorkustyrkja fastbundin við krónutölu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að upphæðin verði bundin við ákveðið hlutfall þess fjár, sem varið er til örorkulífeyris, nánar til tekið 10%. Örlítil hækkun á heimildinni felst í þessari breytingu. Þar eð örorkulífeyrir er hinn sami og ellilífeyrir hækkar hann nokkuð við hækkun grunnlífeyrisins.

Samkvæmt fylgiskjali I, 2. hækkar örorkulífeyrir úr 16.66 millj. króna í 18.0 millj. króna, eða um 1.34 millj. króna, er sundurliðast þannig:

1.	Vegna hækkunar lífeyris (rúml. 5%)	0.94	millj.	króna
2.	— hækkunar örorkustyrks	0.2	—	—
3.	— hækkunar skerðingarmarks einstaklinga, 22. gr. frv.	0.2	—	—
	Samtals	1.34	millj.	króna

Um 15. gr.

Svarar til 38. gr. almannatryggingalaganna og er efnislega eins. Óþarft þótti að taka upp ákvæði 4. mgr. 38. gr. um sérstaka takmörkun á heimildinni, sem greinin veitir, þar sem eðlilegt er, að heimildin sé alveg á valdi stofnunarinnar, með þeirri einni takmörkun, sem felst í því, að sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Hækkun vegna hækkunar grunnlífeyris nemur ca. 10 þús. krónum, sbr. fylgiskjal I, 3.

Um 16. gr.

Svarar til 30.—32. gr. almannatryggingalaga, sbr. 10. og 11. gr. viðaukalaganna. Sú breyting felst í frumvarpsgreininni, að ekki er gert ráð fyrir greiðslu fjölskyldubóta til foreldra, sem ekki eiga fleiri en tvö börn. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að fjölskyldubætur greiðist fyrst með 3. barni. Upphæð bótanna er að öðru leyti óbreytt eins og nú er. Áætlað er að fjölskyldubætur með öðru barni kosti á næsta ári 8 millj. króna, sbr. fylgiskjal I, 4. Sú upphæð sparast, ef greinin verður að lögum.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um barnalífeyri og kemur í stað 20.—26. gr. og 29. gr. almannatryggingalaganna. Í 60. gr. er sameiginlegt ákvæði um sambúðarkonur, sem gildir um barnalífeyri, svo hliðstætt ákvæði við 25. gr. almannatryggingalaga gildir samkvæmt frumvarpinu. Frumvarpið gerir hér ráð fyrir nokkrum efnisbreytingum, er nú verða raktar.

Í fyrsta lagi falli niður þriggja ára reglan, sbr. 23. gr. almannatryggingalaganna, 2.—3. mgr., þannig, að ekkjur, sem giftast aftur, fái greiddan barnalífeyri með börnum frá fyrra hjónabandi unz þau verða 16 ára.

Í öðru lagi falli burt skyldan til þess að greiða barnalífeyri vegna brotthlaups eiginmanns, enda á móðirin þegar svo stendur á rétt á að fá úrskurð yfirvalds um meðlag af hálfu mannsins, sjá 14. gr. laga nr. 57/1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna. Hefur þá móðirin sama rétt og móðir óskilgetins barns til þess að fá meðlagið greitt úr sveitarsjóði dvalarsveitar sinnar, sbr. 15. gr. sömu laga.

Í þriðja lagi fellur niður heimild sú, sem nú er í 29. gr., um að Tryggingastofnunin geti greitt barnalífeyri vegna fangelsisvistar föðurins. Um þetta atriði virðist og nefnt ákvæði 14. gr. laga nr. 57/1921 eiga við.

Þrátt fyrir afnám greiðslu barnalífeyris í tveim síðustu tilvikunum sparast ekki fé við afnám ákvæðanna, vegna þess að barnalífeyrir sá, sem hér um ræðir hefur sjaldan verið greiddur, og er þar að auki endurkræfur hjá barnsföður.

Gert er ráð fyrir, að grunnupphæð barnalífeyris verði óbreytt, en afnám þriggja ára reglunnar er áætlað að kosti aukin útgjöld á næsta ári, sem nemur 0,6 millj. króna, sbr. fylgiskjal I, 5.

Um 18. gr.

Mæðralaun hafa verið greidd samkvæmt 11. gr. viðaukalaganna. Frumvarpið felur í sér efnisbreytingu. Mæðralaun eru nú hin sömu og fjölskyldubætur, en lagt er til, að þau verði miðuð við ellilífeyri og verði aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri einstaklings, en því marki er náð þegar börnin eru orðin fjögur. Mæðralaun greiðast ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum og eru þannig uppbót, sem greidd er, þegar faðirinn er ekki fyrirvinna móður og barna. Eðlilegt sýnist þá að

miða við þær bætur, sem mestar eru veittar, samkvæmt lögunum, t. d. þegar faðirinn er alger öryrki, m. ö. o. við óskerta lífeyrisupphæð. Gera má ráð fyrir, að kona, sem hefur fjögur börn á framfæri, sé svo bundin við heimilishald og umönnun barnanna, að hún geti ekki unnið sér inn tekjur, sem nokkru verulegu nemi.

Til nánari glöggvunar á þessu atriði er rétt að gera samanburð á mæðralaununum eins og þau eru nú og eins og þau verða eftir frumvarpinu. Taflan hér á eftir sýnir þrjú tilvik, einstæða móður með 2 börn, með 4 börn og með 8 börn.

	Tvö börn		Fjögur börn		Átta börn	
	Nú	Eftir frv.	Nú	Eftir frv.	Nú	Eftir frv.
Mæðralaun	692	2595	3806	7785	12110	7785
Barnalífeyrir	8304	8304	16608	16608	33216	33216
Samanl.	8996	10899	20414	24393	45326	41001
Lífeyrir og barnalífeyrir til öryrkja, til samanburðar	15715	16089	24019	24393	40627	41001

Þessi breyting er allkostnaðarsöm, því áætlað er að aukin gjöld vegna hennar nemi 2 millj. króna miðað við áætlun 1956, sbr. fylgiskjal I, 6. Mæðralaunin lúta ekki skerðingarákvæðum og þótti því rétt að heimila Tryggingastofnuninni að lækka mæðralaunin eða jafnvel láta þau niður falla með öllu, ef efnahagsástæður hinnar einstæðu móður eru svo góðar, að hún þurfi slíkra launa ekki með.

Um 19. gr.

Svarar til 34. gr. almannatryggingalaganna og 12. gr. viðaukalaganna, en hér verður að geta tveggja atriða.

Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir því, að móðir, sem fær úrskurð fyrir þriggja mánaða styrk, geti snúið sér til Tryggingastofnunarinnar og fengið greiðslu þar. Í frumvarpi því til breytinga á lögunum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, sem nefndin afhendir með þessu frumvarpi, er hins vegar gert ráð fyrir því, að barnsmóðir eigi aðgang að dvalarsveit sinni vegna þessa þriggja mánaða styrks með sama hætti og um meðlag væri að ræða. Sama gildir um rétt til fyrirframgreiðslu.

Í öðru lagi er fæðingarstyrkurinn kr. 300.00 hærri eftir frumvarpinu en samkv. núgildandi lögum. Nú greiða sjúkrasamlögin einnig nokkurn fæðingarstyrk, þó um heilbrigðar fæðingar sé að ræða. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því, að sjúkrasamlög greiði styrk vegna fæðinga, sem ekki eru sjúklegar, en það teljast þær fæðingar einar, sem valda lengri dvöl á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun en níu daga, sbr. 52. gr. g. í frumvarpinu. Samkvæmt frumvarpinu greiða sjúkrasamlögin aðeins vegna sjúklegra fæðinga, þ. e. vegna dvalar á fæðingarstofnun eða sjúkrahúsi, sem varir lengur en 9 daga. Samkvæmt frumvarpinu verður fæðingarstyrkurinn jafnhár til allra mæðra, hvort sem þær dvelja á fæðingarstofnun eða sjúkrahúsi eða ala börn sín í heimahúsum, en á þessu er sums staðar sá munur, að mæður sem ala börn sín á fæðingarstofnun eða sjúkrahúsi hafa fengið hærri styrk. Rökstuddar ástæður fyrir þessum mun munu vart verða fundnar og þótti því rétt að ákveða styrkinn eins í öllum tilvikum, er varða heilbrigðar fæðingar. Breyting sú á upphæð fæðingarstyrksins, sem hér um ræðir, eykur útgjöld lífeyristrygginganna um 2.35 milljónir króna á ári, sbr. fylgiskjal I, 7. Verulegur hluti þeirrar upphæðar eða ca. 1.8 millj. króna sparast aftur á móti hjá sjúkrasamlögunum vegna breytinganna, sbr. fylgiskjal III, 1.

Um 20. gr.

Óbreytt ákvæði 5. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 5. gr. 4. tl. viðaukalaganna og þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Að efni til eins og 36. gr. almannatryggingalaganna að fráteknu því atriði, að 2. mgr. ákveður lágmark lífeyris 10%, sem Tryggingastofnunin getur ekki farið niður

úr. Hækkun af þessum sökum er hverfandi lítil. Sú hækkun, sem verður á ekkjulífeyri, sbr. fskj. I, 9, stafar af hækkun lífeyris samkvæmt 13. gr.

Um 22. gr.

Efni þessarar greinar svarar til 1. ákvæðis almannatryggingalaganna til bráðabirgða. Breytingin er sú ein, að skerðingarmarkið vegna einstaklinga er hækkað um þriðjung.

Nefndin hafði mjög til athugunar að fella niður skerðingarákvæðin eins og áformað virðist hafa verið, er lögin voru sett, sbr. það, að ákvæðin hafa aðeins verið bráðabirgðaákvæði. Svör sveitarstjórnanna um þetta atriði voru þau, að 85 vilja viðhalda skerðingarákvæðunum, sumar með hækkuðu skerðingarmarki, tæplega 60 vildu afnám þeirra, eða þá verulega hækkun skerðingarmarksins, en rúmlega 20 sveitarstjórnir svöruðu ekki spurningunni. Afnám skerðingarákvæðanna er áætlað að kosti árlega 9.5 millj. króna, hækkun skerðingarmarks um 50% frá því sem er, kosti árlega ca. 1.6 millj. króna, hvorutveggja miðað við lífeyrisgreiðslur 1953, en mundi kosta enn meira nú. Í þessu sambandi ber að geta þess, að þeir, sem nú njóta lífeyris hafa engir greitt iðgjöld lengur en 9 ár til almannatrygginganna, auk 10 ára til alþýðutrygginganna og flestir miklu skemur. Verður því ekki sagt, að menn eigi rökstuddan rétt til óskerts lífeyris, hversu sem háttað er ástæðum þeirra að öðru leyti. Þegar einnig er litið til þess, að iðgjaldagreiðslur hinna tryggðu samtals til lífeyristrygginganna eru ekki nema um það bil þriðjungur þess, sem greiða verður til trygginganna, mætti sýnast óeðlilegt að auka byrðar venjulegra skattþegna og atvinnurekenda og hækka iðgjöld hinna tryggðu til þess að greiða fólki lífeyri, sem e. t. v. er svo efnum búið, að það getur auðveldlega komizt af án hans. Að öllum þessum ástæðum athuguðum þótti nefndinni ekki ráðlegt að afnema skerðingarákvæðin. Kom þá til athugunar hækkun skerðingarmarksins og að minnka á þann hátt skerðinguna. Til glöggvunar skal hér tekið dæmi um hjón á 1. verðlagssvæði og athugað, hver áhrif hækkun skerðingarmarksins um 50% hefur. Sé miðað við fjárlagavísitöluna, 173 stig, og grunnlífeyri, samkvæmt 13. gr. nemur árlegur lífeyrir kr. 12456.00. Skerðing byrjar þegar aðrar tekjur nema kr. 18684.00. Lífeyrir og aðrar tekjur nema þá kr. 31140.00 eða sem svarar 74.5% af dagvinnukaupi dagsbrúnarverkamanns. Sé skert um helming þess, sem umframtekjurnar nema, eins og nú er, fellur lífeyrir niður þegar aðrar tekjur nema samtals kr. 43596.00, eða ca. 104.3% miðað við sömu vinnutekjur. Hjón, sem hafa dagsbrúnarlaun, myndu þannig fá rúml. 900 krónur í árlegan lífeyri auk launa sinna. Þetta er óeðlileg niðurstaða, sem stafar af því, að skerðingarmarkið er of hátt miðað við þessa skerðingu. Tökum annað dæmi, einstakling á 1. verðlagssvæði og hækkun skerðingarmarks um 50%. Lífeyrir hans verður kr. 7785.00 miðað við 173 stiga vísitölu. Skerðing byrjar þegar aðrar tekjur nema kr. 11677.00, lífeyrir og aðrar tekjur þá samtals kr. 19462.00 eða 46.3% dagsbrúnarlaunanna. Með sömu skerðingarreglu og nú er, fellur lífeyrir niður, þegar aðrar tekjur nema kr. 35032.00 eða ca. 83.8% af dagsbrúnarlaunum, sem einnig verður að teljast óeðlileg niðurstaða af sömu ástæðum og fyrr greinir.

Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar varð því sú, er fyrr segir.

Taflan hér á eftir sýnir samanburð annarra tekna og lífeyris við dagsbrúnarlaun, þegar skerðing hefst og þegar lífeyrir fellur niður vegna tekna, allt miðað við 1. verðlagssvæði.

		Byrjun skerðingar		Lífeyri lýkur		
	Lífeyrir	Laun	Samtals	Taxti %	Laun	Taxti %
Einstaklingur	7785.00	10380.00	18165.00	43.5	25950.00	62.1
Hjón	12456.00	12456.00	24912.00	59.6	37368.00	89.4
Stakir makar	7785.00	21798.00	29583.00	70.8	37368.00	89.4

Hækkun útgjalda lífeyristrygginganna vegna þeirrar hækkunar skerðingarmarks, sem leiðir af hækkun grunnlífeyris er áætluð 0.3 millj. króna og vegna hækkaðs skerðingarmarks einstaklinga 0.8 millj. króna, eða samtals 1.1 mill. króna, sbr. fylgiskjal I, 10.

Um 23. gr.

Hér er gert ráð fyrir sérstakri uppbót á elli- og örorkulífeyri fyrir þá, er þurfa sérstakrar umönnunar, dvelja á sjúkrahúsum eða dvalarheimilum og einstæðinga, enda eigi þeir, sem uppbót þessa geta fengið, ekki aflögufæra aðstandendur, sem skylt er að framfæra þá. Ákvæðið svarar til 17. gr. almannatryggingalaganna, en er þó mjög frábrugðið og skal það nú rakið.

Í fyrsta lagi tekur frumvarpsgreinin til fleiri manna en 17. gr. almannatryggingalaganna, sem aðeins tekur til þeirra, er þurfa sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika. Frumvarpsgreinin tekur þar að auki til þeirra, er dvelja á elliheimilum, sjúkrahúsum eða öðru slíku hressingar- eða dvalarheimili, þótt þeir þurfi ekki sérstakrar umönnunar vegna sjúkleika, og einnig til einstæðinga.

Í öðru lagi er hækkunarheimild, samkvæmt 17. gr., aðeins 40%, en hér er gert ráð fyrir 100%.

Í þriðja lagi skal lífeyrir og uppbót til þeirra, sem dvelja á sjúkrahúsum eða hælum, vera eins og lífeyrir á 1. verðlagssvæði, enda þótt þeim bæri ella lífeyrir 2. verðlagssvæðis.

Í fjórða lagi verður þessi uppbót úrskurðuð eftir tillögum sveitarstjórna, sem greiða $^2/_5$ hluta hennar móti Tryggingastofnuninni, sem greiðir $^3/_5$ hluta uppbótarinnar.

Í fimmta lagi eru uppbætur þessar takmarkaðar við það, að útgjöld Tryggingastofnunarinnar vegna þeirra fari ekki fram úr 7% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðasta árs.

Það er viðurkennt, að það fólk, sem grein þessi tekur til sé oftast svo statt, að hinn venjulegi lífeyrir nægi engan veginn til sómasamlegs lífsframfæris þess. Markmið greinarinnar er að bæta úr því. Taka má dæmi af gamalmenni, sem dvelur á elliheimili gegn 50 króna daggjaldi. Ársvistin kostar því kr. 18250.00. Samkvæmt núgildandi lögum, 15. gr. og 17. gr., yrði lífeyrir með 40% hækkun kr. 9882.00, miðað við 1. verðlagssvæði, en kr. 7411.00 miðað við 2. verðlagssvæði, hvorutveggja miðað við vísitölu 173 stig. Í hlut ellilífeyrisþegans eða sveitarsjóðs kæmu þannig kr. 8368.00 miðað við gamalmenni á 1. verðlagssvæði, en kr. 10839 miðað við gamalmenni á 2. verðlagssvæði. Samkvæmt frumvarpinu yrði lífeyrir með uppbót samtals kr. 15570.00, jafnt á báðum verðlagssvæðum. Í hlut ellilífeyrisþegans eða sveitarsjóðs kemur þá kr. 18250.00 ÷ 15570.00 + 7785.00 × $^2/_5$ eða kr. 5794.00. Jafnframt því, sem ákvæði þetta verður nauðsynleg réttarbót fyrir þá aðila, sem verst eru settir, mundi ákvæðið létta verulega byrði sveitarfélaganna vegna þessa fólks. Nefndin bar þessa hugmynd undir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og tjáði stjórnin sig vera hugmyndinni fremur hlynnta. Samkvæmt fylgiskjali I, 11 aukast útgjöld trygginganna vegna þessa ákvæðis um ca. 2.5 millj. króna, ef heimildin verður notuð að fullu, en sjálfsagt verður að gera ráð fyrir því.

Um 24. gr.

Greinin ákveður hverjir skuli greiða útgjöld lífeyristrygginganna og þau hlutföll, sem hver fyrir sig skuli greiða.

Útgjöld lífeyristrygginganna á árunum 1947—1954 hafa orðið sem hér segir og í þeim hlutföllum, er hér greinir:

Ríkissjóður	kr. 184.9 millj.	32.6%
Hinir tryggðu	— 184.3 —	32.5%
Sveitarsjóðir	— 112.2 —	19.8%
Atvinnurekendur	— 86.0 —	15.2%
Samt.	kr. 567.4 millj.	100%

Frumvarpið gerir ráð fyrir skiptingu byrðanna í þeim sömu hlutföllum og reynslan hefur sýnt þau átta ár, sem almannatryggingalögin hafa verið í framkvæmd. Nefndin taldi þó rétt að ákveða hlutföllin í heilum tölum og verða því byrðarnar að-

eins þyngri á ríkissjóði og hinum tryggðu og tilsvarandi léttari á hinum aðilunum, en reynslan sýndi.

Athygli skal vakin á því, að ekki er ætlazt til, að framlag sveitarsjóða samkv. 23. gr. hafi áhrif á þessa skiptingu, sem ákveðin er í 24. gr., enda verður að gera ráð fyrir því, að framlög samkvæmt 23. gr. verði til þess að létta framfærslubyrði sveitarsjóða.

Nánari grein fyrir skiptingu byrðanna er gerð í fylgiskjalinu, sjá I, töflurnar 1 og 2. Í töflu 1 er hluttaka ríkissjóðs aðeins 31.2% og er þá ekki gert ráð fyrir aukaframlagi eins og á árunum 1954 og 1955.

Um 25. gr.

Hér er mælt fyrir um áætlun, sem árlega skal gerð um útgjöld lífeyristrygginganna, en á grundvelli þeirrar áætlunar skal ákveða framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða og heildarupphæð iðgjalda, sem hvor um sig, tryggðir og atvinnurekendur, eiga að greiða. Persónuiðgjaldið og atvinnurekendaiðgjaldið skal ákveðið með reglugerð, sbr. 27. gr. og 29. gr.

Ef endanlegt reikningsuppgjör hefur leitt í ljós, að áætlunin stóðst ekki, skal sú skekkja, sem fram hefur komið, leiðrétt í sambandi við áætlun næsta árs og svo koll af kolli.

Ef heimildin um tillag til varasjóðs er notuð að fullu, nemur hún 2.69 millj. króna á næsta ári, sbr. fylgiskjalið I, 16.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því, að áætlun verði gerð með tekjuhalla, heldur verði öllum útgjöldum samkvæmt áætluninni skipt á þátttakendur. Áætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir árið 1956 gerir ráð fyrir 11.4 millj. króna tekjuhalla. Sé gert ráð fyrir tekjum úr afskriftasjóði og nokkrar smávægilegar leiðréttingar gerðar á áætluninni, verður tekjuhallinn 9.55 millj. króna. Hækkanir bóta samkvæmt frumvarpinu nema samtals 6.85 millj. króna samkvæmt fylgiskjalinu, sjá I. Þar eð frumvarpið gerir ekki ráð fyrir tekjuhallanum, verður að bæta honum við hækkanirnar, svo alls hækkar fúlga sú, sem skipta skal á þátttakendur, um 16.4 millj. króna frá því, sem áætlun fyrir 1956 gerir ráð fyrir.

Ef þessi skipan verður lögtekin, verður það ekki á huldu, hverjir verða að bera þann þunga, sem leiðir af hækkuðum bótum. Þess gætir nokkuð, þegar um er að ræða yiðskipti einstaklinganna við ríkissjóð og aðrar opinberar stofnanir, að menn hyggjast geta öðlazt ýmis konar réttarbætur, án þess að nokkrar ráðstafanir þurfi að gera þar í mót. Það er hins vegar nauðsynlegt, að menn geri sér ljóst, að slíkt er ekki mögulegt. Ákvæði greinarinnar taka af öll tvímæli í þessu efni og er það út af fyrir sig mikilsvert atriði.

Í sambandi við þá breytingu, sem hér er um að ræða, vill nefndin vekja athygli á því, að samkvæmt frumvarpinu fellur niður ábyrgð ríkissjóðs á bótagreiðslum. Með því að tryggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, nægilegt fé til reksturs trygginganna og eðlilegan vöxt varasjóðs, þykir fært að fella niður ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum stofnunarinnar.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 27. gr.

Svarar til 105. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 107. og 109. gr. Undanþága sú frá gjaldskyldu, sem greinin fjallar um, er í samræmi við þá venju, sem fylgt hefur verið.

Hlutfallið milli iðgjalda kvenna, karla og hjóna, sem ákveðið er í greininni, er hið sama og nú er milli iðgjaldanna. Það er nýmæli, að iðgjöldin verði árlega ákveðin með reglugerð. Iðgjöldin eru nú ákveðin í lögunum, en það hefur þann

mikla ókost, að stöðugt þarf að breyta þessum lagaákvæðum, sbr. viðaukalögin, til þess að samræma iðgjöldin breyttri fjárhagsafkomu Tryggingastofnunarinnar. Í fylgiskjalinu, I, tafla 3, er nánari grein gerð fyrir breytingum þeim, sem verða á iðgjöldunum, samkvæmt frumvarpinu.

Um 28. gr.

Svarar til 114. gr., sbr. viðaukalögin 27. gr. og 33. gr. Hér gildir hið sama og um framlag ríkis og einstaklinga, að upphæð framlags sveitarsjóðanna ákveðst af ákvæðum 24. og 25. gr., en er nú lögfest upphæð. Greinin er að öðru leyti efnislega eins og gildandi lög og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 29. gr.

Svarar til 112. gr. almannatryggingalaganna og þarfnast ekki skýringar. Iðgjöld atvinnurekenda hækka samkvæmt frumvarpinu um 5.1%, sjá fylgiskjalið, I, tafla 3.

III. KAFLI

Um 30. gr.

Svarar til 49. gr. almannatryggingalaganna og þarfnast ekki skýringar.

Um 31. gr.

Svarar til 62. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 32. gr.

Efnislega eins og 45.—48. gr. Þarfnast ekki skýringar.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 34. gr.

Svarar til 51. gr. og þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Hér eru fyrirmæli um greiðslu sjúkrahjálpar, sem svara til þeirrar venju, sem tíðkuð hefur verið um slíkar greiðslur hjá Tryggingastofnuninni. Í 2. mgr. er nýmæli, sem felur í sér heimild til bótaveitingu, sem áætlað er að kosti árlega 40 þús. krónur, sjá fylgiskjalið, II, 1.

Um 36. gr.

Svarar til 52.—53. gr. almannatryggingalaganna og hefur að geyma sama efni og þessar greinar, að því undanskildu, að dagpeningar eru hækkaðir nokkuð, að því er varðar kvæntan mann eða gifta konu. Hækkunin er gerð með það fyrir augum, að fullnægt sé lágmarksákvæðum samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, um félagslegt öryggi, nr. 102/1952, og er áætluð að kosti 200 þús. krónur á ári, sbr. fylgiskjal II, 2.

Um 37. gr.

Svarar til 56. gr. almannatryggingalaganna og er efnislega eins. Óþarft má telja ákvæði 4. mgr. 56. gr., um að endurmeta megi orkutap bótaþega og breyta greiðslum til samræmis við það, sbr. sameiginleg ákvæði frumvarpsins, 65. gr. 2. mgr. Hækkun lífeyrisins, samkvæmt 13. gr. frumvarpsins, veldur hér nokkurri hækkun, sjá fylgiskjal II, 3.

Um 38. gr.

Eins og 57. gr. almannatryggingalaganna. Hækkun lífeyris samkvæmt 13. gr. veldur hér nokkurri hækkun, sbr. fylgiskjal II, 4. Þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 39. gr.

Eins og 19. gr. viðaukalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 40. gr.

Samhljóða 20. gr. viðaukalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 41.—42. gr.

Greinarnar að mestu samhljóða 134. og 135. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 43. gr.

Svarar til 113. gr. almannatryggingalaganna og 31. gr. viðaukalaganna. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, að undantekinni síðustu málsgreininni. Þar er gert ráð fyrir föstu ársiðgjaldi vegna trillubáta, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla. Þessi regla hefur verið í gildi varðandi bifhjólin, en að öðru leyti er hér um nýmæli að ræða. Ástæðan fyrir þessu nýmæli er sú, að mjög miklir örðugleikar er á að ákveða og innheimta iðgjöld vegna trillubáta, en ákvæðinu er ætlað að ráða bót á þessu, með því að ákveða fast árgjald af hverri trillu, hvort sem hún er notuð mikið eða lítið. Innheimtuskrá vegna þessa gjalds er auðvelt að semja samkvæmt skipaskránni. Bifhjól með hjálparvél eru tiltölulega nýtt fyrirbæri, sem háð eru slysahættu ekki síður en bifhjól, og þykir eðlilegt, að sömu reglur gildi um þau. Nauðsyn virðist og á að slysatryggja menn, sem vinna við heimilisdráttarvélar. Þær eiga að vera skrásettar, svo samning iðgjaldaskrár ætti að vera auðveld. Sjálfsagt virðist, að menn, sem vinna við meiri háttar heimilisaflvélar, svo sem rafveitur, séu slysatryggðir og virðist heppilegast, að iðgjald sé ákveðið sem fast ársiðgjald af slíkum aflvélum.

Samkvæmt frumvarpinu hækka slysabætur um 5.7% og iðgjöldin í samræmi við það, sjá fylgiskjal II.

IV. KAFLI

Um 44. gr.

Svarar til 29. gr. laga nr. 104/1943 og 1. tölul. 24. gr. viðaukalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 45. gr.

Svarar til 28. og 30. gr. laga nr. 104/1943 og efnislega eins að fráteknu því atriði, að 3. mgr. ákveður ótvírætt, að kjörtímabil allra stjórnarmanna sé hið sama, svo ráðherra ber að skipa formenn allra sjúkrasamlaganna að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Um 46.—49. gr.

Hér er um að ræða nýmæli, héraðssamlögin. Sá ljóður er talinn vera á því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, að erfiðlega gangi fyrir Tryggingastofnun ríkisins að fá fullnægjandi reikningsskil frá hinum ýmsu sjúkrasamlögum. Reikningsskil séu oft mjög síðbúin og sundurleit og því erfið til úrvinnslu í sambandi við hagfræðilegar skýrslugerðir. Einnig er það talið til foráttu, einkum að því er varðar hin smærri sjúkrasamlög, að títt sé, að á þau falli kostnaður vegna sjúkdóma, einkum vegna sjúkrahússvistar, sem þau fái eigi undir risið. Af þessu verði vanskil og skuldasafnanir, sem erfitt sé úr að bæta. Sú hugmynd kom því snemma fram í nefndinni, að heppilegast myndi að fækka sjúkrasamlögunum og koma á aðeins einu sjúkrasamlagi fyrir hverja sýslu. Slík stærri samlög yrðu fjárhagslega betur þeim vanda vaxin að greiða meiri háttar sjúkrakostnað vegna einstakra sjúkdómstilfella, sem oft riði fjárhag hinna smærri sjúkrasamlaga að fullu. Fullkomin og samræmd reikningsskil væri einnig auðveldara að fá frá fáum tiltölulega stórum samlögum heldur en frá hinum mörgu dreifðu sjúkrasamlögum. Nefndin leitaði álits sveitarstjórnanna um fækkun sjúkrasamlaganna og myndun eins sjúkrasamlags

fyrir hverja sýslu. Hugmynd þessari var þverlega tekið, því 112 sveitarstjórnir tjáðu sig andvíga þessari skipan, 23 voru hlynntar málinu, en 30 svöruðu ekki þessu atriði.

Með ákvæðunum, um héraðssamlög, er leitazt við að mæta báðum þeim sjónarmiðum, sem hér var lýst, svo við megi una. Sjúkrasamlög verða í hverjum hreppi eins og verið hefur, en úr þeim ágöllum, sem reynzt hafa á þeirri skipan, er héraðssamlögunum ætlað að bæta. Enn fremur var á það bent, að því aðeins væri hugsanlegt að flytja afgreiðslu sjúkradagpeninga til sjúkrasamlaganna, að úrskurðun þeirra og greiðsla væri undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna Tryggingastofnunar ríkisins, en frumvarpið gerir ráð fyrir, að þeir, þ. e. oddvitar sýslunefndanna, verði formenn héraðssamlaganna og sýslunefnd kjósi tvo menn til viðbótar í stjórn þeirra.

Hlutverki héraðssamlaganna er nánar lýst í 48. gr. og þarfnast greinin naumast nánari skýringar. Rétt þykir þó að vekja athygli á eftirtöldum atriðum:

1. Sjúkrasamlögin eru staðbundin við hvern hrepp. Stjórnir þeirra eru skipaðar af hreppsnefndum. Reikningsskil þeirra skulu gerð til héraðssamlagsstjórnar, skipaðrar af sýslunefnd, sem endurskoðar þau og úrskurðar síðan. Þetta er í fyllsta samræmi við meðferð á reikningum sveitarfélaganna. Reikningsskil þeirra eru gerð til sýslunefnda, endurskoðuð af þeim og síðan úrskurðuð. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að svipaður háttur verði hafður á varðandi samband hinna einstöku sjúkrasamlaga við héraðssamlagið.
2. Samkvæmt umsögnum sveitarstjórnanna er lagt til, að tryggingnefndir, sbr. 11. gr. almannatryggingalaganna, sbr. viðaukalögin 4. gr., verði lagðar niður. Svör sveitarstjórnanna voru þannig, að 77 töldu þær gagnslausar, 53 töldu þær að nokkru gagni og 36 svöruðu ekki þessu atriði. Í 49. gr. d-lið er gert ráð fyrir því, að héraðssamlögin verði Tryggingastofnuninni til ráðgjafar og aðstoðar um tryggingamál almennt í umdæminu. Þau störf, sem tryggingnefndirnar hafa annazt, þar sem þær hafa starfað, eru þannig falin héraðssamlagsstjórnum.
3. Ákvæðunum um jöfnun sjúkrakostnaðar, sjá 49. gr., er ætlað að koma í veg fyrir vanskil þau og fjárhagsleg vandkvæði, sem áður er lýst. Í nefndinni voru skoðanir nokkuð skiptar um þetta atriði. Sumir vildu lögbjóða jöfnunina, aðrir töldu réttara að veita ráðherra heimild til að ákveða jöfnun í einstökum sýslufélögum og sú varð niðurstaðan eins og 49. gr. ber með sér. Það vannst ekki tími til að leita álits sveitarstjórnanna um þetta atriði. Þótti því varlegra að hafa aðeins heimildina, sem vissulega gæti þýtt það sama og lögákveðin jöfnun, ef héraðssamlagsstjórnirnar gætu fallizt á þá skipan. Tryggingastofnunin mun leita eftir því við sjúkrasamlögin og héraðssamlagsstjórnir, að jöfnun verði ákveðin í hverri sýslu. Aðferðin, sem hér er lagt til að höfð verði um þetta nýmæli, er hliðstæð þeirri aðferð, sem höfð var, þegar sjúkrasamlögunum var komið á fót um land allt. Fyrst var um heimildarákvæði að ræða, síðan var skipulagið lögboðið. Sama þróun gæti orðið varðandi jöfnunina.

Ákvæðin um jöfnunina sjálfa þarfnast naumast nánari skýringar. Hugmyndin er, að hvert sjúkrasamlag, sem hefur meira en meðalsjúkrakostnað, fái allt að ¾ hluta þess kostnaðar, sem umfram er, endurgreiddan af jöfnunarfénu. Meðalsjúkrakostnaður eins sjúkrasamlags fæst með því að deila heildarupphæð sjúkrakostnaðar í sýslunni, sem greiddur er af sjúkrasamlögunum, með tölu sjúkrasamlagsmeðlima í sýslunni og margfalda útkomuna með tölu meðlima hlutaðeigandi samlags.

Um 50. gr.

Sjá 32. og 37. gr. laga nr. 104/1943.

Greinin hefur tvö nýmæli að geyma. Í fyrsta lagi er tryggingaskyldan látin ná til fólks, sem orðið er 67 ára. Hingað til hefur því fólki verið í sjálfsvald sett, hvort það sjúkratryggir sig, en það verður að teljast óheppilegt, þar sem tryggingin verður einmitt að teljast gamla fólkinu nauðsynleg. Hins vegar ber lífeyristrygg-

ingunni (eða sérstökum lífeyrissjóðum) að greiða samlagsiðgjöld þeirra gamalmenn (og öryrkja), sem hafa ekki meiri tekjur en svo, að þeim beri einhver lífeyrir, sbr. ákvæði 22. gr.

Í annan stað er ákveðið, að þegar foreldrar búa ekki saman, skuli börnin vera sjúkratryggð með því foreldri, sem foreldraráðin hefur. Í framkvæmd hefur þetta atriði verið nokkuð á reiki, en rétt virðist að gera því foreldri, sem um börnin sér, kleift að halda sjúkratryggingu þeirra í lagi, án þess að eiga nokkuð undir hinu foreldrinu í því efni.

Um 51. gr.

Sjá 34. gr. laga nr. 104/1943.

Greinin hefur að geyma nokkra tilslökun á gildandi reglum um biðtíma, í samræmi við venjur, sem skapazt hafa hjá ýmsum samlögum. Niðurlagssetning greinarinnar er nýmæli.

Um 52. gr.

Svarar til 33. gr. laga nr. 104/1943, en hefur að geyma nokkrar efnisbreytingar, og skulu þær nú raktar:

1. Almenn læknishjálp, viðtöl og vitjanir, hefur verið veitt að fullu á umsömdum vinnutíma. Ákvæði er í b-lið greinarinnar, sem mælir svo fyrir, að á 1. verðlagssvæði skuli greiða 5 kr. fyrir hvert viðtal og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Greiðsla þessi breytist, ef meiri háttar breyting verður á kauplagsvísitölu. Vakin skal athygli á því, að í samþykktum má ákveða víðtækari hjálp en hér er gert ráð fyrir. Í fyrstu var greitt svokallað fjórðungsgjald, sem síðar var afnumið. Hér er ekki um slíkt fjórðungsgjald að ræða, heldur fast gjald, sem hafa verður hliðsjón af í samningum við læknana. Í viðræðum við læknana kom í ljós, að þeir töldu það hafa verið misráðið, þegar fjórðungsgjaldið var fellt niður, og álitu rétt, að upp yrði tekin greiðsla af hálfu sjúklinga, fyrir viðtöl og vitjanir. Það er almenn kvörtun lækna í Reykjavík, að aðsókn sé svo mikil, að ekki gefist nægur kostur að sinna þeim sjúklingum, sem þó þurfa nauðsynlega á aðstoð læknanna að halda. Þess gæti mjög, að læknar séu ónáðaðir að litlu eða engu tilefni, þar eð enga greiðslu þurfi að inna af höndum, þótt til þeirra sé leitað, hvort sem nauðsyn beri til eða eigi. Tilgangurinn með ákvæðinu er, að koma í veg fyrir tilefnislaus viðtöl og vitjanir. Ætla verður, að gjald þetta, þótt að lágt sé að vísu, dragi úr ástæðulausri aðsókn til læknanna. Hins vegar er gjaldinu svo í hóf stillt, að engan hindrar það í að vitja læknis, ef þörf ber til.
2. Samkvæmt gildandi lögum eru samlög ekki skyld að sjá samlagsmönnum fyrir læknishjálp hjá sérfræðingum. Í c-lið greinarinnar er samlögunum lögð sú skylda á herðar að greiða a. m. k. fyrir nauðsynlegar rannsóknir hjá sérfræðingum, enda munu allflest samlögin þegar gera það samkv. samþykktum sínum. Samlagsstjórnum er heimilt að setja reglur um takmörkun tilvísana til sérfræðinga, og er þar höfð í huga hugsanleg þörf til að koma í veg fyrir misnotkun.
3. Röntgenmyndir hafa verið greiddar að ⅓. Lagt er til, að þær verði greiddar að ½. Rökrétt hefði verið að greiða þær að ¾ hlutum eins og rannsóknir sérfræðinga, en myndirnar eru mjög dýrar og hætta á því, að læknar freistuðust til óþarfa töku á myndum, ef sjúklingurinn þyrfti ekki að greiða nema ¼ hluta kostnaðarins. Ef þátttaka sjúklingsins er aðeins færð niður í helming kostnaðar, er það nokkurt aðhald fyrir lækna, að hlutast ekki til um myndatökur, nema nauðsyn beri til. Rétt þykir að sjá hverja raun þessi hækkun á þátttöku sjúkrasamlaganna gefur, áður lengra er haldið.
4. Upp er tekin greiðsla sjúkradagpeninga hjá sjúkrasamlögunum, sem Tryggingastofnunin hefur greitt til þessa. Áður er gerð grein fyrir því, hversu því er varið, að sjúkradagpeningar urðu viðskila við aðra sjúkrahjálp og vísast til

þess. Færa má rök fyrir því, að réttara sé, að sjúkradagpeningar séu úrskurðaðir af sjúkrasamlögunum og greiddir af þeim, og eru þessi helzt:

Sjúkrasamlögin hafa það hlutverk að bæta tjón vegna sjúkdóma, svo sem sjúkrahússkostnað, læknishjálp og lyfjakostnað. Einn liður í því tjóni, sem sjúkdómar valda, er tekjumissir, sem að nokkru er bættur með greiðslu sjúkradagpeninga. Að skilja þennan þátt sjúkrahjálparinnar frá annarri sjúkrahjálp er ósamkvæmni, sem sterk rök þyrfti til að réttlæta. Úrskurður Tryggingastofnunarinnar á sjúkradagpeningum hlýtur að byggjast eingöngu á þeim upplýsingum, sem hún hefur aðgang að í umsókn sjúklingsins og vottorði læknisins. Stofnunin hefur að öllum jafnaði engin skilyrði til að vita náin deili á þeim atvikum, sem gefa rétt til dagpeninga umfram það, er segir í nefndum skjölum. Þessu er öðruvísi varið með stjórnir flestra sjúkrasamlaganna. Þær þekkja venjulega bótaþegann persónulega og allar hans ástæður. Hætta á misnotkun þessara bóta er því minni, ef sjúkrasamlagsstjórnir úrskurða þær, en nú er, þegar úrskurður er aðeins byggður á framlögðum skjölum.

5. Samkvæmt 4. tölul. 33. gr. laga nr. 104/1943 skulu sjúkrasamlög greiða fæðingarstyrk, er eigi sé lægri en kr. 40.00 auk verðlagsuppbótar. Í 34. gr. almannatryggingalaganna er og ákvæði um greiðslu fæðingarstyrks. Fæðingarstyrkur er því greiddur af tveim aðilum, sjúkrasamlögunum og Tryggingastofnuninni. Þetta þykir óeðlilegt. Þar sem fæðingin út af fyrir sig er ekki sjúkdómur, á almenn greiðsla fæðingarstyrks ekki heima í ákvæðum um sjúkrahjálp. Frumvarpið gerir ráð fyrir almennum fæðingarstyrk á vegum lífeyristrygginganna, en ef fæðingin er sjúkleg, og það telst hún, ef dvöl á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun vegna hennar varir lengur en 9 daga, greiðist legukostnaðurinn af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi, sjá g-lið 52. gr.

Greinin ákveður lágmarkssjúkrahjálp. Einstökum sjúkrasamlögum er heimilt að ákveða víðtækari læknishjálp en ákveðin er í stafliðum a—g. Mörg samlög veita nú meiri sjúkrahjálp en greinir í stafliðum a—g, svo sem t. d. aðgerðir hjá sérfræðingum og nokkur hafa fasta samninga við háls-, nef-, eyrna- og augnlækna.

Um 53. gr.

Greinin fjallar um sjúkradagpeninga og svarar til ákvæðanna í 39.—44. gr. almannatryggingalaganna. Ákvæði frumvarpsins eru yfirleitt í samræmi við þá venju, sem skapazt hefur um greiðslu sjúkradagpeninga. Upphæð þeirra er ákveðin hin sama og nú er á 2. verðlagssvæði, enda er hér um lágmarksbætur að ræða, sem öll sjúkrasamlög verða að greiða. Hins vegar er heimilt að hafa upphæðina hærri, sbr. 52. gr. f-lið og síðustu málsgr. 52. gr. Grein þessi þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 54. gr.

Þessi grein kemur í stað 36. gr. laga nr. 104/1943, en hefur að geyma það veigamikla nýmæli, að gert er ráð fyrir gerðardómi, er ákveðið geti samningsskjör, ef samkomulag næst ekki milli sjúkrasamlags og lækna. Aðilum er þó í sjálfsvald sett, hvort þeir nefna menn í dóminn, og geri annar hvor það ekki, verður ekki um gerð að ræða, en samlagið á þá um að velja þær leiðir, sem greinin ákveður. Er það algert nýmæli, að greiðsla fyrir læknishjálp (utan sjúkrahúsa) geti fallið niður með öllu, ef ósamið verður við lækna. Er sú regla byggð á því, að verið geti illframkvæmanlegt að tryggja mönnum læknishjálp utan sjúkrahúsa, ef ekki nást viðhlítandi samningar við lækna. Læknafélag Reykjavíkur hefur tjáð sig samþykkt ákvæðinu um gerðardóm.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 55. gr.

Svarar til 39. gr. laga nr. 104/1943 og 24. gr. 4. tölul. viðaukalaganna og þarfnast ekki skýringar.

Um 56. gr.

Sjá 40. gr. laga nr. 104/1943.

Eins og reglur um flutninga milli samlaga eru nú, er mikill fjöldi þeirra, sem flytja, réttindalaus á tímabili vegna þess, að ekki er farið eftir reglunum. Yfirleitt hafa samlögin þó ekki treyst sér til að beita þessum reglum, enda hefur og Tryggingastofnunin stutt að því, að jafnaðarlega væri greitt úr málum manna, þannig að þeir væru ekki réttindalausir.

Í greininni er gert ráð fyrir nýjum reglum í þessu efni, til þess föllnum að venja fólk við að gæta betur réttra reglna, án þess þó að beita þurfi harðræðum.

Síðasta málsgrein kemur í stað 3. mgr. 39. gr. laga nr. 104/1943, og gerir ráð fyrir, að umrædd gagnkvæm aðstoð samlaganna verði hér eftir ákveðin í reglugerð.

Um 57. gr.

Svarar til 42. gr. laga nr. 104/1943 og staðfestir aðeins þann hátt, sem á hefur verið hafður um iðgjaldsákvörðun.

Um 58. gr.

Svarar til 47. gr. laga nr. 104/1943, en hefur auk þess að geyma nýmæli. Greinin ákveður, að lífeyrisdeild Tryggingarstofnunar ríkisins greiði árlega framlag til sjúkrasamlaganna, sem skuli vera 4% af samanlögðum bótagreiðslum deildarinnar næsta ár á undan. Framlag þetta skiptist milli sjúkrasamlaganna í réttu hlutfalli við greidd iðgjöld.

Ástæðan til þess, að hér er lagt til, að lífeyrisdeild greiði framlag til sjúkrasamlaganna, er sú, að við flutning sjúkradagpeninga til sjúkrasamlaganna sparast lífeyrisdeildinni útgjöld, sem sjúkrasamlögunum er ætlað að greiða. Með afnámi á greiðslu almenns fæðingarstyrks hjá sjúkrasamlögunum sparast þeim útgjöld, sem koma fram sem aukin útgjöld hjá Tryggingastofnun ríkisins í sambandi við hækkun fæðingarstyrksins, samkvæmt 19. gr. Mismun þessara tveggja greiðslna er breytt í hlutfall, miðað við aðrar bótagreiðslur eins og horfur eru á, að þær verði á þessu ári. Þetta hlutfall, 4%, svarar til þeirrar hundraðstölu, sem hér er gert ráð fyrir. Þetta fyrirkomulag hefur þann kost, að telja má, að umræddur bótaflutningur geti farið fram, án þess að raska hlutfallinu milli byrðanna, sem á eru lagðar vegna tryggingarnna, og án þess að raska þurfi þeim byrðahlutföllum, sem gilt hafa varðandi sjúkrasamlögin. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals I, 12 og III.

V. KAFLI

Um 59. gr.

Fyrsta málsgrein er orðaskýring, sem ástæða þótti til að hafa í lögunum, þar sem merking orðsins „bætur“ er nokkuð breytt frá því, sem er í gildandi almannatryggingalögum. Nær það hugtak nú bæði yfir peningabætur og bætur fólgnar í þjónustu, svo sem ókeypis sjúkrahúsvist. Í frv. er talað um að **greiða** bætur, þegar eingöngu er átt við bætur í peningum, en annars um að **veita** bætur.

Að öðru leyti svarar greinin að mestu til 63. gr. almannatryggingalaga, en hefur þó að geyma nýmæli, sem rétt er að vekja athygli á.

Í fimmtu málsgrein er lagt til, að lögbundin verði greiðsla vegna þeirra bótaþega, sem dvelja á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun á kostnað ríkisframfærslunnar. Tryggingastofnunin hefur samkvæmt sérstöku samkomulagi greitt lífeyri vegna þessa fólks að viðbættum 20%. Lagt er til, að sú venja, sem gilt hefur, verði lögbundin. Þessi 20% eru áætluð að nemi kr. 130 000.00, sjá fylgiskjal I, 13.

Það er og nýmæli, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða slíkum bótaþegum sjálfum svo og ellilífeyrisþegum, sem dvelja á sjúkrahúsi á kostnað sjúkrasamlags allt að 10% bótanna. Skilyrði fyrir slíkri heimild er, að hlutaðeigandi sé algerlega tekjulaus. Sumt þetta fólk á engan að og hefur ekkert fé til ráðstöfunar

vegna ýmsra persónulegra þarfa, og er ákvæðinu ætlað að bæta lítilsháttar úr þeirri þörf. Hér er ekki um mikið fé að ræða, en sanngirnismál að leysa þennan vanda að nokkru.

Um 60. gr.

Ákvæðin um sambúðarfólk eru á ýmsum stöðum í almannatryggingalögunum, sjá t. d. 15. gr., 2. mgr., 25. gr., 37. gr. o. fl. ákvæði. Nefndinni virðist rétt að hafa á einum stað í lögunum ákvæði um þetta fólk, sem gildir um allar greinar tryggginganna eftir því, sem við á. Vitanlega verða hér lítils háttar efnisbreytingar, vegna þess að hin dreifðu ákvæði almannatryggingalaganna um þetta efni eru ekki alveg samhljóða. Allar ástæður mæla hins vegar með því, að þessi sambúð hafi alls staðar sömu réttaráhrif.

Athygli skal vakin á því, að reglan um, að sambúðarfólk skuli hafa sömu réttarstöðu og hjón gildir **aðeins** hvað snertir réttindin, en ekki skyldurnar, sbr. 27. gr. Þess vegna myndi ógift sambúðarkona greiða sjálfstætt iðgjald til lífeyristryggingarinnar, en sæta skerðingu lífeyris, skv. 22. gr., vegna tekna sambúðarmanns og hjónaleysin aðeins fá hjónalífeyri, en ekki tvöfaldan einstaklingalífeyri. — Til þessa liggur m. a. sú ástæða, að reynslan sýnir, að það vill brenna við, að karl og kona, sem búa saman, telja sig búa í hjónasambúð, þegar það er hagstætt, en konuna ráðskonu eða annaðhvort leigjanda hjá hinu, þegar það veitir betri rétt. — Það verður og að teljast þjóðfélagslega hollt, að það sé hagstæðara að ganga í hjónaband en að búa í sambúð, án vígslu.

Um 61. gr.

Hliðstætt ákvæði er t. d. 33. gr. almannatryggingalaganna. Rétt þótti hins vegar, að ákvæði þetta gilti um allar bætur. Ákvæðið þarfnast annars ekki skýringar.

Um 62. gr.

Hliðstæð ákvæði eru á ýmsum stöðum, sjá t. d. 41. gr. og 54. gr., almannatryggingalaganna, en virðast eðli málsins samkvæmt eiga við um allar greiddar bætur. Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 63. gr.

Svarar til 69. gr. almannatryggingalaganna. Ákvæði 2. mgr. er lögfesting á venju, sem gilt hefur.

Um 64. gr.

Svarar til 60. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 65. gr.

Fyrri málsgreinin svarar til 61. gr. almannatryggingalaganna, með þeirri breytingu, að ákveðinn er fyrningarfrestur bótaréttar, 3 mánuðir að því er sjúkradagpeninga snertir, en 2 ár, ef um aðrar bætur er að ræða. Samkv. 61. gr. almannatryggingalaganna fyrnast bætur, sem ekki er sótt um, á mánaðar fresti. Að sjálfsögðu hefur ekki þótt fært að framkvæma þá reglu stranglega, og er því hér gert ráð fyrir fyrningarreglum, sem við má hlíta.

Ákvæði 2. mgr. er almennt og tekur til allra atvika, sem gefa rétt til bóta. Í 2. mgr. 19. gr. almannatryggingalaganna er sérákvæði varðandi endurmat örorku. Ákvæði 2. mgr. þessarar frumvarpsgreinar tekur að sjálfsögðu til endurmats á örorku, en einnig til endurskoðunar fleiri atvika, sem veita rétt til bóta. Virðist eðlilegt að hafa almenn ákvæði um slíka endurskoðun en dreifð ákvæði um einstök atvik.

Um 66. gr.

Svarar til 67. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 67. gr.

Samhljóða 70. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 68. gr.

Svarar til 71. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 69. gr.

Sama efnis og 72. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 70. gr.

Svarar til 68. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 71. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 72. gr.

Svarar til 118. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 35. gr. viðaukalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 73. gr.

Svarar til 122. og 123. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 74. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 75. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 76. gr.

Svarar til 108. og 109. gr. almannatryggingalaganna og 24. gr., 6. tölul., viðaukalaganna og þarfnast ekki skýringar. Sjúkrasamlagsiðgjöldin eru áætluð 3.3 millj. króna, en lækka um 20 þús. kr., sjá fylgiskjal I, 14. Lækkunin er í því fólgin, að sérstökum lífeyrissjóðum er ætlað að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld sinna lífeyrisþega, sbr. 84. gr. frumvarpsins.

Um 77. gr.

Svarar til 120. gr. almannatryggingalaganna og þarfnast ekki skýringar.

Um 78. gr.

Svarar til 132. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 79. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 80. gr.

Sömuleiðis, sbr. 136. gr. almannatryggingalaganna.

Um 81. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 82. gr.

Sömuleiðis.

Um 83. gr.

Greinin lögfestir venjubundna framkvæmd varðandi atriði a—c, en er samhljóða 25. gr. viðaukalaganna að því er varðar d-lið. Þó hafa greiðslur vegna rannsóknarstofu Jóns Steffensen verið greiddar af sjúkrasamlögunum, og getur það haldizt óbreytt þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, sem aðeins eru heimildarákvæði. Þykir ekki ástæða til að gera ráð fyrir neinum kostnaðarauka vegna ákvæða greinarinnar, sbr. fylgiskjal I, 15.

Um 84. gr.

Að mestu samhljóða 133. gr. almannatryggingalaganna. Önnur mgr. lögbindur framkvæmd, sem verið hefur.

Ákvæðið um, að lífeyrissjóðirnir, sem greinin fjallar um, skuli greiða sjúkrasamlagsiðgjöld vegna sinna eigin elli- og örorkulífeyrisþega, er breyting frá því, sem nú er. Lífeyrisdeildin greiðir iðgjöld þeirra, er lífeyris njóta samkvæmt II. kafla, og teljast slíkar greiðslur viðbótarlífeyrir, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Lífeyrissjóðir, sem þurfa viðurkenningar, eiga ekki að fá hana, nema þeir veiti eins miklar bætur og almannatryggingalögin lögfesta. Slíkt gera þeir ekki nema þeir greiði sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega sinna eins og Tryggingastofnunin gerir vegna lífeyrisþega hennar. Ákvæðið er því í raun réttri óþarft, að því er þessa sjóði varðar, en er sett hér til þess að taka af allan vafa. Viðhorfið er annað gagnvart þeim lífeyrissjóðum, er starfa samkvæmt sérstökum lögum eða hafa þegar fengið viðurkenningu. Mikill meiri hluti þeirra, sem njóta lífeyris úr slíkum sérsjóðum, fá hærri lífeyri en Tryggingastofnunin veitir. Það virðist ekki sanngjarnt að láta lífeyrisdeildina greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þessa fólks. Þess vegna er hér lagt til, að ákveðið verði með lögum, að einnig þeir greiði sjúkrasamlagsiðgjöld sinna lífeyrisþega.

Um 85. gr.

Samhljóða ákvæði er í 64. gr. almannatryggingalaganna, og telur nefndin því rétt, að það verði tekið hér upp.

Um 86. gr.

Samhljóða 137. gr. almannatryggingalaganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 87.—89. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

C. Afstaða einstakra nefndarmanna.

Haraldur Guðmundsson hefur fyrirvara um ýmis efnisatriði frumvarpsins. Hann hefur haldið því fram í nefndinni, að nauðsynlegt sé að hækka lífeyrisgreiðslur til gamalmenna og öryrkja umfram það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og er andvígur því, að felldar verði niður fjölskyldubætur með öðru barni, nema veruleg hækkun á lífeyri og lækkun iðgjalda, sérstaklega unglinga, sé lögfest samtímis. Þá telur hann, að nauðsyn sé að rýmka skerðingarmark lífeyris frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, nema lífeyrisupphæðir séu hækkaðar verulega. Enn fremur telur hann, að sá hluti útgjaldanna, sem hinum tryggðu er ætlað að greiða, 33% af lífeyristryggingum og 60% af sjúkratryggingum, sé óeðlilega mikill og vill auka þátttöku annarra aðila, svo að iðgjöld hinna tryggðu þurfi ekki að hækka svo sem ráð er fyrir gert. Hann hefur lagt til, að dánarbætur slysatryggingarinnar almennt yrðu ákveðnar hinar sömu og dánarbætur lögskráðra sjómanna, að greiddar verði bætur til lífeyrisþega vegna fráfalls maka, og að sjúkrasamlögin endurgreiði samlagsmönnum læknagjaldið (5 kr. og 10 kr.), þegar það fer fram úr ákveðinni upphæð á ári. Flutning á greiðslu sjúkradagpeninga telur hann varhugaverða án þess, að leitað hafi verið umsagnar sjúkrasamlaganna um það atriði og telur sjálfsagt, að sjúkrasamlögin innheimti með iðgjöldum það fé, sem til greiðslu sjúkradagpeninga þarf, ef þau taka að sér greiðslu þeirra. Hann hefur og lagt til, að hlutur sveitarfélaga af uppbótargreiðslum samkvæmt 23. gr. frumvarpsins verði ákveðinn jafn hluta Tryggingastofnunarinnar. Auk þess hefur hann fyrirvara um nokkur smærri atriði frumvarpsins. Samkvæmt þessu má vænta þess, að hann flytji breytingartillögur við frumvarpið eða fylgi tillögum, er fram kunna að koma í þá átt, sem að framan greinir.

Auður Auðuns og Rannveig Þorsteinsdóttir hafa flutt tillögu um að fella niður 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti hefur orðið samkomulag um frumvarpið.

Fylgiskjal.

Breytingar á fjárhagsáætlun fyrir 1956 vegna lagabreytinga samkvæmt frumvarpinu, áætlaðar af Tryggingastofnun ríkisins.

I.

Lífeyristryggingar.

Gjöld:

		Útgjöld skv. áætlun þús. kr.	Útgjöld skv. frv. þús. kr.	Hækkun (lækkun ÷) þús. kr.
1.	Ellilífeyrir (lög 13. gr., frv. 13. gr.)	49 500	54 450	4 950
2.	Örorkulífeyrir (l. 18. gr., frv. 14. gr.)	16 660	18 000	1 340
3.	Makabætur (lög 38. gr., frv. 15. gr.)	180	190	10
4.	Fjölskyldubætur (lög 30. gr., viðaukalög 11. gr., frv. 16. gr.)	27 000	19 000	÷ 8 000
5.	Barnalífeyrir (lög 21.—25. gr. og 27. gr., 4. mgr., frv. 17. gr.)	9 500	10 100	600
6.	Mæðralaun (viðaukalög 11. gr., frv. 18. gr.)	1 500	3 500	2 000
7.	Fæðingarstyrkur (viðaukalög 12. gr., frv. 19. gr.)	4 700	7 050	2 350
8.	Ekkjubætur (lög 35. gr., frv. 20. gr.)	900	900	0
9.	Ekkjulífeyrir (lög 36. gr., frv. 21. gr.)	900	1 000	100
10.	Rýmkun skerðingarákvæða (lög brb.-ákvæði 1, frv. 22. gr. — sbr. hækkun 1. og 2.)	[1]	[1]	(1 100) [1]
11.	Lífeyrishækkanir (lög 17. gr., frv. 23. gr.)	2 560	5 060	2 500
12.	Sjúkradagpeningar (lög 40. gr., frv. 58. gr.)	6 400	4 600[2]	÷ 1 800
13.	Lífeyrishækkanir (sjá 11.) (lög 17. gr., frv. 59. gr.)	[1]	130	130
14.	Iðgjöld lífeyrisþega (viðaukalög 24. gr. 6, frv. 76. gr. og 84. gr.)	3 300	3 280	÷ 20
15.	83. gr. frv. (viðaukalög 25. gr. o. fl.)	550[3]	550	0
	Bætur alls (12. liður meðt.)	123 650	127 810	4 160
16.	2% til varasjóðs, sbr. 25. gr. frv.		2 690	2 690
17.	Úr afskriftasjóði 1952	÷ 2 100	÷ 2 100	0
		121 550	128 400	6 850
18.	Kostnaður	4 700	4 700	0
	Útgjöld alls	126 250	133 100	6 850

Í áætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir árið 1956 var gert ráð fyrir 11.4 millj. króna tekjuhalla. Með tilliti til 17. liðs og annarra smávægilegra breytinga verður tekjuhallinn 9.55 millj. króna. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að öllum útgjöldum verði skipt á þátttakendur. Við hækkanirnar, 6.85 millj. króna, verður því að bæta tekjuhallanum, 9.55 millj. króna. Upphæð sú, sem skipta þarf á þátttakendur, hækkar þannig um 16.4 millj. króna.

1) Talið með ellilífeyri og örorkulífeyri.

2) *Framlag til sjúkrasamlaga.*

3) Áætlun breytt hér.

Tekjur:

Tafla 1. Tekjur samkv. áætlun og samkv. frumvarpi.

	Samkvæmt áætlun		Samkvæmt frumv.		Hækkun
	%	þús. kr.	%	þús. kr.	þús. kr.
Ríkissjóður	31.2	36 400	33.0	43 920	7 520
Hinir tryggðu	33.2	38 800	33.0	43 920	5 120
Sveitarsjóðir	19.3	22 500	19.0	25 290	2 790
Atvinnurekendur	16.3	19 000	15.0	19 970	970
Alls	100.0	116 700	100.0	133 100	16 400

Aths.: Í áætlun þessari er ekki tekið með framlag sveitarsjóða samkv. 23. gr. frv.

Í töflu 2 er yfirlit um, hvað veldur hækkun framlaga og iðgjalda frá því, sem gert var ráð fyrir í áætlun.

Tafla 2. Hækkun skipt á aðila og eftir orsökum.

	Breyting á hundraðshl. frá upphafl. áætlun þús. kr.	Vegna hækkaðra útgjalda þús. kr.	Vegna tekjuhalla í áætlun þús. kr.	Alls þús. kr.
Ríkissjóður	2 110	2 260	3 150	7 520
Hinir tryggðu	÷ 290	2 260	3 150	5 120
Sveitarsjóðir	÷ 330	1 300	1 820	2 790
Atvinnurekendur	÷ 1 490	1 030	1 430	970
Alls	0	6 850	9 550	16 400

Í töflu 3 eru reiknuð iðgjöld hinna tryggðu. Iðgjöld á öðru verðlagssvæði eru 77% af tilsvarandi iðgjöldum á fyrsta verðlagssvæði.

Tafla 3. Iðgjöld hinna tryggðu.

	I. Verðlagssvæði.			II. Verðlagssvæði.		
	Áætl. '56 kr.	Skv. frv. kr.	Hækkun kr.	Áætl. '56 kr.	Skv frv. kr.	Hækkun kr.
Kvæntir karlar	811	925	114	650	712	62
Ókvæntir karlar	731	841	110	588	648	60
Ógiftar konur	543	631	88	437	486	49

Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. ættu að hækka um 5.1%, þ. e. á I. verðlagssvæði úr 9.71 í 10.21 og á II. verðlagssvæði úr kr. 7.31 í 7.68 á viku.

II.

Slysatryggingar.

Gjöld:	Hækkun skv. frv. þús. kr.
1. Sjúkrahjálp (frv. 35. gr.)	40
2. Dagpeningar (lög 52. gr. og 53. gr., frv. 36. gr.)	200
3. Örorkubætur og lífeyrir (lög 56. gr., frv. 37. gr.)	210
4. Dánarbætur (lög 57. gr., frv. 38. gr.)	30
Hækkun alls samkv. frv.	480

Hækkun tekna úr 8.4 millj. í 8.88 millj. nemur 5.7%.

III.

Sjúkrasamlög.

Útgjöld samkvæmt áætlun		50.0 millj.
1. Frv. 52. gr. g., lækkun vegna fæðingarhjálpar	÷	1.8 —
2. Frv. 53. gr., tilfærsla sjúkradagpeninga		6.4 —
Útgjöld samkv. frv.		54.6 millj.
3. Framlag Tryggingastofnunarinnar v. 53. gr.	÷	4.6 —
Útgjöld, sem skiptast á aðra aðila		50.0 millj.

Ekki eru fyrir hendi upplýsingar til þess, að hægt sé að áætla breytingar á útgjöldum sjúkrasamlaga samkv. frumvarpinu að öðru leyti. Er því gert ráð fyrir, að útgjöld, sem skiptast á ríkissjóð, hina tryggðu og sveitarsjóði, nemi kr. 50.0 millj., svo sem áætlað var, og ber þá ríkissjóður 10.0 millj., hinir tryggðu 30.0 millj. og sveitarsjóðir 10.0 millj. kr.

IV.

Almannatryggingar alls. (Sjúkrasamlög meðtalin.)

Í töflu 4 er samandregið yfirlit um, hvernig framlög hafa skipzt á aðila 1947—1954 og hvernig þau skiptast samkv. áætlun fyrir 1956 og samkv. frumvarpinu. Þess ber að gæta, að framlag sveitarsjóða samkv. 23. gr. frumvarpsins er ekki talið með.

Tafla 4. Iðgjöld og framlög.

	1947—1954	Skv. áætlun		Skv. frumvarpi		Hækkun
	%	%	þús. kr.	%	þús. kr.	þús. kr.
Ríkissjóður	27.2	26.5	46 400	28.1	53 920	7 520
Hinir tryggðu	38.2	39.3	68 800	38.5	73 920	5 120
Sveitarsjóðir	18.5	18.6	32 500	18.4	35 290	2 790
Atvinnurekendur ..	16.1	15.6	27 400	15.0	28 850	1 450
	100.0	100.0	175 100	100.0	191 980	16 880

V.

Almannatryggingar og ríkisframfærsla.

Í töflu 5 eru sýnd framlög samkv. frumvarpinu (sjá töflu 4) ásamt styrk til sjúkra manna og örkumla, eins og þau eru áætluð í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1956 (12. gr. V. a. og VI.). Gert er ráð fyrir, að styrkur sveitarfélaga sé ¼ af styrk ríkis. Nema þá útgjöld ríkis og sveitarfélaga til ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla 22.8 millj. kr., þar af útgjöld ríkis 18.25 millj. kr. Er þessum upphæðum bætt við bæði tölur samkv. áætlun og samkv. frumvarpi, sem sýndar eru í töflu 4.

Tafla 5. Iðgjöld og framlög til almannatrygginga og ríkisframfærslu.

	1947—1954	Skv. áætlun		Skv. frumvarpi		Hækkun
	%	%	þús. kr.	%	þús. kr.	þús. kr.
Ríkissjóður	32.4	32.7	64 650	33.6	72 170	7 520
Hinir tryggðu	34.5	34.8	68 800	34.4	73 920	5 120
Sveitarsjóðir	18.6	18.7	37 050	18.5	39 840	2 790
Atvinnurekendur ..	14.5	13.8	27 400	13.4	28 850	1 450
	100.0	100.0	197 900	99.9	214 780	16 880

Nd. 100. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Meðlag með óskilgetnu barni skal greiða mánaðarlega fyrir fram. Þó er heimilt að greiða meðlagið fyrir fram fyrir allt að sex mánuði í senn.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Sé meðlag það, sem barnsföður er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, ekki greitt á réttum gjalddaga, og eigi faðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er barnsmóður heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að dvalarsveit hennar greiði henni barnsmeðlag, jafnhátt barnalífeyri samkvæmt almannatryggingalögunum. Skerðingarákvæði 22. gr. almannatryggingalaganna taka ekki til slíkra meðlaga.

Móðir óskilgetins barns, sem á framfærslurétt hér á landi, á sama rétt og um ræðir í 1. mgr., þó að barnsfaðir eigi ekki rétt til framfærslu hér á landi, og endurgreiðir ríkissjóður þá dvalarsveit meðlagið.

Kröfu barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum svo og lífsvottorð barnsins. Móðirin skal gefa oddvita dvalarsveitar upplýsingar um framfærslusveit barnsföður svo sem hún er fær um.

Meðlag, greitt samkvæmt þessari grein, telst framfærslustyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móður og fer um endurgjald á honum samkvæmt framfærslulögum.

Verði dráttur á greiðslu meðlags til barnsmóður af hálfu dvalarsveitar, samkvæmt þessari grein, getur barnsmóðir snúið sér til yfirvalds, sem þá skal veita henni nauðsynlega fyrirgreiðslu svo dráttur verði ekki á meðlagsgreiðslunni.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú hefur móðir óskilgetins barns fært sönnur á faðerni þess samkvæmt 3. gr. að dómi valdsmanns, þar sem hún á heima, en meðlagsúrskurður verður þó eigi út gefinn og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og kostnað samkvæmt 11. og 15. gr. á hendur þeirri sveit, þar sem hún á heimilisfang. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

4. gr.

14. gr. orðist svo:

Nú elur kona óskilgetið barn og er þá valdsmanni rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni vegna barnsburðarins allt að kr. 300.00 á mánuði auk verðlagsuppbótar í allt að 3 mánuði samtals fyrir og eftir fæðingu. Þá má og úrskurða barnsföður til að greiða tryggingaiðgjöld hennar um eins árs bil.

Nú sýkist kona vegna meðgöngunnar eða barnsfaranna og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlegan styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 6 mánuði eftir barnsburð, að svo miklu leyti, sem sá kostnaður verður ekki greiddur samkvæmt almannatryggingalögum.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður, sem um getur

í fyrri málsgrein 8. greinar, skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngunni og barnsförunum leiðir.

Nú greiðir barnsfaðir eigi úrskurðaðar greiðslur samkvæmt þessari grein og getur þá móðir barnsins krafizt greiðslu af sveitarstjórn dvalarsveitar sinnar með sama hætti og meðlög samkvæmt 11. gr. Síðasta málsgrein 11. gr. á og við um greiðslur samkvæmt þessari grein.

Ógift kona, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna meðgöngunnar og hefur gert ráðstafanir til að afla sér úrskurðar, skal eiga rétt á því, þegar sannað er með læknisvottorði að fæðingar sé að vænta innan 6 vikna, að dvalarsveit greiði henni fjárhæð þá, er í 1. mgr. getur, með þremur mánaðarlegum greiðslum frá þeim tíma.

Um endurgreiðslu frá framfærslusveit barnsföður fer sem um endurgreiðslu meðlags samkvæmt 11. gr.

5. gr.

15. gr. orðist svo:

Nú telur kona, sem óskilgetið barn elur eftir 1. janúar 1948, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hefur hér á landi í þjónustu eða á vegum erlends varnarliðs, og getur hún þá, að undangengnum árangurslausum tilraunum að mati dómara til öflunar faðernissönnunar á venjulegan hátt, snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur heimilissveit barnsmóður, eins og segir í 3. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1954, um breyting á lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

7. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, sem starfað hefur að endurskoðun á lögunum um almannatryggingar. Í frumvarpi því til almannatryggingalaga, sem nefndin hefur lagt fram, eru niður felld ákvæðin í 27. og 28. gr. almannatryggingalaganna, er fjalla um meðlagsgreiðslur af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Mæður óskilgetinna barna og fráskildar konur missa þannig þann rétt, sem þær hafa haft til þess að snúa sér til Tryggingastofnunarinnar með greiðslu á meðlögum, ef frumvarpið um almannatryggingar verður að lögum. Nefndin vill með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, veita þessum konum þann sama rétt og þær höfðu áður en almannatryggingalögin voru sett. Jafnframt vill nefndin tryggja það, að þessi réttur þeirra verði raunverulegri en áður var með sérstöku ákvæði, sem skyldar yfirvöldin til fyrirgreiðslu þeirra vegna, þegar nauðsyn krefur, sbr. athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Skal nú vikið að einstökum greinum.

Um 1. gr.

Nefndin gerir ekki tillögur um efnisbreytingu á 10. gr. frumvarpsins, en að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að það verði almenn regla, að meðlög verði greidd misserislega fyrir fram, þó greinin kveði á um greiðslur mánaðarlega. Þessu ákvæði var breytt þegar almannatryggingarnar hófu greiðslur meðlaga til samræmis við aðrar greiðslur á vegum þeirra, sem yfirleitt eru mánaðargreiðslur og sums staðar ársfjórðungsgreiðslur. Það verður of mikil skriffinnska fyrir sveitarstjórnir að greiða þessi meðlög oftar en misserislega, enda alveg ástæðulaust. Meðan sveitarstjórnirnar önnuðust þessar greiðslur voru þær undantekningarlaust greiddar misserislega. Nefndinni þótti þó ekki rétt að fastbinda þetta atriði og er því opin leið að greiða meðlögin mánaðarlega fyrir þær sveitarstjórnir, sem vilja.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum þeim, sem áður giltu um þessi atriði með þeim undantekningum, sem hér verða rakin.

Áður var réttur barnsmóður til að fá meðlagið frá dvalarsveit bundinn því skilyrði, að hún ætti rétt til framfærslu hér á landi. Þegar tillit er tekið til þess, að meðlagið, sem sveitarsjóðurinn greiðir er ekki framfærslustyrkur til barnsmóður heldur framfærslustyrkur veittur barnsföðurnum, skortir rök til þess að krefjast þess, að móðirin eigi framfærslurétt hér á landi. Það atriði skiptir alls engu máli eftir eðli málsins. Eigi faðirinn framfærslurétt hér á landi, getur því móðirin án tillits til framfærsluréttar síns leitað til dvalarsveitar sinnar um greiðslu meðlagsins.

Þegar barnsfaðirinn á hins vegar ekki framfærslurétt hér á landi verður móðirin að eiga framfærslurétt hér til þess að geta gengið að dvalarsveit um meðlagið, sbr. 2. mgr.

Í síðustu málsgrein er ákvæði, sem gefur barnsmóður rétt til þess að fá fyrirgreiðslu yfirvalds, ef dvalarsveit dregur greiðslu meðlags til hennar. Ákvæði um þetta var ekki í lögunum, en virðist nauðsynlegt til þess að veita dvalarsveitinni aðhald um að vanrækja ekki greiðslur af þessu tagi.

Um 3. gr.

Að öllu leyti samhljóða 12. gr. laganna, en þar er svo ákveðið, að yfirvald geti úrskurðað meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnuninni, en í frumvarpsgreininni segir að úrskurða skuli meðlag og kostnað á hendur dvalarsveit. Breyting þessi leiðir af öðrum þeim breytingum, sem hér um ræðir.

Um 4. gr.

Efnislega eins og 14. gr., sbr. 12. gr. viðaukalaganna nr. 116/1954. Ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæðið er efnislega eins og ákvæði laga nr. 32/1954, um breytingu á lögum nr. 87/1947, með sömu athugasemd og við 3. gr. Þarfnast ekki skýringa.

Um 6.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 101. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á framfærslulögum nr. 80/1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Nú hefur móðir barns, er meðlag hefur tekið samkvæmt meðlagsúrskurði, skilnaðarbréfi eða staðfestum samningi um meðlagsgreiðslur, verið gift í 3 ár eða búið ógift með karlmanni, er telja verður fyrirvinnu heimilisins, jafnlangan tíma og fellur þá úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af dvalarsveit sinni, ef skattskyldar tekjur hennar og mannsins samkvæmt skattframtali nema hjónalífeyri samkvæmt almannatryggingalögum eða meiru.

2. gr.

55. gr. 2. mgr. orðist svo:

Nú hefur dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns orðið að greiða meðlag eða kostnað samkvæmt 11. gr. og 14. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna eða samsvarandi greiðslur samkvæmt lögum um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og skal þá framfærslusveit þeirri, er barnsfaðir átti, þegar meðlag það, sem endurkrafið er, féll í gjalddaga, skylt að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið og kostnaðinn að fullu og telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

3. gr.

57. gr. 1. mgr. orðist svo:

Þegar dvalarsveit hefur greitt meðlag og kostnað, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar, innan sex vikna frá greiðslu meðlags eða kostnaðar, senda til sveitarstjórnar framfærslusveitar kröfu um endurgreiðslu og skal þá greiða skuldina innan sex mánaða frá móttöku kröfunnar. Kvittun barnsmóður eða framfærslumanns, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins skal fylgja kröfu sveitarstjórnar dvalarsveitarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd þeirri, sem starfað hefur að endurskoðun á lögunum um almannatryggingar. Sú nefnd hefur einnig gert frumvarp til laga, um breytingu á lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Er frumvarp það, sem hér liggur fyrir samið í samræmi við breytingu þá, sem nefndin leggur til að lögfest verði, varðandi greiðslu meðlaga með óskilgetnum börnum og börnum fráskilinna kvenna. Í framfærslulögunum er einnig gert ráð fyrir, að slíkar greiðslur séu á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, þarf því að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði. Þetta eru í höfuðatriðum þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Skal nú vikið að einstökum greinum.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir skilyrðislausum rétti barnsmóður til þess að dvalarsveit greiði meðlag með barni hennar eða börnum fyrstu 3 árin, eftir að hún giftist, en að þessum tíma liðnum á hún því aðeins þenna rétt, að skattskyldar tekjur hennar og mannsins, sem hún giftist eða býr með fari ekki fram úr hjónalífeyri samkvæmt almannatryggingalögum. Efnahagsviðmiðun var áður fyrr í lagaákvæðum varðandi þetta atriði, en var afnumin í sambandi við setningu almannatryggingalaganna. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Sú ein breyting felst í þessari grein, sem leiðir beint af þeirri breytingu, að ætlazt er til að dvalarsveit móður komi í stað Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 3. gr.

Það gildir hið sama um þessa grein og það, sem sagt var um 2. gr. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 102. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á heilsuverndarlögum nr. 44/1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra skipar fasta lækna heilsuverndarstöðva og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

5. gr. verði 6. gr. og 6. gr. verði 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, sem unnið hefur að endurskoðun almannatryggingalaganna hefur gert frumvarp þetta. Frumvarpið er samið í samræmi við frumvarp það til almannatryggingalaga, sem nefndin hefur undirbúið. Í því frumvarpi er felldur niður III. kafli almannatryggingalaga nr. 50/1946, um heilsugæzlu. Í þeim kafla er svo fyrir mælt, að ráðherra skipi fasta lækna heilsuverndarstöðva og að laun þeirra greiðist úr ríkissjóði. Verði frumvarp nefndarinnar, um almannatryggingar, lögfest, er nauðsynlegt að setja lög um skipun lækna við heilsuverndarstöðvar og launagreiðslur til þeirra. Nefndinni virðist eðlilegast, að ákvæði um þetta yrði bætt inn í hin nýju heilsuverndarlög. Það er aðeins þetta, sem felst í frumvarpi því, er hér liggur fyrir. Einstakar greinar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 103. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, útgefnum 25. ágúst 1955. Nefndin mælir með, að frv. sé samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (EI) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 4. nóv. 1955.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Gunnar Jóhannsson.

Jörundur Brynjólfsson,

Nd. 104. Frumvarp til laga [93. mál]

um sömu laun kvenna og karla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Við öll störf, embætti og sýslanir — svo hjá bæjar- og sveitarfélögum sem hjá ríkinu — skulu konum greidd sömu laun og körlum.

2. gr.

Við færslu milli launaflokka skulu gilda sömu reglur fyrir konur sem karla

3. gr.

Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.

4. gr.

Öll störf í hraðfrystihúsum og við iðju og iðnað skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. — Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr misrétti því, sem konur eru enn þá beittar í launagreiðslum, hvort sem er í þjónustu ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga eða hjá einkaatvinnurekstrinum.

Það samrýmist engan veginn réttlætishugmyndum manna á 20. öld að láta það eitt, hvort starf er unnið af karli eða konu, valda stórfelldum launamismun. Þó er það staðreynd, að í flestum tilfellum er konum ætlað 25—40% lægra kaup, án alls tillits til þess, hvort þær skila ekki sama vinnuverðmæti og karlmaður mundi skila, ef hann væri settur að sama starfi. Þetta er ranglæti, sem allir verða að viðurkenna, en sterk þjóðfélagsöfl tregðast þó við að leiðrétta.

Það tíðkast mjög hjá opinberum aðilum, ríkisstofnunum og bæjar- og sveitarfélögum, að konum er haldið frá hinum betur launuðu stöðum og störfum og þær ekki fluttar milli launaflokka á sama hátt og karlar.

Við flest störf iðju- og iðnfyrirtækja skila konur fyllilega sama vinnuverðmæti og karlmenn mundu skila í þeirra sporum. En vinna þeirra er þó yfirleitt greidd um 30% lægra verði.

Hér í Reykjavík fá verkakonur 24% lægra kaup en karlmenn við sömu vinnu, og nemur þessi kaupmismunur kynjanna nokkuð á fimmtu krónu á klukkustund, án alls tillits til þess, hvort nokkur munur sé á vinnuafkötsum og vinnugæðum karla og kvenna. Eina röksemdin er þessi: Þið eruð bara konur.

Þó virðist hlutur kvenna vera einna lakastur á verzlunar- og viðskiptasviðinu, einmitt þar, sem segja mætti, að auðveldast og eðlilegast væri að koma við fullkomnum launajöfnuði með því að miða við ákveðin verk, án tillits til þess, hvort það er karl eða kona, sem vinnur þau.

En við þessi störf er alls ekki gert ráð fyrir, að konur gegni störfum skrifstofustjóra og 1. flokks fulltrúa, ekki heldur störfum aðalbókara, fulltrúa annars flokks, bréfritara fyrsta flokks, sölustjóra né aðalgjaldkera. Þessi störf öll, sem falla undir hæstu launaflokkana, skulu unnin af körlum einum. Það er ekki fyrr en komið

er niður í B-lið 4. flokks, sem fjallar um laun aðstoðarfólks í skrifstofum, að gert er ráð fyrir bæði konum og körlum í sama launaflokki. Þetta er næstum ótrúlegt, en satt engu að síður.

Og sömu reglur gilda um launamál afgreiðslufólksins. Konur geta þar komizt það hæst að vera annars flokks deildarstjórar. Og að því er launin snertir, fá stúlkur með sérfræðirófi í viðskiptum frá Verzlunarskóla Íslands (fjögurra ára nám) lægra kaup en piltar, sem aldrei hafa í verzlunarskóla komið. Rökin eru þau ein, að þær eru stúlkur, en þeir eru piltar. — Um gildi starfsins sjálfs er ekki spurt og staðgóð þekking að engu metin.

Þessu verður að breyta. Íslenzk verkalýðshreyfing berst fyrir algeru launajafnrétti kvenna og karla, enda hafa alþjóðasambönd verkalýðsins tekið launajafnrétti kynjanna á stefnuskrá sína og gert um það ályktanir á þingum sínum. Verkföll voru háð hér á landi á s. l. sumri til þess að reyna að minnka muninn á kaupi kvenna og karla, og búast má við miklum átökum, út af þessu hróplega ranglæti, á næstu árum, ef ekki verður að gert. Að öllu leyti væri æskilegra, að Alþingi leysti málið í friði og spekt með lagasetningu, eins og hér er lagt til.

Þeir, sem á sínum tíma beittu sér gegn því, að konur fengju sama rétt og karlar til náms í skólum og að því er snertir kjörgengi og kosningarrétt, hefðu vissulega kosið síðar, að þeir hefðu tekið aðra afstöðu til þeirra mála. Eins munu þeir, sem snúast gegn þessu frumvarpi, áreiðanlega velja sér hið verra hlutskiptið. Að reyna að þegja málið í hel mun heldur ekki takast. Algert jafnrétti kvenna og karla er eitt þeirra mála, sem ekki verða stöðvuð. Mættu menn t. d. minnast þess, að Alþjóðavinnumálastofnunin, sem Ísland er aðili að, hefur árum saman barizt fyrir sama kaupi kvenna fyrir sömu vinnu, og ávallt hefur það verið talin ein af grundvallarhugsjónum Sameinuðu þjóðanna að afmá ríkjandi misrétti milli kynja, kynflokka og þjóða.

Það er því í senn sómi Alþingis og skylda að láta af mótþróa við jafnsjálfsagt mál og þetta er og afgreiða það sem lög frá þessu þingi.

Nd. 105. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á 36. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Tryggingarfélagi er ekki heimilt að borga skaðabótakröfu samkv. 1. málsgr., nema lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er gerð út af.
2. Næstsíðasta málsgr. orðist svo:
   Tryggingarfélagið hefur endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og er þá skylt að krefja hann um eigi minna en 30% af tjóninu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr., síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem ræðir um í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

2. gr.

1. málsgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu að fullu. Einnig skal svipta þann öku-

leyfi um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 1 ár, eða fyrir fullt og allt, sem hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og öðru framferði kærða sem bifreiðarsjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frásagnir af bifreiðaslysum eru áberandi þáttur í fréttum blaða og útvarps hér á landi nú á tímum. Á hverju ári láta menn lífið, fleiri eða færri, en aðrir verða örkumlamenn af völdum þeirra slysa. Fjármunatjónið af bifreiðaárekstrum er einnig gífurlegt og fer sívaxandi, en það tjón verða allir bifreiðaeigendur að borga með hækkandi tryggingargjöldum.

Umferðarslysin stafa mjög oft af vítaverðri óvarkárni og skeytingarleysi ökumanna og annarra, sem um vegina fara. Og mörg slysin hljótast af því, að bifreiðarstjórar eru ölvaðir við akstur. Slík afbrot eru mjög tíð, og bendir það til þess, að of vægt sé á þeim tekið. Virðist því þörf að setja ný og strangari lagaákvæði um refsingar fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarreglum, og í því skyni er frv. þetta flutt.

Þó að ökumaður bifreiðar valdi tjóni, mun það vera algengt, að löggæzlumenn eru ekki tilkvaddir að athuga málavexti, en sá, er tjóninu veldur, sendir tilkynningu um það til tryggingarfélagsins, sem hefur tekið bifreið hans í tryggingu, og bætir þá tryggingarfélagið skaðann, án þess að lögreglurannsókn á slysinu eða tjóninu hafi farið fram. Líklegt má telja, að ýmsir ökumenn mundu gæta sín betur, ef svo væri fyrir mælt, að í hvert sinn sem þeir valda árekstrum og tjóni, skyldi mál þeirra rannsakað af lögreglunni og skýrsla um það skráð í annála hennar. Er því lagt til í 1. gr. frv., að tryggingarfélagi sé því aðeins heimilt að greiða skaðabótakröfu, að lögregluransókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem bóta er krafizt fyrir.

Samkvæmt ákvæði í 36. gr., bifreiðalaganna hefur tryggingarfélag endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. En tryggingarfélögin munu ekki hafa notað þessa lagaheimild. Hér er lagt til, að félögunum sé skylt að krefja tryggingartaka um eigi minna en 30% af upphæð skaðabóta, sem þau hafa orðið að greiða fyrir slík tjón, en eftir sem áður hafa þau heimild til að krefja um endurgreiðslu á allri upphæðinni. Er ástæða til að ætla, að bifreiðarstjórar muni síður valda tjóni af „stórkostlegu gáleysi", ef það kostar þá sjálfa fjárútlát, heldur en ef tryggingarfélögin bera allan skaðann.

Ölvun við bifreiðarakstur hefur valdið mörgum slysum og er mjög alvarlegt afbrot. Áhrifamesta aðferðin til þess að fækka þeim brotum er sennilega sú, að svipta þá menn, sem gerast sekir um slíkt, ökumannsréttindum ævilangt. Er því lagt til í 2. gr. frv., að svo verði gert. Þar er enn fremur lagt til, að hert sé á ákvæðum laganna um ökuleyfissviptingu, þegar um mjög vítaverðan akstur er að ræða, þó að ölvun bifreiðarstjórans sé ekki um að kenna.

Ed. 106. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er samþykk meginefni frv., en þykir rétt að orða skýrar síðustu málsgrein 1. gr., sem fjallar um laun, ferðakostnað og húsnæði prests þess, sem ætlazt er til að ráða samkv. frv.

Til nefndarinnar var einnig vísað frv. um breytingu sömu laga, þess efnis að ákveða, að tveir þjónandi prestar skuli vera í Vestmannaeyjum. Nefndin er því einnig efnislega samþykk, en telur rétt að fella efni þess inn í þetta frv. — Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Í stað „40." (Vestmannaeyjar) í tölusetningu prestakalla í 1. gr. laganna kemur: 40.—41. (Síðari töluliðir í lagagreininni breytast samkv. því.)
2. Við 1. gr. (verður 2. gr.). Síðasta málsgr. orðist svo:
   Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla, er hann þjónar, skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann býr ekki í embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

Alþingi, 8. nóv. 1955.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.
	Sigurður Ó. Ólafsson.	


Sþ. 107. Breytingartillögur [36. mál]

við till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Lárusi Jóhannessyni, Páli Þorsteinsyni, Páli Zóphóníassyni, Lúðvík Jósefssyni og Eggert Þorsteinssyni.

1. Við tillgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur skal friðunarlínan fyrir Austfjörðum og Suðausturlandi á svæðinu milli Langaness og Ingólfshöfða dregin þannig, að takmarkalína núverandi friðunarsvæðis, þar sem hún er dregin utan við grunnlínupunkt nr. 12 í reglugerðinni (Langanes), framlengist í beina línu og liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 15 og 16. Þaðan skal línan dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 17—19 og í útlínu núverandi friðunarsvæðis við Hvalbak (grunnlínupunkt 50). Þaðan sé línan framlengd og liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 24 og 25, þangað til hún nær línu, sem framlengist í beina stefnu frá takmarkalínu núverandi friðunarsvæðis utan við grunnlínupunkt nr. 28 (Ingólfshöfða).
2. Fyrirsögn till. orðist þannig: Tillaga til þingsályktunar um stækkun friðunarsvæða fyrir Vestfjörðum, Austfjörðum og Suðausturlandi.

Fylgiskjal (uppdráttur), sjá bls. 542.


15°
13°
66°
65°
64°
LANGANES
GLETTINGANES
GERPIR
HVALBAKUR
STOKKSNES
INGÓLFSHÖFÐI
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
50
GRUNNLÍNUSTAÐIR
FISKVEIÐITAKMÖRK
TILLAGA UM FRIÐUNARLÍNU

Sþ. 108. Fyrirspurn [95. mál]

til fjármálaráðherra um endurskoðun skattalaga.

Frá Birni Ólafssyni.

Hefur milliþinganefnd í skattamálum skilað tillögum til breytingar á félagakafla skattalaganna?

Ef svo er, hvenær má vænta þess, að frv. til breytingar á skattalögunum verði lagt fram á Alþingi?

Ed. 109. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað „40." (Vestmannaeyjar) í tölusetningu prestakalla í 1. gr. laganna kemur: 40.—41. (Síðari töluliðir í lagagreininni breytast samkv. því.)

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestlaust af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla, er hann þjónar, skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann býr ekki í embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 110. Frumvarp til laga [96. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1956.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1956 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis og frumvarp þetta hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því, að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Ed. 111. Frumvarp til laga [97. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

a. Ódýrir, fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fé, svo sem stúdentafélagsfyrirlestrar.
b. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra, en sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr. 2. flokki.
c. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
d. Leiksýningar Þjóðleikhússins.
e. Íþróttasýningar, sem áhugamenn einir taka þátt í, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.

Heimilt skal ráðherra að undanþiggja skemmtanaskatti, að nokkru eða öllu leyti, skemmtanir, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerða-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Einnig skal ráðherra heimilt að láta haldast, að nokkru eða öllu leyti, undanþágur þær, sem Sáttmálasjóður og Tónlistarskólinn í Reykjavík hafa notið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæðin um undanþágur frá greiðslu skemmtanaskatts eru í 3. gr. laga nr. 56 frá 1927. Meðal þeirra er ákvæði b-liðs greinarinnar þess efnis, að undanþegnar skattinum séu skemmtanir „til styrktar málefna, er miða að almenningsheill". Eru skoðanir manna að sjálfsögðu mjög skiptar um það, hvað miði að almenningsheill, og getur þess vegna verið mjög erfitt að skera úr um skattskylduna í einstökum tilfellum svo öruggt sé. Eru svo óljós ákvæði ekki heppileg, og er frumvarp þetta flutt til þess að gera undanþáguákvæðin skýrari.

Um einstök atriði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

a-liður 1. gr. er samhljóða a-lið 3. gr. núgildandi laga. b-liður 1. gr. samsvarar c-lið sömu greinar. c-liður er samhljóða d-lið sömu greinar að öðru leyti en því, að undanþágan er ekki bundin við skólahúsin, heldur umsjá skólastjórnar, sem þykir sanngjarnara. d- og e-liður eru efnislega í samræmi við framkvæmd núgildandi laga.

2. og 3. mgr. 1. gr. koma í stað b-liðs 3. gr. núgildandi laga. Þar er í fyrsta lagi gerð sú breyting, að undanþágan er ekki lögskipuð heldur lögð á vald ráðherra, sem getur ákveðið, hvort skemmtun skuli undanþegin skatti að öllu leyti eða nokkru. Er í sumum tilfellum ástæða til að undanþiggja aðeins skatti þann hluta aðgangseyrisins, sem raunverulega rennur til styrktar þeim málefnum, sem skattfrelsið er miðað við, enda er í því fólgin veruleg hvatning fyrir þá, sem halda skemmtanir til ágóða fyrir góð málefni, til að halda þær með sem minnstum kostnaði og láta sér ekki nægja ágóða, er svari rúmlega eða naumlega þeim skatti, er greiða hefði átt af skemmtunum, hefðu þær verið skattskyldar, en slíkt er nú ekki orðið ótítt. Í öðru lagi er fellt niður ákvæðið um almenningsheill, en undanþágan í þess stað bundin við nokkur tiltekin málefni, sem notið hafa skattfrelsis að nokkru eða öllu leyti undanfarið. Falla undir ákvæði þessi flestar þær skemmtanir, sem að undanförnu hafa notið skattfrelsis samkvæmt b-lið 13. gr. núgildandi laga.

Nd. 112. Frumvarp til laga [98. mál]

um kvikmyndastofnun ríkisins.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eggert Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Á vegum ríkisins skal reka stofnun, er ein hefur með höndum innflutning kvikmynda og rekstur kvikmyndahúsa.

Stofnunin heitir kvikmyndastofnun ríkisins.

2. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins skal rekin sem sjálfstætt fjárhagsfyrirtæki á ábyrgð ríkisins, og á hún að standa undir sér sjálf, án útgjalda fyrir ríkissjóð. Ríkisstjórninni er þó heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðar fyrirtækisins. Rekstrarhagnaði kvikmyndastofnunar ríkisins skal varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem henni er gert að hafa með höndum samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.

3. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins er undanþegin hvers konar sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

4. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins skal keppa að því að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki, hliðstæðu útvarpi og skólum. Í þessu skyni skal kvikmyndastofnunin m. a.:

1) reka kvikmyndahús sem víðast um landið, en halda uppi ferðasýningum kvikmynda, þar sem ekki eru skilyrði fyrir rekstri fastra kvikmyndahúsa;

2) sjá skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum og aðstoða þá við sýningar slíkra kvikmynda;

3) vanda sem bezt val þeirra erlendra kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið til sýningar, með tilliti til þess að bægja burt siðspillandi, óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum;

4) gera íslenzka texta við erlendar kvikmyndir, eftir því sem föng verða á;

5) efla innlenda kvikmyndagerð og gera íslenzkar kvikmyndir.

Af rekstrarhagnaði kvikmyndastofnunar ríkisins er heimilt að styrkja leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinar.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna kvikmyndaráð að nýafstöðnum almennum alþingiskosningum.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann kvikmyndastofnunar ríkisins, kvikmyndastjóra ríkisins, að fengnum tillögum kvikmyndaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra starfsmenn að fengnum tillögum kvikmyndastjóra.

Menntamálaráðherra ákveður laun kvikmyndaráðsmanna og starfsmanna, að svo miklu leyti sem þau verða ekki ákveðin í launalögum.

6. gr.

Kvikmyndaráð hefur yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi kvikmyndastofnunar ríkisins og ræður vali kvikmynda svo og gerð þeirra kvikmynda, sem stofnunin sjálf lætur gera, hvort tveggja í samráði við kvikmyndastjóra. Þess skal stranglega gætt um alla starfsemi kvikmyndastofnunarinnar, að fyllsta hlutleysi ríki, enda verði starfseminni ekki beitt til einhliða áróðurs fyrir ákveðnar stefnur eða flokka.

7. gr.

Kvikmyndastjóri hefur yfirstjórn fjárhagsmála kvikmyndastofnunar ríkisins og annast framkvæmdarstjórn hennar. Hann semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur stofnunarinnar, og skal áætlunin send menntamálaráðuneytinu til staðfestingar.

8. gr.

Frá þeim tíma, er kvikmyndastofnun ríkisins hefur starfsemi sína, er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, hvar sem er á landinu, óheimilt að reka kvikmyndahús.

Menntamálaráðherra er heimilt að láta taka eignarnámi handa kvikmyndastofnun ríkisins kvikmyndahús þau, sem rekin eru, þegar lög þessi taka gildi. Koma einungis til greina við eignarnámið húseignirnar sjálfar ásamt vélum, innanstokksmunum og öðrum tækjum, og skal miða matið við það eitt. Að öðru leyti fer um framkvæmd eignarnámsins eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Kvikmyndastjóra ríkisins er heimilt að semja um rekstur einstakra kvikmyndahúsa, sem nú eru í opinberum eða hálfopinberum rekstri, þannig að sú skipun haldist áfram um ákveðinn tíma gegn gjaldi til stofnunarinnar, er um semst, en menntamálaráðherra staðfestir slíka samninga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal kvikmyndastofnun ríkisins hefja starfsemi sína eigi síðar en 1. jan. 1957.

Greinargerð.

Það er eitt af nýmælum þessa frumvarps, að ríkið eitt sjái um innflutning allra þeirra kvikmynda, sem ætlunin er að sýna í íslenzkum kvikmyndahúsum. Þessi innflutningur á að vera undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, til þess að tryggt verði menningargildi þeirra.

Annað nýmæli frumvarpsins er það, að kvikmyndastofnun ríkisins skuli beina öllu því fjármagni, sem gengur gegnum kvikmyndahús landsins, til almennrar menningarstarfsemi í þjónustu allra landsmanna. — Hún skal reka kvikmyndahús sem víðast um landið og halda uppi ferðasýningum kvikmynda, þar sem ekki eru skilyrði fyrir rekstri fastra kvikmyndahúsa. Hún skal einnig sjá skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum og aðstoð við sýningar slíkra kvikmynda. Þar sem kvikmyndastofnunin þarf ekki að taka tillit til gróðasjónarmiða einstaklinga, — en þau hafa fram að þessu mjög ráðið vali kvikmynda, — hefur hún ólíkt betri aðstöðu til að

tryggja þjóðinni fagrar og mannbætandi kvikmyndir og bægja burt siðspillandi, óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum.

Þriðja nýmæli frumvarpsins er það, að nokkrum hluta kvikmyndafjármagnsins verði varið til að gera íslenzka talmálstexta við erlendar kvikmyndir og til að gera íslenzkar kvikmyndir, hvort sem er af öndvegisskáldverkum Íslendinga að fornu og nýju eða almennar frétta-, landkynningar- og fræðslukvikmyndir. Auðvitað á einnig að kynna íslenzka tónlist með þeim kvikmyndum, sem stofnunin léti gera. Með þessu væri hið áhrifamikla fræðslu- og menningartæki, kvikmyndin, gerð þjóðlegra og máttugra til áhrifa á alla landsmenn, eldri og yngri, án tillits til kunnáttu í erlendum tungumálum.

Í fjórða lagi er hið nána samstarf, sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir milli kvikmyndarekstrarins og skólahaldsins í landinu, mjög þýðingarmikið atriði.

Enn er þess að geta, að kvikmyndastofnun ríkisins mundi taka þátt í að byggja upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt í samstarfi í félagsheimilasjóð. Jafnframt mundi stofnunin auka veigamiklum þætti við menningarstarfsemi félagsheimilanna og stuðla verulega að því, að þau geti borið sig fjárhagslega og náð tilgangi sínum betur en áður.

Það, sem einkum getur ráðið afstöðu manna til þessa máls, er þetta:

1) Er það rétt að láta gróðasjónarmið einstaklinga ráða því, hvaða kvikmyndir eru fluttar hingað til lands og sýndar almenningi?

2) Er það rétt, að einstaklingar raki saman stórfelldum gróða á kvikmyndahúsarekstri?

Flutningsmenn þessa frumvarps svara báðum þessum spurningum neitandi. Þeir telja, að kvikmyndainnflutningurinn eigi að vera í höndum ríkisins, og verði rík áherzla lögð á það, að vali kvikmynda ráði einungis listræn og menningarleg sjónarmið.

Fjársöfnun einstaklinga af kvikmyndahúsarekstri telja flutningsmenn ekki eiga neinn rétt á sér. Þá er miklu eðlilegra, að bæjarfélögin reki kvikmyndahúsin og verji gróðanum af rekstri þeirra í þágu borgaranna til aðkallandi framkvæmda í almannaþágu.

En eðlilegast virðist þó að nota það mikla fjármagn, sem almenningur leggur af mörkum í kvikmyndahúsunum, til almennrar og þjóðlegrar menningarstarfsemi, sem að öðrum kosti verður vanrækt og látin sitja á hakanum sökum fjárskorts. Hefur hér verið gerð nokkur grein fyrir ýmsum þáttum þeirrar menningarstarfsemi, sem kvikmyndastofnun ríkisins er ætlað að rækja, en telja má víst, að einstaklingar mundu láta undir höfuð leggjast að sinna.

Ed. 113. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

30. tölul. í 1. gr. laganna orðist svo:

Þingvellir: Ráðherra skipar prest í Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir eftir meirihlutatillögum biskups, prófasts og þingvallanefndar, sem jafnframt ákveða starfssvið hans. Aldurstakmark í embættisþjónustu gildir ekki um þetta embætti.

Prestsetur: Þingvellir.

Nd. 114. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á lögum nr. 37 1955, um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist:
og gjald verksmiðjunnar á Raufarhöfn til hreppssjóðs Raufarhafnarhrepps aldrei minna en kr. 50000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni hreppsnefndarinnar í Raufarhafnarhreppi.
Á síðasta þingi var ákveðið með lögum, að tekjur Siglufjarðarbæjar af framleiðslugjaldi frá síldarverksmiðjum ríkisins skuli ekki fara niður fyrir tiltekna lágmarksupphæð, kr. 100000.00 á ári, enda þótt framleiðslan reynist minni en sem því svarar. Er hér farið fram á, að hliðstætt ákvæði verði lögfest vegna Raufarhafnarhrepps. Ekki er þó farið fram á sömu lágmarksupphæð framleiðslugjaldsins og lögfest var fyrir Siglufjörð, heldur helmingi lægri, eða kr. 50000.00.
Á árunum 1950—51 var framleiðslugjald á Raufarhöfn 106 þús. kr. að meðaltali á ári, eða sem svaraði nál. 5% álagðra útsvara. En síðustu fjögur árin hefur framleiðugjaldið verið sem hér segir:

Árið 1952	.....	kr. 10338.00
— 1953	.....	— 44783.00
— 1954	.....	— 33758.00
— 1955	.....	— 15000.00 (áætl.)

Framleiðslugjaldið 1955 svarar til tæpl. 5% álagðra útsvara það ár.
Þegar Raufarhöfn var gerð að sérstökum hreppi, var gert ráð fyrir því, að framleiðslugjald síldarverksmiðjanna stæði undir verulegum hluta af útgjöldum hreppsins. Nú hefur síldarbræðsla reynzt mjög lítil hin síðari ár og tekjur hreppsins af framleiðslugjaldi því farið mjög minnkandi, eins og tölurnar hér að ofan bera vitni um. Hins vegar hafa útgjöld hreppsins farið mjög vaxandi.

Nd. 115. Breytingartillögur [51. mál]

við frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvörufram leiðslu.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Við 3. gr. Við upptalningu 2. kafla bætist undir tölulið 8:
   Rjóma- og mjólkurís ..... 1 kg 800
2. 5. gr. orðist svo:
   Vörur verða gjaldskyldar samkv. lögum þessum, þegar þær eru fullgerðar. Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og vörugerðarmaður lætur vörurnar af hendi.
   Ráðherra getur þó með reglugerð heimilað innheimtumanni að veita allt að tveggja mánaða frest á greiðslu gjaldsins frá byrjun næsta mánaðar eftir framleiðslu vörunnar.

Vörugerðarmaður skal skila innheimtumanni skýrslu innan viku frá lokum hvers mánaðar um framleitt gjaldskylt vörumagn í mánuðinum, vörubirgðir í byrjun mánaðarins og selt vörumagn í mánuðinum.

Hafi greiðsla gjaldsins ekki farið fram fyrir lok þess mánaðar, sem það skal greiðast í, skal greiða dráttarvexti 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá getur tollyfirvald bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhendingu á öllum innlendum tollvörutegundum og efnivörubirgðum, unz skil eru gerð á gjaldinu. Sama gildir og, ef vörugerðarmaður skilar ekki skýrslu yfir framleiðslu sína á réttum tíma eða færir ekki bókhald sitt eins og fyrir er mælt.

3. 7. gr. orðist svo:

Nú verður tollvara ósöluhæf eða óseljanleg af einhverjum ástæðum, áður en vörugerðarmaður lætur hana af hendi, og má þá undanþiggja hana gjaldi, enda sé hún eyðilögð undir eftirliti tollyfirvalds. Sama gildir, ef gallar koma fram á vöru strax eftir afhendingu.

4. 9. gr. orðist svo:

Vörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera í umbúðum, er sérstaklega eru einkenndar með vörumerki eða nafni framleiðanda. Skal þyngdar eða magns vörunnar getið á umbúðunum. Undanþágu má veita frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Óheimilt er verzlunum og öðrum smásölustöðum að hafa á boðstólum tollvörur, nema þær fullnægi ákvæðum þessara laga.

5. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að láta rannsaka birgðir vörugerðarmanns af tollskyldum framleiðsluvörum og leggja fyrir hann að gera birgðatalningu undir tolleftirliti.

Hafi tollyfirvald rökstuddan grun um, að vörugerðarmaður hafi gefið rangar upplýsingar um framleiðslu sína, skal því heimilt að úrskurða, að rannsókn fari fram á bókhaldi vörugerðarmanns, er snertir framleiðslu og sölu tollskyldrar vöru.

Ed. 116. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Síðasta málsgr. 2. gr. orðist svo:

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

Sþ. 117. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um byrjun framkvæmda samkvæmt lögum nr. 32/1946, um Austurveg.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson, Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar, að hefja beri framkvæmdir á næsta ári samkvæmt lögum nr. 32 frá 1946, um Austurveg, með því að gera upphlaðinn og malborinn veg af Suðurlandsbraut í Svínahrauni, um Þrengsli, á Selvogsveg nálægt Vindheimum í Ölfusi.

Miða skal framkvæmdir þessar við, að þessi kafli Austurvegar verði fullgerður á næstu tveimur árum, enda verði notuð heimild laganna til lántöku til greiðslu vegagerðarkostnaðarins umfram það, sem veitt verður á fjárlögum til þessara framkvæmda.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

„Á Alþingi 1946 voru samþykkt lög um Austurveg, nr. 32/1946.

Samkvæmt þessum lögum skyldi gera nýjan veg, steinsteyptan, frá Lögbergi, um svonefnd Þrengsli, austur um Ölfus að Selfossi. Vegagerð þessari skyldi ljúka á næstu 7 árum frá gildistöku laganna, en hefja skyldi framkvæmdir með því að leggja þann kafla vegarins, sem liggur um Þrengslin, eða nánar tiltekið frá Suðurlandsbraut í Svínahraui, um Þrengslin, á Selvogsveg nálægt Þurá í Ölfusi, og skyldi þessi vegur gerður fyrst í stað sem malarvegur. Eru lög þessi byggð á áliti nefndar, sem skipuð var 1944 til rannsóknar á samgöngumálum Sunnlendinga og skilaði áliti í nóv. 1945.

Vegarlagingu þessari um hina svokölluðu Þrengslaleið er fyrst og fremst ætlað að bæta úr samgönguerfiðleikum milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur á vetrum, þegar vegurinn um Hellisheiði er ófær bifreiðum vegna snjóa. En hár og góður vegur um Þrengslin mun verða miklu lengur fær en Hellisheiðarvegurinn, þar sem hinn fyrrnefndi er 252 m yfir sjó, en Hellisheiði 374 m. Þrengslaleið er því í líkri hæð og Svínahraun.

Eins og nú er háttað samgöngum milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis, verða allir flutningar á þessari leið að jafnaði að fara fram um Krýsuvíkurveg, strax og Hellisheiðarvegurinn verður ófær vegna snjóa. Ekki skal því neitað, að mikil samgöngubót er að Krýsuvíkurleið, en sá galli er á, að hún er 35 km lengri en væntanleg leið um Þrengslin og 43 km lengri en Hellisheiðarleið, miðað við leiðina Reykjavík—Selfoss. Þar að auki er vegurinn um Krýsuvík svo mjór mestan hluta leiðarinnar, að bílar geta ekki mætzt nema á „útskotum".

Er vegurinn því stórhættulegur í vondum veðrum hinum stóru og þungu vöruflutningabifreiðum, sem notaðar eru á þessari leið, og eru nærtæk næmi, sem sanna það. Má næstum segja, að það sé þegar af þeirri ástæðu neyðarúrræði að þurfa að beina hinni miklu umferð og flutningum, sem þarna er um að ræða, á Krýsuvíkurveginn.

Sá hluti Austurvegar, sem hér er lagt til að gerður verði á næstu tveim árum, er um 20 km að lengd. Að honum gerðum er víst, að þessi leið mundi taka við miklum hluta þeirrar umferðar, sem nú verður að fara um Krýsuvík, en við það sparast stórfé á degi hverjum. Því til sönnunar má benda á, að veturinn 1950—51 var ekið um Krýsuvík í rúma 100 daga, því að allan þann tíma var Hellisheiðarvegurinn ófær vegna snjóa. Vegamálastjóri lét þá fara fram athugun á auknum kostnaði, sem leiddi af hinn lengri leið. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að aukinn flutningskostnaður við það að aka Krýsuvíkurleiðina, á móti því að fara hina styttri leiðina, næmi um 15 þús. kr. á dag eða um 1½ millj. kr. í þessa 100 daga. Við þetta má bæta, að síðan þessi athugun fór fram, hafa flutningar og ferðalög stóraukizt á þessari leið. Má af þessu ljóst vera, að þessi vegagerð um Þrengslin mundi spara erlendan gjaldeyri í stórum stíl, þar sem um er að ræða á lengri leið aukið slit á bifreiðum, benzín- og olíueyðslu. Þá mundi og sparast vinnuafl og komið í veg fyrir mikið erfiði hjá þeim mörgu mönnum, sem af miklum dugnaði annast þessa vetrarflutninga.

Að þessu öllu athuguðu og því ógleymdu, að þessi vegur átti samkv. gildandi lögum að vera fullgerður fyrir ári, er þess vænzt að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt og ríkisstjórnin beiti sér síðan fyrir framgangi málsins."

Sþ. 118. Fyrirspurn [101. mál]

til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hve margar nefndir hafa verið skipaðar af opinberri hálfu til þess að undirbúa nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland?
Hver hefur kostnaður orðið við störf þessara nefnda, hverrar um sig?
Hafa nefndirnar lokið störfum og skilað áliti?
Hefur ríkisstjórnin í hyggju að vinna að setningu nýrrar stjórnarskrár?

Ed. 119. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — HG var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 16. nóv. 1955.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr., með fyrirvara.	Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 120. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 5 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Fyrir orðin „70 ára“ í a-lið 1. gr. laganna komi: 75 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi numin 13. gr. og 8. tölul. 37. gr. l. nr. 38 1954.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að breyta einu atriði í lögum um aldurshámark opinberra starfsmanna. Er það á þá leið, að þessir menn hafi rétt til að gegna embættistarfi sínu til 75 ára aldurs í stað þess, að þeir verða nú að hætta í síðasta lagi 70 ára. Þetta er hvort tveggja í senn mannréttindamál og sparnaðarráðstöfun fyrir ríkissjóð.

Það er óþörf og óeðlileg skerðing á mannréttindum að svipta ágæta og valinkunna starfsmenn embætti fyrir það eitt, að þeir verða 70 ára gamlir, enda þótt þeir

hafi góða heilsu og fulla starfskrafta. Frá 1935—47 mátti þetta gerast um 65—70 ára menn.

Alþingi hefur líka á undanförnum árum viðurkennt óbeinlínis, að þetta er ranglæti, með því að veita ýmsum þessum mönnum full laun, þó að þeir hætti embættisstarfi sínu. Hefur það þá furðulegu eyðslu í för með sér, að ríkissjóður greiðir oft tvenn embættislaun vegna sama embættis. Þetta er algerlega óþarft. Eru og nokkur dæmi þess, að þessir hinir burtreknu embættismenn fá annað starf jafnframt eftirlaunum, sem eru jafnhá og embættislaunin voru.

Verði þetta frumvarp samþykkt, mundi það geta á komandi árum sparað ríkissjóði hundruð þúsunda króna árlega. Með því væri og afnumið ranglæti, sem er beitt gegn sumum þeim embættis- og sýslunarmönnum, er sízt skyldi.

Ed. 121. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1956.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og með tilvísun til athugasemda, er því fylgja, leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur.

Alþingi, 17. nóv. 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson.
	Karl Kristjánsson.	

Ed. 122. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — HG var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 17. nóv. 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	Gísli Jónsson.
	Karl Kristjánsson.	

Nd. 123. Frumvarp til laga [103. mál]

um breytingu á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lögum nr. 47 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 1. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi: Ef riðuveiki eða kýlapest valda eða eru taldar líklegar til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur ráðherra ákveðið að fyrirmæli laga þessara nái einnig til þeirra eftir því sem við á s. s. fyrirskipun um niðurskurð og bætur (uppeldisstyrkur).

2. gr.

Fyrsti málsliður 35. gr. orðist svo:

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt og getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað algera innistöðu þeirra um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þörf á.

3. gr.

4. málsgrein 37. gr. orðist svo:

Þeir, sem eru hættir búskap eða sauðfjáreign þegar niðurskurður fer fram, eða eru fluttir burt af fjárskiptasvæðinu, fá ekki bætur. Öðrum, sem eru að hætta búskap eða sauðfjáreign á þeim tíma, sem fjárskipti standa yfir, eða breyta til um atvinnu, skal ekki greiða fullar bætur, heldur í hlutfalli við það tjón, sem ætla má að þeir hafi orðið fyrir við niðurskurðinn. Skal sauðfjársjúkdómanefnd meta slíkar bætur.

4. gr.

38. gr. (4. gr. laga nr. 47/1950) orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar ¾ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af meðal vænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum, sem fjáreigendur fá það haust, sem bætur eru greiddar. Fyrstu bætur skal greiða ári eftir niðurskurð.

Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innan sveitar flutning á fé á fjárkaupasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu eiga kost á að fá keypt líflömb, er nemur 80% af bótaskyldri fjártölu. Skal ef unnt er útvega þau á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði. Ef ekki fæst sú lambatala skal útvega það, sem til vantar á næsta hausti ef fjáreigendur óska.

Takist ekki á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt, að útvega 80% móti bótaskyldri fjártölu, en bændur óski að fá svo mörg lömb, ber ríkissjóði að greiða afurðatjónsbætur, ¾ lambsverðs á kind á þá tölu, sem til vantar. Skal greiða þær bætur tveim árum eftir að lömb eru fyrst flutt inn á svæðið.

Framlag ríkissjóðs skal á hverjum tíma vera til tryggingar greiðslu á andvirði seldra líflamba.

Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

5. gr.

39. gr. (5. gr. laga nr. 47/1950) orðist svo:

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns ¾ lambsverðs fyrir hverja bótaskylda kind, eða styrkja þá til að breyta til um búskaparhætti er veiti þeim eigi minn bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

42. gr. (7. gr. laga nr. 47/1950) orðst svo:

Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla um fjárskipti hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Bætur skal greiða fjáreigendum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Verði krafizt mats vegna niðurskurðarins, eftir gildandi lögum um eignarnám, er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tilefni af endurteknum fjárskiptum, sem nú verða að fara fram í Dalasýslu, þykir ástæða til að gera tillögur um breytingar á lögum um fjárskpti, einkum til samræmis við þær bótagreiðslur, sem sauðfjársjúkdómanefnd lagði til að þar giltu og ríkisstjórnin hefur nú fyrir sitt leyti fallizt á.

Eru allar breytingartillögurnar af þeim toga spunnar, nema sú fyrsta, það er á 1. grein laganna, en þar er lagt til að ráðherra hafi heimild til að láta ákvæði laganna ná til riðuveiki og kýlapestar í sauðfé. Riðuveiki og jafnvel kýlapest hafa á sumum stöðum gert bændum stórtjón, en auk þess eru þær oft mjög smitandi og geta breiðst út. Má fullyrða að nauðsynlegt sé að ráðherra hefði heimild til að láta framkvæma niðurskurð á einstökum bæjum gegn uppeldisstyrk, eða einhvers konar aðstoð, til þess að draga úr útbreiðsluhættu, en jafnframt styrkja þá, er verða fyrir tjóni af völdum þessara sjúkdóma.

Aðrar breytingar, sem gert er ráð fyrir, eru bornar fram í tilefni af fjárskiptum í Dalasýslu, en er að sjálfsögðu ætlað að gilda áfram ef víðar þarf að grípa til niðurskurðar vegna þurramæði.

Er ætlast til að inn í 35. gr. verði bætt ákvæðum um að sauðfjársjúkdómanefnd geti fyrir skipað að lömb verði höfð í húsi og alls ekki látin út um tíma, ef ástæða þykir til. Yrði það gert til öryggis ef ekki væri vissa fyrir, að tekizt hefði að fullu, að útrýma gamla fjárstofninum af fjárskiptasvæðinu.

Þá er gert ráð fyrir breytingum á 4. málsgrein 37. gr., þannig að sauðfjársjúkdómanefnd fái heimild til að meta bætur í einstökum tilfellum. Reynslan hefur sýnt að óheppilegt er að menn séu aðgreindir að fullu þannig að einn fái fullar bætur en annar engar. Oft getur staðið þannig á að full sanngirni sé í því, að greiða nokkurn hluta bótanna eftir því, hvernig á stendur fyrir mönnum, þegar fjárskipti fara fram. Líkur eru til að heldur en hitt mætti spara útgjöld í bótum, ef ákvæði þetta yrði að lögum.

Er þá komið að aðalbreytingunum, sem er á 38. gr.

Breytingar frá núverandi lögum eru fólgnar í hækkun bóta úr ½ lambsverði í ¾ lambsverðs á bótaskylda kind. Einnig að bætur séu miðaðar við verðlag afurða það ár, sem þær eru greiddar, en ekki meðaltalsverðlag tveggja næst liðinna ára,

eins og nú er í lögunum. Þessi breyting er eðlileg og getur haft verulega þýðingu, þegar verðbreytingar eiga sér stað, eins og nú er algengt. Enn fremur er lagt til, að skylda til útvegunar líflamba verði færð úr 70% í 80% móti bótaskyldri fjártölu, og að aukabætur verði greiddar, ef ekki tekst að fá svo mörg lömb á fyrsta ári. Í núverandi lögum er gert ráð fyrir aukabótum, ef ekki fást 50% lamba á fyrsta ári, sem lömb eru flutt. Eru þessar breytingar allar (á 38. gr.) í fyllsta samræmi við tillögur sauðfjársjúkdómanefndar til landbúnaðarráðuneytisiss í bréfi dags. 12. þ. m.

Þá verður að breyta 39. gr. til samræmis við breyting á 38. gr. um að í stað ½ lambsverðs komi ¾ lambsverðs á bótaskylda kind, vegna sauðleysis.

Að lokum er lagt til að 42. gr. (41. gr. laga nr. 44/1947) verði breytt á þá leið, að landbúnaðarráðherra hafi heimild til, ef nauðsyn krefur, að fyrirskipa niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla um fjárskipti hafa farið fram á svæðinu eða ekki. Þannig getur staðið á, að svo skyndilega verði að grípa til aðgerða í þessu efni, að tími til atkvæðagreiðslu, með þeim undirbúningi, sem fylgir, sé ekki fyrir hendi eða tefji ákvarðanir og framkvæmdir um of. Telja má að svo hafi staðið á nú í haust, þegar veikin kom upp á mörgum bæjum samtímis í Dalasýslu, en sláturtíð þegar byrjuð, og varð ekki komizt hjá að ákveða þegar í stað, hvað gert yrði, svo nauðsynlegar framkvæmdir gætu hafizt. Auk þess virðist einungis til að auka fyrirhöfn og jafnvel óánægju að láta fara fram atkvæðagreiðslu, þegar víst má telja að tilskilinn meiri hluti náist ekki um ákvörðus fjárskipta á hlutaðeigandi svæði. Líklegt er, að ef mæðiveiki kemur upp á fleiri stöðum og nauðsyn ber til að endurtaka fjárskipti, að fyrirskipa þurfi slíkar aðgerðir, sökum þess að fjáreigendur eru yfirleitt mótfallnir fjárskiptum, þangað til veikin er farin að gera alvarlegt tjón. Yrði í flestum eða öllum tilfellum of langt að bíða eftir eindregnum vilja heiman að. Má því búast við, að ef í endurtekin fjárskipti þarf að ráðast, verði fremur regla en undantekning að þau verði að fara fram eftir fyrirskipun yfirvalda.

Nd. 124. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Jónas Rafnar, Helgi Jónasson, Pétur Ottesen, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsgr.:

Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og kostnað við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þessa við hæfi sjúkrahússins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra einnig ná til sjúkrahúsa, sem tekin hafa verið í notkun síðan 1. janúar árið 1952.

Greinargerð.

Litið hefur verið svo á, að skilja bæri ákvæði í lögum um framlög ríkisins til sjúkrahúsbygginga þannig, að þar komi eigi til greina annað en kostnaðurinn, sem leiðir af húsbyggingunni einni saman. Af þessu leiðir, að ríkisframlagið tekur ekki

að neinu leyti til þess kostnaðar, sem hlýzt af kaupum á áhöldum og lækningatækjum. Við að koma upp nýtízku sjúkrahúsum eru kaup á nauðsynlegum tækjum mjög mikill kostnaðarliður.

Reynslan hefur sýnt, að bæjar- og sveitarfélögum, sem standa að byggingu stórra og dýrra sjúkrahúsa, er erfitt að reisa rönd við kostnaðinum, eins og nú er háttað öllu verðlagi í landinu. Það verður því ekki hjá því komizt, ef kleift á að reynast fyrir þessa aðila að standa straum af hinum mikla kostnaði við kaup á alls konar meiri háttar áhöldum, að ríkissjóður greiði þar af sama hluta og til byggingarinnar sjálfrar.

Með frumvarpi þessu er því lagt til, að ríkisframlagið nái einnig til kaupa á nauðsynlegustu tækjum til sjúkrahúsanna.

Sþ. 125. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillögu þessa, og mælir nefndin með, að Alþingi samþykki hana. Um rökstuðning vísast til greinargerðar þeirrar, sem tillögunni fylgir.

Alþingi, 18. nóv. 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Emil Jónsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Karl Guðjónsson.
	Sigurður Ágústsson.	

Nd. 126. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr laganna bætist:

Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna eða Landssamband eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita samþykkis framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki notkunarþörfinni að dómi framleiðsluráðs, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ákveða skal verðlag á helztu innlendu garðávöxtum, svo sem kartöflum, gulrófum og gulrótum. Enn fremur er heimilt að ákveða verð á gróðurhúsaframleiðslu hvers konar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að verðskráðar séu fleiri tegundir matjurta. Skal að jafnaði fylgja þeirri reglu að hafa verðið lægst um aðaluppskerutíma hverrar tegundar. Á öðrum tímum árs skal ákveða verðið með tilliti til geymslukostnaðar og vaxtarauka.

4. gr.

Á eftir V. kafla laganna (28. gr.) koma 9 nýjar greinar í nýjum kafla, er verður VI. kafli, með fyrirsögninni: **Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.**

a. (29. gr.) Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.

b. (30. gr.) Undir starfssvið framleiðsluráðs fellur frá 1. janúar 1956 öll sú starfsemi, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur nú með höndum varðandi ræktun og sölu íslenzkra matjurta. Skal sú stofnun, er upp frá því annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti í umboði framleiðsluráðs, heita Grænmetisverzlun landbúnaðarins.

c. (31. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins, eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda.

d. (32. gr.) Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Bann þetta nær þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

e. (33. gr.) Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum, og skulu samvinnufélög og aðrar verzlanir, sem umboð hafa nú fyrir Grænmetisverzlun ríkisins, sitja fyrir sem umboðsmenn.

Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

f. (34. gr.) Framleiðsluráði skal heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda, enda starfi það á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.

g. (35. gr.) Framleiðsluráð vinnur að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal framleiðsluráð leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.

h. (36. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Framleiðsluráð sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal það þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

i. (37. gr.) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:
   1. um starfsemi Grænmetisverzlunar landbúnaðarins;
   2. um flokkun og mat garðávaxta;
   3. um stofnræktun úrvals tegunda;
   4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

5. gr.

29. gr. (verður 38. gr.) laganna orðist svo:

Verðmiðlun á kjöti, mjólk, mjólkurvörum, matjurtum og eggjum skal haga þannig:

a. Á kjöti: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, er nota skal til verðmiðlunar, er nægi til þess, að sláturleyfishafar geti greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta á sláturstað, miðað við meðaltals sláturkostnað og flutningskostnað. Þá er heimilt að taka verðjöfnunargjald af stórgripakjöti, ef ástæða þykir til.
b. Á mjólk af mjólkurvörum. Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða, eftir því sem framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 39. gr.).
c. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald af eggjum.
d. Greiða skal verðjöfnunargjald af matjurtum, ef framleiðsluráð telur nauðsynlegt, til þess að hægt sé að jafna verðið milli söluvara annars vegar og vinnsluefna fóðurvara hins vegar.

6. gr.

30. gr. (verður 39. gr.) laganna orðist svo:

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við 38. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 9. gr.).

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur o. fl., svo og ákvæði annarra laga, er brjóta í bág við lög þessi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Greinargerð.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar, þeir ÁB, JS, GíslG, JPálm, flytur þetta frv. eftir beiðni landbúnaðarráðherra. Nefndin áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Einn nefndarmanna, Sigurður Guðnason, tekur ekki þátt í flutningi frv. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi bréf frá landbúnaðarráðuneytinu:

„Á síðastliðnu Alþingi flutti landbúnaðarnefnd neðri deildar samkvæmt tilmælum landbúnaðarráðherra frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., þingskjal nr. 516. Meiri hluti landbúnaðarnefndar bar fram breytingartillögur við frumvarpið á þingskjali nr. 733. Frumvarpið varð ekki útrætt á þinginu.

Tillögur þessar hafa verið bornar undir nefnd þá, er samdi frumvarpið, og í bréfi til ráðuneytisins, dags. 28. f. m., segir meiri hluti hennar, þeir Sverrir Gísla-

son, Jón Sigurðsson, Unnsteinn Ólafsson og Helgi Pétursson, að þrátt fyrir það, að þeir telji ákjósanlegast, að frumvarp þeirra yrði samþykkt óbreytt, þá geti þeir eftir atvikum fallizt á breytingar meiri hluta landbúnaðarnefndar, þar eð þeir telji þær til bóta frá því, sem nú er.

Ráðuneytið hefur látið fella framangreindar breytingartillögur landbúnaðarnefndar inn í upphaflega frumvarpið, og sendist það hér með háttvirtri landbúnaðarnefnd svo breytt, og er hún jafnframt beðin að flytja það á Alþingi.

Um frekari greinargerð fyrir frumvarpinu vísast til greinargerðar á þingskjali síðast liðins þings nr. 516.“

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um endurbætur á símakerfi Ísafjarðar og nágrennis.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því að setja upp sjálfvirkar símastöðvar á Ísafirði, í Bolungavík og Hnífsdal. Enn fremur að hraðað verði nauðsynlegum ráðstöfunum til að bæta símasamband þessara byggðarlaga og Vestfjarða í heild við aðra landshluta.

Greinargerð.

Atvinnuhættir þeirra byggðarlaga, sem um ræðir, hafa breytzt mjög á undanförnum árum. Þau eru stöðugt að verða samfelldari atvinnuheild, og meiri samvinna á milli þeirra um þá atvinnuvegi, sem nú eru aðalbjargræðisvegur íbúanna. Öllum togarafiski, sem landað er til vinnslu á þessum stöðum, er landað að Ísafirði, og nær öllum afurðum, sem úr fiskinum eru unnar, er skipað út til útflutnings á Ísafirði. Það verður því þeim mun bagalegra sem þessi viðskipti verða meiri, að ekki skuli vera opið símasamband milli þessara byggða allan sólarhringinn.

Landssíminn hefur á undanförnum árum í vaxandi mæli tekið tæknina í þjónustu sína, sett upp sjálfvirkar símastöðvar, fyrst í Reykjavík og Hafnarfirði og síðar á Akureyri. Sjálfsagt kemur bráðlega að því, að slík stöð verði reist á Ísafirði, en áður en það verður gert, er sjálfsagt að athuga, hvort ekki sé heppilegt að setja um leið slíkar stöðvar í Hnífsdal og Bolungavík, og jafnvel Súðavík, þá fengist símasamband milli þessara staða allan sólarhringinn. Enn fremur er nauðsynlegt að fá hið bráðasta fleiri fjölsímasambönd við aðra landshluta.

Fyrir nokkrum árum var símasambandið við Reykjavík orðið mjög bágborið, mátti heita vonlaust að ná sambandi nema með hraðsímtölum og jafnvel stundum löng bið, þótt hraðsímtal væri. Fyrir tveimur árum var samböndunum fjölgað, og var sambandið þá ágætt um skeið, en nú er aftur farið að sækja í hið fyrra horf. Til þess að bæta úr nú hefur símastjórnin aukið starfsliðið á símastöðinni á Ísafirði og bætt vinnuskilyrði þess. Bætir þetta vafalaust úr í svip, en eftir fyrri reynslu má gera ráð fyrir, að notkun símans fari enn vaxandi, og þarf þá frekari úrbætur, annaðhvort með fleiri fjölsímum eða á annan hátt.

Nd. 128. Frumvarp til laga [107. mál]

um kirkjuítök og sölu þeirra.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Kirkjuítak nefnist í lögum þessum hvers konar afnotaréttindi, sem kirkjur eiga í lönd annarra, samkvæmt fornum máldögum þeirra eða öðrum jafngildum heimildum, svo sem réttindi til veiði, reka, varps, slægna, beitar, upprekstrar, skógarhöggs o. þ. h.

2. gr.

Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur.

Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nytjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engjateiga, afréttar- eða beitilanda, ef eigi eru sérstök býli, sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til kirkna þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt á milli þeirra. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta eftir beiðni kirkjumálaráðuneytisins og biskups. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum um lausn ítaka af jörðum, er samþykkt voru á Alþingi 19. desember 1952, er jarðareigendum gert auðveldara en áður að leysa til sín ítök þau, er aðrir eiga í lönd þeirra.

Þetta er rétt stefna og eðlilegt, að ítökin sameinist þeim jörðum, er þau upprunalega tilheyrðu. Og gildir sú regla í rauninni einnig um skógar- og veiðiítök, þótt áðurnefnd lög taki eigi til þeirra.

Nú er það svo, að kirkjur landsins eiga samkvæmt fornum máldögum þeirra og öðrum skjölum hinn mesta sæg ítaka. Mjög mörg þeirra hafa ekki verið nytjuð af prestunum um skemmri eða lengri tíma, sumpart vegna þess, að ítökin hafa gengið úr sér, svo sem skógarítökin velflest, sumpart vegna þess, hve ítökin hafa verið fjarri, svo sem rekaítökin mörg, og loks vegna þess, að margir prestar hafa látið undir höfuð leggjast að hirða um ítökin eða gera kröfur til þeirra. En þrátt fyrir þetta mun þó verða að líta svo á, að kirkjurnar hafi ekki misst réttinn til slíkra ítaka, er hinir löggiltu máldagar þeirra staðfesta sem eign þeirra.

Einsætt virðist, að nota beri ákvæði laganna um lausn ítaka af jörðum til þess að hreinsa til, ef svo mætti segja, að því er kirknaítökin snertir með því:

1. Að strika út með öllu þau ítök, er fallin eru úr sögu, annaðhvort vegna þess að örnefnin eru glötuð, svo að ítakið eigi þekkist lengur, eða það vegna skriðufalla, landbrots eða af öðrum ástæðum er horfið.
2. Að gefa jarðareigendum, þar sem kirkja samkvæmt fornum máldögum á ítak, sem eigi hefur notað verið um langan tíma og er verðlaust orðið eða verðlítið, kost á að fá afsöl fyrir slíkum ítökum fyrir mjög lítið gjald, til þess að þessar gömlu kvaðir séu fyrir fullt og allt úr sögunni.

3. Að varðandi ítök þau, sem enn eru í fullu gildi og prestar nytja í dag, verði með aðstoð áðurnefndra laga stuðlað að sanngjarnri sölu þeirra, enda komi þar til samþykki prests þess, er ítakið nytjar, svo og biskups.

Þar sem kirkjurnar eru tvímælalaust eigendur ítakanna, þykir sjálfsagt og rétt, að andvirði seldra ítaka renni til þeirra. Þetta hefur og Alþingi áður fyllilega viðurkennt, t. d. með lögum nr. 15 15. maí 1942, þar sem ákveðið er, að andvirði seldrar prestsmötu skuli renna til kirknanna.

Með hliðsjón af því, að mjög víða hafa ítök niðurlagðra kirkna horfið til þeirra kirkna, er hin niðurlagða sókn lagðist til, þykir rétt að skipta andvirði seldra ítaka jafnt á milli allra kirkna þess prestakalls, þar sem prestur hefur eða hafði afnot ítaksins. Er það og í samræmi við ákvæði áðurnefndra laga um sölu prestsmötu, frá 15. maí 1942."

Sþ. 129. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs.

(Lögð fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

Alþingi ályktar að samþykkja breytingar þær á starfsreglum Norðurlandaráðs frá 1952, sem prentaðar eru sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

Breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs frá 1952.

1. Fyrir „ríkisþing Dana" í 1. gr. kemur: þjóðþing Dana, ríkisþing Finna.
2. a. 1. málsl. 1. málsgr. 2. gr. skal orða svo:
   Í ráðinu eiga sæti 16 fulltrúar fyrir hvert löggjafarþing þessara þjóða: Dana, Finna, Norðmanna og Svía. Skulu þeir kjörnir úr ýmsum stjórnmálaflokkum af þingmönnum úr hópi þingmanna, ásamt nægilegri tölu varamanna.
   b. 3. málsgr. sömu greinar fellur niður.
3. 3. gr. skal orða svo:
   Fulltrúar ríkisstjórnanna taka þátt í fundum ráðsins, en ekki í ályktunum þess.
4. Fyrir „þrjá varaformenn" í 5. gr. kemur: fjóra varaformenn.
5. Við starfsreglurnar bætist svo hljóðandi ákvæði:
   Breytingar þessar á starfsreglunum frá 1952 öðlast gildi jafnskjótt og þær hafa verið samþykktar í Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð og starfsreglur, sem að efni til eru samhljóða reglunum þannig breyttum, hafa verið samþykktar í Finnlandi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 10. desember 1952 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um, að Ísland gerðist aðili að stofnun Norðurlandaráðs. Jafnframt voru starfsreglur ráðsins samþykktar af Alþingi.

Aðild Finnlands að Norðurlandaráðinu veldur því, að breyta þarf starfsreglunum frá 1952 (sjá A-deild Alþt. 1952, bls. 154—155). Samkomulag er um það í Danmörku, Noregi og Svíþjóð að breyta að þessu sinni þeim einum ákvæðum í reglunum, er leiðir af aðild Finna að ráðinu. Breytingar þær, sem hér er lagt til að gera á reglunum, eru að efni til samhljóða tillögum, sem lagðar verða fyrir þjóðþing Dana, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía.

Ed. 130. Frumvarp til laga [109. mál]

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi átta farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma þrjá til átta farþega. Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðunum á ákveðinni leið. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningaferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

2. gr.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd og fimm menn til vara. Ráðherra skipar nefndina þannig: Einn að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, annan að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tvo að fengnu áliti sérleyfishafa. Fimmta nefndarmanninn skipar ráðherra án íhlutunar, og er hann formaður.

Nefndin skal skipuð til fimm almanaksára í senn, enda falli starfstími hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. a-lið 3. gr. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra, og greiðast þau af sérleyfisgjaldinu.

3. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. Að sérleyfið gildi fyrir fimm ár og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.
   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. Að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra setur.
e. Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja póst eftir gjaldskrá og reglum, er ráðherra setur.

f. Að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

6. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða sérleyfisgjald, 3% — þrír af hundraði — af andvirði afhentra farmiða. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á. Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjónir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

7. gr.

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annari stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum, í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

Nefnd sú, sem skipuð er samkvæmt 2. gr., og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skulu hafa sem nánasta samvinnu.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1956. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 22 30. janúar 1945 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, lög nr. 12/1947 og lög nr. 3/1952, um breyting á nefndum lögum nr. 22 frá 30. janúar 1945.

Greinargerð.

Til þess að lög um skipulag á fólksflutningum verði auðskildari, og gleggri fyrir þá, er þurfa að nota þau, hefur sá háttur verið hafður á við samningu þessa frumvarps að inn í meginmál laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nr. 22/1945, hafa verið felldar þær breytingar sem á þeim hafa verið gerðar, lög nr. 12/1947 og lög nr. 3/1952, ásamt þeirri breytingu, sem nú er farið fram á.

Um 1. gr.

Þær breytingar, er þetta frumvarp felur í sér, eru í 1. grein og eru breytingar á 1. gr. laga nr. 22/1945 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Skulu þær skýrðar hér nokkru nánar:

Á yfirstandandi ári hafa verið fluttar til landsins allmargar sjö og átta farþega bifreiðar og eru nokkrar þeirra þegar komnar í notkun á bifreiðastöðvum, er leigja út litlar bifreiðar til mannflutninga.

Í lögum um skipulag á fólksflutningum, með bifreiðum, nr. 22/1945, er svo ákveðið, að sérstakt sérleyfi þurfi til þess að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo að þær rúmi 6 farþega. Þegar lög þessi voru sett, voru yfirleitt ekki notaðar stærri svokallaðar leigubifreiðar á bifreiðastöðvum hér en 5 til 6 farþega, en nú þegar er þróunin orðin sú, að 7 til 8 farþega bifreiðar eru notaðar til slíkra flutninga og er ekki talið rétt að standa gegn þeirri þróun, og því nauðsynlegt að lögunum verði breytt í samræmi við það. Einnig eru fastar ferðir og áætlunarferðir vörubifreiða, er flytja einn til tvo farþega, bannaðar í gildandi lögum. Þessum ákvæðum laganna hefur aldrei verið framfylgt, enda engar aðstæður til slíks. Er því ástæða til að fella það ákvæði úr lögunum.

Vegna þess að nokkurs misskilings hefur gætt um þau ákvæði sérleyfislaganna hvað skuli teljast fastar ferðir eða áætlunarferðir er nauðsynlegt að skýra þau ákvæði nokkru nánar en gert er í gildandi lögum og er því lagt til að orðalagi þess ákvæðis sé breytt og það gert skýrara.

Þá eru í gildandi lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum ákvæði um að sérleyfi þurfi ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum sem skráðar eru til vöruflutninga. Ákvæði þetta var sett í lögin vegna notkunar svokallaðra „boddybíla“ í skemmtiferðir. Nú hefur slík notkun vörubifreiða lagzt niður á langleiðum og ekki ástæða til að ýta undir að hún verði tekin upp að nýju m. a. af öryggisástæðum og er því rétt að nema þetta ákvæði burt úr lögunum, enda eru annars staðar í sömu grein laganna ákvæði er heimila slíkar ferðir innan héraða.

Um 2.—9. gr.

Allar þessar greinar eru óbreyttar og samhljóða gildandi lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Um 10. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir afnámi eldri laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Nd. 131. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

e-liður 3 gr. laganna orðist svo:

e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna allt að kr. 200000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 53, 21. apríl 1954, um við auka við raforkulög nr. 12, 2. apríl 1946, er i 3. grein e-lið, gert ráð fyrir lántöku handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins til fjáröflunar til þeirra raforkuframkvæmda, sem lögin fjalla um. Nú hefur verið samið við banka um lántöku samkvæmt þessum lið og hefur orðið að ráði, að raforkusjóður verði lántakandi, en hann endurláni síðan rafmagnsveitum ríkisins.

Í lögunum er ekkert ákvæði um heimild til ríkisábyrgðar á láni þessu, sem raforkusjóður tekur. Að vísu eru í heimildarlögum um einstaka raforkuframkvæmdir ákvæði um ríkisábyrgð og lán til þeirra, en þar virðist átt við lán, sem rafmagnsveiturnar sjálfar taka, og þá þar með lán úr raforkusjóði. Rétt virðist að breyta lögum frá 21. apríl 1954, á þann veg að þar væri heimild til ríkisábyrgðar á lánum, sem tekin eru samkvæmt e-lið 3. greinar.

Nd. 132. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Með skírskotun til þess, sem fram kemur í athugasemdum með frv., leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt.

Jón Pálmason er andvígur frv., en gerir ekki ráð fyrir að gefa út sérálit.

Karl Guðjónsson var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 22. nóv. 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Gylfi Þ. Gíslason. Jóhann Hafstein.

Nd. 133. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á fundi sínum í dag, og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Karl Guðjónsson, gat ekki sótt þennan fund nefndarinnar.

Alþingi, 22. nóv. 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason, frsm.

Jóhann Hafstein.

Nd. 134. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað „40." (Vestmannaeyjar) í tölusetningu prestakalla í 1. gr. laganna kemur: 40.—41. (Síðari töluliðir í lagagreininni breytast samkv. því.)

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestlaust af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 135. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Síðari málsgrein 3. gr. laganna orðist þannig:

Þegar talað er um höfn í lögum þessum er átt við tollhöfn, þ. e. höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á 4. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: en til þeirra teljast, auk tollvarða í föstu starfi, menn, sem fjármálaráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu um stundarsakir eða við sérstök tilefni.
2. Í stað orðanna „Konungsúrskurði nr. 1 12. febr. 1919 er ríkisfáninn" í 2. mgr. komi: 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn.
3. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Skylt er mönnum að verða við kvaðningu tolleftirlitsmanns um aðstoð við tollgæzlu á sama hátt og segir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951.

3. gr.

Á 5. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: og ekki fyrr en að fengnu leyfi tolleftirlitsmanns.
2. 4. mgr. orðist svo:

Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur frá útlöndum, unz það hefur fengið fyrstu afgreiðslu og samskiptaleyfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu sambandi jafngildir það komu frá útlöndum, ef skip hefur haft samband við annað farartæki, sem ekki hefur fengið samskiptaleyfi, eða látið hefur úr seinustu höfn hérlendis á leið til útlanda. Samskiptaleyfi (tollafgreiðsluskírteini) skal vera skriflegt. Í reglugerð skal nánar kveðið á um gerð þess. Með skip, sem kemur úr utanlandssiglingum og ekki getur sýnt tollafgreiðsluskírteini frá viðurkenndri tollafgreiðsluhöfn, sbr. 7. gr., skal að öllu leyti farið sem um aðkomuskip væri að ræða.

3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákvæði laga þessara um skip og hafnir skulu eftir því sem við á gilda um flugför og flugvelli. Flugfar táknar í lögum þessum loftskip, flugvélar og önnur flugtæki.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tilteknar hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má það skilyrði um tilteknar tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að 200000 krónum.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla eða setja lás fyrir farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi eftir því, sem þeim þykir nauðsyn til bera. Skylt er skipstjóra að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni, við innsiglun eða lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem þessar ráðstafanir mundu ekki koma að haldi.

Innsigli eða læsingar, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar eða aðra staði í skipi, má enginn nema tolleftirlitsmaður opna eða rjúfa meðan skip er hér við land. Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, ber ábyrgð á brotum gegn þessu ákvæði.

Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tök vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki við komið.

6. gr.

Á 13. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: Kostnaður við flutning tolleftirlitsmanna út í skip og í land við komu skips og brottför, skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki og hefur hann lögveð í skipinu.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákveða skal í reglugerð, hvenær hin ýmsu störf tollgæzlunnar skulu unnin án endurgjalds, svo og um greiðslu fyrir störf, sem unnin eru á öðrum tímum.

7. gr.

Við 14. gr. bætist:

Einnig geta þeir ákveðið að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

8. gr.

Við fyrstu málsgrein 15. gr. bætist:

Séu skjöl þessi ekki afhent eða þau eru ófullnægjandi, má synja um leyfi til að ferma eða afferma skipið, unz úr þessu hefur verið bætt.

9. gr.

Fyrsta málsgrein 17. gr. orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrám, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að krefjast þess, að þetta sé allt flutt í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt og framvísað þar til skoðunar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

10. gr.

18. gr. orðist svo:

Auk þess, sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim heimil leit og rannsókn á vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum farartækjum. Enn fremur í verzlunum og vörugeymslum þeirra. Stjórnendum farartækja er skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

11. gr.

Aftan við 19. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim sem bjóða vörur þessar til sölu, eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

12. gr.

20. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala í samræmi við það.

13. gr.

Á 22. gr., sem verður 21. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „fyrr en slíkar vörur eða farangur hefur verið skoðaður af tolleftirlitsmönnum“ í 2. mgr. komi: og skulu þeir aðstoða tolleftirlitsmenn eftir þörfum við skoðun slíkra vara eða farangurs.
2. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Heimilt er tolleftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslenzku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipi, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.

14. gr.

Á 24. gr., sem verður 23. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Á fyrstu höfn, sem skip, er hefur meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans þrjú samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tilekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis lýsir skriflega yfir, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.
2. Síðari málsliður 2. mgr. verður svo:
   Eitt samrit af aðalfarmskránni ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins með fyrstu ferð, en öðru heldur hann sjálfur eða ráðstafar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins.
3. Í stað orðsins „Hitt“ í upphafi 3 mgr. komi: Þriðja.
4. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Að lokinni affermingu á hverri höfn skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt, ef tolleftirlitsmenn krefjast þess, að láta þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipinu á þeirri höfn.

15. gr.

Á 25. gr., sem verður 24. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „áfram til hans“ í 2. mgr. komi: áfram til annarrar tollhafnar.
2. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ákveða má í reglugerð, að flutning á ótollafgreiddum vörum samkvæmt þessari grein megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggt sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um umbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.

16. gr.

28. gr. falli niður og breytist greinatalan samkvæmt því.

17. gr.

Aftan við 29. gr., sem verður 27. gr., bætist:

Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

18. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, er verður IV. kafli, svo hljóðandi, og breytist kaflatala og greinatala samkvæmt því:

IV. KAFLI

Um afgreiðslur o. fl.

a-liður (verður 30. gr.).

Þar sem tollgæzlan hefur umráð vörugeymsluhúsa geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar þangað beint úr skipi til geymslu og tollafgreiðslu.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

b-liður (verður 31. gr.).

Enginn má annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða geymslu ótollafgreiddrar vöru, nema hafa fengið til þess leyfi fjármálaráðuneytisins. Leyfi má einungis veita manni, sem hér er fastbúsettur eða innlendum ópersónulegum aðila. Leyfi skal bundið við ákveðna höfn og veitt í samráði við tollstjóra í því umdæmi. Áður en leyfi er veitt skal ganga úr skugga um, að umsækjandi hafi þá aðstöðu, er geri honum fært að annast fermingu og affermingu skipa og vörzlu ótollafgreidds varnings tryggilega og á þann hátt, að tolleftirliti verði örugglega við komið. Ráðuneytið getur heimilað tollstjórum að leyfa öðrum en viðurkenndum afgreiðslumönnum að afgreiða einstök skip, þegar sérstaklega stendur á, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Leyfishöfum ber að leggja tolleftirlitsmönnum til án endurgjalds hæfilegt, aðgreint rúm í hverju vörugeymsluhúsi til rannsóknar á vörum. Í vörugeymsluhúsunum skal ótollafgreiddum vörum haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Leyfi má að öðru leyti binda þeim skilyrðum, sem ráðuneytið telur nauðsynleg á hverjum tíma.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir, að vörur, sem fluttar eru til landsins í lokuðum umbúðum, eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, megi aðeins flytja úr flutningstækjum í ákveðin vörugeymsluhús og skuli geymdar þar, unz tollafgreiðsla hefur farið fram. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar.

c-liður (verður 32. gr.).

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur eða vörur, sem bundnar eru skilyrðum um innflutning, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

19. gr.

Á 36. gr. laganna, sem verður 37. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „ekki lægri en 100 kr.“ í 1. mgr. komi: allt 200000 krónum.
2. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein svo hljóðandi:

   Það varðar sektum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr skipi skipsforða eða aðra muni eða varning, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í skipi, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt. Enn fremur skulu sæta sömu viðurlögum, þeir sem veita viðtöku slíkum varningi til brottflutnings úr skipi eða aðstoða við flutning hans af skipsfjöl.
3. Þriðja málsgrein greinarinnar fellur niður.
4. Fjórða málgrein orðist svo:

   Enn fremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur eða andvirði vara, sem undan hefur verið skotið, rangt sagt til um eða ólöglega með farið samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Fyrsti málsliður 40. gr., sem verður 41. gr., orðist þannig:

Það varðar skipstjóra eða útgerðarmann sektum allt að 200000 krónum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er samkvæmt 21. gr., eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum.

21. gr.

1. málsliður 43. gr., sem verður 44. gr., orðist svo:

Brot gegn 30., 31. og 32. gr. varða skipstjóra eða afgreiðslumann sektum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda

af vörum, sem afhentar eru í bága við ákvæði 32. gr. og má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir gjöldunum, ásamt sektum og kostnaði, í eignum sökunauts og selja hið lögtekna á þann hátt, er segir í 27. gr.

22. gr.

44. gr., sem verður 45. gr., orðist þannig:

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

24. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breytingu á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um tollheimtu og tolleftirlit voru sett árið 1937 og hafa litlar breytingar verið gerðar á þeim síðan. Lög þessi voru þá að mestu nýmæli og að sjálfsögðu miðuð við þarfir þeirra tíma, er þau voru sett. Í meginatriðum standa þau enn í góðu gildi um þau atriði, sem þau á annað borð taka til, en breytingar síðari ára á samgöngum, vöruflutningi frá útlöndum og vinnubrögðum við fermingu skipa og affermingu gera nú brýna nauðsyn fyrirmæla um atriði, sem ekki þóttu nauðsynleg á þeim tíma, sem lögin voru sett. Auk ýmissa minni háttar breytinga og viðauka við eldri fyrirmæli liggja aðal nýmæli þessa frumvarps í 19. grein þess, sem hefur að geyma nýjan kafla um skipaafgreiðslur, meðferð ótollafgreidds varnings o. fl., sem fram að þessu hefur skort ákveðin lagafyrirmæli um. Aðstaða hér á landi er með þeim hætti, að ekki er unnt að sækja fyrirmyndir til nágrannaþjóðanna um þessi atriði, nema að litlu leyti. Eru því ákvæði þessi frumsmíð, sem búast má við að þurfi endurskoðunar við, þegar reynsla er fengin um framkvæmd þeirra. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Inn í greinina er skotið orðskýringu, en að öðru leyti er hún óbreytt.

Um 2. gr.

Tollgæzlan er hér alls staðar fámenn og sums staðar eru engir fastráðnir tolleftirlitsmenn á höfnum, þar sem skip þó koma öðru hverju til fermingar og affermingar á aðfluttum vörum. Nauðsynlegt er að úr þessu verði bætt, þannig að tolleftirlitsmenn verði á hverri tollhöfn, þó ekki hafi þeir allir tollgæzlu að aðalstarfi. Auk þess getur verið nauðsynlegt að setja menn um stundarsakir eða við sérstök tilefni til gæzlustarfa, og er rétt að fjármálaráðuneytið eða tollstjórar hafi heimild til að ráða menn til þess, er nauðsyn krefur og veita þeim sömu völd og lögvernd sem fastráðnum tolleftirlitsmönnum.

Um 3. gr.

Greinin geymir að mestu gildandi reglur, sem hér hefur verið safnað á einn stað og orðaðar nokkru ákveðnar en áður var. Skylda skips til að taka tollafgreiðsluskírteini var áður í reglugerð, en rétt þótti að lögfesta hana með hliðsjón af því, að skip í utanlandssiglingum gera nú meira að því en áður að ferðast milli margra hafna innanlands. Er þá nauðsynlegt að þau hafi meðferðis skírteini, sem tollgæzlumenn á hverjum stað geta fært á upplýsingar og tilmæli, sem starfsbræðrum þeirra, á öðrum höfnum er nauðsynlegt að fá vitneskju um.

Ákvæði samsvarandi 3. lið greinarinnar eru nú 20. gr. laganna, en þau þykja eiga betur heima í þessari grein.

Um 4. gr.

Ekki er hægt að hafa að staðaldri á hverri tollafgreiðsluhöfn mannafla til að rannsaka aðkomuskip til nokkurrar hlítar. Er því gert ráð fyrir skyldu skipa til að tilkynna komu sína á vissar hafnir með þeim fyrirvara að hægt sé, ef þurfa þykir, að senda aukið gæzlulið á staðinn. Skipum ætti að vera auðvelt að uppfylla þessa skyldu.

Um 5. gr.

Í 12. gr. laganna er gert ráð fyrir heimild tolleftirlitsmanna til að innsigla farmrúm eða önnur geymslurúm í skipum. Hér er bætt við heimild til að læsa slíkum rúmum og er það í samræmi við fyrirmæli norskra og sænskra laga.

Um 6. gr.

Þar til núgildandi sóttgæzlulög gengu í gildi, voru aðkomufarartæki skyldug að greiða kostnað af flutningi sóttgæzlumanns í farartækið, en tolleftirlitsmenn annast sem kunnugt er einnig sóttgæzlu. Nú er þessi greiðsluskylda fallin niður. Hins vegar er skipstjóra samkvæmt 9. grein laganna um tollheimtu og tolleftirlit skylt að annast flutning á tolleftirlitsmönnum að og frá skipi, er þeir óska. Þar sem tollgæzlumenn hafa farartæki til umráða, er þetta ómak að jafnaði tekið af skipstjóra og er sanngjarnt að nokkur greiðsla komi á móti upp í þann kostnað, sem tollgæzlan hefur vegna útgerðar á farartækjum eða leigu á þeim í þessu skyni. Ákvæði 2. liðs greinarinnar er í samræmi við gildandi reglur í nágrannalöndunum.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar skýrast bezt í sambandi við athugasemdir við 18. grein.

Um 8. og 9. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 10. gr.

Þar sem sjálfsagt þykir, að skýra lagaheimildir til húsleitar án dómsúrskurðar þröngt, hefur verið litið svo á, að heimild fyrir tollgæzlumenn til húsleitar, sem felst í 18. gr. laganna, taki einungis til geymsluhúsa skipaafgreiðslna eða þar sem annars er geymdur ótollafgreiddur varningur. Það er altítt, að í verzlunum sé boðinn varningur, sem gefur tilefni til rannsóknar af tollgæzlunnar hálfu, en óhægt er að framkvæma slíka rannsókn svo að gagni komi, nema hafa húsleitarheimild. Þykir því nauðsynlegt að rýmka ákvæði greinarinnar svo að þau taki einnig til verzlana og vörugeymslna þeirra.

Um 11. gr.

Möguleikar til að sanna brot á aðflutningslöggjöf, eftir að brot er fullframið, eru mjög takmarkaðir. Tollgæzlan hefur nokkrum sinnum reynt að fara þá leið að gera rannsókn í verzlunum á vörum, sem ætla má að séu ekki löglega fluttar til landsins, m. a. vegna þess að innflutningsleyfi eru yfirleitt ekki veitt fyrir þeim. Lítill árangur hefur orðið af þeim störfum. Verzlanir, sem kærðar hafa verið vegna rökstudds gruns um að bjóða ólöglega innfluttar vörur, hafa oftast getað sýnt reikninga um vöruna, en oft eru þeir aðeins með nafnritun án heimilisfangs og því ekki hægt að finna þann, sem reikningurinn er frá. Ef sá, sem varan finnst hjá, hefur svo haldið því fram, að hann hafi keypt vöruna í góðri trú af þessum mönnum, sem enginn veit deili á, hafa dómstólar talið að ekki væri efni til málshöfðunar vegna skorts á sönnunum fyrir því að um vísvitandi þátttöku í dreifingu smyglvarnings

væri að ræða. Hér er lagt til, að heimilt sé að gera mönnum að skyldu, að viðlögðum refsingum, að gera glögga grein fyrir kaupunautum sínum að vissum vöruflokkum, eftir að þeim hefur verið gefin opinber aðvörun um að tryggja sér slík gögn, áður en þeir eigi skipti um slíkar vörur. Með þessu virðist ekki höggvið óeðlilega nærri hinum almennu reglum um sönnunarbyrði, enda hefur verið gengið mun lengra í þá átt í öðrum lögum svo sem áfengislögunum.

Um 12. gr.

Sjá athugasemd við 3. gr.

Um 13. gr.

Fyrsti liður er leiðrétting á orðalagi, þarfnast annars ekki skýringar.

Annar málsliður er nýmæli, sett til þess að koma í veg fyrir að verðmætir lausamunir í farartækjum séu fluttir í land án tollgreiðslu.

Um 14. gr.

Fyrsti til þriðji liður eru í samræmi við gildandi reglur að öðru leyti en því, að ákvæði eru sett um 3 eintök farmskrár í stað 2.

Fjórði liður er nýmæli. Afgreiðslur þurfa að sjálfsögðu að láta telja vörur úr skipi við affermingu þess. Þeim er því hægt um vik að láta tolleftirlitinu í té eintak af talningarskrá en tollgæzlunni getur verið mikill styrkur að hafa slíka skrá í höndum.

Um 15. gr.

Flutningur ótollafgreiddra vara milli tollhafna er trúnaðarstarf, sem eðlilegt er að ekki sé falið hverjum sem er, eða framkvæmt án sérstakra öryggisráðstafana. Er því ráðuneytinu heimilað að setja reglur þar að lútandi.

Um 16. gr.

Ákvæði 28. gr. er í 32. gr. frumvarpsins, og þykir betur eiga heima í þeim kafla.

Um 17. gr.

Við endurskoðun kemur oft í ljós, að aðflutningsgjöld hafa verið vanheimt, vegna rangrar tollflokkunar, rekningsskekkja o. s. frv. Þegar þetta kemur í ljós, er viðtakandi oftast búinn að fá vöru sína afhenta, og þykir því nauðsynlegt að fá þá heimild í lög, sem hér er gert ráð fyrir. Heimildinni má einnig beita, ef menn láta dragast óhæfilega lengi að gera ráðstafanir til tollafgreiðslu á vörum, sem þeir eiga liggjandi.

Um 18. gr.

Með þessari grein er bætt í lögin nýjum kafla um skipaafgreiðslur, meðferð á ótollafgreiddum vörum og fleira.

Hingað til hefur ekki þurft opinber leyfi eða viðurkenningu til að reka skipaafgreiðslu eða annast geymslu á ótollafgreidum vörum. Hefur því hver sem er mátt taka þetta að sér. Hér er um svo ábyrgðarmikið starf að ræða, að sjálfsagt er að það sé einungis falið tilteknum mönnum eða fyrirtækjum, sem jafnframt séu látin skuldbinda sig til að fullnægja visum skilyrðum, sem tryggi örugga framkvæmd starfans. Í framkvæmd hefur það verið svo, að skipafélög, sem annast flutninga á milli landa, hafa hvert um sig rekið afgreiðslur fyrir sín skip og séð um geymslu á vörum, sem þau flytja, unz viðtakendur vitja þeirra, að lokinni tollafgreiðslu. Lagaákvæði, sem leggja skipaafgreiðslum skyldur á herðar um að haga affermingu, flutningi eða geymslu varnings á þann hátt að öryggis sé gætt og tolleftirliti verði

með góðu móti við komið, eru nú ófullkomin. Húsnæðisskortur seinustu ára hefur hrakið afgreiðslurnar með vörur sínar í geymslu víðsvegar um bæinn hér í Reykjavík, og oft er vara úr sama skipi flutt í mörg hús á mismunandi stöðum. Eru dæmi til að stykkjavarningur úr sama skipi hafi verið látinn í 8 mismunandi hús á ýmsum stöðum við höfnina, eða jafnvel utan hafnarsvæðisins. Það gefur auga leið, hvort fullnægjandi eftirliti verður komið við með slíkum flutningum. Tollgæzlan hefur nú of lítið húsnæði fyrir vöruskoðun, og í vörugeymsluhúsum afgreiðslanna eins og þau eru nú, er yfirleitt engin aðstaða til að framkvæma vöruskoðun. Allt verður þetta að breytast, ef tollgæzlan á að geta innt störf sín nægilega vel af hendi. Miða reglur þær, sem settar eru fram í þessari grein að því að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem hér hafa verið rakin.

Þar eð hér er um nýmæli að ræða, er rétt að gera nokkra grein fyrir, hvernig þesum málum er skipað í nágrannalöndunum. Sameiginlegt er það alls staðar, að tollgæzlunni er tryggð aðstaða til rækilegs eftirlits með aðfluttum vörum frá því að farartæki, sem þær flytur, hafnar sig og þar til þær hafa hlotið tollafgreiðslu. Til þess að gefa nánari hugmynd um þetta, skal hér lauslega rakið, hvernig geymslu ótollafgreiddra vara er háttað í Svíþjóð, Noregi og Englandi.

Í Svíþjóð eru bæjarfélögin eða hafnirnar skyldar til að leggja tollgæzlunni til geymsluhús, geymslusvæði og bryggjur. Fyrir þetta fá bæirnir ákveðinn hundraðshluta af aðflutningsgjöldunum, og var hann fyrir skömmu 5 af hundraði. Þar er öll vara talin upp úr skipum, og ef hún er ekki tollafgreidd við skipshlið, sem auðvitað verður ekki við komið um vöru, sem þarf skoðunar við, er hún flutt í tollpakkhúsin og bíður þar tollafgreiðslu. Tímatakmörk eru sett um, hve lengi varan má liggja í tollpakkhúsunum.

Í Noregi á tollgæzlan eða leigir vörugeymsluhús við hafnirnar. Þangað er yfirleitt öll vara flutt úr skipum til að byrja með, nema vara, sem hægt er að tollafgreiða við skipshlið, tollfrjáls vara og ýmis gróf þungavara, sem að skaðlausu getur legið úti. Liggi slík vara úti, er hún að jafnaði látin á afgirt svæði, sem eru undir lás tollgæzlunnar. Til að tryggja að vörugeymsluhús tollsins við hafnirnar séu ávallt tiltæk að taka á móti nýjum sendingum, er viðtakendum skylt að tollafgreiða vöru, sem þar liggur, innan fárra daga, ella falla á hana geymslugjöld daglega, sem eru svo há, að viðtakendur eru neyddir til að tollafgreiða vöruna.

Í Englandi má ekki skipa upp innfluttri vöru, nema við bryggjur eða hafnarbakka, sem tollstjórnin viðurkennir sérstaklega til þess (approved wharves). Ótollafgreiddar vörur má þar ekki flytja úr skipi í önnur hús en hús tollgæzlunnar eða hús, sem tollstjórnin hefur sérstaklega viðurkennt til geymslu varanna fyrstu 14 dagana. Hús þessi (approved transit sheds) eru ýmist eign hafnanna eða í einkaeign, en eigendur þeirra verða undirgangast ýmis skilyrði og skuldbindingar til þess að fá viðurkenninguna, þ. á m. að leggja tollgæzlunni til án endurgjalds húsrúm til rannsóknar á vörum. Hús þessi liggja jafnan þannig, að auðvelt er að fylgjast með flutningi varnings í þau frá skipshlið. Þær vörur, sem ekki eru tollafgreiddar innan 14 daga eru fluttar úr húsum þessum í hús tollgæzlunnar (Queen's warehouse). Þangað eru einnig fluttar skemmdar vörur og vörur, sem að öðru leyti er sérstaklega ástatt um.

Stefna ber að því að tollgæzlan fái sín eigin vörugeymsluhús fyrir vörur, sem ekki er hægt að tollafgreiða við skipshlið, enda verður að telja það heppilegustu framtíðarlausn þessara mála. En mikið fé mun þurfa til að reisa tollgæzlustöðvar með nauðsynlegum vörugeymslum. Ráðuneytið hefur haft á þessu mikinn hug, en mikil ásókn hefur verið um fjárframlög í aðrar aðkallandi opinberar framkvæmdir, svo að þetta hefur setið á hakanum. Ráðuneytið hefur nú ákveðið að beita sér á næstunni fyrir auknum fjárframlögum í þessu skyni, annað hvort með því að lagt verði lágt gjald á aðfluttar vörur eða til komi bein framlög af ríkisfé í þessu skyni.

Á hinn bóginn var eigi talið rétt að taka fjáröflun til þessara hluta upp í þetta frv. En þar eð hér þarf að byggja frá grunni verður ekki hjá því komizt að fara

aðrar leiðir til að byrja með. Hér er því lagt til, að farin sé leið, sem líkist brezka fyrirkomulaginu, þ. e. að afgreiðslumenn eigi eða hafi umráð vörugeymsluhúsanna, en leggi tollgæzlunni til þá aðstöðu, sem hún þarf til að framkvæma störf sín.

Um einstakar greinar IV. kafla athugast:

Um a-lið.

Gert er ráð fyrir, að tollgæzlan eignist í framtíðinni eða fái með öðru móti umráð yfir geymsluhúsum og er þá sjálfsagt að þau verði notuð, öðrum húsum fremur, til að geyma ótollafgreiddar vörur. Nú þegar tekur tollgæzlan allan flugfarm til geymslu á þennan hátt. Rétt þykir að geymslugjald sé ákveðið með reglugerð.

Um b-lið.

Hinar almennu athugasemdir um efni kaflans eiga að mestu við um þessa grein.

Hér er gert ráð fyrir tvenns konar nýbreytni, sem nauðsynleg verður að teljast. Í fyrsta lagi er þess krafizt, að afgreiðslumenn skipa og vörzlumenn ótollafgreiddrar vöru þurfi leyfi til starfs síns og verði að fullnægja vissum skilyrðum. Hefur áður verið um það rætt. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að ákveða megi að tilteknar vörur megi aðeins geyma í ákveðnum húsum, sem ráðuneytið samþykkir. Er þetta nauðsynlegt m. a. til þess að tryggja að vörur, sem sérstaks eftirlits þurfa við, séu aðeins fluttar í hús, sem bæði eru örugg geymsla og liggja þannig, að sem auðveldast sé að hafa eftirlit með affermingu vara og flutningi frá skipi í geymsluhús. Eins og nú standa sakir er algengt, að kornvara og annað, sem ekki þarfnast eftirlits af tollgæzlunnar hálfu sé geymt í húsum við hafnarbakka, en kassavarningum sé fluttur á bifreiðum langar leiðir frá skipi í geymsluhús.

Um c-lið.

Ákvæði þessarar greinar voru áður í 28. gr. laganna, en þykja eins og fyrr segir eiga betur heima í þessum kafla.

Um 19. gr.

Með hliðsjón af núverandi peningagildi þykir rétt að færa upp hámark sekta samkvæmt þessari grein, enda getur stórfelld fjármunaröskun átt sér stað í sambandi við brot gegn henni.

Rétt þykir, að upptaka eigna sé ekki bundin við að hægt sé að ná til þess, sem sem ólöglega hefur verið innflutt. Er því heimilað að gera upptækt hjá sökunaut sem svarar peningaverðmæti ólöglega innflutts varnings, ef ekki næst til varningsins sjálfs.

Um 20. gr.

Greinin er að mestu samhljóða núgildandi ákvæðum, þó er það lagt á vald dómara að meta hvort refsing skuli lögð á skipstjóra eða útgerðarmann, ef farmskrá er áfátt. Einnig er ákveðin refsing við því, ef skrám um talningu á vörum er ekki skilað til tolleftirlitsmanna. Refsimörk eru færð upp í 200000 króna sekt, með tilliti til núverandi verðgildis peninga.

Um 21. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um refsingar fyrir brot gegn ákvæðum í kaflanum um afgreisðlur, sem tekinn er upp í 18. gr. frumvarpsins. Viðurlög við brotum gegn 32. gr. eru hin sömu og áður giltu um brot gegn 28. gr.

Um 22.—23. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Nd. **136. Frumvarp til laga** **[112. mál]**

um kaup og útgerð togara og stuðning við sveitarfélög til atvinnuframkvæmda.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson, Eiríkur Þorsteinsson, Gils Guðmundsson.

I. KAFLI

Togarasmíðar innanlands og aukning togaraflotans.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita eftir samningum við íslenzkar skipasmíðastöðvar um smíði þriggja togara af fullkomnustu gerð.

Einnig skal ríkisstjórnin kaupa erlendis frá tólf fullkomna togara.

Undirbúning þessara framkvæmda skal miða við það, að smíði þeirra 15 skipa, sem hér um ræðir, ljúki á árunum 1957, 1958 og 1959.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán allt að 100 milljónum króna.

3. gr.

Tíu skipa þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að selja einstaklingum, hlutafélögum, samvinnufélögum, bæjar- eða sveitarfélögum eða hverjum þeim lögformlegum aðilum, sem reka vilja slík skip hérlendis.

II. KAFLI

Togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

4. gr.

Ríkið gerir sjálft út eigi færri en fimm togara af þeim skipum, sem um ræðir í 1. gr., og skulu þeir fyrst og fremst afla hráefnis fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnaskorts.

5. gr.

Höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins er að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar vinnu hverju sinni. Við ákvörðun þess, hvar ríkistogari skuli leggja upp afla sinn, má útgerðarstjórnin einnig taka tillit til þess, að illa hagnýtt fiskiðjuver fái aukið hráefni til vinnslu.

6. gr.

Stjórn togaraútgerðar ríkisins skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra.

7. gr.

Togaraútgerð ríkisins hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og ber ríkissjóður ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sér því fyrir rekstrarfé.

8. gr.

Reikningsár togaraútgerðar ríkisins skal vera almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. marz ár hvert. Skal þá þegar senda ríkisstjórninni rekstrar- og

efnahagsreikninga skipanna, undirritaða af útgerðarstjórninni, reikningshaldara og framkvæmdastjóra, ásamt skýrslu um rekstur útgerðarinnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda og í ríkisreikningnum.

9. gr.

Sett verði reglugerð um tilhögun alla og rekstur togaraútgerðar ríkisins, og skal sérstaklega tryggt með ákvæðum hennar, að jöfnun atvinnunnar verði sem bezt náð.

III. KAFLI

Þátttaka ríkisins í togaraútgerð með bæjar- og sveitarfélögum.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til þess að kaupa hlutabréf í hlutafélögum, sem stofnuð eru með þátttöku tveggja eða fleiri bæjar- og/eða hreppsfélaga til að reka togaraútgerð.

11. gr.

Nú verða stjórnir tveggja eða fleiri bæjar- og/eða hreppsfélaga, þar sem atvinna er stopul eða fiskvinnslustöðvar skortir verkefni, sammála um að stofna félag til útgerðar samkvæmt 10. gr. laga þessara og leggja fram hlutafé í þeim tilgangi, og skulu þær þá leita eftir hlutafjárframlögum hjá íbúunum, hver á sínum stað, og öðrum, er þær telja til greina koma sem hluthafa. Þegar safnazt hefur hlutafé, er nemur að minnsta kosti 10% af áætluðum stofnkostnaði útgerðarinnar, er bæjar- og/eða hreppsstjórnum rétt að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins með beiðni um hlutafjárframlög af hálfu ríkisins, og er þá ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að 10% stofnkostnaðar, enda séu löndunar- og verkunarskilyrði togaraafla fyrir hendi í þeim kaupstöðum eða kauptúnum, er að félagsstofnuninni standa.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán allt að 80% af stofnkostnaði útgerðarhlutafélaga, sem mynduð eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

13. gr.

Um stofnun og stjórn félags, sem myndað er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, fer eftir almennum lögum um hlutafélög. Val framkvæmdastjóra er þó háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán til þess að fullnægja ákvæðum 10.—12. gr. þessara laga.

IV. KAFLI

Stuðningur ríkisins við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda.

15. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka 50 milljón króna lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum til atvinnuframkvæmda og framleiðsluaukningar.

16. gr.

Lánum til bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt 15. gr. skal fyrst og fremst varið til byggingar eða endurbóta á frystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, lýsisvinnslu-

stöðvum og til annarra mikilvægra fiskvinnslustöðva. Einnig má veita slík lán til framkvæmda, er miða að því að bæta aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa eða með öðrum hætti að auðvelda hagnýtingu sjávarafla.

17. gr.

Heimilt er bæjar- eða sveitarstjórnum að endurlána einstaklingum eða félögum lán þessi, enda sé jafnframt örugglega frá því gengið, að lánin komi þannig að fullu gagni til atvinnu- og framleiðsluaukningar á staðnum.

18. gr.

Atvinnumálaráðuneytið úthlutar lánunum til bæjar- og sveitarfélaga að fengnum tillögum nefndar, er Alþingi kýs í þessu skyni, enda fylgist nefndin með því og taki tillit til þess í tillögum sínum, hvernig atvinnu- og framleiðsluaukning verði bezt tryggð. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum á Alþingi að viðhafðri hlutfallskosningu með sama hætti og stjórn togaraútgerðar ríkisins samkvæmt 6. gr.

V. KAFLI

Reglugerð og gildistaka.

19. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu sniðið eftir fjórum lagafrumvörpum, er fram komu á síðasta þingi og öll fjölluðu um togaraútgerð og lausn alvarlegra atvinnuvandamála. Þau frumvörp voru borin fram af mönnum úr ýmsum stjórnmálaflokkum og miðuðu að því að auka framleiðslu sjávarafurða og útrýma atvinnuleysi því, sem nú er meira og minna ríkjandi á ýmsum stöðum á landinu.

Frumvörp þessi voru:

1. Frumvarp til laga um smíði togara innanlands og aukningu togaraflotans, flutt af 4 þingmönnum Sósíalistaflokksins í Nd.
2. Frumvarp til laga um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar, flutt af Hannibal Valdimarssyni og Eiríki Þorsteinssyni.
3. Frumvarp til laga um útgerð togara til þess að koma á og viðhalda jafnvægi í byggð landsins, flutt af 3 þingmönnum Framsóknarflokksins í Ed.
4. Frumvarp til laga um stuðning við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda, flutt af þremur þingmönnum Sósíalistaflokksins í Nd.

Við flutningsmenn þessa frumvarps teljum, að öll þessi frumvörp hafi stefnt í rétta átt og að nauðsyn beri til að taka þau öll til athugunar í senn og fella í eitt löggjöf þá, sem að var stefnt með flutningi þeirra, enda var hér um að ræða einstakar hliðar sama máls.

Ekkert þessara frumvarpa fékk afgreiðslu á síðasta þingi, og bíður þetta mikilvæga mál því enn óleyst.

Það er á allra vitorði, að einmitt nú blasir við þjóðinni það vandamál, að þurrð er á erlendum gjaldeyri. Hins vegar er vinnuafl landsmanna engan veginn fullnýtt, og margháttuð vandamál skapast í þjóðfélaginu einmitt af því, að enginn jöfnuður er á atvinnunni.

Þess eru mörg dæmi, að menn neyðist til þess að yfirgefa eignir sínar, hús og óðul, af því að atvinnumöguleikarnir í heimahéraði þeirra eru látnir ónotaðir, og

verða menn þá að flytja sig þangað, sem atvinna er fáanleg, en neyðast þá oft til að gefa allt, sem þeim kann að hafa áskotnazt á hálfri ævi, til þess að komast þar í húsaskjól, en ofurselja auk þess möguleika síðari ævihelmingsins fyrir skuld og vaxtaþunga sömu íbúðar. En hinir, sem engar eignir eiga, eða geta ekki komið þeim í verð, eiga vart annars kost en að láta sér nægja óhæfa bústaði.

Þjóðfélaginu skapast af þessu sá vandi m. a., að byggingarframkvæmdir draga til sín mestan hlutann af fjárfestingunni, en framleiðslutækin taka ekki eðlilegri framþróun og framleiðslan vex ekki að því skapi, sem efni gætu staðið til.

Við, sem að frumvarpi þessu stöndum, lítum svo á, að með löggjöf, slíkri sem þetta frumvarp miðar að, væri hægt að tryggja stórlega bætta afkomu fólks í fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem nú er óvissa og deyfð í atvinnulífi, og leysa þannig í senn þann vanda, sem þjóðfélaginu er á herðar lagður, og þau vandræði, sem einstaklingar hreppa í miklum ótímabærum fólksstraumi, sem nú á sér stað frá þrem landsfjórðungum til Suðvesturlands og einkum til Reykjavíkur.

Efni frumvarps þessa teljum við brýnast verkefni Alþingis að lögleiða svo fljótt sem verða má og erum til allrar samvinnu fúsir um framkvæmd þess. Okkur er ekki fast í hendi um form málsins, ef mergur þess er virtur og framkvæmd tryggð.

Hér fara á eftir þær meginröksemdir, sem færðar hafa verið fyrir hinum einstöku þáttum frumvarpsins, og hafa þær flestar áður verið fluttar með frumvörpum þeim, sem hér hafa verið lögð til grundvallar.

Um I. kafla.

Togaraútgerðin er afkastamesta og að ýmsu leyti bezta útgerð Íslendinga, þjóðhagslega séð. Má í því sambandi benda á, að útvegur þessi hefur á síðustu árum notið minni fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins en öll önnur útgerð. Bátagjaldeyrir hefur aldrei verið lagður á afurðir þessa útvegs honum til styrktar.

Þá liggur það í augum uppi, að Íslendingar eru sífellt að sækja á fjarlægari fiskimið, og bendir allt til, að nauðsyn þess að auka veiðarnar á fjarlægu miðunum, t. d. við Grænland, muni fara vaxandi, er tímar líða fram. Engin íslenzk fiskiskip eru vel til slíkra veiða fallin, nema togararnir, og eru þó flestir þeir togarar, sem nú eru í eigu Íslendinga, að nokkru vanbúnir til mjög langsóttra veiða. Það er því augljóst, að hinir ágætu nýsköpunartogarar, en þeir elztu þeirra eru nú að verða 9 ára gamlir, ganga úr sér og úreldast, og endurnýjun flotans fer að kalla að smám saman á næstu árum. — Þar að auki er núverandi togarafloti of lítill.

Á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld voru jafnan gerðir út hérlendis upp undir 40 togarar, — 36—37 togarar á árunum 1934—1939, og hafði togaraflotinn þá hrörnað um skeið. Þeir 33 togarar, sem kaup voru fest á á nýsköpunarárunum, áttu fyrst og fremst að bæta upp langvarandi skort á endurnýjun skipastólsins, en með hinu var ekki reiknað, að gömlu togararnir hyrfu jafnskjótt úr sögunni og raun hefur á orðið. Á skipaskrá 1952 voru raunar enn 9 gamlir togarar. Enginn þeirra var það ár í fullum rekstri og sumir með öllu ónotaðir. Nú munu aðeins tveir þeirra reknir. Ólíklegt er, að þeir verði þannig gerðir út í framtíðinni, að afla þeirra gæti að nokkru ráði í heildarframleiðslunni.

Auk togaranna frá tíð nýsköpunarstjórnarinnar hefur ríkissjóður látið smíða 10 togara, svo að í eigu landsmanna voru 43 nýlegir togarar, þar til á síðastliðnum vetri, að 2 þeirra fórust, og hefur enn ekki verið fyllt í þau skörð, svo að af nútímatogveiðiskipum er nú aðeins til 41. En þegar þess er gætt, að möguleikarnir til að hagnýta þau verðmæti, sem togararnir færa á land, eru nú margfaldir við það, sem áður var, þegar eingöngu varð að flytja fiskinn út ísvarinn eða salta hann, sést ljóslega, að það er margfalt hagfelldara nú en áður að leggja kapp á aukna togaraútgerð. Er það fyrst og fremst vegna tilkomu hraðfrystihúsanna, en einnig á skreiðarverkunin sinn þátt í því.

Nú eru á því fullir möguleikar að tvöfalda togaraaflann að verðmæti með vinnuafli landsmanna, sem ella skortir oft verkefni og týnist í atvinnuleysi.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja augljóst, að togaraútgerðin hljóti á komandi árum að verða í vaxandi mæli ein styrkasta stoðin undir sjálfstæðu atvinnulífi íslenzku þjóðarinnar og beri því hið bráðasta að gera ráðstafanir til þess, að ekki komi til stöðnunar í þróun hennar. Því er hér lagt til, að undinn verði bráður bugur að því að auka togaraflotann um 15 skip, sem í öllu svari kröfum nútímans og fullbúin séu til langsóttra veiða.

Það hefur ekki þótt rétt að binda það í lögum, hvort umrædd skip yrðu knúin eimvélum eða dieselvélum. Reynslan sýnir, að þeir dieseltogarar, sem hér eru reknir nú, eru mun sparari á eldsneyti en gufuskipin, en hitt er margra grunur, að mismunur á viðhaldskostnaði muni jafna þann mun, þegar til lengdar lætur. Um þetta efni, eins og raunar mörg tæknileg vandamál, væri sjálfsagt að leita umsagnar hinna fróðustu manna, áður en gerð skipanna yrði afráðin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þrjú af þeim skipum, sem hér um ræðir, verði smíðuð innanlands.

Smíði stálskipa hérlendis er þegar hafin, og innlendar skipasmíðastöðvar hafa þegar allmikla reynslu í skipaviðgerðum. Flutningsmenn vita, að það er engum torleystum vandkvæðum bundið að komast að samningum við skipasmíðastöðvarnar hér um smíði togara, enda telja þeir það hina brýnustu nauðsyn, að slíkum smíðum verði hrundið af stað hérlendis hið allra fyrsta, svo að endurnýjun skipastólsins og aukning í framtíðinni geti í sívaxandi mæli orðið verk íslenzkra handa og hugvits.

Í nánustu framtíð er líklegt, að togarafloti landsmanna verði eitthvað yfir 50 skip. Óvarlegt er að reikna meðalendingu skipanna mikið yfir 25 ár. Endurnýjunarþörfin verður því 2 skip á ári, og ætti það að verða fast verkefni innlendra skipasmiða.

Af tveimur ástæðum er hér þó ekki lagt til, að fleiri en 3 skip af þeirri aukningu, sem um ræðir í þessu frumvarpi, verði smíðuð hérlendis. Hin fyrri er sú, að ólíklegt má teljast, að íslenzkir aðilar séu við því búnir að afkasta meiri smíði innan þess tíma, sem aukning flotans verður að teljast nauðsynleg. Síðari ástæðan er sú, að bygging þessara skipa yrði nokkur tilraunasmíði, sem öllum — sjómönnum og útgerðarmönnum jafnt sem skipasmiðum og þjóðinni allri — er hin mesta nauðsyn að fá á nokkra raunprófun, áður en mótuð er gerð og búnaður margra skipa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir allt að 100 milljón króna lántöku til þessara framkvæmda. Það er augljóst, að sú upphæð er lægri en andvirði hinna 15 skipa, en þar er allt í senn, að ekki er ólíklegt, að ríkissjóður geti eitthvað til þessa lagt án lántöku, væntanlegir kaupendur eru líklegir til að inna af hendi einhverjar greiðslur, áður en smíðum lýkur, og einnig má telja, að lánsheimildin fáist hækkuð, ef nauðsyn krefur.

Flutningsmenn leggja áherzlu á það, að með þessum frumvarpskafla er stefnt að því tvennu að bæta afkomu þjóðarinnar með eflingu þeirrar höfuðatvinnugreinar, sjávarútvegsins, sem telja má hyrningarstein undir allar meiri háttar framfarir á Íslandi, eins og nú er háttað málum, og blása lífi í hinn unga iðnað, sem áreiðanlega á eftir að vinna hér stórvirki, þegar tímar líða, ef hann fær að glíma við verkefni, sem honum eru samboðin. Togarasmíðar hér á landi eru iðnaðinum einmitt mjög ákjósanlegt verkefni, ekki einasta fyrir skipaverkfræðinga og skipasmiði, heldur einnig fyrir rafvirkja, vélvirkja, pípulagningamenn og húsgagnasmiði, svo að nokkrar iðngreinar séu nefndar.

Um II. kafla.

Frumvarp um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar hefur verið flutt á nokkrum seinustu þingum, en hefur ekki náð samþykki Alþingis. Dylst þó engum, að með hverju ári, sem líður, vex málinu stöðugt fylgi.

Í frumvarpinu er lagt til, að ríkið kaupi og geri sjálft út fimm togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna verði taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur illa hagnýtt fiskiðjuver.

Eins og segir í 5. gr. frumvarpsins, er þessum ríkistogurum ekki ætlað það hlutverk að bæta úr atvinnuástandi neins eins ákveðins staðar. Ef svo væri, hefði alveg eins mátt hugsa sér að bæta úr því með togurum í einkaeign eða í bæjarrekstri. — Þeim togurum, sem um ræðir í II. kafla frumvarpsins, er sérstaklega ætlað það hlutverk að jafna atvinnu í landinu, koma í veg fyrir atvinnuleysi, hvar í landinu sem það gerir vart við sig, og leggja þar afla á land, sem vinnuafl og vinnustöðvar skortir verkefni. Sá hreyfanleiki, sem nauðsynlegur er til að ná þessu takmarki, verður aðeins tryggður með ríkisrekstri togaranna, og þess vegna er lagt til, að það rekstrarform verði viðhaft.

Það mun verða aðalmótbáran gegn þessu fyrirkomulagi, að með ríkisrekstri fimm togara taki ríkið á sig verulega fjárhagslega áhættu, og er það að vísu rétt, en því má þá ekki heldur gleyma, að togaraútgerð gefur einnig nokkra hagnaðarvon.

Á það ber sérstaklega að líta í þessu sambandi, að það er ein af frumskyldum þjóðfélagsins að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og það verður aldrei gert nema með miklum fjárhagslegum fórnum. Spurningin er aðeins sú, hvaða úrræði séu skynsamlegust til að afstýra böli atvinnuleysisins. Fer þeim mönnum sífellt fækkandi, sem trúa því, að ófrjó atvinnubótavinna leysi vandamál atvinnuleysisins í kaupstöðum og kauptúnum til nokkurrar hlítar, — hitt sé rétta leiðin, að ríkið veiti aðstoð til öflunar atvinnutækja og hafi áhrif á, að atvinnutækin séu hagnýtt svo sem bezt má verða.

Nú er það staðreynd, að flest hinna þýðingarmestu atvinnutækja við sjávarsíðuna, svo sem hraðfrystihús, fiskþurrkunarhús og fiskimjölsverksmiðjur, standa víða langtímum saman lítt eða ekki notuð, samtímis því að fólkið gengur atvinnulaust. Verður slíkt að teljast óþolandi ástand.

Til þessa liggja ýmsar ástæður. Á nokkrum stöðum er hægt að bæta úr hráefnisþörf hinna ónotuðu atvinnutækju með auknum vélbátakosti. En á öðrum stöðum er orðið svo langsótt til fiskjar, m. a. vegna ágengni erlendra og innlendra togara á grunnmiðum, að vélbátar reynast þess ekki megnugir að annast hráefnaöflunina. Þar sem svona hagar til, er einkum þörf togara til nýtingar vinnuaflsins og til hráefnisöflunar fyrir hraðfrystihús, fiskimjölsverksmiðjur, þurrkhús og aðrar fiskvinnslustöðvar, ef vinnsluafköst þeirra eiga að notast til nokkurrar hlítar. En gernýting þeirra væri tvímælalaust þýðingarmesta aðgerðin til útrýmingar atvinnuleysinu, auk þess sem við það ynnist mikil aukning gjaldeyrisverðmæta og gerbreytt fjárhagsafkoma margra fiskiðnaðarfyrirtækja, sem komin eru í kröggur sökum verkefnaskorts.

Það eru viðurkennd og augljós sannindi, að ekkert er þjóðfélaginu eins dýrt og að láta fólk ganga atvinnulaust. Þannig kostar það þjóðfélagið eigi minna en 14—15 milljónir króna að láta þúsund manns ganga atvinnulausa í 4 mánuði. Oft mundi það þó sanni nær, að það væru um 2000 manns, sem byggju við atvinnuleysi um vetrarmánuðina, og kostar slíkt vinnutap, eins og menn sjá, eigi minna en 28—30 milljónir króna. — Hugsanlegt rekstrartap fimm togara gæti því aldrei orðið nema lítill brothluti slíkra upphæða, enda er það sannfæring flutningsmanna þessa máls, að ríkisútgerð togara til atvinnujöfnunar sé skynsamlegasta leiðin til að afstýra atvinnuleysi, auka framleiðslutekjur þjóðarinnar og bæta rekstrarafkomu margra þýðingarmikilla atvinnutækja.

Um III. kafla.

Togaraútgerð er orðin stór liður í atvinnulífi margra staða á Íslandi. Illa gengur, eins og sakir standa, að láta togaraútgerðina bera sig sem fyrirtæki, og ber til þess margt, sem væntanlega verður bót á ráðin, áður en langir tímar líða. Verður sú hlið málanna ekki gerð að umræðuefni í þessari greinargerð. Hitt er staðreynd, sem frumvarpskafli þessi er byggður á, að fólkið, sem býr þar, er togararnir leggja afla sinn á land, hefur sem betur fer miklar tekjur af vinnu vegna þeirra. En þetta

veldur lífskjaramun í landinu og jafnvægisleysi milli staða, sem annars mundu standa líkt að vígi.

Kunnugt er, að flestir staðir — og raunar allir, sem njóta atvinnu vegna togararekstrar, eiga það stuðningi ríkisins að þakka — og margir í stórum stíl. Ríkið annaðist togarakaupin, lagði til eða útvegaði fé, ábyrgðist lán o. s. frv.

Á síðasta ári, þegar útgerð togaranna ætlaði að stranda, innheimti ríkið nýjan bifreiðaskatt til þess að veita með honum stuðning öllum, sem togararekstur hafa með höndum. Þessi skattur er jafnt tekinn af íbúum þeirra staða, sem engan togararekstur hafa til atvinnubóta, sem hinum.

Má því fullyrða, að mismunað hefur verið og er af ríkisins hálfu þeim verstöðvum, sem togararekstrar njóta, og það jafnvel á kostnað þeirra verstöðva, sem ættu að geta haft hann, en hafa hann ekki og búa við atvinnuskort.

Þetta kann ekki góðri lukku að stýra.

Hvergi má draga úr velgengni almennings, en leitast þarf við að auka hana þar, sem verr gengur.

Ráð verður að finna til þess að veita togaralausu útgerðarstöðvunum stuðning til jafnvægis á móti hinum. Annars raskast meira og meira í byggð landsins jafnvægið, sem flestum kemur saman um að gæta þurfi.

Á landinu eru allmargar verstöðvar, sem geta veitt togurum aðstöðu til löndunar og tekið á móti togarafiski til verkunar og vinnslu, en hafa engin umráð yfir togara.

Það virðist liggja beint við, úr því að atvinnuskortur er á þeim stöðum, að athugað sé, hvort ekki er þjóðhagslega rétt, að ríkið veiti þeim aðstoð til þess að fá til sín togara.

Frumvarp þetta er, ef að lögum verður, heimild handa stjórn ríkisins til þess að veita slíka aðstoð.

Af því að hinir togaralausu, atvinnustopulu útgerðarstaðir hafa ekki bolmagn hver um sig til þess að eignast togara, gæti þeim orðið hlutdeild í togaraafla góð úrlausn, og með því að reynsla er fengin fyrir því, að samvinna milli útgerðarstaða um rekstur togara getur gefizt vel, þá er í þessum frumvarpskafla gert ráð fyrir slíkri samvinnu í hlutafélagaformi. En vegna fjárskorts staðanna, sem er staðreynd, þá er einnig gert ráð fyrir hlutafjárframlögum frá ríkinu, auk ríkisábyrgðar á stofnlánum þeirra, hvort tveggja að tilteknu marki, enda hafi ríkið þá rétt til að hlutast til um, að framkvæmdastjórn félagsins sé í öruggum höndum.

Um IV. kafla.

Í fjölmörgum bæjum og sjávarþorpum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, býr fólk við mikið og alvarlegt atvinnuleysi. Á mörgum stöðum í þessum landsfjórðungum er atvinnuástandið hið hörmulegasta. Tugir og hundruð af fólki á bezta aldri með fullt vinnuþrek, sjá enga möguleika til að sjá sér og sínum farborða af þeirri litlu atvinnu, sem þar fellur til. Íbúar þessara staða lifa í sífelldum ótta við atvinnuleysið og eru háðir öllu því sára og mikla böli, sem því er samfara að vera atvinnulaus mánuð eftir mánuð. Hvergi er þetta ástand eins alvarlegt og í þeim bæjum og sjávarþorpum, sem byggt hafa afkomu sína á síldveiðum og síldarvinnslu. Þegar svo þar við bætist, að þorskveiðarnar á grunnmiðum hafa brugðizt að meira eða minna leyti undanfarin ár, og þegar það er jafnframt haft í huga, að mikil vöntun er á hentugum fiskiskipum, sem sótt geti á fjarlægari mið, ættu menn að geta skilið, hvað ástandið er alvarlegt og hvað þörfin er aðkallandi að koma þessum byggðarlögum til hjálpar fjárhagslega.

Þetta alvarlega ástand hefur orðið til þess, að tugir og hundruð fjölskyldna hafa neyðzt til að flytja frá þessum stöðum, aðallega til Suðvesturlands. Flest af þessu fólki fer sárnauðugt, enda ekki glæsilegt að þurfa að yfirgefa húseignir sínar, án þess að geta komið þeim í verð og án þess að geta leigt þær út, flytja til nýrra

og áður óþekktra staða og byrja þar að nýju að skapa sér heimili, oft og tíðum við hin erfiðustu skilyrði.

Fyrir það fólk, sem eftir verður og ekki vill eða getur flutt, eru þessir miklu brottflutningar ekki síður alvarlegir. Mörg sveitar- og bæjarfélög hafa verið neydd til stórkostlegrar skuldasöfnunar vegna hins alvarlega ástands, sem ríkt hefur í atvinnumálum viðkomandi staða. Á meðan næg atvinna var, var það létt verk fyrir bæina og sveitarfélögin að standa straum af skuldum sínum, enda í langflestum tilfellum ekki meira en eðlilegt má teljast, miðað við þolanlegt ástand atvinnulega séð. En þegar atvinnan bregzt og fólkið neyðist til að flytja burt í stórhópum, fer ástandið að verða alvarlegt, ekki síður fyrir það fólk, sem eftir situr, en það, sem burt flytur. Útsvör og aðrir skattar til bæjanna og sveitarfélaganna vaxa ískyggilega, og í sumum bæjum og sjávarþorpum eru þessar álögur orðnar langt fram yfir það, sem greiðslugeta almennings þolir, og verða beinlínis til þess að ýta undir frekari fólksflutninga.

Það er fyrirsjáanlegt, að ríkisvaldið verður að koma þeim byggðarlögum til hjálpar, sem atvinnuleysið herjar nú. Atvinnuskilyrði þeirra staða verður að athuga, og þeim verður síðan að hjálpa til sjálfsbjargar.

Til þess að þar geti hafizt að nýju þróttmikill atvinnurekstur, þarf að gera nauðsynlegar umbætur á hafnarmannvirkjum, einkum fyrir stærri fiskiskip, og reisa þar fiskvinnslustöðvar. En til þess að slíkt sé hægt, þarf mikið fjármagn, sem nú er ófáanlegt hjá lánsstofnunum.

Í þessum frumvarpskafla er lagt til, að ríkissjóður taki 50 milljón króna lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum, fyrst og fremst til þess að koma upp mest aðkallandi framkvæmdum til framtíðarúrbóta í atvinnumálunum. Eðlilegt er, að hver bæjar- eða sveitarstjórn geri sjálf tillögur um, hvað hún telur heppilegast að ráðast í. Framkvæmdir yrðu mjög mismunandi á hverjum stað, en fyrst og fremst eru þær hugsaðar til eflingar sjávarútvegi og iðnaði í sambandi við hann.

Vegna legu beztu fiskimiða togaraflotans væru hafnirnar á Vestfjörðum sérstaklega heppilegar til þess að taka við nýjum fiski frá togurum. Oft veiða togarar líka mikinn fiskafla úti fyrir Austurlandi og Norðurlandi. Þá væru hafnirnar í þeim landshlutum beztar. En flestar hafnir í þessum landshlutum eru nú ekki nægilega vel útbúnar til þess að geta tekið við afla togara til vinnslu, svo að vel sé. Fisklöndun togaranna krefst góðra og mikilla löndunartækja. Á löndunarstað þarf að vera hægt að fá olíu og ís í næstu veiðiför. Húsrými fyrir aflann verður að vera mikið í landi, og afköst fiskvinnsluhúsanna mikil.

Augljóst er, að margir útgerðarstaðir mundu nú, ef þeir ættu þess kost fjárhagslega, gera hjá sér nauðsynlegar umbætur til þess að geta tryggt sér togarafisk til vinnslu.

Frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi gera mörgum kleift að ráðast í þær framkvæmdir, sem aðkallandi eru í þessu efni. Frumvarpskafla þessum er stefnt að því að gera bæjar- og sveitarfélögum mögulegt að koma atvinnumálum sínum þannig fyrir, að atvinnuleysinu verði bægt í burtu. Það mundi, jafnhliða því að bægja atvinnuleysinu frá, skapa grundvöll að aukinni framleiðslu og aukinni gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Stækkun frystihúsa í útgerðarbæjum, bygging harðfiskverkunarstöðva, ný fiskþurrkunarhús og góð afgreiðsluskilyrði fyrir stór fiskiskip, slíkar framkvæmdir eru ekki málefni útgerðarbæjanna einna, þær eru málefni þjóðarheildarinnar, því að slíkar framkvæmdir eru stoðir undir framtíðarhag þjóðarinnar allrar.

Nd. 137. Lög [14. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 14.

Sþ. 138. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag ákveðið að leggja til, að till. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1955.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskr.	Hermann Jónasson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Gunnar Thoroddsen.	Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 139. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til laga um mannanöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, og fellst hún á efni þess í öllum meginatriðum. Frumvarpinu fylgja ýtarlegar athugasemdir, og vísast til þeirra um almennar ástæður og skýringar á einstökum atriðum frumvarpsins.

Útlendar konur, sem giftast Íslendingum, er ekki hafa ættarnöfn, kenna sig oftast til föður eiginmannsins, og hefur þetta verið látið óátalið. Þykir nefndinni réttara, að þetta sé beinlínis leyft.

Þó að lögin setji allnákvæmar reglur um nafngiftir, upptöku ættarnafna o. fl., virðist réttara að kveða nánar á um ýmis framkvæmdaratriði með reglugerð.

Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Við greinina bætist: Útlend kona, sem gift er Íslendingi, er ekki hefur ættarnafn, má þó kenna sig til föður eiginmannsins á sama hátt og hann. Ekki tekur þetta þó til barna þeirra.
2. Á eftir 21. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð, er kveður nánar á um framkvæmd laga þessara.

Alþingi, 28. nóv. 1955.

Ingólfur Flygenring, form.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 140. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frumvarp þetta. Mun minni hlutinn skila séráliti, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Ed. 141. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta, ef að lögum verður, kveður svo á um, að greiða skuli fulla verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna að viðbættum 10 stigum, og er þá um leið numin burt sú skerðing, sem gilt hefur, að greiða skuli aðeins 23% verðlagsuppbót á þann hluta launa, sem er fram yfir kr. 34 560.00 á ári. Get ég ekki fallizt á, að sú stefna, sem hér er mörkuð, sé rétt, og færi fyrir því eftirfarandi rök:

1) Full verðlagsuppbót á launagreiðslur almennt hlýtur að leiða til sívaxandi dýrtíðar í landinu, enda hefur reynslan nú í hálfan annan tug ára sannað þetta svo, að eigi verður á móti mælt. Að afnema skerðinguna, eins og hér er lagt til að að gert verði, er að mínu áliti spor í öfuga átt, og réttara væri að færa tekjumarkið niður á við smátt og smátt, þar til það væri að fullu afnumið, svo að skert verðlagsuppbót yrði eftir það greidd á öll laun. Allt annað er spor í áttina til að rýra verðgildi krónunnar og kemur því launþegum að engu varanlegu gagni.

2) Með breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt er hlutur þeirra, sem hafa hærri árstekjur en 35 þús. kr., verulega bættur frá því, sem áður var, og þó einkum þegar um hjón er að ræða. Sá efnislegi mismunur, sem markaður er sem grunnlaun í launalögum, nýtur sín því betur nú en áður, þótt skerðingin á uppbótum verði eigi afnumin.

3. Þorri þeirra opinberra starfsmanna, sem nú lúta skerðingarákvæðunum, hefur margvíslega möguleika til mikilla aukatekna samhliða aðalstörfum, gagnstætt því, sem á sér stað almennt um menn í lægri launaflokkunum. M. a. af þeim ástæðum er minni ástæða til að afnema skerðinguna.

Auk þess, sem hér er tekið fram, vil ég leyfa mér að benda á, að fyrir Alþingi liggur nú frv. til launalaga. Verði það samþykkt á þessu þingi, er frv. það, sem hér um ræðir, óþarft, enda yrði það þá, ef að lögum er orðið, fellt aftur úr gildi á þessu sama þingi, ef launafrv. yrði samþykkt. Verði það hins vegar fellt, þarf málið allt frekari undirbúning, og tel ég, að afgreiðsla þessa þáttar geti beðið, þar til þeim undirbúningi væri lokið, sbr. rökstuðning minn hér að framan. Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að lagt hefur verið fram af ríkisstjórninni frv. til nýrra launalaga á þessu þingi, sem fjárhagsnefndir beggja deilda eru sameiginlega að athuga, og með

því að afnám skerðingar á verðlagsuppbót á launagreiðslur torveldar að hamla á móti vaxandi dýrtíð í landinu, þykir ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Reykjavík, 28. nóv. 1955.

Gísli Jónsson.

Ed. 142. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til laga um mannanöfn.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 6. gr. 2. mgr. falli niður.
2. Við 9. gr. Greinin falli niður.
3. Við 10. gr. (verður 9. gr.). Greinin orðist svo:
   Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast.
   Eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.
4. Í stað 11.—16. gr. komi tvær nýjar greinar (verða 10.—11. gr.) og orðist svo:
   a. (10. gr.) Þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem tekið hafa ólöglega ættarnöfn, skulu hafa lagt þau niður fyrir árslok 1956 og kennt sig við föður samkvæmt fyrirmælum 7.—9. gr. þessara laga.
   b. (11. gr.) Eigi má rita ólöglegt nafn íslenzks ríkisborgara á vegabréf, skírteini, kjörskrár, manntal né nein önnur opinber gögn.
   Undirskrift íslenzks ríkisborgara er ógild undir hvers konar gjörninga, nema nafn hans sé löglega tekið.
5. Við 17. gr. (verður 12. gr.). 2.—4. mgr. falli niður.
6. Við 18. gr. (verður 13. gr.). Greinin orðist svo:
   Nú er manni veittur íslenzkur ríkisborgararéttur með lögum, og skal hann þá kenna sig svo sem fyrir er mælt í 7.—8. gr.
7. Við 19. gr. Greinin falli niður.
8. Við 24. gr. (verður 18. gr.). 2. mgr. falli niður.

Ed. 143. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til laga um mannanöfn.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 10. gr. Síðari málsgr. falli niður.
2. Við 11. gr. Greinin falli niður.
3. Við 12. gr. Greinin falli niður.
4. Við 16. gr. Greinin falli niður.
5. Við 18. gr. Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði laga þessara“ komi: Dómsmálaráðherra veitir leyfið, enda skal nafnið vera rétt að lögum íslenzkrar tungu.
6. Á eftir 21. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna Hagstofu Íslands nafnbreytingar, er verða eftir lögum þessum.

Nd. 144. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um kirkjuítök og sölu þeirra.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Kirkjuítak er ítak, sem kirkja á.

Ed. 145. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin sent til umsagnar Bóksalafélags Íslands og Prentsmiðjueigendafélags Íslands. Svar hefur borizt frá Bóksalafélagi Íslands, sem leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Umsögn Bóksalafélagsins er prentuð sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. nóv. 1955.

Páll Zóphóníasson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Hermann Jónasson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson.	Guðmundur Í. Guðmundsson.	

Fylgiskjal.

BÓKSALAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 18. nóv. 1955.

Félagið hefur móttekið bréf yðar, dags. 9. nóv. s. l., þar sem beiðzt er umsagnar um frv. til laga um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Félagið hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og leyfir sér að leggja það einróma til, að frumvarpið verði gert að lögum.

Virðingarfyllst,

Í stjórn Bóksalafélags Íslands.

Ragnar Jónsson. Gunnar Einarsson. Valdim. Jóhannsson. Arinbjörn Kristinsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 146. Fyrirspurnir. [113. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um samninga um landhelgina.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Standa yfir samningar um landhelgina og löndunarbannið milli Íslands og Bretlands, þannig að þetta tvennt sé tengt saman?
2. Er nokkur fótur fyrir staðhæfingu brezka blaðsins Fishing News, að þegar hafi verið gerðir samningar um breytingar á fiskveiðatakmörkunum og niðurfellingu löndunarbannsins?
3. Er hugsanlegt, að ríkisstjórnin semji um landhelgismálið án þess að láta þjóðina vita af því áður?

II. Til utanríkisráðherra um fyrirætlanir bandaríska herliðsins á Íslandi.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Standa yfir eða hafa verið gerðir samningar við bandaríska herliðið um Njarðvíkurhöfn?
2. Mundi ríkisstjórnin ljá máls á því að afhenda Bandaríkjamönnum fleiri radarstöðvar á Íslandi en þegar hefur verið gert?

Nd. 147. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um, að kjörskrá sú, er samin var í febrúar 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað 2. okt. 1955.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frumv. verði samþykkt.

Alþingi, 1. des. 1955.

Björn Ólafsson, form.	Ásgeir Bjarnason, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Einar Ingimundarson.

Nd. 148. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Breiðumýrarholt í Árnessýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leitað umsagnar landnámsstjóra, og jarðeignadeildar ríkisins. Mæla þessir aðilar með sölunni, landnámsstjóri þó „í því trausti, að unnið verði að býlafjölgun í Holti". Upplýst er, að hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps mæli með sölunni. — Nefndinni hefur borizt bréf frá landbúnaðarráðuneytinu og skógrækt ríkisins, þar sem þess er óskað, að heimild verði veitt til makaskipta á hluta

af landi skógræktar ríkisins í Hafnarfjarðarhrauni og landi, sem Hafnarfjarðarbær á í Undirhlíðum frá Vatnsskarði norður í Kaldársel. Er þessa óskað vegna fyrirhugaðrar skógræktar, og hefur Hafnarfjarðarbær tjáð sig samþykkan makaskiptunum. Nefndin fellst því á þau fyrir sitt leyti og flytur brtt. þess efnis við frv. — Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt:
   1. Að selja ábúendum Holts í Árnessýslu, þeim Sigurgrími Jónssyni, Vernharði, Herði og Jóni Sigurgrímssonum, eyðijörðina Breiðumýrarholt fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta, enda séu færðar sönnur á, að býlum verði fjölgað í Holti.
   2. Að hafa makaskipti á löndum við Hafnarfjarðarkaupstað þannig, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái hluta af landi skógræktar ríkisins í Hafnarfjarðarhrauni, en láti skógrækt ríkisins hafa þar á móti land í Undirhlíðum frá Vatnsskarði norður í Kaldársel.
2. Við fyrirsögn bætist: og um makaskipti á löndum.

Alþingi, 1. des. 1955.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Jón Pálmason.	Sigurður Guðnason.	

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um tilraunir með kjarnorkuvopn.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beina þeirri áskorun til ríkisstjórna Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands, að þær felli niður allar frekari tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn, a. m. k. á meðan haldið er áfram tilraunum stórveldanna til að ná samkomulagi um bann við framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og eftirlit með, að því banni sé framfylgt.

Greinargerð.

Hinn 1. marz 1954 sprengdu Bandaríkjamenn í tilraunaskyni vetnissprengju í sjó á Kyrrahafi. Afleiðingar þessarar tilraunasprengingar urðu hinar geigvænlegustu og vöktu ugg og andúð um allan heim. Sérstaklega alvarlegar urðu afleiðingar þessarar sprengingar í Japan, þar sem japanskir sjómenn urðu fyrir geislavirku ryki, sem brenndi þá svo, að sumir létu lífið, en aðrir hlutu ævarandi örkuml. Voru þeir þó sumir í hundruð mílna fjarlægð frá sprengjustað. Þá varð fiskur á japönskum fiskimiðum svo geislavirkur, að hann var um hríð óhæfur til neyzlu, og varð að hafa sérstaka gát á, til þess að ekki ylli tjóni á mönnum. Einnig féll geislavirkt regn í Japan, svo að regnvatn varð lífshættulegt og jurtir á ákveðnum svæðum óhæfar til neyzlu.

Þessir alvarlegu atburðir urðu til þess, að um víða veröld var krafan um að banna frekari tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn sett fram með slíkum styrk og hlaut hvartvetna slíkan byr, að hik kom á Bandaríkjastjórn

að framkvæma þær tilraunir, sem á þeim tíma höfðu verið ákveðnar. Hæst risu þessar kröfur að sjálfsögðu í Japan, enda hefur engin þjóð veraldar orðið jafnhart úti í tortímingarbáli kjarnorkueldsins til þessa. En fleiri þjóðir tóku mjög öfluglega undir þessar kröfur, svo sem Ástralíumenn og Nýsjálendingar, og Verkamannaflokkur Bretlands krafðist þess, að brezka ríkisstjórnin freistaði þess að knýja Bandaríkjastjórn til að láta af frekari tilraunum með vetnissprengjur, unz útséð væri, hvort stórveldin gætu náð samkomulagi um að banna framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna.

Hvarvetna voru það vísindamennirnir, sem gerst þekktu hinn algera tortímingarmátt kjarnorkuvopnanna, er skipuðu sér í fylkingarbrjóst þeirra, sem kröfðust þess, að bannað yrði að nota þau, hvort heldur væri í stríði eða í tilraunaskyni. Og í júlímánuði þ. á. birtu níu heimsfrægir vísindamenn frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Frakklandi, Japan og Póllandi, þar á meðal Bertrand Russel og Albert Einstein, ávarp, er þeir höfðu sent stjórnum stórveldanna, þar sem þeir lýsa því af gerhygli hinnar sönnu vísindamennsku, að með tilkomu kjarnorkuvopnanna eigi veröldin aðeins um tvennt að velja, tortímingu eða frið, þar sem engar raunhæfar varnir séu til í kjarnorkustyrjöld og sigur annars styrjaldaraðila yfir hinum sömuleiðis óhugsandi, þar sem báðir hlytu að farast í þeim Surtarloga sem og gervallt mannkyn.

Ljóst er, að sá mikli kraftur, sem fylgt hefur þessum kröfum, hefur náð inn í hin einangruðu salarkynni stríðsherranna í Bandaríkjunum og valdið því, að þeir hafa síðan haldið að sér höndum um frekari tilraunir með vetnissprengjur.

Hins vegar er nú ljóst af fréttum, að snemma í nóvembermánuði þ. á. hafa Rússar sprengt vetnissprengju hátt í lofti einhvers staðar á yfirráðasvæði Sovétríkjanna. Afleiðingar þessarar tilraunasprengingar eru þegar farnar að koma í ljós. Eins og fyrr eru afleiðingarnar uggvænlegastar í Japan. Læknar þar í landi hafa bannað íbúum nokkurra eyja að nota regnvatn, þar sem það sé lífshættulegt sökum geislaáhrifa frá vetnissprengjunni. Brögð munu einnig að því, að menn hafi orðið fyrir geislaáhrifum af regni. Vísindamenn í París segja, að andrúmsloft þar sé sjö sinnum geislavirkara en venjulega, og svipaða sögu er að segja frá Bandaríkjunum.

Þegar vetnissprengja er sprengd hátt í lofti, er ógerlegt að reikna út, hvert geislavirkt ryk getur borizt með hinum hröðu straumum í efri loftlögum né hvar geislavirkt regn getur fallið, svo að lífshættulegt sé. Slíkt gæti alveg eins gerzt hér á landi eins og í Japan, eða hvar sem væri annars staðar. En hér háttar svo til, að hinir óðfúsu „verjendur“ íslenzkrar þjóðar hafa ekki einu sinni gert tilraun til að koma upp sómasamlegum tækjum til að vara þjóðina við, ef hér skyldi falla geislavirkt regn, svo að lífshættulegt væri, eftir tilraunir með vetnissprengjur. Er ekki heldur við því að búast, þar sem Bandaríkjaher hefur að sjálfsögðu ekki talið það hlutskipti sitt hér á landi að verja það, sem óverjandi er, og því ekki talið það í sínum verkahring að koma upp tækjum til að vara þjóðina við lífshættu af kjarnorkugeislum, enda er slíkt í verkahring ríkisstjórnar hvers lands.

Nú er það staðreynd, sem vísindamönnum á sviði kjarnorkuvísinda er ljós, að það þarf ekki kjarnorkustyrjöld til að gerbreyta eða tortíma mannkyninu og öðrum lífverum á vorri jörð. Nægilega margar tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn geta aukið svo geislaáhrif andrúmsloftsins og borizt þaðan beint eða óbeint til allra lífvera, að það nægi til að stöðva tímgun þeirra eða valdi því, að afkvæmin verði ólík því, sem nú er, þannig að nýjar lífverur byggi jörðina framvegis, gerólíkar að eðli og útliti þeim, sem nú lifa. Telja vísindamennirnir ekki útilokað, að þær kjarnorku- og vetnissprengingar, sem nú þegar hafa verið framkvæmdar í tilraunaskyni, geti verið ein meginorsök að þeirri miklu aukningu á fæðingum vanskapaðra barna, sem skýrslur sýna að átt hefur sér stað á síðustu árum. En það mál er ekki fullrannsakað enn þá.

En af þessum atriðum og fjölmörgum öðrum, sem er ekki unnt að gera skil í stuttri greinargerð, má öllum hugsandi mönnum ljóst vera, að hið misvitra mann-

kyn og misvitrir valdhafar nokkurra þjóða hafa fengið í hendur þann voða, að heill og líf mannkyns er í húfi, ef af gáleysi er með farið.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að sérhverjum einstaklingi og sérhverri þjóð, sem sér og skilur þessar uggvænlegu staðreyndir, beri að gera, meðan tími er til, allt það sem hægt er til að koma í veg fyrir þá ógn, sem gervöllu mannkyni er búin af óvarlegri meðferð þeirrar ægiorku, sem nú hefur verið leyst úr læðingi. Þess vegna er tillagan flutt. Okkur er að sjálfsögðu ljóst, að rödd íslenzkrar þjóðar er ekki hávær né vilji hennar og óskir mikils metnar hjá kjarnorkustórveldunum. En þótt svo sé, er það ekki nægileg ástæða til að hafast ekkert að, þegar aðrar þjóðir stórar og smáar, og einstaklingar annarra þjóða leggja sitt lóð á vogarskálarnar, létt eða þungt eftir atvikum, til að reyna að hafa áhrif á þau hamstola öfl, sem leika sér nú með þann eld, sem vitað er að gert getur að engu í ragnarökum alla menningu og framtíð mannkyns á vorri jörð.

Það lætur enginn undir höfuð leggjast að inna það af hendi, sem hann er skyldugur að gera, af þeirri ástæðu einni, að hann telji það fyrir fram mundu verða til minna gagns en hann gjarnan vildi. Og við lítum svo á, að íslenzkri þjóð beri fyrst og fremst skylda til að skipa sér við hlið þeirra, er vilja miðla málum, efla frið og reyna að stöðva það háskalega örlagatafl, sem nú er teflt um heill og líf allra þjóða. Hlutur íslenzkrar þjóðar í samfélagi þjóðanna verður naumast með öðru móti stærri né merkari gerr.

Sþ. 150. Þingsályktun [155. mál]

um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla.

(Afgreidd frá Sþ. 2. des.)

Samhljóða þskj. 60.

Sþ. 151. Þingsályktun [108. mál]

um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs.

(Afgreidd frá Sþ. 2. des.)

Samhljóða þskj. 129.

Nd. 152. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um, að kjörskrá sú, er samin var í febrúar 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað 2. okt. 1955.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar má ekki gefa út bráðabirgðalög milli þinga, nema brýna nauðsyn beri til.

Þess munu fá dæmi hér á landi, að ákvæðum gildandi kosningalaga hafi verið breytt með bráðabirgðalögum, útgefnum milli þinga, rétt fyrir kosningar. En þess eru áreiðanlega engin dæmi, að kjörskrá í einu kjördæmi hafi verið breytt með bráðabirgðalögum rétt fyrir kosningar þvert ofan í skýr ákvæði almennra kosningalaga. Þess vegna eru þau bráðabirgðalög um kjörskrá í Kópavogskaupstað,

sem staðfesta á með þessu frv., í senn algert einsdæmi í sögunni og háskalegt fordæmi, ef Alþingi staðfestir þau.

Ætla mætti, þar sem um svo einstæða og fordæmalausa lagasetningu var að ræða sem bráðabirgðalög þessi voru, að félagsmálaráðherra, sem ber ábyrgð á setningu þeirra, hefði með tilliti til strangra ákvæða stjórnarskrárinnar talið sér skylt að sýna fram á brýnni nauðsyn á setningu þessara bráðabirgðalaga en flestra annarra, bæði í forsendum laganna og í ræðum hér á Alþingi.

Hver var hin brýna nauðsyn, sem bar til þess að setja í fyrsta sinn í sögunni bráðabirgðalög um kosningar í einu kjördæmi?

Það er alkunnugt, að sú nauðsyn var aðeins pólitísks eðlis. Hún var einungis ótti þriggja pólitískra flokka við fylgisleysi meðal kjósenda í Kópavogi, ef kosið yrði eftir þeirri kjörskrá, sem kjósa bar eftir samkv. skýrum ákvæðum laga um sveitarstjórnarkosningar, en 16. gr. þeirra laga mælir svo fyrir, að allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skuli fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá, jafnt aukakosningar sem almennar kosningar, og eru engin dæmi þess, að út af þessu hafi verið vikið — nema í Kópavogi í þetta sinn. Hafa þó aukakosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda oft farið fram og víða um land og verið sóttar með kappi.

Tvær staðreyndir sanna, að bráðabirgðalög þessi voru sett í pólitísku skyni, beinlínis vegna þess, að pólitískur ráðherra, sem lögin setti, taldi ákveðnum pólitískum flokkum hag að því, að ákvæði almennra kosningalaga væru afnumin í einu kjördæmi.

Kópavogsmál voru rædd á síðasta Alþingi oft og rækilega frá því snemma í marz og til 2. maí, er lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað voru endanlega samþykkt. Í þeim umræðum var margrætt um óvenjulega fólksfjölgun í Kópavogshreppi og tölu kjósenda á kjörskrá þar. Meira að segja voru það höfuðrök félagsmálaráðherra sjálfs og félaga hans, er voru flm. frv., um þau einstæðu lög, að íbúum og þar með kjósendum í hreppnum hefði fjölgað svo ört, ekki sízt síðan kosningar fóru þar fram næst áður, en það var í maí 1954, að þess vegna bæri að gera hreppinn að kaupstað og láta nýjar kosningar fara fram þar. Hinn 24. apríl 1955, meðan frv. var enn til umræðu á Alþingi, fór fram almenn atkvæðagreiðsla um það meðal kjósenda í Kópavogshreppi, þeirra sem atkvæðisbærir voru samkvæmt gildandi kjörskrá. Þá héldu flokksbræður ráðherrans því fram opinberlega, m. a. í blaði ráðherrans, að sú atkvæðagreiðsla ætti ekki að fara fram eftir hinni gildandi, löglegu kjörskrá, heldur eftir þeirri kjörskrá, sem ráðherrann síðar löggilti með bráðabirgðalögunum. Þeir töldu sér hana hagstæðari og sínum málstað. Ráðherrann vissi því vel, meðan lögin um bæjarstjórn í Kópavogi voru til umræðu á síðasta Alþingi, bæði um fólksfjölgunina í Kópavogi og auðvitað eigi síður um ákvæði sveitarstjórnarkosningalaganna um, að kjörskrár taki gildi árið eftir að þær eru samdar og að allar sveitarstjórnarkosningar, jafnt aukakosningar sem almennar, skuli fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Hann vissi því vel, að bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi samkvæmt þeim lögum, sem verið var að berja fram á Alþingi, hlytu, að óbreyttum lögum, að fara fram eftir þeirri kjörskrá, sem flokksbræður hans heimtuðu úr gildi. Samt hreyfði hann því ekki á Alþingi, að nauðsyn bæri til að breyta ákvæðum almennra kosningalaga, að því er fyrirhugaðar bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi snerti, vegna fólksfjölgunar þar. Það var geymt, þangað til Alþingi var farið heim. Þá uppgötvaði ráðherrann hina „brýnu nauðsyn“ þess að breyta kosningalögum í þessu sérstaka kjördæmi vegna fólksfjölgunar! Þá löggilti hann með bráðabirgðalögum þá kjörskrá, sem flokksbræður hans og bandamenn þeirra höfðu krafizt þegar í apríl að farið yrði eftir í kosningunum, af því að þeir töldu sér hana hagstæðari, en hún átti samkv. gildandi lögum ekki að taka gildi fyrr en 24. jan. 1956.

Benda má á aðra staðreynd, sem sýnir, að þau einu rök, sem fram eru færð til varnar bráðabirgðalögum þessum, þ. e. að þau hafi verið sett vegna óvenjulega örrar fólksfjölgunar í Kópavogi, eru tylliástæða ein.

Sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram í Kópavogi um það bil tvöfalt oftar en í öðrum sveitarstjórnarkjördæmum landsins á sama tíma. Þannig fóru fram sveitarstjórnarkosningar þar árið 1948, aftur 1950 og enn tvisvar á árinu 1954. Öll þessi ár var fólksfjölgun eins ör og jafnvel örari en á árinu 1954, en til þess er vitnað í forsendum bráðabirgðalaganna, að hún hafi þá verið „hartnær 20 af hundraði". En aldrei hefur félagsmálaráðherra þótt brýna nauðsyn bera til þess að breyta ákvæðum sveitarstjórnarkosningalaga í þessu kjördæmi fyrr en nú í sumar.

Þau bráðabirgðalög, sem Alþingi er með þessu frv. ætlað að staðfesta, hafa þegar haft það gildi og þær verkanir, sem þeim var af löggjafanum ætlað að hafa, þótt ekki næðist sá pólitíski árangur, sem til var ætlazt með setningu þeirra. Bráðabirgðalögin voru miðuð við ákveðinn dag, 2. okt. 1955, er kosið var í Kópavogi. Eftir þann dag tók hin löglega kjörskrá, sem afnumin var með bráðabirgðalögunum, aftur gildi, og hún gildir nú í Kópavogi.

Þótt Alþingi láti hjá líða eða neiti að staðfesta bráðabirgðalögin vegna hins háskalega fordæmis, sem fælist í staðfestingu þeirra, og þau falli því úr gildi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, breytir það engu um gildi þeirra sem laga eða verkanir þann tíma, sem þeim var ætlað að gilda, né heldur lögmæti þeirra bæjarstjórnarkosninga, sem fram fóru í Kópavogi hinn 2. okt. s. l. Það, sem nú veit að Alþingi, er einungis sú spurning, hvort það vilji með staðfestingu laganna leggja blessun sína yfir þann verknað ráðherra að breyta með bráðabirgðalögum fyrir eitt kjördæmi ákvæðum almennra kosningalaga og lýsa þar með yfir, að það telji ráðherrum slíkan verknað heimilan í framtíðinni. Ég tel það óhæfu. Því legg ég til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að þingdeildin telur það mjög varhugavert fordæmi, að ráðherra taki sér vald til þess að breyta með bráðabirgðalögum milli þinga ákvæðum almennra kosningalaga, varðandi kosningafyrirkomulag í einstöku kjördæmi eða kjördæmum við kosningar, er fara fram meðan Alþingi situr ekki, telur deildin ekki rétt að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. des. 1955.

Gunnar Jóhannsson.

Ed. 153. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Stafliður h í 2. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

h. Frá 15. október til febrúarloka: rjúpa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú var skoðun manna um skeið, að friða bæri rjúpur sem mest fyrir veiði, svo að þeim yrði eigi útrýmt úr landinu. Nú þykir sýnt, að fækkun og fjölgun rjúpna lúti ákveðnum lögmálum, en veiði hafi þar minni áhrif en menn ætluðu.

Rjúpnamergð er nú að flestra dómi óvenjumikil hvarvetna á landinu, en búast má við, að rjúpum fækki mjög á næstu árum, hvað sem veiði líður.

Löggjafinn hefur að undanförnu stefnt að því að stytta árlegan veiðitíma rjúpna, þar sem talið var, að veiðar yllu mestu um fækkun þeirra. Samkvæmt gildandi lögum má einungis veiða rjúpur á tímabilinu 15. október til 22. desember. Engin ástæða virðist að banna mönnum nytjar þessa fugls, einkum þar sem vænta má mikillar rjúpnafækkunar á næstu árum þrátt fyrir skamman veiðitíma. Er því með frumvarpi þessu lagt til, að árlegur veiðitími rjúpna verði lengdur til febrúarloka. Fyrr á árum var veiðitíminn frá 20. september til 1. febrúar, sbr. lög nr. 59/1913.

Ed. 154. Frumvarp til laga [116. mál]

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands er sjálfstæð ríkisstofnun, og er markmið hennar að efla framfarir í íslenzkum iðnaði og koma á hagkvæmari vinnubrögðum í iðnaðarframleiðslu og vörudreifingu með því að:

1. Fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, er iðnað stunda og við vörusölu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun.
2. Veita tæknilega aðstoð m. a. með leiðbeiningum um endurbætur á vélum, húsakynnum, vinnutilhögun og meðferð hráefna.
3. Rannsaka afköst í einstökum greinum iðnaðarins og kynna niðurstöðurnar, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtækin og tæknifræðsluna í landinu.
4. Gera athuganir til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðar og vörudreifingar.
5. Koma á fót og sjá um rekstur á tæknilegu bókasafni.
6. Annast útgáfu tímarits um tæknileg efni.
7. Gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og kvikmyndasýningum um vinnuvísindi og tækni.
8. Stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, verkfræðilegum og verklegum greinum, og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland. Iðnaðarmálastofnunin skal þó ávallt nýta þekkingu og störf innlendra sérfræðinga, eftir því sem kostur er á.
9. Hafa samband og samstarf við hliðstæðar erlendar tæknistofnanir og eiga aðild að alþjóðlegum samtökum slíkra stofnana.
10. Afla upplýsinga um innlenda iðnaðarstarfsemi og aðstoða Hagstofu Íslands um útgáfu iðnaðarskýrslna.
11. Leggja grundvöll að viðurkenndum mælikvörðum eða fyrirmyndum (standards) fyrir íslenzka iðnaðarframleiðslu í samræmi við það, er bezt þekkist erlendis, og stuðla að því, að komið verði á gæðamati iðnaðarvara.
12. Efla samvinnu milli framleiðenda, stofnana og félagssamtaka innanlands um viðleitni til framfara í íslenzkum iðnaði og vörudreifingu og hafa náið samstarf við þá aðila um þessi mál.

Iðnaðarmálastofnunin kynnir almenningi árangur af störfum stofnunarinnar, eftir því sem aðstæður leyfa.

2. gr.

Iðnaðarmálastofnunin skal vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða, meðal annars með því að:

1. Fylgjast með eða hafa forgöngu um rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, og skila árlegri álitsgerð til ríkisstjórnarinnar um þessi mál.
2. Vekja athygli ríkisstjórnarinnar á því, ef fluttur er inn fullunninn varningur þeirrar tegundar, sem unnt þykir og hagkvæmt að fullvinna í landinu sjálfu.

II. KAFLI
Fjármál.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal árlega, eigi síðar en í ágústmánuði, gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda hana til ráðherra með rökstuddri greinargerð.

Engar greiðslur má inna af hendi utan fjárhagsáætlunarinnar nema með samþykki ráðherra.

Reikningsár stofnunarinnar skal vera almanaksárið.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru sem hér segir:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar árlega á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til meiri háttar verkefna, sem stofnuninni verða falin af hinu opinbera, enda skal lögð fram sérstök fjárhagsáætlun í hvert skipti.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir.

III. KAFLI
Stjórn og skipulag.

5. gr.

Ráðherra skipar stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar til 4 ára í senn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum, og tilnefni hvert eftirtalinna félagasamtaka einn fulltrúa:

Félag ísl. iðnrekenda, Iðnsveinaráð A. S. Í., Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi þessara manna.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

6. gr.

Stjórnin skal koma saman til fundar a. m. k. hálfsmánaðarlega, en auk þess þegar 2 eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Halda skal gerðabók um alla fundi stjórnarinnar.

Stjórnin ákveður, að hvaða verkefnum Iðnaðarmálastofnunin skuli vinna hverju sinni.

Stjórnin skal ársfjórðungslega gefa ráðherra skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki ráðherra, er ákveður laun hans.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum störfum Iðnaðarmálastofnunarinnar og annast um fjárreiður hennar. Hann gerir stjórninni grein fyrir störfum stofnunar-

innar á milli funda, undirbýr þau mál, er stjórnin á að fjalla um, og annast um framkvæmdir á samþykktum hennar. Framkvæmdastjóri gerir tillögur til stjórnarinnar um skipun sérstakra nefnda, sérfræðinga eða fulltrúa samtaka til þess að fjalla um ákveðin verkefni, svo sem byggingarmál, verzlunarmál o. s. frv.

8. gr.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri að fengnu samþykki stjórnarinnar og ráðherra, sem einnig ákveður laun þess í samræmi við launalög ríkisins. Skal stjórnin setja nánari starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra og annað starfsfólk Iðnaðarmálastofnunarinnar.

9. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

10. gr.

Iðnaðarmálastofnunin skal eiga aðgang að upplýsingum, er opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða störf hennar og tilgang.

11. gr.

Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við Atvinnudeild háskólans og aðrar opinberar rannsóknarstofnanir um þær tilraunir og rannsóknir, sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma, og skulu rannsóknarstofnanir þessar veita henni þá aðstoð, sem þeim er unnt, enda komi fullt gjald fyrir.

12. gr.

Stofnuninni er heimilt að taka að sér verkefni í samræmi við ákvæði 1. gr. laga þessara fyrir hvern þann aðila, er til hennar leitar, enda komi fullt gjald fyrir. Skulu slík mál vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þess, sem unnið er fyrir, og má stofnunin ekki opinbera þau, nema með samþykki aðila.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um nánari framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 13. sept. 1955 skipaði Ingólfur Jónsson, iðnaðarmálaráðherra, 5 manna nefnd til þess að endurskoða frumvarp til laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands (fylgiskjal I), það er lá fyrir síðasta Alþingi, og gera á því þær breytingar, sem æskilegar þykja.

Í nefndina voru skipaðir: Gísli Jónsson alþm., Harry Frederiksen framkvæmdastjóri, Óskar Hallgrímsson, rafvirki, Eggert Jónsson framkvæmdastjóri og Páll S. Pálsson framkvæmdastjóri, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni var ætlað að ljúka störfum, áður en Alþingi kæmi saman hinn 8. okt. þ. á.

Nefndin hafði til hliðsjónar við starf sitt öll skrifleg gögn, sem 7 manna nefndin, er samdi áðurnefnt frumvarp, studdist við. Auk þess tók nefndin til sérstakrar athugunar starfsreglur til bráðabirgða fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands, er Ingólfur Jónsson iðnaðarmálaráðherra gaf út hinn 15. júní 1955 og stofnunin starfar eftir í dag (fskj. II), svo og tillögur um frv. til laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands, frá 16. nóv. 1954, samdar af þremur verkfræðingum stofnunarinnar.

Hinn 15. júní endurskipaði ráðherra stjórn stofnunarinnar í samræmi við ákvæði 7. tl. starfsreglnanna, og eiga nú sæti í henni þessir menn: Kristjón Kristjónsson, fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, Björgvin Frederiksen, forseti Landssambands iðnaðarmanna, Magnús Brynjólfsson, í stjórn Verzlunarráðs Íslands, Óskar Hallgrímsson, formaður Iðnsveinaráðs A. S. Í., og Páll S. Pálsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt marga fundi og varð sammála um frumvarp til laga í nýrri mynd, með þeim fyrirvara, er hér greinir: Gísli Jónsson tekur fram, að hann sé efnislega samþykkur frumvarpinu að öðru leyti en því, að hann leggur til, að 5. gr. orðist svo: „Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Skulu fjórir þeirra kjörnir í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum alþingiskosningum, en ráðherra skipar fimmta manninn til sama tíma, og er hann formaður stjórnarinnar. Jafnmarga varamenn skal kjósa og skipa á sama hátt. Ráðherra ákveður laun fyrir stjórnarstörf."

Einnig áskilur Gísli Jónsson sér rétt til að fylgja fram tillögum, sem fram kunna að koma á Alþingi, og bera fram breytingartillögur, einkum hvað snertir orðalag og niðurröðun kafla og greina frumvarpsins.

Aðrir nefndarmenn hafa orðið sammála um að leggja til, að núgildandi fyrirkomulag um skipun stjórnar stofnunarinnar verði lögfest. Stjórn stofnunarinnar í þessari mynd á aðeins fárra mánaða starfsferil að baki, og telja þeir því rétt að láta reynsluna skera úr um, hversu vel muni hafa til skipazt. Haggar þessi tillaga um skipun stjórnarinnar ekki þeirri staðreynd, að skiptar skoðanir eru meðal tillögumanna um það, hvaða samtök eigi að hafa rétt til útnefningar fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Einkum vilja þeir nefndarmanna, sem þátt áttu í samningu 7 manna frumvarpsins í fyrra, benda á þá lausn, sem þar kemur fram, þó að fleiri samtök en þar eru greind komi vissulega til álita, sbr. fskj. III. Nefndarmennirnir 4 telja betur tryggt, að valdir verði í stjórnina kunnugustu mennirnir á starfsvettvangi stofnunarinnar með því að samtök tilnefni þá, heldur en þeir séu kosnir af sameinuðu Alþingi.

Um einstakar greinar frumvarpsins vill nefndin taka þetta fram:

Um 1. gr.

Þó að höfuðmarkmið Iðnaðarmálastofnunarinnar sé, eins og nafnið bendir til, að vera íslenzkum iðnaði til aðstoðar, þá hefur reynsla annarra þjóða í þessum efnum sýnt, að fullum árangri verður ekki náð, nema jafnhliða sé unnið að endurbótum á sviði vörudreifingar. Heimsóknir erlendra vörudreifingarsérfræðinga í sumar hafa sýnt, að mikill áhugi er meðal verzlunarmanna og iðnrekenda um endurbætur á sviði vörudreifingar, er verði til hags framleiðslunni, verzluninni og síðast en ekki sízt neytendum í landinu. Miklar vonir eru tengdar við nýbreytni sjálfsafgreiðslufyrirkomulags í verzlunum, en Iðnaðarmálastofnunin hefur gengizt fyrir komu erlendra sérfræðinga til þess að kynna almenningi þessi mál. Dreifingartæknin er orðin þáttur í starfi stofnunarinnar, og er það í samræmi við þróunina í nágrannalöndunum, t. d. í Noregi og Danmörku.

1. gr. frumvarpsins er svo ýtarleg, að hún þarfnast ekki mikilla skýringa við.

Samkv. 1.—4. tölulið er ætlazt til, að stofnunin stuðli að lækkuðum framleiðslu- og dreifingarkostnaði og betri iðnaðarframleiðslu með tæknilegum leiðbeiningum og aðstoð. Stofnunin hefur nú starfandi í þjónustu sinni 3 verkfræðinga, er annast þessi verkefni.

Samkv. 5. tölulið er stofnuninni ætlað að koma á fót og sjá um rekstur á tæknilegu bókasafni. Stofnunin hefur unnið að undirbúningi þessa máls og varið til þess talsverðu fé, og er nú svo komið, að áður en langt um líður geta áhugasamir einstaklingar á tæknilegum sviðum átt þess kost að notfæra sér bókasafn við þeirra hæfi. Verkfræðingar, iðnfræðingar, iðnaðarmenn og nemendur í þessum greinum þurfa að eiga aðgang að slíku safni. Fagbækur eru of dýrar til þess að einstaklingar hafi efni á að eignast þær. Þess vegna getur þetta starf stofnunarinnar haft mikla þýðingu fyrir tæknimenntun landsmanna.

6. tölulið nefnir útgáfu tímarits um tæknileg efni. Stofnunin hefur um skeið gefið út tímaritið „Iðnaðarmál", og virðist það eiga vinsældum að fagna. Stofnuninni er nauðsynlegt að gefa út tímarit til kynningar á starfsemi sinni og til frásagna um ýmsar nýjungar á tæknilegum sviðum.

7. tölulið þarfnast ekki skýringar við.

8. tölulið snertir þann starfsþáttinn, sem mjög hefur reynt á undanfarna mánuði og sýnir, hve mikil þörf var á miðstöð sem Iðnaðarmálastofnun Íslands til milligöngu um kynnisferðir íslenzkra manna til erlendra ríkja, þar sem tæknin er talin vera á fullkomnustu stigi.

9. tölulið: Iðnaðarmálastofnunin hefur þegar hafið samstarf með sams konar stofnanir á Norðurlöndum og víðar.

10. tölulið: Skýrslur um starfsgetu og afköst íslenzka iðnfyrirtækja vantar tilfinnanlega, einkum fyrir hið opinbera í sambandi við ráðstafanir, er snerta einstakar iðnaðargreinar, svo sem um innflutning véla, efnivara o. fl. Þá þykir eðlilegt, að stofnunin veiti Hagstofu Íslands fullan stuðning við útgáfu iðnaðarskýrslna, í líku formi og Hagstofan hefur þegar byrjað á.

11. tölulið: Mjög hefur þótt á skorta hingað til og valdið tímatöfum og tjóni, að engin stofnun í landinu hefur almennt haft það hlutverk með höndum að ákveða fyrirmyndir (standards) til viðmiðunar fyrir iðnaðarframleiðslu, til leiðbeiningar fyrir innflytjendur iðnaðarvara og hagræðis fyrir neytendur í landinu. Svo að nefnt sé dæmi, sem allir kannast við, er mjög á reiki um það, hvaða númer fatnaðarstærða viðskiptamenn eiga að velja sér, þegar komið er í sölubúðir, af því að ekki eru enn fyrir hendi viðurkennd íslenzk „standard"-númer, og hið sama er uppi á teningnum á ýmsum öðrum sviðum. Stofnunin hefur viðað að sér erlendis frá ýmsum upplýsingum um þetta efni og ætti því, áður en langt um líður, að hafa aðstöðu til að vinna þarna mikið og þarft verk, ef hún hefur lagalegan stuðning að baki.

12 tölulið: Stofnunin hefur þegar sýnt, að hægt er að efna til farsæls samstarfs milli mismunandi hagsmunahópa um stefnumál stofnunarinnar, og telja má þýðingarmikið atriði fyrir störf hennar í framtíðinni, að svo megi ávallt verða. Í lok 1. gr. er lögð áherzla á það, að almenningi sé kynntur árangur af störfum stofnunarinnar, því að hún er rekin fyrir almannafé og almenningur á að njóta ávaxtanna af störfum hennar.

Um 2. gr.

Greinin er allmiklu ýtarlegri en hún var í fyrra frumvarpinu. Þykir nefndinni fara betur á því, að í meginatriðum komi fram í frumvarpinu, á hvern hátt stofnunin geti verið ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða.

Um 3.—4. gr.

Fjárhagsáætlun á að liggja fyrir hverju sinni, áður en fjárlög næsta árs eru samin. Stofnuninni er ætlað að vera ríkisstofnun, eins og fram kemur í 1. gr., og aðaltekjur hennar verði hið árlega framlag, sem veitt er til hennar hverju sinni á fjárlögum. Þegar stofnunin leysir af höndum tiltekin verkefni að beiðni einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra stofnana, þykir rétt, að full greiðsla komi fyrir.

Um 5. gr.

Vísast til þess, sem ritað er í upphafi þessarar greinargerðar.

Um 6. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 7. gr.

Ákvæðið um skipun sérstakra nefnda er byggt á fenginni reynslu stofnunarinnar og á sér fordæmi hjá hliðstæðum stofnunum erlendis, sbr. fskj. III.

Um 8.—9. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 10.—11. gr.

Nauðsynlegt er, að traust samvinna komist á með Iðnaðarmálastofnuninni og öðrum opinberum stofnunum um skipti á upplýsingum og um gagnkvæma þjónustu.

Um 12. gr.

Ekki getur hjá því farið, er stofnunin tekur að sér verkefni til úrlausnar fyrir einstaka aðila, að hún komist að ýmsum framleiðsluleyndarmálum, sem eru séreign verkbeiðanda, og þykir rétt að tryggja, að þeim verði eigi ljóstrað upp.

Um 13. gr.

Þótt ákvæði frumvarps þessa séu ýtarleg, er verksviðið svo víðtækt og lítt kannað í framkvæmd, að rétt þykir að hafa opna leið til þess að fylla í eyðurnar með reglugerðarákvæðum innan ramma laganna.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

I. KAFLI
Tilgangur.

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands er sjálfstæð stofnun og er tilgangur hennar að efla framfarir í íslenzkum iðnaði, m. a. með því að:

1. Stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð iðnaðarframleiðslunnar með því að kynna þeim, er iðnað stunda, tæknilegar nýjungar og veita þeim leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun.
2. Rannsaka mikilvægi einstakra þátta í framleiðni (produktivitet) iðnaðarins og kynna árangurinn, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtækin og tæknifræðsluna í landinu.
3. Efla samvinnu milli framleiðenda, stofnana og félagasamtaka innanlands um viðleitni til framfara í íslenzkum iðnaði, og hafa náið samstarf við þá aðila um þessi mál.
4. Leggja grundvöll að viðurkenndum mælikvörðum eða fyrirmyndum (standards) fyrir íslenzka iðnaðarframleiðslu, í samræmi við það, er bezt þekkist erlendis, og stuðla að því að komið verði á gæðamati iðnaðarvara.
5. Vinna að því, í samráði við Hagstofu Íslands, að ár hvert sé gefin út heildarskýrsla um iðnaðarmálin í landinu.
6. Hafa samband og samstarf við hliðstæðar erlendar tæknistofnanir.

Stofnunin skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða, öðrum en fiskiðnaði.

Veita skal almenningi aðgang að því að njóta árangurs af störfum stofnunarinnar, eftir því sem frekast eru föng á.

II. KAFLI
Fjármagn.

2. gr.

Fé skal veitt til stofnunarinnar árlega á fjárlögum.

III. KAFLI
Stjórn og skipulag.

3. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til 4 ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar, en 7 fulltrúar eiga sæti í stjórninni að fengnum tillögum eftirtalinna félagasamtaka, þannig:

1 samkvæmt tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda.
1 — — Landssambands iðnaðarmanna,
1 — — Sambands ísl. samvinnufélaga,
1 — — Vinnuveitendasambands Íslands,
1 — — Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands,
2 — — Alþýðusambands Íslands, og skal annar vera fulltrúi iðnverkafólks.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Allar ákvarðanir stjórnarinnar verða að vera samþykktar með atkvæðum meiri hluta stjórnarmanna.

4. gr.

Stjórnin skal koma saman eigi sjaldnar en mánaðarlega, en auk þess þegar formaðurinn eða minnst þrír stjórnarmenn óska þess. Boða skal til fundar með minnst 3 daga fyrirvara og láta málaskrá fylgja fundarboði.

Halda skal gerðabækur um alla fundi.

5. gr.

Daglegum störfum stofnunarinnar stýrir framkvæmdastjóri, ráðinn af stjórninni, sem einnig ákveður laun hans, að fengnu samþykki ráðherra.

Framkvæmdastjórinn skal undirbúa mál þau, sem stjórnin á að fjalla um. Hann skal sitja fundi hennar og annast um framkvæmdir á samþykktum stjórnarinnar.

6. gr.

Stjórnin skal:

1. Ráða annað starfslið stofnunarinnar, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, og ákveða laun þess í samráði við ráðherra.
2. Setja starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra og starfsfólk.
3. Samþykkja fjárhagsáætlun.
4. Taka ákvarðanir um einstakar aðgerðir til eflingar framleiðslunni, sbr. 1. grein.
5. Gæta þess að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við lög þessi og reglugerð.
6. Ganga frá ársreikningum. Reikningsárið skal vera almanaksárið.
7. Ráða endurskoðanda, setja honum erindisbréf og samþykkja reikningana eftir skýrslum endurskoðandans.
8. Ganga frá ársskýrslum fyrir árið.
9. Sjá um að ársuppgjör stofnunarinnar fari til endurskoðunar á sama hátt og rekstrarreikningar ríkisstofnana.

IV. KAFLI
Yfirstjórn.

7. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

V. KAFLI
Um gildistöku laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan iðnaðarmálaráðherra af 7 mannan nefnd, er skipuð var 20. febrúar s. l.

Ríkisstjórnin hefur gert örfáar breytingar á frumvarpinu. Sú veigamesta er við 1. gr., næst síðustu málsgrein, þar sem bætt er við orðunum: „öðrum en fiskiðnaði". Er breytingin tilkomin vegna þess, að svo er til ætlazt, að Fiskifélag Íslands sé ríkisstjórninni til ráðuneytis í þessum málum, og er það samkvæmt vilja stærstu samtaka fiskiðnaðarins.

Tillögum nefndarinnar fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Hinn 20. febr. s. l. skipaði hr. Ingólfur Jónsson, iðnaðarmálaráðherra, sjö manna nefnd til þess að semja lög og reglur um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Skipaðir voru í nefndina:

Kristján Jóh. Kristjánsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, Björgvin Frederiksen, formaður Landssambands iðnaðarmanna, Benedikt Gröndal, í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands, Óskar Hallgrímsson, formaður Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands, Kristjón Kristjónsson, framkvæmdastjóri, fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, Þorsteinn Gíslason, verkfræðingur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og Páll S. Pálsson, lögfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Um það leyti, er nefndin hóf störf, hinn 26. febr. s. l., var sú breyting gerð á skipan hennar, að Kristjón Kristjónsson var að eigin ósk leystur frá störfum sem fulltrúi í nefndinni, en ráðuneytið skipaði í hans stað Harry Frederiksen, framkvæmdastjóra iðnaðardeildar Sambands ísl. samvinnufélaga. Jafnframt skipaði ráðuneytið Kristjón Kristjónsson til þess að vera varaformann nefndarinnar.

Þegar nefndin hafði að miklu leyti lokið störfum, þ. e. í september s. l., hvarf Þorsteinn Gíslason af landi burt til allt að tveggja mánaða dvalar erlendis. Að ábendingu formanns nefndarinnar skipaði ráðuneytið Gísla Hermannsson, verkfræðing hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, til þess að gegna störfum sem varamaður Þorsteins.

Nokkuð tafði störf nefndarinnar, að einstakir nefndarmenn voru erlendis um vor- og sumartímann um lengri og skemmri tíma.

Ráðuneytið lagði hins vegar áherzlu á, að nefndin skilaði sameiginlegu áliti í frumvarpsformi fyrir næsta reglulegt Alþingi, og hefur nefndin stefnt að því marki.

Nefndin hefur nú lokið störfum og sendir hér með tillögur sínar í frumvarpsformi til hins háa ráðuneytis.

Um frumvarpið sjálft er það að segja, að nefndin hafði til hliðsjónar við samningu þess að nokkru leyti frumvarpstillögur frá þriggja manna nefnd, sem séð hefur um stofnsetningu og byrjunarrekstur Iðnaðarmálastofnunarinnar og að öðru leytinu samþykktir og starfsreglur frá nágrannalöndunum um sams konar stofnanir þar.

Einnig hafði nefndin til athugunar eins konar sýnishorn af tillögum til uppbyggingar á tæknistofnunum af þessu tagi, samdar til leiðbeiningar fyrir þátttökuríki í vestrænni samvinnu um tæknileg framfaramál.

Þá athugaði nefndin einnig öll þingskjöl, sem fram hafa komið varðandi tæknimiðstöð fyrir iðnaðinn, og skýrslur, sem birzt hafa um aðdragandann að stofnuninni.

Nefndin telur, að stofnun sem þessi, eigi nauðsynlegu hlutverki að gegna í íslenzku athafnalífi. Ríkisvaldinu beri að styðja hana og styrkja, en stofnunin eigi þó að vera sjálfstæð að formi til og lúta eins konar sjálfstjórn, er skipuð sé fulltrúum atvinnurekenda í iðnaði og vinnuþega við iðnaðarstörf.

Var fullkomið samkomulag innan nefndarinnar um markmið stofnunarinnar og skipulag.

Óskir bárust til ráðuneytisins og einnig beint til nefndarinnar frá ýmsum félagasamtökum um aðild að stjórn stofnunarinnar, m. a. frá Verkfræðingafélagi Íslands, Iðnfræðingafélagi Íslands, Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Iðnfræðsluráði og Neytendasamtökum Reykjavíkur.

Þessi þáttur frumvarpsins, stjórnaraðildin, varð tilefni til mikilla umræðna og athugana í nefndinni, en að lokum varð samkomulag um að leggja til, að stjórnin yrði skipuð með þeim hætti, er segir í 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt skipunarbréfinu átti nefndin að semja frumvarp til laga um „Iðnaðarmálastofnun Íslands", svo að nefndin hefur ekki gert tillögur til breytinga á nafni stofnunarinnar, en telur þó að stytta megi að ósekju nafnið í „Iðnaðarstofnun Íslands".

Nefndin telur miklu varða, að gengið verði frá lögum og starfsreglum fyrir stofnunina eins fljótt og kostur er á, því að óhjákvæmilega háir það störfum stofnunarinnar, að óvissa ríkir enn um skipulag hennar og stjórn.

Reykjavík, 9. okt. 1954.

Páll S. Pálsson. Björgvin Frederiksen. Harry Frederiksen.
Óskar Hallgrímsson. Kr. Jóh. Kristjánsson. Ben. Gröndal.
Gísli Hermannsson.

Fylgiskjal II.

Starfsreglur fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Þangað til starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands verður ákveðin með sérstökum lögum, setur ráðuneytið eftirfarandi starfsreglur fyrir stofnunina:

Heiti:

Stofnunin skal heita Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Markmið:

Markmið stofnunarinnar er að efla framfarir í íslenzkum iðnaði og koma á hagkvæmari vinnubrögðum í iðnaðarframleiðslu og vörudreifingu með því að:

1. Kynna þeim, er iðnað stunda og við vörusölu fást, tæknilegar nýjunar og veita þeim leiðbeiningar, sem miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun. Stofnunin leitast við að ná þessu marki með því að koma á fót og sjá um rekstur á tæknilegu bókasafni, enn fremur með tæknilegri aðstoð til fyrirtækja, útgáfu tímarits um tæknileg efni, námskeiðum, fyrirlestrum og kvikmyndasýningum um vinnuvísindi og tækni.
2. Stuðla að því, að íslenzkir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, verkfræðilegum og verklegum greinum, og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland, m. a. fyrir milligöngu Efnahagssamvinnustofnunarinnar og annarra alþjóðlegrar starfsemi, og með aðild að Framleiðniráði Evrópu (EPA).

3. Afla upplýsinga um innlenda iðnaðarstarfsemi og aðstoða Hagstofu Íslands um útgáfu iðnaðarskýrslna.
4. Undirbúa og hefja gerð íslenzkra „standarda".
5. Efla samvinnu milli framleiðenda, stofnana og félagssamtaka innanlands um viðleitni til framfara í íslenzkum iðnaði og vörudreifingu og hafa náið samstarf við þá aðila um þessi mál.
6. Að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða.
7. Þar til öðruvísi er ákveðið, skal stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands vera í höndum sérstakrar stjórnarnefndar. Stjórnarnefndin ræður sér framkvæmdastjóra í samráði við ráðherra. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar, en stjórnarnefndin ákveður þær höfuðlínur, verkefni og reglur, sem stofnunin starfar eftir.
8. Í stjórnarnefnd skipar ráðherra, auk þriggja manna, sem fyrir eru í stjórn stofnunarinnar, tvo menn, annan samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, en hinn samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands. Ráðherra ákveður, hver þessara manna skal vera formaður stjórnarnefndar.
9. Stjórnarnefndin skal koma saman til fundar hálfsmánaðarlega og oftar, ef þörf krefur. Skal framkvæmdastjórinn leggja fyrir hvern fund skýrslu um störf stofnunarinnar síðan næsti fundur þar á undan var haldinn. Engin meiri háttar verkefni skal stofnunin taka að sér eða hefjast framkvæmda á nema með samþykki stjórnarnefndar og ráðherra.
10. Fjárhagsáætlunin er einnig háð samþykki ráðherra. Engar greiðslur má inna af hendi fyrir utan fjárhagsáætlunina nema með heimild stjórnarnefndar að fengnu samþykki ráðherra.
11. Framkvæmdastjóri ræður starfslið stofnunarinnar í samráði við stjórnarnefnd og ráðherra, og skulu laun þess ákveðin í samráði við ráðherra.
12. Framkvæmdastjóri gerir tillögur til stjórnarnefndar um skipun sérstakra nefnda, sérfræðinga eða fulltrúa samtaka til að fjalla um ákveðin verkefni, t. d. verzlunarmál, byggingarmál o. fl.
13. Stjórnarnefndin skal gefa ráðherra ársfjórðungslega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

Reykjavík, 15. júní 1955,

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

Fylgiskjal III.

Samþykktir fyrir Norsk Produktivitetsinstitut.

1. kafli.

Tilgangur.

1. gr.

Norsk Produktivitetsinstitut er sjálfstæð stofnun með heimilisfangi í Osló.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni framleiðslugetu í verksmiðjurekstri, handiðn og vörudreifingu til hagsbóta fyrir neytendur, verktaka og eigendur.

Aðalverkefni hennar skulu vera:

1. Að framkvæma rannsóknir til þess að draga skýrt fram þýðingu einstakra þátta framleiðslugetunnar og veita upplýsingar um þá.
2. Að leita ráða til þess að auka framleiðslugetuna, vinna að því að koma þeim í framkvæmd hjá fyrirtækjum og bæta námsefni og fræðslunámskeið.
3. Að hafa samstarf við og efla samvinnu milli stofnana og félagssamtaka innan verkahrings stofnunarinnar.

4. Að veita styrki til opinberra, einka- eða samvinnusamtaka eða stofnana í þeim tilgangi, sem greinir í 1. tl.

Veita skal almenningi aðgang að því að njóta árangurs af störfum stofnunarinnar, eftir því sem frekast eru föng á.

2. kafli.
Fjármagn.

3. gr.

Til þess að koma stofnuninni á fót veitir Stórþingið 15.26 milljónir króna þannig:

a. 5 millj. króna á fjárlögum.
b. 10.6 millj. króna af andvirði heildarframlags að upphæð 4 millj. dollara, sem hin gagnkvæma öryggismálastofnun Bandaríkjanna veitir til framleiðsluaukningar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Noregs.

4. gr.

Af því fé, er í 3. gr. getur, skal leggja 5 millj. króna í stofnsjóð.

Höfuðstól stofnsjóðsins má ekki skerða, og skal ávaxta hann sem fé ómyndugra. Rentur sjóðsins má aðeins nota til þess að greiða rekstrarútgjöld stofnunarinnar.

5. gr.

Af fé því, er í 3. gr. getur, skal leggja 10.26 millj. króna í framkvæmdasjóð.

Þennan sjóð skal nota til aukningar framleiðsluafkasta í samræmi við það, er greinir í 2. gr. 1.—3. tl.

Þar til sjóðnum hefur verið ráðstafað, skal ávaxta hann sem fé ómyndugra.

6. gr.

Fjármagnið er hægt að auka með frekari fjárveitingum og styrkjum frá félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Sá, er styrkinn veitir, skal ákveða, hvort hann renni í stofnsjóð eða framkvæmdasjóð.

3. kafli.
Stjórn og skipulag.

7. gr.

Starfsemi stofnunarinnar skal stjórnað af ráði, sem í eiga sæti formaður og 23 meðlimir með persónulegum varamönnum. Ráðið er skipað af konungi, meðlimir þess eftir tilnefningu eftirtalinna félagasamtaka og stofnana, þannig að þau fái fulltrúa sem hér segir:

Arbeidernes Faglige Landsorganisation	7	fulltr.
Den Norske Ingeniörforening	1	—
Norges Arbeidslederforbund	1	—
Norges Handelsstands Forbund	2	—
Norges Handelshögskole	1	—
Norges Håndverkerforbund	1	—
Norges Industriforbund	2	—
Norges Ingeniör og Teknikerorganisation NITO	1	—
Norges Kooperative Landsforening	1	—
Norges Tekniske Högskole	1	—
Norsk Arbeidsgiverforening	4	—
Statens Teknologiske Institut	1	—

Ráðið er skipað til fjögra ára í senn.

Ráðið er ályktunarfært þegar minnst helmingur meðlima þess er viðstaddur.

Þóknun til meðlima ráðsins skal ákveðin í samræmi við nefndarreglugerð ríkisins.

8. gr.

Innan ráðsins skal vera sérstök framkvæmdanefnd skipuð formanni ráðsins og 9 meðlimum, þar af tilnefna:

Arbeidernes Faglige Landsorganisation	3 fulltr.
Norges Handelsstands Forbund	1 —
Norges Håndverkerforbund	1 —
Norges Industriforbund	1 —
Norsk Arbeidsgiverforening	1 —
Norges Kooperative Landsforening	1 —
Rannsóknar- og menntastofnanir þær, sem fulltrúa eiga í ráðinu sameiginlega	1 —

Tilnefna skal persónulega varamenn fyrir fulltrúa samtakanna í framkvæmdanefndina. Hinn persónulegi varamaður formanns skal einnig vera varamaður hans í framkvæmdanefndinni.

Framkvæmdanefndin er ályktunarfær þegar minnst 6 meðlimir hennar eru viðstaddir.

9. gr.

Ráðið skal skipa:

Nefnd til þess að fjalla um þau mál, er sérstaklega varða handiðn.

Nefnd til þess að fjalla um þau mál, er sérstaklega varða vörudreifingu.

Nefnd til þess að fjalla um þau mál, er sérstaklega varða verksmiðjurekstur.

Framkvæmdanefndin getur auk þess skipað nefndir til þess að fjalla um einstök mál.

10. gr.

Allar ákvarðanir ráðsins og framkvæmdanefndarinnar verða að vera samþykktar með minnst ¾ greiddra atkvæða.

11. gr.

Ráðið skal koma saman einu sinni á ári, auk þess þegar formaðurinn eða minnst fjórir meðlimir þess telja það æskilegt. Boða skal til fundar með minnst 8 daga fyrirvara og láta málaskrá og skjöl fylgja fundarboði.

Framkvæmdanefndin skal koma saman þegar formaður eða minnst tveir meðlimir óska þess.

Halda skal gerðabækur um alla fundi.

12. gr.

Daglegum störfum stofnunarinnar stýrir framkvæmdastjóri, ráðinn af ráðinu, sem einnig ákveður laun hans.

Framkvæmdastjórinn skal undirbúa mál þau, sem ráðið eða framkvæmdanefndin eiga að fjalla um. Hann skal sitja fundi þeirra og annast um framkvæmdir á samþykktum þeirra.

13. gr.

Framkvæmdanefndin skal:

1. Ráða annað starfslið stofnunarinnar og ákveða laun þess.
2. Setja starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra og starfsfólk.
3. Taka ákvörðun um lífeyrisframlag, sem þá verður að fá staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.
4. Ákveða fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir hvert starfsár með samþykki ráðsins (sbr. 14. gr.).
5. Taka ákvarðanir um einstakar aðgerðir til eflingar framleiðslugetunnar.
6. Ávaxta fjármagn stofnunarinnar.
7. Ganga frá ársreikningum. Reikningsárið skal vera almanaksárið.
8. Leggja fram ársskýrslu fyrir árið.

14. gr.

Ráðið skal:

1. Gæta þess, að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við samþykktirnar.
2. Samþykkja fjárhagsáætlun og starfsáætlun, sbr. 13. gr. 4. tl.
3. Ákveða þóknun til meðlima framkvæmdanefndarinnar.
4. Fjalla um og samþykkja ársskýrsluna, áður en hún verður birt.
5. Ráða endurskoðanda, setja honum erindisbréf og samþykkja reikningana eftir skýrslu endurskoðandans.
6. Fjalla um öll þau mál, er hafa grundvallarþýðingu eða eru sérstaklega mikilvæg.
7. Fjalla um þau mál, er framkvæmdanefndin leggur fyrir það.
8. Setja framkvæmdanefndinni nánari fyrirmæli.

4. kafli.

Ársskýrslan.

15. gr.

Ársskýrsla sú, er greinir í 13. gr. 5. tl., skal ásamt reikningsyfirliti prentuð og birt, þegar ráðið hefur samþykkt hana samkv. 14. gr. 4. og 5. tl.

5. kafli.

Breytingar á samþykktum o. fl.

16. gr.

Eftir tillögum framkvæmdanefndar, samþykktum af ráðinu, getur Stórþingið gert breytingar á samþykktum þessum eða samþykkt að leggja stofnunina niður og tekið ákvarðanir um ráðstöfun eigna hennar. Þá yrði þó að ráðstafa þeim eignum, er leitt hefur af þeim 10.26 millj. króna, er greinir í 5. gr., með samkomulagi milli ríkisstjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Noregs.

Ráðuneytið gerði smávegis breytingar á frumvarpinu eftir að það kom frá nefndinni:

Við 2. gr., og við 5. gr. þar sem lagt er til, að tveimur mönnum sé bætt við í stjórnina þ. e. frá Vinnuveitendasambandi Íslands og frá Alþýðusambandi Íslands.

Nd. 155. Frumvarp til laga [117. mál]

um kaup og leigunám togara.

Flm.: Gils Guðmundsson, Karl Guðjónsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Skylt er ríkisstjórninni að láta fylgjast með því, hvort togarar í eigu einstaklinga, hlutafélaga eða bæjar- og sveitarfélaga eru í stöðugum rekstri.

2. gr.

Hafi togari ekki verið gerður út í 30 daga samfleytt, án þess að um aðkallandi viðgerð sé að ræða, er ríkisstjórninni heimilt að semja við eigendur um kaup eða leigu skipsins og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að það komist sem fyrst á veiðar.

3. gr.

Hafi rekstur togara verið stöðvaður í 60 daga samfleytt, er ríkisstjórninni skylt að leita tafarlaust samninga við eigendur um kaup eða leigu skipsins. Náist samn-

ingar ekki innan viku, skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess að taka togarann eignar- eða leigunámi. — Sé skip tekið leigunámi, skal við það miðað„ að ríkisrekstur skipsins sé eigendum þess að skaðlausu, en eigi skal greiða þeim leigu þar umfram.

4. gr.

Skylt er ríkisstjórninni að sjá svo um, að hver sá togari, sem ríkið yfirtekur samkv. ákvæðum 2. og 3. gr., hefji veiðar svo fljótt sem verða má og sé í stöðugum rekstri. Er ríkisstjórninni heimilt að fela reksturinn hverjum þeim aðila, sem henta þykir. Rekstrinum skal þó hagað með hliðsjón af því, að togarar, sem ríkið hefur yfirtekið, leggi upp afla sinn á þeim stöðum, þar sem skilyrði eru til fiskvinnslu, en hráefni skortir og atvinna er af skornum skammti. Ef þurfa þykir, skal ríkisstjórnin gefa út reglugerð um nánari tilhögun rekstrarins.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að selja eða leigja togara, er ríkið hefur yfirtekið samkv. ákvæðum 2. og 3. gr., að því tilskildu, að tryggður megi teljast samfelldur rekstur skipsins.

6. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka allt að 20 millj. kr. lán til þeirra framkvæmda, sem um ræðir í lögum þessum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Togaraútgerð Íslendinga hefur nú um hríð átt við allmikla rekstrarörðugleika að etja. Ástæðurnar til þeirra örðugleika verða hér ekki raktar. Hitt er væntanlega hverjum manni ljóst, að enda þótt togaraútgerðin berjist nú í bökkum og styðjist við rekstrarstyrk, eru togararnir einhver mikilvægustu framleiðslutæki landsmanna og afla mjög verulegs hluta af útflutningsverðmætum þjóðarbúsins. Það er því mjög fjarri lagi, þegar látið er liggja að því, að togararnir séu hálfgerður ómagi á þjóðinni. Enda þótt þróunin hafi orðið með þeim einkennilega og óheilbrigða hætti nú um hríð, að flest borgi sig betur en framleiðslustörfin, eru þau þó undirstaða þjóðarbúskaparins og hljóta að verða það á ókomnum tímum. Alþingi má því ekki einvörðungu miða aðgerðir sínar í atvinnu- og fjármálum við það, hvað bezt „borgar sig“ á hverjum tíma, miðað við reikningslega afkomu fyrirtækja í framleiðslu, iðnaði eða verzlun, heldur hlýtur aðalsjónarmiðið að vera hitt, hvað hagkvæmast er og heilbrigðast fyrir þjóðarheildina, þegar öll kurl koma til grafar. Ber Alþingi skylda til að haga störfum sínum á þá lund, að tryggt verði eftir föngum nægilegt fjármagn til þess rekstrar, sem er þjóðfélaginu í heild óumdeilanleg nauðsyn og til mestra hagsbóta öllum almenningi.

Enda þótt svo sé nú að framleiðslunni sorfið, að togaraútgerð landsmanna eigi mjög í vök að verjast, er þjóðinni brýn nauðsyn, að útgerðin stöðvist ekki. Samdráttur framleiðslunnar hefur óhjákvæmilega í för með sér skert lífskjör. Eini möguleikinn til þess að tryggja þjóð, sem er í örum vexti, viðunandi lífskjör, er stöðug aukning framleiðslunnar, en til þess þarf hvort tveggja, fjölgun framleiðslutækja og samfelldan rekstur þeirra framleiðslutækja, sem til eru í landinu á hverjum tíma. Stöðugur rekstur togaraflotans er því eitt af frumskilyðum þess, að þjóðin geti í náinni framtíð búið við sæmileg kjör. Þótt engan veginn skuli gert lítið úr því, að þörf sé á að finna togaraútgerðinni sem hentugast rekstrarform, er hitt þó grundvallaratriði, að svo afkastamikil framleiðslutæki sem togararnir eru séu í

stöðugum rekstri. Lánsfjárskortur og örðugleikar einstakra útgerðarfélaga, sem hafa eignarheimild á togurum, mega ekki verða til þess, að rekstur skipanna stöðvist, stundum svo að mánuðum skipti, til stórfellds tjóns fyrir þjóðarheildina. Togari, sem leggur upp afla sinn í hraðfrystihús og aðrar fiskvinnslustöðvar, aflar með núverandi verðlagi hráefnis, er nemur allt að 1 millj. kr. að útflutningsverðmæti á mánuði eða 10—12 millj. kr. á ári. Þessar tölur sýna ljóslega, hversu mikils þjóðarbúið missir í, ef togararekstur stöðvast.

Segja má, að Alþingi og ríkisstjórn beri skylda til að keppa að því, að nauðsynleg framleiðsla, svo sem útgerð togara og vélbáta, geti verið lífvænlegur atvinnuvegur, svo að ekki þurfi til stöðvunar að koma vegna skorts á rekstrarfé og langvarandi taprekstrar. Nú vofir það yfir, að allur flotinn stöðvist, þar eð flest þykir arðvænlegra en útgerð fiskiskipa. Vitanlega er það rétt, að stjórn atvinnumála og fjármála verður að miðast við það, að hægt sé að reka undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Sé eðlilegum rekstrargrundvelli kippt undan útflutningsframleiðslunni, er vissulega vá fyrir dyrum og óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til umbóta. Í því er fólgin stórfelld hætta, ef stórvirkustu atvinnutækin stöðvast algerlega. Telja flm. þessa frv., að gera beri allt, sem auðið er, til að koma í veg fyrir slíka stöðvun, m. a. með því, að ríkið sjálft taki að sér rekstur togara, sem eigendur hafa ekki bolmagn til að gera. Enda þótt reikningslegt tap verði á slíkri útgerð, er það auðsær hagur þjóðarheildarinnar, að skipin séu rekin, haldi áfram að draga auð í þjóðarbúið og veita fjölda fólks atvinnu.

Þótt gera verði ráð fyrir því, að hverju sinni er alger stöðvun vofir yfir öllum togaraflota landsmanna, telji Alþingi og ríkisvald sér skylt að leysa vanda útgerðarinnar með sérstökum ráðstöfunum, er engu að síður nauðsynlegt að koma á löggjöf, er fer í svipaða átt og frv. það, sem hér liggur fyrir. Einstakir útgerðarmenn og útgerðarfélög geta af ýmsum ástæðum komizt í þrot með rekstur sinn, þótt öðrum takist betur. Má nefna um það nærtæk dæmi, að nýlegir og góðir togarar hafi legið aðgerðalausir um lengri eða skemmri tíma, án þess að ríkisvaldið teldi sér skylt að hafa afskipti af málinu. Þannig var háttað um togarann „Vilborgu Herjólfsdóttur“ í fyrra, og nú hefur togarinn „Keflvíkingur“ legið í höfn mánuðum saman, og sjást engin merki þess, að þar verði skjót breyting á.

Frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að tryggja það, að hverju sinni sem togararekstur stöðvast sé ríkisvaldinu kleift að grípa inn í og leysa vandann til bráðabirgða með því að tryggja rekstur skipsins á þann hátt, sem bezt þykir henta. Telja flm. augljóst, að enda þótt nokkurt fjárhagslegt tap kunni að verða á rekstrinum fyrir ríkissjóð, sé það ótvíræður hagur þjóðarheildarinnar, að komið sé í veg fyrir stöðvun svo afkastamikilla framleiðslutækja, sem togararnir eru. Talið er eðlilegt, að leitazt verði við eftir föngum að hagnýta hina ríkisreknu togara til atvinnujöfnunar og þeir látnir leggja upp afla sinn á þeim stöðum, þar sem skilyrði eru til fiskvinnslu, en hráefni skortir og atvinna er af skornum skammti.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. frv. er ráð fyrir því gert, að hægt sé að selja eða leigja togara þá, sem ríkið hefur yfirtekið, bæjar- og sveitarfélögum, hlutafélögum eða einstökum útgerðarmönnum, að því tilskildu, að tryggður megi teljast samfelldur rekstur skipanna. Það er því ekki tilætlunin með þessu frv., að ríkið taki smám saman á sínar hendur allan togararekstur, heldur geti eftir sem áður þrifizt öll þau rekstrarform, sem nú tíðkast. Tilgangurinn er sá einn að koma í veg fyrir langvarandi rekstrarstöðvun, sem jafnan hefur í för með sér dvínandi framleiðslu og versnandi lífskjör þjóðarinnar.

Nd. 156. Frumvarp til laga [57. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Breiðumýrarholt í Árnessýslu og um makaskipti á löndum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúendum Holts í Árnessýslu, þeim Sigurgrími Jónssyni, Vernharði, Herði og Jóni Sigurgrímssonum, eyðijörðina Breiðumýrarholt fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta, enda séu færðar sönnur á, að býlum verði fjölgað í Holti.
2. Að hafa makaskipti á löndum við Hafnarfjarðarkaupstað þannig, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái hluta af landi skógræktar ríkisins í Hafnarfjarðarhrauni, en láti skógrækt ríkisins hafa þar á móti land í Undirhlíðum frá Vatnsskarði norður í Kaldársel.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 157. Frumvarp til laga [107. mál]

um kirkjuítök og sölu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Kirkjuítak er ítak, sem kirkja á.

2. gr.

Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur.

Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nytjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Andvirði kirkjuítaks og landsvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engjateiga, afréttar- eða beitilands, ef eigi eru sérstök býli, sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til kirkna þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt á milli þeirra. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.

Nd. 158. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1956.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. des. 1955.

Skúli Guðmundsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.
Karl Guðjónsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	

Nd. 159. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. des. 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Karl Guðjónsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 160. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög.

Frá fjárhagsnefnd.

Með skírskotun til þess, sem greinir í athugasemdum, er frv. fylgja, mælir nefndin með því, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við fyrirsögnina bætist: nr. 12 2. apríl 1946.

Alþingi, 5. des. 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Gylfi Þ. Gíslason. Karl Guðjónsson.

Nd. 161. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lögum nr. 47 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er flutt af landbúnaðarráðherra, í meginatriðum samkv. tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, og er fram komið fyrst og fremst vegna fjárskipta, sem ákveðin hafa verið í nokkrum hluta Dala- og Strandasýslu, vegna þess að mæðiveiki hefur gert vart við sig á ný á þessu svæði (í Dalasýslu). Hefur niðurskurður á nokkrum hluta hins fyrirhugaða fjárskiptasvæðis þegar farið fram. Aðalbreytingin er í því fólgin að hækka afurðatjónsbætur fyrir hverja bótaskylda kind úr ½ lambsverðs upp í ¾ lambsverðs og sauðleysisbætur á sama hátt. En sauðleysisbætur eru samkv. lögum greiddar, þegar fé er ekki flutt inn á fjárskiptasvæði sama ár sem niðurskurður fer fram, og eru jafnháar afurðatjónsbótunum. Jafnframt er svo

ákveðið í frv., að réttur hlutaðeiganda til líflamba verði aukinn upp í 80% af bótaskyldri fjártölu og að sérstakar afurðatjónsbætur skuli greiddar á það, sem vanta kann á, að hægt sé að útvega 80% á fyrsta flutningsári. Þá er og ákveðið að miða afurðatjóns- og sauðleysisbætur við verðlag það ár, sem bótagreiðslan fer fram á, í stað þess að fara eftir meðalverðlagi tveggja s. l. ára, eins og nú er gert. Er hér í heild um allmikla hækkun fjárskiptabóta að ræða frá því, sem verið hefur samkv. gildandi lögum, og verður það að teljast eðlilegt, þar sem um er að ræða fjárskipti í annað sinn á sama svæði og ástæður að ýmsu leyti erfiðar nú til fjárskiptanna.

Nokkrar aðrar breytingar felast í frv., og eru þessar helztar: Landbúnaðarráðherra er heimilað að fyrirskipa fjárskipti, þótt atkvæðagreiðsla hafi ekki farið fram á svæðinu, ef brýna nauðsyn þykir til bera. Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilað að mæla svo fyrir, að lömb skuli höfð í húsi um tiltekinn tíma í öryggisskyni. Nefndinni er ætlað að meta bætur til þeirra, sem eru að hætta sauðfjáreign, er fjárskipti fara fram. Gert er ráð fyrir, að fyrirmæli laganna geti náð til riðuveiki og kýlapestar, eftir því sem við á.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar á nokkrum fundum og rætt við framkvæmdastjóra sauðfjárveikivarnanna. Hefur hún ákveðið að mæla með frv., en leggur jafnframt til, að gerðar verði tvær breytingar á lögunum umfram þær, sem í frv. felast. Önnur breytingin er um það að kveða á um heimild sauðfjársjúkdómanefndar til að bæta að nokkru fyrir bann við búferlaflutningi sauðfjár og nautgripa. Hefur það stundum reynzt óhjákvæmilegt og ákvæði um þetta efni tæpast nógu skýr í gildandi lögum. Hin breytingin er um hækkun sekta fyrir brot gegn lögunum, og er það réttmætt, m. a. vegna verðlagsbreytinga, sem orðið hafa síðan lögin voru sett.

Þá er að lokum lagt til, að ákvæði frv. og laga nr. 47/1950 verði felld inn í meginmál laganna frá 1947 og þau lög gefin út að nýju svo breytt. Er það til hægðarauka fyrir þá, er hlut eiga að máli við framkvæmd laganna.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi:

BREYTINGUM:

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir síðustu málsgr. 13. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað „10000“ í 45. gr. laganna komi: 50000.
3. Á eftir 7. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 47/1950 inn í meginmál laga nr. 44/1947 og gefa þau út svo breytt.

Alþingi, 5. des. 1955.

Ásgeir Bjarnason, form., með fyrirvara.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Sigurður Guðnason.	Jón Pálmason.	

Nd. 162. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. mai 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og l. nr. 47 1950.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 4. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:
Þá skal og greiða mismuninn á meðaltalsverði keyptra líflamba og meðaltalsniðurlagsverði á fullorðnu fé, einnig eftir mati Framleiðsluráðs.

Nd. 163. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna allt að kr. 200000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gilda.

Ed. 164. Lög [12. mál]

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 12.

Nd. 165. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og lögum nr. 55 20. apríl 1954, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

1. að virkja Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 4000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns. Enn fremur frá Búðakauptúni til Stöðvarfjarðar og frá Egilsstöðum um Eiða að Lagarfossi.

2. gr.

Við 4. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu til þessara kauptúna frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

3. gr.

Í stað „1000 hestafla“ í 5. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: 1500 hestafla.

4. gr.

Við c-lið 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness.

5. gr.

Við 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

d. að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótsdalshéraðs til að tengja saman orkuveitusvæði Norðurlands og Austurlands.
e. að leggja aðalorkuveitu um Gönguskörð til Húnavatnssýslu til að tengja saman Gönguskarðsárvirkjunina og Laxárvatnsvirkjunina.
f. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli að Skógaskóla.
g. að gera ráðstafanir til að auka flutningsgetu eldri aðalorkuveitna.

6. gr.

2. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði, samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.

7. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 55/1954.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni atvinnumálaráðuneytisins. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Þau heimildarlög, sem nú gilda um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, voru borin fram og samþykkt áður en lokið var að fullu undirbúningsrannsókn að ýmsum þeim mannvirkjum, sem þau fjalla um. Endanlegar tillögur til framkvæmda hafa að lokinni rannsókn orðið frábrugðnar ákvæðum heimildarlaganna í nokkrum atriðum og því þörf nokkurra breytinga á þeim og viðauka við þau.

Um 1. gr.

Að athuguðu máli er talið hæfilegt að virkja Grímsá í 4000 ha. orkuveri til 10 milljón kílówattstunda vinnslu í venjulegu ári. Þá er og talið heppilegt að láta aðalorkuveitu rafmagnsveitna ríkisins út frá Grímsárvirkjuninni, þ. e. 30000 volta veituna, ná alla leið suður til Stöðvarfjarðar og norður að Lagarfossi. Eru þá fyrirhugaðar 10000 volta línur — sem héraðsrafmagnveitur ríkisins — út frá þessum tveimur veituendum suður til Djúpavogs og norður til Bakkagerðisþorps og Vopnafjarðar.

Um 2. gr.

Vera má, að heppilegra þyki að leggja aðalorkuveitu til Raufarhafnar og Þórshafnar í stað tiltölulega lítillar virkjunar í Sandá (sbr. það, sem sagt er hér að neðan um 5. gr.). Er hér leitað heimildar til lagningar slíkrar aðalorkuveitu.

Um 3. gr.

Um Smyrlabjargaá gildir hið sama sem um Grímsá, að nánari athuganir hafa leitt til þess, að nauðsynlegt þykir að heimila virkjun meira afls en lögin frá 1952 gera ráð fyrir, eða allt að 1500 hestöflum.

Um 4. gr.

Um grein þessa gildir á sinn hátt hið sama og sagt var um 2. gr.

Um 5. gr.

Stefnt er að því að að stækka rafmagnsveitukerfi landsins, víkka orkuveitusvæðin, tengja saman orkuver og orkuveitusvæði og stækka vatnsaflsvirkjanirnar. Slík þróun er talin grundvallarskilyrði til tryggingar nægri og ódýrri raforku í landinu í framtíðinni. Tímabært er talið, að leggja innan fárra ára raflínu milli Laxárvirkjunar í Suður-Þingeyjarsýslu og Fljótsdalshéraðs í þeim tilgangi að sameina Austurland og Norðurland í eitt orkuveitusvæði með þeim kostum, sem því fylgja. Fyrirhugað er að hafa raflínu þessa af annarri gerð en tíðkazt hefur hér á landi til þessa. Sú tegund veitu er til muna ódýrari en hin venjulega gerð, en kemur hins vegar ekki að gagni nema við sérstakar aðstæður.

Tilgangurinn með því að tengja saman Gönguskarðsárvirkjun við Sauðárkrók og Laxárvirkjunina við Blönduós er á sinn hátt hinn sami sem ræðir um hér að ofan, að bæta nýtingu beggja orkuveranna með því að reka þær saman og við það að tengja Skagafjarðar- og Húnavatnssýsluveiturnar saman í eina orkuveitu.

Veitum frá Sogi er ætlað að ná til Víkur í Mýrdal, og er þá gert ráð fyrir, að línan frá Hvolsvelli til Skógaskóla verði 30000 volta lína og aðalspennistöð þar, en út frá henni verða síðan lagðar 10000 volta dreifiveitur um sveitirnar og til kauptúnsins í Vík.

Um 6. gr.

Fjárhæðir lánsheimildanna eru hækkaðar í samræmi við þær breytingar, sem gerðar eru með frumvarpi þessu á 1. gr. laga nr. 22/1952. Jafnframt er breytt ákvæðum um hlutdeild raforkusjóðs í lánum þessum, og er það gert með hliðsjón af því, að lög nr. 53 21. apríl 1954 gera ráð fyrir því að við fjáröflun til raforkuframkvæmdanna geti raforkusjóður orðið lántakandi og endurláni hann síðan það til rafmagnsveitna ríkisins til einstakra framkvæmda.

Nd. 166. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lögum nr. 47 1950.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef riðuveiki eða kýlapest valda eða eru taldar líklegar til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur ráðherra ákveðið, að fyrirmæli laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, s. s. fyrirskipun um niðurskurð og bætur (uppeldisstyrkur).

2. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 13. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóna vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.

3. gr.

Fyrsti málsliður 35. gr. orðist svo:

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt, og getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað algera innistöðu þeirra um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þörf á.

4. gr.

4. málsgrein 37. gr. orðist svo:

Þeir, sem eru hættir búskap eða sauðfjáreign þegar niðurskurður fer fram, eða eru fluttir burt af fjárskiptasvæðinu, fá ekki bætur. Öðrum, sem eru að hætta búskap eða sauðfjáreign á þeim tíma, sem fjárskipti standa yfir, eða breyta til um atvinnu, skal ekki greiða fullar bætur, heldur í hlutfalli við það tjón, sem ætla má að þeir hafi orðið fyrir við niðurskurðinn. Skal sauðfjársjúkdómanefnd meta slíkar bætur.

5. gr.

38. gr. (4. gr. laga nr. 47/1950) orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar ¾ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af meðalvænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum, sem fjáreigendur fá það haust, sem bætur eru greiddar. Fyrstu bætur skal greiða ári eftir niðurskurð.

Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innan sveitar flutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu eiga kost á að fá keypt líflömb, er nemur 80% af bótaskyldri fjártölu. Skal ef unnt er útvega þau á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði. Ef ekki fæst sú lambatala, skal útvega það, sem til vantar, á næsta hausti, ef fjáreigendur óska.

Takist ekki á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt, að útvega 80% móti bótaskyldri fjártölu, en bændur óski að fá svo mörg lömb, ber ríkissjóði að greiða afurðatjónsbætur, ¾ lambsverðs á kind á þá tölu, sem til vantar. Skal greiða þær bætur tveim árum eftir að lömb eru fyrst flutt inn á svæðið.

Framlag ríkissjóðs skal á hverjum tíma vera til tryggingar greiðslu á andvirði seldra líflamba.

Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

6. gr.

39. gr. (5. gr. laga nr. 47/1950) orðist svo:

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns ¾ lambsverðs fyrir hverja bótaskylda kind, eða styrkja þá til að breyta til um búskaparhætti, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

7. gr.

42. gr. (7. gr. laga nr. 47/1950) orðist svo:

Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra röksuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla um fjárskipti hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Bætur skal greiða fjáreigendum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Verði krafizt mats vegna niðurskurðarins, eftir gildandi lögum um eignarnám, er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

8. gr.

Í stað „10000“ í 45. gr. laganna komi: 50000.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 47/1950 inn í meginmál laga nr. 44/1947 og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 167. Breytingartillaga [79. mál]

við till. til þál. um rannsókn á milliliðagróða.

Frá Einari Olgeirssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd. Hlutverk hennar er að rannsaka til hlítar framleiðslukostnað og verðlagsmyndun í þjóðfélaginu, með það fyrir augum, að úr því fáist skorið til fullnustu, hver sé þáttur annars kostnaðar en vinnulauna í þjóðarbúskapnum og einnig hve mikill hluti vinnulauna rennur í einni eða annarri mynd aftur sem gróði til milliliða. Sérstaklega skal unnið að því að komast að ótvíræðri niðurstöðu um, hve mikil gróðamyndun á sér stað hjá milliliðum á hinum ýmsu sviðum þjóðarbúskaparins, hvort sem sá gróði kemur af verzlun og atvinnurekstri eða af vaxtatöku, húsaleigu, lóðaleigu eða hver sem gróðauppsprettan önnur er.

Nefnd þessi skal hafa rétt hinn sama og rannsóknarnefndir þingdeilda samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, bæði af embættismönnum, einstökum mönnum og hvaða stofnunum sem er. Þá skal og nefnd þessi rannsaka, hvaða menn og félög hafa fengið lán hjá bönkunum að upphæð ein milljón króna eða meiri, svo að í ljós komi, hvaða aðilum ríkið fyrst og fremst veiti aðstöðu til gróðamyndunar.

Að lokum skal nefndin rannsaka, hve mikið fjármagn og vinnuafl er í hverri grein þjóðarbúskaparins og hvort hugsanlegt væri að komast af með minna fjármagn og vinnuafl í ýmissi milliliðastarfsemi, en veita meira fjármagni og vinnuafli til framleiðslunnar, og með hvaða aðferðum slíkt yrði helzt gert.

Skal nefndin athuga, hvort auðið sé að lækka þann kostnað, sem milliliðastarfsemin er þjóðfélaginu í heild, og með hvaða aðferðum.

Rannsókninni skal hraðað sem auðið er. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 168. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til l. um mannanöfn og við brtt. á þskj. 139.

Frá menntamálanefnd.

1. Við brtt. á þskj. 139, 1. lið. Í stað orðsins „barna“ í 2. málsl. komi: niðja.
2. Við 20. gr. Aftan við greinina bætist: Með sama hætti skal rita nöfn manna á opinber gögn.

Nd. 169. Frumvarp til laga [119. mál]

um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til þess að tryggja togarasjómönnum, er láta af störfum vegna elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra og börnum. Rétt er og að lána togarasjómönnum úr slíkum sjóði til íbúðabygginga handa þeim sjálfum með góðum kjörum. Ríkissjóður leggur lífeyrissjóði togarasjómanna sem stofnfé tvær milljónir króna, Landsbanki Íslands tvær milljónir króna og Útvegsbanki Íslands eina milljón króna.

2. gr.

Þau réttindi, er togarsjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli- eða örorkulífeyris eða slysa- eða dánarbóta, sem þeim bæri samkvæmt öðrum lögum, heldur bætast við slík hlunnindi. Þá skulu þeir og hafa sama rétt og aðrir til lána til íbúðabygginga, þótt þeir fái lán úr lífeyrissjóði togarasjómanna.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem starfað hafa tólf mánuði eða lengur á íslenzkum togurum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Einn skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, og skal hann vera formaður stjórnarinnar, annar af ríkisstjórninni og hinn þriðji skal kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skipunar- og kjörtími stjórnarinnar er þrjú ár.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem skuldabréfum, tryggðum með fyrsta eða öðrum veðrétti í íbúðarhúsum, er togarasjómenn reisa sér eða kaupa til eigin afnota, allt að 60% af brunabótamati þeirra, ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert í iðgjöld til sjóðsins 1% af heildarkaupi því, sem þeir hafa haft á togurum yfir árið. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum þessum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim. Launagreiðendur (togaraeigendur) greiði ár hvert 3% af heildartogarakaupi því, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins.

Ríkissjóður greiði ár hvert 6% af heildarárskaupi því, er sjóðfélagi fær, í iðgjöld til sjóðsins. Þó skal ekki greitt af hærra árskaupi en því, er samsvarar 45000 kr. grunnlaunum að viðbættri kaupgjaldsvísitölu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal að fimm árum liðnum frá gildistöku þessara laga og síðan fimmta hvert ár láta tryggingasérfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla hann. Sýni rannsókn, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að hægt væri að lækka iðgjöld eða auka bætur, skal hann athuga vandlega, hvað gera beri, og tjá sjóðsstjórninni niðurstöður sínar.

8. gr.

Við útlán til íbúðabygginga togarasjómanna skal taka tillit til ómegðar þeirra, starfsaldurs og aldurs, og skal sjóðsstjórnin setja um þá útlánastarfsemi nánari ákvæði í reglugerð. Ekkjur togarasjómanna, er rétt hafa til lífeyris, hafa og rétt til lána úr sjóðnum.

9. gr.

Sjóðurinn greiði sjóðfélögum lífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem unnið hefur á íslenzkum togara 10 ár eða lengur, þar af a. m. k. fimm ár eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, og annaðhvort er orðinn fullra 60 ára að aldri eða hefur unnið á íslenzkum togurum 30 ár eða lengur, á rétt á árlegum lífeyri úr sjóðnum.

Upphæð lífeyrisins er hundraðshluti af meðalárstekjum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og fer hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir (þó skal aldrei miða greiðslu við hærri meðalárstekjur en iðgjaldagreiðsla er miðuð við):

Starfstími:	Lífeyrir:
10 ár	12.5%
11 —	14.0—
12 —	16.0—
13 —	18.0—
14 —	20.0—
15 —	22.0—
16 —	25.0—
17 —	28.0—
18 —	31.0—
19 —	34.0—
20 —	37.0—
21 —	40.0—
22 —	43.0—
23 —	46.0—
24 —	49.0—

Starfstími:	Lífeyrir:
25 —	52.0—
26 —	55.0—
27 —	58.0—
28 —	61.0—
29 —	65.0—
30 — eða lengur	70.0—

Það telst eitt ár samkv. þessari grein, hafi sjóðfélagi verið skráður 8 mánuði á togara á sama almanaksári.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingalæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs á togurum, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði unnið 30 ár á togurum. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 10. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. málsgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, sem nýtur lífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni unnið samtals 10 ár á íslenzkum togara, þar af a. m. k. fimm ár eftir að lög þessi öðlast gildi.

Nú hefur sjóðfélagi, er andast, unnið alls tíu ár á íslenzkum togurum, en skemmri tíma en fimm ár eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal eftirlifandi maki þá njóta sama réttar og um getur í 1. málsgr., enda hafi hinn látni verið starfandi á togurum, er lög þessi öðluðust gildi, eða ráðið sig á togara aftur á fyrsta ári þessara laga og starfað þar síðan.

Nú hefur sjóðfélagi, er andast, unnið skemmri tíma en tíu ár á íslenzkum togurum, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er greidd hafa verið á hans nafn í sjóðinn.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn er umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaununum en ár þau, sem hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 4. og 5. málsgr. þessarar greinar lægri en 2500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og starfar áfram á togara, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, sem hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

13. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börn og kjörbörn.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, sem félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó þannig, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af vinnu sinni á togara, og á hann þá alltaf rétt á endurgreiðslu eigin iðgjalda, en um frekari réttindi hans úrskurðar sjóðsstjórn með hliðsjón af ástæðum hans og aðstæðum og veitir honum svipuð réttindi og opinberir starfsmenn hafa samkvæmt 16. gr. laga nr. 64 2. sept. 1955.

15. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laganna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Togararnir eru aðalundirstaðan undir þjóðarbúskap vorum. Sjómennirnir á þeim rúmum 40 togurum, sem Íslendingar nú eiga, framleiða helminginn af þeim fiski, sem er aðalútflutningsvara þjóðarinnar. Vinna þeirra og framleiðsla stendur því óbeint undir næstum helmingnum af öllu, sem vér flytjum inn. Lífsafkoma og menningarstig þjóðarinnar er því undir því komið, að togarareksturinn sé öruggur og í vexti, og frumskilyrði þess er, að góðir og dugandi menn fáist á alla þá togara, sem þjóðin á eða vill eignast.

Fyrir þjóðarbúið borgar togarareksturinn sig bezt af öllum rekstri. Hver verkamaður, sem þjóðarbúið fær til vinnu á togara, gefur þjóðarbúinu meira í aðra hönd en nokkur annar maður. Að svo miklu leyti sem heildarframleiðsla vor Íslendinga er meiri að tiltölu en flestra annarra þjóða, þá er það fyrst og fremst togararekstr-

inum að þakka, hinum góðu fiskimiðum, hinum stórvirku togurum og hinum sókndjörfu, hörðu togarasjómönnum. Og á þeim síðastnefndu byggist það, að hitt tvennt nýtist: fiskimiðin og togararnir.

Hver íslenzkur sjómaður framleiðir í meðalári 70 smálestir af fiski. Sú þjóð, er næst oss er í veröldinni að fiskframleiðslu, miðað við hvern starfandi sjómann, framleiðir um 10 smálestir á sjómann. Það, sem gerir meðaltal vort svo hátt, er, að þeir 1200 sjómenn, sem vinna á 40 togurum, framleiða allt að því 200 smálestir á sjómann á ári.

Það er því þjóðarnauðsyn að geta fengið nægilegt af duglegum sjómönnum á vaxandi togaraflota. Reynslan undanfarin ár hefur hins vegar verið sú, að það hafa ekki einu sinni fengizt nógir menn á þann togaraflota, sem fyrir er. Það hefur jafnvel orðið að fá Færeyinga á flotann.

Hér áður fyrr var sótzt eftir því að komast á togarana, og það var hægt að velja úr beztu sjómennina á þá. Þá var togarasjómennskan líka skást launuð allrar íslenzkrar vinnu, þótt bæði væri hún erfiðust og aðbúnaðurinn miklu lélegri en nú. Nú er togarasjómennskan hvorki betur launuð en aðrar verkamannastöður né öruggari, nema síður sé.

Það er þjóðarnauðsyn, að þessu verði gerbreytt. Þjóðin verður að búa þannig að þessum mönnum, sem taka að sér hið erfiða og áhættusama verk þjóðarbúskaparins að vinna á togurunum, að ungir og knáir menn sækist eftir að vinna þá vinnu. Til þess þarf að vísu fyrst og fremst að bæta laun togarasjómanna, en meðan togararnir eru ekki reknir af ríkinu, verður breyting í þá átt ekki fyrst og fremst gerð með lögum frá Alþingi.

En það er hægt af hálfu Alþingis að gera ýmislegt annað til þess að gera starf togarasjómannsins eftirsóknarverðara.

Þetta frumvarp miðar að því að veita togarasjómönnum sams konar öryggi um eftirlaun, elli- og örorkulífeyri og fjölskyldum þeirra um dánarbætur og starfsmenn ríkisins nú hafa, — og þó að tvennu leyti meiri: Togarasjómenn skulu njóta réttinda almannatrygginganna auk þessara réttinda, og þeir skulu aðeins greiða lítið gjald fyrir þessi réttindi, 1% iðgjald, en ríkið greiðir hins vegar aðalgjaldið. — Ef einhver álítur þetta of mikið, þá má ræða það mál, þegar aðsókn að vinnu á togurunum væri orðin svo mikil, að allir, sem um sæktu, kæmust ekki að á þeim 15 togurum, sem landið þarf að kaupa á næstu tveim árum til þess að halda við togaraflotanum. Þá mundi þetta frumvarp og veita togarasjómönnum þann rétt að geta fengið hagstæð lán úr lífeyrissjóði sínum, og eru það fríðindi, sem starfsmenn ríkisins nú meta mikils.

Ýmsir munu segja, að með þessum ákvæðum öllum væri stigið stórt spor í þá átt að gera togarasjómenn að ríkisstarfsmönnum. Það er að vissu leyti rétt. Þróunin í togararekstri vorum gengur öll í þá átt að gera rekstur togaranna að opinberum rekstri, ýmist bæjar- og sveitarfélaga eða ríkisins, og það er þróun í rétta átt.

Þjóðfélaginu er nauðsyn að fá menn til að vinna að staðaldri á togurunum. Afköst togaranna sem framleiðslutækja eru allt að því tvöföld, þegar vanir togarasjómenn vinna, móts við það, sem óvanir afkasta. Við þessa nauðsyn eru ýmis ákvæði þessa frv. miðuð, og þarfnast þau ekki frekari skýringar við.

Þau rök, sem hér hafa verið flutt fyrir þessu frv., eru öll miðuð við þörf þjóðarheildarinnar. — Það mætti líka færa mörg rök fyrir því, að togarasjómennirnir ættu þau réttindi skilið, sem hér er farið fram á fyrir þá.

Togarasjómenn vinna — eins og bátasjómennirnir — lífshættulegasta starfið, sem unnið er af íslenzkri þjóð.

Togarasjómenn verða að afsala sér — líkt og farmennirnir — fjölskyldulífi lengri tíma ársins en nokkrir aðrir verkamenn.

Togarasjómennirnir vinna lengri vinnutíma og erfiðari vinnu en nokkrir aðrir verkamenn, — að bátasjómönnum undanskildum.

Togarasjómaðurinn er útslitinn maður fyrr en flestir aðrir þegnar þjóðfélagsins,

ef hann vinnur áratugum saman á togurum. Hann ætti því hvíld skilið á kostnað þjóðarinnar, sem hann hefur unnið allt, sem hann mátti, ef farið væri eftir verðleikum.

En því höfum við sett hin þjóðhagslegu rök hér á undan hinum mannlegu, að við ætlum, að þingmenn muni taka meira tillit til hinna fyrri.

Að síðustu: Vonandi ber Alþingi gæfu til þess að láta þetta frv. verða að lögum. Með því væri unnið nauðsynlegt verk fyrir íslenzkan þjóðarbúskap — og réttlætisverk gagnvart togarasjómönnum. Það væri leitt, ef Alþingi daufheyrðist við þessu réttlætismáli, en togarasjómenn yrðu síðan að knýja það fram með harðfylgi verkfallanna, eins og orðið hefur með ýmis önnur réttlætismál þeirra.

Og kunni einhver að álíta, að hér sé farið inn á „hættulega" braut og fleiri, t. d. bátasjómenn og fleiri verkamenn, kunni að koma á eftir, þá er aðeins gott eitt um það að segja, að með vaxandi framleiðsluafköstum þjóðfélagsins öðlist aðrir vinnandi menn þau réttindi, sem hér er farið fram á fyrir togarasjómenn.

Einstök atriði þessa frv. þurfa vafalaust endurskoðunar við, en í heild hafa lög um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna verið höfð til hliðsjónar. Vænta flutningsmenn þess, að það, sem aflaga kann að fara, verði leiðrétt í meðförum Alþingis.

Nd. 170. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og l. nr. 47 1950.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 5. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:

Þá skal og greiða hálfan mismun á meðaltalsverði keyptra líflamba og meðaltalsniðurlagsverði á fullorðnu fé, einnig eftir mati Framleiðsluráðs.

Nd. 171. Breytingartillögur [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og l. nr. 55 20. apríl 1954, um breyt. á þeim lögum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Á eftir d-lið 5. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi: að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun um Norður-Þingeyjarsýslu.
2. Fyrir „130 millj." í 1. málsl. 6. gr. kemur: 145 millj.

Nd. 172. Lög [96. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1956.

(Afgreidd frá Nd. 8. des.)

Samhljóða þskj. 110.

Ed. **173. Frumvarp til laga** [85. mál]

um mannanöfn.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö.

Þeir, sem fara með foreldravald yfir barni, hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Það má hvorki vera hneykslanlegt né klaufalegt né með öðrum hætti þannig að gerð eða merkingu, að til ama verði þeim, sem ber það.

Ekki má gefa kvenmanni karlmannsnafn né karlmanni kvenmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig lagað, að kennt sé til nafns annars manns, hvort heldur nafnið er haft í eignarfalli eingöngu eða í eignarfalli að viðbættum orðunum son eða dóttir.

Ekki má gera löglegt ættarnafn að eiginnafni. Þetta tekur þó ekki til ættarnafna, sem í eðli sínu eru eiginnöfn og venja hefur verið að nota þannig.

3. gr.

Mannanafnanefnd (sbr. 21. gr.) semur skrá um þau eiginnöfn, sem við þykir eiga, að borin séu hér á landi. Dómsmálaráðuneytið gefur skrá þessa út og sendir hana öllum prestum landsins og öðrum, er kirkjubækur halda, enda skal hún fylgja kirkjubókunum. Skráin skal endursamin og gefin út ekki sjaldnar en á 10 ára fresti.

Heimilt er að gefa barni nafn, þó að það hafi ekki verið tekið í áðurnefnda skrá, ef nafnið fer ekki í bága við ákvæði 2. gr.

4. gr.

Þegar fyrirhugað er að gefa barni nafn í skírn, sem prestur þjóðkirkjunnar eða forstöðumaður löggilts trúfélags á að framkvæma, skal sá, er nafn gefur, skýra presti eða forstöðumanni trúfélags, um leið og hann er beðinn skírnar, frá eiginnafni því eða eiginnöfnum, sem barn á að hljóta. Skal það gert innan 6 mánaða frá fæðingu barns, og skírn framkvæmd eigi síðar en innan 14 daga frá þeim tíma.

Nafngjöf barns, sem á ekki að skíra eða skírt hefur verið af öðrum en þeim, sem í 1. málsgrein getur, skal tilkynna sóknarpresti innan 6 mánaða frá fæðingu þess.

Nú hefur barn verið skírt skemmri skírn, og má þá í nýrri skírn eða með tilkynningu til sóknarprests, samkvæmt því sem segir í 1. og 2. málsgrein, gefa barni nýtt nafn í stað þess, sem því var áður gefið, eða annað nafn til viðbótar áður gefnu einkanafni.

5. gr.

Nú telur sá, sem tekur við tilkynningu um nafngjöf samkvæmt 4. gr., að hún samrýmist ekki ákvæðum 2. gr., og skal hann þá reyna að koma því til leiðar, að nafni sé breytt í rétt horf eða nýtt nafn valið. Ef það tekst ekki, skal hann þegar í stað skjóta ágreiningi um nafngjöfina til mannanafnanefndar.

Mannanafnanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð um, hvort nafn skuli leyft eða um nafngjöf synjað. Ef felldur er synjunarúrskurður, skal handhafi foreldravalds velja barni nýtt nafn eða nöfn. Um skírn eða tilkynningu fer síðan svo, sem í 4. gr. segir. Ef liðnir eru frestir samkvæmt þeirri grein, skal nafngjöf fara fram án nokkurs óþarfs dráttar.

6. gr.

Nú hefur maður hlotið eiginnafn, sem óheimilt er að gefa barni samkvæmt 2. gr., og getur hann þá fengið leyfi dómsmálaráðuneytisins til að breyta nafni, eftir að leitað hefur verið álits mannanafnanefndar. Ráðuneytinu er og heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, ef það telur nafn hans af einhverjum sérstökum ástæðum vera honum til baga.

Ef barn er ættleitt, eftir að því var nafn gefið, má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar nafni, sem það hefur áður hlotið.

Ráðuneytið sendir sóknarpresti, þar sem nafn aðila var upphaflega skráð, tilkynningu um nafnbreytingu, og skal hennar getið í kirkjubók.

7. gr.

Hver maður, sem hefur ekki löglegt ættarnafn, skal kenna sig til föður síns, þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður í eignarfalli að viðbættu orðinu *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er. Útlend kona, sem gift er Íslendingi, er ekki hefur ættarnafn, má þó kenna sig til föður eiginmannsins á sama hátt og hann. Ekki tekur þetta þó til niðja þeirra.

8. gr.

Ófeðrað barn, sem hefur ekki fengið sérstakt ættarnafn, skal kenna sig til móðurföður síns, eftir því sem í 7. gr. segir, eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er, sbr. þó 3. mgr. 15. gr.

9. gr.

Þegar kjörbarn er ættleitt af hjónum eða karlmanni eingöngu, má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það sé kennt til kjörföður með sama hætti og í 7. gr. segir.

Ef barn er ættleitt af konu eingöngu má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það kenni sig til föður hennar.

10. gr.

Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast.

Eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi, nema dómsmálaráðuneytið hafi veitt leyfi til þess, enda hafi mannanafnanefnd samþykkt ættarnafnið.

11. gr.

Ættarnöfn skulu vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu.

Ekki er heimilt að taka upp ættarnafn, sem annar maður hefur áður öðlazt rétt til að bera eða er svo líkt því nafni, að villu geti valdið.

Ekki má gera eiginnafn, sem tíðkað er í landinu, að ættarnafni og eigi heldur nöfn, sem enda á orðinu *son*.

12. gr.

Sá, sem æskir upptöku ættarnafns, skal sjálfur senda dómsmálaráðuneytinu umsókn sína, ef hann er 16 ára eða eldri.

Veita má barni, sem yngra er en 16 ára, leyfi til upptöku ættarnafns, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, samkvæmt umsókn þess manns, er fer með foreldravald yfir því.

Ættmenn geta í sameiningu sótt um sameiginlegt ættarnafn.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hver gögn skuli fylgja umsóknum um upptöku ættarnafna.

13. gr.

Nú ber maður löglegt ættarnafn, og hafa þá niðjar hans í beinan karllegg rétt til að nota nafnið. Sama gildir um kjörbörn, ef svo er ákveðið í ættleiðingarbréfi.

14. gr.

Eiginkonu er heimilt að bera ættarnafn eiginmanns síns, meðan hjónabandið stendur og eftir að því lýkur við dauða hans.

Nú er hjónaband ógilt með dómi, og má konan þá bera áfram ættarnafn mannsins, nema henni hafi verið kunn ógildingarástæðan, þegar hjónavígsla fór fram.

Kona, sem skilin er að lögum við eiginmann sinn, má bera ættarnafn hans áfram, nema hún eigi aðallega sök á skilnaðinum og eiginmaðurinn hafi krafizt þess, er skilnaður var gerður, að ákveðið væri í skilnaðarbréfi eða dómi, að hún mætti ekki kenna sig við hann.

Nú ber kona ættarnafn eiginmanns, eftir að hjónabandi er lokið, og fellur þá niður réttur hennar til að bera nafnið, ef hún gengur í hjónaband að nýju.

15. gr.

Veita má kjörbarni ógiftrar konu í ættleiðingarbréfi rétt til að bera ættarnafn hennar.

Ófeðrað barn hefur rétt til að bera ættarnafn móður sinnar, ef það hefur ekki hlotið sjálfstætt ættarnafn.

Þegar kona ber ættarnafn eiginmanns síns, eftir að hjónabandi er lokið, sbr. 14. gr., er ófeðruðum börnum hennar og kjörbörnum, er hún tekur eftir það, þó óheimilt að bera það ættarnafn.

16. gr.

Veita má manni leyfi til ættarnafns, sem aðrir bera löglega, ef allir þeir, sem rétt eiga til nafnsins, samþykkja það.

17. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn, þó að hann hafi rétt til þess. Í stað þess að nota ættarnafn er mönnum jafnan heimilt að kenna sig svo sem segir í 7.—9. gr.

Þegar kona gengur í hjónaband, er henni heimilt að nefna sig áfram ættarnafni því, sem hún hafði áður, enda hafi hún ekki hlotið það frá eiginmanni, sem hún var fyrr gefin, sbr. 14. gr.

Nú hefur kona tekið ættarnafn manns síns, og er henni þá frjálst að taka upp að nýju upprunalegt ættarnafn sitt, þegar hjónabandi er lokið. Í öðrum tilfellum er manni ekki heimilt, nema samþykki dómsmálaráðuneytisins komi til, að taka upp aftur ættarnafn, sem hann hefur eitt sinn fellt niður.

Þegar nafnbreyting verður með þeim hætti, að maður tekur að nefna sig ættarnafni, sem hann á rétt á, en hefur ekki borið að undanförnu, eða maður fellir niður ættarnafn, sem hann hefur borið, og kennir sig svo sem í 1. eða 3. mgr. segir, skal hann tilkynna dómsmálaráðuneytinu nafnbreytinguna þegar í stað. Þessi tilkynningarskylda nær þó ekki til konu, sem tekur við giftingu ættarnafn eiginmanns, né til barna, yngri en 16 ára, sem taka ættarnafn föður, um leið og hann hefur fengið leyfi til ættarnafns.

18. gr.

Nú er manni veittur íslenzkur ríkisborgararéttur með lögum, og skal hann þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögunum, annaðhvort kenna sig svo sem mælt er í 7.—9. gr. eða afla sér leyfis til upptöku ættarnafns í samræmi við ákvæði laga þessara.

19. gr.

Heimilt er dómsmálaráðuneytinu að veita manni, þegar sérstaklega stendur á, leyfi til að taka upp nýtt ættarnafn í samræmi við ákvæði laga þessara í stað ættarnafns, sem hann hefur áður borið.

20. gr.

Menn skulu rita nafn sitt, eiginnafn (eiginnöfn) og föðurnafn eða ættarnafn, með sama hætti alla ævi, nema lögleg nafnbreyting eigi sér stað. Með sama hætti skal rita nöfn manna á opinber gögn.

21. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar nefnd þriggja manna, sem bera skal heitið mannanafnanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir kennarar heimspekideildar og einn kennari í lögfræði við Háskóla Íslands.

Mannanafnanefnd hefur með höndum störf þau, sem henni eru ákveðin í lögum þessum, og er að öðru leyti til aðstoðar dómsmálaráðuneytinu við framkvæmd laganna, eftir því sem það kann að óska.

22. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna Hagstofu Íslands nafnbreytingar, er verða eftir lögum þessum.

23. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð, er kveður nánar á um framkvæmd laga þessara.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að kr. 10000.00.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um mannanöfn, nr. 54 frá 27. júní 1925, 10. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 frá 19. febrúar 1886, og 48. og 81. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 frá 27. júní 1921.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu er ekki heimilt að veita leyfi til upptöku nýrra ættarnafna, fyrr en 8 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna. Ef fleiri menn en einn hafa á þeim tíma sótt um leyfi til upptöku sama nafns, skal sá ganga fyrir, ef nafn er leyft, sem sannar fyrir ráðuneytinu, að hann hafi áður notað nafnið sem ættarnafn, þó að það hafi ekki verið lögfest.

Sþ. 174. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um símamál Austfirðinga.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að eins fljótt og við verður komið fari fram ýtarleg athugun á því, hvernig bæta megi símasambandið milli Reykjavíkur og Austurlands, og að hún beiti sér fyrir úrbótum þegar er niðurstöðum þeirrar athugunar liggja fyrir.

Greinargerð.

Símasambandið milli Reykjavíkur og Austurlands hefur jafnan verið með þeim hætti, að algerlega er óviðunandi. Raunar gegnir sama máli um símasamband Austfirðinga við ýmsa aðra landshluta, en það er ekki eins tilfinnanlegt, því að þangað þarf minna að sækja. Símalínan til Austurlands liggur um Suðurland. Þar er bilana-

hætta mjög mikil vegna vatnavaxta, enda hefur oft verið sambandslaust dögum og jafnvel vikum saman vegna náttúruhamfara. Hefur þá orðið að notast við símalínuna, sem liggur um Norðurland, en oftast er erfiðleikum bundið að fá símtöl afgreidd þá leiðina og yfirleitt ekki önnur en hraðsamtöl.

En bilanahættan er samt ekki það versta. Hitt er miklu alvarlegra, að landssíminn er alls ekki fær um að fullnægja eftirspurninni. Tekur oft langan tíma að ná sambandi við Reykjavík, og er það mjög bagalegt og getur auðveldlega valdið einstaklingum og stofnunum tjóni.

Vegna hinnar slæmu símaþjónustu er mikið um hraðsamtöl, en þegar svo er komið, að meginhluti símtalanna er hraðsamtöl, jafngilda þau í raun og veru almennum símtölum. En landssíminn hagnast á þessu ófremdarástandi, því að hann fær þrefalda greiðslu fyrir hvert viðtalsbil.

Ástandið í þessum efnum hefur stórlega versnað að undanförnu. Með auknu athafnalífi og vaxandi viðskiptum vex þörfin fyrir símaþjónustuna. Þá er og þess að geta, að varnarliðið á Langanesi og Stokksnesi mun nota símann mjög mikið, en það eykur enn á erfiðleika Austfirðinga við að fá viðunandi símaafgreiðslu.

Austfirðingar hafa margoft kvartað yfir þessu ástandi, en ekki hefur það borið neinn sýnilegan árangur. Ár eftir ár hefur t. d. Fjórðungsþing Austfirðinga krafizt úrbóta í þessum efnum. Á ársfundi þess að Egilsstöðum 10.—11. sept. s. l. voru þessar kröfur enn ítrekaðar. Jafnframt var bent á, að taka bæri til athugunar, hvort heppilegasta lausnin á þessum vandkvæðum væri ekki að koma á þráðlausu sambandi milli Reykjavíkur og Austurlands. Enn fremur var þess krafizt, að stórlega væru takmörkuð afnot varnarliðsins á Langanesi og Stokksnesi af langlínum landssímans á meðan landssíminn er ekki fær um að láta Austfirðingum viðunandi símaþjónustu í té.

Sþ. 175. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um póstflutninga með flugvélum til Austurlands.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það við póstmálastjórnina, að blaða- og bögglapóstur verði framvegis fluttur með áætlunarflugvélum til Austurlands sem og annar póstflutningur.

Greinargerð.

Almenn óánægja er ríkjandi á Austurlandi yfir því, að hvorki er fluttur þangað blaða- né bögglapóstur með áætlunarflugvélum. Hafa Austfirðingar oft borið fram kvartanir yfir þessu, m. a. hefur Fjóðungsþing Austfirðinga ár eftir ár borið fram óskir um úrbætur, nú síðast á ársfundinum að Egilsstöðum 10.—11. sept. s. l. En þessum óskum hefur í engu verið sinnt. Pósturinn neitar að taka við blöðum og bögglum með flugvélum, jafnvel þótt boðið sé aukagjald, og vilji menn nota flugvélar til að flytja slíka hluti, þarf að flytja þá sem aðrar vörur.

Á meðan fjallvegir eru færir til Austurlands, er blaða- og bögglapóstur fluttur á bílum þangað. Reykjavíkurblöðin koma þá í hendur Austfirðinga, þeirra sem búsettir eru við viðkomustaði bílanna, þrem til fimm dögum eftir að þau koma út, í stað þess að ef þau væru flutt með flugvélum, gæti allur þorri Austfirðinga fengið þau í hendur á útgáfudegi eða degi síðar.

Eftir að áætlunarbílferðir leggjast niður að haustinu, er blaða- og bögglapóstur aðeins fluttur með skipum, og eru þær ferðir oft stopular og Reykjavíkurblöðin þá orðin gömul og oft lítilsvirði, þegar kaupendur þeirra á Austurlandi fá þau í hendur.

Það verður að teljast siðferðisleg skylda póststjórnarinnar að halda uppi sem greiðustum póstsamgöngum og að koma póstflutningi til skila á sem allra skemmstum tíma, eftir að hann er afhentur. Það er þess vegna lítt skiljanlegt, að póststjórnin skuli ekki notfæra sér áætlunarflugferðir til flutninga á öllum pósti. Á meðan það er ekki gert, rækir póststjórnin ekki til hlítar það þjónustuhlutverk, sem henni er ætlað.

Þar sem póststjórnin hefur daufheyrzt við öllum óskum Austfirðinga um úrbætur í þessum efnum, virðist ekki óeðlilegt, að Alþingi láti málið til sín taka á þann hátt, sem til er lagt í þingsályktunartillögu þessari.

Nd. 176. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Hagstofa Íslands.

1. Hagstofustjóri	III.	launafl.
2. Deildarstjóri	V.	—
3. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5. Umsjónarmaður með skýrslusöfnun	IX.	—
6. Bókarar	X.	—
7. Ritarar	XIV.—XIII.	—

Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar en þeir, sem starfað hafa í Hagstofu Íslands a. m. k. 10 ár.

2. Við 9. gr. I. 2. (Hæstaréttarritari).
Í stað „VI. launafl." komi: V. launafl.
3. Við 9. gr. I. 4. (Hæstiréttur). Liðurinn orðist svo:
4. Dóm- og skjalavörður ..... X. launafl.
4. Við 9. gr. II. 1. (Borgardómari).
Í stað „IV. launafl." komi: III. launafl.
5. Við 9. gr. IV. 1. (Sakadómari).
Í stað „IV. launafl." komi: III. launafl.
6. Við 9. gr. V. 1. (Lögreglustjóri).
Í stað „IV. launafl." komi: III. launafl.
7. Við 9. gr. V. Bifreiðaeftirlitið. 2. Liðurinn orðist svo:
2. Fulltrúi í Reykjavík, á Akureyri og í Vesturlandsumdæmi .. IX. launafl.
8. Við 10. gr. III. 2. (Löggildingarstofan). Liðurinn orðist svo:
2. Viðgerðar- og eftirlitsmenn ..... XI. launafl.
9. Við 10. gr. IV. 1. (Skipulagsstjóri).
Í stað „V. launafl." komi: IV. launafl.
10. Við 12. gr. II. 2. (Berklavarnir, aðstoðarlæknar).
Í stað „VI. launafl." komi: V. launafl.
11. Við 12. gr. III. 1. (Yfirlæknar á ríkisspítölunum).
Í stað „V. launafl." komi: IV. launafl.
12. Við 12. gr. III. 2. (Forstöðumaður Blóðbankans).
Í stað „V. launafl." komi: IV. launafl.
13. Við 12. gr. III. 3. (Yfirlæknir við Heilsuverndarstöð Rvíkur).
Í stað „V. launafl." komi: IV. launafl.

14. Við 12. gr. IV. B. 1. (Landsspítalinn, deildarlæknar).
Í stað „VI. launafl.“ komi: V. launafl.
15. Við 12. gr. IV. B. 3. (Landsspítalinn).
Í stað „yfirhjúkrunarkona“ komi: forstöðukona.
16. Við 12. gr. IV. B. 4. Liðurinn orðist svo:
4. Aðstoðarforstöðukona ..... VIII. launafl.
17. Við 12. gr. IV. B. 5. Liðurinn orðist svo:
5. Deildarhjúkrunarkonur í sjúkradeildum og skurðstofu ... IX. launafl.
18. Við 12. gr. IV. B. 6. (Aðstoðarhjúkrunarkonur).
Í stað „XI. launafl.“ komi: XI.—X. launafl.
19. Við 12. gr. IV. B. 11. Liðurinn orðist svo:
11. Rannsóknarhjúkrunarkonur ..... XI.—X. launafl.
20. Við 12. gr. IV. B. Röntgendeild. 2. Liðurinn orðist svo:
2. Aðstoðarhjúkrunarkonur ..... XI.—X. launafl.
21. Við 12. gr. IV. B. Röntgendeild. 3. (Röntgenkonur).
Í stað „X. launafl.“ komi: XI. launafl.
22. Við 12. gr. IV. B. Fæðingardeild. 4. Liðurinn orðist svo:
4. Deildarhjúkrunarkonur (þar með talin skurðstofa) ..... IX. launafl.
23. Við 12. gr. IV. B. Fæðingardeild. 5. Liðurinn orðist svo:
5. Aðstoðarhjúkrunarkonur ..... XI.—X. launafl.
24. Við 12. gr. IV. B. Fæðingardeild. 5. Nýr liður:
6. Aðstoðarljósmæður ..... XI. launafl.
25. Við 12. gr. IV. B. Hjúkrunarkvennaskólinn. Liðurinn orðist svo:
Hjúkrunarkvennaskólinn:
1. Skólastjóri ..... VI. launafl.
2. Kennarar ..... VIII. —
26. Við 12. gr. IV. C. I. (Vífilsstaðahæli, deildarlæknir).
Í stað „VI. launafl.“ komi: V. launafl.
27. Við 12. gr. IV. C. 3. (Vífilsstaðahæli).
Í stað „yfirhjúkrunarkona“ komi: forstöðukona.
28. Við 12. gr. IV. C. 4. (Deildarhjúkrunarkonur).
Í stað „X. launafl.“ komi: IX. launafl.
29. Við 12. gr. IV. C. 5. (Aðstoðarhjúkrunarkonur).
Í stað „XI. launafl.“ komi: XI.—X. launafl.
30. Við 12. gr. IV. D. 1. (Kleppsspítali, deildarlæknir).
Í stað „VI. launafl.“ komi: V. launafl.
31. Við 12. gr. IV. D. 3. Liðurinn orðist svo:
3. Forstöðukona ..... VII. launafl.
32. Við 12. gr. IV. D. 4. Liðurinn orðist svo:
4. Aðstoðarforstöðukona ..... VIII. launafl.
33. Við 12. gr. IV. D. 5. (Deildarhjúkrunarkonur).
Í stað „X. launafl.“ komi: IX. launafl.
34. Við 12. gr. IV. D. 6. (Aðstoðarhjúkrunarkonur).
Í stað „XI. launafl.“ komi: XI.—X. launafl.
35. Við 12. gr. IV. D. 7. (Sjúkrakennarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: IX. launafl.
36. Við 12. gr. IV. E. 1. (Kristneshæli, deildarlæknir).
Í stað „VI. launafl.“ komi: V. launafl.
37. Við 12. gr. IV. E. 2. Liðurinn orðist svo:
2. Forstöðukona ..... VIII. launafl.
38. Við 12. gr. IV. E. 3. (Deildarhjúkrunarkonur).
Í stað „X. launafl.“ komi: IX. launafl.
39. Við 12. gr. IV. E. 4. (Aðstoðarhjúkrunarkonur).
Í stað „XI. launafl.“ komi: XI.—X. launafl.

40. Við 12. gr. IV. F. 1. (Fávitahælið í Kópavogi). Liðurinn orðist svo:

1. Forstöðukona	VIII. launafl.

41. Við 12. gr. IV. F. 2. (Deildarhjúkrunarkonur).
Í stað „X. launafl.“ komi: IX. launafl.

42. Við 12. gr. IV. F. 3. (Aðstoðarhjúkrunarkonur).
Í stað „XI. launafl.“ komi: XI.—X. launafl.

43. Við 12. gr. IV. F. 5. (Kennarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: IX. launafl.

44. Við 12. gr. IV. Á eftir F-lið komi svo hljóðandi málsgrein:
Aðstoðarhjúkrunarkonur og rannsóknarkonur skulu eftir 5 ára starf færast úr XI. launaflokki í X. launaflokk.

45. Við 13. gr. IV. Liðurinn orðist svo:

IV. Flugþjónustan:

1. Flugmálastjóri	III.	launafl.
2. Flugvallarstjóri á Reykjavíkurflugvelli	V.	—
3. Framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits	V.	—
4. Framkvæmdastjóri flugöryggisþjónustu	V.	—
5. Flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli	V.	—
6. Deildarstjóri ICAO	VI.	—
7. Fulltrúi á Keflavíkurflugvelli	VIII.	—
8. Aðalbókari	VIII.	—
9. Aðalgjaldkeri	VIII.	—
10. Loftferðaeftirlitsmaður	IX.	—
11. Bókarar	X.	—
12. Gjaldkeri á Keflavíkurflugvelli	IX.	—
13. Ritarar	XVI.—XIII.	—

Flugumferðarstjórn:

1. Yfirflugumferðarstjórar í Reykjavík og Keflavík	VI.	—
2. Varðstjórar	VII.	—
3. Flugumferðarstjórar	VIII.	—
4. Aðstoðarflugumferðarstjórar	IX.	—

Flugumsjón á Keflavíkurflugvelli:

1. Yfirflugumsjónarmaður	VI.	—
2. Varðstjórar	VII.	—
3. Flugumsjónarmenn	VIII.	—
4. Aðstoðarflugumsjónarmenn	IX.	—

Flugvélaafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli:

1. Deildarstjóri	VI.	—
2. Varðstjórar	VIII.	—
3. Hleðslustjórar	IX.	—
4. Afgreiðslumenn	XI.	—
5. Eftirlitsmaður með áhöldum	IX.	—

Aðrir starfsmenn:

1. Yfirverkstjóri radioverkstæðis	VIII.	—
2. Radioviðgerðarmenn	X.	—
3. Yfirverkstjóri	VIII.	—
4. Birgðavörður	IX.	—
5. Slökkviliðsstjóri	VIII.	—
6. Aðstoðarslökkviliðsstjóri	IX.	—
7. Slökkviliðsmenn	X.	—
8. Gæzlumaður flughafna	VIII.	—
9. Vinnuvélastjóri	IX.	—
10. Bifreiðarstjóri	XI.	—

46. Við 14. gr. A. I. 2. (Biskupsritari og söngmálastjóri).
Í stað „VII. launafl.“ komi: VI. launafl.
47. Við 14. gr. B. I. 3. Liðurinn orðist svo:
3. Prófessorar ..... IV. launafl.
48. Við 14. gr. B. I. 4. Liðurinn orðist svo:
4. Dósentar og háskólabókavörður ..... V. launafl.
49. Við 14. gr. B. I. 5. (Háskólaritari).
Í stað „VII. launafl.“ komi: VI. launafl.
50. Við 14. gr. B. II. 7. (Námsstjórar).
Í stað „VII. launafl.“ komi: VI. launafl.
51. Við 14. gr. B. III. (Eftirlitsmaður með fjármálum skóla).
Í stað „VI. launafl.“ komi: V. launafl.
52. Við 14. gr. B. VIII. Liðurinn orðist svo:
VIII. Garðyrkjuskólinn að Reykjum:
1. Skólastjóri ..... VI. launafl.
2. Kennarar ..... VIII. —
53. Við 14. gr. B. IX. 4. (Skólastjórar héraðsgagnfræðaskóla með fleiri en 75 nemendur).
Í stað „VII. launafl.“ komi: VI. launafl.
54. Við 14. gr. B. IX. 5. (Skólastjórar héraðsgagnfræðaskóla með færri en 75 nemendur).
Í stað „VIII. launafl.“ komi: VII. launafl.
55. Við 14. gr. B. XII. Liðurinn orðist svo:
XII. Húsmæðrakennaraskólinn:
1. Skólastjóri ..... VI. launafl.
2. Kennarar ..... VIII. —
56. Við 14. gr. B. XIII. Liðurinn orðist svo:
XIII. Húsmæðraskólar:
1. Skólastjórar ..... VIII. launafl.
2. Kennarar ..... IX. —
57. Við 14. gr. B. XV. 2. (Málleysingjaskólinn, kennarar).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
58. Við 14. gr. B. XVI. B. (Barnakennarar).
Í stað „X.—IX. launafl.“ komi: IX. launafl.
59. Í stað málsgreinarinnar „Eigi mega aðrir barnakennarar“ o. s. frv. í niðurlagi 14. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Skólastjórar skulu þegar taka hámarkslaun, þrátt fyrir ákvæði 2. gr.
60. Við 15. gr. VI. 2. (Náttúrugripasafnið). Liðurinn orðist svo:
2. Deildarstjórar og sérfræðingar ..... VI. launafl.
61. Við 15. gr. VIII. 1. (Rannsóknarstofa háskólans, læknar).
Í stað „VI. launafl.“ komi: V. launafl.
62. Við 15. gr. IX. 1. (Tilraunastöðin á Keldum, forstöðumaður).
Í stað „V. launafl.“ komi: IV. launafl.
63. Við 15. gr. X. (Veðurstofan). Á eftir Veðurfarsdeild komi:
Áhaldadeild:
1. Deildarstjóri ..... VI. launafl.
2. Viðgerðarmaður ..... IX. —
Jarðeðlisfræðideild:
Jarðskjálftafræðingur ..... VI. —
64. Við 15. gr. XI. 4. (Skrifstofa húsameistara). Liðurinn orðist svo:
4. Skrifstofustjóri, sem jafnframt er féhirðir ..... VII. launafl.
65. Við 16. gr. I. 1. (Sandgræðslustjóri).
Í stað „VII. launafl.“ komi: VI. launafl.

66. Við 16. gr. III. 1. (Veiðimálastjóri).
Í stað „VI. launafl.“ komi: V. launafl.
67. Við 16. gr. V. B. 2. (Sauðfjárveikivarnir). Liðurinn orðist svo:
2. Sýklarannsóknarmaður ..... VIII. launafl.
68. Við 16. gr. V. B. 3.
Orðin „II. stigs“ falli burt.
69. Við 16. gr. VI. (Tilraunastjórar).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VII. launafl.
70. Við 17. gr. I. 6. (Raforkumálaskrifstofan). Liðurinn orðist svo:
6. Landmælingamaður ..... VII. launafl.
71. Við 17. gr. I. 10. Liðurinn orðist svo:
10. Fulltrúi I. stigs ..... VIII. launafl.
72. Við 17. gr. I. 12. Nýr liður:
13. Yfirteiknari ..... IX. launafl.
73. Við 17. gr. II. 6. (Rafmagnsveitur ríkisins, rafstöðvarstjórar).
Liðurinn falli niður.
74. Við 17. gr. II. 18. (Flokksstjórar).
Liðurinn falli niður.
75. Við 17. gr. II. 22. (Línumenn I. stigs).
Í stað „XII. launafl.“ komi: XI. launafl.
76. Við 17. gr. II. 23. (Línumenn II. stigs).
Í stað „XIII. launafl.“ komi: XII. launafl.
77. Við 18. gr. V. A. 3. (Landssíminn). Nýr liður:
4. Umsjónarmaður sjálfvirkra stöðva ..... VII. launafl.
78. Við 18. gr. V. B. 7. (Símvirkjar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
79. Við 18. gr. V. C. 8. (Varðstjórar).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
80. Við 18. gr. V. C. 9. (Símritarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
81. Við 18. gr. V. C. 12. (Talsímakonur).
Í stað „XIV. launafl.“ komi: XIII.—XII. launafl.
82. Við 18. gr. V. C. 14. (Sendimenn).
Í stað „XIII. launafl.“ komi: XII. launafl.
83. Við 18. gr. V. D. 2. (Varðstjórar).
Í stað „XIII. launafl.“ komi: XII.—XI. launafl.
84. Við 18. gr. V. D. 4. Liðurinn orðist svo:
4. Talsímakonur ..... XIII.—XII. launafl.
85. Við 18. gr. V. D. 5. (Talsímakonur II. stigs).
Liðurinn falli niður.
86. Við 18. gr. V. E. 6. (Símvirkjaverkstjórar).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
87. Við 18. gr. V. E. 8. (Símvirkjar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
88. Við 18. gr. V. E. 14. (Flokksstjórar).
Liðurinn fellur niður.
89. Við 18. gr. V. E. 17. (Línumenn).
Í stað „XII. launafl.“ komi: XI. launafl.
90. Við 18. gr. V. F. 1. (Birgðastjóri).
Í stað „VIII. launafl.“ komi: VII. launafl.
91. Við 18. gr. V. F. 6. (Bókari).
Í stað „XI. launafl.“ komi: X. launafl.
92. Við 18. gr. V. G. 1. (Verkstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.

93. Við 18. gr. V. G. 2. (Símvirkjar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
94. Við 18. gr. V. H. 1. (Verkstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
95. Við 18. gr. V. H. 2. (Símvirkjar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
96. Við 18. gr. V. I. 1. (Verkstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi. IX.—VIII. launafl.
97. Við 18. gr. V. I. 2. (Símvirkjar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
98. Við 18. gr. V. J. 2. (Símvirkjaverkstjórar).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
99. Við 18. gr. V. J. 4. (Símvirkjar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
100. Við 18. gr. V. J. 5. (Flokksstjórar).
Liðurinn falli niður.
101. Við 18. gr. V. J. 6. (Línumenn).
Í stað „XII. launafl.“ komi: XI. launafl.
102. Við 18. gr. V. L. 2. (Stöðvarstjóri loftskeytast. í Rvík).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
103. Við 18. gr. V. L. 3. (Stöðvarstjóri sendist. á Rjúpnahæð).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
104. Við 18. gr. V. L. 4. (Stöðvarstjóri sendist. á Vatnsendahæð).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
105. Við 18. gr. V. L. 5. (Stöðvarstjóri Loranst. á Reynisfjalli).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
106. Við 18. gr. V. L. 6. (Varðstjórar).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
107. Við 18. gr. V. L. 7. (Símritarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
108. Við 18. gr. V. L. 8. Nýr liður:
9. Símvirkjar ..... X.—IX. launafl.
109. Við 18. gr. V. L. 9. (Tækjagæzlumenn).
Í stað „X. launafl.“ komi: XI. launafl.
110. Við 18. gr. V. L. 9. Nýr liður:
10. Tímaverðir Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli ..... XII. launafl.
111. Við 18. gr. V. M. 3. (Ritsímavarðstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
112. Við 18. gr. V. M. 4. (Símvirkjaverkstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
113. Við 18. gr. V. M. 5. (Langlínuvarðstjórar).
Í stað „XIII. launafl.“ komi: XII.—XI. launafl.
114. Við 18. gr. V. M. 6. (Símritarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
115. Við 18. gr. V. M. 8. (Símvirki).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
116. Við 18. gr. V. M. 9. (Línumaður).
Í stað „XII. launafl.“ komi: XI. launafl.
117. Við 18. gr. V. M. 10. Liðurinn orðist svo:
10. Talsímakonur ..... XIII.—XII. launafl.
118. Við 18. gr. V. M. 11. (Talsímakonur II. stigs).
Liðurinn falli niður.
119. Við 18. gr. V. N. 2. (Ritsímavarðstjóri).
Í stað „VIII. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.

120. Við 18. gr. V. N. 3. (Símvirkjaverkstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
121. Við 18. gr. V. N. 4. (Línumaður).
Í stað „XII. launafl.“ komi: XI. launafl.
122. Við 18. gr. V. N. 5. Liðurinn orðist svo:
5. Talsímakonur ..... XIII.—XII. launafl.
123. Við 18. gr. V. N. 6. (Talsímakonur II. stigs).
Liðurinn falli niður.
124. Við 18. gr. V. O. 2. (Fulltrúi).
Í stað „VIII. launafl.“ komi: IX. launafl.
125. Við 18. gr. V. O. 3. (Ritsímavarðstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
126. Við 18. gr. V. O. 4. (Símvirkjaverkstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
127. Við 18. gr. V. O. 5. (Símritarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
128. Við 18. gr. V. O. 6. (Langlínuvarðstjórar).
Í stað „XIII. launafl.“ komi: XII.—XI. launafl.
129. Við 18. gr. V. O. 7. Liðurinn orðist svo:
7. Talsímakonur ..... XIII.—XII. launafl.
130. Við 18. gr. V. O. 8. (Talsímakonur II. stigs).
Liðurinn falli niður.
131. Við 18. gr. V. P. 3. (Ritsímavarðstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
132. Við 18. gr. V. P. 4. (Símvirki).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
133. Við 18. gr. V. P. 5. (Símritarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
134. Við 18. gr. V. P. 6. Liðurinn orðist svo:
6. Talsímakonur ..... XIII.—XII. launafl.
135. Við 18. gr. V. P. 7. (Talsímakonur II. stigs).
Liðurinn falli niður.
136. Við 18. gr. V. R. 2. (Ritsímavarðstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
137. Við 18. gr. V. R. 3. (Símritarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
138. Við 18. gr. V. R. 4. (Símvirki).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
139. Við 18. gr. V. R. 6. (Langlínuvarðstjóri).
Í stað „XIII. launafl.“ komi: XII.—XI. launafl.
140. Við 18. gr. V. R. 7. Liðurinn orðist svo:
7. Talsímakonur ..... XIII.—XII. launafl.
141. Við 18. gr. V. R. 8. (Talsímakonur II. stigs)
Liðurinn falli niður.
142. Við 18. gr. V. S. 2. (Ritsímavarðstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
143. Við 18. gr. V. S. 3. (Símritarar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
144. Við 18. gr. V. S. 4. (Símvirkjar).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
145. Við 18. gr. V. S. 6. (Langlínuvarðstjóri).
Í stað „XIII. launafl.“ komi: XII.—XI. launafl.
146. Við 18. gr. V. S. 7. Liðurinn orðist svo:
7. Talsímakonur ..... XIII.—XII. launafl.

147. Við 18. gr. V. S. 8. (Talsímakonur II. stigs).
Liðurinn falli niður.
148. Við 18. gr. V. T. 2. (Símvirkjaverkstjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: IX.—VIII. launafl.
149. Við 18. gr. V. T. 3. (Símvirki).
Í stað „X. launafl.“ komi: X.—IX. launafl.
150. Við 10. gr. V. T. 5. Liðurinn orðist svo:
5. Talsímakonur ..... XIII.—XII. launafl.
151. Við 18. gr. V. T. 6. (Talsímakonur II. stigs).
Liðurinn falli niður.
152. Við 18. gr. V.
Í stað málsgr.: „Laun sem I. stigs talsímakonur“ o. s. frv. í niðurlagi gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Símritaravarðstjórar og símvirkjavarðstjórar skulu eftir 10 ára starf færast úr IX. launafl. í VIII. launafl. Simritarar og símvirkjar flytjast eftir jafnlangan starfstíma úr X. launafl. í IX. launafl. Langlínuvarðstjórar skulu og eftir 10 ára starf færast úr XII. launafl. í XI. launafl. Þá skulu og talsímakonur færast úr XIII. launafl. í XII. launafl. eftir jafnlangan starfstíma.
153. Við 19. gr. I. a. 4. (Ríkisútvarpið, féhirðir).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
154. Við 19. gr. I. a. 5. Nýir liðir:
6. Ritari ..... XIV.—XIII. launafl.
7. Umsjónarmaður ..... XIII. —
155. Við 19. gr. I. b. 1. Liðurinn orðist svo:
1. Innheimtustjóri ..... VIII. launafl.
156. Við 19. gr. I. c. 1. (Auglýsingastjóri).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
157. Við 19. gr. I. c. 1. Nýr liður:
2. Bókari ..... XI. launafl.
158. Við 19. gr. I. e. 5. Nýr liður:
6. Leiklistarráðunautur ..... VIII. launafl.
159. Við 19. gr. I. f. 4. Nýir liðir:
5. Pianóleikari ..... IX. launafl.
6. Aðstoðarmaður ..... XIII. —
7. Ritari ..... XIV.—XIII. —
160. Við 19. gr. I. g. 1. Liðurinn orðist svo:
1. Forstöðumaður ..... VIII. launafl.
161. Við 19. gr. I. h. 1. (Stöðvarstjórar).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
162. Við 19. gr. II. 2. (Viðtækjaverzlun, skrifstofustjóri).
Í stað „VIII. launafl.“ komi: VII. launafl.
163. Við 19. gr. III. 1. (Viðgerðarstofa, forstöðumaður).
Í stað „IX. launafl.“ komi: VIII. launafl.
164. Við 20. gr. I. 14. (Áfengisverzlunin). Liðurinn orðist svo:
14. Aðstoðarfólk í lyfjagerð I. stigs ..... XII. launafl.
165. Við 20. gr. I. 14. Nýr liður:
Aðstoðarfólk við lyfjagerð II. stigs ..... XIV. launafl.
166. Við 20. gr. IV. 7. (Áburðar- og grænmetisverzlun). Liðurinn orðist svo:
7. Verkstjóri ..... X. launafl.
167. Við 20. gr. IV. 8. Nýr liður:
9. Bifreiðastjóri ..... XI. launafl.
168. Á eftir 27. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Nú eru settar á fót ríkisstofnanir, eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá fjármálaráðherra í samráði við ráðherra þann, er fer með mál stofnunar-

innar, ákveða laun starfsmanna við þær með hliðsjón af því, er gildir um sambærilegar eða hliðstæðar stofnanir samkvæmt lögum þessum.

Ef til koma við stofnanir þær, sem lög þessi taka til, nýjar stöður, sem eru ekki taldar í lögunum, ákveður fjármálaráðherra með sama hætti og segir í 1. málsgr., í hvaða launaflokk skuli skipa hlutaðeigandi starfsmann.

Nd. 177. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Launaflokkar samkvæmt lögum þessum eru 15, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 54000.00	kr. 54000.00
II. —	— 50400.00	— 50400.00
III. —	— 46800.00	— 46800.00
IV. —	— 43200.00	— 43200.00
V. —	— 39960.00	— 39960.00
VI. —	— 36720.00	— 36720.00
VII. —	— 25920.00	— 34560.00
VIII. —	— 23760.00	— 32400.00
IX. —	— 21600.00	— 30240.00
X. —	— 21600.00	— 28080.00
XI. —	— 19440.00	— 25920.00
XII. —	— 17280.00	— 23760.00
XIII. —	— 17280.00	— 21600.00
XIV. —	— 15120.00	— 19440.00
XV. —	— 11880.00	— 17280.00

Nd. 178. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum, kynnt sér frumvarpið og hartnær 90 bréf um málið, sem henni hafa borizt. Fjárhagsnefnd efri deildar hefur unnið með nefndinni að athugun málsins, og þær hafa átt viðræður við launamálanefndina, sem samdi frumvarpið.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt, en ber fram breytingartillögur við það á sérstöku þingskjali. Eru brtt. fluttar í samráði við launamálanefndina og með hennar samþykki.

Nokkur ákvæði frumvarpsins eru enn til nánari athugunar hjá nefndinni, og áskilur hún sér rétt til að bera fram fleiri breytingartillögur við frv. að lokinni þeirri athugun.

Jón Pálmason tekur fram eftirfarandi:

Ég álít þá launahækkunarstefnu, sem fram kemur í þessu frumvrapi, mjög hættulega eins og nú er ástatt í okkar atvinnu- og fjármálum. Þær færslur milli

launaflokka, sem fjárhagsnefnd flytur tillögur um, get ég þó eftir atvikum fallizt á sem eðlilega afleiðingu af þeim flokkabreytingum frá gildandi launalögum, sem í frumvarpinu felast.

En ég mun flytja tillögu um breytingu á 1. gr. frumvarpsins á þá leið að fella niður þá almennu launahækkun, sem í greininni felst. Mun sú tillaga gilda að minnsta kosti 16 milljón króna minni árleg gjöld fyrir ríkissjóð.

Verði sú breytingartillaga felld, mun ég greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild.

Alþingi, 9. des. 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr., með ofangreindum fyrirvara. Jóhann Hafstein.

Karl Guðjónsson, með fyrirvara. Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 179. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun 2. II. a. 5. (Bæjarsíminn í Rvík og Hafnarfirði).	
			Fyrir „11 000 000“ kemur	11 800 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun 2. II. g. (Landssíminn, fyrning).	
			Fyrir „500 000“ kemur	640 000
3.	—	10. —	I. 2. f. (Samgöngumálaráðuneytið).	
			a. Við 1. (Grunnlaun).	
			Fyrir „77 760“ kemur	94 320
			b. Við 2. (Verðlagsuppbót).	
			Fyrir „52 444“ kemur	65 965
4.	—	11. —	A. 3. (Borgarfógetaembættið í Rvík).	
			a. Við a. 1. (Grunnlaun).	
			Fyrir „318 600“ kemur	333 720
			b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).	
			Fyrir „225 656“ kemur	238 001
5.	—	11. —	A. 6. (Lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli).	
			a. Við a. 1. (Grunnlaun).	
			Fyrir „88 980“ kemur	121 380
			b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).	
			Fyrir „65 396“ kemur	89 048
6.	—	11. —	A. 9. h. Nýir liðir:	
			a. Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað	10 000
			b. Til sumarlöggæzlu í Ólafsfirði	10 000
7.	—	11. —	A. 10. (Landhelgisgæzla).	
			Fyrir „11 500 000“ kemur	11 700 000
8.	—	11. —	A. 11. d. (Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Rvík).	
			Fyrir „34 745“ kemur	59 115
9.	—	11. —	A. 20. Nýr liður:	
			Til prentunar efnisyfirlits yfir hæstaréttardóma	260 000

10. Við 11. gr. B. 3. (Bifreiðaeftirlit ríkisins).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „465 120“ kemur 486 720
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „341 951“ kemur 359 587
c. Við ÷ Tekjur.
Fyrir „1 377 071“ kemur 1 416 307

11. — 11. — B. 10. (Eftirlit á vegum).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „28 080“ kemur 42 120
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „20 659“ kemur 30 989
c. Við b. (Annar kostnaður).
Fyrir „50 000“ kemur 156 000

12. — 12. — IV. B. (Fæðingardeild landsspítalans).
a. Við 1. a. (Grunnlaun).
Fyrir „1 094 790“ kemur 1 267 130
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „815 943“ kemur 920 723
c. Við ÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrarhalla.
Fyrir „635 556“ kemur 820 303

13. — 12. — XII. Nýr liður:
Til hreppsnefndar Hveragerðishrepps til stofnkostnaðar vegna leirbaða 50 000

14. — 12. — XIX. Nýr liður:
Til sérnáms lækna erlendis eftir úthlutun landlæknis 50 000

15. — 12. — XXV. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til ýmissa sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs, að fengnum tillögum landlæknis, gegn ⅔ hlutum framlags frá Tryggingastofnun ríkisins 100 000

16. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:

1.	Reynivallavegur	90 000
2.	Reykjavegur	40 000
3.	Hafnavegur	65 000
4.	Grindavíkurvegur	25 000
5.	Gufunesvegur	40 000
6.	Kjalarnesvegur innri	20 000
7.	Eyrarfjallsvegur	20 000
8.	Skorradalsvegur	110 000
9.	Mófellsstaðavegur	20 000
10.	Melasveitarvegur	20 000
11.	Lundarreykjadalsvegur	70 000
12.	Skálpastaðavegur	55 000
13.	Flókadalsvegur	30 000
14.	Reykdælavegur	95 000
15.	Hálsasveitarvegur	60 000
16.	Bæjarsveitarvegur	20 000
17.	Svínadalsvegur	40 000
18.	Hvalfjörður	250 000
19.	Þverárhlíðarvegur	55 000
20.	Hvítársíðuvegur	110 000
21.	Glitsstaðavegur	20 000
22.	Varmalandsvegur	10 000

23.	Ferjubakkavegur	50 000
24.	Álftárósvegur	120 000
25.	Grímsstaðavegur	45 000
26.	Hraunhreppsvegur	125 000
27.	Skógavegur	10 000
28.	Hnappadalsvegur	10 000
29.	Kolviðarnesvegur	10 000
30.	Hítarnesvegur	10 000
31.	Skógarnesvegur	30 000
32.	Krossavegur	10 000
33.	Ölkelduvegur	10 000
34.	Lýsuhólsvegur	15 000
35.	Ólafsvíkurvegur	30 000
36.	Útnesvegur	180 000
37.	Hellnavegur	10 000
38.	Rifsvegur	50 000
39.	Hellissandsvegur	100 000
40.	Eyrarsveitarvegur	100 000
41.	Fróðárhreppsvegur	45 000
42.	Framsveitarvegur	40 000
43.	Helgafellssveitarvegur	70 000
44.	Borgalandsvegur	10 000
45.	Skógarstrandarvegur á Snæfellsnesi	100 000
46.	Langadalsvegur	10 000
47.	Heydalsvegur	150 000
48.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110 000
49.	Vesturlandsvegur í Svínadal	185 000
50.	Miðdalavegur (fyrir ofan Fell)	30 000
51.	Haukadalsvegur	50 000
52.	Hörðudalsvegur	25 000
53.	Laxárdalsvegur	50 000
54.	Lauga- og Sælingsdalsvegur	20 000
55.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	185 000
56.	Efribyggðarvegur á Fellsströnd	30 000
57.	Staðarhólsvegur	30 000
58.	Hjarðarholtsvegur	20 000
59.	Gautsdalsvegur	10 000
60.	Reykhólasveitarvegur	50 000
61.	Gufudalsvegur	100 000
62.	Bæjarnesvegur	35 000
63.	Svínanesvegur	20 000
64.	Fjarðarhlíðarvegur	100 000
65.	Litlanesvegur	25 000
66.	Barðastrandarvegur	100 000
67.	Rauðasandsvegur	140 000
68.	Örlygshafnarvegur	200 000
69.	Bíldudalsvegur norðan Hálfdáns	60 000
70.	Tálknafjarðarvegur	60 000
71.	Hvammseyrarvegur	25 000
72.	Dalahreppsvegur	35 000
73.	Suðurfjarðavegur	35 000
74.	Súgandafjarðarvegur	75 000
75.	Önundarfjarðarvegur	70 000
76.	Hjarðardalsvegur	40 000

77.	Gemlufallsheiðarvegur	35 000
78.	Ingjaldssandsvegur	70 000
79.	Dýrafjarðarvegur	160 000
80.	Lokinhamravegur	35 000
81.	Álftamýrarvegur	35 000
82.	Arnarfjarðarvegur	400 000
83.	Ögurvegur	350 000
84.	Vatnsfjarðarvegur	125 000
85.	Fjarðavegur	125 000
86.	Snæfjallastrandarvegur	125 000
87.	Jökulfjarðavegur	50 000
88.	Selstrandarvegur	100 000
89.	Strandavegur	250 000
90.	Reykjarfjarðarvegur	170 000
91.	Norðurfjarðarvegur	100 000
92.	Vesturárdalsvegur	100 000
93.	Heggstaðanesvegur	40 000
94.	Hlíðardalsvegur	25 000
95.	Vatnsnesvegur	85 000
96.	Fitjavegur	35 000
97.	Víðidalsvegur	100 000
98.	Borgarvegur	25 000
99.	Vatnsdalsvegur að austan	170 000
100.	Skagavegur	90 000
101.	Svínadalsvegur	80 000
102.	Norðurárdalsvegur	20 000
103.	Svartárdalsvegur	70 000
104.	Bugsvegur	50 000
105.	Skagavegur	80 000
106.	Reykjastrandarvegur	40 000
107.	Sæmundarhlíðarvegur	20 000
108.	Skagafjarðarvegur	80 000
109.	Hólavegur	50 000
110.	Hofsósvegur	60 000
111.	Siglufjarðarvegur	210 000
112.	Flókadalsvegur eystri	25 000
113.	Efribyggðarvegur	60 000
114.	Austurdalsvegur	40 000
115.	Flókadalsvegur vestri	30 000
116.	Siglufjarðarvegur ytri	100 000
117.	Ólafsfjarðarvegur	110 000
118.	Ólafsfjarðarvegur eystri	15 000
119.	Múlavegur	200 000
120.	Eyjafjarðarbraut sunnan Leynings	25 000
121.	Hrísavegur	50 000
122.	Hörgárdalsvegur ytri	50 000
123.	Hörgárdalsvegur innri	35 000
124.	Laugalandsvegur	50 000
125.	Vatnsendavegur	50 000
126.	Djúpadalsvegur	25 000
127.	Svalbarðsstrandarvegur	50 000
128.	Kljástrandarvegur	25 000
129.	Fnjóskadalsvegur í Grýtubakkahreppi	65 000
130.	Fnjóskadalsvegir í Hálshreppi	120 000

131.	Kinnarvegur (við Núp)		40 000
132.	Bárðardalsvegur eystri		50 000
133.	Bárðardalsvegur vestri		30 000
134.	Austurhlíðarvegur		40 000
135.	Laxárdalsvegur		50 000
136.	Mývatnssveitarvegur nyrðri		50 000
137.	Tjörnesvegur		50 000
138.	Þingeyjarsýslubraut milli byggða		180 000
139.	Mývatnsöræfavegur		75 000
140.	Kelduhverfisvegur		75 000
141.	Hólsfjallavegur		70 000
142.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		120 000
143.	Öxarfjarðarheiðarvegur, vestan heiðar		15 000
144.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		75 000
145.	Þistilfjarðarvegur		85 000
146.	Langanesvegur		25 000
147.	Eiðisvegur		20 000
148.	Hálsvegur		35 000
149.	Austurlandsvegur		270 000
	Þar af til Fagradalsbrautar 85 þús. kr.		
150.	Bakkafjarðarvegur		30 000
151.	Steintúnsvegur		10 000
152.	Sandvíkurheiði		140 000
153.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Strandhafnarvegur	20 000	
	b. Strandavegur	30 000	
	c. Vesturdalsvegur	10 000	
	d. Fjallasíðuvegur	20 000	
	e. Sunnudalsvegur	100 000	
			180 000
154.	Jökuldalsvegur efri		35 000
155.	Jökuldalsvegur eystri		50 000
156.	Hlíðarvegur		30 000
157.	Hróarstunguvegur nyrðri		35 000
158.	Hróarstunguvegur eystri		25 000
159.	Fellavegur efri		25 000
160.	Fljótsdalsvegur		75 000
161.	Hjaltastaðavegur		55 000
162.	Borgarfjarðarvegur		155 000
163.	Hólalandsvegur		20 000
164.	Seyðisfjarðarvegur nyrðri		75 000
165.	Seyðisfjarðarvegur eystri		10 000
166.	Fjarðarheiðarvegur		130 000
167.	Skóga- og Fljótsdalsvegur		65 000
168.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal		35 000
169.	Mjóafjarðarvegur		70 000
170.	Eskifjarðarvegur		30 000
171.	Vaðlavíkurvegur		15 000
172.	Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi		60 000
173.	Vattarnesvegur		15 000
174.	Fáskrúðsfjarðarvegur		110 000
175.	Stöðvarfjarðarvegur		260 000
176.	Breiðdalsvíkurvegur		50 000
177.	Norðurdalsvegur		25 000

178.	Breiðdalsvegur	60 000	
179.	Berufjarðarvegur	90 000	
180.	Geithellnavegur	90 000	
181.	Lónsheiðarvegur	200 000	
182.	Hvalnesvegur	15 000	
183.	Almannaskarðsvegur	80 000	
184.	Nesjavegur	30 000	
185.	Mýravegur	65 000	
186.	Suðursveitarvegur	65 000	
187.	Öræfavegur	70 000	
188.	Síðu- og Fljótshverfisvegur	45 000	
189.	Landbrotsvegur syðri	65 000	
190.	Búlandsvegur	25 000	
191.	Meðallandsvegur	75 000	
192.	Mýrdalssandsvegur	70 000	
193.	Mýrdalsvegur	90 000	
194.	Dyrhólavegur	10 000	
195.	Álftaversvegur	40 000	
196.	Reynishverfisvegur	20 000	
197.	Ásvegur	50 000	
198.	Hamravegur	10 000	
199.	Vetleifsholtsvegur	30 000	
200.	Heiðarvegur	80 000	
201.	Þykkvabæjarvegur	60 000	
202.	Landvegur	60 000	
203.	Árbæjarvegur	100 000	
204.	Gunnarsholtsvegur	35 000	
205.	Rangárvallavegur efri	35 000	
206.	Móeiðarhvolsvegur	10 000	
207.	Bakkabæjavegur	10 000	
208.	Út-Landeyjavegur	30 000	
209.	Landeyjavegur syðri	60 000	
210.	Oddavegur	10 000	
211.	Hólmavegur	10 000	
212.	Fljótshlíðarvegur	20 000	
213.	Sandhólmavegur	100 000	
214.	Skálavegur	10 000	
215.	Gnúpverjahreppsvegur	20 000	
216.	Grafningsvegur	80 000	
217.	Hrunamannahreppsvegur	25 000	
218.	Laugardalsvegur	90 000	
219.	Skálholtsvegur	20 000	
220.	Partavegur	25 000	
221.	Þorlákshafnarvegur	50 000	
222.	Hamarsvegur	30 000	
223.	Auðsholtsvegur	25 000	
224.	Gullfossvegur	40 000	
225.	Reykjavegur	25 000	
226.	Langholtsvegur	30 000	
227.	Sólheimavegur	30 000	
228.	Hafnarskeiðsvegur	40 000	
			14 830 000

17. Við 13. gr. A. II. b. (Viðhald þjóðvega).
Fyrir „24 000 000“ kemur 29 000 000

18. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:

Brúargerðir:		
1. Rauðsgil	150 000	
2. Norðurá hjá Glitsstöðum	250 000	
3. Slýá í Eyrarsveit	170 000	
4. Mjósund	100 000	
5. Krossá á Skarðsströnd	150 000	
6. Bakkaá í Hörðudal	100 000	
7. Fjarðarhornsá	125 000	
8. Skálmardalsá	400 000	
9. Mjólká	120 000	
10. Dynjandisá	120 000	
11. Seljalandsá	75 000	
12. Hattardalsá	190 000	
13. Halladalsá	200 000	
14. Katadalsá	240 000	
15. Núpsá	80 000	
16. Svínadalsá	250 000	
17. Hörtná	250 000	
18. Hofsá í Skagafirði	200 000	
19. Þverá í Eyjafirði	150 000	
20. Hafraá	100 000	
21. Fnjóská hjá Þórðarstöðum	300 000	
22. Ormarsá	180 000	
23. Lónsá	50 000	
24. Laxá í Norður-Þingeyjarsýslu	30 000	
25. Staðará í Hjaltastaðaþinghá	160 000	
26. Jökulsá í Borgarfirði	100 000	
27. Sunnudalsá	100 000	
28. Lónakíll	200 000	
29. Gilsá í Suður-Múlasýslu	80 000	
30. Búlandsá	240 000	
31. Berufjarðará	150 000	
32. Staðará í Suðursveit	300 000	
33. Virkisá	50 000	
34. Laxá í Fljótshverfi	140 000	
35. Fjarðará á Síðu	180 000	
36. Brýr í Landeyjum og Hvolhreppi	200 000	
37. Litla-Laxá	160 000	
38. Andalækur	230 000	
		6 270 000

19. — 13. — A. VIII.

a. Liðurinn orðist svo:

Til ræktunarvega:		
1. Í Vestmannaeyjum	30 000	
2. Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
3. Í Flatey á Skjálfanda	10 000	
4. Í Grímsey	10 000	
5. Í Hrísey	8 000	
		68 000

b. Nýr liður:

Til nýbýlavega	200 000

20. — 13. — B. IV. Nýr liður:

Til umbóta við veitingaskálann við Gullfoss	15 000

21. Við 13. gr. C. VIII. Liðurinn orðist svo:

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:

1.	Akranes	350 000
2.	Akureyri	300 000
3.	Arnarstapi	150 000
4.	Bakkafjörður	30 000
5.	Bíldudalur	53 000
6.	Blönduós	67 000
7.	Bolungavík	100 000
8.	Borgarnes	75 000
9.	Breiðavík	25 000
10.	Dalvík	75 000
11.	Djúpivogur	50 000
12.	Eyrarbakki	100 000
13.	Fáskrúðsfjörður	200 000
14.	Flatey á Breiðafirði	33 000
15.	Flateyri	100 000
16.	Gerðavör	50 000
17.	Gjögur	70 000
18.	Grafarnes	100 000
19.	Grenivík	70 000
20.	Grímsey	180 000
21.	Hafnarfjörður	300 000
22.	Hauganes	40 000
23.	Hellnar	25 000
24.	Hnúksnes	30 000
25.	Hofsós	30 000
26.	Hólmavík	50 000
27.	Hrísey	130 000
28.	Húsavík	100 000
29.	Hvammstangi	40 000
30.	Höfn í Hornafirði	60 000
31.	Ísafjörður	200 000
32.	Járngerðarstaðir	100 000
33.	Kópasker	125 000
34.	Kópavogur	70 000
35.	Loðmundarfjörður	10 000
36.	Mjóifjörður	38 000
37.	Neskaupstaður	100 000
38.	Norðurfjörður	75 000
39.	Ólafsfjörður	150 000
40.	Ólafsvík	200 000
41.	Patreksfjörður	200 000
42.	Raufarhöfn	150 000
43.	Sandgerði	200 000
44.	Sauðárkrókur	200 000
45.	Seyðisfjörður	97 000
46.	Siglufjörður	200 000
47.	Skagaströnd	75 000
48.	Skarðsstöð	75 000
49.	Stokkseyri	75 000
50.	Stykkishólmur	250 000
51.	Stöðvarfjörður	200 000
52.	Suðureyri	300 000

		53. Tálknafjörður	22 000	
		54. Vestmannaeyjar	350 000	
		55. Vopnafjörður	80 000	
		56. Þingeyri	50 000	
		57. Þorlákshöfn	350 000	
		58. Þórshöfn	100 000	
		59. Örlygshöfn	30 000	
		60. Landshöfn í Rifi	500 000	
		61. Landshöfn í Keflavík og Njarðvík	350 000	
				7 905 000
22.	Við 13. gr.	D. XI. (Styrkir til námsmanna o. fl.). Fyrir „60 000“ kemur		100 000
23.	— 14. —	A. III. 3. (Söngmálastjóri, ferðakostnaður). Fyrir „2 400“ kemur		5 000
24.	— 14. —	A. XII. Nýr liður: Til kaupa á pípuorgeli í Hóladómkirkju		60 000
25.	— 14. —	B. I. a. (Háskólinn). a. Við 10. (Námskeið og heimsóknir erlendra vísindamanna). Fyrir „30 000“ kemur		45 000
		b. Við 14. (Vísindastarfsemi). Fyrir „50 000“ kemur		62 000
		c. Við 19. (Ýmis útgjöld). Fyrir „190 000“ kemur		225 000
26.	— 14. —	B. II. c. (Lánasjóður stúdenta). Fyrir „500 000“ kemur		650 000
27.	— 14. —	B. III. (Fræðslumálastjóraembættið). a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „270 360“ kemur		285 480
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „198 083“ kemur		210 428
28.	— 14. —	B. VIII. c. (Stýrimannaskólinn, hiti o. fl.). Fyrir „110 000“ kemur		125 000
29.	— 14. —	B. XI. 2. e. (Bændaskólinn á Hvanneyri). Nýr liður: Til tilrauna		30 000
30.	— 14. —	B. XII. (Iðnfræðsla). Nýir stafliðir: a. Til listiðnaðardeildar handíðaskólans samkv. lögum		44 500
		b. Til framhaldsnáms erlendis		50 000
31.	— 14. —	B. XIV. 4. (Kennslueftirlit). a. Við a. 2. (Námsstjórar, annar kostnaður). Fyrir „110 000“ kemur		130 000
		b. Við b. 2. (Fræðslufulltrúinn í Rvík, skrifstofukostnaður). Fyrir „60 000“ kemur		80 000
32.	— 14. —	B. XVII. 1. (Húsmæðraskólar). a. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „1 002 240“ kemur		956 053
		b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „739 433“ kemur		706 858
		c. Við e. (Annar rekstrarkostnaður). Fyrir „700 000“ kemur		660 000
33.	— 14. —	B. XVII. 2. (Bygging húsmæðraskóla). Fyrir „740 000“ kemur		680 000

34.	Við 15. gr.	A. II. (Þjóðskjalasafnið).		
		a. Við 1. a. (Grunnlaun).		
		Fyrir „172 080“ kemur	.....	198 000
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „123 152“ kemur	.....	142 954
35.	— 15. —	A. V. (Náttúrugripasafnið).		
		a. Við 5. (Rannsóknir og ferðakostnaður).		
		1. Fyrir „20 000“ kemur	.....	30 000
		2. Nýr liður:		
		Til kaupa á bifreið	.....	60 000
		b. Við 7. Nýr liður:		
		Til greiðslu á hluta af kostnaði við rannsóknarför til Grænlands	.....	12 500
36.	— 15. —	A. V. Nýr (rómv.) liður:		
		Til náttúrugripasafns Akureyrar	.....	15 000
37.	— 15. —	A. IX. 7. Nýr liður:		
		Til Fornritaútgáfunnar til ljósprentunar þeirra fimm binda fornrita, sem uppseld eru (fyrsta greiðsla af þremur)	.....	60 000
38.	— 15. —	A. IX. 14. Nýr liður:		
		Til Halldórs Halldórssonar dósents til útgáfu kennslubókar í íslenzku fyrir erlenda stúdenta	.....	15 000
39.	— 15. —	A. IX. 17. (Steinn Dofri).		
		Fyrir „18 500“ kemur	.....	20 400
40.	— 15. —	A. IX. 24. (Útgáfa héraðssagnarita).		
		Fyrir „15 000“ kemur	.....	30 000
41.	— 15. —	A. IX. 30. (Ættir Austfirðinga).		
		Fyrir „10 000“ kemur	.....	20 000
42.	— 15. —	A. IX. 35. (Menningarsaga Norðurlanda).		
		a. Fyrir ártalið „1950“ kemur: 1550.		
		b. Fyrir „12 000“ kemur	.....	22 000
43.	— 15. —	A. XX. Nýr liður:		
		Til Sigurðar Þórarinssonar og Tómasar Tryggvasonar til að sækja þing jarðfræðinga í Mexíkó	.....	30 000
44.	— 15. —	A. XXIV. (Jón Leifs).		
		Fyrir „5 000“ kemur	.....	10 000
45.	— 15. —	A. XXVIII. 14.		
		Fyrir „leikfélags Borgarness“ kemur: Ungmennafélagsins Skallagríms í Borgarnesi.		
46.	— 15. —	A. XXVIII. 15. Nýr liður:		
		Til leikfélags Blönduóss	.....	3 000
47.	— 15. —	A. XXX. 6. (Tónlistarskóli Vestmannaeyja).		
		Fyrir „10 000“ kemur	.....	15 000
48.	— 15. —	A. XXX. 7. Nýir liðir:		
		a. Til tónlistarskóla Akraness	.....	10 000
		b. Til tónlistarskóla Selfoss	.....	10 000
		c. Til tónlistarskóla Neskaupstaðar	.....	10 000
49.	— 15. —	A. XXX. 20. (Kirkjukórasamband Íslands).		
		Fyrir „35 000“ kemur	.....	45 000
50.	— 15. —	A. XXXI. Nýr liður:		
		Til Karlakórs Reykjavíkur til söngfarar til Norðurlanda		30 000
51.	— 15. —	A. XXXIII. Nýr liður:		
		Til Ólafar Pálsdóttur til náms í höggmyndalist	.....	8 000

52. Við 15. gr. A. XXXVI. Nýir liðir:
a. Til Rögnvalds Sigurjónssonar til tónlistarnáms 8 000
b. Til Þórunnar Jóhannsdóttur til tónlistarnáms 8 000
c. Til Guðrúnar Kristinsdóttur til tónlistarnáms 8 000
d. Til Sigursveins D. Kristinssonar til tónlistarnáms .. 8 000
e. Til Kristins Hallssonar til rekstrar söngskóla 10 000
f. Til Friðriks Ólafssonar skákmeistara 15 000

53. — 15. — A. XXXVIII. Nýir liðir:
a. Til Emile Walters til að mála söguleg málverk .. 25 000
b. Til Þorstínu Jackson vegna ritstarfa í þágu Íslendinga í Vesturheimi 16 500

54. — 15. — A. XL. Nýr liður:
Til Steinunnar Ólafsdóttur í viðurkenningarskyni fyrir margs konar aðstoð og fyrirgreiðslu við Íslendinga í Kaupmannahöfn 8 000

55. — 15. — A. XLVIII. Nýr liður:
Til byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga til að byggja yfir áraskipið Pétursey 5 000

56. — 15. — A. LXI. Nýir liðir:
a. Til undirbúningsnefndar víkingaþings á Íslandi sumarið 1956 ..... 25 000
b. Til Verkfræðingafélags Íslands vegna norræns verkfræðingamóts 30 000

57. — 15. — B. I. 1. c. (Tómas Tryggvason).
Liðurinn fellur niður.

58. — 15. — B. I. 2. b. (Fiskideild, annar kostnaður).
Fyrir „300 000“ kemur 350 000

59. — 15. — B. I. 4. e. (Atvinnudeildin, annar kostnaður).
Fyrir „95 000“ kemur 115 000

60. — 15. — B. II. (Rannsóknarstofa háskólans).
a. Við 2. (Annar kostnaður).
Fyrir „478 000“ kemur 498 000
b. Við ÷ Tekjur.
Fyrir „675 000“ kemur 655 000

61. — 15. — B. III. 4. (Rannsóknaráð). Nýr liður:
Til sýningar um friðsamlega notkun kjarnorku 15 000

62. — 15. — B. V. (Landmælingar).
Fyrir „300 000“ kemur 400 000

63. — 15. — B. VIII. (Húsameistari ríkisins).
a. Við 1. a. (Grunnlaun).
Fyrir „245 520“ kemur 269 280
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „173 108“ kemur 191 260

64. — 16. — A. 7. Nýr liður:
Til vélanefndar til kaupa á skurðhreinsunarvélum .. 255 000

65. — 16. — A. 13. Nýr liður:
Til umbóta á Reykhólum vegna skipulags staðarins .. 25 000

66. — 16. — A. 17. (Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljóti).
Fyrir „400 000“ kemur 500 000

67. — 16. — A. 18. (Fyrirhleðsla í Kaldaklifsá o. fl.).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

68. — 16. — A. 19. (Fyrirhleðslur).
a. Við a. (Steinavötn).
Fyrir „90 000“ kemur 120 000

b. Við e. (Hólmsá).
1. Fyrir „150 000“ kemur 200 000
2. Nýr liður:
Í Þjórsá við Selpart 30 000

69. Við 16. gr. A. 32. Nýr liður:
Hluti ríkissjóðs í kostnaði við að gera fiskveg í Laxá í Svínadal 55 000

70. — 16. — A. 38. (Sauðfjársjúkdómavarnir).
a. Við b. (Uppeldisstyrkur o. fl.).
Fyrir „2 145 000“ kemur 4 575 000
b. Við f. (Flutningskostnaður).
Fyrir „65 000“ kemur 345 000

71. — 16. — B. 12. Nýr liður:
Til olíusamlaga samkv. lögum 50 000

72. — 16. — C. 4. (Iðnlánasjóður).
Fyrir „300 000“ kemur 450 000

73. — 16. — C. 6. Nýr liður:
Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að, allt að 1 000 000

74. — 16. — C. 9. (Tóvinnuskóli Halldóru Bjarnadóttur).
Liðurinn fellur niður.

75. — 16. — D. V. (Nýjar raforkuframkvæmdir).
Fyrir „5 860 000“ kemur 9 860 000

76. — 17. — 9. (Sumardvalarheimili o. fl.).
Fyrir „100 000“ kemur 125 000

77. — 17. — 10. (Barnavinafélagið Sumargjöf).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

78. — 17. — 11. Nýr liður:
Til barnavinafélags Akureyrar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi annars staðar að 20 000

79. — 17. — 14. c. (Heyrnarhjálp).
Fyrir „5 000“ kemur 10 000

80. — 17. — 19. a. (Ungmennafélag Íslands).
a. Fyrir „15 000“ kemur 75 000
b. Nýr liður:
Til Ungmennafélags Íslands til starfsíþrótta 25 000

81. — 17. — 19. c. (Bandalag ísl. farfugla).
Fyrir „1 500“ kemur 10 000

82. — 17. — 24. Nýr liður:
Til Náttúrulækningafélags Íslands til byggingar heilsuhælis 100 000

83. — 17. — 49. (Tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna).
Fyrir „45 700“ kemur 54 700

84. — 19. — 1. Nýr liður:
Vegna vísitöluhækkana 4 000 000

85. — 22. — XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði.

86. — 22. — XIV. Nýr liður:
Að endurgreiða bæjarstjórn Ísafjarðar og stjórn sjúkrahúss Neskaupstaðar aðflutningsgjöld af sjúkrabifreiðum.

87. Við 22. gr. XVIII. Liðurinn orðist svo:
Að verja eða taka að láni allt að 2 800 000 kr. til stækkunar sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík.

Sþ. 180. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við 2. gr.	1.	(Tekju- og eignarskattur). Fyrir „91 000 000“ kemur	96 600 000
2.	— 2. —	2.	(Stríðsgróðaskattur). Fyrir „9 600 000“ kemur	10 200 000
3.	— 2. —	3.	(Vörumagnstollur). Fyrir „27 000 000“ kemur	28 000 000
4.	— 2. —	5.	(Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „10 000 000“ kemur	11 500 000
5.	— 2. —	6.	(Gjald af innlendum tollvörum). Fyrir „9 500 000“ kemur	10 000 000
6.	— 2. —	9.	(Aukatekjur). Fyrir „8 400 000“ kemur	9 500 000
7.	— 2. —	10.	(Stimpilgjald). Fyrir „13 000 000“ kemur	13 500 000
8.	— 2. —	13.	(Útflutningsleyfagjöld). Fyrir „500 000“ kemur	700 000
9.	— 2. —	14.	(Söluskattur). Fyrir „118 000 000“ kemur	120 000 000
10.	— 2. —	15.	(Leyfisgjöld). Fyrir „4 500 000“ kemur	6 500 000

Sþ. 181. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin stendur öll að flutningi meginhluta breytingartillagna sinna, en þó hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinnar um endanlega afgreiðslu frv. Varð einkum ágreiningur um tekjuáætlunina. Hefur nefndin því ekki getað sameinazt um nefndarálit, og munu tveir nefndarmanna (LJós og HV) gefa út sérálit.

Fjárlagafrv. var vísað til nefndarinnar 17. okt., og hefur nefndin síðan rætt frv. á 40 fundum. Nefndinni hafa í sambandi við frv. borizt 454 erindi, auk mikils fjölda margvíslegra fylgiskjala. Hafa öll þessi skjöl og erindi verið athuguð ýtarlega og flest þeirra afgreidd, en nokkur erindi þurfa þó nánari athugunar við, og mun nefndin taka endanlega afstöðu til þeirra fyrir 3. umr. frv. M. a. bíða að venju til 3. umr. tillögur n. varðandi 18. gr. Samvinnunefnd samgöngumála skilar sérstöku áliti um fjárveitingar til flóabáta, svo sem tíðkazt hefur.

Nefndin hefur rætt við forstöðumenn allra helztu ríkisstofnana og ýmsa aðra aðila, er stjórna opinberri starfsemi, sem fé er veitt til úr ríkissjóði. Enn fremur hefur

nefndin rætt við marga einstaklinga og sendinefndir ýmissa samtaka, sem erindi hafa sent til nefndarinnar.

Sótt hefur verið á úr mörgum áttum um fjárframlög úr ríkissjóði til margvíslegra þarfa, og forstöðumenn flestra ríkisstofnana hafa talið sig þurfa meira fé til starfsemi stofnananna. Hefur n. tekið upp í tillögur sínar ýmsar óhjákvæmilegar leiðréttingar á fjárhagsáætlunum ríkisstofnana.

Nefndin hefði kosið að geta gert tillögur um meiri fjárveitingar til ýmissa þjóðnytjamála, en hér hefur verið mikill hængur á, af því að ljóst er, að útgjöld ríkissjóðs verða á næsta ári mun meiri en núverandi tekjustofnar leyfa. Fjárlagafrv. fyrir árið 1956 er útgjaldamegin 62.3 millj. kr. hærra en fjárlög þessa árs. Horfur eru á því, að í meðferð þingsins hækki útgjaldahlið frv. um 70—80 millj. kr. Er hér um geysimikla hækkun útgjalda að ræða, því að í núgildandi fjárlögum nam hækkun útgjalda frá fjárlögum ársins 1954 um 69 millj. kr.

Orsaka þessarar óheillaþróunar er fyrst og fremst að leita í þeirri verðbólguöldu, er fylgdi í kjölfar kauphækkananna, sem urðu snemma á þessu ári. Kauphækkanir og verðhækkanir, sem orðið hafa undanfarna mánuði og munu þó koma fram með enn meiri þunga á næsta ári, valda annars vegar því, að útgjöld ríkisins til flestra eða allra þátta starfsemi þess vaxa stórlega og hins vegar minnkar mjög hlutur verklegra framkvæmda, nema hækkanir verði gerðar á þeim fjárveitingum til þess að mæta hækkun kostnaðar við framkvæmdirnar. Er augljóst, að hefði verið hægt að halda kaupgjaldi og verðlagi í skefjum, svo sem verið hefur síðustu árin, hefði horft mun betur um hag ríkissjóðs á næsta ári.

Nefndin gerir ekki, svo að teljandi sé, tillögur um niðurfellingu núverandi útgjaldaliða ríkissjóðs. Sérstök nefnd var skipuð á síðastliðnu ári til þess að rannsaka möguleika til lækkunar á rekstrarútgjöldum ríkisins. Hefur nefndin fengið álitsgerð sparnaðarnefndar þessarar til athugunar.

Heildarniðurstöður sparnaðarnefndarinnar eru á þá leið, sem fjárveitinganefnd hefur áður haldið fram, að um verulegan sparnað í þessum efnum geti ekki orðið að ræða, nema breytt verði margs konar löggjöf, sem þá hefði það í för með sér, að dregið yrði að meira eða minna leyti úr þjónustu samfélagsins við borgarana. Engar slíkar tillögur um lagabreytingar liggja nú fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, og verður því harla lítið að gert til þess að draga úr rekstrarútgjöldum ríkisins að þessu sinni, þótt vilji hefði verið fyrir hendi til þess.

Meiri hl. fjárveitinganefndar beinir því til ríkisstjórnarinnar, að hún athugi gaumgæfilega niðurstöður þær, sem sparnaðarnefndin hefur komizt að, og undirbúi fyrir næsta Alþingi tillögur í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar sinnar.

Verður nú nánar vikið að ýmsum einstökum atriðum í fjárlagafrv. og breytingartillögum nefndarinnar.

TEKJUR.

Rekstrartekjur ríkissjóðs eru í fjárlagafrv. áætlaðar samtals 577.2 millj. kr., eða 63.4 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Árið 1954 urðu tekjur á rekstraryfirliti rúmar 551 millj. kr.

Í lok októbermánaðar þessa árs voru innheimtar ríkissjóðstekjur orðnar 463.9 millj. kr., en voru á sama tíma í fyrra 396.8 millj. kr. Ef miða á við hlutfallslega sömu þróun síðustu tvo mánuði ársins, samanborið við tvo síðustu mánuði síðastliðins árs, má gera ráð fyrir, að heildartekjur ríkissjóðs yfirstandandi ár verði um 633 millj. kr., en þá áætlun mun nefndin endurskoða, þegar yfirlit um tekjurnar í nóvembermánuði liggur fyrir.

Um 2. gr.

Lagt er til að hækka ýmsa liði tekjuáætlunarinnar um samtals 15 millj. kr. Nema þá áætlaðar rekstrartekjur samtals um 592 millj. kr., sem er 41 millj. kr. hærra en rekstrartekjurnar urðu árið 1954.

Ætla má, að nokkur hækkun verði á skatttekjum ríkissjóðs á næsta ári vegna aukinna tekna almennings að krónutölu. Aftur á móti hefur gjaldeyrisstaðan versnað svo, að naumast getur hjá því farið, að innflutningur verði nokkru minni árið 1956 en í ár. Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem nefndin hefur haft við að styðjast, telur meiri hl. n. fremur verða að gera ráð fyrir lækkandi en hækkandi tekjum ríkissjóðs á næsta ári og því ekki fært að hækka tekjuáætlunina meira vegna reynslu undanfarandi ára um umframgreiðslur, sem n. er ljóst að oft er ekki hægt að komast hjá, en ber þó að forðast svo sem verða má.

Um 3. gr.

Um vaxandi rekstrarhalla er að ræða hjá póstinum, og telur n., að gera verði ráðstafanir til þess, að þessi þjónusta sé rekin hallalaust.

Stækkun sjálfvirku símstöðvarinnar í Reykjavík er nú á lokastigi. Ber brýna nauðsyn til að ljúka því verki, bæði vegna mikils skorts á símum í Reykjavík og þó eigi síður af þeim sökum, að stöðin mun auka mjög tekjur símans. Leggur því nefndin til að hækka í þessu skyni framlög til bæjarsímans í Rvík og Hafnarfirði um 800 þús. kr. og enn fremur að hækka um 2 millj. kr. heimild á 22. gr. fyrir ríkisstjórnina til að verja fé, eða taka lán handa símanum til þessara framkvæmda. Fyrningar á eignum símans eru vanreiknaðar um 140 þús. kr., og er það leiðrétt.

GJÖLD

Um 10. gr.

Láðst hafði við undirbúning frv. að reikna með laun ritara í samgöngumálaráðuneytinu, og er það leiðrétt.

Um 11. gr. A.

Vegna aukinna starfa að vélritun við borgarfógetaembættið í Reykjavík er lagt til að heimila að fastráða þar skrifstofustúlku til viðbótar.

Lagt er til að bæta einum fulltrúa við starfslið lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli vegna vaxandi starfa.

Óskir hafa borizt nefndinni um nokkra fjárveitingu til sumarlöggæzlu í Ólafsfirði og Neskaupstað, og er lagt til að veita nokkra úrlausn í þessu efni.

Lagt er til að hækka framlag til landhelgisgæzlunnar um 200 þús. kr., þar eð athugun hefur leitt í ljós, að fjárveitingin er of lágt áætluð.

Lagt er til að greidd verði að hálfu laun viðbótarfangavarðar við fangaklefa lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.

Nauðsynlegt er talið að gefa út efnisyfirlit yfir dóma hæstaréttar, enda margir árgangar dómasafnsins ófáanlegir. Er lagt til að veita á næsta ári 260 þús. kr. í þessu skyni, en samningur mun þegar hafa verið gerður um verk þetta.

Um 11. gr. B.

Vegna aukinna starfa við bifreiðaeftirlitið á Akureyri er talið óumflýjanlegt að bæta þar við eftirlitsmanni. Eru tekjurnar hækkaðar um sömu fjárhæð, enda er stofnun þessi rekin með töluverðum hagnaði.

Þar sem umferð hefur vaxið mjög um vegi landsins vegna mikillar fjölgunar bifreiða, er talin brýn nauðsyn að auka eftirlit á vegunum og lagt til að hækka fjárveitingu til vegaeftirlitsins um 130 þús. kr.

Um 12. gr.

Við undirbúning fjárlagafrv. höfðu fallið niður af vangá útgjaldaliðir við fæðingardeild landsspítalans, að upphæð 277 þús. kr., og er það leiðrétt.

Lagt er til að veita hreppsnefnd Hveragerðis 50 þús. kr. styrk til endurbóta á leirböðum, sem þar hefur verið komið upp. Er jafnhá fjárveiting veitt í fjárlögum þessa árs, en reynist ekki nægileg.

Einstökum læknum hefur stundum á undanförnum árum verið veittur styrkur í fjárlögum til sérnáms erlendis. Er þetta óheppileg tilhögun, því að erfitt er fyrir fjárveitinganefnd að meta þær umsóknir, sem henni berast hverju sinni um þetta efni. Er því lagt til að taka upp sérstaka fjárveitingu til sérnáms lækna eftir úthlutun landlæknis.

Um 13. gr.

Vegna mjög aukins kostnaðar við vega-, brúar- og hafnargerðir, en hins vegar mikillar nauðsynjar á að auka fremur en minnka þær framkvæmdir, telur nefndin óhjákvæmilegt að hækka allverulega fjárveitingar til þessara samgöngubóta.

Leggur nefndin til, að framlög til nýbyggingar vega hækki um 3910 þús. kr., til vegaviðhalds um 5 millj. kr., til brúargerða um 1520 þús. kr. og til hafnargerða 1195 þús. kr. Auk þessa er tekinn upp nýr liður, til nýbýlavega, að upphæð 200 þús. kr., í samræmi við ákvæði vegalaganna frá síðasta þingi. Í sambandi við hækkun framlags til nýbyggingar og viðhalds þjóðvega er á það að líta, að með breytingum, sem gerðar voru á vegalögunum á því þingi, voru teknir í tölu þjóðvega vegir og vegakaflar um það bil 900 km að lengd. Leiðir þessi viðbót við þjóðvegakerfið af sér þörf aukinnar fjárveitingar, bæði til nýbygginga og viðhalds.

Talið er nauðsynlegt að gera nokkrar lagfæringar umhverfis veitingaskálann við Gullfoss, og er lagt til að verja 15 þús. kr. í þessu skyni.

Lagt er til að hækka styrk til námsmanna og starfsemi áhugamanna í flugmálunum um 40 þús. kr.

Um 14. gr.

Lagt er til að veita 60 þús. kr. til þess að kaupa pípuorgel í Hóladómkirkju.

Hækkaðir eru þrír kostnaðarliðir vegna háskólans um samtals 62 þús. kr. til samræmis við raunverulegan rekstrarkostnað.

Vegna aukins námskostnaðar er lagt til að hækka framlag til lánasjóðs stúdenta um 150 þús. kr.

Tekinn er upp nýr kostnaðarliður við bændaskólann á Hvanneyri vegna merkilegra tilrauna með heyverkunaraðferðir, hagkvæmari dreifingu áburðar o. fl., sem þar er unnið að.

Í iðnskólalögunum er heimild til að veita styrki úr ríkissjóði til handíðaskóla. Hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota þessa heimild í sambandi við myndlistardeild handíðaskólans í Reykjavík, og er lagt til að veita í samræmi við þetta 44500 kr.

Nokkrir kostnaðarliðir á 14. gr. eru hækkaðir smávægilega.

Fjárveitingar til húsmæðrafræðslu lækka um 166 þús. kr., þar eð Staðarfellsskóli starfar ekki í vetur.

Um 15. gr. A.

Fjárveiting til þjóðskjalasafnsins er hækkuð um tæpar 50 þús. kr. vegna aukinna starfa við flokkun skjala og flutning safnsins.

Lagt er til að hækka fjárveitingar til náttúrugripasafnsins um 70 þús. kr., einkum vegna kaupa á bifreið til rannsóknarferða.

Lagt er til að greiða að ⅓ kostnað við rannsóknarleiðangur, er farinn var á þessu ári til Grænlands á vegum náttúrugripasafnsins, og er tekin upp 12500 kr. fjárveiting í þessu skyni.

Ákveðið hefur verið jarðfræðingaþing í Mexíkó á næsta ári. Telja íslenzkir jarðfræðingar mikilvægt, að hægt verði að sækja þetta þing af Íslands hálfu. Í frv. er tillaga um að veita Tómasi Tryggvasyni 20 þús. kr. styrk til þingferðar þessarar. Forstöðumaður náttúrugripasafnsins hefur einnig sótt til nefndarinnar um ferðastyrk vegna þingsins, og er lagt til að veita þessum tveimur jarðfræðingum samtals 30 þús. kr. ferðastyrk.

Uppseld eru nú fimm bindi af fornritum þeim, sem Hið íslenzka fornritafélag hefur gefið út. Er mjög mikilvægt að endurprenta þessi rit, en stjórn félagsins

telur það ekki hægt án sérstaks styrks úr ríkissjóði. Er lagt til að veita 60 þús. kr. í þessu skyni sem fyrstu greiðslu af þremur.

Lagt er til að hækka nokkuð styrk til útgáfu héraðssagnarita og útgáfu á Ættum Austfirðinga.

Halldór Halldórsson dósent vinnur að því að taka saman íslenzka lestrarbók til afnota fyrir erlenda stúdenta hér við háskólann. Er lagt til að styrkja útgáfu þessa með 15 þús. kr.

Lagt er til að veita styrki til nokkurra tónlistarfélaga, lúðrasveita og leikfélaga, og eru styrkupphæðir ákveðnar með hliðsjón af þeim styrkjum, sem veittir hafa verið hliðstæðum samtökum. Enn fremur eru teknir upp styrkir til nokkurra listamanna.

Hinn ungi skáksnillingur Friðrik Ólafsson hefur fært þjóð sinni mikla sæmd með frábærri frammistöðu. Leggur nefndin til að veita honum 15 þús. kr. í viðurkenningarskyni.

Lagt er til að veita Karlakór Reykjavíkur 30 þús. kr. styrk vegna söngfarar um Norðurlönd á næsta ári.

Boðað hefur verið til svokallaðs víkingaþings hér á landi á næsta ári, en þar er um að ræða þing fræðimanna í sögu víkingaaldarinnar. Þykir ekki óviðeigandi að veita nokkurn styrk til þinghalds þessa hér á landi.

Áformað er að halda norrænt verkfræðingamót hér á landi næsta sumar, og er af hálfu forstöðunefndar móts þessa að því stefnt, að mót þetta geti haft hagnýta þýðingu fyrir Íslendinga. Er lagt til að veita 30 þús. kr. styrk til greiðslu kostnaðar við mótið.

Myndarlegu náttúrugripasafni hefur verið komið á fót á Akureyri, og er lagt til að veita 15 þús. kr. styrk til safnsins.

Um 15. gr. B.

Lagt er til að hækka „annan kostnað“ við fiskideildina um 50 þús. kr. vegna mjög aukinna starfa við rannsóknir.

Unnið var í sumar að því að gera nýjar hornamælingar af öllu landinu í samvinnu við ameríska og danska landmælingamenn. Er ætlunin að ljúka mælingum þessum næsta sumar, en til þess að svo geti orðið, þarf að hækka fjárveitingu til landmælinga um 100 þús. kr.

Í ráði er að efna til sýningar í Reykjavík, þar sem sýnt verði, hvernig hagnýta megi kjarnorkuna til friðsamlegra þarfa. Er lagt til að veita 15 þús. kr. styrk til sýningar þessarar.

Störf við byggingaeftirlit á vegum húsameistara ríkisins eru nú orðin svo umfangsmikil, að óhjákvæmilegt er talið að bæta þar við starfsmanni.

Um 16. gr. A.

Grafið hefur nú verið hér á landi með skurðgröfum um alllangt skeið og þannig framkvæmd mjög þýðingarmikil landþurrkun. Áríðandi er orðið að hreinsa upp úr elztu skurðunum, en til þess skortir handhæg tæki. Hægt er að fá hentugar skurðhreinsunarvélar frá Þýzkalandi, og er talið nauðsynlegt að kaupa tvær vélar, sína af hvorri gerð, vegna mismunandi aðstöðu við hreinsun skurðanna, og er kaupverð þeirra samtals 255 þús. kr. Er gert ráð fyrir, að stjórn vélasjóðs, sem annast rekstur á skurðgröfum ríkisins, kaupi vélar þessar og reki þær.

Lagt er til að hækka fjárveitingar til nokkurra fyrirhleðslna vegna landbrots um samtals 260 þús. kr.

Hafinn er nú niðurskurður sauðfjár í Dalasýslu vegna mæðiveikinnar, sem þar hefur komið upp að nýju. Er óumflýjanlegt að hækka af þessum sökum framlag til sauðfjárveikivarna um 2710 þús. kr.

Um 16. gr. B.

Í samræmi við ákvæði laga um olíugeyma er nauðsynlegt að taka upp 50 þús. kr. fjárveitingu vegna byggingar olíugeymis á Norðfirði.

Um 16. gr C.

Lagt er til að hækka framlag til iðnlánasjóðs um 150 þús. kr. til samræmis við fjárveitingu í núgildandi fjárlögum. Er sjóðnum mikil nauðsyn á auknu starfsfé.

Lagt er til að veita 1 millj. kr. til byggingar iðnskólahússins í Reykjavík.

Niður fellur fjárveiting til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur, þar eð skólinn hefur verið lagður niður.

Um 16. gr. D.

Vegna aukins kostnaðar er ljóst, að hækka verður verulega framlög ríkisins til nýrra raforkuframkvæmda, ef hægt á að vera að framkvæma með tilætluðum hraða 10 ára áætlunina um framkvæmdir í raforkumálum. Er því lagt til að hækka þennan lið um 4 millj. kr.

Um 17. gr.

Lagt er til að hækka styrk til sumardvalarheimila um 25 þús. kr. og styrk til Barnavinafélagsins Sumargjafar um 50 þús. kr. Þá er lagt til að veita 20 þús. kr. til Barnavinafélags Akureyrar til rekstrar dagheimilis fyrir börn.

Fallið hefur niður við undirbúning frv. styrkur til starfsíþrótta, 25 þús. kr., og hefur það verið leiðrétt. Ungmennafélag Íslands hefur í hyggju að auka starfsemi sína á ýmsum sviðum, og er lagt til að hækka styrk þess upp í 75 þús. kr. Þá er og lagt til að hækka styrk Bandalags íslenzkra farfugla um 8500 kr., en félagsskapur þessi vinnur ágætt starf með því að veita erlendum og innlendum æskumönnum aðstöðu til að ferðast ódýrt um landið.

Lagt er til að veita Náttúrulækningafélagi Íslands 100 þús. kr. styrk til byggingar heilsuhælis í Hveragerði.

Um 19. gr.

Fjárlagafrv. er miðað við vísitölu 173. Sýnt er nú, að gera verður ráð fyrir meiri hækkun vísitölunnar á næsta ári. Telur fjármálaráðuneytið óumflýjanlegt að taka upp 4 millj. kr. fjárveitingu til þess að mæta viðbótarhækkun vísitölunnar.

Um 22. gr.

Lagt er til að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða aðflutningsgjöld af tveimur sjúkrabifreiðum í samræmi við þá reglu, er fylgt hefur verið í því efni.

Lagt er til að framlengja að hluta til ábyrgðarheimild vegna hitaveitu í Hveragerði.

Samkvæmt sameiginlegum tillögum nefndarinnar hækka útgjöld á sjóðsyfirliti um tæpar 28 millj. kr., en tekjurnar um 15 millj. kr. Verður því greiðsluhalli á frv., eins og það nú liggur fyrir, um það bil 11 millj. kr.

Hér að framan er getið nokkurra atriða, sem bíða til 3. umræðu, en ekki mun þó þar vera um mjög stóra útgjaldaliði að ræða.

Hins vegar er vitað um nokkra háa útgjaldaliði, sem óhjákvæmilegt verður að taka upp í frv. við 3. umr. Er hér m. a. um að ræða: viðbótarframlag til Tryggingastofnunar ríkisins, hækkun á launum starfsmanna ríkisins vegna væntanlegra nýrra launalaga; framlag til atvinnuleysistrygginga í samræmi við samkomulag um lausn vinnudeilu á öndverðu þessu ári, og loks aukin framlög til skólabygginga. Ekki er enn vitað til fulls, hversu háar upphæðir þessar verða, en ekki ólíklegt, að þær geti numið allt að 50 millj. kr.

Samkv. framansögðu vantar miklar fjárhæðir teknamegin í fjárlagafrv. til þess að standa straum af óhjákvæmilegum útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári, og verður að sjálfsögðu að gera fyrir 3. umr. frv. ráðstafanir til að afla nægilegra tekna til þess að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög.

YFIRLIT

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar leiða til eftirfarandi niðurstöðu:

1. Tekjuhækkun alls		kr. 15 000 000
2. Hækkun gjalda		kr. 27 945 921
÷ Lækkun gjalda		— 189 762
Gjaldahækkun umfram lækkun alls		kr. 27 756 159

Verði allar breytingartillögur nefndarinnar og meiri hluta hennar samþykktar, verða niðurstöður fjárlaganna þessar:

REKSTRARYFIRLIT

Tekjur samkv. frumvarpinu		kr. 577 285 988
+ Tekjuhækkun		— 15 000 000
Tekjur alls		kr. 592 285 988
Gjöld samkvæmt frumvarpinu	kr. 515 014 140	
+ Gjaldahækkun umfram lækkun	— 27 756 159	
Gjöld alls	kr. 542 770 299	
Rekstrarhagnaður	— 49 515 689	
Alls	kr. 592 285 988	kr. 592 285 988

SJÓÐSYFIRLIT

Inn		kr. 594 735 988
Út	kr. 605 357 210	
Greiðsluhalli		— 10 621 222
	Kr. 605 357 210	kr. 605 357 210

Alþingi, 9. des. 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Jónas G. Rafnar.	Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.
	Jón Kjartansson.	

Sþ. **182. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HV og LJós).

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „91 000 000“ kemur	107 000 000
2.	—	2. —	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „27 000 000“ kemur	30 000 000
3.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „155 000 000“ kemur	170 000 000
4.	—	2. —	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „10 000 000“ kemur	13 000 000
5.	—	2. —	6. (Gjald af innlendum tollvörum). Fyrir „9 500 000“ kemur	12 000 000
6.	—	2. —	8. (Bifreiðaskattur). Fyrir „5 500 000“ kemur	6 000 000
7.	—	2. —	9. (Aukatekjur). Fyrir „8 400 000“ kemur	10 500 000
8.	—	2. —	10. (Stimpilgjald). Fyrir „13 000 000“ kemur	14 500 000
9.	—	2. —	12. (Leyfisbréfagjald). Fyrir „500 000“ kemur	800 000
10.	—	2. —	13. (Útflutningsleyfagjöld). Fyrir „500 000“ kemur	800 000
11.	—	2. —	14. (Söluskattur). Fyrir „118 000 000“ kemur	130 000 000
12.	—	2. —	15. (Leyfisgjöld). Fyrir „4 500 000“ kemur	9 000 000
13.	—	10. —	III. Í stað 11., 12., 13. og 17. tölul. kemur einn liður: Kostnaður við samninga við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum	1 000 000
14.	—	12. —	IX. (Læknisbústaðir, sjúkraskýli og sjúkrahús). Fyrir „2 000 000“ kemur	3 000 000
15.	—	13. —	A. IX. (Steyptir og malbikaðir vegir). Fyrir „100 000“ kemur	2 000 000
16.	—	13. —	C. VIII. (Hafnarmannvirki og lendingarbætur). Fyrir „6 760 000“ kemur	10 000 000
17.	—	14. —	B. II. a. (Íslenzkir námsmenn erlendis). Fyrir „875 000“ kemur	1 000 000
18.	—	14. —	B. XIV. 7. (Fyrrv. barnakennarar). Fyrir „60 000“ kemur	100 000
19.	—	14. —	B. XV. 11. (Útgáfa námsbóka fyrir gagnfræðaskóla). Fyrir „10 000“ kemur	100 000
20.	—	14. —	B. XXVIII. Liðurinn orðist svo: Til Alþýðusambands Íslands:	
			1. Rekstrarstyrkur	150 000
			2. Til orlofsferða verkafólks	10 000
			3. Til ráðningarskrifstofu í þjónustu framleiðsluatvinnuveganna	100 000
21.	—	15. —	A. VIII. c. (Bygging bókasafna og lesstofa). Fyrir „50 000“ kemur	200 000

22. Við 15. gr. A. XXVII. (Vísindamenn og fræðimenn).
Fyrir „135 391“ kemur 150 000
23. — 16. — B. 7. (Leit nýrra fiskimiða).
Fyrir „250 000“ kemur 1 500 000
24. — 16. — B. 12. Nýr liður:
Til stuðnings bæjar- og sveitarfélögum til kaupa á fiskiskipum, skv. skilyrðum, er ríkisstjórnin setur .. 10 000 000
25. — 16. — C. 4. (Iðnlánasjóður).
Fyrir „300 000“ kemur 1 000 000
26. — 16. — D. V. (Nýjar raforkuframkvæmdir).
Fyrir „5 860 000“ kemur 15 000 000
27. — 17. — 19. Nýr liður:
Til félagsheimilasjóðs 2 000 000
28. — 17. — 28. Nýr liður:
Til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna (aukaframlag) 4 000 000
29. — 17. — 30. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi íbúða (aukaframlag) .. 2 000 000
30. — 17. — 35. (Ráðstafanir vegna ófriðarhættu).
a. Liðurinn fellur niður.
b. Nýr liður:
Til byggingar verkamannaskýla í hafnarbæjum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að 1 000 000
31. — 20. — Út. VIII. (Sementsverksmiðja).
Fyrir „1 000 000“ kemur 5 000 000
32. — 20. — Út. XI. (Til flugvallagerða).
Fyrir „2 500 000“ kemur 5 000 000
33. — 20. — Út. XX. (Lán til kaupa á dieselrafstöðvum).
Fyrir „650 000“ kemur 1 000 000
34. — 20. — Út. XXIV. Liðurinn orðist svo:
Til bæjar- og sveitarfélaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum. Fénu sé skipt af 5 manna nefnd, kjörinni hlutfallskosningu á Alþingi 8 000 000
35. — 22. — XXIV. Nýr liður:
Að verja 20 milljónum af tekjuafgangi ríkissjóðs 1955 til Fiskveiðasjóðs Íslands vegna bátasmíða innanlands.

Sþ. 183. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga árið 1956.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur eins og oftast áður klofnað um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Hinir sjö stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar vilja samþykkja frumvarpið í öllum aðalatriðum, eins og það var lagt fyrir þingið í haust, að viðbættum allt að 20 milljóna útgjöldum samkvæmt tillögum ráðuneytanna og nokkurra milljóna viðbótarútgjöldum frá Pétri og Páli. Þannig fylgir stjórnarliðið að þessu sinni nákvæmlega sömu stefnu við afgreiðslu fjárlaganna sem undanfarin ár. Þó er máske heldur meiri kosningasvipur á afgreiðslunni, en það er þá líka eini munurinn. — Samtals hafa útgjöld frumvarpsins hækkað í meðförum nefndarinnar um nálega 28 milljónir króna.

Þó að leitað sé með logandi ljósi, eru engar tillögur í sparnaðarátt finnanlegar í tillögum meiri hluta nefndarinnar. Með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1956 verður því haldið trúlega áfram, aðeins með auknum hraða, á þeirri braut, sem mörkuð var með gengislækkuninni og farin hefur verið óslitið síðan. — Vörðurnar við þann veg eru, eins og allir þekkja, bátagjaldeyrir, togaragjaldeyrir, vaxandi niðurgreiðslur, sístækkandi embættisbákn, aukinn milliliðagróði, ölmusustyrkur til atvinnulífsins, skattpíning einstaklinga, dýrtíðarflóð og margföldun ríkisútgjalda.

Þessu til sönnunar má minna á, að árið 1950 voru tekjur ríkissjóðs 306 milljónir. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldinu nú í októberlokin má hins vegar telja víst, að ríkissjóðstekjurnar í ár verði 640—650 milljónir. Hafa þær þannig meira en tvöfaldazt á þessu 5 ára tímabili. — Gjaldabálkur þessa fjárlagafrumvarps verður sennilega um það er lýkur kominn upp í 660—670 milljónir.

Við undirritaðir getum ekki fallizt á, að fjárlögin verði enn sem fyrr afgreidd í samræmi við þessa óheillastefnu, sem jafnvel sterkustu stuðningsmenn stjórnarinnar viðurkenna fyrir þjóðinni að sé að þrotum komin. Ágreiningurinn þeirra á milli virðist aðeins vera um það, hvort óhætt sé eða ekki að segja þjóðinni sannleikann um, hvernig komið sé. — Er heldur ekki fjarri réttu, að það gæti valdið tryllingi, ef sannleikurinn um ástandið, eins og það er, væri sagður þjóðinni afdráttar- og undanbragðalaust.

Við viljum því freista þess að breyta frumvarpinu verulega. Flytjum við í því skyni nálega 40 breytingartillögur við frumvarpið, og eru sumar þeirra allveigamiklar. Verður hér vikið stuttlega að nokkrum þeirra.

Við berum fram tillögu um að hækka tekjuáætlunina um rúmlega 60 milljónir og fullyrðum, að það sé varleg áætlun. Miðar tillagan því aðeins að því að færa áætlunina nær því rétta. Árum saman hefur sá leikur verið leikinn við afgreiðslu fjárlaganna að áætla tekjurnar milljónatugum lægra en vitað var að þær yrðu. Þetta teljum við rangt. Mörg undanfarin ár hefur minni hlutinn gert tilraun til að leiðrétta tekjuáætlunina, en allar tillögur í þá átt hafa ávallt verið drepnar. Reynslan hefur þó staðfest það í hvert einasta skipti, að tillögur okkar hafa verið lægri en reynslan leiddi í ljós. Mun svo enn verða.

Allskýr bending í þessu efni fæst við að líta á eftirfarandi staðreyndir: Tekjur ríkissjóðs s. l. ár reyndust 550 milljónir. Nokkurn veginn er séð, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði um 640—650 milljónir. Allt útlit er fyrir, að sama þensla verðlags og veltu haldi áfram á næsta ári, og því sennilegast, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1956 verði um eða yfir 700 milljónir. Samkvæmt tillögum okkar er þó aðeins gert ráð fyrir, að þær verði svipaðar og á þessu ári, eða um 630—640 milljónir. Og að þær verði það, mun reynslan staðfesta, ef stjórnarstefnan hefur ekki leitt algert hrun yfir þjóðina.

Alþingi ber rétturinn til að fara með fjárveitingavaldið og ráðstafa því fé, sem tekið er af skattþegnunum. Þetta vald á hvorki að vera í höndum fjármálaráðherra né stjórnarflokkanna, eins og verið hefur að undanförnu. Rétt tekjuáætlun gefur líka réttari hugmynd um, hvaða nauðsynjamálum sé unnt að sinna. En ríkjandi stefna hefur mörg undanfarin ár valdið því, að neitað hefur verið að ástæðulausu fjárveitingum til aðstoðar við atvinnulífið, með þeirri afsökun, að tekjumöguleikar ríkissjóðs leyfðu ekki slík útgjöld.

Tillögur okkar um 60 milljóna leiðréttingu á tekjuáætluninni leiða í ljós, að hægt er:

1. að verja 3 milljónum króna fyrir tvær samkv. frv. til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa úti um land;
2. að verja til malbikaðra og steyptra vega í kaupstöðum og kauptúnum 2 milljónum króna í stað hinnar hlægilegu upphæðar 100 þús. kr. í frv.;
3. að verja til hafnarmannvirkja og lendingarbóta 10 milljónum króna í stað 6.7 milljóna samkv. frv.;

4. að verja til leitar nýrra fiskimiða 1½ milljón í stað 250 þús. kr. samkv. frv.;
5. að ætla 10 milljónir króna til stuðnings bæjar- og sveitarfélögum til kaupa á fiskiskipum, en til þess er enginn eyrir ætlaður í frv.;
6. að leggja í iðnlánasjóð eina milljón í stað 300 þús. kr. í frv.;
7. að verja 15 milljónum króna til nýrra raforkuframkvæmda í stað tæpra sex í frv.;
8. að bæta úr féleysi félagsheimilasjóðs, sem ekkert er ætlað í frv., með tveggja milljóna framlagi;
9. að ætla byggingarsjóði kaupstaða og kauptúna fjögurra milljóna aukaframlag;
10. að ætla tveggja milljóna aukaframlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði;
11. að leggja fram eina milljón króna gegn tvöföldu framlagi annars staðar að til verkamannaskýla í hafnarbæjum.

Þetta eru tillögur okkar við rekstrarútgjöld á gjaldabálki frumvarpsins.

Þá flytjum við fimm breytingartillögur við 20. gr. — fjárfestingargreinina.

Eru flestir liðir hennar í frumvarpinu ætlaðir til fjárfestingar í Reykjavík, en við teljum fyllstu ástæðu til að beina meira af opinberum framkvæmdum út á landsbyggðina, eins og atvinnumálum er nú háttað í landinu. Tillögur okkar eru þessar:

Til sementsverksmiðju verði ætlaðar 5 milljónir í stað einnar.

Til flugvallagerðar eru í frv. ætlaðar 2.5 milljónir, en þá upphæð viljum við tvöfalda, með tilliti til þess, að ýmsir staðir eru enn þá að miklu leyti útilokaðir frá flugsamgöngum, og ber því að hraða flugvallagerð eftir föngum.

Til kaupa á dieselrafstöðvum viljum við verja einni milljón króna.

Og til bæjar- og sveitarfélaga teljum við rétt að verja 8 milljónum króna í stað fimm til að bæta úr atvinnuörðugleikum. Fénu teljum við rétt að sé skipt af 5 manna nefnd, kjörinni hlutfallskosningu á Alþingi.

Að lokum leggjum við svo til, að ákveðið verði á heimildagrein (22. gr.) að heimila ríkisstjórninni að verja 20 milljónum króna af tekjuafgangi ríkissjóðs á yfirstandandi ári til Fiskveiðasjóðs Íslands vegna bátasmíða innanlands.

Ýmsar minni háttar breytingartillögur flytjum við, auk þessara, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu. Allar tillögur minni hlutans eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Sparnaðartillögur, sem minni hlutinn hefur flutt á undanförnum árum, hafa undantekningarlaust verið felldar. Samt þótti okkur rétt í þetta sinn að bera fram tvær tillögur til lækkunar á gjöldum, svona rétt til að sannprófa, hvort nokkur breyting væri orðin á afstöðu meiri hlutans til sparnaðar.

Þannig leggjum við til, að kostnaður við ferðalög, samninga við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum lækki úr 1 550 000 krónum í eina milljón. Virðist svo sem unnt ætti að vera að komast af með einnar milljónar fúlgu til slíkra utanlandsferða.

Hin tillagan er þess efnis, að liður, sem staðið hefur á fjárlögum þrjú eða fjögur undanfarin ár og heitir: Kostnaður við ráðstafanir vegna ófriðarhættu, falli niður. Þessi liður er að upphæð ein milljón króna, og sýnist nú svo sem óhætt ætti að vera að láta hann niður falla um sinn, er varið hefur verið þremur eða fjórum milljónum til kaupa á sjúkragögnum og þess háttar vegna „yfirvofandi stríðshættu“.

Ef allar tillögur minni hlutans yrðu samþykktar, litu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins þannig út eftir 2. umræðu:

Tekjur samkv. frumvarpinu	kr.	577 285 988
+ Hækkun samkv. till. minni hl.	—	60 700 000
Tekjur samtals	kr.	637 985 988

Gjöld samkv. frv.	kr. 515 014 140	
÷ Lækkun gjalda	— 1 550 000	
	Kr. 513 464 140	
+ Hækkun gjalda samkv. till. minni hl.	— 36 922 000	
Rekstrargjöld alls	kr. 550 386 140	
Rekstrarafgangur	— 87 599 848	
	Kr. 637 985 988	kr. 637 985 988

Tekjur á sjóðsyfirliti yrðu samkvæmt þessu kr. 640 435 988, en gjöldin að meðtöldum hækkunartillögum minni hlutans við 20. gr. (9 850 000) alls kr. 624 857 988, og hagstæður greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti yrði þannig kr. 15 578 000.

Nú hefur meiri hlutinn ákveðið að geyma til 3. umræðu tillögur á gjaldabálki vegna atvinnuleysistrygginga, ca. 14 milljónir, vegna almannatrygginga ca. 10 millj., vegna launalaga ca. 20 milljónir og vegna skólabygginga ca. 5 milljónir. Samtals gjöld, er nema nálægt 50 milljónum króna. Auk þess er þá eftir að gera ráð fyrir hækkunum á 18. gr. og ýmsu smávegis, er til kann að falla, ca. 4—5 milljónir.

En þó að tekið sé tillit til þess alls, væri samt eftir rekstrarhaganður, er næmi 32—33 milljónum króna.

Nú má reikna með, að hækkunartillögur meiri hlutans, sem að verulegu leyti eru studdar af nefndinni allri, verði samþykktar. En þær nema tæpum 29 milljónum kr. En samt væri eftir 3—4 milljóna króna hagstæður jöfnuður á rekstraryfirliti fjárlagafrumvarpsins.

Við í minni hlutanum höfum hér að framan sýnt fram á með gildum rökum, að það er hægt að sameina þetta tvennt, að veita atvinnulífinu og ýmsum nauðsynlegum framfaramálum þá aðstoð, sem við leggjum til að veitt verði, og að afgreiða fjárlögin hallalaust. Þannig teljum við því rétt að afgreiða frumvarpið og skorum á þingmenn að athuga tillögur okkar gaumgæfilega, áður en þeir láti það henda sig að snúast gegn þeim og fella þær.

Alþingi, 10. des. 1955.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 184. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 179 [Fjárlög].

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við tölul. 16, 228. (Við 13. gr. A. II. a.). Nýr liður:	
Stórhöfðavegur (í Vestmannaeyjum)	60 000
2. Við tölul. 18, 38. (Við 13. gr. A. III.). Nýr liður:	
Smábrýr	1 500 000

Sþ. **185. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gils Guðmundssyni.

1.	Við	2. gr.	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „27 000 000“ kemur	30 000 000
2.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „155 000 000“ kemur	165 000 000
3.	—	2. —	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „10 000 000“ kemur	13 000 000
4.	—	2. —	9. (Aukatekjur). Fyrir „8 400 000“ kemur	10 500 000
5.	—	2. —	10. (Stimpilgjald). Fyrir „13 000 000“ kemur	14 200 000
6.	—	2. —	14. (Söluskattur). Fyrir „118 000 000“ kemur	135 000 000
7.	—	2. —	15. (Leyfisgjöld). Fyrir „4 500 000“ kemur	7 500 000
8.	—	3. —	A. Sundurliðun. 3. I. (Áfengisverzlun, tekjur). Fyrir „86 914 798“ kemur	92 000 000
9.	—	3. —	A. Sundurliðun. 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur). Fyrir „54 405 953“ kemur	56 500 000
10.	—	10. —	III. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn). a. Við a. (Laun sendiherra og starfsmanna). Fyrir „271 000“ kemur	400 000
			b. Við c. (Annar kostnaður). Fyrir „75 100“ kemur	125 000
11.	—	10. —	III. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi). Liðurinn fellur niður.	
12.	—	10. —	III. 5. (Sendiráðið í París). Liðurinn fellur niður.	
13.	—	10. —	III. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn fellur niður.	
14.	—	10. —	III. 13. (Þátttaka í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn.). Fyrir „600 000“ kemur	450 000
15.	—	10. —	III. 17. (Alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn.) Fyrir „300 000“ kemur	250 000
16.	—	19. —	1. Nýr liður: Vegna nýrra launalaga	22 000 000
17.	—	19. —	2. Nýr liður: Vegna atvinnuleysistryggingasjóðs	8 000 000
18.	—	20. —	Út. XXVII. Nýr liður: Til uppbyggingar atvinnulífsins samkv. löggjöf, er Alþingi setur	18 800 000

Nd. **186. Frumvarp til laga** [86. mál]

um laun starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Launaflokkar samkvæmt lögum þessum eru 15, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 59100.00	kr. 59100.00
II. —	— 55200.00	— 55200.00
III. —	— 51300.00	— 51300.00
IV. —	— 47400.00	— 47400.00
V. —	— 43800.00	— 43800.00
VI. —	— 40200.00	— 40200.00
VII. —	— 28500.00	— 37800.00
VIII. —	— 25800.00	— 35400.00
IX. —	— 23700.00	— 33000.00
X. —	— 23700.00	— 30900.00
XI. —	— 21300.00	— 28500.00
XII. —	— 18900.00	— 26100.00
XIII. —	— 18900.00	— 23700.00
XIV. —	— 16500.00	— 21300.00
XV. —	— 12900.00	— 18900.00

2. gr.

Laun samkvæmt VII.—XV. launaflokki hækka á 4 árum úr byrjunarlaunum í hámarkslaun með jöfnum fjárhæðum árlega.

Þegar aldurshækkanir eru ákveðnar, er heimilt, ef sérstaklega stendur á og með samþykki fjármálaráðherra, að taka tillit til starfsaldurs hlutaðeigandi starfsmanns við sams konar störf, þótt eigi hafi verið unnin í þjónustu ríkisins.

Ritarar, sem í lögunum er skipað í XIV.—XIII. launafl., skulu, er þeir hafa náð hámarkslaunum í XIV. flokki, færast í XIII. flokk og taka þar þau laun, sem næst eru ofan við hámarkslaun XIV. flokks, og síðan aldurshækkanir, unz hámarki er náð.

3. gr.

Starfsmönnum þeim, er lög þessi taka til, skal skipað í launaflokka svo sem segir í 4.—20. gr.

4. gr.

Æðsta stjórn landsins.

I.	Laun forseta Íslands eru ákveðin með sérstökum lögum.	
II.	Forsetaskrifstofan:	
	1. Forsetaritari	VI. launafl.
	2. Ritari	XIV.—XIII. —
	3. Bifreiðarstjóri	XI. —
III.	Bústjóri á Bessastöðum	IX. —

5. gr.

Alþingi.

1.	Skrifstofustjóri	IV. launafl.
2.	Fulltrúi	VII. —

3. Ritari	XIV.—XIII.	launafl.
4. Húsvörður	XII.	—

6. gr.

Stjórnarráðið, ásamt ríkisbókhaldi og ríkisfjárhirzlu.

I. Stjórnarráðið:		
A. Laun ráðherra eru ákveðin með sérstökum lögum.		
B. Ráðuneytisstjórar (en það nafn kemur framvegis í stað embættisheitisins skrifstofustjóri)	III.	launafl.
C. Aðrir starfsmenn:		
a. Ráðuneytin:		
1. Deildarstjórar	V.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4. Bókarar	X.	—
5. Húsverðir	XII.	—
6. Bifreiðarstjórar	XI.	—
7. Aðstoðardyraverðir	XIII.	—
8. Ritarar og símastúlkur	XIV.—XIII.	—
Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar en þeir, sem starfað hafa í ráðuneytunum a. m. k. 10 ár.		
b. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.		
1. Ríkisendurskoðandi (en það nafn kemur framvegis í stað embættisheitisins aðalendurskoðandi)	III.	—
2. Endurskoðendur	VI.	—
3. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VIII.	—
5. Bókarar	X.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII	—
Eigi mega aðrir taka laun sem endurskoðendur en þeir, sem lokið hafa sérstöku prófi í endurskoðun.		
II. Ríkisbókhald:		
1. Ríkisbókari	IV.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VIII.	—
4. Bókarar	X.	—
5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III. Ríkisfjárhirzla:		
1. Ríkisféhirðir	IV.	—
2. Féhirðir	VII.	—
3. Skiptimyntarféhirðir	X.	—
4. Ritarar	XIV.—XIII.	—

7. gr.

Utanríkisþjónustan.

1. Sendiherrar	IV.	launafl.
2. Sendifulltrúar og aðalræðismenn	VI.	—
3. Sendiráðsritarar I. stigs og ræðismenn	VII.	—
4. Sendiráðsritarar II. stigs og vararæðismenn	VIII.	—
5. Ritarar	XIV.—XIII.	—

8. gr.

Hagstofa Íslands.

1. Hagstofustjóri	III.	launafl.
2. Deildarstjóri	V.	—
3. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5. Umsjónarmaður með skýrslusöfnun	IX.	—
6. Bókarar	X.	—
7. Ritarar	XIV.—XIII.	—

Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar en þeir, sem starfað hafa í Hagstofu Íslands a. m. k. 10 ár.

9. gr.

Dómgæzla og lögreglustjórn.

I. Hæstiréttur:		
1. Dómarar	I.	launafl.
2. Hæstaréttarritari	V.	—
3. Ritari	XIV.—XIII.	—
4. Dóm- og skjalavörður	X.	—
II. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
1. Borgardómari	III.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4. Bókari	XI.	—
5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
1. Borgarfógeti	IV.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4. Firmaskrásetjari	X.	—
5. Féhirðir	XI.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
7. Bifreiðarstjóri	XI.	—
IV. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
1. Sakadómari	III.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5. Bókari	X.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
V. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
1. Lögreglustjóri	III.	—
2. Fulltrúi I. stigs (1) eftir 10 ára starf	VI.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5. Bókari	X.	—
6. Húsvörður	XII.	—
7. Ritarar	XIV.—XIII.	—
Útlendingaeftirlitið:		
1. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
2. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
3. Eftirlitsmenn	X.	—
Bifreiðaeftirlitið:		
1. Yfireftirlitsmaður	VII.	—
2. Fulltrúi í Reykjavík og fulltrúi í Akureyri	IX.	—
3. Eftirlitsmenn	X.	—

VI. Bæjarfógetar, sýslumenn og lögreglustjórar utan Reykjavíkur:
1. Bæjarfógetar, sýslumenn og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli ..... VI. launafl.
2. Aðrir lögreglustjórar ..... IX. —
VII. Starfsmenn sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra:
1. Fulltrúar I. stigs hjá bæjarfógetanum á Akureyri, í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum ..... VI. —
2. Fulltrúar I. stigs, aðrir ..... VII. —
3. Féhirðar hjá bæjarfógetanum á Akureyri, í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum ..... VIII. —
4. Fulltrúar II. stigs ..... IX. —
5. Sýsluskrifarar og bókarar ..... X. —
6. Innheimtumenn ..... XI. —
7. Ritarar ..... XIV.—XIII. —

Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar við embætti þau, sem talin eru í II., III., IV. og VII.,1 hér á undan, en þeir, sem samkvæmt úrskurði dómsmálaráðherra hafa dómstörf að aðalstarfi og hafa gegnt slíku starfi a. m. k. í 10 ár.

VIII. Ríkislögreglan:
1. Yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli ..... VII. —
2. Varðstjórar á Keflavíkurflugvelli ..... VIII. —
3. Ríkislögregluþjónar ..... X. —
IX. Landhelgisgæzlan:
1. Forstjóri ..... III. —
X. Hegningarhús og vinnuhæli:
1. Yfirfangaverðir í Reykjavík og á Litla-Hrauni ..... IX. —
2. Fangaverðir ..... X. —
3. Bryti á Litla-Hrauni ..... X. —

10. gr.

Opinbert eftirlit.

I. Skipaskoðun ríkisins:
1. Skipaskoðunarstjóri ..... V. launafl.
2. Skoðunarmenn ..... X. —
3. Ritari ..... XIV.—XIII. —
II. Öryggiseftirlit:
1. Öryggismálastjóri ..... V. —
2. Öryggiseftirlitsmaður ..... VII. —
3. Skoðunarmenn ..... X. —
4. Ritari ..... XIV.—XIII. —
III. Löggildingarstofan:
1. Forstöðumaður ..... VIII. —
2. Viðgerðar- og eftirlitsmenn ..... XI. —
IV. Eftirlit með skipulagi bæja og kauptúna:
1. Skipulagsstjóri ..... IV. —
2. Arkitektar I. stigs ..... VI. —
3. Arkitektar II. stigs ..... VIII. —
4. Yfirteiknari ..... IX. —
5. Aðstoðarteiknari ..... XIV. —
6. Ritari ..... XIV.—XIII. —
V. Afurðamat:
a. Fiskmat:
1. Fiskmatsstjóri ..... V. —
2. Yfirfiskmatsmenn ..... IX. —

	3. Bókari	X.	launafl.
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—
	b. Síldarmat:		
	1. Síldarmatsstjóri	IX.	—
VI.	Eftirlit með sparisjóðum:		
	1. Eftirlitsmaður	XII.	—
VII.	Þjóðgarðsvörður	X.	—
VIII.	Mjólkureftirlitsmaður	VII.	—

11. gr.

Toll- og skattheimta.

I.	Tollstjóraembættið í Reykjavík:		
	A. Skrifstofan:		
	1. Tollstjóri	IV.	launafl.
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Deildarstjórar í tollheimtu- og skattheimtudeildum	VI.	—
	4. Aðalféhirðir	VII.	—
	5. Aðalbókari	VII.	—
	6. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
	7. Aðstoðarféhirðir	VIII.	—
	8. Aðalskatt- og aðaltollritarar	VIII.	—
	9. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	10. Toll- og skattritarar I. stigs	X.	—
	11. Toll- og skattritarar II. stigs og innheimtumenn	XI.	—
	12. Toll- og skattritarar III. stigs	XII.	—
	13. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	B. Tollgæzlan:		
	1. Tollgæzlustjóri	VI.	—
	2. Fulltrúi við tollgæzlu	VII.	—
	3. Yfirtollvörður, sem jafnframt er féhirðir í farangursafgreiðslu	VIII.	—
	4. Yfirtollverðir	IX.	—
	5. Tollverðir	X.	—
II.	Tollgæzlan utan Reykjavíkur:		
	1. Yfirtollverðir	IX.	—
	2. Tollverðir	X.	—
III.	Ríkisskattanefnd:		
	1. Skrifstofustjóri	VI.	—
	2. Fulltrúar	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
IV.	Skattstofan í Reykjavík:		
	1. Skattstjóri	IV.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Deildarstjórar	VII.	—
	4. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
	5. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	6. Bókarar I. stigs	X.	—
	7. Bókarar II. stigs	XI.	—
	8. Ritarar	XIV.—XIII.	—
V.	Skattstofur utan Reykjavíkur:		
	1. Skattstjórar	VI.	—
	2. Fulltrúar	IX.	—
	3. Ritarar	XIV.—XIII.	—

12. gr.

Heilbrigðismál.

I.	Landlæknisembættið:		
	1. Landlæknir	III.	launafl.
	2. Landlæknisritari	IX.	—
II.	Berklavarnir:		
	1. Berklayfirlæknir	IV.	—
	2. Aðstoðarlæknar	V.	—
III.	Læknar:		
	1. Yfirlæknar á ríkisspítölunum á Kleppi, Vífilsstöðum, Kristnesi og Landspítala, sem ekki eru jafnframt kennarar við háskólann	IV.	—
	2. Forstöðumaður Blóðbankans	IV.	—
	3. Yfirlæknir við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur	IV.	—
	4. Héraðslæknirinn á Akureyri	V.	—
	5. Héraðslæknar, aðrir	VI., VII. og X.	—
	6. Aðstoðarlæknar, sbr. lög nr. 16/1955, 5. gr.	VII.	—
	Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka, sbr. III., 5. hér að framan, og skal við þá flokkun einkum farið eftir fólksfjölda, samgöngum og þéttbýli með hliðsjón af því, hvar erfiðast hefur reynzt að fá lækna í héruðin.		
	Reglugerð þessa skal endurskoða á fimm ára fresti.		
IV.	Ríkisspítalarnir:		
	A. Skrifstofa ríkisspítalanna:		
	1. Framkvæmdastjóri	VI.	—
	2. Fulltrúi	VIII.	—
	3. Féhirðir	VIII.	—
	4. Aðalbókari	VIII.	—
	5. Bókarar	X.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	B. Landspítali:		
	1. Deildarlæknar	V.	—
	2. Aðstoðarlæknar	VII.	—
	3. Forstöðukona	VII.	—
	4. Aðstoðarforstöðukona	VIII.	—
	5. Deildarhjúkrunarkonur í sjúkradeildum og skurðstofu	IX.	—
	6. Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
	7. Ráðskona	VIII.	—
	8. Aðstoðarráðskona	XI.	—
	9. Umsjónarmaður	IX.	—
	10. Nuddkona	XI.	—
	11. Rannsóknarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
	12. Vélgæzlumenn	XI.	—
	13. Viðgerðarmaður	XI.	—
	Röntgendeild:		
	1. Deildarhjúkrunarkona	IX.	—
	2. Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
	3. Röntgenkonur	XI.	—
	4. Bókari	XI.	—
	5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	6. Aðstoðarstúlkur	XIV.	—

	Fæðingardeild:		
1.	Deildarlæknir	VI.	launafl.
2.	Aðstoðarlæknar	VII.	—
3.	Yfirljósmóðir	VIII.	—
4.	Deildarhjúkrunarkonur (þar með talin skurðstofa)	IX.	—
5.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
6.	Aðstoðarljósmæður	XI.	—
7.	Vélgæzlumaður og viðgerðarmaður	XI.	—
	Hjúkrunarkvennaskólinn:		
1.	Skólastjóri	VI.	—
2.	Kennarar	VIII.	—
	Þvottahús Landspítalans:		
1.	Þvottaráðskona	IX.	—
2.	Vélgæzlumenn, þvottamenn og bifreiðarstjóri	XI.	—
C.	Vífilsstaðahæli:		
1.	Deildarlæknir	V.	—
2.	Aðstoðarlæknir	VII.	—
3.	Forstöðukona	VIII.	—
4.	Deildarhjúkrunarkonur	IX.	—
5.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
6.	Ráðskona	IX.	—
7.	Bústjóri	IX.	—
8.	Vélgæzlumenn, viðgerðarmenn og bifreiðarstjórar	XI.	—
9.	Vinnumenn	XII.	—
D.	Kleppsspítali:		
1.	Deildarlæknir	V.	—
2.	Aðstoðarlæknir	VII.	—
3.	Forstöðukona	VII.	—
4.	Aðstoðarforstöðukona	VIII.	—
5.	Deildarhjúkrunarkonur	IX.	—
6.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
7.	Sjúkrakennarar	IX.	—
8.	Ráðskona	IX.	—
9.	Bústjóri	IX.	—
10.	Vélgæzlumenn, viðgerðarmenn, bifreiðarstjóri, umsjónar- og hjúkrunarmaður	XI.	—
11.	Hjúkrunarmenn	XII.	—
E.	Kristneshæli:		
1.	Deildarlæknir	V.	—
2.	Forstöðukona	VIII.	—
3.	Deildarhjúkrunarkonur	IX.	—
4.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
5.	Ráðskona	IX.	—
6.	Ráðsmaður	VIII.	—
7.	Vélgæzlumaður og bifreiðarstjóri	XI.	—
8.	Vinnumaður	XII.	—
F.	Fávitahælið í Kópavogi:		
1.	Forstöðukona	VIII.	—
2.	Deildarhjúkrunarkonur	IX.	—
3.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
4.	Hjúkrunarmenn	XII.	—
5.	Kennarar	IX.	—

6. Matráðskona	X.	launafl.
7. Vélgæzlu- og viðgerðamaður	XI.	—

Aðstoðarhjúkrunarkonur og rannsóknarkonur skulu eftir 5 ára starf færast úr XI. launaflokki í X. launaflokk.

13. gr.

Samgöngur.

I. Vegamálaskrifstofan:		
1. Vegamálastjóri	III.	launafl.
2. Yfirverkfræðingur	V.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Verkfræðingar	VI.	—
5. Landmælingamenn	VII.	—
6. Féhirðir	VIII.	—
7. Bókarar I. stigs	X.	—
8. Bókarar II. stigs	XI.	—
9. Teiknari	X.	—
10. Ritarar	XIV.—XIII.	—
11. Verkstjórar	X.	—
12. Efnisvörður	IX.	—
II. Vita- og hafnamálaskrifstofan:		
1. Vita- og hafnamálastjóri	III.	—
2. Yfirverkfræðingur	V.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Verkfræðingar	VI.	—
5. Viðgerðamaður	IX.	—
6. Sjómælingamenn	VII.	—
7. Féhirðir	IX.	—
8. Teiknari	X.	—
9. Bókari I. stigs	X.	—
10. Bókari II. stigs	XI.	—
11. Efnisvörður	IX.	—
12. Kafari	XI.	—
13. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III. Skipaútgerð ríkisins:		
1. Forstjóri	III.	—
2. Skrifstofustjóri	VI.	—
3. Aðalbókari	VII.	—
4. Aðalféhirðir	VII.	—
5. Fulltrúi	VIII.	—
6. Vélaráðunautur	VIII.	—
7. Innkaupastjóri	IX.	—
8. Afgreiðslustjóri	IX.	—
9. Bókari I. stigs	X.	—
10. Bókari II. stigs	XI.	—
11. Ritarar	XIV.—XIII.	—
IV. Flugþjónustan:		
1. Flugmálastjóri	III.	—
2. Flugvallarstjóri á Reykjavíkurflugvelli	V.	—
3. Framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits	V.	—
4. Framkvæmdastjóri flugöryggisþjónustu	V.	—
5. Flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli	V.	—
6. Deildarstjóri ICAO	VI.	—

7.	Fulltrúi á Keflavíkurflugvelli	VIII.	launafl.
8.	Aðalbókari	VIII.	—
9.	Aðalgjaldkeri	VIII.	—
10.	Loftferðaeftirlitsmaður	IX.	—
11.	Bókarar	X.	—
12.	Gjaldkeri á Keflavíkurflugvelli	IX.	—
13.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
	Flugumferðarstjórn:		
1.	Yfirflugumferðarstjórar í Reykjavík og Keflavík	VI.	—
2.	Varðstjórar	VII.	—
3.	Flugumferðarstjórar	VIII.	—
4.	Aðstoðarflugumferðarstjórar	IX.	—
	Flugumsjón á Keflavíkurflugvelli:		
1.	Yfirflugumsjónarmaður	VI.	—
2.	Varðstjórar	VII.	—
3.	Flugumsjónarmenn	VIII.	—
4.	Aðstoðarflugumsjónarmenn	IX.	—
	Flugvélaafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli:		
1.	Deildarstjóri	VI.	—
2.	Varðstjórar	VIII.	—
3.	Hleðslustjórar	IX.	—
4.	Afgreiðslumenn	XI.	—
5.	Eftirlitsmaður með áhöldum	IX.	—
	Aðrir starfsmenn:		
1.	Yfirverkstjóri radioverkstæðis	VIII.	—
2.	Radioviðgerðarmenn	X.	—
3.	Yfirverkstjóri	VIII.	—
4.	Birgðavörður	IX.	—
5.	Slökkviliðsstjóri	VIII.	—
6.	Aðstoðarslökkviliðsstjóri	IX.	—
7.	Slökkviliðsmenn	X.	—
8.	Gæzlumaður flughafna	VIII.	—
9.	Vinnuvélastjóri	IX.	—
10.	Bifreiðarstjóri	XI.	—
V.	Ferðaskrifstofa ríkisins:		
A.	Aðalskrifstofan:		
1.	Forstjóri	V.	—
2.	Skrifstofustjóri	VII.	—
3.	Fulltrúar	VIII.	—
4.	Bókari	X.	—
5.	Ritari	XIV.—XIII.	—
B.	Minjagripaverzlanir:		
1.	Verzlunarstjóri	VII.	—
2.	Sölumaður	X.	—
3.	Afgreiðslumenn	XIII.	—

14. gr.

Kirkju- og kennslumál.

A.	Kirkjumál:		
I.	Biskupsembættið:		
1.	Biskup Íslands	III.	launafl.
2.	Biskupsritari og söngmálastjóri	VI.	—
3.	Ritari	XIV.—XIII.	—

II. Prestar:
1. Vígslubiskupar ..... VI. launafl.
2. Sóknarprestar ..... VIII.—VII. —

Kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups og Prestafélags Íslands, reglugerð um skiptingu prestakalla í tvo flokka með hliðsjón af aukatekjum embættanna.

Nú er sóknarprestur skipaður prófastur, og skal hann þá færast upp um einn launaflokk.

B. Kennslumál:
I. Háskóli Íslands:
1. Prófessorar, sem jafnframt eru yfirlæknar við ríkissjúkrahús eða veita forstöðu Rannsóknarstofu háskólans II. launafl.
2. Rektor háskólans ..... III. —
3. Prófessorar ..... IV. —
4. Dósentar og háskólabókavörður ..... V. —
5. Háskólaritari ..... VI. —
6. Íþróttakennari ..... IX. —
7. Húsvörður ..... XII. —
II. Fræðslumálaskrifstofan:
1. Fræðslumálastjóri ..... IV. —
2. Íþróttafulltrúi ..... VII. —
3. Bókafulltrúi ..... VII. —
4. Fulltrúar ..... VII. —
5. Féhirðir ..... VIII. —
6. Ritarar ..... XIV.—XIII. —
7. Námsstjórar ..... VI. —
III. Eftirlitsmaður með fjármálum skóla ..... V. —
IV. Menntaskólar:
1. Rektor Menntaskólans í Reykjavík og skólameistarar við menntaskólana á Akureyri og Laugarvatni ..... V. —
2. Kennarar ..... VII. —
3. Húsverðir ..... XII. —
V. Kennaraskólinn:
1. Skólastjóri ..... V. —
2. Kennarar ..... VII. —
VI. Stýrimannaskólinn og vélskólinn:
1. Skólastjórar ..... VI. —
2. Kennarar ..... VIII. —
3. Húsvörður í sjómannaskólahúsi ..... XII. —
VII. Búnaðarskólar:
1. Skólastjóri ..... VI. —
2. Kennarar ..... VIII. —
VIII. Garðyrkjuskólinn að Reykjum:
1. Skólastjóri ..... VI. —
2. Kennarar ..... VIII. —
IX. Gagnfræðaskólar:
A. Skólastjórar:
1. Við skóla með fleiri en 200 nemendur ..... VI. —
2. — — — 125—200 nemendur ..... VII. —
3. — — — færri en 125 nemendur ..... VIII. —
4. — héraðsgagnfræðaskóla með fleiri en 75 nemendur VI. —
5. — — með færri en 75 nemendur ..... VII. —
B. Kennarar ..... VIII. —

X.	Iðnskólar:		
	A. Skólastjórar:		
	1. Við skóla með fleiri en 200 nemendur	VI.	launafl.
	2. — — — 125—200 nemendur	VII.	—
	3. — — — færri en 125 nemendur	VIII.	—
	B. Kennarar	VIII.	—
XI.	Matsveina- og veitingaþjónaskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennarar	IX.	—
XII.	Húsmæðrakennaraskólinn:		
	1. Skólastjóri	VI.	—
	2. Kennarar	VIII.	—
XIII.	Húsmæðraskólar:		
	1. Skólastjórar	VIII.	—
	2. Kennarar	IX.	—
XIV.	Íþróttakennaraskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennari	IX.	—
XV.	Heyrnar- og málleysingjaskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennarar	VIII.	—
XVI.	Barnafræðslan:		
	A. Skólastjórar við barnaskóla:		
	1. Við skóla með fleiri en 20 kennara	VI.	—
	2. — — með 10—20 kennara	VII.	—
	3. — — með færri en 10 kennara og heimavistarbarnaskólastjórar	VIII.	—
	B. Barnakennarar	IX.	—

Skólastjórar skulu þegar taka hámarkslaun, þrátt fyrir ákvæði 2. gr.

Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá ¾ af launum annarra barnakennara miðað við jafnlangan starfstíma.

Af launum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði ⅙ hluti úr bæjarsjóði og 1/12 hluti úr sveitarsjóði hlutaðeigandi skólahverfis.

15. gr.

Listir og vísindi.

I.	Þjóðleikhúsið:		
	1. Þjóðleikhússtjóri	IV.	launafl.
	2. Skrifstofustjóri	VII.	—
	3. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður	XII.	—
II.	Landsbókasafnið:		
	1. Landsbókavörður	V.	—
	2. Bókaverðir	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður safnahúss	XII.	—
III.	Þjóðskjalasafnið:		
	1. Þjóðskjalavörður	V.	—
	2. Skjalaverðir	VII.	—
IV.	Þjóðminjasafnið:		
	1. Þjóðminjavörður	V.	—
	2. Minjaverðir	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður	XII.	—

V.	Listasafn ríkisins:		
	1. Safnvörður	VII.	launafl.
VI.	Náttúrugripasafnið:		
	1. Forstöðumaður	V.	—
	2. Deildarstjórar	VI.	—
VII.	Atvinnudeild háskólans:		
	1. Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs	V.	—
	2. Deildarstjórar	V.	—
	3. Sérfræðingar	VI.	—
	4. Skrifstofustjóri	VII.	—
	5. Viðgerðarmaður	IX.	—
	6. Aðstoðarmenn I. stigs	X.	—
	7. Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
	8. Ritarar	XIV.—XIII.	—
VIII.	Rannsóknarstofa háskólans:		
	1. Læknar	V.	—
	2. Vefjarannsóknarmaður	VIII.	—
	3. Sýklarannsóknarmaður	VIII.	—
	4. Aðstoðarmenn I. stigs	X.	—
	5. Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
IX.	Tilraunastöðin á Keldum:		
	1. Forstöðumaður	IV.	—
	2. Dýralæknir	VI.	—
	3. Efnafræðingur	VI.	—
	4. Vefjarannsóknarmaður	VIII.	—
	5. Aðstoðarmenn I. stigs	X.	—
	6. Ráðsmaður	X.	—
	7. Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
	8. Bókari	XI.	—
X.	Veðurstofan:		
	1. Veðurstofustjóri	IV.	—
	2. Skrifstofustjóri	VII.	—
	3. Bókari	X.	—
	4. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	Deild Veðurstofunnar á Reykjavíkurflugvelli:		
	1. Deildarstjóri	V.	—
	2. Veðurfræðingar I. stigs	VI.	—
	3. Veðurfræðingar II. stigs	VII.	—
	4. Aðstoðarmenn	XI.	—
	Deild Veðurstofunnar á Keflavíkurflugvelli:		
	1. Deildarstjóri	V.	—
	2. Veðurfræðingar I. stigs	VI.	—
	3. Veðurfræðingar II. stigs	VII.	—
	4. Aðstoðarmenn	XI.	—
	5. Varðstjóri í háloftastöð	IX.	—
	6. Háloftaathugunarmenn	X.	—
	Loftskeytadeild:		
	1. Yfirvarðstjóri	VIII.	—
	2. Varðstjórar	IX.	—
	3. Loftskeytamenn	X.	—
	Veðurfarsdeild:		
	1. Deildarstjóri	VI.	—
	2. Aðstoðarmenn	XI.	—

	Áhaldadeild:		
1.	Deildarstjóri	VI.	launafl.
2.	Viðgerðarmaður	IX.	—
	Jarðeðlisfræðideild:		
1.	Jarðskjálftafræðingur	VI.	—
	Eigi skulu aðrir taka laun sem I. stigs veðurfræðingar en þeir, er lokið hafa háskólaprófi í veðurfræði, þó má samkvæmt tillögu veðurstofustjóra flytja II. stigs veðurfræðinga í VI. launaflokk eftir 10 ára starf.		
XI.	Skrifstofa húsameistara:		
1.	Húsameistari ríkisins	III.	—
2.	Húsameistarar I. stigs og byggingameistari	VI.	—
3.	Húsameistarar II. stigs	VIII.	—
4.	Skrifstofustjóri, sem jafnframt er féhirðir	VII.	—
5.	Ritari	XIV.—XIII.	—

16. gr.

Landbúnaðarmál.

I.	Sandgræðsla ríkisins:		
1.	Sandgræðslustjóri	VI.	launafl.
II.	Skógrækt ríkisins:		
1.	Skógræktarstjóri	V.	—
2.	Fulltrúi	VII.	—
3.	Skógarverðir	X.	—
4.	Ritari	XIV.—XIII.	—
III.	Stjórn veiðimála:		
1.	Veiðimálastjóri	V.	—
2.	Aðstoðarmaður	X.	—
IV.	Dýralæknar:		
1.	Yfirdýralæknir	V.	—
2.	Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi	X.	—
3.	Borgarfjarðarumdæmi	VIII.	—
4.	Dalaumdæmi	VII.	—
5.	Ísafjarðarumdæmi	VII.	—
6.	Húnaþingsumdæmi	VIII.	—
7.	Skagafjarðarumdæmi	VIII.	—
8.	Eyjafjarðarumdæmi	X.	—
9.	Þingeyjarþingsumdæmi	VIII.	—
10.	Austurlandsumdæmi	VIII.	—
11.	Rangárvallaumdæmi	X.	—
12.	Selfossumdæmi	X.	—
13.	Laugarásumdæmi	VIII.	—
V.	Sauðfjárveikivarnir:		
	A. Skrifstofan:		
1.	Framkvæmdastjóri	VI.	—
2.	Skrifstofustjóri	VIII.	—
	B. Rannsóknir:		
1.	Læknir	V.	—
2.	Sýklarannsóknarmaður	VIII.	—
3.	Aðstoðarmaður	XIII.	—
VI.	Tilraunastjórar	VII.	—

17. gr.

Raforkumál.

I.	Raforkumálaskrifstofan:		
	1. Raforkumálastjóri	III.	launafl.
	2. Yfirverkfræðingur	V.	—
	3. Skrifstofustjóri	VI.	—
	4. Verkfræðingar	VI.	—
	5. Hagfræðingur	VII.	—
	6. Landmælingamaður	VII.	—
	7. Vatnamælingamaður	VII.	—
	8. Féhirðir	VIII.	—
	9. Aðalbókari	VIII.	—
	10. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
	11. Rafvirkjar	X.	—
	12. Bókarar I. stigs	X.	—
	13. Yfirteiknari	IX.	—
	14. Teiknarar I. stigs	X.	—
	15. Bókarar II. stigs	XI.	—
	16. Teiknarar II. stigs	XII.	—
	17. Ritarar	XIV.—XIII.	—
II.	Rafmagnsveitur ríkisins:		
	1. Rafmagnsveitustjóri	IV.	—
	2. Yfirverkfræðingur	V.	—
	3. Deildarstjórar	VI.	—
	4. Verkfræðingar	VI.	—
	5. Rafveitustjórar	VII.	—
	6. Iðnfræðingar	VII.	—
	7. Yfirvélstjórar	VIII.	—
	8. Aðalverkstjóri	VIII.	—
	9. Vélstjórar	IX.	—
	10. Rafgæzlumenn	IX.	—
	11. Birgðavörður	IX.	—
	12. Verkstjórar, faglærðir	IX.	—
	13. Rafvirkjar	X.	—
	14. Verkstjórar	X.	—
	15. Teiknarar I. stigs	X.	—
	16. Vélaverðir	XI.	—
	17. Teiknarar II. stigs	XII.	—
	18. Aðstoðarvélaverðir	XII.	—
	19. Bifreiðarstjórar	XI.	—
	20. Línumenn I. stigs	XI.	—
	21. Línumenn II. stigs	XII.	—
III.	Jarðboranir ríkisins:		
	1. Yfirverkfræðingur	V.	—
	2. Verkfræðingar	VI.	—
IV.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	1. Rafmagnseftirlitsstjóri	V.	—
	2. Verkfræðingur	VI.	—
	3. Eftirlitsmenn	IX.	—
	4. Raffangaprófari	IX.	—
	5. Bókari	X.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—

18. gr.

Póstur og sími.

I.	Póst- og símamálastjóri	II.	launafl.
II.	Póstmálaskrifstofan:		
	1. Skrifstofustjóri	VI.	—
	2. Póstmálafulltrúi	VII.	—
	3. Aðalbókari	VII.	—
	4. Fulltrúar	VIII.	—
	5. Bókarar	X.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III.	Póststofan í Reykjavík:		
	1. Póstmeistari	VI.	—
	2. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
	3. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	4. Póstafgreiðslumenn	X.	—
	5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	6. Bifreiðarstjórar	XI.	—
	7. Bréfberar	XII.	—
	8. Húsvörður	XII.	—
IV.	Póststofan á Akureyri:		
	1. Póstmeistari	VII.	—
	2. Fulltrúar	IX.	—
	3. Póstafgreiðslumenn	X.	—
	4. Bréfberar	XII.	—
V.	Landssíminn:		
	A. Símarekstrardeild:		
	1. Skrifstofustjóri	VI.	—
	2. Aðalbókari	VII.	—
	3. Aðalféhirðir	VII.	—
	4. Umsjónarmaður sjálfvirkra stöðva	VII.	—
	5. Eftirlitsmaður radiostöðva	VIII.	—
	6. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
	7. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	8. Bókarar I. stigs	X.	—
	9. Bókarar II. stigs	XI.	—
	10. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	B. Símatæknideild:		
	1. Yfirverkfræðingur	V.	—
	2. Verkfræðingar	VI.	—
	3. Símafræðingar	VII.	—
	4. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
	5. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	6. Yfirteiknari	IX.	—
	7. Símvirkjar	X.—IX.	—
	8. Teiknari I. stigs	X.	—
	9. Teiknari II. stigs	XII.	—
	10. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	C. Ritsíminn:		
	1. Ritsímastjórinn í Reykjavík	VI.	—
	2. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
	3. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	4. Bókarar I. stigs	X.	—
	5. Bókarar II. stigs	XI.	—

6.	Ritarar	XIV.—XIII.	launafl.
7.	Yfirvarðstjórar	VIII.	—
8.	Varðstjórar	IX.—VIII.	—
9.	Símritarar	X.—IX.	—
10.	Skeytaskrásetjarar	XI.	—
11.	Fjarritarar	XIII.	—
12.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
13.	Yfir-sendimenn	XI.	—
14.	Sendimenn	XII.	—
D.	Langlínumiðstöð:		
1.	Yfirvarðstjórar	X.	—
2.	Varðstjórar	XII.—XI.	—
3.	Eftirlitsstúlkur	XI.	—
4.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
E.	Bæjarsíminn í Reykjavík:		
1.	Bæjarsímastjóri	VI.	—
2.	Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
3.	Fulltrúar II. stigs	IX.	—
4.	Innheimtuféhirðir	VIII.	—
5.	Símafræðingur	VII.	—
6.	Símvirkjaverkstjórar	IX.—VIII.	—
7.	Teiknari I. stigs	X.	—
8.	Símvirkjar	X.—IX.	—
9.	Bókarar I. stigs	X.	—
10.	Línuverkstjórar	X.	—
11.	Teiknarar II. stigs	XII.	—
12.	Efnisvörður	X.	—
13.	Iðnaðarmenn I. stigs	X.	—
14.	Aðstoðarféhirðar	X.	—
15.	Næturvörður	XI.	—
16.	Línumenn	XI.	—
17.	Stöðvargæzlumenn	XII.	—
18.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
F.	Birgðahúsið:		
1.	Birgðastjóri	VII.	—
2.	Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
3.	Fulltrúi II. stigs	IX.	—
4.	Efnisverðir	IX.	—
5.	Umsjónarmaður bifreiða	X.	—
6.	Bókari	X.	—
7.	Afgreiðslumenn	XII.	—
G.	Radioverkstæðið:		
1.	Verkstjóri	IX.—VIII.	—
2.	Símvirkjar	X.—IX.	—
3.	Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—
H.	Skiptiborðaverkstæðið:		
1.	Verkstjóri	IX.—VIII.	—
2.	Símvirkjar	X.—IX.	—
3.	Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—
I.	Ritsímaverkstæðið:		
1.	Verkstjóri	IX.—VIII.	—
2.	Símvirkjar	X.—IX.	—
3.	Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—

J.	Viðhald síma:		
	1. Fulltrúar I. stigs	VIII.	launafl.
	2. Símvirkjaverkstjórar	IX.—VIII.	—
	3. Línuverkstjórar	X.	—
	4. Símvirkjar	X.—IX.	—
	5. Línumenn	XI.	—
K.	Landssímahúsið:		
	1. Húsvörður	XII.	—
L.	Radiostöðvarnar:		
	1. Stöðvarstjóri stuttbylgjustöðvarinnar í Gufunesi	VIII.	—
	2. — loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík	VIII.	—
	3. — sendistöðvarinnar á Rjúpnahæð	VIII.	—
	4. — sendistöðvarinnar á Vatnsendahæð	VIII.	—
	5. — Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli	VIII.	—
	6. Varðstjórar	VIII.	—
	7. Símritarar	X.—IX.	—
	8. Loftskeytamenn	X.	—
	9. Símvirkjar	X.—IX.	—
	10. Tækjagæzlumenn	XI.	—
	11. Tímaverðir Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli	XII.	—
	12. Fjarritarar	XIII.	—
M.	Umdæmisstöðin á Akureyri:		
	1. Umdæmisstjóri	VII.	—
	2. Fulltrúi	VIII.	—
	3. Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
	4. Símvirkjaverkstjóri	IX.—VIII.	—
	5. Langlínuvarðstjórar	XII.—XI.	—
	6. Símritarar	X.—IX.	—
	7. Bókari	X.	—
	8. Símvirki	X.—IX.	—
	9. Línumaður	XI.	—
	10. Talsímakonur	XIII.—XII.	—
	11. Ritarar	XIV.—XIII.	—
N.	Umdæmisstöðin í Hrútafirði:		
	1. Umdæmisstjóri	VII.	—
	2. Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
	3. Símvirkjaverkstjóri	IX.—VIII.	—
	4. Línumaður	XI.	—
	5. Talsímakonur	XIII.—XII.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—
O.	Umdæmisstöðin á Ísafirði:		
	1. Umdæmisstjóri	VII.	—
	2. Fulltrúi	IX.	—
	3. Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
	4. Símvirkjaverkstjóri	IX.—VIII.	—
	5. Símritarar	X.—IX.	—
	6. Langlínuvarðstjórar	XII.—XI.	—
	7. Talsímakonur	XIII.—XII.	—
P.	Umdæmisstöðin á Seyðisfirði:		
	1. Umdæmisstjóri	VII.	—
	2. Fulltrúi	IX.	—
	3. Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
	4. Símvirki	X.—IX.	—

5.	Símritarar	X.—IX.	launafl.
6.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
R.	Umdæmisstöðin á Siglufirði:		
1.	Umdæmisstjóri	VII.	—
2.	Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
3.	Símritarar	X.—IX.	—
4.	Símvirki	X.—IX.	—
5.	Bókari	X.	—
6.	Langlínuvarðstjóri	XII.—XI.	—
7.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
S.	Vestmannaeyjar:		
1.	Símstjóri	VII.	—
2.	Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
3.	Símritarar	X.—IX.	—
4.	Símvirkjar	X.—IX.	—
5.	Bókari	X.	—
6.	Langlínuvarðstjóri	XII.—XI.	—
7.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
T.	Hafnarfjörður:		
1.	Símstjóri	VIII.	—
2.	Símvirkjaverkstjóri	IX.—VIII.	—
3.	Símvirki	X.—IX.	—
4.	Fjarritari	XIII.	—
5.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—

Símritaravarðstjórar og símvirkjaverkstjórar skulu eftir 10 ára starf færast úr IX. launafl. í VIII. launafl. Símritarar og símvirkjar flytjast eftir jafnlangan starfstíma úr X. launafl. í IX. launafl. Langlínuvarðstjórar skulu og eftir 10 ára starf færast úr XII. launafl. í XI. launafl. Þá skulu og talsímakonur færast úr XIII. launafl. í XII. launafl. eftir jafnlangan starfstíma.

Með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, skal, eftir því sem við verður komið, ákveða laun símstjóra á I. fl. B og II. fl. stöðvum fyrir rekstur stöðvanna svo og laun póstafgreiðslumanna, sem ákvæði þessarar greinar ná ekki til. Launin séu ákveðin þannig, að þessir starfsmenn fái hlutfallslega sömu laun og aðrir, sem nefndir eru í þessari grein, miðað við þau störf, er þeir hafa með höndum.

19. gr.

I.	Ríkisútvarpið:		
a.	Aðalskrifstofan:		
1.	Útvarpsstjóri	IV.	launafl.
2.	Skrifstofustjóri	VI.	—
3.	Fulltrúi	IX.	—
4.	Féhirðir	VIII.	—
5.	Bókari	XI.	—
6.	Ritari	XIV.—XIII.	—
7.	Umsjónarmaður	XIII.	—
b.	Innheimtudeild:		
1.	Innheimtustjóri	VIII.	—
2.	Bókari	XI.	—
3.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
4.	Innheimtumenn	XIII.	—
c.	Auglýsingadeild:		
1.	Auglýsingastjóri	VIII.	—
2.	Bókari	XI.	—

3. Ritari	XIV.—XIII.	launafl.
4. Innheimtumaður	XIII.	—
d. Fréttastofan:		
1. Fréttastjóri	VI.	—
2. Fréttamenn	IX.	—
3. Ritarar	XIV.—XIII.	—
e. Skrifstofa dagskrár:		
1. Dagskrárstjóri	VII.	—
2. Fulltrúi	IX.	—
3. Bókari	XI.	—
4. Þulir	IX.	—
5. Ritari	XIV.—XIII.	—
6. Leiklistarráðunautur	VIII.	—
f. Tónlistardeild:		
1. Tónlistarstjóri	VII.	—
2. Fulltrúi	IX.	—
3. Hljómsveitarstjóri	IX.	—
4. Hljómplötuverðir	XII.	—
5. Pianóleikari	IX.	—
6. Aðstoðarmaður	XIII.	—
7. Ritari	XIV.—XIII.	—
g. Magnarasalur:		
1. Forstöðumaður	VIII.	—
2. Magnaraverðir I. stigs	X.	—
3. Magnaraverðir II. stigs	XII.	—
h. Vatnsendastöðin og endurvarpsstöðvar:		
1. Stöðvarstjórar	VIII.	—
2. Stöðvarverðir og vélstjórar	X.	—
II. Viðtækjaverzlun ríkisins:		
1. Forstjóri	VI.	—
2. Skrifstofustjóri	VII.	—
3. Útvarpsvirki og sölumaður	X.	—
4. Bókari	XI.	—
5. Afgreiðslumaður	XII.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III. Viðgerðarstofa útvarpsins:		
1. Forstöðumaður	VIII.	—
2. Bókari	XI.	—
3. Útvarpsvirkjar	X.	—
4. Afgreiðslumaður	XII.	—

20. gr.

Verzlun og iðnaður.

I. Áfengisverzlun ríkisins:		
1. Forstjóri	V.	launafl.
2. Lyfsölustjóri	V.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
5. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
6. Fulltrúi II. stigs	IX.	—
7. Sölumenn og bókarar I. stigs	X.	—
8. Innheimtumenn og bókarar II. stigs	XI.	—
9. Ritarar	XIV.—XIII.	—

10.	Aðalverkstjóri	VIII.	launafl.
11.	Aðstoðarverkstjórar	X.	—
12.	Átappari, blöndunarmaður, bifreiðarstjórar	XI.	—
13.	Aðstoðarmenn í birgðahúsi	XII.	—
14.	Aðstoðarfólk við lyfjagerð I. stigs	XII.	—
15.	Aðstoðarfólk við lyfjagerð II. stigs	XIV.	—
16.	Iðnkonur	XV.	—
17.	Útsölustjórar í Reykjavík	VI.	—
18.	Afgreiðslumenn í útsölum	X.	—
19.	Útsölustjórar utan Reykjavíkur	VIII.	—
II.	Tóbakseinkasalan:		
1.	Forstjóri	V.	—
2.	Skrifstofustjóri	VI.	—
3.	Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
4.	Birgðavörður	VIII.	—
5.	Sölumenn og bókarar I. stigs	X.	—
6.	Innheimtumaður og bókarar II. stigs	XI.	—
7.	Afgreiðslumenn	XII.	—
8.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
9.	Bifreiðarstjórar	XI.	—
	Tóbaksgerð:		
1.	Verkstjóri	X.	—
2.	Aðstoðarmenn	XI.	—
3.	Iðnkonur	XV.	—
III.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:		
1.	Forstjóri	V.	—
2.	Skrifstofustjóri	VI.	—
3.	Bókari	XI.	—
4.	Ritari	XIV.—XIII.	—
IV.	Áburðar- og grænmetisverzlun:		
1.	Forstjóri	V.	—
2.	Skrifstofustjóri	VI.	—
3.	Féhirðir	VIII.	—
4.	Sölumaður	X.	—
5.	Bókari	XI.	—
6.	Ritari	XIV.—XIII.	—
7.	Verkstjóri	X.	—
8.	Aðstoðarmenn	XIII.	—
9.	Bifreiðarstjóri	XI.	—
V.	Landssmiðjan:		
1.	Forstjóri	V.	—
2.	Skrifstofustjóri	VI.	—
3.	Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
4.	Bókarar I. stigs	X.	—
5.	Bókarar II. stigs og innheimtumaður	XI.	—
6.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
VI.	Innkaupastofnun ríkisins:		
1.	Forstjóri	V.	—
2.	Skrifstofustjóri	VI.	—
3.	Bókari	X.	—
4.	Ritari	XIV.—XIII.	—

21. gr.

Árslaun kennara og barnaskólastjóra samkv. 14. gr. eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um 1/12 hluta heildarlauna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu, í samráði við fjármálaráðuneytið, að ákveða sérstaka þóknun þeim skólastjórum, sem hafa á hendi stjórn í tví- eða þrískipuðum skólum, svo og til barnaskólastjóra, sem veita jafnframt forstöðu unglingadeildum.

22. gr.

Laun stundakennara skulu ákveðin með reglugerð, er menntamálaráðherra setur, og vera sem næst 80% af launum fastra kennara við þá skóla, sem þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum.

23. gr.

Á laun samkvæmt 1. gr. laga þessara skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er ákveðin á hverjum tíma samkv. lögum.

24. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

25. gr.

Um leið og lög þessi taka gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, svo og greiðsla skrifstofufjár embættismanna, sem ætlað hefur verið til launa starfsfólks, er lög þessi taka til.

Ríkisstjórnin, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Hæstiréttur tilnefna einn mann hvert í nefnd, sem skal úrskurða um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega. Nefndinni ber enn fremur að úrskurða um ágreining, sem rísa kann um framkvæmd reglugerðar um vinnutíma og eftirvinnukaup o. fl. Þá er og nefndinni skylt að láta í té umsögn sína um mál, er varða kaup og kjör starfsmanna hjá ríkinu, ef ríkisstjórnin óskar þess.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfa hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Bæjarfógetar, sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík fá gjald af innheimtum ríkissjóðstekjum sem hér segir:

1. Af 100 þús. kr. eða minna greiðist	1 %
2. Af 100—500 þús. kr. greiðist	½%
3. Af 500—1000 þús. kr. greiðist	¼%
4. Af 1—5 millj. kr. greiðist	1‰
5. Af 5—10 millj. kr. greiðist	½‰
6. Af 10 millj. kr. og þar yfir greiðist	¼‰

26. gr.

Héraðslæknar, dýralæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkv. gjaldskrám, sem hlutaðeigandi ráðherra setur.

27. gr.

Nú ber nauðsyn til að unnið sé á vinnuvökum, og er þá fjármálaráðherra heimilt að ákveða, að starfsmenn hljóti 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á tímanum frá kl. 21 til 8.

28. gr.

Nú eru settar á fót ríkisstofnanir, eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá fjármálaráðherra í samráði við ráðherra þann, er fer með mál stofnunarinnar, ákveða laun starfsmanna við þær með hliðsjón af því, er gildir um sambærilegar eða hliðstæðar stofnanir samkvæmt lögum þessum.

Ef til koma við stofnanir þær, sem lög þessi taka til, nýjar stöður, sem eru ekki taldar í lögunum, ákveður fjármálaráðherra með sama hætti og segir í 1. málsgr., í hvaða launaflokk skuli skipa hlutaðeigandi starfsmann.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins, og öll lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Sþ. 187. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956 og við brtt. á þskj. 179.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 179,16. 207. (Við 13. gr. A. II. a. — Bakkabæjavegur).
Fyrir „10 000“ kemur (leiðrétting) 90 000

II. Frá *Ingólfi Flygenring, Emil Jónssyni, Finnboga R. Valdimarssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 13. gr. A. XI. Nýr liður:
Til lýsingar þjóðvegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur 850 000

III. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við brtt. 179,21. 54. (Við 13. gr. C. VIII. — Vestmannaeyjar).
Fyrir „350 000“ kemur 1 000 000

IV. Frá *Bergi Sigurbjörnssyni.*
Við brtt. 179,21. 61. (Við 13. gr. C. VIII.). Nýr liður:
Aukaframlag til hafnargerðar á Þorshöfn vegna tjóns, sem orðið hefur, og yfirvofandi tjóns á hafnarmannvirkjum 1 000 000

V. Frá *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 14. gr. B. I. a. 10. (Háskólinn). Nýr liður:
Til háskólaráðs til þess, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, að veita stúdentum, er nema vilja hvers konar efnafræði, sérstaka styrki, svo að þjóðfélagið hafi síðar meir næga sérfræðinga á því sviði 200 000
2. Við 14. gr. B. I. a. 14. (Háskólinn). Nýr liður:
Til vísindarannsókna í íslenzkri sögu, bókmenntum og tungu, svo og íslenzkri jarðfræði, samkv. ákvörðun háskólaráðs, er hafi hvað jarðfræðirannsóknir snertir samráð við rannsóknaráð ríkisins 150 000
3. Við 14. gr. B. II. a. (Íslenzkir námsmenn erlendis).
Fyrir „875 000“ kemur 1 100 000

VI. Frá *Gils Guðmundssyni.*
1. Við 14. gr. B. II. a. (Íslenzkir námsmenn erlendis).
Fyrir „875 000“ kemur 1 000 000
2. Við 14. gr. B. II. b. (Framlag til námslána).
Fyrir „400 000“ kemur 550 000

VII. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. (Framlag til námslána).
Fyrir „400 000“ kemur 500 000

VIII. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. II. c. (Lánasjóður stúdenta).
Fyrir „500 000“ kemur 750 000

IX. Frá *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 14. gr. B. XXVI. Nýr liður:
Til Skákfélags Reykjavíkur til þess að leigja eða eignast fastan samastað, er sé skákheimili þeirra, er íþrótt þá iðka 100 000
2. Við 14. gr. B. XXX. Nýr liður:
Til þess að bjóða tveim færeyskum stúdentum ókeypis dvöl við Háskóla Íslands til að nema íslenzk fræði 80 000
3. Við 15. gr. A. I. 6. (Landsbókasafnið). Nýr liður:
Til þess að mikrofilma handrit, heima og erlendis 50 000
4. Við 15. gr. A. II. 2. (Þjóðskjalasafnið). Nýr liður:
Til þess að mikrofilma frumrit í safninu og skjöl erlendis 80 000
5. Við 15. gr. A. III. 6. (Þjóðminjasafnið).
a. Liðurinn orðist svo:
Til hljómplötusafns og upptöku á stálþráð, hljómband eða annað varanlegt efni á ýmiss konar alþýðlegum fróðleik, frásagnarhætti og kveðskap 75 000
b. Nýr liður:
Til upptöku á stálþráð, hljómband eða annað varanlegt efni á einni skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness, valinni í samráði við hann og lesinni af honum sjálfum 50 000

X. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. IX. 21. (Samning íslenzkrar orðabókar).
Fyrir „125 000“ kemur 250 000
Til vara 200 000

XI. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 15. gr. A. IX. 21. Liðurinn orðist svo:
Til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn 75 þús. kr. framlagi úr Sáttmálasjóði 200 000

XII. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. X. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
Fyrir „902 608“ kemur 1 200 000

XIII. Frá *Karli Guðjónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. A. XXVIII. 8. (Leikfélag Vestmannaeyja).
Fyrir „4 000“ kemur 8 000

XIV. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 15. gr. A. XXX. 10. (Lúðrasveit Vestmannaeyja).
Fyrir „8 000“ kemur 12 000

XV. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. XXXVII. Nýr liður:
Til kaupa á listaverki eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara 100 000

XVI. Frá *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 17. gr. 9. (Sumardvalarheimili o. fl.).
a. Fyrir „100 000“ kemur 300 000
Til vara 200 000
b. Nýr liður:
Til orlofs og sumardvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum á vegum mæðrafélaga, mæðrastyrksnefnda og annarra samtaka, en félagsmálaráðuneytið úthluti fénu til samtakanna 200 000
Til vara 100 000
2. Við 17. gr. 15. a. (Almennar slysavarnir).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000
3. Við 17. gr. 15. b. (Umferðarslysavarnir).
Fyrir „50 000“ kemur 150 000

XVII. Frá *Bergi Sigurbjörnssyni.*
Við 17. gr. 35. (Ráðstafanir vegna ófriðarhættu).
Liðurinn fellur niður.

XVIII. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 19. gr. 3. (Óviss útgjöld).
Fyrir „2 500 000“ kemur 2 000 000

XIX. Frá *Karli Guðjónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XVII. Liðurinn orðist svo:
      1. Prófessor og háskólabókavörður ..... IV. launafl.
      2. Dósentar ..... V. —
   b. Við B. IV. 2. Liðurinn orðist svo:
      Kennarar ..... VII.—VI. —
      Kennarar skulu færast í VI. fl. eftir 10 ára starf.
4. Við 15. gr. XI. 1. (Húsameistari ríkisins). Nýr liður:
   Deildarstjóri ..... V. —
5. *Til vara* við brtt. 207, tölul. 4.
   Við 21. gr. Á eftir 1. málsgr. bætist ný málsgr. svo hljóðandi:
   Árslaun þeirra gagnfræðaskólakennara, sem fullnægja skilyrðum laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, skulu þó ekki skert, nema skólarnir starfi skemur en 8 mánuði, en þá skulu þau lækka um 1/12 fyrir hvern mánuð, sem starfstími skólanna er skemmri.
6. Á eftir 23. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:
   Hagstofa Íslands skal í janúarmánuði hvers árs reikna út þá breytingu, sem orðið hefur að meðaltali á næstliðnu ári á grunnlaunum hjá meðlimum stéttarfélaga í Alþýðusambandi Íslands. Frá 1. febrúar skulu laun samkvæmt lögum þessum breytast í sama hlutfalli.

Nd. 209. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1940, um lögreglumenn.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkvæmt 6. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. september ár hvert í kauptúnum, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um stundarsakir vegna síldveiðanna. Um fyrirkomulag slíkrar löggæzlu skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á nokkrum stöðum norðanlands og austan, þar sem ekki eru fastir lögreglumenn starfandi, hefur reynzt nauðsynlegt að sjá fyrir löggæzlu um síldveiðitímann vegna mannfjölda þess, er þar dvelur um stundarsakir, í landi og á skipum í höfnum. Hafa hlutaðeigandi hreppar ráðið reykvíska lögreglumenn í sumarleyfi til að hafa löggæzluna á hendi og greitt kostnaðinn við löggæzluna, en Alþingi veitt nokkurn styrk á fjárlögum til slíkrar löggæzlu á tilteknum stöðum. Þrátt fyrir þessa þátttöku ríkissjóðs í kostnaðinum er hér um nokkuð þungbæra byrði að ræða fyrir fámenn og efnalítil hreppsfélög og ekki alls kostar eðlilega, þar sem utanaðkomandi ástæður valda því, að löggæzlan á sér stað. Þar sem ríkið hefur lögreglumenn í þjónustu sinni, virðist réttmætt, að þeir annist þá löggæzlu, sem hér er um að ræða, hreppsfélögunum að kostnaðarlausu.

Ed. 210. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Söluskatturinn var upphaflega lögtekinn árið 1948 í því skyni að afla fjár til greiðslu útflutningsuppbóta og að afstýra á þann hátt gengislækkun krónunnar. Árið 1950 var gengi krónunnar lækkað og bátagjaldeyriskerfið tekið upp árið eftir. Útflutningsuppbætur úr ríkissjóði voru þá felldar niður. Þar með voru hinar upprunalegu ástæður fyrir álagningu söluskatts burtu fallnar.

Ég er því andvígur, að tekna til rekstrar ríkisins sé aflað með slíkum hætti. Söluskatturinn hvílir jafnþungt á nauðsynjum og óhófsvörum og er auk þess lagður oftsinnis á sömu vöru.

Meginefni frv. þessa er framlenging söluskattsins. Neðri deild hefur þegar samþ. frv., og meiri hluti fjárhagsnefndar þessarar deildar leggur til, að það verði samþykkt. Mér þykir því sýnt, að söluskatturinn verði enn framlengdur, enda er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs af honum verði 120 millj. kr. á næsta ári.

Bæjarfélögin flest og allmörg sveitarfélög eiga stöðugt við mikla fjárhagsörðugleika að búa vegna skorts á tekjustofnum. Þykir því rétt, ef skattur þessi verður enn framlengdur, að láta fjórða hluta hans renna til þessara aðila. Flyt ég breytingartillögur þess efnis á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1955.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 211. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 3. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. (5. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.

c. (6. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

d. (7. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 5. gr. getur, séu inntar af hendi.

Nd. 212. Frumvarp til laga [126. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Til 20. janúar 1956 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1955, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar eð nú liggur fyrir, að Alþingi samþykkir ekki fjárlög fyrir árið 1956 fyrir næstu áramót, er nauðsynlegt, að ríkisstjórninni verði veitt heimild sú, sem frv. gerir ráð fyrir.

Nd. 213. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að undirrita launasamning við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um laun samkvæmt lögum þessum og komi samningur sá til framkvæmda frá og með 1. janúar 1956 og gildi í eitt ár, en framlengist óbreyttur í eitt ár í senn, sé honum ekki sagt upp með mánaðar fyrirvara.
   Jafnframt öðlist Bandalag starfsmanna ríkis og bæja svo og einstök félög innan þess rétt til vinnustöðvunar samkvæmt l. nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.
2. Fyrirsögn frv. hljóði svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til samninga um laun starfsmanna ríkisins.

Nd. 214. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. XV. launaflokkur falli niður.

Nd. 215. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 10. gr. II. 2. (Öryggiseftirlit).
   Í stað „VII. launafl." komi: VI. launafl.
2. Við 14. gr. B. IV. (Menntaskólar).
   Á eftir 1. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   2. Yfirkennarar ..... VI. launafl.
3. Við 18. gr. II. 1. Liðurinn orðist svo:
   1. Forstöðumaður ..... V. —
4. Við 18. gr. V. A. 1. Liðurinn orðist svo:
   1. Forstöðumaður ..... V. —

Nd. 216. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 18. gr. III. 7. Liðurinn orðist svo:
   Bréfberar ..... XI. launafl.
2. Við 18. gr. IV. 4. Liðurinn orðist svo:
   Bréfberar ..... XI. —

Nd. 217. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 15. gr. IX. (Tilraunastöðin á Keldum).

a. Við 2. (Dýralæknir).
   Fyrir „VI. launafl." kemur: V. launafl.

b. Við 3. (Efnafræðingur).
   Fyrir „VI. launafl." kemur: V. launafl.

Nd. 218. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. Laun samkvæmt 1. gr. skulu breytast þannig í fjórum efstu launaflokkunum:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 54 000.00	kr. 54 000.00
II. —	— 50 400.00	— 50 400.00
III. —	— 46 800.00	— 46 800.00
IV. —	— 45 300.00	— 45 300.00

Ed. **219. Frumvarp til laga** [86. mál]

um laun starfsmanna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Launaflokkar samkvæmt lögum þessum eru 15, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 59100.00	kr. 59100.00
II. —	— 55200.00	— 55200.00
III. —	— 51300.00	— 51300.00
IV. —	— 47400.00	— 47400.00
V. —	— 43800.00	— 43800.00
VI. —	— 40200.00	— 40200.00
VII. —	— 28500.00	— 37800.00
VIII. —	— 25800.00	— 35400.00
IX. —	— 23700.00	— 33000.00
X. —	— 23700.00	— 30900.00
XI. —	— 21300.00	— 28500.00
XII. —	— 18900.00	— 26100.00
XIII. —	— 18900.00	— 23700.00
XIV. —	— 16500.00	— 21300.00
XV. —	— 12900.00	— 18900.00

2. gr.

Laun samkvæmt VII.—XV. launaflokki hækka á 4 árum úr byrjunarlaunum í hámarkslaun með jöfnum fjárhæðum árlega.

Þegar aldurshækkanir eru ákveðnar, er heimilt, ef sérstaklega stendur á og með samþykki fjármálaráðherra, að taka tillit til starfsaldurs hlutaðeigandi starfsmanns við sams konar störf, þótt eigi hafi verið unnin í þjónustu ríkisins.

Ritarar, sem í lögunum er skipað í XIV.—XIII. launafl., skulu, er þeir hafa náð hámarkslaunum í XIV. flokki, færast í XIII. flokk og taka þar þau laun, sem næst eru ofan við hámarkslaun XIV. flokks, og síðan aldurshækkanir, unz hámarki er náð.

3. gr.

Starfsmönnum þeim, er lög þessi taka til, skal skipað í launaflokka svo sem segir í 4.—20. gr.

4. gr.

Æðsta stjórn landsins.

I.	Laun forseta Íslands eru ákveðin með sérstökum lögum.	
II.	Forsetaskrifstofan:	
	1. Forsetaritari	VI. launafl.
	2. Ritari	XIV.—XIII. —
	3. Bifreiðarstjóri	XI. —
III.	Bústjóri á Bessastöðum	IX. —

5. gr.

Alþingi.

1.	Skrifstofustjóri	III. launafl.
2.	Fulltrúi I. stigs	VI. —

3. Fulltrúi II. stigs	VII.	launafl.
4. Húsvörður	XII.	—

6. gr.

Stjórnarráðið, ásamt ríkisbókhaldi og ríkisfjárhirzlu.

I. Stjórnarráðið:		
A. Ráðherrar	I.	launafl.
B. Ráðuneytisstjórar (en það nafn kemur framvegis í stað embættisheitisins skrifstofustjóri)	III.	—
C. Aðrir starfsmenn:		
a. Ráðuneytin:		
1. Deildarstjórar	V.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4. Bókarar	X.	—
5. Húsverðir	XII.	—
6. Bifreiðarstjórar	XI.	—
7. Aðstoðardyraverðir	XIII.	—
8. Ritarar og símastúlkur	XIV.—XIII.	—
Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar en þeir, sem starfað hafa í ráðuneytunum a. m. k. 10 ár.		
b. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.		
1. Ríkisendurskoðandi (en það nafn kemur framvegis í stað embættisheitisins aðalendurskoðandi)	III.	—
2. Endurskoðendur	VI.	—
3. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
4. Fulltrúar II. stigs	VIII.	—
5. Bókarar	X.	—
6. Ritarar	XIV.—XIII	—
Eigi mega aðrir taka laun sem endurskoðendur en þeir, sem lokið hafa sérstöku prófi í endurskoðun.		
II. Ríkisbókhald:		
1. Ríkisbókari	IV.	—
2. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
3. Fulltrúar II. stigs	VIII.	—
4. Bókarar	X.	—
5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III. Ríkisfjárhirzla:		
1. Ríkisféhirðir	IV.	—
2. Féhirðir	VII.	—
3. Skiptimyntarféhirðir	X.	—
4. Ritarar	XIV.—XIII.	—

7. gr.

Utanríkisþjónustan.

1. Sendiherrar	IV.	launafl.
2. Sendifulltrúar og aðalræðismenn	VI.	—
3. Sendiráðsritarar I. stigs og ræðismenn	VII.	—
4. Sendiráðsritarar II. stigs og vararæðismenn	VIII.	—
5. Ritarar	XIV.—XIII.	—

8. gr.

Hagstofa Íslands.

1.	Hagstofustjóri	III.	launafl.
2.	Deildarstjóri	V.	—
3.	Fulltrúar I. stigs	VI.	—
4.	Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5.	Umsjónarmaður með skýrslusöfnun	IX.	—
6.	Bókarar	X.	—
7.	Ritarar	XIV.—XIII.	—

Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar en þeir, sem starfað hafa í Hagstofu Íslands a. m. k. 10 ár.

9. gr.

Dómgæzla og lögreglustjórn.

I.	Hæstiréttur:		
1.	Dómarar	I.	launafl.
2.	Hæstaréttarritari	V.	—
3.	Ritari	XIV.—XIII.	—
4.	Dóm- og skjalavörður	X.	—
II.	Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
1.	Borgardómari	III.	—
2.	Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3.	Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4.	Bókari	XI.	—
5.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
III.	Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
1.	Borgarfógeti	IV.	—
2.	Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3.	Fulltrúar II. stigs	VII.	—
4.	Firmaskrásetjari	X.	—
5.	Féhirðir	X.	—
6.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
7.	Bifreiðarstjóri	XI.	—
IV.	Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
1.	Sakadómari	III.	—
2.	Fulltrúar I. stigs	VI.	—
3.	Skrifstofustjóri	VI.	—
4.	Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5.	Bókari	X.	—
6.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
V.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
1.	Lögreglustjóri	III.	—
2.	Fulltrúi I. stigs (1) eftir 10 ára starf	VI.	—
3.	Skrifstofustjóri	VI.	—
4.	Fulltrúar II. stigs	VII.	—
5.	Bókari	X.	—
6.	Húsvörður	XII.	—
7.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
	Útlendingaeftirlitið:		
1.	Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
2.	Fulltrúar II. stigs	IX.	—
3.	Eftirlitsmenn	X.	—
	Bifreiðaeftirlitið:		
1.	Yfireftirlitsmaður	VII.	—
2.	Fulltrúi í Reykjavík, á Akureyri og í Vesturlandsumdæmi	IX.	—
3.	Eftirlitsmenn	X.	—

VI.	Bæjarfógetar, sýslumenn og lögreglustjórar utan Reykjavíkur:		
	1. Bæjarfógetar, sýslumenn og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	VI.	launafl.
	2. Aðrir lögreglustjórar	IX.	—
VII.	Starfsmenn sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra:		
	1. Fulltrúar I. stigs hjá bæjarfógetanum á Akureyri, í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum	VI.	—
	2. Fulltrúar I. stigs, aðrir	VII.	—
	3. Féhirðar hjá bæjarfógetanum á Akureyri, í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum	VIII.	—
	4. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	5. Sýsluskrifarar og bókarar	X.	—
	6. Innheimtumenn	XI.	—
	7. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	Eigi mega aðrir taka laun sem I. stigs fulltrúar við embætti þau, sem talin eru í II., III., IV. og VII.,1 hér á undan, en þeir, sem samkvæmt úrskurði dómsmálaráðherra hafa dómstörf að aðalstarfi og hafa gegnt slíku starfi a. m. k. í 10 ár.		
VIII.	Ríkislögreglan:		
	1. Yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli	VII.	—
	2. Varðstjórar á Keflavíkurflugvelli	VIII.	—
	3. Ríkislögregluþjónar	X.	—
IX.	Landhelgisgæzlan:		
	1. Forstjóri	III.	—
X.	Hegningarhús og vinnuhæli:		
	1. Yfirfangaverðir í Reykjavík og á Litla-Hrauni	IX.	—
	2. Fangaverðir	X.	—
	3. Bryti á Litla-Hrauni	X.	—

10. gr.

Opinbert eftirlit.

I.	Skipaskoðun ríkisins:		
	1. Skipaskoðunarstjóri	V.	launafl.
	2. Skoðunarmenn	X.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
II.	Öryggiseftirlit:		
	1. Öryggismálastjóri	V.	—
	2. Öryggiseftirlitsmaður	VI.	—
	3. Skoðunarmenn	X.	—
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—
III.	Löggildingarstofan:		
	1. Forstöðumaður	VIII.	—
	2. Viðgerðar- og eftirlitsmenn	XI.	—
IV.	Eftirlit með skipulagi bæja og kauptúna:		
	1. Skipulagsstjóri	IV.	—
	2. Húsameistarar I. stigs (arkitektar)	VI.	—
	3. Húsameistarar II. stigs (arkitektar)	VIII.	—
	4. Yfirteiknari	IX.	—
	5. Aðstoðarteiknari	XIV.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—
V.	Afurðamat:		
	a. Fiskmat:		
	1. Fiskmatsstjóri	V.	—
	2. Yfirfiskmatsmenn	IX.	—

	3. Bókari	X.	launafl.
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—
	b. Síldarmat:		
	1. Síldarmatsstjóri	IX.	—
VI.	Eftirlit með sparisjóðum:		
	1. Eftirlitsmaður	XII.	—
VII.	Þjóðgarðsvörður	X.	—
VIII.	Mjólkureftirlitsmaður	VII.	—

11. gr.

Toll- og skattheimta.

I.	Tollstjóraembættið í Reykjavík:		
	A. Skrifstofan:		
	1. Tollstjóri	IV.	launafl.
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Deildarstjórar í tollheimtu- og skattheimtudeildum	VI.	—
	4. Aðalféhirðir	VII.	—
	5. Aðalbókari	VII.	—
	6. Fulltrúar I. stigs	VII.	—
	7. Aðstoðarféhirðir	VIII.	—
	8. Aðalskatt- og aðaltollritarar	VIII.	—
	9. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	10. Toll- og skattritarar I. stigs	X.	—
	11. Toll- og skattritarar II. stigs og innheimtumenn	XI.	—
	12. Toll- og skattritarar III. stigs	XII.	—
	13. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	B. Tollgæzlan:		
	1. Tollgæzlustjóri	VI.	—
	2. Fulltrúi við tollgæzlu	VII.	—
	3. Yfirtollverðir	VIII.	—
	4. Varðstjórar	IX.	—
	5. Tollverðir	X.	—
II.	Tollgæzlan utan Reykjavíkur:		
	1. Yfirtollverðir	IX.	—
	2. Tollverðir	X.	—
III.	Ríkisskattanefnd:		
	1. Skrifstofustjóri	VI.	—
	2. Fulltrúar	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
IV.	Skattstofan í Reykjavík:		
	1. Skattstjóri	IV.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Deildarstjórar	VII.	—
	4. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
	5. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	6. Bókarar I. stigs	X.	—
	7. Bókarar II. stigs	XI.	—
	8. Ritarar	XIV.—XIII.	—
V.	Skattstofur utan Reykjavíkur:		
	1. Skattstjórar	VI.	—
	2. Fulltrúar	IX.	—
	3. Ritarar	XIV.—XIII.	—

12. gr.

Heilbrigðismál.

I.	Landlæknisembættið:		
	1. Landlæknir	III.	launafl.
	2. Landlæknisritari	VII.	—
II.	Berklavarnir:		
	1. Berklayfirlæknir	IV.	—
	2. Aðstoðarlæknar	V.	—
III.	Læknar:		
	1. Yfirlæknar á ríkisspítölunum á Kleppi, Vífilsstöðum, Kristnesi og Landspítala, sem ekki eru jafnframt kennarar við háskólann	IV.	—
	2. Forstöðumaður Blóðbankans	IV.	—
	3. Yfirlæknir við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur	IV.	—
	4. Héraðslæknirinn á Akureyri	V.	—
	5. Héraðslæknar, aðrir	VI., VII. og X.	—
	6. Aðstoðarlæknar, sbr. lög nr. 16/1955, 5. gr.	VII.	—

Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka, sbr. III., 5. hér að framan, og skal við þá flokkun einkum farið eftir fólksfjölda, samgöngum og þéttbýli með hliðsjón af því, hvar erfiðast hefur reynzt að fá lækna í héruðin.

Reglugerð þessa skal endurskoða á fimm ára fresti.

IV.	Ríkisspítalarnir:		
	A. Skrifstofa ríkisspítalanna:		
	1. Framkvæmdastjóri	VI.	—
	2. Fulltrúi	VIII.	—
	3. Féhirðir	VIII.	—
	4. Aðalbókari	VIII.	—
	5. Bókarar	X.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	B. Landspítali:		
	1. Deildarlæknar	V.	—
	2. Aðstoðarlæknar	VII.	—
	3. Forstöðukona	VII.	—
	4. Aðstoðarforstöðukona	VIII.	—
	5. Deildarhjúkrunarkonur í sjúkradeildum og skurðstofu	IX.	—
	6. Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
	7. Ráðskona	VIII.	—
	8. Aðstoðarráðskona	XI.	—
	9. Umsjónarmaður	IX.	—
	10. Nuddkona	X.	—
	11. Rannsóknarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
	12. Vélgæzlumenn	XI.	—
	13. Viðgerðarmaður	XI.	—
	Röntgendeild:		
	1. Deildarhjúkrunarkona	IX.	—
	2. Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
	3. Röntgenkonur	XI.	—
	4. Bókari	XI.	—
	5. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	6. Aðstoðarstúlkur	XIV.	—

	Fæðingardeild:		
1.	Deildarlæknir	VI.	launafl.
2.	Aðstoðarlæknar	VII.	—
3.	Yfirljósmóðir	VIII.	—
4.	Deildarhjúkrunarkonur (þar með talin skurðstofa)	IX.	—
5.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
6.	Aðstoðarljósmæður	XI.	—
7.	Vélgæzlumaður og viðgerðarmaður	XI.	—
	Hjúkrunarkvennaskólinn:		
1.	Skólastjóri	VI.	—
2.	Kennarar	VIII.	—
	Þvottahús Landspítalans:		
1.	Þvottaráðskona	IX.	—
2.	Vélgæzlumenn, þvottamenn og bifreiðarstjóri	XI.	—
C.	Vífilsstaðahæli:		
1.	Deildarlæknir	V.	—
2.	Aðstoðarlæknir	VII.	—
3.	Forstöðukona	VIII.	—
4.	Deildarhjúkrunarkonur	IX.	—
5.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
6.	Ráðskona	IX.	—
7.	Bústjóri	IX.	—
8.	Vélgæzlumenn, viðgerðarmenn og bifreiðarstjórar	XI.	—
9.	Vinnumenn	XII.	—
D.	Kleppsspítali:		
1.	Deildarlæknir	V.	—
2.	Aðstoðarlæknir	VII.	—
3.	Forstöðukona	VII.	—
4.	Aðstoðarforstöðukona	VIII.	—
5.	Deildarhjúkrunarkonur	IX.	—
6.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
7.	Sjúkrakennarar	IX.	—
8.	Ráðskona	IX.	—
9.	Bústjóri	IX.	—
10.	Vélgæzlumenn, viðgerðarmenn, bifreiðarstjóri, umsjónar- og hjúkrunarmaður	XI.	—
11.	Hjúkrunarmenn	XII.	—
E.	Kristneshæli:		
1.	Deildarlæknir	V.	—
2.	Forstöðukona	VIII.	—
3.	Deildarhjúkrunarkonur	IX.	—
4.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
5.	Ráðskona	IX.	—
6.	Ráðsmaður	VIII.	—
7.	Vélgæzlumaður og bifreiðarstjóri	XI.	—
8.	Vinnumaður	XII.	—
F.	Fávitahælið í Kópavogi:		
1.	Forstöðukona	VIII.	—
2.	Deildarhjúkrunarkonur	IX.	—
3.	Aðstoðarhjúkrunarkonur	XI.—X.	—
4.	Hjúkrunarmenn	XII.	—
5.	Kennarar	IX.	—

6. Matráðskona	X.	launafl.
7. Vélgæzlu- og viðgerðamaður	XI.	—

Aðstoðarhjúkrunarkonur og rannsóknarkonur skulu eftir 5 ára starf færast úr XI. launaflokki í X. launaflokk.

13. gr.

Samgöngur.

I. Vegamálaskrifstofan:		
1. Vegamálastjóri	III.	launafl.
2. Yfirverkfræðingur	V.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Verkfræðingar	VI.	—
5. Landmælingamenn	VII.	—
6. Féhirðir	VIII.	—
7. Bókarar I. stigs	X.	—
8. Bókarar II. stigs	XI.	—
9. Teiknari	X.	—
10. Ritarar	XIV.—XIII.	—
11. Verkstjórar	X.	—
12. Efnisvörður	IX.	—
II. Vita- og hafnamálaskrifstofan:		
1. Vita- og hafnamálastjóri	III.	—
2. Yfirverkfræðingur	V.	—
3. Skrifstofustjóri	VI.	—
4. Verkfræðingar	VI.	—
5. Viðgerðamaður	IX.	—
6. Sjómælingamenn	VII.	—
7. Féhirðir	VIII.	—
8. Teiknari	X.	—
9. Bókari I. stigs	X.	—
10. Bókari II. stigs	XI.	—
11. Verkstjóri	X.	—
12. Efnisvörður	IX.	—
13. Kafari	XI.	—
14. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III. Skipaútgerð ríkisins:		
1. Forstjóri	III.	—
2. Skrifstofustjóri	VI.	—
3. Aðalbókari	VII.	—
4. Aðalféhirðir	VII.	—
5. Fulltrúi	VIII.	—
6. Vélaráðunautur	VIII.	—
7. Innkaupastjóri	IX.	—
8. Afgreiðslustjóri	IX.	—
9. Bókari I. stigs	X.	—
10. Bókari II. stigs	XI.	—
11. Ritarar	XIV.—XIII.	—
IV. Flugþjónustan:		
1. Flugmálastjóri	III.	—
2. Flugvallarstjóri á Reykjavíkurflugvelli	V.	—
3. Framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits	V.	—
4. Framkvæmdastjóri flugöryggisþjónustu	V.	—
5. Flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli	V.	—
6. Deildarstjóri ICAO	VI.	—

7.	Fulltrúi á Keflavíkurflugvelli	VIII.	launafl.
8.	Aðalbókari	VIII.	—
9.	Aðalgjaldkeri	VIII.	—
10.	Loftferðaeftirlitsmaður	IX.	—
11.	Bókarar	X.	—
12.	Gjaldkeri á Keflavíkurflugvelli	IX.	—
13.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
	Flugumferðarstjórn:		
1.	Yfirflugumferðarstjórar í Reykjavík og Keflavík	VI.	—
2.	Varðstjórar	VII.	—
3.	Flugumferðarstjórar	VIII.	—
4.	Aðstoðarflugumferðarstjórar	IX.	—
	Flugumsjón á Keflavíkurflugvelli:		
1.	Yfirflugumsjónarmaður	VI.	—
2.	Varðstjórar	VII.	—
3.	Flugumsjónarmenn	VIII.	—
4.	Aðstoðarflugumsjónarmenn	IX.	—
	Flugvélaafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli:		
1.	Deildarstjóri	VI.	—
2.	Varðstjórar	VIII.	—
3.	Hleðslustjórar	IX.	—
4.	Afgreiðslumenn	XI.	—
5.	Eftirlitsmaður með áhöldum	IX.	—
	Aðrir starfsmenn:		
1.	Yfirverkstjóri radioverkstæðis	VIII.	—
2.	Radioviðgerðarmenn	X.	—
3.	Yfirverkstjóri	VIII.	—
4.	Birgðavörður	IX.	—
5.	Slökkviliðsstjóri	VIII.	—
6.	Aðstoðarslökkviliðsstjóri	IX.	—
7.	Slökkviliðsmenn	X.	—
8.	Gæzlumaður flughafna	VIII.	—
9.	Vinnuvélastjóri	IX.	—
10.	Bifreiðarstjóri	XI.	—
V.	Ferðaskrifstofa ríkisins:		
A.	Aðalskrifstofan:		
1.	Forstjóri	V.	—
2.	Skrifstofustjóri	VII.	—
3.	Fulltrúar	VIII.	—
4.	Bókari	X.	—
5.	Ritari	XIV.—XIII.	—
B.	Minjagripaverzlanir:		
1.	Verzlunarstjóri	VII.	—
2.	Sölumaður	X.	—
3.	Afgreiðslumenn	XIII.	—

14. gr.

Kirkju- og kennslumál.

A.	Kirkjumál:		
I.	Biskupsembættið:		
1.	Biskup Íslands	III.	launafl.
2.	Biskupsritari og söngmálastjóri	VI.	—
3.	Ritari	XIV.—XIII.	—

II. Prestar:
1. Vígslubiskupar ..... VI. launafl.
2. Sóknarprestar ..... VIII.—VII. —

Kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups og Prestafélags Íslands, reglugerð um skiptingu prestakalla í tvo flokka með hliðsjón af aukatekjum embættanna.

Nú er sóknarprestur skipaður prófastur, og skal hann þá færast upp um einn launaflokk.

B. Kennslumál:
I. Háskóli Íslands:
1. Prófessorar, sem jafnframt eru yfirlæknar við ríkissjúkrahús eða veita forstöðu Rannsóknarstofu háskólans II. launafl.
2. Rektor háskólans ..... III. —
3. Prófessorar ..... IV. —
4. Dósentar og háskólabókavörður ..... V. —
5. Háskólaritari ..... VI. —
6. Íþróttakennari ..... VIII. —
7. Húsvörður ..... XII. —
II. Fræðslumálaskrifstofan:
1. Fræðslumálastjóri ..... III. —
2. Íþróttafulltrúi ..... VII. —
3. Bókafulltrúi ..... VII. —
4. Fulltrúar ..... VII. —
5. Féhirðir ..... VIII. —
6. Ritarar ..... XIV.—XIII. —
III. Námsstjórar ..... VI. —
IV. Eftirlitsmaður með fjármálum skóla ..... V. —
V. Menntaskólar:
1. Rektor Menntaskólans í Reykjavík og skólameistarar við menntaskólana á Akureyri og Laugarvatni ..... V. —
2. Yfirkennarar ..... VI. —
3. Kennarar ..... VII. —
4. Húsverðir ..... XII. —
VI. Kennaraskólinn:
1. Skólastjóri ..... V. —
2. Kennarar ..... VII. —
VII. Stýrimannaskólinn og vélskólinn:
1. Skólastjórar ..... VI. —
2. Kennarar ..... VIII. —
3. Húsvörður í sjómannaskólahúsi ..... XII. —
VIII. Búnaðarskólar:
1. Skólastjóri ..... VI. —
2. Kennarar ..... VIII. —
IX. Garðyrkjuskólinn að Reykjum:
1. Skólastjóri ..... VI. —
2. Kennarar ..... VIII. —
X. Gagnfræðaskólar:
A. Skólastjórar:
1. Við skóla með fleiri en 200 nemendur ..... VI. —
2. — — — 125—200 nemendur ..... VII. —
3. — — — færri en 125 nemendur ..... VIII. —
4. — héraðsgagnfræðaskóla með fleiri en 75 nemendur VI. —
5. — — með færri en 75 nemendur ..... VII. —
B. Kennarar ..... VIII. —

XI.	Iðnskólar:		
	A. Skólastjórar:		
	1. Við skóla með fleiri en 200 nemendur	VI.	launafl.
	2. — — — 125—200 nemendur	VII.	—
	3. — — — færri en 125 nemendur	VIII.	—
	B. Kennarar	VIII.	—
XII.	Matsveina- og veitingaþjónaskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennarar	IX.	—
XIII.	Húsmæðrakennaraskólinn:		
	1. Skólastjóri	VI.	—
	2. Kennarar	VIII.	—
XIV.	Húsmæðraskólar:		
	1. Skólastjórar	VIII.	—
	2. Kennarar	IX.	—
XV.	Íþróttakennaraskólinn:		
	1. Skólastjóri	VI.	—
	2. Kennarar	VIII.	—
XVI.	Heyrnar- og málleysingjaskólinn:		
	1. Skólastjóri	VII.	—
	2. Kennarar	VIII.	—
XVII.	Barnafræðslan:		
	A. Skólastjórar við barnaskóla:		
	1. Við skóla með fleiri en 20 kennara	VI.	—
	2. — — með 10—20 kennara	VII.	—
	3. — — með færri en 10 kennara og heimavistarbarnaskólastjórar	VIII.	—
	B. Barnakennarar	IX.	—

Skólastjórar skulu þegar taka hámarkslaun, þrátt fyrir ákvæði 2. gr.

Farkennarar, sem ekki hafa kennararéttindi, fá ¾ af launum annarra barnakennara miðað við jafnlangan starfstíma.

Af launum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði ⅙ hluti úr bæjarsjóði og ½ hluti úr sveitarsjóði hlutaðeigandi skólahverfis.

15. gr.

Listir og vísindi.

I.	Þjóðleikhúsið:		
	1. Þjóðleikhússtjóri	IV.	launafl.
	2. Skrifstofustjóri	VII.	—
	3. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður	XII.	—
II.	Landsbókasafnið:		
	1. Landsbókavörður	V.	—
	2. Bókaverðir	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður safnahúss	XII.	—
III.	Þjóðskjalasafnið:		
	1. Þjóðskjalavörður	V.	—
	2. Skjalaverðir	VII.	—
IV.	Þjóðminjasafnið:		
	1. Þjóðminjavörður	V.	—
	2. Minjaverðir	VII.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
	4. Húsvörður	XII.	—

V.	Listasafn ríkisins:		
	1. Safnvörður	VII.	launafl.
VI.	Náttúrugripasafnið:		
	1. Forstöðumaður	V.	—
	2. Deildarstjórar og sérfræðingar	VI.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
VII.	Atvinnudeild háskólans:		
	1. Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs	V.	—
	2. Deildarstjórar	V.	—
	3. Sérfræðingar	VI.	—
	4. Skrifstofustjóri	VII.	—
	5. Sérhæfir aðstoðarmenn	VIII.	—
	6. Viðgerðarmaður	IX.	—
	7. Aðstoðarmenn I. stigs	X.	—
	8. Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
	9. Ritarar	XIV.—XIII.	—
VIII.	Rannsóknarstofa háskólans:		
	1. Læknar	V.	—
	2. Vefjarannsóknarmaður	VIII.	—
	3. Sýklarannsóknarmaður	VIII.	—
	4. Aðstoðarmenn I. stigs	X.	—
	5. Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
IX.	Tilraunastöðin á Keldum:		
	1. Forstöðumaður	IV.	—
	2. Dýralæknir	VI.	—
	3. Efnafræðingur	VI.	—
	4. Vefjarannsóknarmaður	VIII.	—
	5. Aðstoðarmenn I. stigs	X.	—
	6. Ráðsmaður	X.	—
	7. Aðstoðarmenn II. stigs	XIII.	—
	8. Bókari	XI.	—
X.	Veðurstofan:		
	1. Veðurstofustjóri	IV.	—
	2. Skrifstofustjóri	VII.	—
	3. Bókari	X.	—
	4. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	Deild Veðurstofunnar á Reykjavíkurflugvelli:		
	1. Deildarstjóri	V.	—
	2. Veðurfræðingar I. stigs	VI.	—
	3. Veðurfræðingar II. stigs	VII.	—
	4. Aðstoðarmenn	X.	—
	Deild Veðurstofunnar á Keflavíkurflugvelli:		
	1. Deildarstjóri	V.	—
	2. Veðurfræðingar I. stigs	VI.	—
	3. Veðurfræðingar II. stigs	VII.	—
	4. Aðstoðarmenn	X.	—
	5. Varðstjóri í háloftastöð	IX.	—
	6. Háloftaathugunarmenn	IX.	—
	Loftskeytadeild:		
	1. Yfirvarðstjóri	VIII.	—
	2. Varðstjórar	IX.	—
	3. Loftskeytamenn	X.	—

	Veðurfarsdeild:		
1.	Deildarstjóri	VI.	launafl.
2.	Aðstoðarmenn	X.	—
	Áhaldadeild:		
1.	Deildarstjóri	VI.	—
2.	Viðgerðarmaður	IX.	—
	Jarðeðlisfræðideild:		
1.	Jarðskjálftafræðingur	VI.	—

Eigi skulu aðrir taka laun sem I. stigs veðurfræðingar en þeir, sem lokið hafa embættisprófi í veðurfræði við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi.

Veðurfræðingar II. stigs flytjast á I. stig eftir 5 ára starf.

Heimilt er að flytja þá veðurfræðinga, sem við gildistöku laga þessara gegna störfum, á I. stig, þegar þeir hafa starfað í þjónustu Veðurstofunnar í 5 ár.

XI.	Skrifstofa húsameistara:		
1.	Húsameistari ríkisins	III.	—
2.	Húsameistarar I. stigs og byggingameistari	VI.	—
3.	Húsameistarar II. stigs	VIII.	—
4.	Skrifstofustjóri, sem jafnframt er féhirðir	VII.	—
5.	Ritari	XIV.—XIII.	—

16. gr.

Landbúnaðarmál.

I.	Sandgræðsla ríkisins:		
1.	Sandgræðslustjóri	VI.	launafl.
II.	Skógrækt ríkisins:		
1.	Skógræktarstjóri	V.	—
2.	Fulltrúi	VII.	—
3.	Skógarverðir	X.	—
4.	Ritari	XIV.—XIII.	—
III.	Stjórn veiðimála:		
1.	Veiðimálastjóri	V.	—
2.	Aðstoðarmaður	X.	—
IV.	Dýralæknar:		
1.	Yfirdýralæknir	V.	—
2.	Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi	X.	—
3.	Borgarfjarðarumdæmi	VIII.	—
4.	Dalaumdæmi	VII.	—
5.	Ísafjarðarumdæmi	VII.	—
6.	Húnaþingsumdæmi	VIII.	—
7.	Skagafjarðarumdæmi	VIII.	—
8.	Eyjafjarðarumdæmi	X.	—
9.	Þingeyjarþingsumdæmi	VIII.	—
10.	Austurlandsumdæmi	VIII.	—
11.	Rangárvallaumdæmi	X.	—
12.	Selfossumdæmi	X.	—
13.	Laugarásumdæmi	VIII.	—
V.	Sauðfjárveikivarnir:		
A.	Skrifstofan:		
1.	Framkvæmdastjóri	VI.	—
2.	Skrifstofustjóri	VIII.	—

B.	Rannsóknir:		
	1. Læknir	IV.	launafl.
	2. Sýklarannsóknarmaður	VIII.	—
	3. Aðstoðarmaður	XIII.	—
VI.	Tilraunastjórar	VII.	—

17. gr.

Raforkumál.

I.	Raforkumálaskrifstofan:		
	1. Raforkumálastjóri	III.	launafl.
	2. Yfirverkfræðingur	V.	—
	3. Skrifstofustjóri	VI.	—
	4. Verkfræðingar	VI.	—
	5. Hagfræðingur	VII.	—
	6. Landmælingamaður	VII.	—
	7. Vatnamælingamaður	VII.	—
	8. Féhirðir	VIII.	—
	9. Aðalbókari	VIII.	—
	10. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
	11. Rafvirkjar	X.	—
	12. Bókarar I. stigs	X.	—
	13. Yfirteiknari	IX.	—
	14. Teiknarar I. stigs	X.	—
	15. Bókarar II. stigs	XI.	—
	16. Teiknarar II. stigs	XII.	—
	17. Ritarar	XIV.—XIII.	—
II.	Rafmagnsveitur ríkisins:		
	1. Rafmagnsveitustjóri	IV.	—
	2. Yfirverkfræðingur	V.	—
	3. Deildarstjórar	VI.	—
	4. Verkfræðingar	VI.	—
	5. Rafveitustjórar	VII.	—
	6. Iðnfræðingar	VII.	—
	7. Yfirvélstjórar	VIII.	—
	8. Aðalverkstjóri	VIII.	—
	9. Vélstjórar	IX.	—
	10. Rafgæzlumenn	IX.	—
	11. Birgðavörður	IX.	—
	12. Verkstjórar, faglærðir	IX.	—
	13. Rafvirkjar	X.	—
	14. Verkstjórar	X.	—
	15. Teiknarar I. stigs	X.	—
	16. Vélaverðir	XI.	—
	17. Teiknarar II. stigs	XII.	—
	18. Aðstoðarvélaverðir	XII.	—
	19. Bifreiðarstjórar	XI.	—
	20. Línumenn I. stigs	XI.	—
	21. Línumenn II. stigs	XII.	—
III.	Jarðboranir ríkisins:		
	1. Yfirverkfræðingur	V.	—
	2. Verkfræðingar	VI.	—
IV.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	1. Rafmagnseftirlitsstjóri	V.	—
	2. Verkfræðingur	VI.	—

3.	Eftirlitsmenn	IX.	launafl.
4.	Raffangaprófari	IX.	—
5.	Bókari	X.	—
6.	Ritari	XIV.—XIII.	—

18. gr.

Póstur og sími.

I.	Póst- og símamálastjóri	II.	launafl.
II.	Póstmálaskrifstofan:		
1.	Forstöðumaður	V.	—
2.	Póstmálafulltrúi	VII.	—
3.	Aðalbókari	VII.	—
4.	Fulltrúar	VIII.	—
5.	Bókarar	X.	—
6.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
III.	Póststofan í Reykjavík:		
1.	Póstmeistari	VI.	—
2.	Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
3.	Fulltrúar II. stigs	IX.	—
4.	Póstafgreiðslumenn	X.	—
5.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
6.	Bifreiðarstjórar	XI.	—
7.	Bréfberar	XII.	—
8.	Húsvörður	XII.	—
IV.	Póststofan á Akureyri:		
1.	Póstmeistari	VII.	—
2.	Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
3.	Fulltrúar II. stigs	IX.	—
4.	Póstafgreiðslumenn	X.	—
5.	Bréfberar	XII.	—
V.	Landssíminn:		
A.	Símarekstrardeild:		
1.	Forstöðumaður	V.	—
2.	Aðalbókari	VII.	—
3.	Aðalféhirðir	VII.	—
4.	Deildarstjórar	VII.	—
5.	Eftirlitsmaður radiostöðva	VIII.	—
6.	Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
7.	Fulltrúar II. stigs	IX.	—
8.	Bókarar I. stigs	X.	—
9.	Bókarar II. stigs	XI.	—
10.	Ritarar	XIV.—XIII.	—
B.	Símatæknideild:		
1.	Yfirverkfræðingur	V.	—
2.	Verkfræðingar	VI.	—
3.	Símafræðingar	VII.	—
4.	Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
5.	Fulltrúar II. stigs	IX.	—
6.	Yfirteiknari	IX.	—
7.	Símvirkjar	X.—IX.	—
8.	Teiknari I. stigs	X.	—
9.	Teiknari II. stigs	XII.	—
10.	Ritarar	XIV.—XIII.	—

C.	Ritsíminn:		
	1. Ritsímastjórinn í Reykjavík	VI.	launafl.
	2. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
	3. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	4. Bókarar I. stigs	X.	—
	5. Bókarar II. stigs	XI.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	7. Yfirvarðstjórar	VIII.	—
	8. Varðstjórar	IX.—VIII.	—
	9. Símritarar	X.—IX.	—
	10. Skeytaskrásetjarar	XI.	—
	11. Fjarritarar	XIII.	—
	12. Talsímakonur	XIII.—XII.	—
	13. Yfir-sendimenn	XI.	—
	14. Sendimenn	XII.	—
D.	Langlínumiðstöð:		
	1. Yfirvarðstjórar	X.	—
	2. Varðstjórar	XII.—XI.	—
	3. Eftirlitsstúlkur	XI.	—
	4. Talsímakonur	XIII.—XII.	—
E.	Bæjarsíminn í Reykjavík:		
	1. Bæjarsímastjóri	VI.	—
	2. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
	3. Fulltrúar II. stigs	IX.	—
	4. Innheimtuféhirðir	VIII.	—
	5. Umsjónarmaður sjálfvirkra stöðva	VII.	—
	6. Símafræðingur	VII.	—
	7. Símvirkjaverkstjórar	IX.—VIII.	—
	8. Teiknari I. stigs	X.	—
	9. Símvirkjar	X.—IX.	—
	10. Bókarar I. stigs	X.	—
	11. Línuverkstjórar	X.	—
	12. Teiknarar II. stigs	XII.	—
	13. Efnisvörður	X.	—
	14. Iðnaðarmenn I. stigs	X.	—
	15. Aðstoðarféhirðar	X.	—
	16. Næturvörður	XI.	—
	17. Línumenn	XI.	—
	18. Stöðvargæzlumenn	XII.	—
	19. Ritarar	XIV.—XIII.	—
F.	Birgðahúsið:		
	1. Birgðastjóri	VII.	—
	2. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
	3. Fulltrúi II. stigs	IX.	—
	4. Efnisverðir	IX.	—
	5. Umsjónarmaður bifreiða	X.	—
	6. Bókari	X.	—
	7. Afgreiðslumenn	XII.	—
G.	Radioverkstæðið:		
	1. Verkstjóri	IX.—VIII.	—
	2. Símvirkjar	X.—IX.	—
	3. Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—

H.	Skiptiborðaverkstæðið:		
	1. Verkstjóri	IX.—VIII.	launafl.
	2. Símvirkjar	X.—IX.	—
	3. Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—
I.	Ritsímaverkstæðið:		
	1. Verkstjóri	IX.—VIII.	—
	2. Símvirkjar	X.—IX.	—
	3. Iðnaðarmenn II. stigs	XII.	—
J.	Viðhald síma:		
	1. Fulltrúar I. stigs	VIII.	—
	2. Símvirkjaverkstjórar	IX.—VIII.	—
	3. Línuverkstjórar	X.	—
	4. Símvirkjar	X.—IX.	—
	5. Línumenn	XI.	—
K.	Landssímahúsið:		
	1. Húsvörður	XII.	—
L.	Radiostöðvarnar:		
	1. Stöðvarstjóri stuttbylgjustöðvarinnar í Gufunesi	VIII.	—
	2. — loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík	VIII.	—
	3. — sendistöðvarinnar á Rjúpnahæð	VIII.	—
	4. — sendistöðvarinnar á Vatnsendahæð	VIII.	—
	5. — Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli	VIII.	—
	6. Varðstjórar	IX.—VIII.	—
	7. Símritarar	X.—IX.	—
	8. Loftskeytamenn	X.	—
	9. Símvirkjar	X.—IX.	—
	10. Tækjagæzlumenn	XI.	—
	11. Tímaverðir Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli	XII.	—
	12. Fjarritarar	XIII.	—
M.	Umdæmisstöðin á Akureyri:		
	1. Umdæmisstjóri	VII.	—
	2. Fulltrúi	VIII.	—
	3. Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
	4. Símvirkjaverkstjóri	IX.—VIII.	—
	5. Langlínuvarðstjórar	XII.—XI.	—
	6. Símritarar	X.—IX.	—
	7. Bókari	X.	—
	8. Símvirki	X.—IX.	—
	9. Línumaður	XI.	—
	10. Talsímakonur	XIII.—XII.	—
	11. Ritarar	XIV.—XIII.	—
N.	Umdæmisstöðin í Hrútafirði:		
	1. Umdæmisstjóri	VII.	—
	2. Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
	3. Símvirkjaverkstjóri	IX.—VIII.	—
	4. Línumaður	XI.	—
	5. Talsímakonur	XIII.—XII.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—
O.	Umdæmisstöðin á Ísafirði:		
	1. Umdæmisstjóri	VII.	—
	2. Fulltrúi	IX.	—
	3. Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
	4. Símvirkjaverkstjóri	IX.—VIII.	—

5.	Símritarar	X.—IX.	launafl.
6.	Langlínuvarðstjórar	XII.—XI.	—
7.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
P.	Umdæmisstöðin á Seyðisfirði:		
1.	Umdæmisstjóri	VII.	—
2.	Fulltrúi	IX.	—
3.	Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
4.	Símvirki	X.—IX.	—
5.	Símritarar	X.—IX.	—
6.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
R.	Umdæmisstöðin á Siglufirði:		
1.	Umdæmisstjóri	VII.	—
2.	Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
3.	Símritarar	X.—IX.	—
4.	Símvirki	X.—IX.	—
5.	Bókari	X.	—
6.	Langlínuvarðstjóri	XII.—XI.	—
7.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
S.	Vestmannaeyjar:		
1.	Póst- og símstöðvarstjóri	VII.	—
2.	Ritsímavarðstjóri	IX.—VIII.	—
3.	Símritarar	X.—IX.	—
4.	Símvirkjar	X.—IX.	—
5.	Bókari	X.	—
6.	Langlínuvarðstjóri	XII.—XI.	—
7.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—
T.	Hafnarfjörður:		
1.	Símstjóri	VIII.	—
2.	Símvirkjaverkstjóri	IX.—VIII.	—
3.	Símvirki	X.—IX.	—
4.	Fjarritari	XIII.	—
5.	Talsímakonur	XIII.—XII.	—

Símritaravarðstjórar og símvirkjaverkstjórar skulu eftir 10 ára starf færast úr IX. launafl. í VIII. launafl. Símritarar og símvirkjar flytjast eftir jafnlangan starfstíma úr X. launafl. í IX. launafl. Langlínuvarðstjórar skulu og eftir 10 ára starf færast úr XII. launafl. í XI. launafl. Þá skulu og talsímakonur færast úr XIII. launafl. í XII. launafl. eftir jafnlangan starfstíma.

Með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, skal, eftir því sem við verður komið, ákveða laun símstjóra á I. fl. B og II. fl. stöðvum fyrir rekstur stöðvanna svo og laun póstafgreiðslumanna, sem ákvæði þessarar greinar ná ekki til. Launin séu ákveðin þannig, að þessir starfsmenn fái hlutfallslega sömu laun og aðrir, sem nefndir eru í þessari grein, miðað við þau störf, er þeir hafa með höndum.

19. gr.

I.	Ríkisútvarpið:		
a.	Aðalskrifstofan:		
1.	Útvarpsstjóri	IV.	launafl.
2.	Skrifstofustjóri	VI.	—
3.	Fulltrúi	IX.	—
4.	Féhirðir	VIII.	—
5.	Bókari	XI.	—
6.	Ritari	XIV.—XIII.	—
7.	Umsjónarmaður	XIII.	—

b.	Innheimtudeild:		
	1. Innheimtustjóri	VIII.	launafl.
	2. Bókari	XI.	—
	3. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	4. Innheimtumenn	XIII.	—
c.	Auglýsingadeild:		
	1. Auglýsingastjóri	VIII.	—
	2. Bókari	XI.	—
	3. Ritari	XIV.—XIII.	—
	4. Innheimtumaður	XIII.	—
d.	Fréttastofan:		
	1. Fréttastjóri	VI.	—
	2. Fréttamenn	IX.	—
	3. Ritarar	XIV.—XIII.	—
e.	Skrifstofa dagskrár:		
	1. Skrifstofustjóri útvarpsráðs	VII.	—
	2. Dagskrárstjóri	VIII.	—
	3. Fulltrúi	IX.	—
	4. Bókari	XI.	—
	5. Þulir	IX.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—
	7. Leiklistarráðunautur	VIII.	—
f.	Tónlistardeild:		
	1. Tónlistarstjóri	VII.	—
	2. Fulltrúi	IX.	—
	3. Hljómsveitarstjóri	IX.	—
	4. Hljómplötuverðir	XII.	—
	5. Pianóleikari	IX.	—
	6. Aðstoðarmaður	XIII.	—
	7. Ritari	XIV.—XIII.	—
g.	Magnarasalur:		
	1. Forstöðumaður	VIII.	—
	2. Magnaraverðir I. stigs	X.	—
	3. Magnaraverðir II. stigs	XII.	—
h.	Vatnsendastöðin og endurvarpsstöðvar:		
	1. Stöðvarstjórar	VIII.	—
	2. Stöðvarverðir og vélstjórar	X.	—
II.	Viðtækjaverzlun ríkisins:		
	1. Forstjóri	VI.	—
	2. Skrifstofustjóri	VII.	—
	3. Útvarpsvirki og sölumaður	X.	—
	4. Bókari	XI.	—
	5. Afgreiðslumaður	XII.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
III.	Viðgerðarstofa útvarpsins:		
	1. Forstöðumaður	VIII.	—
	2. Bókari	XI.	—
	3. Útvarpsvirkjar	X.	—
	4. Afgreiðslumaður	XII.	—

20. gr.

Verzlun og iðnaður.

I.	Áfengisverzlun ríkisins:		
	1. Forstjóri	V.	launafl.
	2. Lyfsölustjóri	V.	—
	3. Skrifstofustjóri	VI.	—
	4. Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
	5. Fulltrúi I. stigs	VIII.	—
	6. Fulltrúi II. stigs	IX.	—
	7. Sölumenn og bókarar I. stigs	X.	—
	8. Innheimtumenn og bókarar II. stigs	XI.	—
	9. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	10. Aðalverkstjóri	VIII.	—
	11. Aðstoðarverkstjórar	X.	—
	12. Átappari, blöndunarmaður, bifreiðarstjórar	XI.	—
	13. Aðstoðarmenn í birgðahúsi	XII.	—
	14. Aðstoðarfólk við lyfjagerð I. stigs	XII.	—
	15. Aðstoðarfólk við lyfjagerð II. stigs	XIV.	—
	16. Iðnkonur	XV.	—
	17. Útsölustjórar í Reykjavík	VI.	—
	18. Afgreiðslumenn í útsölum	X.	—
	19. Útsölustjórar utan Reykjavíkur	VIII.	—
II.	Tóbakseinkasalan:		
	1. Forstjóri	V.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
	4. Birgðavörður	VIII.	—
	5. Sölumenn og bókarar I. stigs	X.	—
	6. Innheimtumaður og bókarar II. stigs	XI.	—
	7. Afgreiðslumenn	XII.	—
	8. Ritarar	XIV.—XIII.	—
	9. Bifreiðarstjórar	XI.	—
	Tóbaksgerð:		
	1. Verkstjóri	X.	—
	2. Aðstoðarmenn	XI.	—
	3. Iðnkonur	XV.	—
III.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:		
	1. Forstjóri	V.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Bókari	XI.	—
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—
IV.	Áburðar- og grænmetisverzlun:		
	1. Forstjóri	V.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Féhirðir	VIII.	—
	4. Sölumaður	X.	—
	5. Bókari	XI.	—
	6. Ritari	XIV.—XIII.	—
	7. Verkstjóri	X.	—
	8. Aðstoðarmenn	XIII.	—
	9. Bifreiðarstjóri	XI.	—

V.	Landssmiðjan:		
	1. Forstjóri	V.	launafl.
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Aðalbókari og aðalféhirðir	VII.	—
	4. Bókarar I. stigs	X.	—
	5. Bókarar II. stigs og innheimtumaður	XI.	—
	6. Ritarar	XIV.—XIII.	—
VI.	Innkaupastofnun ríkisins:		
	1. Forstjóri	V.	—
	2. Skrifstofustjóri	VI.	—
	3. Bókari	X.	—
	4. Ritari	XIV.—XIII.	—

21. gr.

Árslaun kennara og barnaskólastjóra samkv. 14. gr. eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um 1/12 hluta heildarlauna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri. Vinni kennarar önnur störf í þágu skólans en þeim er ætlað samkvæmt stundaskrá, sem samin er í samræmi við kennsluskyldu þeirra, má taka tillit til þeirra aukastarfa, þegar árlegur kennslutími, sem launin eru miðuð við, er ákveðinn.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu, í samráði við fjármálaráðuneytið, að ákveða sérstaka þóknun þeim skólastjórum, sem hafa á hendi stjórn í tví- eða þrískipuðum skólum, svo og til barnaskólastjóra, sem veita jafnframt forstöðu unglingadeildum.

22. gr.

Laun stundakennara skulu ákveðin með reglugerð, er menntamálaráðherra setur, og vera sem næst 80% af launum fastra kennara við þá skóla, sem þeir starfa við, miðað við fullan kennslustundafjölda hjá báðum.

23. gr.

Á laun samkvæmt 1. gr. laga þessara skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er ákveðin á hverjum tíma samkv. lögum.

24. gr.

Við samning reglugerða samkv. lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

25. gr.

Um leið og lög þessi taka gildi, skulu niður falla hvers konar greiðslur fyrir aukastörf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, svo og greiðsla skrifstofufjár embættismanna, sem ætlað hefur verið til launa starfsfólks, er lög þessi taka til.

Ríkisstjórnin, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Hæstiréttur tilnefna einn mann hvert í nefnd, sem skal úrskurða um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega. Nefndinni ber enn fremur að úrskurða um ágreining, sem rísa kann um framkvæmd reglugerðar um vinnutíma og eftirvinnukaup o. fl. Þá er og nefndinni skylt að láta í té umsögn sína um mál, er varða kaup og kjör starfsmanna hjá ríkinu, ef ríkisstjórnin óskar þess.

Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfa hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

Bæjarfógetar, sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík fá gjald af innheimtum ríkissjóðstekjum sem hér segir:

1. Af 200 þús. kr. eða minna greiðist ..... 1 %
2. — 200—1000 þús. kr. greiðist ..... ½ %
3. — 1—2 millj. kr. greiðist ..... ¼ %
4. — 2—10 millj. kr. greiðist ..... 1 ‰
5. — 10 millj. kr. og þar yfir greiðist ..... ¼ ‰

26. gr.

Héraðslæknar, dýralæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkv. gjaldskrám, sem hlutaðeigandi ráðherra setur.

27. gr.

Nú ber nauðsyn til að unnið sé á vinnuvökum, og er þá fjármálaráðherra heimilt að ákveða, að starfsmenn hljóti 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á tímanum frá kl. 21 til 8.

28. gr.

Nú eru settar á fót ríkisstofnanir, eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá fjármálaráðherra í samráði við ráðherra þann, er fer með mál stofnunarinnar, ákveða laun starfsmanna við þær með hliðsjón af því, er gildir um sambærilegar eða hliðstæðar stofnanir samkvæmt lögum þessum.

Ef til koma við stofnanir þær, sem lög þessi taka til, nýjar stöður, sem eru ekki taldar í lögunum, ákveður fjármálaráðherra með sama hætti og segir í 1. málsgr., í hvaða launaflokk skuli skipa hlutaðeigandi starfsmann.

Heimilt er að færa yfirverkfræðing úr V. flokki í IV. flokk, ef verkfræðingurinn hefur gegnt starfinu í 15 ár eða lengur.

29. gr.

Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í 2 ár samfleytt eða lengur, og á hann þá rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi.

Biðlaun skal greiða í sex mánuði, talið frá 1. degi næsta mánaðar eftir að hlutaðeiganda var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra, eins og þau eru á biðlaunatímanum. Nú tekur sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

30. gr.

Nú hefur maður gegnt ráðherrastöðu samtals lengur en 10 ár, og á hann þá rétt til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri.

Eftirlaun skulu nema 50% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan því ári, er hlutaðeigandi öðlast eftirlaunaréttinn. Koma skal til frádráttar eftirlaunum samkvæmt þessari grein lífeyrir, sem greiddur kann að verða úr sérstökum lífeyrissjóðum, öðrum en lífeyrissjóði alþingismanna.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60% þeirra eftirlauna, sem hann naut, þó með þeim takmörkunum, sem um getur í síðari málslið næstu mgr. hér á undan.

Ef maður, sem fullnægir skilyrði því, sem sett er í 1. mgr. þessarar greinar, andast, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, þá á ekkja hans rétt á eftirlaunum, sem svarar 30% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan dánarári manns hennar. Gilda skulu þó hér sömu takmarkanir og í næstu mgr. á undan.

31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins, og öll lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Ed. 220. Frumvarp til laga [57. mál]

um sölu tveggja jarða í opinberri eigu og um makaskipti á löndum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúendum Holts í Árnessýslu, þeim Sigurgrími Jónssyni, Vernharði, Herði og Jóni Sigurgrímssonum, eyðijörðina Breiðumýrarholt fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta, enda séu færðar sönnur á, að býlum verði fjölgað í Holti.
2. Að selja eigendum og ábúendum jarðanna Smjördala, Nýjabæjar og Ljónsstaða í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu, þeim Jóni Þorkelssyni, Þorsteini Brynjólfssyni og Leó Viggó Johnsen, hverjum um sig hluta úr þjóðjörðinni Smjördala-Norðurkoti í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta hvern hluta, enda falli ábúendur, hver um sig, frá forkaupsrétti að áveitulöndum þeim (svonefndri Hrísmýri), sem þeir hafa áður afsalað ríkissjóði til greiðslu á áveituskatti.
3. Að hafa makaskipti á löndum við Hafnarfjarðarkaupstað þannig, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái hluta af landi skógræktar ríkisins í landi Þorbjarnarstaða og Straums í Garðahreppi, en láti skógrækt ríkisins hafa þar á móti land í Undirhlíðum frá Vatnsskarði norður í Kaldársel.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 221. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað átt samleið með meiri hl. n. um að leggja til, að frv. það til nýrra launalaga, sem hér um ræðir, verði gert að lögum á þessu þingi, og færi ég fyrir því eftirfarandi rök:

Frá því að núgildandi launalög voru sett, hefur verðmæti gjaldmiðils landsins rýrnað og margvísleg röskun orðið á öllu kaupgjaldi í landinu, sem allt hefur haft í för með sér síhækkandi verðlag og sívaxandi dýrtíð. Þótt ríkisstjórnir og Alþingi hafi jafnan mætt með fullum skilningi öllum kröfum frá starfsmönnum ríkisins um kjarabætur, til þess að mæta á hverjum tíma breyttum viðhorfum í kaupgjalds- og verðlagsmálunum, svo að þeir þrátt fyrir gildandi lagafyrirmæli væru á engan hátt verr settir en þeir, sem búa við hinn almenna frjálsa vinnumarkað, hafa samt sem áður verið uppi sívaxandi kröfur um setningu nýrra launalaga, þar sem fullt tillit væri tekið til þeirra kjarabóta, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið, frá því að núgildandi launalög voru sett, svo og til þeirrar röskunar, sem orðið hefur á verðgildi gjaldmiðilsins og öllu verðlagi í landinu. Hefur ríkisstjórnin fallizt á að verða við þessum kröfum, og skipar fjármálaráðherra því fimm manna nefnd síðari hluta ársins 1954 til þess að endurskoða launalögin og gera tillögur til breytinga með hliðsjón af fram komnum kröfum starfsmanna ríkisins.

Allir fimm nefndarmennirnir eru skipaðir úr hópi starfsmannanna sjálfra. Þar á Alþingi engan fulltrúa, hinn almenni skattgreiðandi engan, framleiðendur á sviði útgerðar, landbúnaðar eða iðnaðar engan, launastéttirnar á hinum frjálsa vinnumarkaði engan, og þó eru meginrökin fyrir kröfu um stórkostlegar launahækkanir starfsmanna ríkisins þau, að þessar launastéttir hafi fengið kjör sín bætt í miklu stærri mæli en starfsmenn ríkisins. Með þessari skipan er starfsmönnum ríkisins gefið fullt og ótakmarkað sjálfdæmi til þess að ákveða kjör sín og gera samanburð á þeim við kjör annarra stétta. Engir þeir aðilar, sem að framan er bent á, að ekki eiga fulltrúa í launanefndinni, hafa haft tækifæri til þess að koma þar fram nokkrum vörnum eða leiðréttingum. Má það öllum vera ljóst, hversu óhöndulega hefur hér til tekizt með skipun nefndarinnar, hversu prýðilegir menn sem annars hafa verið í hana valdir, og er þetta eitt nægilegt til þess, að athuga beri tillögurnar miklu nánar en gert hefur verið. Og erfitt verður að áfellast aðrar stéttir þjóðfélagsins fyrir það að taka sér einhliða sams konar rétt, þegar búið er hér á Alþingi að lögfesta þetta fordæmi, svo sem til mun vera ætlazt.

Eigi verður annað merkt af skýrslu launamálanefndar, sem fylgir frv., en að hún hafi talið verkefni sitt vera aðeins tvíþætt:

Í fyrsta lagi að meta grunnlaunaupphæðir starfsmanna ríkisins með hliðsjón af launum manna á frjálsum vinnumarkaði og þeirri röskun á verðlagi, sem orðið hefur í landinu.

Í öðru lagi að flokka starfsmennina í ákveðna launaflokka eftir því mati, sem þeir sjálfir leggja á hin ýmsu störf í þágu ríkisins.

Hið þriðja atriði, hvaða áhrif tillögur launanefndarinnar koma til með að hafa á fjárhagskerfi þjóðarinnar, ef lögteknar yrðu, og hvort þær raunverulega, er fram líða stundir, bæta nokkuð kjör stéttarinnar, virðist sem nefndinni sé alveg óviðkomandi. Verður ekki merkt af skýrslunni, að þetta atriði, sem er þó meginkjarni málsins, hafi verið rætt eða brotið til mergjar að öðru leyti en því, að skýrt er frá þeirri útgjaldaaukningu, sem tillögurnar koma til með að hafa í för með sér og áætlað er af nefndinni að vera rúmlega 20 millj. króna. Og þó á m. a. sæti í nefndinni hagfræðingur, sem ríkisstjórnin leitar mjög til, hvenær sem leysa þarf aðsteðjandi vanda í sambandi við efnahagsmálin.

Náttúruverndarnefndum er heimilt að kveða á um hámark fégjalds, sem forráðamaður lands má áskilja fyrir leyfi til berjatínslu, samkv. 1. og 2. mgr. Skjóta má ákvörðun náttúruverndarnefndar til náttúruverndarráðs innan fjögurra vikna frá því, er aðila var birt úrlausn nefndar.

Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

8. gr.

Heimilt er að friða landsvæði og gera þau að fólkvöngum (almenningssvæðum), ef telja má, að þau séu vel fallin til að veita almenningi færi á að njóta náttúrunnar. Heimild þessi tekur einnig til kaupstaða og kauptúna. Taka má land eignarnámi (leigunámi) í þessu skyni, ef samningar takast ekki við rétta aðila.

Náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir eða sýslunefndir eftir atvikum taka ákvörðun um það í sameiningu, hvort neyta skuli heimildar 1. mgr., en bæjarstjórnir einar saman í kaupstöðum. Ákvarðanir náttúruverndarnefnda um þetta efni þarf ekki að bera undir náttúruverndarráð.

III. KAFLI

Stjórn náttúruverndarmála.

9. gr.

Í hverju sýslufélagi skal skipa þriggja manna náttúruverndarnefnd. Sýslumaður er formaður nefndarinnar. Sýslunefnd kýs hina nefndarmennina, tvo til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn. Leitast skal við að kjósa þá menn til starfa þessara, sem kunnir eru að áhuga og þekkingu á náttúruvernd. Mönnum er skylt að taka kosningu í náttúruverndarnefnd.

Nú telur náttúruverndarráð, að þörf sé á náttúruverndarnefnd í tilteknum kaupstað, og hlutast þá Menntamálaráðuneyti til um, að slík nefnd sé skipuð. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur er bæjarfógeti formaður náttúruverndarnefnda, en bæjarstjórn kýs tvo nefndarmenn og tvo til vara til fjögurra ára í senn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn alla nefndarmennina, þrjá talsins, og jafnmarga varamenn til fjögurra ára í senn, og skulu formaður og varaformaður kjörnir sérstaklega.

10. gr.

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Ferðafélag Íslands nefnir til, einum verkfræðingi, samkvæmt tillögu Verkfræðingafélags Íslands, og einum embættisgengum lögfræðingi, er menntamálaráðherra skipar, án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.

Þrjá varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka; varaformaður, sem skal vera embættisgengur lögfræðingur, er skipaður án tilnefningar, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjá náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðinga á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn náttúruverndarmála.

IV. KAFLI

Úrlausn og meðferð náttúruverndarmála.

a. Úrlausn náttúruverndarmála.

12. gr.

Náttúruverndarnefndir leysa úr efnum þeim, er ráða þarf til lykta samkvæmt lögum þessum, nema úrlausn máls sé falin öðrum aðila, sbr. 2. gr. 1. mgr. 1. málslið, 5. gr., 7. gr. 6. málsgr. og 27. gr. 4. málsgr.

Úrlausnir náttúruverndarnefnda um önnur efni en ákvörðun fébóta skulu bornar undir náttúruverndarráð, nema annars sé getið, sbr. 4. gr. 1. málsgr., 8. gr., 15. gr. 4. málsgr. og 33. gr. 6. málsgr., svo og 2. gr. 2. og 3. málsgr. og 7. gr. 5. málsgr., þar sem mælt er fyrir um áfrýjun úrskurða til náttúruverndarráðs. Þær úrlausnir, sem skylt er eða heimilt að bera undir náttúruverndarráð, öðlast fullnaðargildi, er ráðið staðfestir þær, sbr. þó 3. málsgr. Málskot frestar ekki áhrifum úrskurðar, en bíða skal með beinar framkvæmdir, unz sýnt er, hvort úrskurður hlýtur staðfestingu.

Ákvörðun náttúruverndarráðs um friðlýsingu samkvæmt c- og d-lið 1. gr. kemur ekki til framkvæmda, fyrr en Menntamálaráðuneyti hefur lagt samþykki sitt á hana. Sama gildir endranær, ef fébætur vegna náttúruverndaraðgerða nema 20 þúsund krónum eða hærri fjárhæð.

13. gr.

Nú varðar náttúruverndarmál náttúruminjar, sem eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, og kveður Menntamálaráðuneyti þá á um, hvaða náttúruverndarnefnd leysa skuli úr máli. Sama er, ef óljóst er, í hvaða sýslufélagi náttúruminjar séu.

b. Meðferð náttúruverndarmála fyrir náttúruverndarnefndum.

14. gr.

Formaður náttúruverndarnefndar kveður nefndina til fundar, svo fljótt sem unnt er, eftir að honum hefur borizt beiðni um það frá Menntamálaráðuneyti, náttúruverndarráði, sýslunefnd, sveitarstjórn eða landeiganda, sem óskar náttúruverndaraðgerða á landi sínu. Auk þess getur nefndin komið saman að frumkvæði einhvers nefndarmanna.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar.

Nefndinni er rétt að fara á stað þann, sem mál varðar, og kveðja aðila á vettvang.

Gerðir nefndar og úrskurðir skulu færðir til bókar, sem formaður löggildir. Nefnd er ályktunarfær, þegar tveir nefndarmenn eru á fundi, enda sé annar þeirra formaður nefndar. Þegar leysa skal úr máli með úrskurði, skal nefnd þó vera fullskipuð. Afl atkvæða ræður úrslitum.

15. gr.

Nú er stofnað til máls fyrir náttúruverndarnefnd, og skal formaður nefndar þá kveðja eigendur og aðra rétthafa eignar þeirrar, er mál varðar, fyrir nefndina og veita þeim kost á að gæta hagsmuna sinna. Kvaðningu þessa skal senda í ábyrgðarbréfi eða koma henni á framfæri á annan jafntryggilegan hátt. Enn fremur skal formaður tilkynna þeim, sem frumkvæði á að fyrirtöku máls, um frumfund nefndar. Um síðari fundi nefndar þarf ekki að tilkynna með fyrrgreindum hætti, nema máli sé frestað um óákveðinn tíma.

Aðilar eða fyrirsvarsmenn þeirra, sem sækja fundi nefndarinnar, eiga kost á að tjá sig munnlega eða skriflega um sakarefnið, hafa uppi kröfur og rökstyðja þær. Þeim, sem fengið hafa kvaðningu um að sækja fund og ekki hafa sótt hann, er og heimilt að senda skriflegar greinargerðir um málið, enda berist greinargerðir svo tímanlega, að það tefji ekki störf nefndarinnar.

Nú horfir náttúruverndarmál að því að friðlýsa landsvæði, og skal formaður þá hlutast til um, að takmörk landsvæðis séu mörkuð skýrlega á uppdrátt, ef unnt er.

Náttúruverndarnefnd getur lagt fyrir landeigendur eða aðra rétthafa lands á frumfundi með aðilum eða síðar að hafast ekkert það að, er tálmað geti því, að náttúruverndaraðgerðum þeim, er mál fjallar um, verði hrundið í framkvæmd, ef til kemur. Ákvörðun nefndar þarf ekki að leggja undir náttúruverndarráð. Brot á fyrirmælum nefndar varðar sektum samkvæmt 33. gr.

16. gr.

Náttúruverndarnefnd skal kosta kapps um að ná samkomulagi við eigendur og aðra rétthafa eignar um friðun og önnur efni, sem varða náttúruvernd. Skal reynt eftir föngum að haga samkomulagi svo, að ekki horfi til útgjalda af almannafé. Nú næst samkomulag á þessum grundvelli, og er það þá fært til bókar. Ella verður að ráða máli til lykta með úrskurði.

Ef eigandi og aðrir rétthafar fallast á, að lagt sé haft á eign, svo sem að tilteknir hluti hennar sé friðaður, án þess að til bótagreiðslu komi, getur formaðurinn einn gert þær ráðstafanir, sem við þarf, til að búa tryggilega um haftið að lögum.

17. gr.

Náttúruverndarnefnd getur ákveðið með úrskurði, að landsvæði eða aðrar náttúruminjar innan umdæmis nefndarinnar skuli friðuð, og mælt fyrir um, hvaða ráðstafanir gera skuli af opinberri hálfu vegna friðunarinnar, þ. á m. að friðlýst landsvæði sé girt eða auðkennt með glöggum mörkum. Enn fremur getur nefndin óheimilað mönnum að reisa mannvirki eða valda annars konar jarðraski á svæði þessu eða í grennd við það, nema með leyfi náttúruverndarnefndar.

Sporna má við umferð um friðuð svæði algerlega eða á vissum hlutum þeirra og á tilteknum árstímum.

Nú verður friðun ekki komið við, nema eigandi láti af hendi land eða muni, og er þá heimilt að taka slíkar eignir eignarnámi, ef samkomulag næst ekki. Fer um það eignarnám eftir almennum reglum.

18. gr.

Nú er náttúrufriðun ráðin með úrskurði náttúruverndarnefndar eða aðrar náttúruverndaraðgerðir, og skal nefndin þá jafnframt kveða á um, hvers eigendur og

aðrir rétthafar skuli gæta í sambandi við friðunina. Enn fremur skal nefndin taka afstöðu til þess, hvort gjalda skuli bætur vegna aðgerðanna. Ef bætur skal gjalda, skal nefndin ákveða fjárhæð bóta og taka til, hversu þeim skuli skipt milli eigenda og annarra rétthafa eignar, sem kunna að hafa gert tilkall til bóta. Nú er vafasamt, að dómi nefndarinnar, hvort bætur skuli gjalda eða bótaþátturinn er sérstaklega vandasamur, og er þá heimilt að fresta þeim þætti málsins, þótt náttúruverndaraðgerðir séu ákveðnar með úrskurði, unz sýnt er, hvort náttúruverndarráð muni staðfesta úrskurðinn.

Þegar sérstaklega stendur á, getur náttúruverndarnefnd ákveðið friðun með þeim skildaga, að ekki komi til bótagreiðslu af almannafé, eða með þeim fyrirvara, að bætur séu greiddar innan tiltekins tíma.

Nú unir aðili ekki úrlausn náttúruverndarnefndar um bætur, og er honum þá rétt að beiðast yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, og er úrlausn þeirra fullnaðarúrslit bótamálsins, að því er varðar ákvörðun á fjárhæð bóta. Beiðni um yfirvirðingu skal hafa borizt dómara innan sex vikna frá þeim tíma, er úrlausn náttúruverndarnefndar um fébætur var birt aðila. Yfirvirðingarmenn ákveða í virðingargerð sinni, hvor aðili eða hverjir gjalda skuli kostnað af yfirvirðingu.

Nú unir aðili ekki úrlausn náttúruverndarnefndar eða yfirvirðingarmanna um bótaskyldu eða bótagrundvöll, og er honum þá heimilt að leita úrlausnar dómstóla um þau efni. Höfða skal dómsmál innan þriggja mánaða frá því, er virðingargerð var lokið, eða frá lokum yfirvirðingargerðar, ef því er að skipta. Nú ónýtist málið, og má þá höfða mál að nýju innan þriggja mánaða frá því, er það ónýttist.

19. gr.

Náttúruverndaraðgerðum má létta með úrskurði náttúruverndarnefndar, ef talið verður, að þeirra sé ekki framar þörf. Úrskurður nefndar öðlast gildi, er náttúruverndarráð hefur staðfest hann, sbr. 12. gr.

Gæta skal reglnanna í 15. gr. eftir því, sem við á, þegar skera skal úr þessum atriðum, svo og 20. gr., að því er birtingu úrskurðar varðar, og 25. og 26. gr.

20. gr.

Úrskurði um friðun eða aðrar aðgerðir samkvæmt lögum þessum skal birta eiganda og öðrum rétthöfum eignar, sem sótt hafa fund nefndar eða sent greinargerð, í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt. Nú er úrskurður þess efnis, að náttúruverndaraðgerðir skuli ekki fara fram, og skal þá tilkynna sömu aðilum þau úrslit bréflega.

Endurrit af úrskurði skal senda sýslunefnd og sveitarstjórn eða sveitarstjórnum þar í umdæmi, sem náttúrumyndanir þær eru, er mál varðar. Enn fremur skal senda endurrit þeim aðila, sem frumkvæði á að málinu.

21. gr.

Formaður náttúruverndarnefndar hlutast til um, að endurrit af úrskurði nefndar sé sent náttúruverndarráði, ásamt gögnum máls, svo fljótt sem föng eru á, enda sé þörf samkvæmt lögum þessum að bera úrskurð undir náttúruverndarráð, eða úrskurði er áfrýjað til ráðsins. Endranær skýrir og formaður nefndar náttúruverndarráði frá ákvörðun nefndar.

c. Meðferð náttúruverndarmáls fyrir náttúruverndarráði.

22. gr.

Formaður náttúruverndarráðs kveður ráðið til fundar og stýrir fundum þess. Ráðið er ályktunarhæft, ef fimm ráðsmenn hið fæsta eru á fundi, og sé einn þeirra formaður eða varaformaður. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns (varaformanns).

Gerðir ráðsins, þ. á m. úrskurðir, skulu færðir til bókar, er Menntamálaráðuneyti löggildir. Ráðinu er rétt að veita aðilum kost á að tjá sig munnlega eða skriflega um úrlausnarefni hverju sinni.

23. gr.

Náttúruverndarráði er frjálst að breyta úrlausnum náttúruverndarnefndar, þ. á m. að rýmka eða þrengja umtak náttúruverndar frá því, sem ákveðið er í úrlausn nefndar. Skiptir ekki máli í því efni, hver frumkvæði hefur átt að náttúruverndarmáli eða hvaða kröfur voru hafðar uppi fyrir náttúruverndarnefnd. Náttúruverndarráð getur ákveðið, að tilteknar náttúruverndaraðgerðir skuli ná fram að ganga, þótt náttúruverndarnefnd hafi hafnað þeim. Þegar svo stendur á, leggur náttúruverndarráð fyrir náttúruverndarnefnd að meta bætur, og fer að öðru leyti um ákvörðun þeirra samkv. 18. gr.

24. gr.

Nú öðlast úrlausn náttúruverndarráðs ekki fullnaðargildi, nema Menntamálaráðuneyti fallist á hana, sbr. 12. gr. 3. málsgr., og skal náttúruverndarráð þá senda Menntamálaráðuneyti gögn máls svo fljótt sem unnt er. Tekur ráðuneytið svo fljótt sem kostur er afstöðu til þess, hvort úrlausn skuli koma til framkvæmdar.

Nú fellst ráðuneytið á, að úrlausn komi til framkvæmdar, og er sýslusjóði þá skylt að greiða þá fjárhæð, sem í hans hlut kemur.

Ákvæði þetta á ekki við um aðgerðir samkv. 8. gr.

25. gr.

Þegar fullnaðarúrlausn er fengin um náttúruverndargerðir, skal formaður náttúruverndarráðs hlutast til um, að úrlausn sé birt með sama hætti og úrlausnir náttúruverndarnefnda, sbr. 30. gr. Auk þess skal birta meginefni úrskurðar eða úrlausnar í B-deild Stjórnartíðinda, á náttúruverndarskrá. Efni náttúruverndarskrár skal talið manni kunnugt, þegar er atriði hefur sætt birtingu.

26. gr.

Náttúruverndarráð tilkynnir formanni náttúruverndarnefndar um úrslit náttúruverndarmáls og leggur fyrir hann að hlutast til um nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd því skipulagi, sem úrlausn lýtur að, þ. á m. að annast um tryggingaráðstafanir, svo sem þinglýsingu, ef hennar er þörf. Formaður náttúruverndarnefndar sér og um greiðslu bóta samkv. 28. gr.

d. Ýmis störf náttúruverndarráðs.

27. gr.

Náttúruverndarráð er Menntamálaráðuneyti til aðstoðar um öll efni, er varða náttúruvernd. Áður en ráðuneytið setur reglugerðir eða aðrar reglur um slík málefni, skal leita umsagnar ráðsins.

Náttúruverndarráð skal kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa samkvæmt lögunum, og getur ráðið átt frumkvæði að því að stofna til náttúruverndarmáls.

Náttúruverndarráð skal hið fyrsta, eftir að það hefur verið skipað, semja skrá um náttúruminjar, sem æskilegt er að friðlýsa samkvæmt lögum þessum. Við samningu skrárinnar er rétt að hafa samvinnu við náttúruverndarnefndir í héruðum, sveitarstjórnir og áhugamenn. Lýsa skal glögglega náttúruminjum, sem friðlýsa á, og hvert gildi friðlýsing muni hafa. Á grundvelli skrárinnar skal semja áætlun um náttúruvernd og leggja mál fyrir náttúruverndarnefndir í þeirri röð, sem ráðið telur heppilegast.

Nú telur náttúruverndarráð æskilegt að friðlýsa tilteknar náttúruminjar, staði eða svæði, en ekki þykir gerlegt vegna kostnaðar að stofna þegar til náttúruverndarmáls, og er ráðinu þá rétt að skýra náttúruverndarnefnd í héraði frá fyrirætlun

um friðun og leggja fyrir hana að hafa vakandi auga með því, að engu sé raskað, er tálmað geti friðun síðar. Enn fremur má leggja fyrir eiganda að raska ekki náttúruminjum án leyfis náttúruverndarnefndar, þegar svo stendur á, að viðlagðri refsingu samkvæmt 33. gr.

Náttúruverndarráð færir skrá um úrlausnir ráðsins, svo og um úrlausnir náttúruverndarnefnda, er því berst tilkynning um. Náttúruverndarráð hefur yfirumsjón með friðlýstum náttúruminjum, og það skal kosta kapps um að skýra fyrir almenningi gildi náttúruverndar og kynna almenningi lagaákvæði um náttúruvernd.

e. Um bætur.

28. gr.

Bætur þær, sem greiða þarf samkvæmt I. og IV. kafla laga þessara, skal ríkissjóður gjalda að þremur fjórðu, en sýslusjóður þar í umdæmi, sem aðgerðir fara fram, geldur fjórðung bóta. Nú liggur landsvæði það, sem náttúruverndaraðgerðir taka til, í fleiri sýslufélögum en einu, og kveður þá Menntamálaráðuneyti á um, hversu skipta skuli bótagreiðslum milli sýslufélaganna.

Nú liggja náttúruminjar, sem vernda á, ofar byggð, og geldur þá ríkissjóður óskiptar fébætur samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hafa náttúruverndaraðgerðir í för með sér skyldu til greiðslu bóta, er nema 40 þús. kr. eða hærri fjárhæð, og aðgerðirnar hafa gildi fyrir landið allt, en ekki sérstaklega fyrir það eða þau sýslufélög, þar sem landsvæðið er eða aðrar náttúruminjar, sem aðgerðir varða. Getur náttúruverndarnefnd þá ákveðið, að ríkissjóður greiði bæturnar að fullu. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal veita fjármálaráðherra færi á að koma við greinargerð um málið. Bera skal úrskurð náttúruverndarnefndar undir náttúruverndarráð til staðfestingar eða synjunar.

Bætur vegna aðgerða samkvæmt II. kafla laganna, skulu greiddar af ríkissjóði, nema annan veg sé mælt. Kostnaður við að koma upp fólkvöngum fellur í hlut sveitarfélags, þar sem fólkvangur er. Nú hafa slíkir fólkvangar mikið gildi fyrir íbúa tiltekinnar sýslu í heild eða fyrir íbúa margra sveitarfélaga innan sýslu, og getur náttúruverndarnefnd þá kveðið svo á, samkvæmt kröfu sveitarfélags, að sýslusjóður greiði helming af kostnaði við fólkvanga. Ákvæði 3. málsgr. á einnig við um þetta efni, eftir því sem við getur átt, að því er varðar hluttöku ríkissjóðs í kostnaði, svo og um meðferð máls.

Um bætur vegna tjóns, er menn vinna á landi með umferð um land eða dvöl þar, fer samkvæmt almennum bótareglum.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

29. gr.

Nú telur náttúruverndarnefnd eða náttúruverndarráð, að ógerlegt sé að leysa úr náttúruverndarmáli, nema áður sé fengin úrlausn dómstóla um tiltekin ágreiningsefni, svo sem um eignarrétt að landsvæði eða tilvist annarra réttinda yfir landsvæði, og er nefndinni þá rétt að leggja þessi ágreiningsefni fyrir dómstóla, enda náist ekki sættir um efnið. Náttúruverndarnefnd er sóknaraðili máls og nýtur gjafsóknarhagræðis. Til slíkra mála skal þó ekki stofna, nema náttúruverndarráð hafi lýst sig samþykkt málshöfðun og Menntamálaráðuneyti fallizt á hana.

Eigendum og öðrum rétthöfum er skylt að veita meðlimum náttúruverndarnefndar og náttúruverndarráðs frjálsa för um lönd sín og aðstöðu til rannsókna í sambandi við náttúruverndarmál.

30. gr.

Náttúruverndarráð felur náttúruverndarnefndum umsjón og eftirlit með náttúruminjum, sem verndaðar kunna að verða samkvæmt lögunum. Nefndunum er

heimilt að ráða sérstaka menn til vörzlu á friðlýstum svæðum í samráði við náttúruverndarráð. Um skiptingu kostnaðar af þessum sökum fer eftir 28. gr. 1. og 2. málsgr.

Menntamálaráðuneyti er heimilt að setja nánari reglur um vörzlu og gæzlu friðlýstra svæða og annarra náttúruminja og enn fremur um aðgang almennings að þeim og umgengni.

31. gr.

Meðlimir náttúruverndarnefnda og náttúruverndarráðs fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem Menntamálaráðuneyti ákveður.

Sýslusjóðir skulu standa straum af kostnaði við náttúruverndarnefndir, en ríkissjóður greiði kostnað við náttúruverndarráð. Nú varðar náttúruverndarmál fleiri sýslufélög en eitt, og kveður Menntamálaráðuneyti þá um, hversu skipta skuli kostnaðinum milli sýslufélaganna.

Ríkissjóður ber annan kostnað vegna framkvæmdar laganna, að undanskildum bótum, samkvæmt sérákvæðum 28. gr.

Þar sem talað er um sýslufélög og sýslusjóði í lögum þessum, er einnig átt við bæjarfélög og bæjarsjóði, þar sem náttúruverndarnefndir eru starfandi og eftir því, sem við á.

32. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess, að Ísland gerist aðili að alþjóða náttúruverndarsambandinu (International Union for the Protection of Nature), og fela náttúruverndarráði að koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.

VI. KAFLI

Refsingar og önnur viðurlög.

33. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Nú spilla menn eða raska náttúruminjum, sem friðlýst eru eftir lögum þessum, af ásetningi eða gáleysi, og varðar það sektum eða varðhaldi.

Nú er almenningi veittur aðgangur að landsvæðum fyrir atbeina náttúruverndarnefndar, og varðar ill eða hirðuleysisleg umgengni um slík svæði þá sektum.

Brot á fyrirmælum samkvæmt 27. gr. 4. málsgr. varða sektum.

Sektir samkvæmt lögunum renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslufélögum en einu, og skal þá skipta sektarfénu að jöfnu milli þeirra sýslufélaga, sem í hlut eiga.

Beita má dagsektum, er renna í sýslusjóð, allt að 500 krónum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólögmætt eftir lögunum. Náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð geta kveðið upp úrskurði um dagsektir, en úrskurði þeirra má bera undir dómstóla innan tveggja vikna frá birtingu úrskurðar fyrir aðila. Úrskurði náttúruverndarnefnda um dagsektir þarf ekki að bera undir náttúruverndarráð.

Beita má eignarupptöku samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga við brotum á lögum þessum. Andvirði verðmæta, er sætt hafa upptöku, rennur í sýslusjóð, þar sem brot var framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skal þá skipta verðmætum, er sætt hafa upptöku, að jöfnu milli þeirra sýslufélaga, sem í hlut eiga.

VII. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

34. gr.

Menntamálaráðuneyti hlutast til um, að náttúruverndarnefndir séu skipaðar hið fyrsta eftir gildistöku laganna, og um skipun náttúruverndarráðs.

35. gr.

Frá gildistöku laganna fellur úr gildi 1. gr. 2. málsgr. laga nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski, og 36. gr. 7. og 8. mgr. vegalaga, nr. 34/1947.

2. gr. laga nr. 123/1940 breytist svo, að í stað orðsins „vitamálastjóra“ á þremur stöðum í ákvæðinu kemur orðið: náttúruverndarráðs.

Við 2. gr. 1. málsgr. laga nr. 15/1948, um innflutning búfjár, bætist þessi málsliður: Áður en leyfi er veitt samkvæmt 1. gr., skal og leita umsagnar náttúruverndarráðs, sbr. 5. gr. laga um náttúruvernd.

Lög nr. 59/1928, um friðun Þingvallar, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Lög nr. 27/1940, um friðun Eldeyjar, falla úr gildi, er náttúruverndarráð hefur birt úrskurð um friðlýsingu eyjarinnar samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi var lagt fyrir frumvarp til laga um náttúruvernd. Var það afgreitt með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi: „Í trausti þess, að ríkisstjórnin leiti umsagnar sýslunefnda, bæjarstjórna og Búnaðarfélags Íslands um málið og leggi fyrir næsta þing niðurstöður sínar, að undangenginni endurskoðun á frumvarpinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Menntamálaráðuneytið hefur leitað umsagnar sýslunefnda, bæjarstjórna og Búnaðarfélags Íslands um frumvarpið og hafa samtals borizt 28 umsagnir. Fól ráðuneytið þeim, er frumvarpið sömdu, próf. Ármanni Snævarr og dr. Sigurði Þórarinssyni, að fara yfir umsagnirnar og gera tillögur um þær breytingar, er umsagnirnar gæfu tilefni til.

Í samræmi við álit þeirra hefur menntamálaráðuneytið talið rétt að gera á frumvarpinu þessar breytingar:

1. Orðið „óvenjulegt“ í 6. gr. 2. mgr. frv. falli brott.
2. 2. mgr. 9. gr. frv. falli brott.
3. Við 31. gr. sé bætt nýrri málsgrein, svo hljóðandi:

„Þar sem talað er um sýslufélög og sýslusjóði í lögum þessum, er einnig átt við bæjarfélög og sýslusjóði, þar sem náttúruverndarnefndir eru starfandi og eftir því, sem við á.“

Fyrsta og önnur fyrrnefndra breytinga eru í samræmi við ábendingar, er fram hafa komið í umsögnum sýslunefnda. Hin fyrri er orðalagsbreyting, en í hinni síðari felst, að sýslumaður skuli, þótt umdæmi hans nái yfir tvö sýslufélög, vera formaður náttúruverndarnefnda í báðum sýslunum. Síðast talda breytingin er gerð til að taka af öll tvímæli um skyldur bæjarsjóða til greiðslu bóta samkvæmt 28. gr. frv., greiðslu kostnaðar við náttúruverndarnefndir samkvæmt 31. gr. í þeim kaupstöðum, sem þær eru starfandi, og hvert sektir skuli renna samkvæmt lögunum, sbr. 33. gr. frv.

Að öðru leyti er frumvarp þetta samhljóða frumvarpi því, er lagt var fyrir Alþingi í fyrra. Vísast til athugasemda, er því frumvarpi fylgdu, og prentaðar eru hér á eftir sem fylgiskjal.

Umsagnir þær, er borizt hafa um frumvarpið, verða sendar Alþingi ásamt athugasemdum höfunda frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Frumvarp þetta, sem samið er að tilhlutan Björns Ólafssonar, þáverandi menntamálaráðherra, hefur ýmis merk nýmæli að geyma og fjallar um efni, sem þörf er á

að setja hið fyrsta lagafyrirmæli um. Sum einstök ákvæði frumvarpsins orka að sjálfsögðu nokkurs tvímælis, en að athuguðu máli telur menntamálaráðuneytið rétt að leggja frumvarpið óbreytt fyrir Alþingi eins og það barst ráðuneytinu frá semjendum þess, enda er hægurinn hjá að breyta einstökum atriðum á Alþingi, ef ástæða þykir til.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með bréfi, dags. 29. sept. 1951, fól menntamálaráðuneytið Ármanni Snævarr prófessor og dr. Sigurði Þórarinssyni að semja frv. til laga um náttúruvernd. Hafa þeir skipt svo með sér störfum, að hinn fyrrnefndi samdi drög til frumvarps, sem þeir ræddu síðan sín á milli. Dr. Finnur Guðmundsson hefur einnig farið yfir frumvarpið og tekið þátt í viðræðum um það.

I.

Jarðsögutímabil það, sem vér nú lifum, hefur verið kennt við manninn. Er það ekki ófyrirsynju, því að aldrei mun nein lífverutegund hafa orkað meir á umhverfi sitt, lífræna náttúru og ólífræna, sem mennirnir.

Drottinvald mannkyns yfir jörðinni hefur í stórum dráttum gerbreytt gróðri og dýralífi á flestum landsvæðum og raunar einnig á hafsvæðum. Ýmsum æðri dýrategundum hefur verið alls kostar útrýmt, svo sem t. d. úruxunum hér í Evrópu, og mörgum tugum fuglategunda. Má oss Íslendingum vera geirfuglinn hugstæður í því sambandi. Gróðri og landslagi hefur og verið gagnbreytt á mörgum stöðum, skógum og frumgróðri hefur verið eytt, fallvötn hafa verið beizluð, stöðuvötn hafa verið þurrkuð, þeim breytt eða ný mynduð, heil fjöll hafa verið jöfnuð við jörðu, og svo mætti lengi telja. Hvarvetna blasir við ægivald manna yfir náttúrunni.

Siaukin tækni hefur mjög stefnt að því að gera náttúruna mönnum undirgefna. Því meiri þroska, sem tæknin hefur náð, því meiri hafa raskanir á náttúrufari landa orðið. Menningarlegar framfarir hafa og í ríkum mæli verið beinlínis á því reistar, að menn hafa hagnýtt sér ýmis náttúruauðæfi, en með því hefur mjög verið gengið á náttúruna.

Mönnum hefur lengi verið ljóst, að rík þörf væri á að hamla gegn spjöllum á náttúru af manna völdum. Hafa þessar skoðanir markað þau spor, að sett hafa verið lagafyrirmæli um vernd ákveðinna þátta náttúrunnar í öllum menningarlöndum. Kvað þar í fyrstu mest að ákvæðum um friðun fugla, spendýra og fiska, en síðar komu til lagafyrirmæli um gróðurvernd og almenna náttúruvernd.

Upphaf löggjafar um almenna náttúruvernd mun mega rekja til Bandaríkja Norður-Ameríku, sem urðu fyrst allra ríkja til að friðlýsa landsvæði og stofna til náttúrugarða eða þjóðgarða, „í því skyni að náttúru landsins megi varðveita óspjallaða komandi kynslóðum til hugsvölunar“, svo sem segir í þjóðgarðalöggjöf Bandaríkjanna. Fyrsta friðlýsingin átti sér stað 1832, þar sem voru laugarnar í Hot Springs í Arkansas, en önnur í röðinni var hinn nafnkunni þjóðgarður Yellowstone á landamærasvæðum Wyoming, Idaho og Montana ríkja. Að bandarísku fordæmi voru þjóðgarðar stofnaðir víða um lönd, og verður nánar vikið að því hér síðar.

Þjóðgarðarnir og hliðstæð svæði, sem friðlýst hafa verið, hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki um náttúruvernd og m. a. forðað nokkrum dýrategundum frá útrýmingu, svo sem evrópska vísundinum. Brátt varð þó sýnilegt, að slíkir þjóðgarðar einir nægðu ekki til verndar náttúruminjum, og að þörf væri á almennri náttúruvernd. Sá maður, sem talinn er hafa átt drýgstan þátt í að koma á skipulagðri náttúruvernd, er þýzki náttúrufræðingurinn Hugo Wilhelm Conventz, f. 1855, grasafræðingur að menntun. Fyrir atbeina hans var komið á fót þýzkri náttúruverndarstofnun árið 1906, og varð hann fyrsti forstjóri hennar. Conventz fór fyrirlestrarferðir til margra landa til að vekja áhuga á náttúruvernd og skipuleggja náttúruverndarstarfsemi. Hann hafði sérstakan áhuga á Norðurlöndum. Fyrirlestrar hans í Kaupmannahöfn 1905 urðu til þess, að danskir náttúrufræðingar stofnuðu náttúruverndarnefnd 1906, og beitti hún sér fyrir setningu almennra laga um nátt-

úruvernd 1917. Conventz átti og mikinn hlut að því, að Svíar settu sér náttúruverndarlög 1909 og Norðmenn ári síðar.

II.

Hér á landi skortir almenn lög um náttúruvernd, sem kunnugt er. Að vísu hefur ýmsum þáttum náttúru og náttúrulífs verið veitt vernd með friðunarlögunum. Má þar nefna lög um friðun fugla og eggja, bæði almennu lögin nr. 59/1913 og sérlög um friðun einstakra fuglategunda, sbr. l. nr. 74/1941, um æðarfugla, l. nr. 42/1921, um lunda, og lög nr. 83/1940, sbr. lög nr. 107/1950, um erni og vali. Frumvarp um fuglaveiðar og fuglafriðun var lagt fram á Alþingi 1951, og er nú orðið að lögum. Þá má og nefna lög, er varða dýrafriðun, l. nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, og l. nr. 23/1914, um friðun héra. Enn má nefna friðunarákvæði l. um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941, ákvæði l. nr. 21/1939, um ostrurækt, ákvæði tks. 20. júní 1849, um selalátur og eggver (sbr. og l. nr. 30/1925), og ákvæði l. nr. 26/1949, um hvalveiðar, sbr. rgj. nr. 113/1949, sem friða tilteknar hvalategundir. Í þessu sambandi má og orða lög, sem stemma stigu við notkun ákveðinna veiðitækja, svo sem botnvörpu, flotvörpu eða dragnótar. Að því er tekur til gróðurfars, má nefna friðunarákvæði skógræktarlaga, nr. 100/1940, lög nr. 18/1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og l. nr. 85/1943, um ítölu. Þá má enn nefna ákvæði l. nr. 98/1940, 2. gr., sem óheimila landeiganda að spilla laugum og hverum eða breyta farvegi þess vatns, sem hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, l. nr. 15/1923, IX. kafli, um óhreinkun vatna, og l. nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski. Hér má og orða l. nr. 45/1950, 31. gr., þar sem sá varnagli er sleginn, að ekki sé heimilt að taka land eignarnámi til notkunar, ef þar eru „sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda". Loks er rétt að geta laga nr. 50/1928, um friðun Þingvallar, og l. nr. 27/1940, um friðun Eldeyjar. Þessi tvenn lög styðjast í ríkara mæli við náttúruverndarsjónarmið en hin lögin, sem nefnd voru, og má raunar telja, að lögin um friðun Eldeyjar séu alfarið náttúruverndarlög.

Lagaákvæði þau, sem hér hafa verið nefnd, og fleiri, er nefna mætti, heita náttúru lands hvergi nærri þeirri vernd, sem skylt er. Mörg þeirra styðjast við fjármunaleg eða búskaparleg sjónarmið ein, fyrst og fremst á þá lund, að þeim er ætlað að stuðla að hæfilegri nytjun hlunninda. Uppistaðan í þorra þeirra er einungis að koma í veg fyrir rányrkju. Þau nægja því hvergi nærri til raunhæfra úrræða um náttúruvernd almennt.

Þótt ekki muni raunar leika á tveimur tungum, að þörf sé á heildarlöggjöf um náttúruvernd, þykir allt um það rétt að reifa nokkru nánar, hversu mikið sé í húfi, ef ekki er sett náttúruverndarlöggjöf hið bráðasta og henni hrundið í framkvæmd.

Íslenzk náttúra, bæði hin dauða og lifandi, er um margt einstæð, meðal annars og ekki sízt fyrir það, að fram á síðustu ár hefur hún orðið fyrir minni áhrifum af manna völdum en náttúra annarra landa. Veldur því í fyrsta lagi það, að landið byggðist síðar en flest þau lönd, sem byggzt hafa, í öðru lagi, að það er enn eitt af strjálbyggðustu löndum og í þriðja lagi, að fram á síðustu áratugi hefur tæknileg menning íbúanna verið á svo lágu stigi, að þeir hafa raunverulega alls ekki drottnað yfir náttúru landsins og hafa megnað tiltölulega litlu um breytingar á náttúrunni. Því ber þó sízt að neita, að tilkoma mannanna og húsdýra þeirra hafa stórbreytt gróðurfarinu, einkum með eyðingu skóganna og þar af leiðindi uppblæstri og landeyðingu. En ástæða er til að ætla, að fram á síðustu áratugi hafi fánan breytzt tiltölulega lítið af manna völdum og hin dauða náttúra nær ekkert. Það má því með nokkrum sanni segja, að fram á síðustu áratugi hafi verið minni þörf almennrar náttúruverndarlöggjafar hér en víða annars staðar, þar sem þéttbýli og tæknimenning var meiri. En síðustu áratugina hefur viðhorfið gerbreytzt, og ber margt til þess Vélamenningin hefur haldið innreið sína og skapað möguleika til stórfelldari breytinga á íslenzkri náttúru en nokkurn óraði fyrir. Með vélum hefur meiru verið umrótað hér á einum áratug en áður á mörgum öldum. Nægir í því sambandi að

nefna framræslu mýranna síðustu árin. Hvern hefði grunað það fyrir tveimur áratugum, að á næstu áratugum yrði ræst fram nærri hver mýri í heilum byggðarlögum. Það getur jafnvel svo farið í náinni framtíð, að ástæða verði til að friða einhverja óframræsta mýri í sumum héruðum, svo að seinni tíma menn geti vitað, hvernig gróðurfari og öðru ásigkomulagi mýranna var háttað þar fyrir framræsingarnar. Bílvegir og brýr, jeppar og flugvélar hafa opnað öllum landsmönnum greiðan aðgang að stórum landsvæðum, sem áður voru nærri ósnortin. Meiri hluti landsmanna býr nú í bæjum og kauptúnum, og án alls samanburðar milli bæjar- og sveitamenningar er þess ekki að dyljast, að viðhorf bæjarbúa til náttúrunnar er oft annað en sveitafólks og náttúrunni minna í hag.

Eftir þessar almennu athugasemdir mun það nú rakið með nokkrum dæmum, hversu þörfin á náttúruvernd er orðin brýn hér á landi.

Suður í Krýsuvík er lítið stöðuvatn, Grænavatn. Dregur það nafn af hinum sérkennilega græna lit vatnsins, er stafar af brennisteinssamböndum. Vatn þetta, sem er nokkur hundruð metra breitt og 45 metra djúpt, er myndað eftir ísöld, við eldgos, sem orðið hefur með sérstæðum hætti, þótt ekki verði það rakið hér. Meðal annars hafa í því gosi, sem myndaði vatnið, þeytzt upp hraunkúlur. Er gabbrókjarni í þeim, en bergtegundin gabbró hefur ekki fundizt annars staðar á Suðvesturlandi. Þetta litla vatn er vafalaust meðal merkustu náttúrufyrirbrigða í sinni röð. Með því að það er í sérkennilegu umhverfi, við þjóðveg, og auk þess í grennd við höfuðborgina, gistir vart sá jarðfræðingur landið, að ekki sé ekið með hann um Krýsuvíkurveg og honum sýnt vatnið. Fjöldi annarra útlendinga fer og þennan veg, og enn er á það að líta, að auðvelt er að sýna nemendum í skólum í grennd við Reykjavík þessar náttúruminjar. En á einu ári, 1949, var þessu merka náttúrufyrirbæri spillt svo, að jarðfræðingar munu blygðast sín fyrir að sýna það. Tveir votheysturnar og fjós voru reist frammi á norðvesturbakka Grænavatns. Í sambandi við þær byggingarframkvæmdir var farið um stórt svæði með jarðýtum, alveg fram á bakka vatnsins. Með þessu umróti og hinum háu votheysturnum hefur svip vatnsins verið gerbreytt, og svæðið hefur verið svipt þeirri sérstæðu auðnarstemningu, sem þar ríkti áður. Ekki er annað sýnilegt en hægt hefði verið að velja mannvirkjum þessum annan stað en á bakka Grænavatns, enda er landrými mikið á þessum slóðum, eins og alkunna er. Þó að þessi staður hefði þótt stórum álitlegastur þeirra staða, er til greina komu, er mönnum torskilið, hver nauður rak til að láta jarðýtu róta jarðveginum alveg fram á bakka vatnsins. Við þessa lýsingu má hnýta þeirri athugasemd, að engu er líkara en nota eigi vatnið sem ruslakistu, þar sem ýmiss konar drasli hefur verið hent niður yfir suðurbakka vatnsins, svo að blasir við vegfarendum.

Allar horfur eru á, að spjöllum á vatninu hefði orðið afstýrt, ef notið hefði löggjafar um náttúruvernd, þegar til þessara mannvirkja við Grænavatn skyldi koma.

Næsta dæmi, sem getið skal, eru Rauðhólarnir hér fyrir austan Reykjavík. Þessum merku náttúruminjum og fögru hefur verið nálega eytt, eins og alkunna er. Hólunum hefur í bókstaflegri merkingu verið skóflað burtu, en gjall þeirra hefur verið notað til ofaníburðar á götum Reykjavíkur og vegum hér í grennd. Hér skal ekki lagður dómur á það, hvort nauðsynlegt hafi verið að taka þessa hóla til ofaníburðar. Um það efni munu vera skiptar skoðanir meðal verkfræðinga. Hitt er ótvírætt, að auðvelt hefði verið að grafa hólana á snyrtilegri hátt en raun ber vitni. Vel mátti grafa frá einni átt og taka stál þvert yfir hólasvæðið og skilja þá eitthvað eftir af svæðinu ósnortið. Í stað þessara vinnubragða hefur mönnum leyfzt að vaða um allt hólasvæðið, að því er virðist eftirlitslaust, og taka bílhlöss á víð og dreif, svo að nú hefur þessu fagra og sérkennilega svæði verið nær gereytt.

Þriðja dæmið er Grábrók í Norðurárdal. Ekki er annað sýnilegt en þessa fagurskapaða gígs bíði sömu örlög og Rauðhóla, ef ekki er tekið í taumana í tíma. Þegar er farið að narta í gígkeiluna og einnig í þá hlið er blasir við þjóðveginum. Sýnilegt er, að þörf er skjótra úrræða, ef bjarga á gígnum frá tortímingu.

Fjórða dæmið er Helgafell í Vestmannaeyjum. Það hefur þegar verið grafið sundur til lýta og gjallið borið m. a. á flugvöllinn. Vera má, að óhjákvæmilegt hafi verið að taka þarna ofaníburð. En hinu verður ekki neitað, að hægt hefði verið að taka malargryfjurnar á öðrum stað og síður áberandi en nú er. Vestmannaeyjar eiga áreiðanlega eftir að verða fjölsótt ferðamannasvæði, ef rétt verður í haginn búið, og Helgafell er það íslenzkt eldfjall, sem flestir þeir, er til landsins koma sjóleiðina, líta fyrst augum, enda eru þær myndskreyttu ferðalýsingar hér fáar, sem ekki geyma mynd af Helgafelli. Helgafell er og höfuðprýði eyjarinnar. Hirðuleysisleg og sóðaleg umgengni um það fjall er ekki aðeins Vestmannaeyingum, heldur og allri þjóðinni til vanza.

Yfirleitt virðist vera óþarflega mikið um náttúruspjöll og slæma umgengni í sambandi við mörg mannvirki hérlendis, einkum eftir að jarðýtur og önnur stórvirk vinnutæki komu til sögunnar. Frágangur á mörgum vegarköflum, þar sem jarðýtur hafa verið notaðar, er t. d. mjög vítaverður, þótt dæmi hins gagnstæða verði, sem betur fer, nefnd, sbr. t. d. frágang á veginum yfir Vatnsskarð og Holtavörðuheiði. Á prenti hefur og verið átalinn frágangur á Skeiðfossrafstöðinni, en hins vegar er frágangur á Ljósafossstöðinni til hreinnar fyrirmyndar. Hér veldur, hver á heldur, og í mörgum tilfellum er það skilningur forráðamanna mannvirkja á gildi góðrar umgengni og náttúruverndar, sem sköpum ræður. Er vert að nefna hér eitt dæmi, sem til mikillar fyrirmyndar er í þessu efni. Fyrir sjö árum var byggð brú yfir Laxá í Þingeyjarsýslu á veginum frá Arnarvatni norður með Mývatni að vestan. Laxá rennur þarna sem annars staðar milli fagurra, gróðursælla hraunbakka, og á brúarstæðinu er undurfagur hólmi í ánni. Er hann vaxinn hvönn og blágresi. Þeir Mývetningar, er stjórnuðu brúarbyggingunni, fluttu grjót og hnausa í hleðslu alllangt að, en þyrmdu hins vegar bökkum árinnar. Og svo nærgætnislega var unnið, að í hólmanum var varla troðin niður nokkur blágresisplanta. Slík ræktarsemi og snyrtimennska og skilningur á gildi þess að eira náttúrunni, er sannarlega þess virði, að getið sé.

Náttúruspjöllin blasa því miður víða við. Hjá Brjánslæk á Barðaströnd eru einhverjar hinar fegurstu jurtaleifar frá tertiertímanum, sem til eru í nokkru landi. Sérhver ferðamaður, sem þangað kemur, getur átölulaust rótað í þessum leifum og tekið með sér leirflögur, sem að jafnaði molna niður heima hjá honum, engum til gamans né gagns. Ferðalangar gera sér gjarna að stundargamni að brjóta niður og hafa á brott með sér dropsteinsdröngla úr Surtshelli, aðalprýði hellisins, og er þegar búið að stórskemma hann og aðra hella landsins með slíkum aðförum. Hverir landsins, og ekki sízt hinir fögru hverir á Hveravöllum, eru í ærinni hættu fyrir spellvirkjum. Þess má og geta, að eins og nú hagar til með löggjöf er ekki heimilt að friða sjaldgæfar jurtir, sem fundizt hafa á aðeins einum stað eða fáum stöðum.

Er auðvitað höfuðnauðsyn á lagaheimild til friðlýsingar á slíkum jurtum. Nefna má til dæmis í því sambandi klettaburkna (asplenium viride), sem vex aðeins á tveimur blettum í Öræfum og það aðeins í örfáum tugum eintaka, og glitrósina (rosa canina), sem vex aðeins á einum stað, Kvískerjum í Öræfum, svo að kunnugt sé.

Svona mætti lengi telja til að sýna hina miklu nauðsyn, sem er á löggjöf um náttúruvernd.

III.

Rétt þykir að fara næst nokkrum orðum um náttúruverndarmál á Alþingi. Tvenn frv. til laga um náttúrufriðun hafa verið borin fram á Alþingi, og annað þeirra tvisvar. Próf. Magnús Jónsson flutti fyrra frv., fyrra sinni 1932 (Alþtíð. 1932, A, þskj. 689, bls. 1223—1226), en síðara sinni 1933 (Alþtíð. 1933, A, þskj. 95, bls. 295—298). Fyrirsögn frv. var „frumvarp til laga um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl.“. Frumvörp þessi dagaði uppi í þinginu. Hitt frv., sem hét „frumvarp til laga um friðun náttúruminja“, var flutt á Alþingi 1934. Flutti allsherjarnefnd Ed

það að ósk dómsmálaráðherra (Alþtíð. 1934, A, þskj. 435, bls. 651—654). Þetta frv. dagaði einnig uppi á Alþingi, og hefur ekki verið flutt síðan. Þá er þess að geta, að tveir alþingismenn, Páll Þorsteinsson og Jón Gíslason, báru fram á Alþingi 1947 tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um veiði, friðun fugla og eggja o. fl. (Alþtíð. 1947, A, þskj. 361, bls. 683). Varð tillagan ekki rædd á því þingi. Sömu alþingismenn fluttu tillöguna á ný á næsta þingi (Alþtíð. 1948, A, þskj. 53, bls. 162—3). Var tillagan þá samþykkt sem svofelld þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu". Enn fluttu sömu þingmenn fyrirspurn til menntamálaráðherra um það á þinginu 1950, hvað endurskoðun þeirri liði, er þingsályktunin fjallar um (Alþtíð. 1950, D, bls. 262—266). Loks er vert að minnast á tillögu til þingsályktunar, sem Jónas Jónsson, alþingismaður, flutti 1948 um verndun Geysis í Haukadal (Alþtíð. 1948, A, þskj. 501, bls. 920). Sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu þingsins.

IV.

Áður en vikið er að einstökum köflum frv. og greinum, þykir rétt að drepa á nokkur almenn atriði, sem á reyndi, þegar frv. var samið.

1. Í frv. því til laga um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl., sem lagt var fram á Alþingi 1932 og 1933, var gert ráð fyrir því, að fjallað væri í sama lagabálki um náttúruvernd og friðlýsingu merkra sögustaða. Ráðagerð sýnist og vera uppi um sömu hætti í þingsályktun Alþingis frá 25. febrúar 1948. Semjendur þess frv., sem hér er lagt fram, töldu ekki hyggilegt að hafa þenna hátt á. Yfirleitt ráða aðrar ástæður því, að náttúruminjar séu friðaðar en söguminjar. Yrði því óhjákvæmilegt að kveða á um friðlýsingu þessara tvenns konar minja í aðgreindum köflum frv., og væri mjög fátt, sem tengdi þá. Myndi frv. við þá hætti verða óskýrara og ruglingslegra. Hér er einnig á það að líta, að lítt gerlegt væri og raunar ógerlegt að láta sömu yfirvöld fjalla um náttúruverndarmál sem um mál, er varða friðun merkra sögustaða. Þyrfti því einnig að hafa sér ákvæði í frv. um skipulag og meðferð á málum, er lúta að sögustöðunum. Þessi tvenns konar friðunarandlög skortir þá þann eðlisskyldleika eða eðlistengsl, sem valdi því, að ávinningur sé að ræða þau í sama bálki. Þess má og geta, að í löggjöf Norðurlandaríkjanna, Þýzkalands og flestra svissnesku fylkjanna er þetta tvennt greint sundur. Þótt þessi háttur sé valinn, þykir rétt að benda á, að brýn þörf er á fyllri ákvæðum en nú eru í lögum um friðun merkra sögustaða, en ákvæði um það efni eru tengdari lögum um fornminjar en löggjöf um náttúruvernd. Mun raunar einnig rétt að taka til athugunar í því sambandi, hvort ekki sé þörf á lagafyrirmælum um friðun gamalla bygginga eða annarra sérkennilegra mannvirkja, þótt ekki séu þau sögufræg.

2. Hugtakið náttúruvernd er mjög víðtækt hugtak og tekur í rýmstu merkingu til verndar á öllum þáttum náttúrunnar, kvikum og dauðum. Í lögum um náttúruvernd er óvíða eða jafnvel hvergi farin sú leið að mæla í einum og sama lagabálki um vernd á öllum þáttum náttúrunnar. Heppilegra þykir að skipa í sérlögum fyrir um vernd ýmissa sérgreindra þátta náttúrunnar, svo sem fugla, eggja og hreiðra, spendýra og fiska. Þau svið náttúrunnar, sem þá verða eftir, eru lægri dýr, alls konar gróður, jarðvegur og jarðmyndanir, fossar og stöðuvötn og annað vatn á jörðu og í, ýmiss konar auðæfi, sem brotin verða eða unnin úr jörðu, og annað því skylt.

En í þorra laga um náttúruvernd erlendis er jafnvel ekki mælt fyrir um þessa þætti náttúrunnar alla, sem síðast voru nefndir. Ýmsar stoðir geta runnið undir náttúruvernd samkvæmt þrengra hugtakinu, sem hér hefur verið reifað, eða mismunandi sjónarmið leitt til hennar. Þarf rannsóknar við, hvort hyggilegt sé að ræða þær hliðar allar í lögum um náttúruvernd.

Greina má milli náttúruverndar, sem styðst við menningarleg rök og sjónarmið, náttúruverndar, sem á rót í félagslegum viðhorfum, og náttúruverndar, sem reist

er á fjármunalegum grundvelli. Skal nú farið nokkrum orðum um þessa þrjá þætti hvern um sig.

a. Ekki orkar tvímælis, að taka eigi í frv. slíkt sem þetta ákvæði um náttúruvernd, sem styðst við menningarleg sjónarmið. Koma hér til í fyrsta lagi ákvæði, sem ætlað er að girða fyrir spjöll á náttúruminjum og náttúrumyndunum, sem gildi hafa til skilningsauka á náttúrufari lands og náttúruþróun. Í öðru lagi eiga hér heima ákvæði um friðun sjaldgæfra jurta og dýra og steintegunda og enn fremur fornleifa jurta og dýra. Í þriðja lagi er það menningarleg skylda að reyna að búa svo um eftir föngum, að náttúrunni sé ekki spillt að þarflausu. Á það ekki sízt við í sambandi við ýmsar framkvæmdir og mannvirki. Og í fjórða lagi er það menningarleg skylda, sem stað á í fegurðarkennd manna, að reynt sé að varðveita fögur landsvæði og stuðla að góðri umgengni um náttúruna og koma í veg fyrir, að náttúran sé lýtt með ósmekklegum tiltækjum, svo sem með því að setja upp auglýsingaeða áróðursspjöld eða letra auglýsingar eða áróðursmál á mannvirki og náttúrumyndanir utan þéttbýlis.

b. Í löggjöf um náttúruvernd erlendis eru yfirleitt tekin ákvæði um svonefnda félagslega náttúruvernd. Með því réttaratriði er átt við lagaákvæði, sem greiða fyrir því, að almenningur geti átt kost á að njóta náttúrunnar. Má þó e. t. v. segja, að slík ákvæði lúti fremur að náttúrunautn en náttúruvernd. Hér á landi er nú svo komið, að allur þorri landsmanna býr í þéttbýli og fæstir þeirra, sem þar búa, eiga land utan kaupstaða eða kauptúna. Er það þegar orðið mikið nauðsynjamál að búa svo um hnútana, að þéttbýlingar eigi færi á að njóta náttúru landsins. Ákvæði II. kafla frv. stefna að þessu marki, og verða þau skýrð í athugasemdum við þann kafla.

c. Fjármunaleg eða búskaparleg náttúruvernd lýtur að því að skapa mönnum aðhald með réttarreglum um að nytja ýmis náttúruauðæfi á hagfelldan hátt frá búskaparlegu sjónarmiði. Endursköpunarmáttur náttúruauðæfa er mismikill eins og alkunna er. Sum ganga ekki til þurrðar, þótt þau séu nytjuð í allríkum mæli, sbr. t. d. vatn eða ýmiss konar jarðargróður. Önnur verða aðeins notuð í eitt skipti og endurnýjast ekki fyrir afl náttúrunnar, sbr. t. d. málmar, mór og möl. Það er að sjálfsögðu verkefni lagasetningarvalds að setja ákvæði um nytjun ýmissa þessara verðmæta, og hefur slíkt verið gert að nokkru hér á landi, sbr. t. d. lög um náma, jarðhita, mótak, vatnsréttindi, skógrækt og ýmiss konar löggjöf um friðun á fiskum eða jafnvel öðrum þræði friðun á fuglum og spendýrum. Þótt slík lagaákvæði verði felld undir náttúruvernd í víðtækri merkingu, eru þessi ákvæði af talsvert öðrum toga spunnin en sú náttúruvernd, sem styðst við menningarleg eða félagsleg rök. Fá almenn ákvæði verða sett um þessa búskaparlegu náttúruvernd. Virða þarf við hverja tegund náttúruauðæfa, hversu takmarka eigi nytjun þeirra eða stuðla að eðlilegri nýtingu þeirra. Af þessum sökum þykir ráðlegra að skipa ákvæðum um þetta efni í sérlög, og er yfirleitt ekki mælt um þetta atriði í frv., sbr. þó t. d. 2. gr. 2. mgr.

3. Í 32. gr. frv. er lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að sækja um inngöngu fyrir Ísland í alþjóðlega náttúruverndarsambandið. Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af samþykktum sambandsins, svo að íslenzk löggjöf girði ekki fyrir aðild Íslands að sambandinu.

4. Þegar setja á lög um efni eins og náttúruvernd, er ljóst, að ákvæði þeirra hljóta að koma nokkuð við eignarrétt einstakra aðila. Frv. leggur eigendum og öðrum rétthöfum að eign þá skyldu á herðar, að þola ýmiss konar takmarkanir á eignarráðum sínum. Þeir verða að hlíta friðlýsingu á náttúruminjum o. fl. í löndum sínum (sbr. 1. gr. og að nokkru leyti 8. gr.), banna má þeim jarðnám ýmiss konar (2. gr.), og þeim er óheimilt að hafa uppi auglýsingar á eignum utan þéttbýlis eða áráðursspjöld eða áletranir (4. gr.). Þá er öllum mönnum, þ. á m. eigendum, lögð sú skylda á herðar að forðast allt það, er leiða kann til náttúruspjalla að þarflausu (3. gr.), og eigendur verða að sæta för almennings um óræktuð lönd þeirra og dvöl þar (6. gr.) og berjatínslu á vissum svæðum (7. gr.). Þegar almenn

lög mæla fyrir um slíkar takmarkanir á eignarrétti, rís að jafnaði það álitaefni, hvort þær baki bótaskyldu.

Í frv. eru ekki almenn ákveði um það, hvaða náttúruverndaraðgerðir baki bótaskyldu. Náttúruverndarnefndum og dómkvöddum yfirvirðingarmönnum er ætlað að greiða úr bótaþætti máls, þ. e. um bótagrundvöll og fjárhæð bóta. Úrlausn þeirra er fullnaðarúrslit varðandi ákvörðun um fjárhæð bóta, en úrlausn þeirra um bótagrundvöll má hins vegar bera undir dómstóla, sbr. 18. gr. frv. Um bótagrundvöllinn sjálfan, bótaskylduna, er örðugt að setja reglur í almennum lögum, þar eð 67. gr. stjórnarskrárinnar bindur hendur almenna lagasetningarvaldsins. Frv. byggir hins hins vegar á þeim skilningi á 67. gr., sem nú er tíðastur, að almennar takmarkanir á eignarrétti, sem leggjast með svipuðum þunga á alla þá eigendur, sem jafnt stendur á um, baki ekki bótaskyldu. Á það má benda hér, að á nokkrum stöðum í frv. er beinlínis veitt heimild til eignarnáms, sbr. 1. gr. d-lið, 7. gr. 4. mgr. (jafngildi eignarnáms), 8. gr. og 17. gr.

5. Hér að framan hefur það verið rakið, hver nauðsyn sé á setningu laga um náttúruvernd. Ljóst er, að árangur af slíkri löggjöf veltur á mörgum atvikum. Í fyrsta lagi er ókleift að vinna að þessum málum, nema nokkurt fé sé veitt til ýmissa aðgerða eftir lögunum. Í öðru lagi skiptir höfuðmáli, að náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð verði skipuð áhugamönnum, sem tök hafa á að beita sér í þessum efnum. En að lokum er á það að líta, að ekki má vænta góðs árangurs, nema allur almenningur sýni skilning í orði og verki á gildi náttúruverndar. Verður það væntanlega verkefni náttúruverndarráðs og félagsskapar náttúruunnenda að glæða þann skilning, m. a. með útgáfu upplýsingarrita um þessi mál. Er vikið að þessu verkefni náttúruverndarráðs í 27. gr. frv.

6. Hugtakið náttúruvernd hæfir e. t. v. ekki alls kostar vel því efni, sem frv. fjallar um. Í fyrsta lagi kann það að vekja þá hugsun, að frv. sé ætlað að fjalla um alla þætti náttúrunnar, sem vernda eigi eftir íslenzkum lögum. Í öðru lagi er mönnum sennilega ótamt og e. t. v. framandi að tala um náttúruvernd, þar sem er hin svo nefnda félagslega náttúruvernd. Að þessu leyti kann hugtakið náttúruvernd í frv. að vera of rúmt. En þess má geta í þriðja lagi, að vera má, að hugtakið sé of þröngt í einu sambandi. Hugtakið bendir a. m. k. fyrst og fremst til neikvæðra atriða, þ. e. til þess, að ætlunin sé að sporna við spjöllum á náttúrunni. En tilgangur með náttúruvernd er einnig sá, að efna til jákvæðra úrræða til að bæta úr spjöllum, sem þegar hafa verið framin á náttúrunni. Hugtakið náttúruvernd er valið hér þrátt fyrir þessa annmarka, og má vænta þess, að það verði mönnum tamt í þeirri merkingu, sem lögð er í það í frv. Ljóst er, að hugtakið náttúrufriðun, sem notað er í eldri frv., er flutt hafa verið á Alþingi um þetta efni, er of þröngt um þær aðgerðir, sem frv. þetta fjallar um.

7. Ýmis erlend náttúruverndarlög hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu frv., svo sem Norðurlandalögin, þýzk lög, svissnesk og frönsk. Dönsku og sænsku lögin hafa verið endurskoðuð nýlega, sbr. lög nr. 140/1937 í Danmörku og lög frá 21. nóv. 1952 í Svíþjóð. Frv. til nýrra náttúruverndarlaga hefur og verið lagt fram í Noregi nýlega. Hafa þessi tvenn lög og lagafrumvörp reynzt drýgst til fyrirmyndar við samningu frv.

Athugasemdir við einstaka kafla og ákvæði frv.

Frv. er hlutað í sjö kafla. Fjallar I. kaflinn um umtak náttúruverndar eða svið hennar, þ. e. hvaða efni verði vernduð eða njóti verndar samkv. frv. II. kafli fjallar að nokkru um sama efni, en þar er rætt sérstaklega um aðgang almennings að náttúru landsins (félagslega náttúruvernd). Í III. kafla er rætt um stjórn náttúruverndarmála, í IV. kafla um úrlausn og meðferð náttúruverndarmála, í V. kafla eru almenn ákvæði, í VI. kafla eru ákvæði um refsingar og önnur viðurlög og í VII. kafla eru ákvæði um gildistöku og breytingar á eldri lögum.

I. kafli.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru greindar í heild lagaheimildir um friðlýsingu. Utan 1. gr. er þó veitt heimild í 8. gr. til að friða landsvæði. Sú friðun, sem þar um getur, helgast af sjónarmiðum félagslegrar náttúruverndar eða náttúrunautnar, og þykir því hentara að skipa þeirri heimild með ákvæðum II. kafla en fjalla um hana í 1. gr.

Friðlýsingarheimildum er skipað í fjóra liði í 1. gr. Greining heimildanna er að verulegu leyti reist á því, að andlög friðunar eru mismunandi eftir liðunum. Í a-lið eru það sérstæðar náttúruminjar, sem eru andlög friðunar. Samkv. b-lið má friðlýsa jurtir og dýr, en eftir e- og d-liðum eru landsvæði háð friðlýsingu. Greinimunur á c- og d-liðum er fyrst og fremst sá, að eftir c-lið er ætlunin að stemma að meira eða minna leyti stigu við umferð um friðlýst landsvæði, en almenningur á að eiga aðgang að svæðum þeim, sem d-liður tekur til. Það er því fremur mismunandi markmið friðlýsingar, sem skilur milli c- og d-liða, en hitt, að andlögin séu misjöfn.

Ástæðurnar, sem liggja til grundvallar friðlýsingu samkv. 1. gr. eru mismunandi eftir því, á hvern liðinn er litið. Gætir þar mest tvenns konar ástæðna, sem nefna mætti fegurðarástæður og náttúrufræðilegar ástæður. En ljóst er, að oft eru ástæður þessar samslungnar, svo að þær ráða báðar tiltekinni friðun. Náttúrufræðilegar ástæður einar myndu tíðast ráða friðlýsingu samkv. b- og c-liðum 1. gr., og slíkt hið sama gæti átt sér stað um einstakar friðlýsingar samkv. a-lið 1. gr., en samkv. þeim lið gætu og fegurðarástæður einar sér ráðið friðlýsingu. Við friðlýsingu eftir d-lið myndi bæði reyna á náttúrufræðilegar ástæður og tíðast einnig fegurðarástæður.

Það er sammerkt öllum liðum 1. gr., að lagt er á vald náttúruverndarnefnda og náttúruverndarráðs að lokum að meta, hvort rétt sé að neyta heimilda 1. gr. til friðlýsingar. Því mati er sniðinn sá stakkur, samkv. a-lið, að friðlýsing er því aðeins heimil, að telja verði mikilvægt að varðveita náttúrumyndanir, og sama orðalag er notað í c-lið. Að efni til er og sama viðmiðunarregla í b-lið, en slíkrar reglu er ekki getið sérstaklega í d-lið, þótt mat þetta verði leyst þar með svipuðum hætti.

Friðlýsingarheimildir 1. gr. eru með allmismunandi móti. Af þessum sökum skiptir miklu máli, að heimildir þessar og flokkar friðlýstra náttúruminja séu skýrt aðgreind.

Virkasta úrræði til að koma á þeirri greiningu er það að velja hverjum flokki sérstakt heiti. Er lagt til, að sérstæðar náttúruminjar svo sem fossar, hellar, drangar, gígir o. s. frv., er friðlýstar hafa verið samkv. a-lið, séu nefndar náttúruvætti (vætti er hvorugkyns, beygist sem kerti). Náttúruvætti samsvarar því, sem í bandarískri friðunarlöggjöf nefnist National monuments. Um sérstaka nafngift á jurtum og dýrum friðuðum samkv. b-lið er vart að ræða. Landsvæði friðlýst samkv. c-lið kallast friðlönd, og er þar fylgt gamalli og góðri málvenju, en friðland samsvarar hér nákvæmlega því, sem í bandarísku löggjöfinni nefnist National refuge. Landsvæði, sem friðlýst eru með stoð í d-lið, nefnast þjóðvangar, samsvarandi National parks í Bandaríkjunum, en fólkvangur þau svæði, sem friðuð eru samkv. 8. gr. frv., og samsvara þau Recreation areas í Bandaríkjunum. Virðist ekkert því til fyrirstöðu að taka orðið fólkvangur upp í þessari merkingu, þótt önnur sé merking þess orðs í fornu máli.

Um einstaka liði 1. gr. skal þessa enn fremur getið:

Um a-lið. — Andlag friðlýsingar er hér sérstæðar náttúruminjar. Í orðalagi ákvæðisins er það fólgið, að talning á þessum náttúruminjum sé ekki tæmandi. Ástæðurnar, sem hér geta legið til friðlýsingar, eru bæði þær, að friðlýsing hafi fræðilegt gildi, og eins þær, að náttúruminjar séu fagrar eða sérkennilegar. Geta og ástæður þessar farið saman. Friðlýsingin getur skapað bætta aðstöðu til rannsókna á náttúru landsins, og enn fremur til kennslu í náttúrufræðum. Að því er fegurðarástæður

varðar, er þess að geta, að hvarvetna um lönd eru gerðar ráðstafanir af hendi allsherjarvalds til að vernda sérstaklega náttúrufagra eða sérkennilega staði. Er brýn þörf á að hafa heimild í lögum til slíkrar friðlýsingar hér á landi, þar sem óvenju mikið er um fagrar og sérkennilegar náttúruminjar, er laða að sér ferðamenn, innlenda og erlenda, og eru héraðsbúum til yndis. Þess er og að gæta, og er raunar næsta þýðingarmikið atriði, að hérlendis verða náttúruspjöll að jafnaði meira áberandi en erlendis og sjást víðar að vegna þess, hve landið er lítið gróið, og þó einkum vegna þess, hve skógvana það er.

Í a-lið er veitt heimild til að friðlýsa fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda. Er orðið mjög aðkallandi að fá lagaheimild til þess.

Um b-lið. — Samkvæmt b-lið er heimilt að friðlýsa jurtir eða dýr, sem hætt er við útrýmingu, á tilteknum svæðum eða á landinu í heild. Sá skildagi er orðaður, að miklu skipti frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði, að náttúruminjar þessar varðveitist. Sker mat náttúruverndarráðs til fullnustu úr í því efni. Hér er m. a. veitt heimild til að friða fágætar jurtir, sem e. t. v. vaxa aðeins á einum stað á landinu eða á örfáum stöðum, og hið sama á við um dýr, sem hliðstætt stendur á um, ef á skyldi reyna. Heimildin getur verið meira eða minna staðbundin, tekið til eins fundarstaðar, einnar sveitar, eins héraðs, landshluta eða landsins í heild. Væri t. d. plöntutegund enn algeng á Austfjörðum, en fyndist hvergi annars staðar á landinu að fráskildum tveimur smáblettum á Vestfjörðum, væri ástæða til að friða hana á þeim tveimur blettum, en engin ástæða til að friða hana á Austfjörðum.

Um c-lið. — Friðlýsing samkvæmt þessum lið tekur til landsvæða með sérstæðu gróðurfari eða dýralífi. Friðlýsing Eldeyjar í því formi, sem hún nú er til verndar súlubyggðinni í eynni myndi t. d. falla beint undir þennan lið, sömuleiðis myndi friðun einhvers óasa (vinjar) í hálendinu, t. d. Hvannalinda, falla hér undir. Oftast myndu náttúrufræðileg rök ein liggja til friðlýsingar eftir þessum lið, þótt önnur rök, t. d. menningarsöguleg eða atvinnusöguleg, geti einnig komið til greina. Markmiðið með friðlöndum þessum er að varðveita náttúruna óspillta með óbreyttu náttúrufari sínu og leyfa henni að þróast með náttúrlegum hætti. Um hvert slíkt friðland fyrir sig myndu gilda sérstök ákvæði, er sett væru af náttúruverndarráði, bæði um takmörkun umferðar og annað, er þurfa þætti við, til verndar gróðri og dýralífi svæðisins.

Um d-lið. — Ákvæðið veitir heimild til að stofna til þjóðvanga (þjóðgarða) á samfelldum svæðum með sérstæðu landslagi.

Hugmyndina um þjóðvanga má rekja til Bandaríkja Norður-Ameríku, sem fyrr greinir. Þjóðvangar í Bandaríkjunum eru nú 25 talsins, að meðtöldum þjóðvanginum á Hawaii, og eru 5 þeirra yfir 2000 ferkílómetrar. Þar að auki eru minni svæði, sem njóta náttúruverndar (National monuments), rúmlega 60 að tölu. Alls eru náttúruvernduð svæði í Bandaríkjunum meira en þriðjungur Íslands að flatarmáli.

Eftir bandarískri fyrirmynd hafa þjóðvangar verið stofnaðir í mörgum löndum. Má meðal hinna stærstu og merkustu nefna Canadian National Park í Alberta, Parc National d'Albert í austurhluta Belgísku Kongó og þjóðvangana í Argentínu, Suður-Afríku og Ástralíu. Þess er og skemmst að minnast, að stjórn Nýja-Sjálands friðlýsti fyrir fjórum árum 1600 ferkílómetra svæði syðst í landinu í því skyni að vernda fuglinn Takahe frá útrýmingu (fugl þessi var talinn útdauður, en hann fannst á þessu svæði fyrir fimm árum).

Í flestum eða öllum löndum á meginlandi Evrópu eru nú þjóðvangar. Jafnvel í Hollandi, þar sem þéttbýli og þröngbýli er geysilega mikið, eru 55 friðlýst svæði, og er hið stærsta þeirra 39 ferkílómetrar að stærð. Í Svíþjóð eru fleiri þjóðvangar en í hinum norrænu löndunum. Eru þeir 15 talsins. Kunnastur þeirra er Abiskó náttúrufagurt og gróðursælt svæði við suðurströnd Torneträsk, en mestur sænskra þjóðvanga er Muddus, sem einnig er í Lapplandi, 492 ferkílómetrar að stærð.

Þjóðvangar gegna tvenns konar hlutverki eftir frv., náttúrufræðilegu og félags-

legu. Er ætlunin að varðveita allstór landsvæði, þar sem þjóðvangarnir eru, og koma í veg fyrir, að þeim sé raskað, þannig að svæði þessi fái að þróast á náttúrlegan hátt. Er það mikið náttúrufræðilegt hagsmunamál að varðveita á þennan hátt dæmi um landslag og náttúru, sem ekki breytist fyrir tilverknað manna og njóti friðunar fyrir ágangi búfjár og annarra dýra. Þjóðvangar í öðrum löndum hafa og verið taldir mikilvægur vettvangur til núttúrufræðilegra rannsókna. Á það verður að leggja áherzlu, að náttúran fái að þróast með eðlilegum hætti á svæðum þessum, t. d. er ekki rétt að planta erlendum jurtum eða trjám í þessi svæði. Að sjálfsögðu væri forstöðumönnum slíkra garða heimilt og eftir atvikum skylt að útrýma meindýrum af þessum svæðum, þótt ekki sé þess sérstaklega getið í frv.

Þá er þjóðvöngum einnig ætlað að rækja félagslegt hlutverk. Þeir eiga að vera félagssvæði, þar sem almenningur á aðgang og getur notið náttúrunnar. Mundi dvöl manna þar vera fallin til að örva skilning þeirra á náttúru landsins og verða mönnum til heilsustyrktar.

Samkv. d-lið 1. gr. er gert ráð fyrir því, að landsvæði, sem eru í ríkiseign, yrðu fyrst og fremst tekin undir þjóðvanga. Hins vegar er ekki skotið loku fyrir, að lönd annarra aðila verði tekin til þessara nota, og er veitt heimild til eignarnáms í ákvæðinu.

Í 8. gr. frv. er heimilað að stofna fólkvanga. Er ljóst, að verulegur mismunur er á þessu tvennu, þjóðvangi og fólkvangi samkv. frv. Fólkvöngum er fyrst og fremst ætlað að rækja félagslegt hlutverk. Hvorki er ætlunin að varðveita náttúruminjar, þar sem þeir garðar eru, né forða sérstæðu landslagi frá röskunum. Val á landi undir fólkvanga ræðst því af allt öðrum atvikum en val á landi til þjóðvanga. Í þessum fólkvöngum er ekki girt fyrir það, að náttúrunni sé raskað, erlendum jurtum plantað, leiktæki sett upp o. s. frv. Þrátt fyrir þetta geta slíkir garðar einnig gegnt náttúrufræðilegu hlutverki, enda er ætlunin, að þeir séu friðaðir fyrir ágangi dýra.

Þótt gert sé ráð fyrir aðgangi almennings að þjóðvöngum, er að sjálfsögðu á því byggt, að almennar reglur séu settar um aðgang almennings að görðum þessum og um umgengni, sbr. 30. gr. 2. málsgr. frv.

Hér á landi er einn þjóðgarður, eins og kunnugt er, þjóðgarðurinn á Þingvelli. Sérstök lög, nr. 59/1928, gilda um hann. Ástæðurnar, er ráða friðlýsingu Þingvallar, eru að sjálfsögðu fyrst og fremst sögulegar, þótt náttúruverndarrök liggi þar einnig til grundvallar. Renna því að nokkru aðrar stoðir undir þann þjóðgarð en þjóðgarða samkv. d-lið 1. gr. frv. Í frv. er gert ráð fyrir, að l. nr. 59/1928 haldi gildi sínu þrátt fyrir lögleiðslu þessa frv., enda mun heppilegt, að þjóðgarðurinn á Þingvelli lúti sérstakri stjórn, eins og verið hefur. Ástæða þykir til að benda á það hér, að æskilegt er að náttúra Þingvallar fái að þróast með eðlilegum hætti, án þess að erlendar jurtir eða tré séu gróðursett þar.

Í sambandi við 1. gr. frv. í heild er rétt að drepa á það, að í 17. sbr. 18. gr. frv. er því lýst nokkru nánar, í hverju friðun geti verið fólgin og hverjar ráðstafanir gera beri í sambandi við friðunina. En fremur er sett almenn eignarnámsheimild í lok 17. gr.

Um úrlausn friðlýsingarmáls samkv. 1. gr. er ákvæði í 12. gr. frv., og má sérstaklega vekja athygli á lokaákvæði 12. gr., þar sem áskilið er, að samþykki Menntamálaráðuneytis komi til í nokkrum tilvikum, þótt náttúruverndarráð hafi ákveðið friðlýsingu fyrir sitt leyti.

Um 2. gr.

Að framan var það rakið, að allmikil brögð væru að náttúruspjöllum hér á landi í sambandi við mannvirkjagerð. Því var og haldið fram, að oft mætti komast hjá slíkum spjöllum, án þess að framkvæmdir biðu hnekki við, ef forráðamenn mannvirkja hefði skilning á náttúruvernd og vilja til að forðast náttúruspjöll. Í 1. mgr. 2. gr. er lögð sú skylda á þá, sem ábyrgð bera á mannvirkjagerð eða jarð-

raski að leita álits náttúruverndarráðs, áður en verk er hafið, ef hætta er á því, að sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúruminjum sé spillt.

Skylda til að leita álits náttúruverndarráðs er hér bundin við það, er fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask veldur hættu á því, að sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúruminjum sé spillt.

Það er að sjálfsögðu álitamál, hvenær hætta stafi af verki samkv. upphafi 2. gr. Við sum mannvirki má jafnaðarlega vænta slíkrar hættu, svo sem við virkjanir og breytingar á vatnsborði stöðuvatna. Um önnur mannvirki fer þetta meira eftir atvikum, svo sem stærð þeirra, legu o. fl. Til dæmis um skaðvæna mannvirkjagerð mætti nefna vegagerð og skurðgröft, byggingu verksmiðju eða annars iðnaðarhýsis.

Ljóst er, að bygging venjulegra íbúðarhúsa getur leitt af sér þá hættu, sem rætt er um í upphafi 2. gr. Væri því út af fyrir sig æskilegt frá náttúruverndarsjónarmiði, að leitað væri álits náttúruverndaryfirvalda, áður en í slíka byggingu væri ráðizt, ef aðstaða væri slík sem 2. gr. víkur að. En þess konar hættir væru sjálfsagt óframkvæmanlegir, og a. m. k. yrði náttúruverndarráði eða -nefndum bersýnilega ofviða að hafa eftirlit með þeim málum öllum. Lögleiðsla ákvæðis, er að slíku lyti, myndi vera athafnalífinu allt of mikill fjötur um fót. Yfirleitt verður að vara við því að teygja náttúruverndina of langt. Þeir, sem unna náttúruvernd, verða að ætla sér af. Hér er einnig á það að líta, að allur þorri húsbygginga veldur ekki neinni hættu á óhagstæðri breytingu á landslagi. Er því sleginn sá varnagli, að ekki þurfi að leita álits náttúruverndarráðs, þegar reisa skuli íbúðarhús. Af sömu sökum er sá fyrirvari gerður, að óþarft sé að leita álits ráðsins, þá er reisa á venjulegar byggingar í sambandi við landbúnað.

Er leggja skal í annars konar mannvirkjagerð en íbúðarhúsbyggingar og byggingar, sem standa í sambandi við landbúnað, er hins vegar skylt að leita álits náttúruverndarnefnda. Þetta tekur þó ekki til mannvirkja, sem reist eru í kaupstöðum og kauptúnum. Ástæðurnar til þessa fyrirvara eru í fyrsta lagi þær, að minna er í húfi á þessum svæðum frá náttúruverndarsjónarmiði, en í öðru lagi er yfirleitt lögskylt að gera skipulagsuppdrætti af þeim, og ættu þá bygginganefndir og skipulagsnefndir að gæta þess m. a., að mannvirki raski ekki sérstæðu landslagi.

Samkv. 2. gr. ber að leita álits náttúruverndarráðs. Að sjálfsögðu kom til greina að orða frumvarpsregluna þannig, að leita skyldi til náttúruverndarnefnda í stað náttúruverndarráðs. Kostirnir við síðargreindu hættuna eru þeir, að hægara er að leita til nefndar, sem er nálægt vettvangi, en til ráðs, sem aðsetur hafi í Reykjavík, og nefndarmenn hafi meiri staðarþekkingu en náttúruverndarráðsmenn. Rökin fyrir þeirri skipan, að leita skuli til náttúruverndarráðs, eru hins vegar allmörg. Í fyrsta lagi er á það að líta, að flest þeirra mannvirkja, sem eru þannig vaxin, að skylt er að leita álits um þau, eru reist eða unnin á vegum stofnana, sem aðsetur hafa í Reykjavík. Má nefna sem dæmi rafvirkjanir, vegagerðir, brúa- og símaframkvæmdir og hafnargerðir, að svo miklu leyti sem þær geta fallið hér undir. Forráðamenn þeirra stofnana, sem standa fyrir slíkum mannvirkjum, eiga hægara með að leita til náttúruverndarráðs en einstakra náttúruverndarnefnda. Einnig má benda á það, að verkfræðileg störf í sambandi við mikinn fjölda annarra mannvirkja eru unnin í Reykjavík, og verður þá tiltölulega greitt að leita til náttúruverndarráðs. Þá er og fremur að vænta samræmdra aðgerða í þessum sökum, ef náttúruverndarráð ræður þessu atriði til lykta en náttúruverndarnefndir. Loks má nefna, að í náttúruverndarráði er betur séð fyrir kunnáttumönnum í náttúrufræði og verkfræði en er um náttúruverndarnefndir. Ættu því umsagnir ráðsins að verða þyngri á metunum en álit nefndanna. En ljóst er, að ráðið myndi hafa samband við héraðsnefnd þá, þar sem mannvirkið er fyrirhugað, til öflunar upplýsinga, ef þörf þætti.

2. gr. 1. mgr. skyldar forráðamenn mannvirkjagerða o. fl. til að leita álits náttúruverndarráðs. Umsögn ráðsins er hins vegar ekki bindandi í þeim skilningi, að óheimilt sé að reisa mannvirki, ef umsögn leggur gegn því. Að vísu kom til orða

að hafa umsögn ráðsins bindandi, en frá því var horfið fyrir þá sök eina, að talið var, að slíkir hættir fælu í sér of mikið haft á athafnalíf manna. Í því sambandi er einnig á það lítandi, að vænta má þess að umsögnin skipti miklu máli, þótt ráðið geti ekki með þessum hætti girt fyrir mannvirkjagerð, því að reynslan sýnir, að náttúruvernd á yfirleitt miklu fylgi að fagna. Menn valda miklu oftar náttúruspjöllum af gáleysi en ásetningi. Þegar mannvirki skal reisa á vegum ríkis eða bæjar, má yfirleitt ætla, að umsögnin verði virt til fullnustu, og eins er í þeim tilvikum, er þessir opinberu aðilar leggja að einhverju leyti atbeina sinn til mannvirkja eða sækja þarf um leyfi til þeirra um að reisa mannvirki. Það, sem hér er lagt til, er og að ýmsu leyti vænlegt til þess að stofna til góðrar samvinnu milli náttúruverndarráðs og ýmissa verktaka.

Þótt umsögn náttúruverndarráðs sé ekki bindandi, er þó skylt að leita álits ráðsins. Ef vanrækt er að leita umsagnar, getur lögreglustjóri varnað því, að verki sé haldið áfram, sem hafið er, sbr. 1. mgr. 2. gr. Enn fremur getur sú vanræksla varðað sektum samkv. 33. gr., en byggt er á því, að ekki séu höfðuð mál, nema um tvímælalaust brot sé að ræða, þar eð mönnum má oft vera óljóst, hvort skylda samkvæmt upphafi 2. gr. hvíli á þeim.

Vera má, að náttúruverndarráði þyki ekki ástæða til að leggja gegn því, að í mannvirki sé ráðizt, þótt vænta megi nokkurra spjalla á sérkennilegu landslagi eða náttúruminjum. Í 4. málslið 1. mgr. greinarinnar er ráðinu þá heimilað það úrræði að leggja fyrir forstöðumenn mannvirkis að gæta sérstakrar varúðar í því skyni að forðast náttúruspjöll og að efna til ráðstafana til að koma í veg fyrir óþörf náttúruspjöll. Nú er fyrirlagi ráðsins ekki sinnt, og varðar það þá refsingu samkv. 33. gr., og auk þess er heimilt að beita dagsektum til að knýja fram ráðstafanir eftir sömu grein. 4. máls. 1. mgr. á einnig við í þeim tilvikum, er ráðið hefur lagt gegn mannvirki í umsögn sinni, samkv. 1. málsl., en forstöðumaður mannvirkis hefur lagt í það allt að einu. Náttúruverndarnefnd er einnig heimilað að beita þessu úrræði, en úrlausn nefndar skal bera undir náttúruverndarráð, svo sem segir í 12. gr.

Í 2. mgr. er náttúruverndarnefndum heimilað annað tveggja að leggja bann við sandnámi, grjótnámi eða annars konar jarðnámi, þ. á m. moldarnámi, eða áskilja, að leyfis sé leitað hverju sinni til jarðnámsins, ef sérstök hætta er á því, að sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum sé raskað. Úrskurði nefndar má skjóta til náttúruverndarráðs innan tveggja mánaða frá almennri birtingu úrskurðar í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvæði 2. mgr. er mjög mikilvægt, þar eð stórkostleg náttúruspjöll hafa verið framin hér á landi með töku þeirra efna, sem ákvæðið lýtur að. Jarðnám leiðir stundum til landbrots, í annan tíma veldur það hættu á uppblæstri og gróðurauðn, og oft eru mikil náttúrulýti af því, svo sem malargryfjurnar meðfram þjóðvegum landsins bera órækt vitni um.

Í l. nr. 123/1940, um bann gagn jarðraski, eru tvenns konar ákvæði sett um jarðrask. Í fyrsta lagi segir svo í 1. mgr. 1. gr. laganna: „Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annarra mannvirkja.“ Í öðru lagi segir svo í 2. mgr. 1. gr.: „Ráðherra er enn fremur heimilt að banna sand- og malartöku, hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hætta af því jarðraski að dómi Búnaðarfélags Íslands og vitamálastjóra.“

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 123/1940 styðst við mikla nauðsyn. Þykir ekki ástæða til að hagga við því með þessu frv. Rétt þykir þó að breyta 2. gr. laganna, þar sem heimilað er að veita undanþágur frá 1. mgr. 1. gr. í það horf, að samþykkis náttúruverndarráðs skuli leita í stað samþykkis vitamálastjóra, svo sem er í 2. gr. í núgildandi mynd. Er tillaga til breytingar á 2. gr. laga nr. 123/1940 tekin upp í 35. gr. frv.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 123/1940 er miklu víðtækara og tekur til landsins alls. Banna má jarðrask, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hætta af því. Forsenda bannsins er því fyrst og fremst sú, að búskaparleg gæði séu í húfi. Nauðsynlegt er að hafa almennt ákvæði í frv. um náttúruvernd þess efnis, að hægt sé að stemma stigu við jarðnámi, sem hafi í för með sér röskun á sérstæðu landslagi eða valdi hættu á, að merkum náttúruminjum sé spillt. Úrlausn um það efni á að sjálfsögðu undir náttúruverndaryfirvöld. Nú er mjög óheppilegt að hafa tvenns konar lagaákvæði, er heimila að leggja bann við jarðraski, þ. e. bæði 1. gr. 2. mgr. l. nr. 123/1940 og ákvæði í væntanlegum náttúruverndarlögum. Er lagt til í frv., að 2. mgr. 1. gr. l. nr. 123/1940 sé numin úr lögum, en mál þessi lögð í heild til úrlausnar náttúruverndarnefnda, enda sé kostur á að áfrýja úrlausn nefndar til náttúruverndarráðs. Rétt þykir að heimila nefndunum að fella á bann við jarðraski einnig í því tilviki, þegar nytjalandi eða byggð stafar hætta af jarðraski. Við úrlausn þess, hvort bann skyldi lagt við slíku tilviki, væri rétt að hafa samvinnu við Búnaðarfélag Íslands.

Það þykir ekki ástæða til að hafa hér sérákvæði um mótak og málmvinnslu, en byggt er á því, að leyfi til þess konar jarðrasks verði yfirleitt veitt, ef raunhæf þörf er á því.

Þess var fyrr getið, að frágangi á mannvirkjum er mjög ábótavant hér á landi, og eins skortir nokkuð á, að frá annars konar jarðraski af mannavöldum sé gengið með viðunandi hætti. Er slíkt oft og einatt til mikilla náttúrulýta. Í 3. mgr. 2. gr. frv. er náttúruverndarnefndum heimilað að leggja fyrir forstöðumann mannvirkja að bæta úr ósnyrtilegum frágangi í sambandi við mannvirkjagerð eða annað jarðrask. Ef tilmælum nefndar er ekki sinnt, er henni heimilt að beita dagsektum til að knýja þá, sem ábyrgð bera á jarðraski, til þeirra ráðstafana, sem þörf er á.

Umbætur þær, sem 3. mgr. 2. gr. lýtur að, eru alls ekki alltaf kostnaðarsamar. Úrræðaleysi í þessu efni má oft rekja til slóðaskapar og skilningsskorts á gildi sæmilegrar umgengni fremur en fjárhagslegrar vangetu. Er full þörf að veita náttúruverndarnefndum heimild þá, sem ákvæðið fjallar um. Byggt er á því, að nefndirnar neyti þessarar heimildar í hófi, t. d. yrði að kanna það, hvort sá aðili, sem skylda er felld á, skorti fjárhagslegt bolmagn til úrbóta. Fyrirmælum náttúruverndarnefnda má skjóta til náttúruverndarráðs innan fjögurra vikna frá því, er fyrirmæli voru birt aðila.

Náttúruverndarnefnd er rétt að kveða á um, hvaða úrbætur komi efnislega til greina. Fer það auðvitað eftir atvikum hverju sinni, hverjar þær séu. Þar sem land hefur verið skorið sundur með jarðýtum, kæmi t. d. til greina að sá grasfræi, svo að land greri upp að nýju, jafna mætti hröngl, sem grafið hefur verið upp úr skurðum og hrúgað hefur verið á bakka þeirra, malargryfjur má stundum byrgja, hreinsa þarf umhverfis byggingar og lagfæra lóð o. s. frv.

Í sambandi við efni 2. gr. í heild sinni er það ljóst, að mikilvægt er, að náttúruverndarráð leiti samvinnu við þær stofnanir, sem standa fyrir miklum mannvirkjum, svo sem vegamálaskrifstofu, vitamálaskrifstofu og raforkumálaskrifstofu. Til þess að sýna, hve mikið liggur hér við, ef óhyggilega er á málum haldið og hversu miklu má bjarga með góðri samvinnu, þykir rétt að taka hér upp kafla úr grein, er Sigurður Þórarinsson reit í Náttúrufræðinginn, 20. árg. 1950, bls. 9—10: „Þær vatnsvirkjanir til raforkuvinnslu, sem fyrirhugaðar eru á næstu áratugum, stofna nokkrum náttúruverðmætum í hættu, ef ekki verða þar virt önnur sjónarmið en þau hreint fjárhagslegu. Í augum verkfræðingsins, sem á að gera áætlanir um orkuver og eðlilega vill vinna sem ódýrasta orku, er Skógafoss fyrst og fremst foss, sem óvenju ódýrt er að virkja, miðað við hestafl. Frá sjónarmiði þeirra, er telja náttúrufegurð einhvers virði, er Skógafoss nokkuð annað. Frá sjónarmiði Akureyringa, sem plágast af rafmagnsleysi vetur hvern, sökum klakastíflu í Laxá, er Mývatn vatn, sem stífla má upp og nota til vatnsmiðlunar í Laxá og til að ryðja burt klakastíflum. Frá sjónarmiði náttúruunnenda er Mývatn einna fegurst vatn á landi hér. Frá hreint

náttúrufræðilegu sjónarmiði er það fullkomlega einstætt náttúrufyrirbrigði, ekki aðeins hérlendis, heldur í allri Evrópu og þótt víðar væri leitað, svo einstætt, að útlend náttúrufræðingasamtök myndu skerast í leikinn, ef sú frétt bærist þeim, að hrófla ætti að nokkru ráði við Mývatni.

Nú er það ekki skoðun mín, að náttúrufræðingar eigi að hafa í hendi sér að geta stöðvað nauðsynlegar framkvæmdir, ef þeim virðist það nauðsynlegt til verndar einhverjum náttúrumenjum. En ég tel bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að stöðva tilgangslaus náttúruspjöll. Það verður að opna augu yfirvaldanna og almennings fyrir nauðsyn þess að taka eitthvað tillit til þeirra verðmæta, sem náttúrumenjar geta fólgið í sér. Oftast má með góðum vilja bjarga a. m. k. einhverju af þessum verðmætum, án þess að það þurfi að stangast verulega við svo kölluð praktísk sjónarmið.

Tökum aftur sem dæmi Mývatn. Setjum svo, að nauðsynlegt væri vegna virkjunarskilyrða að geta breytt hæð vatnsborðsins um 50 cm. Fyrir raforkuverið gæti staðið á sama, hvort þessi breyting væri gerð með hækkun eða lækkun vatnsborðsins, en fyrir lífið í vatninu og fyrir gróður og fuglalíf á eyjum þess og ströndum getur það haft allt önnur áhrif, hvort það er hækkað eða lækkað, eða hvort það er t. d. hækkað um 30 og lækkað um 20 cm. Eins getur skipt verulegu máli, á hvaða tímum árs vatnsborðið þyrfti að breytast. Ef ekki er hægt að hlífa vatninu með öllu við breytingum, eins og langæskilegast væri, verður að reyna að finna ráð til að bjarga svo miklu sem auðið verður af náttúruverðmætum. Hér er um vandamál að ræða, sem ekki verður leyst nema í samvinnu við náttúrufræðinga, og það skal tekið fram, að Raforkumálaskrifstofan hefur sýnt góðan skilning á þessu máli."

Um 3. gr.

Efni ákvæðisins er að mæla mönnum almenna varúðarskyldu í umgengni við náttúru landsins og að fella á menn refsingar fyrir náttúruspjöll og loks að draga úr því með refsiákvæði, að menn skilji eftir rusl úti í náttúrunni, svo að til óprýði sé eða hættu.

Refsiákvæði 1. mgr. er við það miðað, að menn spilli náttúru landsins af ásetningi eða gáleysi með ólögmætum hætti. Náttúruspjöll geta að sjálfsögðu orðið við ýmiss konar mannvirkjagerð, sem er fyllilega lögmæt, og kemur ekki til álita, að ákvæði 1. mgr. 3. gr. nái til þess, ef um raskanir er að tefla, sem jafnaðarlega eru samfara slíkri mannvirkjagerð. Orðin „með ólögmætum hætti" gefa til kynna þann fyrirvara, sem hér verður að setja. Leggja þau á vald dómstóla að meta það, hvenær háttsemi sé lögmæt í þessu efni, eftir almennum sjónarmiðum í refsirétti um svonefnt hagsmunamat o. fl.

Umgengni almennings við náttúru landsins er verulega ábótavant. Vissulega er vænlegast að temja mönnum hæfilega umgengnishætti á þessu sviði með heppilegum uppeldisáhrifum og með því að móta ríkt almenningsálit, sem einhuga er um að fordæma óþörf náttúruspjöll. Orkar ekki tvímælis, að ýmsum félögum, einkum Ferðafélagi Íslands og Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi, hefur orðið mikið ágengt um að verka á almenningsálit í þá átt, sem hér var getið. Allt um það verður ekki hjá því komizt að hafa í íslenzkum lögum almennt refsiákvæði um náttúruspjöll, og má vænta þess, að það skapi mönnum nokkurt aðhald í þessum efnum.

1. mgr. 3. gr. veitir náttúru landsins í heild vernd. Ákvæðið tekur ekki til spjalla, sem unnin eru á friðlýstum svæðum, heldur varða spjöll á þeim við 33. gr. 2. mgr. frv. Rétt er að benda á það, að í ýmsum sérlögum er rætt um spjöll á vissum þáttum náttúru eða náttúrulífs og ganga refsiákvæði slíkra sérlaga framar hinu almenna refsiákvæði 3. sbr. 33. gr. Í skógræktarlögum, lögum um sandgræðslu og heftingu sandfoks, vatnalögum o. fl. eru t. d. slík sérstök refsiákvæði. En þegar refsiákvæði sérlaga þrýtur, á hið almenna ákvæði 3. gr. við. Ákvæði lögreglusamþykkta kunna að vera nothæf samfara refsiákvæði 3. gr. 1. mgr.

1. mgr. 3. gr. tekur til hvers konar ólögmætra spjalla á náttúrunni. Skiptir ekki

máli, hvaða aðferð er við höfð. Það er því refsivert eftir ákvæðinu að spilla gróðri, hvort sem það leiðir til uppblásturs eða ekki, raska hverum eða laugum að þarflausu, svo að til spjalla sé, brjóta dröngla úr hellum, skemma sérkennilegar jarðmyndanir o. s. frv.

Í 2. mgr. er fjallað um þá háttsemi að skilja eftir rusl á víðavangi, svo að til óprýði sé eða hættu. Því miður kveður allt of mikið að því hérlendis, að menn hendi frá sér rusli og þrífi það ekki eftir sig, þegar þeir eru staddir úti í náttúrunni. Sá, sem ferðast með bifreið um þjóðvegi landsins, kemst vart hjá því að sjá umhverfis veginn hrannir af alls konar rusli, sem fleygt hefur verið, svo sem flöskur og flöskubrot, umbúðir alls konar, bréfsnuddur, niðursuðudósir o. m. fl. Á tjaldstöðum og áningarstöðum blasir oft við óglæsileg mynd af viðskilnaði manna, sem þar hafa hafzt við. Ægir þar saman alls konar drasli og óhroða, sem er til óþrifa, náttúrulýta og óþæginda fyrir þá, sem síðar hasla sér völl á þessum vettvangi. Mun ekki orka tvímælis, að mikil þörf sé á almennu refsiákvæði um þá háttsemi, sem 2. mgr. 3. gr. víkur að. Í lögreglusamþykktum margra sýslufélaga eru að sönnu ákvæði, sem láta að þrifalegri umgengni um áningarstaði og tjaldstaði. En þau ákvæði eru vart fullnægjandi. Fyrst og fremst fjalla þessi ákvæði yfirleitt ekki um almenna óhreinkun á náttúru landsins, heldur aðeins eða einkum um hirðuleysislega umgengni um tjaldstæði og áningarstaði. Ákvæði þessi eru einnig nokkuð sitt með hverju mótinu, og er bersýnilega þörf á samræmingu ákvæðanna. En auk þess er á það að líta, að ákvæði lögreglusamþykkta eru yfirleitt miður kunn en ákvæði, sem sett eru í almenn lög, enda má vænta þess, að náttúruverndarráð beiti sér fyrir því að kynna almenningi ákvæði þessa frv., ef lögfest verður. Þá má einnig geta þess, að náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð myndu hafa nokkurt eftirlit með því, að ákvæðum 3. gr. 2. mgr. frv. verði hlýtt, og fæst með því aukin trygging fyrir því, að ákvæðin verði raunhæf.

Í 3. mgr. er veitt heimild til þess að láta hreinsa rusl á kostnað þess, sem brotlegur er. Krafa um endurgjald er lögtakskræf samkv. 1. gr. l. nr. 29/1885.

Um 4. gr.

Efni ákvæðisins er að koma í veg fyrir viðskiptaauglýsingar utan kaupstaða og kauptúna og áróðursspjöld eða áletranir á sömu svæðum.

Hér á landi eru nokkur brögð að því, sérstaklega í grennd við Reykjavík, að auglýsingar um einstakar vörur séu settar upp í námunda við þjóðvegi. Hafa auglýsingar þessar jafnvel verið ritaðar á erlendu máli. Þær eru sjaldnast smekklega úr garði gerðar og yfirleitt til mikilla lýta á náttúru. Við þessum ósóma, sem tekinn er hér upp eftir erlendri fyrirmynd, verður að stemma stigu eftir föngum.

Í vegalögum nr. 34/1947, 36. gr. 7. og 8. málsgr., eru svofelld ákvæði: „Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna né setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinbera tilkynningu sé að ræða. — Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.“ Ákvæði þessi voru lögfest 1933 og voru þá sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í frv. til laga um náttúrufriðun o. fl., sem lagt var fyrir Alþingi 1932. Í lögreglusamþykktum ýmissa sýsla eru einnig ákvæði, sem lúta að auglýsingum, en þau eru þó ekki fullnægjandi að þessu leyti. Ákvæðin í vegalögum leggja aðeins bann við auglýsingum meðfram alfaravegum, en full ástæða er til að bera niður á auglýsingum, þótt þær séu ekki við alfaraveg. Eiga ákvæði um þetta efni yfirleitt fremur heima í lögum um náttúruvernd en vegalögum, enda er slíkum ákvæðum skipað í náttúruverndarlög víðast erlendis. Eru því mótaðar tillögur um þessi efni í 4. gr. frv. þessa, en jafnframt er kveðið svo á í 35. gr. frv., að fyrrgreind ákvæði 36. gr. vegalaga séu numin úr gildi.

Spjöld eða áletranir, sem fela í sér áróður, eru að vísu ekki mikið tíðkuð hér á landi utan þéttbýlis. En fullt tilefni er þó til þess að girða fyrir slík áróðursspjöld, sem geta leitt til engu minni náttúrulýta en auglýsingar þær um viðskipti, sem fyrr var vikið að. Er lagt bann við slíkum spjöldum og áletrunum í sænskum lögum.

Meginregla samkv. 4. gr. frv. um auglýsingar er sú, að þær séu óheimilar utan kaupstaða og kauptúna. Frá þeirri reglu eru þó tvær undantekningar. Í fyrsta lagi er heimilt að auglýsa starfsemi eða þjónustu á þeirri eign, þar sem starfsemi fer fram eða þjónusta er veitt. Í öðru lagi eru það aðeins auglýsingar, sem eru viðskiptalegs eðlis, sem skorður eru reistar við. Skal nú farið nokkrum orðum um hvert þessara atriða um sig.

Bannið gegn auglýsingum tekur aðeins til svæða utan kaupstaða og kauptúna. Styðst þessi takmörkun á reglunni við það annars vegar, að minni náttúrulýti eru að auglýsingum í þéttbýli en strjálbýli, og hins vegar miklu meiri raunhæf þörf á auglýsingum á fyrrnefndu svæðunum en hinum síðarnefndu. Lagareglur um byggingarmálefni og skipulagsmál veita og úrræði til að vinna gegn t. d. auglýsingaspjöldum, sem varanleg eru, í þéttbýli.

Þótt auglýsingar, sem settar eru upp eða komið er fyrir utan þéttbýlis, séu yfirleitt til lýta, er á það að líta, að þær geta stundum gegnt allmikilvægu hlutverki. Vegast þá á tvenns konar hagsmunir, hagnýtt gildi auglýsingar og náttúruverndarsjónarmið.

Auglýsingar hafa t. d. hagnýtt gildi fyrir ferðamenn til upplýsingar um það, hvar greiðasala sé eða gististaðir. Tillitið til eiganda fasteignar eða þess, er rekur atvinnu í fasteign, mælir og með því, að leyfilegt sé að auglýsa atvinnustarfsemi á eigninni sjálfri. Af þessum sökum þykir ekki fært að banna auglýsingar um atvinnu eða þjónustu, ef auglýsingar eru settar á þá eign, þar sem starfsemi fer fram. Undantekningin frá meginreglunni er orðuð svo í 4. gr., að heimilt sé að setja upp auglýsingu á eign, þar sem starfsemi fer fram eða þjónusta er veitt. Með „eign“ er hér átt við það, að heimilt sé að setja upp auglýsingu á starfhýsi. Hins vegar er ekki heimilt án leyfis náttúruverndarnefndar að koma fyrir auglýsingum annars staðar á landareign en á húsinu sjálfu. Er sjaldnast þörf á slíkum auglýsingum nema á húsi sjálfu, og er því eðlilegast að banna slíkar auglýsingar að meginstefnu, en heimila þó náttúruverndarnefndum að veita undanþágu, þegar sérstaklega stendur á. Getur nefnd þá sett það skilyrði fyrir leyfi, að auglýsing sé smekklega gerð og snyrtilega sé gengið frá henni.

Hin undantekningin frá auglýsingabanninu er fólgin í því, að það eru eingöngu auglýsingar viðskiptaeðlis, sem bannaðar eru (þ. e. „reklame“). Samkvæmt því eru ýmsar auglýsingar leyfðar, svo sem tilkynningar um margs konar mannfundi, ýmsar auglýsingar frá opinberum aðilum, tilkynningar um það, hvenær aðgangur sé að ýmsum opinberum stofnunum, tilkynningar um fundna muni o. fl. Spjöld, sem á eru letruð eða rist bæjarnöfn, eru leyfileg samkv. ákvæðinu, umferðarmerki einnig að sjálfsögðu, upplýsingar um sögustaði eða náttúruminjar, spjöld eða áletranir, sem gefa til kynna bann gegn háttsemi, svo sem bann gegn aðgangi að eign, bann gegn berjatínslu, fuglaveiði o. fl. Vegvísar ættu og að falla undir undantekninguna, þótt þeir geti að vísu haft nokkurt viðskiptalegt auglýsingagildi (t. d. þegar vegvísir er settur við þjóðveg, og honum er ætlað að sýna skemmstu leið til hótels, er stendur við þverveg, eða sýna hvar næsta benzínstöð sé). En áskilja verður þó, að vegvísarnir séu staðsettir þar, sem þörf er á þeim vegna hagsmuna umferðarinnar, og ekki sé raunverulega verið að ganga á svig við auglýsingabannið með þessu.

Enn fremur verður að áskilja, að vegvísarnir séu ekki stærri eða meir áberandi en titt er, svo að þeir geti gegnt umferðarhlutverki sínu, þ. e. ekki má vera um dulbúna viðskiptaauglýsingu að tefla.

Hér að framan hefur verið rætt um það, hvers konar auglýsingar sé óheimilt að hafa uppi. Ef auglýsing er að efni til óheimil, skiptir gerð hennar yfirleitt ekki máli. Í ákvæðinu er því atriði lýst svo, að óheimilt sé að setja upp auglýsingaspjöld, festa upp auglýsingar eða letra þær á mannvirki. Þessar aðferðir við að koma fyrir auglýsingum eru aðeins nefndar í dæma skyni. Ljóst er, að sá háttur um að letra auglýsingu, sem fólginn væri í að rista hana í tré eða klappa hana í stein, lyti ákvæðinu, og yfirleitt skiptir formun auglýsingar ekki máli.

Samkv. 4. gr. hafa náttúruverndarnefndir heimild til að veita undanþágu frá auglýsingabanninu. Því er ekki lýst sérstaklega, hvenær slík leyfi verði veitt, heldur er það lagt óskorað á vald nefndanna. Byggt er á því, að leyfi verða því aðeins veitt, að sérstaklega standi á. Í 4. gr. segir berlega, að ekki sé þörf á því að skjóta ákvörðun nefndar um leyfi til náttúruverndarráðs.

Í 3. gr. er náttúruverndarnefndum heimilað að leggja fyrir aðila að taka niður auglýsingu eða breyta henni, þótt auglýsingin sé í sjálfu sér ekki andstæð lögunum. Forsenda fyrir þessu er sú, að auglýsingin sé til óprýði að mati náttúruverndarnefndar eða náttúruverndarráðs, þegar mál kemur þangað. Ákvæði þetta hvilir á þeirri staðreynd, að auglýsingar, sem ekki þykir gerlegt að byggja út með frv. þessu, t. d. áletranir á húsi um gistihússrekstur þar eða annars konar atvinnurekstur, kunni að vera yfirtak ósmekklegar, svo að til beinna lýta sé. Er náttúruverndarnefnd þá heimilað annað tveggja: að leggja fyrir aðila að taka auglýsingu niður eða breyta henni. Er heimilt að bæta beinan kostnað, sem aðili sætir vegna þessa, þ. e. kostnað við að taka niður auglýsingu, breyta henni eða setja aðra í staðinn. Vert er að geta þess, að eigandi á ekki bótarétt vegna þess atviks, að frv. tekur í ýmsum greinum fyrir, að hann geti haft uppi auglýsingar á eign sinni eða í eignarlandi.

Sinni eigandi ekki ákvæðum 4. gr. eru afleiðingarnar fyrst og fremst þær, að lögreglumenn geta tekið niður auglýsingar, sem settar eru andstætt banni greinarinnar, á kostnað hins brotlega, ef því er að skipta. Enn fremur getur sá, sem brotlegur reynist við ákvæði, bakað sér refsingu samkv. 33. gr.

Í sænsku lögunum eru þær auglýsingar einar, sem lúta að viðskiptum, bannaðar, svo sem gert er í frv. En sá fyrirvari er einnig gerður, að lausar auglýsingar (affischer) falli utan auglýsingabannsins, þ. e. auglýsingar, sem ekki eru úr varanlegu efni eða ekki eru settar sérstakar tilfæringar undir. Þó er stundum hægt að bera niður á slíkum auglýsingum samkv. refsiákvæðinu um illa umgengni um náttúru. Ljóst er, að slíkar lausar auglýsingar horfa yfirleitt síður til náttúrulýta en föstu auglýsingarnar, sem svo mætti nefna. En allt að einu er æskilegt að reisa rönd við þeim. Þeir hagsmunir, sem í húfi eru á hinu leitinu, þ. e. viðskiptahagsmunir fyrst og fremst, sýnast ekki vera svo mikilvægir, að þeirra vegna verði að leyfa þessar auglýsingar.

Í 4. mgr. 4. gr. er lagt óskorað bann við áletrunum á náttúrumyndanir. Náttúruverndarnefndir geta ekki leyft slíkar áletranir, andstætt því, sem er um áletranir, sem greinir í 1. málsgr. Hvers konar áletranir eru bannaðar samkv. 4. málsgr., og ekki einungis áletranir, sem fela í sér auglýsingar eða áróður. Áletranir á náttúrumyndunum styðjast sjaldnast við raunhæfar þarfir, en hins vegar eru þær til mikilla lýta. Er því lagt til, að þær séu bannaðar skilmálalaust. Bannið gegn áróðursspjöldunum er einnig óskorað.

Um 5. gr.

Efni ákvæðisins er að áskilja, að leita skuli umsagnar náttúruverndarráðs, áður en leyfi sé veitt til innflutnings á lifandi spendýrum.

Alkunna er, að dýr geta unnið hið mesta spellvirki á náttúru landsins. Er minkurinn nærtækt dæmi hér á landi, en hann mun mega telja einn hinn mesta vágest, sem gist hefur þetta land frá örófi alda, þegar litið er til náttúrulífs. Yfirleitt verður að sýna hina mestu varúð um að leyfa innflutning dýra, ekki eingöngu frá náttúruverndarsjónarmiði, heldur einnig að sjálfsögðu út frá heilbrigðissjónarmiðum. Er tvímælalaust bót að því, að umsagnar sem flestra dómbærra aðila sé leitað, áður en horfið er að slíkum innflutningi. Í 2. gr. l. nr. 15/1948 er mælt svo fyrir, að innflutningur á hvers konar dýrum, þar með taldir fuglar, sé háður leyfi landbúnaðarráðherra. Leyfi má ekki veita, nema stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Í 5. gr. frv. er lagt til, að einnig skuli leitað umsagnar náttúruverndarráðs, áður en leyfi sé veitt, að því er

varðar innflutning á hvers konar dýrum. Sýnist vera brýn ástæða til þess, að náttúruverndarsjónarmið komi einnig fram í sambandi við slíka leyfisveitingu, þar eð hér getur verið geysimikið í húfi fyrir náttúru landsins. Í náttúruverndarráði eiga a. m. k. þrír náttúrufræðingar sæti, svo að öruggt er, að kunnáttumenn fjalla um álit ráðsins.

Samkvæmt 5. gr. er skylt að leita umsagnar ráðsins. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að sú umsögn bindi hendur ráðherra.

Í 35. gr. frv. er tekin upp tillaga um að breyta 2. gr. l. nr. 15/1948 til samræmis við 5. gr. frv.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um aðgang almennings að náttúru landsins. 6. gr. fjallar um tvenn atvik, umferðarrétt almennings um lönd annarra manna utan þéttbýlis og rétt manna til dvalar þar í því skyni að njóta náttúrunnar. Í 7. gr. ræðir um kosti manna á því að nýta sér ber, sem vaxa á landi annarra manna, en 8. gr. víkur að fólkvöngum, sem heimilt er að stofna til í því skyni að veita almenningi færi á að njóta náttúrunnar.

Íslenzkt þjóðfélag hefur tekið örum og gagngerum stakkaskiptum síðustu áratugi, sakir hinna miklu fólksflutninga úr sveitum landsins í þéttbýli. Árið 1900 bjuggu um það bil 20% af íbúum landsins í kaupstöðum og kauptúnum, og námu íbúar kaupstaða 13%, en íbúar kauptúna 7% af þeirri tölu. Árið 1920 hafa þessi hlutföll raskazt svo, að þá bjuggu 43% í kaupstöðum og kauptúnum, nánar tiltekið 31% í kaupstöðum, en 12% í kauptúnum. Árið 1930 teljast íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa 54.5% af íbúatölu landsins, en í sveitum búa þá 45.5%. Árið 1940 voru hliðstæðar tölur 61.3% á fyrri landsvæðunum, en 38.7% á hinum síðari. Samkvæmt manntalinu frá 16. okt. 1952 voru íbúar í kaupstöðum landsins 91.625 eða rösklega 61% af íbúum landsins. Í kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri eru íbúar alls 19.154 (tæp 13%), en í öðrum kauptúnum og sveitum 38.159 (eða rösk 25.6%).

Breyting þessi veldur í mörgum efnum aldahvörfum. Íslenzkt þjóðfélag hefur á hálfri öld breytzt úr bændaþjóðfélagi í bæjaþjóðfélag, — úr bændabyggð í bæjabyggð. Fæstir þeirra þriggja fjórðu hluta landsmanna, sem heima eiga í þéttbýli, eiga land utan þéttbýlis, þótt nokkrir eigi að vísu sumarbústaði og land undir þá. Hvarvetna í menningarlöndum, þar sem þéttbýli í kaupstöðum og kauptúnum tíðkast að marki, eru gerðar miklar ráðstafanir af þjóðfélagsins hendi til að tryggja almenningi, sem býr í þéttbýli, aðgang að náttúru lands. Þau úrræði eru að vísu mismunandi m. a. eftir staðháttum, en nokkurra þeirra skal getið hér.

Í Danmörku hefur verið lögð mikil áherzla á það í náttúruverndarlögum að veita almenningi aðgang að ströndum landsins. Er eigendum bannað að reisa mannvirki, sem tálmað geta umferð, á 100 m breiðu belti frá stórstraumsfjörumáli. Um þetta strandsvæði á almenningur frjálsa för, enda sé svæðið ekki vaxið nytjagróðri. Almenningur á hins vegar ekki rétt á að dvelja á þessum svæðum né hafa þar bækistöð til böðunar, nema náttúruverndarnefnd hafi kveðið svo á með sérstökum úrskurði. Almennu höftin, sem hér eru lögð á eigendur, eru ekki talin baka skyldu til greiðslu bóta, andstætt því, er úrskurður náttúruverndarnefndar gengur um aðstöðu almennings til böðunar eða dvalar á ströndum. Ákvæði laganna munu ekki taka til umferðar um strendur stöðuvatna né eftir árbökkum. Annað úrræði laganna er það, að skógar, sem eru í eign ríkis eða sveitarfélaga eru frjálsir til umferðar fótgangandi mönnum, þó svo, að menn verða að fara eftir tilteknum stígum eða vegum. Berjatínsla er leyfð í skógum þessum, án þess að gjald sé heimt af mönnum, en þó því aðeins, að hún fari ekki fram í atvinnuskyni.

Í Svíþjóð á almenningur einnig frjálsa för um óræktuð svæði og skóga. Heimilt er að áskilja leyfi til þess, að mannvirki verði reist á ströndum landsins, á bökkum fljóta og stöðuvatna á svæðum, sem eru allt að 300 m frá hafi eða vatni. Enn fremur eru heimildarákvæði í náttúruverndarlögunum um stofnun náttúrugarða, þar sem

almenningur eigi þess kost að njóta náttúrunnar (svipuð heimild er í 8. gr. frv. þessa).

Í Bretlandi munu strendur landsins einnig vera frjálsar til umferðar, a. m. k. í vissum landshlutum, og er þar reist rönd við byggingum á nokkru strandbelti hið næsta hafi.

Í þeim þremur löndum, sem nú hafa verið nefnd, er mikil áherzla lögð á frjálsa umferð um strandsvæði, og að nokkru leyti hlutast almenningsvald til um það, að almenningur eigi kost á aðstöðu til sundiðkana við strendur landanna. Úrræði hér á landi í því skyni að greiða fyrir aðgangi almennings að náttúru landsins hljóta að vera nokkur önnur en erlendis. Að vísu kæmi til greina að hefta mannvirkjagerð við strendur landsins og hafa umferð þar frjálsa. Eins og til hagar um vegi með ströndum fram, þykir þó eigi nægilegt tilefni til lagasetningar um það efni að sinni. Við auknar samgöngur ætti hins vegar að taka þetta atriði upp til rækilegrar athugunar. Á það er og að líta, að sund í söltu vatni er ekki jafnmikið tíðkað hér og víða erlendis.

Þau lagaúrræði, sem helzt koma til greina hér á landi í því skyni að greiða fyrir náttúrunautn almennings, varða í fyrsta lagi umferð almennings um lönd utan þéttbýlis, í öðru lagi heimild almennings til dvalar á slíkum löndum í því skyni að njóta náttúrunnar og í þriðja lagi heimild almennings til berjatínslu. Enn fremur getur það verið mikilvægt, svo sem fyrr er rakið, að í lögum sé heimild til að stofna sérstaka fólkvanga, er taki yfir allstór landsvæði, þar sem almenningi sé búin aðstaða til dvalar úti í náttúrunni.

Um 6. gr.

Um umferðarrétt almennings um lönd annarra manna utan þéttbýlis eru fá bein ákvæði í íslenzkum lögum. Í Jónsbók, Landsleigubálki 24, er mönnum heimilað að æja hestum sínum í landi annars manns, þar sem eigi hefur fyrr verið slegið, og samkvæmt Jónsbók, Landsleigubálki 20, er umferðamönnum rétt að höggva sér farargreiðabót í skógi annars manns að eiganda fornspurðum. Segja má, að hvorugt þessara ákvæða hafi mikið hagnýtt gildi beinlínis, eins og nú hagar til, en ákvæðin sýna þó þá lagastefnu, að rétt sé að greiða fyrir umferð manna, og það með þeim hætti, að landeigendur verði að þola bótalaust umferð annarra manna um lönd sín. Í íslenzkum eignarrétti er enn fremur talið, að hverjum, sem er, sé heimil umferð um land annars manns utan kaupstaða og kauptúna, þar sem ekki er ræktað land eða slægjuland, a. m. k. ef land er ógirt. Er þessi skoðun reist á fornri venju. Þá er þess einnig að geta, að samkv. 11. gr. vatnalaganna, nr. 15/1923, er mönnum yfirleitt heimilt að nota vatn annars manns til sunds og umferðar, einnig á ísi, og í 115., sbr. 117.—119. gr. sömu laga er mönnum, sem nota vatn til umferðar eða fleytingar, heimilaður réttur til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og afnot af þeim, sem nauðsynleg eru, vegna umferðar um vatn. Út af þessum ákvæðum hafa menn leitt þá grundvallarreglu, að heimilt sé að hafa þau not af fasteign annars manns m. a. til umferðar, sem eigandanum sé bagalaus. En sá hængur er á þeirri reglu, að oft er torvelt að meta, hvort eiganda séu not annars manns af landi sínu bagalaus.

Það er vitanlega frumforsenda fyrir því, að menn geti notið náttúru landsins, að þeir eigi færi á að komast út í náttúruna og dveljast þar. Ef sú réttarregla er talin gilda, að landeigendur geti meinað almenningi för jafnvel um óræktuð lönd með því einu að girða landið, er ljóst, að sú hætta vofir yfir, að fólki, sem í þéttbýli býr og á ekki land untan þéttbýlis, verði bægt frá náttúrusvæðum landsins, þegar frá eru skilin þau svæði, sem eru ofar allri byggð. Vera mætti t. d., að þvergirt væri fyrir lönd öll, sem lægju hið næsta þjóðvegi, svo að ógerlegt yrði að komast upp á fagurt fjall eða á annan fagran stað í grennd við vegi og jafnvel væri mönnum fyrirmunað að fara nokkuð að ráði út af veginum. Kveður orðið mikið að slíkum girðingum. Í framkvæmd mun það yfirleitt vera svo, að bændur og aðrir forráðamenn lands veiti leyfi til umferðar um girt lönd og óræktuð, þótt því miður séu dæmi til um mein-

bægni einstakra bænda í því sambandi. En á það er að líta, að vegfarendum er oft mikill trafali að því að leita til landeigenda út af umferðarleyfi, og raunar er einatt örðugt fyrir vegfarendur að ganga úr skugga um það, hver ráði fyrir tilteknu landsvæði, er þeir hyggjast leggja leið sína um. Þótt gangandi fólki sé sett sú lagaskylda að leita samþykkis landeiganda til umferðar, mun það og yfirleitt vera vafasamt, hvort sú skylda verði almennt virt. Þegar landeigendur hafa girt lönd sín, ber það jafnaðarlega vott um, að þeir ætli að hafa einhverjar nytjar af landi, en umferð gangandi fólks mun almennt ekki spilla fyrir þeirri nytjun lands, sem áformuð er, allt fram til þess, er tekið er að rækta landið. Hér vegast þó á tvenns konar hagsmunir, hagsmunir landeigenda og hagsmunir þeir, sem tengdir eru við náttúrunautn almennings. Liggur sú skoðun til grundvallar frv., að hagsmunir landeigenda séu hér minni að mun, meðan landsvæði er enn ekki tekið til ræktunar. Hins vegar verður að gera miklar kröfur til gangandi fólks um siðlega umgengnishætti, og reynir frv. að skapa mönnum aðhald í því efni, svo sem fyrr greinir.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. frv. um umferðarrétt eru þessi: 1. Almenningi er frjáls för um landsvæði utan landareigna lögbýla. 2. Umferð um óræktuð lönd manna er frjáls og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hafi slíkt ekki í för með sér mikið óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landi. T. d. er umferð um slægjulönd og dvöl þar ekki heimil. Slík umferð eða dvöl myndi að jafnaði ekki leiða til tjóns fyrir landeiganda eða rétthafa að landi, en ef sérstakt eða óvenjulegt tjón hlýzt af dvöl manna eða umferð, er gert ráð fyrir bótum samkvæmt úrlausn náttúruverndarnefndar. Úrlausn nefndar má skjóta til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna. 3. Umferð á ræktuðu landi er háð leyfi landráðanda, svo og dvöl þar. Um heimild til umferðar um vegi, sem liggja um ræktuð lönd eða óræktuð, fer eftir vegalögum og öðrum almennum reglum. Ákvæði frv. þessa varða ekki það efni.

Ákvæði 6. gr. fela ekki í sér allmiklar breytingar frá þeim reglum, sem nú eru taldar gilda, um umferð um land, svo sem reifað hefur verið, og leitazt er við að hafa þær ljósari en gildandi reglur.

Um dvöl almennings á náttúrusvæðum er svo fyrir mælt í 1. og 2. málsgr., að mönnum sé leyfilegt að hafa viðstöðu á þeim svæðum, sem umferð er leyfð um. Í 1. málsgr. er sá fyrirvari gerður, að dvöl sé í „lögmætum tilgangi", en í 2. málsgr. er fyrirvarinn sá, að dvölin sé í því skyni að njóta náttúrunnar. Samkvæmt þessu er mönnum í hvorugu tilfellinu heimil varanleg dvöl (aðsetur). Í síðara tilvikinu myndi mönnum t. d. ekki heimil dvöl til sölu varnings eða til þess að bjóða fram þjónustu eða til veiða án leyfis landráðanda. Sú dvöl, sem hér kæmi til, væri einkum viðstaða til að skoða náttúru og njóta heilsulinda hennar og fegurðar, þ. á m. til að dveljast í tjaldi á landi. Þegar tjaldi er slegið upp, er áskilið, að leyfis forráðamanns sé yfirleitt leitað um val á tjaldstæði, svo sem fyrr segir.

Um 7. gr.

Þegar sumri hallar, dregur ekki annað menn fremur til dvalar úti í náttúrunni en ber, er þar vaxa. Fyrir þær sakir skiptir miklu, að ákvæði, er lúti að rétti manna til berjatínslu, séu sett í löggjöf um félagslega náttúruvernd. En á það er einnig að líta, að reglur íslenzks réttar um berjatínslu eru fjarri því að vera skýrar, og er þar fengið annað tilefni til að mæla um þetta efni í löggjöf. Í þriðja lagi eru berin mikill vitaðsgjafi, sem kunnugt er, og mjög eftirsótt búsílag. Haust hvert sölnar mikið magn af berjum hér á landi. Stafar það af mörgum ástæðum, en m. a. má rekja það til hafta, sem eru á aðgangi almennings að berjalöndum. Er brýnt tilefni til þess fyrir lagasetningarvald að setja skýrari reglur um þetta efni en nú eru taldar gilda og greiða fyrir aðgangi almennings að berjalöndum, eftir því sem föng eru á.

Um gildandi rétt er þess að geta, að fá ákvæði eru í íslenzkum lögum um heimild almennings til að lesa ber. Í Landbrigðaþætti Grágásar, Grg. I b, 94, var svofellt ákvæði: „Hverr maðr á jarðávöxt á sínu landi allan. Þat á maðr heimilt at éta í

annars landi ber ok söl. En útlegð varðar þriggja marka ef hann hefur á brott ólofat ....“ Í Landsleigubálki Jónsbókar, 58. kap., er þetta ákvæði: „Eingi maðr skal lesa ber á annars manns jörðu né grös til heim að bera utan sá lofi er á. En ef less tvígildi ber ok svá grös.“ Þetta ákvæði Jónsbókar er talið hafa lagagildi enn í dag, enda hefur það hvorki verið numið beint né óbeint úr lögum. Er ekki kunnugt, að vikið sé að berjatöku annars staðar í settum lögum. Hins vegar hafa verið sett ákvæði um berjatínslu í flestar lögreglusamþykktir fyrir sýslufélög. Eru þau ákvæði allsundurleit. Í sumum lögreglusamþykktum er mönnum fyrirmunuð berjataka fortakslaust, í öðrum samþykktum er ferðamönnum heimilt að lesa ber til neyzlu á vettvangi, meðan áning eða hvíld stendur, í þriðja flokki samþykkta er mönnum heimiluð berjatínsla í óræktuðu landi, í fjórða flokki berjatínsla utan túns og engja, og loks eru þess dæmi, að mönnum sé óheimiluð berjataka „umfram það, er lög leyfa, án leyfis landráðanda.“

Yfirlitið sýnir, að ákvæði margra lögreglusamþykkta eru þrengri en heimild sú til berjatöku, er Jónsbók veitir almenningi, og verða hin fyrrnefndu ákvæði þá að þoka.

Lagaákvæðin um rétt manna á berjatínslu eru samkvæmt þessu á þá lund, að mönnum er heimil berjatínsla, ef berja er neytt þar á staðnum, sem þau eru lesin. Í öðru tilvikinu verða menn að leita leyfis landeiganda. Landeigendur munu veita slík leyfi endurgjaldslaust, víðast hvar á landi hér, þegar frá eru skilin berjalönd í grennd við kaupstaði, einkum sunnanlands. Hér syðra mun fégjald yfirleitt vera tekið fyrir berjaleyfi.

Menn, sem kunnugir eru þessum málum, skýra svo frá, að yfirleitt sé ekki fyrirstaða af hendi bænda um að veita leyfi til berjatínslu, ef gjald sé greitt, en þó séu þess nokkur dæmi, að bændur synji mönnum með öllu leyfis til berjatöku á landi sínu.

Þegar setja á lagaákvæði um rétt almennings á berjatínslu, verður að sjálfsögðu að hafa í huga, að frá fornu fari hefur berjataka verið landsnytjar, sem heyra til hverri einstakri jörð. Sakir ákvæða 67. gr. stjórnarskrár verður því að fara varlega í sakir um að svipta landeigendur þessum nytjum. Almenningi er það hið mesta hagsmunamál að fá greiðan aðgang til berjatöku — og raunar er það einnig þjóðhagslegur ávinningur. Þótt smávægilegt fégjald sé áskilið fyrir berjaleyfi af hendi landeiganda, mun það út af fyrir sig heldur ekki fæla almenning frá berjaferðum. Ef slík gjöld hækkuðu úr hófi, væri hins vegar hætta á ferðum. Fyrir því er sett það ákvæði í 5. mgr. 7. gr., að náttúruverndarnefndir megi kveða á um hámark þess fégjalds, sem rétt sé að áskilja fyrir leyfi til berjatínslu. Þá er einnig nokkur hætta á því, að einstakir landeigendur kynnu að synja um leyfi til berjatöku í landi sínu, og það af meinbægni eða öðrum andþjóðfélagslegum hvötum eða ástæðum. Við þessu er að nokkru séð með ákvæði 4. mgr. 7. gr., þar sem náttúruverndarnefndum eða náttúruverndarráði er heimilt að leggja fyrir landeigendur að þola berjatínslu almennings á landi sínu gegn fullu endurgjaldi, þó svo, að þörf þeirra á berjatöku sé ekki borin fyrir borð. Til þess leigunáms kemur þó ekki, nema samkomulag hafi ekki tekizt við landeiganda, þ. á m. um upphæð fégjalds. Rétt er að benda á, að samkv. 28. gr. geldur ríkissjóður bætur þær, er landeiganda eru ákveðnar samkvæmt 4. málsgr., enda verði landsvæði þessi frjáls til berjatínslu öllum almenningi án tillits til búsetu. Ef bótagreiðslur ríkissjóðs af þessum sökum þættu háar, mætti heimta fégjald af almenningi fyrir berjaleyfi, og afla fjár með þeim hætti upp í kostnað ríkissjóðs.

Samkvæmt 7. gr. er almenningi heimilt að lesa ber leyfislaust í tveimur tilvikum. Í fyrsta lagi er mönnum rétt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðum landsvæðum, sem teljast til landareigna lögbýla, til neyzlu á vettvangi, samkv. 2. mgr. 7. gr. Er þar endurtekin hin forna regla Grágásar um þetta efni. Ef ber eru lesin í öðru skyni en að neyta þeirra á vettvangi, þarf leyfi forráðamanns lands að koma til. Í öðru lagi er almenningi heimiluð leyfislaust berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lög-

býla. Á öðrum landsvæðum er berjatínsla óheimil nema með leyfi landráðanda, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Nýmæli 7. gr. eru þau, sem felast í 4. og 5. mgr. og áður var lýst, og enn fremur er 3. mgr. a. m. k. að nokkru leyti nýmæli og rýmkar heimild almennings til berjatínslu að eiganda fornspurðum. Um landsvæði þau, er greinir í 3. málsgr., er þess að geta, að landeigendur nýta sér yfirleitt ekki berjatekjuna þar og byggja ekki afkomu sína á henni. Landeigendum er það því yfirleitt bagalaust, þótt aðrir menn lesi þar ber, og réttlætir það sjónarmið þá reglu að veita almenningi endurgjaldslaust heimild til berjatöku. Er og á það að líta, að oft myndi vera mjög örðugt fyrir almenning að leita leyfis landeiganda til berjatekju, þar eð eigandi býr oft fjarri vettvangi, enda stundum erfitt að vita, undir hvaða jörð landsvæði eigi.

Ef borin eru saman ákvæði 6. gr. um umferðarétt almennings um lönd annarra manna og dvalarrétt um stundarsakir annars vegar og rétt almennings á berjatínslu samkvæmt 7. gr. hins vegar kemur þetta fram: 1. Berjatínsla er heimil leyfislaust á landsvæðum þeim utan landareigna lögbýla, sem almenningur á frjálsa för um samkv. 1. mgr. 6. gr. 2. Almenningi er heimil för um óræktuð landsvæði, sem teljast til landareigna lögbýla, en berjatínsla er á hinn bóginn ekki heimil á þessum svæðum, að landeiganda fornspurðum, nema til neyzlu á vettvangi. 3. Umferð um ræktuð lönd manna er óheimil án leyfis forráðamanns lands, og gegnir hinu sama um berjatöku.

Í 6. mgr. 7. gr. er náttúruverndarráði veitt heimild til að leggja bann við notkun tækja við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri. Eins og kunnugt er, hefur notkun svonefndra berjatína farið mjög í vöxt upp á síðkastið. Er lítt kannað, hvort þessi tæki valdi spjöllum á gróðri. Ef svo reynist, er heppilegt að hafa heimild í lögum til að leggja bann við notkun þeirra. Þessi heimild gæti og orðið alveg bráðnauðsynleg, ef enn stórfelldari tæki kæmust í tízku og skaðvænlegri fyrir gróðurinn.

Um 8. gr.

Ákvæðið veitir heimild til að stofna til svonefndra fólkvanga (almenningsgarða). Í athugasemdum við 1. gr. d-liðs frv. er lýst að nokkru hlutverki slíkra garða og drepið á þann mun, sem er á þeim og þjóðvöngum. Þjóðvangar samkv. 1. gr. d-liðs frv. eru stofnaðir í því skyni að varðveita samfelld svæði með sérstæðu landslagi og veita almenningi aðgang að þeim. Þar gætir því mest náttúruverndarsjónarmiða í þrengri merkingu þess orðs. Fólkvangarnir eiga hins vegar fyrst og fremst að rækja félagslegt hlutverk, þ. e. velja á tiltekin landsvæði til þess að skapa almenningi færi á að njóta náttúrunnar. Hér er ekki ætlunin að varðveita sérstætt landslag, heldur aðallega hitt að auka kosti almennings á að njóta náttúrunnar, þótt gert sé að vísu ráð fyrir því, að landið sé friðað. Í sveitum landsins eru víða fögur samkomusvæði, þar sem haldnar eru útisamkomur; myndu þau t. d. geta komið hér undir, og samkv. ákvæðinu væri heimilt að taka eignar- eða leigunámi landsvæði, sem þættu álitleg í þessu skyni. En heimildin til stofnunar slíkra vanga eða svæða er ekki bundin við skemmtisvæði í þrengri merkingu, heldur eigi líka undir ákvæðið svæði, sem vel eru fallin til þess, að almenningur sæki þangað í því skyni að njóta náttúrunnar, t. d. svæði, sem heppileg eru til bækistöðvar fyrir tjaldlegumenn o. fl. Þykir ekki rétt að einskorða ákvæðið við landsvæði utan þéttbýlis, þótt ákvæðið muni hafa mest gildi um þau svæði.

Um bætur fyrir aðgerðir samkv. greininni er mælt í 28. gr. 4. mgr. frv.

Um III. og IV. kafla.

Í köflum þessum er mælt fyrir um stjórn náttúruverndarmála og úrlausn þeirra og meðferð.

Eldri frv. um náttúruvernd, sem vikið var að hér að framan, kveða á um mismunandi skipulag á náttúruverndarmálum. Í frv., sem flutt voru á þingunum 1932 og 1933, var fimm manna friðunarnefnd falin úrlausn náttúruverndarmála. Hafði

hún lögsögu um land allt. Skyldi Hið íslenzka náttúrufræðifélag velja tvo menn í nefndina, stjórn Ferðafélags Íslands einn mann, fornminjavörður var sjálfkjörinn í nefndina, en fimmta nefndarmann skyldi Menntamálaráðuneyti skipa. Í frv., sem flutt var 1934 að hvötum ríkisstjórnarinnar, var svo fyrir mælt, að dómsmálaráðuneytið léti semja skrá um náttúruminjar o. fl. og kvæði á um friðun.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir allt öðru skipulagi en í eldri frv. Samkvæmt því skipa náttúruverndarnefndir í hverju sýslufélagi, og er sýslumaður yfirleitt formaður nefndar. Leysa þessar nefndir úr því í fyrstu, hvort koma skuli til friðlýsingar eða annarra aðgerða samkvæmt lögunum, nema annars sé getið. Úrlausnir nefndar öðlast hins vegar yfirleitt ekki gildi, fyrr en náttúruverndarráð, sem skipað er sjö mönnum, hefur staðfest þær. Náttúruverndarráð hefur yfirumsjón með friðlýsum svæðum og semur allsherjarskrá um náttúruminjar og önnur efni, sem ástæða er til að friða. Þriðji valdhafinn í þessum málum er síðan Menntamálaráðuneyti, sem hefur yfirstjórn náttúruverndarmála.

Reglur þær, sem nú voru reifaðar, varða það, hverjir leysi úr því, hvort friðun eða aðrar aðgerðir samkvæmt lögum skuli fara fram. Um ákvörðun fébóta vegna þessara aðgerða gilda hins vegar aðrar reglur. Náttúruverndarnefnd ákveður bætur í fyrstu, en rétt er að skjóta úrlausn nefndar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, og er úrlausn þeirra fullnaðarúrslit bótaþáttarins, að því er tekur til fjárhæðar bóta. Ákvörðun náttúruverndarnefnda og yfirvirðingarmanna um bótaskylduna má hins vegar bera undir dómstóla, sbr. síðustu málsgr. 18. gr.

Náttúruminjar, sem brýn þörf er á að vernda samkv. lögum um náttúruvernd, eru að sjálfsögðu víðs vegar um landið. Eru ekki miklar líkur til þess, að nefnd, sem situr í Reykjavík, viti skil á öllum slíkum náttúruminjum, þótt nefndin væri skipuð mönnum, er hefðu mikla kunnleika á náttúru landsins. Er þegar af þeirri ástæðu heppilegra, að nefndir héraðsbúa fjalli um slík mál. Við úrlausn þeirra mála skiptir einnig miklu, að þeir, sem úr greiða, hafi trausta staðarþekkingu að öðru leyti. Ber að hafa það í huga í þessu sambandi, að margir menn úti á landi eru miklir áhugamenn um náttúruvernd og hafa góða þekkingu á þeim málum. Er því vís ávinningur að því að fá þá til að starfa að náttúruverndarmálum, en slíkt er gert að nokkru með skipun héraðsnefnda, þar sem ætla má, að áhugamenn veljist til starfa. Þá er einnig viðfelldnara að veita héraðsbúum nokkur afskipti af slíkum málum sem þessum, en að láta nefnd með aðsetri í Reykjavík greiða úr þeim til þrautar. Eru þetta höfuðrök fyrir því skipulagi frv., er lýtur að héraðsnefndum.

Hins vegar hefur ekki þótt fært að ætla héraðsnefndum að leysa einum úr þessum málum. Hætt er við því, að úrlausnir nefnda yrðu nokkuð sín með hverju mótinu, svo að leiða myndi til ósamræmis. Við þessu er séð með því að ætla náttúruverndarráði að endurskoða úrlausnir héraðsnefndanna og lögmæla þann fyrirvara, að úrlausnir héraðsnefnda öðlast ekki gildi, fyrr en náttúruverndarráð hefur staðfest þær. Í náttúruverndarráði eru þrír náttúrufræðingar, og er með því séð fyrir, að sérfræðingar fjalli um mál þessi. Auk þess er nauðsynlegt, að allsherjarnefnd sé fyrir að fara, er hafi yfirumsjón með þessum málum, semji skrár um náttúruminjar, sem æskilegt er, að friðlýstar séu, og stjórni því í stórum dráttum, í hvaða röð leggja skuli mál fyrir nefndirnar o. fl.

Að sjálfsögðu koma margir aðrir hættir til greina um skipulag á þessum málum en þeir, sem gert er ráð fyrir í frv. Reynslan ein fær úr því skorið, hvert skipulag sé heppilegast. Er sjálfsagt að taka þessi atriði upp til endurskoðunar eftir nokkurra ára reynslu.

Ekki þykir ástæða til að rekja hér skipulag erlendra laga, þar sem það á ekki við hér á landi sökum annarra staðhátta.

Um 9. gr.

Í sumum sýslum hagar svo til, að sýslumaður gegnir tveimur sýslum, sbr. Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadals-

sýslu. Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu, Húnavatnssýslur, Þingeyjarsýslur og Skaftafellssýslur. Barðastrandarsýslur koma einnig hér undir. Vera má, að sýslumanni sé óhægt sakir samgönguörðugleika að gegna formennsku í náttúruverndarnefnd í þeirri sýslunni, sem fjær er aðsetri hans. Þykir þá rétt að veita sýslumanni heimild til að færast undan því að gegna starfa þessum, enda beri hann ósk um það upp við Menntamálaráðuneyti við upphaf kjörtímabils náttúruverndarnefnda. Hlutast ráðuneytið þá til um, að sýslunefnd í því sýslufélagi, sem fjær er aðsetri lögreglustjóra, kjósi þrjá menn í nefnd. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega, og hinir nefndarmennirnir með sérstakri kosningu.

Fágætt er, að merkar náttúruminjar, sem ástæða er til að vernda, séu innan lögsagnarumdæma kaupstaða. Innan lögsagnarumdæma tveggja kaupstaða a. m. k., Vestmannaeyja og Reykjavíkur, eru þó væntanlega slíkar náttúruminjar. Þess er einnig að geta, að lögsagnarumdæmi kaupstaðanna hafa stækkað óðum síðustu áratugina. Með þeirri þróun aukast líkurnar fyrir því, að þörf kunni að verða á náttúruverndaraðgerðum innan umdæma kaupstaða. Fyrir þessar sakir þykir rétt að veita heimild til þess að skipa nátúruverndarnefndir í kaupstöðum, samkv. tillögum náttúruverndarráðs. Ekki þykir hins vegar ástæða til að skipa slíkar nefndir hvarvetna í kaupstöðum, þar sem víðast hvar hagar svo til þar, að þeirra er engin þörf. Um skipan nefndanna er tilefni til að taka fram, að í Reykjavík er ekki neinum sjálfkjörnum embættismanni til að dreifa, sem eðlilegt er að fela formennsku í náttúruverndarnefnd. Er því lagt til, að bæjarstjórnin í Reykjavík kjósi alla nefndarmennina. Er fyrirkomulag á þeirri kosningu hið sama samkvæmt frv. og á kosningu náttúruverndarnefndar í því tilviki, er sýslunefnd kýs alla nefndarmenn, samkv. 9. gr. 2. málsgr. frv.

Um 10. gr.

Sjálfsagt er, að forstöðumenn þriggja deilda Náttúrugripasafnsins séu í náttúruverndarráði, enda er höfuðnauðsyn á því, að þar séu sérfræðingar í náttúruvísindum. Einnig þykir nauðsyn til bera, að ráðið sé skipað einum lögfræðingi, þar eð oft reynir á lögfræðileg vandamál við úrlausnir þeirra mála, sem undir ráðið eiga. Er talið eðlilegt, að formaður ráðsins sé löglærður maður. Mikil þörf er á því, að einn ráðsmanna hafi sérþekkingu í verkfræði, og einnig er talið eðlilegt, að þar sé einn maður með sérþekkingu í búnaðarmálum. Þykir heppilegast, að félagasamtök nefni til slíka menn, er ráðherra skipi þá eftir þeirri tilnefningu. Nú er út af fyrir sig æskilegt að tengja sem flest þeirra félaga, sem starfa að málum, er lúta að náttúruvernd, við náttúruverndarráðið. En afleiðingin yrði þá sú, að náttúruverndarráð yrði geysifjölmenn stofnun. Er reynslan af mjög fjölmenunm nefndum ekki góð. Hefur því verið horfið að því ráði að takmarka fjölda ráðsmanna við sjö menn. Þótti þá eðlilegt, að Ferðafélagi Íslands yrði veittur kostur á að nefna til sjöunda ráðsmanninn. Það félag er geysifjölmennt eins og kunnugt er, og hefur deildir víðs vegar um landið. Hefur það og beitt sér mjög fyrir bættri umferðarmenningu, og auk þess átti félagið á sínum tíma frumkvæði að því, ásamt Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi, að samin voru drög til frv. til laga um náttúruvernd.

Í. 2. málsgr. segir, að þjóðminjavörður sitji fundi ráðsins, þegar fjallað er um friðlýsingu staða, þar sem fornminjar eru, eða staði, sem merkir eru af sögu sinni. Það er ekki gert ráð fyrir því, að þjóðminjavörður hafi atkvæðisrétt í ráðinu, heldur er hann þar til ráðuneytis.

Í 3. málsgr. er og vikið að því, að náttúruverndarráði sé heimilt að kveðja til ýmsa ríkisstarfsmenn sér til ráðuneytis samkvæmt kvaðningu formanns ráðsins. Er þess að vænta, að góð samvinna takist með ráðinu og þeim forstöðumönnum, sem málsgr. drepur á.

Um 11. gr.

Erlendis er það ekki einn veg, hverju ráðuneyti sé falin yfirstjórn náttúruverndarmála og yfirleitt friðunarmála. Eiga þessi mál víða undir landbúnaðar-

ráðuneyti. Hér á landi og sums staðar erlendis hefur Menntamálaráðuneyti hins vegar verið falin yfirstjórn friðunarmála, og er einnig lagt til, að svo sé um mál þau, er frv. fjallar um. Þess má geta, að í lögum um fuglafriðun segir einnig, að Menntamálaráðuneyti hafi yfirstjórn fuglafriðunarmála.

Um 12. gr.

Hér er gangi náttúruverndarmála lýst í samfellu. Fyrsta úrlausnarstigið er yfirleitt náttúruverndarnefnd. Þó eru nokkur dæmi þess, að náttúruverndarnefnd leysi ekki úr máli á frumstigi, sbr. 2. gr. 1. málsgr., 5. gr. og 7. gr. og 27. gr. 4. málsgr. 2. málslið. Er náttúruverndarráði falin úrlausn í þessum tilvikum eða svo er fyrir mælt, að umsagnar náttúruverndarráðs skuli leitað (4. gr. 1. mgr. og 5. gr.).

Annað úrlausnarstig er náttúruverndarráð. Yfirleitt öðlast úrlausnir náttúruverndarnefnda ekki gildi, fyrr en náttúruverndarráð hefur staðfest úrlausn. Eru undantekningar frá þeirri meginreglu greindar í ákvæðinu. Rétt er að taka fram, að þegar áskilið er leyfi náttúruverndarnefndar til tiltekinna efna, sbr. 2. gr. 2. mgr., 4. gr. 1. mgr. og 17. gr. 1. mgr., þarf ekki að bera ákvörðun nefndar um að veita leyfi eða synja þess undir náttúruverndarráð, enda brestur ráðið heimild til að veita leyfið. Höfuðreglan er sú, að skylt er að bera mál, sem náttúruverndarnefnd hefur leyst úr, undir náttúruverndarráð. Samkvæmt 2. gr. 2. og 3. mgr. og 7. gr. 5. mgr. er þó sá háttur hafður, að veitt er heimild til áfrýjunar, og veltur það, hvort ráðið fjallar um mál, þá á því, hvort heimildar er neytt eða ekki. Málskot til náttúruverndarráðs frestar í hvorugu tilvikinu réttaráhrifum úrskurðar, þ. e. ef úrskurður nefndar hefur verið á þá lund, að náttúruverndaraðgerðir skyldu fara fram, er landeiganda eða rétthafa óheimilt að raska nokkru á eign, svo að til tálmunar sé því, að úrskurður verði framkvæmdur, ef hann nær staðfestingu. En beinum framkvæmdum verður að sjálfsögðu að fresta, unz staðfesting er fengin.

Þriðja úrlausnarstigið er menntamálaráðuneyti. Ef bætur nema 20 þús. kr. eða hærri fjárhæð, þykir rétt að mæla svo fyrir, að mál skuli lagt fyrir ráðuneytið, er taki fullnaðarákvörðun um, hvort úrlausn komi til framkvæmdar. Samkvæmt 3. málsgr. er og reglan sú um friðlönd og þjóðvanga, að ákvörðun náttúruverndarráðs um stofnun þeirra kemur ekki til framkvæmdar fyrr en menntamálaráðuneyti hefur staðfest ákvörðunina.

Úrlausn um það, hvort beita skuli náttúruverndaraðgerðum, er tekin undan dómstólum samkvæmt því, er fram kemur í 12. gr.

Um 13.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þótt samkomulag takizt með náttúruverndarnefndum og eigendum eða öðrum rétthöfum að landi, þykir nauðsynlegt, að ákvarðanir nefnda séu bornar undir náttúruverndarráð. Er sýnilegt af orðalagi 16. gr., að þessa er þörf, sbr. við 12. gr.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er lýst ýmsum úrræðum náttúruverndarnefnda í sambandi við náttúruverndaraðgerðir. Ákvæðið er að nokkru leyti áréttíng á fyrirmælum I. og II. kafla frv., en hefur þó einnig sjálfstætt gildi. Er þess sérstaklega að geta, að heimilt er að reisa skorður við því, að gera megi mannvirki á friðlýstum landsvæðum eða í grennd við þau, og enn fremur, að stemma megi stigu við umferð um slík svæði.

Heimild sú, sem hér er veitt í því skyni að áskilja leyfi náttúruverndarnefndar til þess að reisa mannvirki í grennd við friðlýst svæði, getur verið mjög mikilvæg. Þess eru mörg dæmi hér á landi, að hrófað hefur verið upp ýmiss konar skúrum eða byggingum í grennd við náttúrufagra staði, sem ferðamenn sækja mjög til. Eru

slíkar byggingar einatt til mikilla lýta, svo að segja má, að ómenning sé að þeim. Er fullt tilefni til að veita heimild til að sjá við þess konar lýtum í framtíðinni.

Í lok ákvæðisins er veitt almenn eignarnámsheimild. Um eignarnámið fer eftir l. nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir því, að náttúruverndarnefnd meti bætur, þegar hún hefur kveðið upp úrskurð um, að náttúruverndaraðgerðir skuli fara fram. Að vísu má halda því fram, að óeðlilegt sé, að náttúruverndarnefnd taki að ákvarða fébætur, fyrr en sýnt er, hvort náttúruverndarráð muni staðfesta úrskurð nefndar um framgang náttúruverndaraðgerða. En hér er þá á það að líta, að náttúruverndarráði er oft torvelt að taka afstöðu til þess, hvort staðfesta skuli úrskurð, fyrr en fengin er úrlausn um bótaþáttinn eða grundvöllur er a. m. k. lagður að slíkri úrlausn (þ. e. í því tilviki, er bótaúrlausn náttúruverndarnefndar er áfrýjað til yfirvirðingar). Og í annan stað horfa þessir hættir til að hraða máli, því að tafsamt væri að bíða með bótamálið algerlega, unz náttúruverndarráð hefði tekið afstöðu til þess, hvort staðfesta skyldi úrskurð náttúruverndarnefndar. Þegar bótaþáttur máls er sérstaklega vandasamur eða vafi leikur á, hvort bætur skuli gjalda, er náttúruverndarnefnd heimilt að fresta ákvörðun um fébætur.

Gangur bótamáls er sá, að samkv. ákvæðinu, að náttúruverndarnefnd greiðir fyrst úr málinu, en heimilt er síðan að skjóta ákvörðun nefndar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna. Aðili, sem óskar yfirvirðingar, skal hafa beiðzt hennar innan sex vikna frá því, að honum var birt úrlausn náttúruverndarnefndar. Úrlausn yfirvirðingarmanna er fullnaðarúrslit um ákvörðun á fjárhæð bóta, svo að það atriði er tekið undan dómstólum, þótt þeir séu að vísu bærir um að meta það, hvort yfirvirðingarmenn hafi reist mat sitt á málefnislegum grundvelli o. fl. Hins vegar er aðila veitt heimild í ákvæðinu til þess að leita úrlausnar dómstóla um bótagrundvöllinn innan þriggja mánaða frá lokum virðingargerðar (yfirvirðingargerðar). Eftir því, skipulagi, sem mælt er í ákvæðinu, ætti úrlausn máls til hlítar ekki að taka mjög langan tíma, en mikilsvert er, að úrlausn um þessi mál sé skjótfengin.

Ljóst er, að ákvörðun bóta, samkv. 4. gr. 3. málsgr., 6. gr. 2. málsgr. og 7. gr. 4. málsgr. hlítir reglum 18. gr. Hins vegar fer um ákvörðun bóta vegna náttúruspjalla, er menn vinna, eftir almennum reglum, sbr. þó 6. gr. 2. málsgr.

Um 19. gr.

Ákvæðið fjallar um það, hversu náttúruverndaraðgerðum verði létt. Eru þar mæltir hliðstæðir hættir og gilda um ákvörðun á slíkum aðgerðum í öndverðu.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um birtingu á úrskurðum eða ákvörðunum náttúruverndarnefnda. Þörf er á því, að sýslunefnd og sveitarstjórnir eigi þess kost að kynna sér gerla efni úrskurðar. Er því mælt svo fyrir í 2. málsgr., að senda skuli þessum aðilum endurrit af úrskurði. Endurrit skal og senda þeim aðila, sem frumkvæði á að náttúruverndarmáli, þ. e. þeim, sem formlega hefur beiðzt þess, að nefnd tæki mál til meðferðar.

Um 21. gr.

Hér er lögð sú skylda á formann náttúruverndarnefndar að senda náttúruverndarráði endurrit af úrskurði um náttúruverndarmál, ásamt gögnum máls, svo fljótt sem föng eru á. Skyldan tekur bæði til úrskurða, sem skylt er að bera undir náttúruverndaráð, og úrskurða, er skjóta má til ráðsins. Formaður skal skýra náttúruverndarráði frá annars konar ákvörðunum nefnda, en ekki er nauðsynlegt að senda endurrit þeirra. Er hin mesta þörf á því, að náttúruverndarráð geti fylgzt með öllum ákvörðunum náttúruverndarnefnda, svo að upplýsingar um þetta efni séu tiltækar á einum stað. Í 27. gr. 5. málsgr. er boðið, að ráðið skuli færa

allsherjarskrá um ákvarðanir nefnda hvarvetna á landinu. Slík skrá verður ekki færð, nema náttúruverndarráði berist tilkynningar um þessi efni frá nefndunum.

Um 22.—26. gr.

Ákvæði þessi fjalla um náttúruverndarmál og meðferð þeirra mála fyrir náttúruverndarráði.

Um valdsvið náttúruverndarráðs hefur áður verið rætt. Um meðferð máls gilda þær reglur, að ráði er rétt að veita aðilum kost á að tjá sig munnlega eða skriflega um sakarefni. Enn fremur er ráðinu frjálst að breyta úrlausnum nefndar, ýmist svo að fella brott friðun eða aðrar aðgerðir, þrengja þær og rýmka, eða ákveða aðgerðir, þótt nefnd hafi hafnað kröfu um þær. Eftir að ráðið hefur fjallað um mál, má vera, að þörf sé að víkja því til ráðuneytis, sbr. 12. gr. 3. málsgr. og 24. gr. frv. Þegar ráðið hefur verið til hlítar að framkvæma aðgerðir, skal formaður náttúruverndarráðs hlutast til um birtingu á þeim úrslitum. Birtingarhættir eru hinir sömu og um úrlausnir náttúruverndarnefnda. En auk þess er skylt að birta meginefni úrskurðar eða úrlausnar í B-deild Stjórnartíðinda á sérstakri skrá, náttúruverndarskrá, sem ætlazt er til, að mynduð verði. Slík birting er nauðsynleg fyrir almenning. Þegar atriði hefur verið birt á náttúruverndarskrá, skal telja það almenningi kunnugt. Er hér tekin upp svipuð regla og sú, er gildir um þinglýsingu eða skráningu á verzlanaskrá o. fl., birtingu gjaldþrotaúrskurða eða tilkynninga um upphaf nauðasamningameðferðar o. fl. Þá tilkynnir formaður náttúruverndarráðs formanni náttúruverndarnefndar loks um úrslit máls og felur honum að hlutast til um nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd því skipulagi, er úrlausn lýtur að. Formaður náttúruverndarnefndar sér og um greiðslu fébóta.

Um 27. gr.

Þegar er náttúruverndarráð hefur verið skipað skal það hefja skipulega rannsókn á náttúruminjum, sem æskilegt er, að verndaðar verði samkvæmt frv. Að sjálfsögðu hefur ráðið samvinnu við náttúruverndarnefndir og áhugamenn í héraði, og enn fremur t. d. við skipulagsstjóra ríkisins, sem fengizt hefur að undanförnu við að búa um ýmsar náttúruminjar, svo og skógræktarstjóra og búnaðarmálastjóra. Á grundvelli slíkra rannsókna skal síðan semja skrá um þau efni, sem ráðið telur, að friða þurfi. Að því búnu er gerlegt að semja áætlun um náttúruverndaraðgerðir næstu ára, en framkvæmd hennar hlýtur að sjálfsögðu að velta mjög á því, hversu mikið fé verði veitt til þessara mála á næstu árum af opinberri hálfu. Nú varnar fjárskortur því, að til aðgerða geti komið, og er þá vikið að tvenns konar úrræðum í 4. málsgr. 27. gr., er ráðið getur neytt. Annað er það að skýra náttúruverndarnefnd þar í umdæmi, sem ætlunin er að framkvæma aðgerðir, frá fyrirætlun þessari, og fela nefnd að hafa eftirlit með því, að engu sé raskað á vettvangi, er tálmað geti aðgerðir síðar. Þegar þessu úrræði er beitt, er ekki gert ráð fyrir, að landeiganda sé tilkynnt fyrirætlun náttúruverndaryfirvalda. Hitt úrræðið er að leggja fyrir eiganda að raska ekki svæði eða stað, án leyfis náttúruverndarnefndar, svo að girt geti fyrir aðgerðir síðar. Í þessu síðara tilviki ákveður ráðið aðgerðir, en ekki náttúruverndarnefnd.

Í upphafi 27. gr. er mælt svo fyrir, að náttúruverndarráð sé Menntamálaráðuneyti til ráðuneytis um náttúruverndarmál. Skal leita umsagnar ráðsins, áður en reglugerðir eða aðrar reglur eru settar um þessi málefni. Hér er ekki vikið að því berlega, að frv. til laga um náttúruvernd séu lögð til umsagnar ráðsins, en slíkt myndi sjálfsagt verða gert í framkvæmdinni. Í lok 27. gr. er síðan ákvæði um það að ráðið færi skrá um úrlausnir og ákvarðanir náttúruverndarnefnda og ráðsins sjálfs. Ráðinu er einnig falin þar yfirumsjón með friðlýstum svæðum og náttúrumyndunum. Þá er því lögð sú skylda að skýra fyrir almenningi gildi náttúruverndar og kynna lagaákvæði um náttúruvernd. Er ljóst, að fjárveitingar til ráðsins skera að verulegu leyti úr um það, hvort ráðinu sé gerlegt að rækja þessi verkefni.

Utan vettvangs IV. kafla frv. eru náttúruverndarráði falin verkefni í 2. gr. 1. málsgr. (í sambandi við jarðrask), í 5. gr. (um innflutning á lifandi dýrum), í 7. gr. 4. málsgr. (um berjatínslu á tilteknum landsvæðum) og 7. gr. 6. málsgr. (um tæki eða verkfæri við berjatínslu), í 30. gr. (um umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum o. fl.) og í 32. gr. (heimilt að fela náttúruverndarráði fyrirsvar fyrir Íslands hönd í alþjóða náttúruverndarsamtökunum, ef Ísland gerist aðili). Enn má minna á 29. gr., þar sem vikið er að afskiptum ráðsins af stofnun dómsmála til að kanna tilvist réttinda yfir fasteign.

Auk þessara lögmætu verkefna má vænta þess, að ráðið sinni ýmsum öðrum verkefnum, sem að höndum ber. Þá má og nefna það atvik hér, að líklegt er, að dómstólar og stjórnarvöld leiti til ráðsins, þá er þessir aðilar leysa mál, er varða náttúruvernd.

Um 28. gr.

Það er efni ákvæðisins að mæla fyrir um, hversu greiða skuli bætur þær, sem skylt kann að vera að greiða samkvæmt frv.

Til bótagreiðslna getur komið í mörgum tilvikum eftir frv. Samkvæmt ákvæðum I. kafla frv. getur t. d. reynt á bætur eftir 1. gr., vegna friðlýsingar á náttúruminjum og í sambandi við stofnun þjóðvanga, eftir 2. gr., vegna fyrirmæla náttúruverndarnefndar eða náttúruverndarráðs, eða samkv. 4. gr., í tilefni af aðgerðum til að kveða niður auglýsingar úti í náttúrunni. Í 1. mgr. 28. gr. segir, að bætur eftir þessum ákvæðum skuli ríkissjóður gjalda að þremur fjórðu hlutum, en sýslusjóður gjaldi fjórðung bóta. Svo sem reifað er hér að framan, er það brýn þjóðfélagsleg menningarskylda þeirrar kynslóðar, sem nú byggir þetta land, að varðveita eftir föngum náttúruminjar og varna náttúruspjöllum. Þykir því rétt, að ríkissjóður greiði meiri hluta þess kostnaðar, sem af aðgerðum þessum getur hlotizt. Eftir 2. málsgr. er þó heimilt að gera ríkissjóði að greiða þessar bætur að fullu, ef svo stendur á, sem þar segir.

Reglur þær, sem nú voru raktar, gilda um skiptingu bóta samkvæmt ákvæðum I. kafla. Sömu reglur gildi og um bætur eftir ákvæðum IV. kafla. Eftir ákvæðum þess kafla getur t. d. komið til bótaskyldu eftir 15. gr. 4. málsgr., 17. gr. og 27. gr. 4. málsgr.

Ákvæði II. kafla frv. geta og leitt til bótaskyldu. Um tjón, sem hlýzt fyrir umferð manna og dvöl í löndum annarra manna segir svo í 4. málsgr. 28. gr. að þeir, sem ábyrgð bera á tjóni samkv. almennum bótareglum, skuli greiða bætur. Eiga landeigendur ekki aðgang að ríkissjóði né sýslu- eða sveitarsjóði af þeim sökum. Kostnaður, er stafar af því, að almenningi er búin aðstaða til berjatínslu á tilteknum landsvæðum, fellur á ríkissjóð, en hins vegar er sveitasjóðum gert að gjalda kostnað við að koma upp fólkvöngum samkv. 8. gr. Um fólkvanga er þess þó að geta, að tvenns konar heimildir eru orðaðar í 4. málsgr. 28. gr., er létt geta kostnaði af sveitarfélagi. Í fyrsta lagi er heimilt að fella helming kostnaðar á sýslusjóð, ef fólkvangur hefur gildi fyrir íbúa tiltekinnar sýslu í heild eða fyrir íbúa margra sveitarfélaga innan sýslu. Og í öðru lagi er heimilt að fella kostnað á ríkissjóð, ef svo hagar til, að 3. málsgr. 28. gr. eigi við, en í 4. málsgr. 28. gr. er til þess ákvæðis vitnað.

Í 28. gr. er ekki vikið að því, hver standa skuli straum af kostnaði við framkvæmd frv. að öðru leyti. Segir um það efni í öðrum ákvæðum frv. Í 30. gr. er rætt um kostnað við vörzlu á friðlýstum svæðum, og fer um skiptingu á þeim kostnaði eftir ákvæðum 28. gr. 1. og 2. málsgr. Um kostnað við náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð segir í 30. gr. 2. málsgr. Um annan kostnað er svo fyrir mælt í 3. málsgr. 30. gr., að ríkissjóður beri hann.

Að sjálfsögðu er það ærið álitamál, hvernig skipta skuli kostnaði í sambandi við náttúruverndaraðgerðir milli ríkissjóðs og sýslu- eða sveitarsjóðs, en hætt er við því, að lítið verði úr aðgerðum samkvæmt frv., ef ríkissjóði verður ekki ætlað

að bera meginþungann af kostnaðinum. Ógerlegt er að segja nokkuð ákveðið um það, hversu kostnaðarsöm framkvæmd frv. verði, ef það sætir lögfestingu, en ljóst er, að fjárveitingar til þessara mála af ríkisfé sníða því fyrst og fremst stakk, í hverjar aðgerðir hægt verður að leggja.

Um 29.—31. gr.

Óþarft þykir að ræða þau ákvæði sérstaklega.

Um 32. gr.

Hér er ríkisstjórninni heimilað að gera ráðstafanir til að Ísland verði aðili að alþjóðasamtökum um náttúruvernd, sem stofnuð voru 1948. Eru Norðurlöndin öll aðilar að þeim samtökum og allmörg ríki önnur í Evrópu og Ameríku. Kostnaður af þátttöku í samtökum þessum er mjög lítill. Samtökin halda úti tímariti og gefa út ýmis rit um náttúruvernd. Aðsetur þeirra er í Brüssel. Orkar ekki tvímælis, að hagkvæmt er fyrir Ísland að taka þátt í þessum samtökum.

VI. kafli.

Um 33. gr.

Greinin mælir um viðurlög við brotum á ákvæðum frv., refsingu, eignarupptöku og dagsektir.

Refsiviðurlög eru sektir eða varðhald, samkvæmt 1. og 2. málsgr., en sektir eftir 3. málsgr.

Hámark eða lágmark fésekta eða varðhalds er ekki sérstaklega nefnt í 33. gr., enda gerist þess ekki þörf, þar sem 44. gr. og 50. gr. alm. hegningarlaga geyma almenn ákvæði um þetta efni, sbr. l. nr. 14/1948, að því er varðar síðargreinda ákvæðið. Brot þau, er frv. lýtur að, geta verið með fjarska ólíku móti, meinlítil eða næsta meinleg, svo að halda kann við fullkomnum vandalisma. Verða því refsimörk að vera heldur rúm. Á síðari árum hefur og komið fram, að refsimörk í ýmsum friðunarlögum hafa þótt of væg, þegar til lagaframkvæmda kemur, og er hér leitazt við að setja fram viðhlítandi mörk í upphafi.

Stundum er vísað til refsiákvæðis 33. gr. í einstökum ákvæðum frv., sbr. 3. gr. 1. málsgr., 15. gr. 4. málsgr. og 27. gr. 4. málsgr. Í 1. málsgr. 33. gr. er almennt ákvæði um, að brot á lögunum eða reglum, sem sett eru samkvæmt þeim, varði við 33. gr. og eru refsiviðurlög þá sektir eða varðhald, nema annars sé getið.

Í 33. gr. segir, að sektir og andvirði verðmæta, er sætt hafa upptöku, renni í sýslusjóð. Þetta skipulag er yfirleitt tíðkað í friðunarlögum og er látið haldast hér, þótt ríkissjóður standi að jafnaði straum að meira hluta kostnaðar af náttúruverndaraðgerðum.

Um 34. gr.

Athugasemdir óþarfar.

Um 35. gr.

1. gr. 2. málsgr. laga nr. 123/1940 er felld brott, sakir ákvæða 2. gr. 2. málsgr. frv., en 2. gr. laga 1940 er breytt í samræmi við athugasemdir um 2. gr. frv. Tvær málsgr. í 36. gr. vegalaga eru felldar niður í samræmi við athugasemdir um 4. gr. frv. 2. gr. 1. mgr. l. nr. 15/1948 er breytt til samræmis við 5. gr. frv. Lög um friðun Þingvallar halda gildi sínu, þar eð þau hafa um margt sérstöðu, svo sem fyrr greinir. Hins vegar er byggt á því, að mikil samvinna takist milli Þingvallanefndar og náttúruverndarráðs.

Eðlilegt þykir, að Eldey verði friðuð samkvæmt ákvæðum laga þessara. Er svo fyrir mælt, að lög nr. 27/1940 falli úr gildi, er náttúruverndarráð hefur mælt fyrir um friðlýsingu eynnar.

Ed. 233. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 21. apríl 1954 um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. þetta, sem þegar hefur náð samþykki neðri deildar, og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna, Hermann Jónasson, var fjarstaddur sökum veikinda.

Alþingi, 6. jan. 1956.

Gísli Jónsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 234. Lög [157. mál]

um sölu tveggja jarða í opinberri eigu og um makaskipti á löndum.

(Afgreidd frá Nd. 6. jan.)

Samhljóða þskj. 220.

Nd. 235. Frumvarp til laga [130. mál]

um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Gera skal spjaldskrá yfir alla Íslendinga, er náð hafa 15 ára aldri og vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands, er hefst 16. okt. 1952. Sama gildir um fólk af íslenzkum eða útlendum uppruna, ef það hefur öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt á þessu tímabili.

Spjaldskrá þessi skal vera í tvíriti og varðveitt á þjóðskjalasafninu. Þessi ákvæði taka einnig til spjaldskrár afrita þeirra, er um ræðir í 5. gr.

2. gr.

Hvern mann, karl og konu, skal skrá á sérstakt spjald með fullu nafni og föðurnafni.

Á spjald hvers einstaklings skal enn fremur færa, ef unnt er og eftir því sem heimildir segja til um, fæðingardag hans og ár, sömuleiðis dánardag hans og dánarár, nöfn foreldra hans og upplýsingar um þá, svo að ekki verði um villzt, hverjir þeir voru. Þá skal skrá nafn og föðurnafn maka og giftingardag ásamt hliðstæðum upplýsingum um hann og áður eru taldar. Sama gildir um barnsmóður eða barnsföður, ef um ógiftar persónur er að ræða.

Á spjaldið skal enn fremur færa börn hlutaðeigandi spjaldhafa ásamt fæðingardegi þeirra og ári og nafni barnsmóður eða barnsföður, ef um konu er að ræða.

Gera skal í örfáum orðum grein fyrir hverju barni, ef unnt er, hvað um það verður, til aðgreiningar og auðkennis frá öðrum samnefndum.

Við ævilok skal færa á spjald hvers einstaklings helztu æviatriði hans, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar mann til að veita skrásetningunni forstöðu. Skal hann hafa lagt stund á íslenzka ættfræði og mannfræði og sýnt hæfni sína á því sviði. Hann telst með starfsmönnum þjóðskjalasafnsins og nefnist skrásetjari þjóðskjalasafnsins.

4. gr.

Skrásetjari skal annast um samningu spjaldskrár samkvæmt fyrirmælum laga þessara og reglugerðar, er síðar verður sett. Hann skal vinna að því að fá áhugamenn um þessi málefni til liðs við sig, þannig að þeir taki að sér skrásetningu í einstökum héruðum eða byggðarlögum samkvæmt fyrirsögn hans; sömuleiðis leita til félaga, er að þessu vilja vinna, svo sem sögufélaga og átthagafélaga. Skal hann koma skipan á skrásetningu þessara aðila, svo að sem mest not verði að starfi þeirra. Jafnframt er honum skylt að leiðbeina þessum samstarfsmönnum sínum og veita þeim upplýsingar, er lúta að skrásetningarstarfi þeirra, eftir því sem þörf krefur og ástæður hans leyfa.

5. gr.

Við lok hvers árs lætur Hagstofa Íslands skrásetjara þjóðskjalasafnsins í té skrá yfir þá, er andazt hafa á undangengnu ári, 15 ára og eldri. Hagstofan skal enn fremur veita skrásetjara afrit gagna, er hún hefur varðandi látna menn á því ári, eftir því sem föng eru á og skrásetjari þarfnast til upplýsinga úr þeim gögnum, sem hagstofan hefur að geyma.

Að fegnum þessum heimildum færir skrásetjari hvern einstakling á sérstakt spjald, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., ásamt nokkru ýtarlegri upplýsingum, ef kostur er, um ævistörf hans en gögn hagstofunnar greina frá.

6. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins og opinberra stofnana að láta skrásetjara þjóðskjalasafnsins í té upplýsingar úr bókum embættisins, eða stofnunarinnar, sem hann vanhagar um og þarf að nota við færslu spjaldskrárinnar.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum, 100—3000 krónum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar fé er veitt á fjárlögum til að launa skrásetjarann.

Greinargerð.

Ættfræði og mannfræði eru þær fræðigreinar, sem Íslendingar hafa löngum lagt stund á. Þær voru samgrónar forfeðrum vorum, er þeir námu hér land. Þessum fræðiiðkunum þeirra eigum vér það að þakka, að vér vitum nokkur skil á fjölda manna, er byggt hafa þetta land á liðnum öldum. Og enn í dag verða raktar ættir mjög margra Íslendinga, sem nú eru uppi og úr öllum stéttum þjóðfélagsins til manna, sem uppi voru á 9. öld. Þetta er, að ég ætla, einsdæmi hjá þeim þjóðum, sem nú eru uppi.

Í öðrum löndum eru það fornar aðalsættir og stórhöfðingja, sem hægt er að rekja með nokkurri vissu aftur í miðaldir, en fáar þó lengra en aftur á 11. og 12. öld, en um ættir annarra manna vita menn yfirleitt næsta lítið.

Hér verður ekki rætt um gildi ættfræði og mannfræði og ekki heldur um þá ánægju og dægradvöl, sem þessi fræði hafa veitt fjölda manna hér á landi fyrr og síðar. Aðeins skal á það bent, að vér Íslendingar höfum betri aðstöðu til að vinna afrek á þessu sviði en flestar aðrar þjóðir. Fámenni vor Íslendinga ásamt allmiklum ættfræði- og mannfræðiheimildum gera oss kleift að gera spjaldskrá yfir fjölda Íslendinga frá upphafi Íslandsbyggðar með tiltölulega litlum kostnaði, sem mundi dreifast á mörg ár. Þessi spjaldskrá yrði líklega einstök í sinni röð, af því að hún mundi taka til hlutfallslega miklu fleiri manna en hjá fjölmennari þjóðum og ná jafnframt alla leið til sjálfra landnámsmannanna. Mun það vera fágætt eða einstakt hjá þjóð, sem byggt hefur land sitt í meira en eitt þúsund ár. Auk þessa ætti það að vera oss Íslendingum, sem erum taldir þjóða ættfróðastir, metnaðarmál að hlynna betur en gert hefur verið hingað til að hinum fornu og þjóðlegu fræðigreinum vorum, íslenzkri ættfræði og mannfræði. Það verður tæplega á annan veg betur gert en með því að koma upp spjaldskrá þeirri, er frv. ræðir um. Loks verður að hafa í huga, að Hagstofa Íslands hefur þegar komið á fót sérstakri deild innan hagstofunnar, sem hefur gert spjaldskrá yfir alla Íslendinga, er uppi voru 16. okt. 1952. Þeir, sem síðan hafa fæðzt eða fæðast hér eftir, fá einnig hver sitt spjald eða seðla, þar sem á verða skráð helztu atriðin úr lífi þeirra frá vöggu til grafar.

Augljóst er, að næsta skrefið hlýtur að verða að tengja spjaldskrá hagstofunnar við fortíðina með spjaldskrá þeirri, er frv. fjallar um. Á spjaldskrárblöðum hagstofunnar er þó sá galli, að þau eru mjög óaðgengileg og því varla nothæf fyrir almenning. Þess vegna er í 5. gr. gert ráð fyrir, að skrásetjari fái afrit af spjaldskrárblöðum þeirra, sem andast ár hvert, til afnota fyrir þjóðskjalasafnið og skrásetjara. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun, til þess að þær upplýsingar, sem hagstofan safnar, verði aðgengilegar öðrum en örfáum fræðimönnum.

Gera verður ráð fyrir, að unnið verði þannig að spjaldskrá þjóðskjalasafnsins, að byrjað verði á þeim, sem látizt hafa á síðari árum fyrir 16. okt. 1952, og smá þokazt svo aftur eftir árum og öldum. Þetta er mikið verk, og gera verður ráð fyrir, að það taki langan tíma að ljúka því.

Gizkað hefur verið á, að Íslendingar, sem eitthvað er kunnugt um og þyrfti að skrásetja, séu alls um 2 milljónir. Þetta er að vísu há tala, en þó eru þetta færri menn en sumar þjóðir verða árlega að skrásetja hjá sér. Til samanburðar má og geta þess, að talið er, að Þjóðverjar, sem skrásettir voru ættfræðilega á dögum Hitlers, hafi verið um 200 milljónir.

Í frv. er að því stefnt að koma þessu í framkvæmd án tilfinnanlegs árlegs kostnaðar fyrir ríkissjóð. Ötull og áhugasamur skrásetjari með duglegri vélritunarstúlku og með aðstoð áhugamanna víðs vegar um land mundi afkasta miklu verki, þegar góð skipan væri komin á vinnubrögðin. Þeim, sem horfa í kostnaðinn við þetta verk, má benda til samanburðar á þær fjárupphæðir á 15. gr. fjárlaganna, sem árlega er varið til styrktar ýmsum málefnum, sem oss eru fjarstæðari og ber minni skylda til að hlynna að en þessum forna og þjóðlega menningararfi vor Íslendinga, svo að ekki sé meira sagt.

Tillaga hefur komið fram um það, að þeir, sem að skrásetningunni ynnu, söfnuðu jafnframt ljósmyndum og létu taka upp raddir manna á hljómplötur. Forstöðumenn þjóðminjasafnsins hafa í mörg undanfarin ár hlutazt til um myndasöfnun handa safninu og annazt um skrásetningu myndanna. Sömuleiðis hefur þjóðminjavörður með aðstoð ríkissútvarpsins látið taka raddir manna á hljómplötur, sem eru geymdar í þjóðminjasafninu. Af þessu er ljóst, að unnið er að báðum þessum verkefnum af aðilum, sem óhætt er að treysta. Eins og sakir standa, ber því enga

nauðsyn til að tengja þessi verkefni við skrásetninguna, sem verður ein sér ærið verkefni. En mörg járn í eldi verða oft til þess, að eitt þeirra eða fleiri brenna, og er þá verr farið. Auk þess er síðar meir, þegar nokkur reynsla er fengin, auðgert að fjölga verkefnum skrásetjara, ef það þykir þá æskilegt.

Loks vil ég geta þess, að hugmyndin um að spjaldskrá allra Íslendinga er ekki ný. Bjarni Jónsson frá Vogi hreyfði þessu fyrstur manna, svo að ég heyrði. Síðan hefur þetta borið á góma öðru hverju og nú síðast á yfirstandandi Alþingi við 2. umræðu fjárlaganna, er 1. landsk. þm. flutti breytingartillögu við fjárlagafrv. um að verja 150 þús. kr. árið 1956 til að koma á fót mannfræðideild, er annaðist skrásetningu Íslendinga o. fl. Ég greiddi atkvæði gegn þessari tillögu ásamt meiri hl. þingmanna. Þetta mál er þannig vaxið, að nauðsynlegt er að taka það ákveðnum tökum og setja um það strax í upphafi ýtarleg lagafyrirmæli, ef æskilegur árangur á að nást. Í öðru lagi eru meiri líkur til, að vel hæfur skrásetjari fáist ef starfið er ákveðið með lögum, í stað þess að hann verði undir högg að sækja með laun sín, þ. e. undir fjárveitingu á fjárlögum hverju sinni. Af þessum ástæðum taldi ég málið allt of lítið undirbúið og fjárveitingu í þessu skyni því ótímabæra eins og sakir stæðu. En vaxandi skilningur margra manna á gildi þjóðlegra verðmæta fyrir þjóð vora gefur tilefni til að álykta, að nú sé vakinn sá áhugi, sem beðið hefur verið eftir til að koma þessu máli í örugga höfn. Ég hef því ráðizt í að færa þessa hugmynd í þann lagastakk, er hér liggur fyrir, samkvæmt því, er ég tel að öllu athuguðu bezt henta aðstæðum.

Ed. 236. Lög [110. mál]

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

(Afgreidd frá Ed. 10. jan.)

Samhljóða þskj. 163.

Ed. 237. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi frv. til umsagnar dr. Finns Guðmundssonar forstöðumanns náttúrugripasafnsins, og er svar hans prentað með nál. sem fylgiskjal. Nefndin fellst alveg á skoðun þá, er fram kemur í bréfi dr. Finns, og sér því ekki ástæðu til breytinga á lögunum.

Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ekki þykir tímabært að breyta lögunum um fuglaveiðar og fuglafriðun í þá átt, sem frv. á þskj. 153 fer fram á, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. jan. 1956.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.
Andrés Eyjólfsson, fundaskr.
Bernh. Stefánsson.
Sigurður Ó. Ólafsson.
H. Guðmundsson.

Fylgiskjal.

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ

Reykjavík, 29. des. 1955.

Sem svar við bréfi hæstvirtrar menntamálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 17. des. s. l., þar sem óskað er eftir umsögn minni um frv. til laga um breyt. á l. nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, skal eftirfarandi tekið fram:

Ef allt fer að venju um fjölgun og fækkun íslenzka rjúpnastofnsins, má fastlega gera ráð fyrir því, að hrun stofnsins standi nú fyrir dyrum. Tel ég margt benda til þess, að rjúpum muni fækka stórlega á næstu árum, ef til vill þegar á árinu 1956, og ólíklegt þykir mér, að það dragist lengur en til ársins 1957. Ég átti á sínum tíma nokkurn þátt í því, að ekki var gripið til alfriðunar rjúpunnar, þegar stofninn var síðast í lágmarki. Þessi afstaða mín byggðist á því, að ég vildi geta sýnt fram á, að rjúpunni mundi fjölga með eðlilegum hætti eftir stofnlágmörk, þótt ekki væri gripið til alfriðunar. Þetta hefur rætzt, og nú hefur rjúpnastofninn náð hámarki aftur, enda þótt veiðar hafi árlega verið leyfðar. Ef horfið yrði að því að lengja veiðitíma rjúpunnar nú, óttast ég mjög, að hrun stofnsins, sem nú vofir yfir, verði sett í samband við hinn lengda veiðitíma. Ég hef grun um, að enn séu margir þeirrar skoðunar, að hrun rjúpnastofnsins stafi fyrst og fremst af ofveiðum. Sú ráðstöfun að lengja veiðitímann nú, einmitt þegar hrun stofnsins er á næstu grösum, mundi því gefa slíkum skoðunum byr undir báða vængi. Af þessari ástæðu tel ég óheppilegt, að veiðitíminn verði lengdur nú, en hins vegar tel ég tímabært að taka þetta mál til athugunar, þegar rjúpum fer að fjölga aftur að afstöðnu hruni því, sem ég tel víst að nú sé framundan. Ég tel, að þá geti vel komið til greina að lengja veiðitímann frá því, sem nú er, enda er ég enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að veiðar hafi ekki úrslitaáhrif á hinar reglubundnu sveiflur íslenzka rjúpnastofnsins.

Það skal að lokum tekið fram, að ég hef borið mál þetta undir meðlimi fuglafriðunarnefndar, og hafa þeir allir lýst yfir samstöðu sinni um þá afstöðu til málsins, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Með sérstakri virðingu,

Finnur Guðmundsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Nd. 238. Frumvarp til laga [131. mál]

um kaup og rekstur á nýju strandferðaskipi.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skal skipið vera 300—400 rúmlestir brúttó, byggt til fólks- og vöruflutninga, og skal hluti af farmrými þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, er um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka á leiðinni Vestmannaeyjar—Reykjavík.

Heimahöfn skipsins skal vera Vestmannaeyjar.

3. gr.

Rekstur skipsins er ríkisstjórninni heimilt að fela Skipaútgerð ríkisins eða bæjarstjórninni í Vestmannaeyjum eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 6 milljón króna lán.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestmannaeyingar hafa lengst af átt við erfiðleika að etja í samgöngumálum. Fyrr á tímum voru Eyjarnar þó ekki verr settar en fjölmörg önnur héruð í hinni dreifðu byggð. En þróunin á síðustu áratugum hefur orðið sú, að Vestmannaeyjar hafa dregizt aftur úr flestum öðrum byggðarlögum að því er varðar reglubundnar samgöngur við aðra landshluta.

Á árunum fyrir hina síðari heimsstyrjöld komu flest erlend skip og innlend, er milli landa sigldu, við í Vestmannaeyjum í báðum leiðum. Þannig höfðu 6—8 áætlunarskip viðkomu í Eyjum, auk strandsiglingaskipanna.

Viðkomur millilandaskipanna féllu hins vegar með öllu niður á stríðsárunum og hafa ekki verið teknar upp aftur. Fyrst í stað myndaðist af þessu algert samgönguöngþveiti. Reglubundnar samgöngur við Reykjavík voru á tímabili nær engar, og fækkaði þá íbúum Vestmannaeyja til muna.

Smám saman tóku svo ýmsir aðilar að gera út báta til flutninga á þessari leið. Voru það að sjálfsögðu skip, sem vanbúin voru til farþegaflutninga, svo að að því leyti var lítil bót að ferðum þeirra. Á sumrin var helzta úrræði fólks að ferðast með báti þeim, er þá árstíð gekk milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja. Þótt Skipaútgerð ríkisins yki skipastól sinn eftir stríðið, bætti það lítið úr samgöngum við Eyjar.

Seint á árinu 1946 er gerð flugbrautarinnar í Eyjum það lagt komið, að flugsamgöngur hefjast. Þær valda algerum tímamótum í samgöngumálum Vestmannaeyinga, svo lagt sem þær ná. En tvennt veldur því, að þær útrýma ekki samgönguerfiðleikunum. Hið fyrra er, að flugvöllurinn er ófullgerður og um margt ófullkominn, aðeins ein braut og því oft ónothæf, jafnvel í góðu veðri, ef vindstaða er um þvera brautina. Hitt er og ljóst, að stór bær með mikla framleiðslu, getur ekki komizt hjá því að hafa öruggara og dagvissara samband við sitt umhverfi en það, sem flugferðirnar veita, þótt betur væri að þeim búið en til þessa hefur verið gert í Eyjum.

Nú er þannig ástatt, að milli lands og Eyja eru farnar ærið margar ferðir á ári hverju, bæði í lofti og á sjó, en fyrir fram vissa um farþegaferðir á ákveðnum degi er næsta lítil og oft engin, svo að vikum skiptir. Það er þessi óvissa öllu frekar, sem veldur Vestmannaeyingum örðugleikum og stendur í vegi fyrir örari vexti byggðarlagsins. Raunar eru það ekki Vestmannaeyingar einir, sem gjalda þessa ágalla í samgöngunum, heldur einnig flestir þeir, er sækja vilja Eyjarnar heim, og margir, sem viðskipti eiga við Eyjar, og er þá ótalinn sá skaði, sem á þjóðarbúinu skellur vegna þeirra truflana, sem framleiðslan verður oftsinnis fyrir, þegar samgöngur teppast.

Augljóst er, að úr þessu verður að bæta með því, að sérstakt skip, þar til gert, hefji siglingar milli lands og Eyja.

Verkefni þess skips verður að tryggja vikulega 3 ferðir með vörur og farþega milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og að annast mjólkurflutninga til Eyja — en þá er líklegt, að henta þyki, að skipið hafi viðkomu í Þorlákshöfn.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að ríkið eigi og reki umrætt skip. Þeim, sem annað teldu heppilegra, má benda á, að ríkið sér nú flestum byggðarlögum

landsins fyrir samgöngum með lagningu og viðhaldi þjóðvegakerfisins svo og með framlagi til samgangna á sjó, bæði með styrkjum til flóabáta og með því að greiða hallann af rekstri Skipaútgerðar ríkisins. Það væri því algerlega óeðlilegt, að eitt byggðarlag, sem innir af hendi fullkomlega sinn hluta af þessum kostnaði ríkisins, þyrfti að taka algerlega á eigin herðar kostnaðinn af samgöngum sambærilegum við þær, sem ríkið greiðir fyrir önnur héruð.

Eðlilegt væri að rekstur þess skips, sem hér um ræðir, væri í höndum Skipaútgerðar ríkisins, en með því að engin lög mæla fyrir um, að svo skuli vera, tel ég komi til greina, að hér verði annan veg að farið, eins og 3. gr. frumvarpsins gefur heimild til.

Ég tel það misráðið af stjórnarvöldunum að hafa Reykjavík heimahöfn allra skipa ríkisins. Eðlilegra væri að gera skipin hvert um sig út og manna þau frá þeim stöðum, sem einkum eiga að njóta þjónustu þeirra, og því er hér lagt til, — hverjum sem rekstur þessa skips verður falinn, — að heimahöfn þess verði Vestmannaeyjar.

Ed. 239. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó má skipa próflausa kennara, þegar þeir hafa starfað sem ráðnir eða settir kennarar í 15 ár eða lengur, ef hlutaðeigandi námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur jafnan verið vöntun á mönnum, sem tekið hafa kennarapróf, til þess að gegna störfum við barnaskólana víðs vegar um land. Úrræðin hafa orðið þau að fá til starfanna einhverja hæfa menn, þótt ekki hefðu þeir kennarapróf. Menn þessir hafa auðvitað aðeins verið ráðnir eða settir kennarar „til bráðabirgða“ og orðið að víkja, hvaða ár sem maður með kennaraprófi leitaði eftir starfinu.

Að sjálfsögðu hafa verið — og eru — mest brögð að því, að menn með prófréttindum fáist ekki í afskekktustu skólahverfi landsins eða þangað, sem réttindamönnum þykir óálitlegast einhverra hluta vegna að taka sér bólfestu til frambúðar.

Fæstir hinna próflausu kennara festast í kennarastarfinu, þótt þeir hlaupi í skörðin á tímabili og leysi með því vandræði. Hins vegar gera fáeinir kennsluna að lífsstarfi, ef hún lætur þeim vel og svo háttar, að enginn kennari með réttindum gefur sig fram í það sæti, er þeir skipa. Hvarvetna verða þeir samkvæmt gildandi lögum að víkja fyrir mönnum, er kennarapróf hafa tekið, ef slíkir menn gefa kost á sér, og þá hvorki spurt um reynslu né hæfileika.

Samkvæmt upplýsingum, sem flutningsmaður hefur fengið hjá fræðslumálaskrifstofunni, er tala próflausra barnakennara eftirtalin skólaár sem hér segir:

Skólaárið	1953—54:	12	í föstum skólum,	54	í farskólum,	66 samtals.
—	1954—55:	13	—„—	52	—„—	65 —
—	1955—56:	27	—„—	55	—„—	82 —

Starfsárafjöldi þeirra 82 kennara, sem nú eru að starfi, skiptist þannig:

1— 5 ár	44	kennarar.
6— 9 —	11	—
10—14 —	15	—
15 ár o. fl.	12	—

Af þessum 12 síðasttöldu kennurum eru 4 við fasta skóla og 8 við farskóla.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að í lög verði leitt, að þeir menn, kennaraprófslausir, sem gegnt hafa barnakennslu í skólum ríkisins í 15 ár eða lengur, skuli öðlast full réttindi, þegar hlutaðeigandi námsstjóri mælir með því og fræðslumálastjóri einnig.

Hér er ekki um aukin laun fyrir kennarana að ræða, heldur atvinnuréttindi.

Ekki skal gert lítið úr sérmenntun barnakennara og gildi prófa henni til staðfestingar. En sjálfsmenntun og 15 ára reynsla við kennsluna vega líka mikið. Geta tæplega verið skiptar skoðanir um, að réttmætt sé og sanngjarnt, að menn, þótt eigi hafi þeir tekið próf við Kennaraskólann, en aftur á móti starfað að kennslu í 15 ár, þar sem menn með réttindi hafa ekki til fengizt, fái full réttindi og þurfi ekki eftir það að rýma sæti af þeirri ástæðu, að einhver, sem tekið hefur próf, komi loks til sögunnar.

Nd. 240. Frumvarp til laga [133. mál]

um bann við að taka íbúðarhúsnæði til annarrar notkunar en íbúðar.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Íbúðarherbergi eða herbergi, sem eru í smíðum og ætluð eru til íbúðar, má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar.

2. gr.

Ef íbúðarhúsnæði eða húsnæði, sem byggt er sem íbúðarhúsnæði, er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húseigandi skyldur, að viðlögðum allt að 2000 króna dagsektum í ríkissjóð fyrir hverja íbúð, að láta nota húsnæðið til íbúðar. Skal þá húsaleigunefnd ráðstafa húsnæðinu handa innanhéraðsfólki, sem húsnæðislaust er eða býr við heilsuspillandi húsnæði, enda sé húseiganda áður veittur þriggja daga frestur til þess að leigja húsnæðið húsvilltu innanhéraðsfólki til íbúðar.

3. gr.

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til sinna umráða ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóðir ábyrgjast greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er samkvæmt þessum lögum, svo og greiðslu skaðabóta fyrir spjöll á hinu leigunumda, er leigutaki eða fólk á hans vegum telst eiga sök á.

4. gr.

Lagaákvæði þessi gilda um alla þá kaupstaði eða kauptún, þar sem húsnæðisskortur er eða búið er í heilsuspillandi húsnæði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í ýmsum bæjum og kauptúnum, þar sem enn er húsnæðisskortur, eru mikil brögð að því, að íbúðarhúsnæði sé tekið úr notkun sem íbúðir og breytt í verzlunarhúsnæði, skrifstofur eða annað. Stafar þetta af því, að eigi er frjálst að byggja hús fyrir verzlanir, skrifstofur, verkstæði og því um líkt, en hins vegar leyfilegt að gera svona breytingar.

Því er svo komið, að það vofir yfir allmörgu fólki að verða að fara úr íbúðarhúsnæði, sem það hefur búið í, af þessum sökum og á ekki víst um neitt húsnæði. Þá eru og að því nokkur brögð, að húsnæði í byggingu, sem ætlað er til íbúðar samkvæmt teikningum, sé tekið til annarlegrar notkunar án þess nokkurn tíma að verða íbúð.

Frv. þetta er fram borið til þess að tryggja mönnum afnot íbúðarhúsnæðis í þeim miklu erfiðleikum, sem nú eru um að fá íbúðir. Hitt er ljóst, að ráða þarf fram úr því máli að tryggja nægilegt húsnæði til annarra nota, og eru flutningsmenn þessa frv. reiðubúnir til samstarfs um aðgerðir í þá átt. En þær aðgerðir mega ekki verða á kostnað þess íbúðarhúsnæðis, sem nú er eða í vændum er.

Lagaákvæði þessa frv. eru í meginatriðum í samræmi við lög um húsaleigu, nr. 39 7. apríl 1943, 4. og 5. gr. þeirra laga, og að miklu leyti samhljóða þeim.

Flutningsmönnum er ljóst, að miklu fleiri ráðstafanir en hér er farið fram á þarf að gera til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum, og hafa flutt önnur og veigameiri frv. í því skyni. Þetta frv. miðar í rauninni aðeins að því að hindra minnkun þess íbúðarhúsnæðis, sem nú er til.

Ed. 241. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp og borið fram í neðri deild, sem hefur fallizt á það óbreytt. Nefndin er samþykk efni frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. jan. 1956.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	H. Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson.	Karl Kristjánsson.	

Nd. 242. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum svo og fram komna breytingartillögu við það á þskj. 97. Að ósk nefndarinnar hefur skipaskoðunarstjóri mætt á fundi hennar til viðræðna um frv. Í síðastliðnum mánuði lét hann nefndinni í té umsögn sína um málið. Er skipaskoðunarstjóri hlynntur málinu og vill vinna að framgangi þess, en telur, að breytingar þær, sem frv. ræðir um, séu í eðli sínu og eigi að vera reglugerðarákvæði.

Nefndin er sammála skipaskoðunarstjóra um þetta sjónarmið og samþykkir einróma að mæla með því, að ákveðið verði í reglugerð um notkun striga-gúmbáta á þeim skipum, sem geta ekki haft fullkomnari björgunarbáta.

Með tilliti til þessa leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin setji í reglugerð um eftirlit með skipum og öryggi þeirra ákvæði um, að skylt sé að hafa í öllum 12—20 rúmlesta skipum striga-gúmbát eða önnur björgunartæki af þeirri gerð, sem skipaeftirlitið viðurkennir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. jan. 1956.

Sigurður Ágústsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Eiríkur Þorsteinsson.

Pétur Ottesen. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 243. Frumvarp til laga [134. mál]

um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Um álagningu og innheimtu tekjuskatts og útsvars þeirra útlendinga, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa hér á landi um tiltekinn tíma, dvelja hér um stundarsakir, eða eru á förum af landi brott, fer eins og mælt er fyrir í lögum þessum.

Um íslenzka ríkisborgara, sem eru á förum úr landi, gilda ákvæði þessara laga um álagningu og innheimtu, en njóta skulu þeir alls frádráttar frá tekjum skv. l. 46/1954.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og útsvör eftir því sem við á.

2. gr.

Tekjuskattur skal reiknaður samkv. a- og b-liðum 6. greinar laga nr. 46/1954, tekjuútsvar samkvæmt gildandi útsvarsstiga á hverjum stað og tíma, hvort um sig eftir því sem við á, af skattgjaldstekjum eða hreinum tekjum eins og þær eru ákvarðaðar samkv. 3. og 4. gr. þessara laga.

3. gr.

Frá heildartekjum þeirra sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skal draga beinan kostnað við öflun teknanna eftir sömu reglum og um aðra gjaldendur.

Útlendingar njóta persónufrádráttar sem íslenzkir ríkisborgarar, en sé fjölskylda búsett erlendis, skal því aðeins veittur frádráttur hennar vegna, að sönnur séu færðar á að gjaldandi hafi annazt framfærslu hennar.

Útlendir listamenn, sem afla sér hér tekna með list sinni, hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum, skulu fá frádreginn ⅓ hluta af skattgjaldstekjum eða hreinum tekjum, eftir því sem við á, við ákvörðun tekjuskatts og útsvars.

4. gr.

Hafi gjaldandi dvalið hér aðeins hluta úr ári, skal ákvarða skattgjaldstekjur og tekjuskatt hans samkv. eftirfarandi reglum:

a. Hreinum tekjum gjaldanda skal deilt með fjölda dvalarvikna hans hér á landi, margfalda þá útkomu með 52 og draga síðan frá persónufrádrátt í hlutfalli

við fjölda dvalarvikna. Dvalarvikur telst sá tími, talinn í vikum, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á landi á viðkomandi gjald- eða skattári að viðbættum 20 af hundraði. Viðbót þessi skal þó aldrei vera minni en ein vika og aldrei meiri en fjórar vikur, og hálf vika eða meir telst heil, en minna broti skal sleppa. Þeir einir skulu þó njóta þessarar viðbótar sem hafa komið hingað í atvinnuskyni og eigi dvalið hér næsta ár á undan brottför sinni úr landi.

b. Af skattgjaldstekjum eins og þær eru ákvarðaðar samkv. a-lið þessarar greinar, skal síðan reikna tekjuskatt samkv. skattstigum þeim er í 2. gr. getur, margfalda hann með fjölda dvalarvikna og deila í þá útkomu með 52. Sú fjárhæð er tekjuskattur sá, sem gjaldanda ber að greiða.

Tekjuútsvar skal reikna á tilsvarandi hátt og að framan greinir.

5. gr.

Þeir sem hafa þá menn í þjónustu sinni, sem taldir eru í 1. mgr. 1. gr., og greiða þeim kaup, hverju nafni sem nefnist, bera ábyrgð á greiðslu þinggjalds þeirra og útsvars eins og um eigin þinggjald eða útsvar væri að ræða.

Til tryggingar þessari ábyrgð skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi gjaldanda eins og fyrir verður mælt í reglugerð.

6. gr.

Kaupgreiðandi skal tilkynna viðkomandi skattyfirvaldi mánaðarlega um kaupgreiðslu til þeirra er í 1. mgr. 1. gr. getur.

Tryggingarfé því fyrir sköttum og útsvari, sem kaupgreiðandi heldur eftir samkvæmt lögum þessum, skal hann skila til viðkomandi innheimtumanna innan viku frá útborgunardegi.

Jafnskjótt og skattar og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal innheimtumanni skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kann að hafa verið haldið eftir af kaupi.

7. gr.

Nú er einhver þeirra, sem um ræðir í 1. gr., á förum af landi burt og skal honum þá skylt að tilkynna hlutaðeigandi skattyfirvaldi um það, með a. m. k. einnar viku fyrirvara, og sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina ber honum einnig að tilkynna um hana. Jafnframt gefur kaupgreiðandi hlutaðeigandi skattyfirvaldi skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda á burtfararárinu.

Hlutaðeigandi skattyfirvöld ákveða síðan skatt og útsvar gjaldanda og tilkynna kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og innheimtumanni um álagningu þegar í stað.

8. gr.

Óheimilt er að selja þeim, er um getur í 1. gr., farmiða eða taka þá til flutnings til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði innheimtumanns að þinggjöld og útsvar sé að fullu greidd eða trygging sett fyrir greiðslu.

Einnig er útgerð skips eða flugfélagi óheimilt að leysa starfsmann sinn úr þjónustu erlendis nema að þinggjöld hans og útsvar hafi verið greidd eða trygging sett fyrir greiðslu.

Nú hefur eigi verið gætt ákvæða 1. eða 2. mgr. þessarar greinar og er þá útgerð hlutaðeigandi skips eða flugvélar ábyrg fyrir greiðslu þinggjalds og útsvars viðkomandi farþega eða starfsmanns sem eigin þinggjaldi og útsvari. Hver sá aðili er með ólöglegu atferli kann að vera valdur að því eða meðsekur að einhver komist úr landi án þess að greiða að fullu þinggjöld og útsvar, ber einnig sams konar ábyrgð.

9. gr.

Nú fer maður af landi burt um stundarsakir og bregður ekki heimilisfesti hér. Skal þá heimilt að leyfa honum far, án þess að gera honum skatt samkv. lögum

þessum, enda setji hann að dómi viðkomandi innheimtumanna næga tryggingu fyrir greiðslu þinggjalda og útsvars.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágur frá lögum þessum að því er varðar íslenzka námsmenn, sem erlendis eru heimilisfastir, en koma hingað til atvinnu um stundarsakir.

10. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að innheimta á þinggjöldum og útsvari samkvæmt lögum þessum skuli sameinuð í hverju umdæmi, eftir því sem henta þykir.

Einnig er ráðherra heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Gjöld þau er um ræðir í lögum þessum, má taka lögtaki hjá gjaldanda sjálfum, svo og þeim er ábyrgð bera á þinggjöldum og útsvari skv. 5. og 8. gr., enn fremur hjá þeim, er taka á sig ábyrgð á greiðslu vegna þeirra, er getur í 9. gr.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum allt að kr. 100 000.00.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu skatta og útsvars á árinu 1956. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 96 28. desember 1946.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkv. gildandi skattlögum er gerður sá mismunur á skattgreiðslum útlendra manna, sem hér dvelja, og innlendra að útlendingar njóta ekki neins persónufrádráttar, og mjög takmarkaðs frádráttar að öðru leyti, aðrir en listamenn. Auk þess er sá háttur á hafður um alla þá er dvelja hér aðeins hluta úr ári að skattur af tekjum þeirra þann tíma er miðaður við það að þeir hafi tilsvarandi tekjur allt árið. Sanngjarnt þykir að útlendum mönnum, sem hér eru fengnir til starfa, sé veittur persónufrádráttur, þó með vissum skilyrðum, og tilsvarandi lækkun verði gerð á þeim kauphluta er skuli haldið eftir upp í skatt- og útsvar. Enn fremur þykir rétt að hlutaðeigendur hafi rétt til frádráttar á kostnaði við öflun tekna, t. d. að erlendir sjómenn á togurum megi draga frá hlífðarfatakostnað jafnt og íslenzkir starfsbræður þeirra.

Þetta eru meginástæður fyrir frv. þessu, auk þess sem fleiri efnisbreytingar þóttu nauðsynlegar. Um leið hefur þótt rétt að semja um í nokkuð skipulegra formi núgildandi lög um þessi efni, þ. e. lög um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl. nr. 96 28. des. 1946, en þau lög voru að mestu samsteypa úr eldri lögum, sem sett voru á ýmsum tímum.

Er hér á eftir gerð grein fyrir helztu efnisbreytingum.

1. Samkv. 2. gr. laganna er skattskyldan bundin ákveðnum dvalartíma eða vissri fjárhæð tekna. Þar sem sú grein er nú felld niður, verður samkv. 1. gr. frv., hver einstaklingur skattskyldur, sem aflar sér hér tekna, ef þær tekjur eru ekki undanþegnar skattskyldu skv. l. 46/1954.
2. Samkv. lögunum njóta útlendingar ekki neins frádráttar frá tekjum, nema listamenn, sbr. 2. gr. laganna. Skv. 3. gr. frv. er öllum útlendingum leyft að draga frá tekjum sínum beinan kostnað við öflun teknanna með sömu takmörkunum og Íslendingum, auk hins sérstaka frádráttar sem listamenn njóta.

   Það nýmæli er í 2. mgr. 3. gr. frv., að útlendingum, sem hér dvelja, er veittur persónufrádráttur.

3. Í stað þess að reikna skatt og útsvar fyrir hluta úr ári í hlutfalli við dvalarmánuði er nú miðað við vikur. Þar sem það hlýtur alltaf að taka nokkurn tíma að komast hingað í starf er tekið tillit til þeirrar tímaeyðslu með því að bæta 20% við þann tíma er viðkomandi dvelur hér á landi, þó ekki minnu en einni viku og ekki meiru en fjórum vikum. Skemmsti dvalartími telst ein vika, jafnvel þótt raunveruleg dvöl sé ekki nema einn dagur. Einnig er fellt niður það ákvæði laganna að lágmark skattgreiðslu útlendinga sé 5%.
4. Samkvæmt 2. gr. laganna ber sá, er greiðir útlendingi kaup, fulla ábyrgð á greiðslu skatta hans og útsvars og er kaupgreiðanda veitt heimild í 3. gr. til að halda eftir hluta kaupsins til tryggingar þeirri ábyrgð, og er þeirri reglu haldið óbreyttri. En þar sem útlendingum skal veittur persónufrádráttur samkv. frv. er regla sú um rétt kaupgreiðanda til að halda eftir 20—35% af kaupi samkv. 3. gr. laganna óhæf, og verður að taka nokkuð tillit til fjölskyldustærðar í því sambandi. Er talið heppilegast að ráðherra hafi óbundnar hendur um að ákveða með reglugerð þann hundraðshluta, sem halda beri eftir af kaupi.
5. 8. og 9. gr. frv. svarar til 10. gr. laganna. Hafa verið gerðar á henni breytingar í samræmi við breyttar aðstæður og fengna reynslu.
6. Í 11. gr. frv. er það nýmæli að innheimta megi með lögtaki hjá ábyrðarmanni þinggjald og útsvar þess er ábyrgzt var fyrir.
7. Samkv. 12. gr. frv. eru sektir hækkaðar úr kr. 50000.00, samkv. 2. mgr. 13. gr. laganna, í kr. 100000.00.

Ed. 244. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt sem stjórnarfrumvarp, en var undirbúið og samið af milliþinganefnd, er ráðherra skipaði til þess á s. l. ári. Er meginefnisatriði frv. að lögfesta þær reglur, sem stofnunin starfar nú eftir og ráðherra hefur sett. Hafði milliþn. orðið sammála um ákvæði frv. að undanskildum ákvæðum 5. gr. um stjórn stofnunarinnar, þar sem einn nefndarmanna (Gísli Jónsson) gerði fyrirvara um það atriði og taldi, að meiri hl. stjórnarinnar bæri að kjósa á Alþingi.

Iðnaðarnefnd hefur haldið alls sex fundi um málið og rætt það mjög ýtarlega. Bárust nefndinni erindi frá stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og stjórn Sambands smásöluverzlana, þar sem hvor þessara aðila óskaði þess eindregið, að hann fengi að tilnefna fulltrúa í stjórn stofnunarinnar, og fylgdi þeim erindum rökstuðningur fyrir kröfunni. Þá sendi atvinnumálanefnd ríkisins nefndinni erindi, þar sem þess var óskað, að frestað yrði að afgreiða frv., þar til sú nefnd hefði skilað áliti, en eitt af verkefnum hennar er að gera tillögur um samræmingu og starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Telur sú nefnd, að af því hlytist tvíverknaður, ef frv. það, sem hér um ræðir, yrði orðið að lögum, sem þá þyrfti að endurskoða á ný.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Vildi minni hl., að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi, með tilvísun til erindis atvinnumálanefndar, en meiri hl. n. gat ekki fallizt á þá afgreiðslu málsins. Vill hann, að gerð verði nokkur breyting á skipun stjórnarinnar frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., auk þess sem einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram frekari breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma. Einn nm. (GÍG) ritar undir nál. með fyrirvara hvað snertir 1. brtt.

Minni hl. n. gefur út sérálit, en meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum. Skulu fjórir þeirra kjörnir í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum alþingiskosningum, en ráðherra skipar fimmta manninn til sama tíma, og er hann formaður stjórnarinnar. Jafnmarga varamenn skal kjósa og skipa á sama hátt. Ráðherra ákveður laun fyrir stjórnarstörf.
2. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við viðskiptadeild og atvinnudeild háskólans.

Alþingi, 16. jan. 1956.

Gísli Jónsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson. Guðmundur Í. Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed. 245. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til laga um kaupþing í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar 25. okt. f. á., og sama dag var það tekið til umræðu í nefndinni. Samþykkti nefndin að senda það til umsagnar öllum fimm bönkum landsins, Verzlunarráði Íslands og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. Afgreiddi skrifstofa Alþingis frumvarpið strax til nefndra stofnana.

Enn þá hafa ekki borizt svör nema frá Iðnaðarbanka Íslands og Verzlunarráði Íslands. Mæla þeir aðilar báðir með stofnun kaupþings í Reykjavík, en óska þó eftir breytingum á frumvarpinu.

Nefndin telur leitt, að fimm af þeim sjö aðilum, er hún vildi gefa tækifæri til þess að segja álit sitt um málið, hafa enn ekki gert það, en sér ekki ástæðu til þess að bíða með tillögur sínar eftir svörum þeirra lengur.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að málið þurfi rækilegri athugunar við en það Alþingi, sem nú situr, hafi aðstöðu til að framkvæma, og leggur nefndin þar af leiðandi til, að deildin afgreiði frumvarpið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga nauðsyn á stofnun kaupþings í Reykjavík og hvernig löggjöf um það verði hagfelldust og leggi niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. jan. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., með fyrirvara. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.

Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 246. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og l. nr. 47 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið gaumgæfilega, rætt það við yfirdýralækninn, Guðmund Gíslason lækni og framkvæmdarstjóra sauðfjársjúkdómavarnanna. Þessar umræður og athuganir hafa leitt til þess, að réttara þótti að taka upp lögin frá 1947 og 1950 og fella breytingarnar inn í texta þeirra og fá þannig í eitt þau ákvæði, sem ætlað er að gilda næstu árin. Flytur nefndin í þessu skyni breytingartillögur á sérstöku þingskjali, en jafnframt eru gerðar nokkrar fleiri breytingar á lögunum en eru í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir. Allt, sem breytt er frá eldri lögum, er prentað með skáletri. Breytingarnar miða að því að lögfesta ýmis atriði, sem þegar hefur verið reynt að framkvæma og öll lúta að því að tryggja sem bezt, að mögulegt verði að hefta frekari útbreiðslu pestanna og flýta fyrir aðgerðum til öryggis, þar sem þær kynnu að koma upp síðar.

Nánari grein fyrir einstökum tillögum verður gerð í framsögu.

Alþingi, 17. jan. 1956.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson.

Andrés Eyjólfsson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 247. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og l. nr. 47 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi kaflafyrirsögn (I. kafli), svo hljóðandi:
   Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.
2. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:
   1. Mæðiveiki.
   2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
   3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

   Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársjúkdómar í lögum þessum.

   Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

   Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purifaciens) valda eða eru taldar líklegar til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessara laga nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrirskipun um hömlur á fjársamgöngum, bann á sölu fjár til lífs, niðurskurð, sótthreinsun, bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.

3. Á eftir 1. gr. komi 11 nýjar greinar og tvær kaflafyrirsagnir, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands.
   b. (II. kafli) Um framkvæmdastjórn.
   c. (3. gr.) Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.
   d. (4. gr.) Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

      Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.
   e. (5. gr.) Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:
      1. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
      2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
      3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
      4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
      5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.
   f. (III. kafli) Um varnarlínur og varnir.
   g. (6. gr.) Varnarlínur teljast:
      1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
      2. Tvöfaldar gaddavírsgirðingar.
      3. Einfaldar gaddavírsgirðingar.

      Varðmenn skal hafa á varnarlínum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

      Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna hlutaðeigandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

      Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.
   h. (7. gr.) Girðingastæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitazt við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er.

      Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitilöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.

Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hver og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

i. (8. gr.) Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínur leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

j. (9. gr.) Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum minnst *9* ár, eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínum, sem einangra svæði, þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

k. (10. gr.) Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

l. (11. gr.) Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

m. (12. gr.) Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

4. 2. gr. (verður 13. gr.) orðist svo:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur *næstu 9 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta.* Sleppi kindur yfir varnar-

línur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. *Líffæri úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsóknar án tafar.* Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigendur fái *a. m. k.* fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli fjárskiptahólfa í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát og aðrir næmir sjúkdómar, sem hætta getur stafað af að áliti yfirdýralæknis, hafa gert vart við sig.

5. Á eftir 2. gr. komi 21 ný grein og tvær kaflafyrirsagnir, svo hljóðandi:
   a. (14. gr.) Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

      Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað *og líffæri send til rannsóknar.*
   b. (15. gr.) Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársótta eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.
   c. (16. gr.) Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar og þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varnarlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, þegar kindunum er slátrað. *Líffæri kinda, er um getur í þessari grein, skulu greinilega merkt og send til rannsóknar án tafar.*
   d. (17. gr.) Fáist vissa *eða sterkur grunur um,* að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé *tafarlaust, og auk þess kindum, sem líkur eru til að hafi smitazt við samrekstur og í réttum.*
   e. (18. gr.) Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.
   f. (19. gr.) Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár *eða nautgripa,* eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.
   g. (20. gr.) Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust viðvart,

ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

h. (21. gr.) Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

i. (22. gr.) Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs. *Annan framkvæmdakostnað greiði sauðfjársjúkdómanefnd að hálfu, en hlutaðeigandi hreppsfélag að hálfu. Fjáreigendum er skylt að sjá um og kosta smölun og gæzlu fjárins og alla ófaglega aðstoðarvinnu.*

Ef eigendur sauðfjár eða nautgripa neita að láta framkvæma á gripum sínum rannsókn eða varnarbólusetningu, sem ákveðin hefur verið, eða hindra á annan hátt framgang ákveðinna varnarráðstafana, skal framkvæmdastjóri leita fulltingis hlutaðeigandi yfirvalda.

Kostnað, sem leiðir af slíkum töfum ákveður sauðfjársjúkdómanefnd, og ber að innheimta hann hjá hlutaðeigandi gripaeigendum með frádrætti á bótum eða með með aðför að lögum.

j. (23. gr.) Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem er slátrað vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

k. (IV. kafli) Um fjárskiptafélög.

l. (24. gr.) Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun og fjárrekstrum í sambandi við hana verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, sbr. V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

m. (25. gr.) Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa

sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á hlutaðeigandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi boði fjáreigendur á fund til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hreppi er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

n. (26. gr.) Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:
1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og afstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

o. (27. gr.) Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

p. (28. gr.) Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur, 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

q. (29. gr.) Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði.

Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

r. (V. kafli) Um fjárskipti.

s. (30. gr.) Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

t. (31. gr.) Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það, áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæði sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr.
3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið, *og láta hafa eftirlit með eyðingu sóttnæms sláturúrgangs, flutningi og geymslu sláturafurða sjúka fjárins.*
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða, hvaðan líflömb séu tekin, og tilkynna það hlutaðeigandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn hlutaðeigandi fjárskiptafélags.

u. (32. gr.) Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómum er ekki lokið.

v. (33. gr.) Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast söluverð á lömbunum, miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.

x. (34. gr.) Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo að fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

6. Við 3. gr. (verður 35. gr.). Greinin orðist svo:

Þegar líflömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði, skal gæta þess við skiptingu þeirra að dreifa sem minnst lömbum frá sama bæ. Skal hver fjáreigandi hafa lömbin í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt, og getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað algera innistöðu þeirra um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þörf á. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

Fari svo *að líflömb tapist úr vörzlu næturlangt eða lengur fyrsta missirið eða* sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

Öllu fjárskiptafé skal halda greinilega merktu, og skylt er fjáreiganda að gera nákvæma skrá yfir allt fjárskiptafé, svo að unnt sé að finna fyrri eigendur. Áður en bætur eru greiddar, skal afrit af slíkri skrá afhent sauðfjársjúkdómanefnd eða fulltrúa hennar.

7. Á eftir 3. gr. kemur ný gr. og kaflaskipting svo hljóðandi:

a. (36. gr.) Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt, í samráði við stjórn fjárskiptafélags, að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

b. (VI. kafli) Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

8. Við 4. gr. (verður 37. gr.) Greinin orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveimur árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1956 skal miða við framtal á árinu 1954, þ. e. fjártölu í árslok 1953 o. s. frv.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap eða sauðfjáreign, þegar niðurskurður fer fram, eða eru fluttir burt af fjárskiptasvæðinu, fá ekki bætur. Öðrum, sem eru að hætta búskap eða sauðfjáreign á þeim tíma, sem fjárskipti standa yfir, eða breyta til um atvinnu, skal ekki greiða fullar bætur, heldur í hlutfalli við

það tjón, sem ætla má að þeir hafi orðið fyrir við niðurskurðinn. Skal sauðfjársjúkdómanefnd meta slíkar bætur.

9. Við 5. gr. (verður 38. gr.) Greinin orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar ¾ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af meðalvænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum, sem fjáreigendur fá það haust, sem bætur eru greiddar. Fyrstu bætur skal greiða ári eftir niðurskurð.

Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu eiga kost á að fá keypt líflömb, er nemur 80% af bótaskyldri fjártölu. Skal, ef unnt er, útvega þau á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði. Ef ekki fæst sú lambatala, skal útvega það, sem til vantar, á næsta hausti, ef fjáreigendur óska.

Takist ekki á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt, að útvega 80% móti bótaskyldri fjártölu, en bændur óski að fá svo mörg lömb, ber ríkissjóði að greiða afurðatjónsbætur, ¾ lambsverðs á kind á þá tölu, sem til vantar. Skal greiða þær bætur tveim árum eftir að lömb eru fyrst flutt inn á svæðið.

Framlag ríkissjóðs skal á hverjum tíma vera til tryggingar greiðslu á andvirði seldra líflamba.

Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

10. Við 6. gr. (verður 39. gr.) Greinin orðist svo:

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns ¾ lambsverðs fyrir hverja bótaskylda kind, *eða styrkja þá til að breyta til um búskaparhætti, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar.* Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

11. Á eftir 6. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (40. gr.)

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 6% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að ⅖ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að ⅘ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan

skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

b. (41. gr.) Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda af fjársóttum, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 2 ár og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

12. Við 7. gr. (verður 42. gr.). Greinin orðist svo:

Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla um fjárskipti hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Bætur skal greiða fjáreigendum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Verði krafizt mats vegna niðurskurðarins, eftir gildandi lögum um eignarnám, er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

13. Á eftir 7. gr. komi kaflafyrirsögn og 3 nýjar gr., svo hljóðandi:

a. (VII. kafli) Almenn ákvæði.

b. (43. gr.) Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum, eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

c. (44. gr.) Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim, *t. d. með varnarbólusetningu, heilbrigðiseftirliti, söfnun og rannsókn líffæra og blóðsýnishorna.*

Einnig er honum heimilt að láta útbreiða miður næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin.

d. (45. gr.) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaratriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

14. Við 8. gr. (verður 46. gr.) Greinin orðist svo:

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að *50000* krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

15. Á eftir 8. gr. kemur ný gr. (verður 47. gr.), svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lög nr. 47 1950, lög nr. 98 1951 og lög nr. 71 1953, öll um breyt. á þeim lögum.

16. Við 9. gr. Greinin verði 48. gr.

17. Við 10. gr. Greinin falli niður.

18. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Ed. 248. Frumvarp til laga [135. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 94/1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Heimild sú, er ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 94/1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956, skal gilda til 1. febrúar 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar eð sýnilegt er, að Alþingi mun ekki ljúka afgreiðslu fjárlaga fyrir 20. janúar, ber nauðsyn til, að framlengd sé heimild sú til handa ríkisstjórninni, sem felst í lögum nr. 94/1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, og er með frumvarpi þessu lagt til, að heimildin sé framlengd til 1. febr. n. k.

Nd. 249. Breytingartillögur [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og l. nr. 55 20. apríl 1954, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Við 4. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 bætist: eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:
   Í stað „úr Landeyjum“ í 7. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: frá Hvolsvelli.
3. Á eftir 8. gr. komi ný grein, þannig:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 55/1954 inn í lög nr. 22/1952 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 250. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og l. nr. 59 30. des. 1939, nr. 12. 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Með frv. þessu er lagt til, að breytingar verði gerðar á lögum frá 1937 um tollheimtu og tolleftirlit. Auk nokkurra breytinga á eldri fyrirmælum eru í frv. ný ákvæði um þessi efni, sem þörf þykir að setja í lög. Yfirleitt er að því stefnt með þeim breytingum, er í frumvarpinu felast, að auðvelda tollgæzlunni eftirlit með innflutningi á vörum og gera það öruggara.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 18. gr. Í stað orðanna „sem hér er fastbúsettur“ í 1. málsgr. b-liðar komi: sem hér á lögheimili.
2. Við 19. gr. 1. tölul. orðist svo:
   Í stað orðanna „ekki lægri en 100 kr.“ í 1. málsgr. komi: ekki lægri en 500 kr. og allt að 200000 krónum.

Alþingi, 17. jan. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Karl Guðjónsson.
Jóhann Hafstein. Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 251. Nefndarálit [1. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefndir þingsins hafa samkvæmt venju undirbúið sameiginlega tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Við öflun upplýsinga um rekstur og afkomu báta og flutningatækja hefur samvinnunefndin notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins eins og jafnan áður.

Vegna verulegrar hækkunar á rekstrarkostnaði bátanna á s. l. ári hefur afkoma margra þeirra orðið í lakara lagi. Hefur nefndin því ekki komizt hjá að leggja til, að styrkirnir verði flesir hækkaðir, sumir lítillega, aðrir allverulega. Eins og oft áður hefur nefndin talið nauðsynlegt að veita einstökum bátum aðstoð við vélakaup eða meiri háttar viðgerðir.

Um flóabátaferðirnar í heild er það að segja, að nefndin gerir ráð fyrir, að skipulag þeirra verði á þessu ári svipað og verið hefur.

Um rekstur einstakra flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamgöngur:

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts, sem annast ferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð, hækki um 15 þús. kr. En auk þess er lagt til, að honum verði veittur 30 þús. kr. styrkur á þessu ári til vélakaupa og fyrirheit um jafnháan vélastyrk á næsta ári. Rekstur þessa báts hefur gengið mjög erfiðlega, og taldi nefndin óhjákvæmilegt að hækka styrkinn til hans verulega og gera honum kleift að komast yfir nýja vél í m/b Konráð.

Ferðunum um sunnanverðan Breiðafjörð er nú haldið uppi af nýjum og stærri bát en áður. Hefur hann verið endurbættur mjög verulega, og má teljast vandað og traust skip. En stofnkostnaðurinn liggur mjög þungt á rekstri bátsins. Hefur nefndin talið nauðsynlegt að koma til móts við óskir um, að rekstrarstyrkur til hans verði hækkaður nokkuð. Leggur hún því til, að rekstrarstyrkur Stykkishólmsbáts verði hækkaður um 20 þús. kr., en auk þess verði honum veittur 80 þús. kr. vélastyrkur.

Þá er lagt til, að styrkur til Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts verði hækkaður um 6 þús. kr. Er nú gert ráð fyrir, að tveir bátar annist þá þjónustu, sem þessi bátur hefur veitt. Leggur nefndin til, að 19 þús. kr. styrkur verði veittur til beggja bátanna, þar af 12 þús. kr. til Langeyjarnesbáts, en 7 þús. kr. til Skógarstrandarbáts. Fyrir lægri styrk en þetta er ekki talið unnt að fá báta til að annast þessar ferðir.

Ísafjarðarsamgöngur:

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Djúpbátsins hækki um 10 þús. kr., en þar að auki verði honum veittur 40 þús. kr. styrkur vegna viðgerðar. Er ætlunin að byggja nýtt stýrishús á bátinn og búa hann um leið betur að siglingatækjum. Þessi viðgerð á bátnum hefur dregizt mjög vegna fjárskorts. Undanfarin tvö ár hefur honum verið veittur nokkur styrkur í þessu skyni. Hefur það fé verið lagt fyrir, en mun væntanlega verða notað á þessu ári.

Norðurlandssamgöngur:

Nefndin leggur til, að Húnaflóa- og Strandabátur fái sama styrk og s. l. ár. Telur hún rétt, að leitað verði tillagna sýslunefndar Strandasýslu um það, hvernig ferðunum verði bezt fyrir komið. En til þess er ætlazt, að hann fari ekki færri ferðir en áður til nyrztu hafnanna, Reykjarfjarðar og Dranga. Á s. l. ári mun nokkrum hluta styrksins til þessa báts hafa verið varið til vegabóta. Nefndin taldi ekki fært að mæla með því, að sá háttur yrði á hafður framvegis.

Lagt er til, að Norðurlandsbátur, sem siglir um Eyjafjörð og Skagafjörð, fái 40 þús. kr. hækkun á rekstrarstyrk sínum, og samkvæmt fyrirheiti, sem honum var gefið á s. l. ári, fái hann einnig 50 þús. kr. í vélastyrk. Er þar um að ræða síðari greiðslu af tveimur.

Þá er gert ráð fyrir, að Haganesvíkurbátur fái óbreyttan rekstrarstyrk. Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda hækki hins vegar um 2 þús. kr. og til Hríseyjarbáts um 1 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur:

Afkoma smábátanna, sem annast flóabátaferðir á Austfjörðum, hefur ekki verið góð á s. l. ári. Hefur nefndin því talið nauðsynlegt að hækka rekstrarstyrk Loðmunarfjarðarbáts um 5 þús. kr. og Mjóafjarðarbáts um 2 þús. kr. Í hinum síðarnefnda þarf nú að skipta um vél, og er það allfjárfrek framkvæmd. Hefur verið farið farið fram á styrk til vélakaupanna. Taldi nefndin óhjákvæmilegt að verða að nokkru leyti við henni. Leggur hún því til, að Mjóafjarðarbát verði veittur 30 þús. kr. styrkur til vélakaupa í ár og fyrirheit um jafnháa upphæð á næsta ári.

Suðurlandsskip og Vestmannaeyjasamgöngur:

Gert er ráð fyrir, að vöruflutningar til Vestur-Skaftafellssýslu njóti svipaðs stuðnings og áður, en þetta hérað hefur sérstöðu að því leyti, að það er algerlega hafnlaust og flutningar þangað mjög dýrir. Á s. l. ári voru veittar 170 þús. kr. til svokallaðs Suðurlandsskips, en eins og kunnugt er, fyrirfinnst það „skip“ hvergi. En styrknum til þess er varið til þess að greiða niður flutningskostnað á nokkrum vörutegundum. Leggur nefndin til, að styrkurinn til þessara flutninga verði hækkaður um 20 þús. kr. — Sömuleiðis er lagt til, að styrkur til vöruflutninga til Austur-Skaftafellssýslu hækki um 5 þús. kr.

Nokkur reynsla er nú fengin af hinu nýja fyrirkomulagi Vestmannaeyjaferða, en eins og kunnugt er, var sú breyting gerð á þeim á árinu 1954, að ferðirnar voru farnar til Þorlákshafnar í stað Stokkseyrar áður. Voru þær þá einnig farnar daglega í stað tvisvar í viku áður. Var þetta gert til þess að tryggja Vestmannaeyingum næga mjólk. Á s. l. ári var sótt um 360 þús. kr. styrk til þessara ferða. Taldi nefndin ekki unnt að samþykkja svo stórfellda styrkhækkun, áður en nokkur reynsla væri fengin af hinu nýja skipulagi ferðanna. Var niðurstaðan sú, að báturinn fékk 200 þús. kr. styrk og ríkisstjórninni var auk þess veitt heimild til þess að greiða honum 50 þús. kr. styrk í viðbót, ef á þyrfti að halda. Hefur sú heimild verið notuð. Með hliðsjón af rekstri bátsins s. l. ár, telur nefndin ekki verða hjá því komizt, að hækka styrk hans um 50 þús. kr. Enn fremur leggur hún til, að ríkisstjórnin fái heimild til þess að greiða honum 50 þús. kr. viðbótarrekstrarstyrk, ef á þarf að halda.

Faxaflóasamgöngur:

Ferðum um Faxaflóa hefur á s. l. ári verið haldið uppi með leiguskipum eins og undanfarið, síðan Laxfoss strandaði. En nú er gert ráð fyrir, að hið nýja skip, sem h/f Skallagrímur í Borgarnesi á í smíðum, verði tilbúið til þess að hefja ferðir á fyrri hluta þessa árs. Um niðurstöðu af rekstri þess er þó allt í óvissu. Hefur stjórn Skallagríms farið fram á 500 þús. kr. styrk til ferðanna á þessu ári. Nefndin leggur hins vegar til, að styrkupphæðin verði 250 þús. kr., eða hin sama og á s. l. ári, en jafnframt verði ríkisstjórninni heimilað að greiða h/f. Skallagrími 200 þús. kr. rekstrarstyrk í viðbót, ef það kemur í ljós, að þess sé þörf. Er hér um að ræða helmingi hærri greiðsluheimild í þessu skyni en ríkisstjórninni var veitt í fjárlögum s. l. árs. Er það von nefndarinnar, að hinar nauðsynlegu samgöngur, sem hið nýja skip rækir, muni tryggðar með þessum stuðningi við rekstur þess. Reynslan mun svo skera úr um, hver afkoma skipsins verður. En mjög ber að fagna því, að nýtt og fullkomið skip tekur nú við Faxaflóaferðum.

Samkvæmt tillögum samvinnunefndarinnar leggur hún til, að styrkur til flóabáta og vöruflutninga verði á þessu ári samtals kr. 2168000.00. Er það 276500.00 kr. hærri upphæð en á s. l. ári.

Nefndin leggur til, að styrkupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr.	360 000.00
Sami, styrkur vegna viðgerðar	—	40 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur	—	100 000.00
Norðurlandsbátur	—	370 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	50 000.00
Haganesvíkurbátur	—	6 000.00
Hríseyjarbátur	—	16 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	22 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	17 000.00
Mjóafjarðarbátur	—	22 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	30 000.00
Suðurlandsskip	—	190 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	—	3 300.00
Flateyjarbátur til vikulegra ferða frá Flatey með viðkomu í eyjum og á höfnum við norðanverðan Breiðafjörð samkvæmt áætlun	—	115 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	30 000.00
Stykkishólmsbátur	—	130 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	80 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátar	—	19 000.00
Patreksfjarðarbátur	—	2 700.00
Til bátaferða í A.-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	—	65 000.00
Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbátur	—	250 000.00
Til h/f Skallagríms vegna ferða um Faxaflóa	—	250 000.00
	Samtals kr.	2 168 000.00

Alþingi, 17. jan. 1956.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.
Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Nd.-nefndar.
Magnús Jónsson.
Eiríkur Þorsteinsson.
Karl Guðjónsson.

Sigurður Ó. Ólafsson, form. Ed.-nefndar.
Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Jón Kjartansson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Samkvæmt ósk háttvirtrar samvinnunefndar samgöngumála í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1956 leyfir undirritaður sér hér með að leggja fram eftirfarandi yfirlitsgreinargerð varðandi rekstur flóabáta og styrkveitingar úr ríkissjóði í því sambandi:

Djúpbáturinn.

H/f Djúpbáturinn á Ísafirði annast eins og áður flutninga um Ísafjarðardjúp og nágrenni með báti sínum Fagranesi (br.-stærð 70 tonn, aðalvél 240 hö.). Á árinu 1954 voru eigin tekjur bátsins samkvæmt framlögðum rekstrarreikningi 591 þús. kr., að meðtöldum tekjum fyrir upp- og útskipun. Rekstrarstyrkur úr ríkissjóði var það ár 350 þús. kr. og sérstakur styrkur til endurnýjunar stýrishúss 20 þús. kr. Rekstrarhagnaður var talinn 5 þús. kr., eftir að tilfærðar höfðu verið afskriftir 14 þús. kr. og án þess að færa til tekna áður nefndan styrk til byggingar stýrishússins. Við árslok er „Fagranesið" aðeins bókfært á 32 þús. kr., áhöld 2 þús. kr. og húseign 6 þús. kr., en við þetta þarf raunverulega að bæta tilfærðu rekstrartapi frá fyrri árum að upphæð 254 þús. kr., svo að segja má, að nefndar eignir félagsins standi raunverulega í bókfærðu verði að upphæð 294 þús. kr. Er það auðvitað neðan við sannvirði.

Samkvæmt bráðabirgðareikningsyfirliti fyrir starfrækslu Djúpbátsins á tímabilinu 1. jan. til 31. okt. 1955 hafa flutningsgjaldatekjurnar reynzt 82 þús. kr. hærri en á sama tíma á árinu 1954. Munu þessar auknu tekjur að nokkru leyti vera fyrir flutning til ratsjárstöðvarinnar, sem verið er að undirbúa byggingu á í Aðalvík, en útgerðarstjóri bátsins telur óvíst, að báturinn haldi þeim flutningum framvegis.

Útgerð bátsins fékk leyfi verðlagsyfirvaldanna til þess að hækka fargjöld fyrir farþega um 10% hinn 15 ágúst 1955, og enn fremur fékk útgerðin leyfi til að hækka upp- og útskipunargjöld um 20—25%.

Á næsta ári, 1956, sækir útgerð Djúpbátsins um rekstrarstyrk að upphæð 390 þús. kr. og 50 þús. kr. til endurbóta á bátnum. Er gerð sú grein fyrir umsókn um hina síðar nefndu fjárhæð, að hún sé ætluð til þess að byggja nýtt stýrishús á bátinn, en til þess verks hefur áður verið veittur styrkur úr ríkissjóði 20 þús. kr. 1954 og 40 þús. kr. 1955. Heldur útgerðarstjórinn því fram, að stýrishúsið ásamt íbúð fyrir skipstjóra muni kosta 150 þús. kr., en þar í mun að nokkru leyti innifalið verð ratsjár, sem útgerðin hugsar sér að setja í bátinn jafnhliða byggingu stýrishússins. Fer eftir vali tegundar, hvað ratsjáin kostar, en Decca-ratsjá sett í skip mun nú kosta nærri 70 þús. kr.

Athugað hefur verið, að farmgjöld Djúpbátsins eru óeðlilega lág, miðað við farmgjöld annarra hinna helztu flóabáta, og er því lagt til að hækka farmgjöldin um 20% og fargjöld um 10%. Er líklegt, að verðlagsyfirvöldin mundu samþykkja þessar hækkanir, sem ættu að gefa bátnum auknar tekjur að upphæð í kringum 80 þús. kr.

Undirritaður gerir ráð fyrir, að útgerðarkostnaður Djúpbátsins muni á árinu 1956 hækka a. m. k. um 105 þús. kr. miðað við 1954.

Útgerðarstjóri Djúpbátsins telur óvarlegt að reikna með, að hin auknu flutningaverkefni (miðað við 1954), sem fram hafa komið á yfirstandandi ári, haldist á árinu 1956, en þótt aðeins sé reiknað með helmingi nefndrar aukningar verkefna, þá ætti útgerðin að komast af án hækkaðs rekstrarstyrks úr ríkissjóði, ef flutningsgjöldin verða hækkuð eins og hér með er lagt til að gera.

Ef flutningaverkefni skyldu eitthvað rýrna vegna hækkunar flutningsgjalda eða af öðrum ástæðum, umfram það, sem hér er gert ráð fyrir, væri þó e. t. v. rétt að samþykkja 20 þús. kr. heimild til aukins styrks til bátsins.

Að því er snertir fjárþörf Djúpbátsins h/f til endurbóta á m/s Fagranesi, þá vill undirritaður láta í ljós það álit um slíka fjárþörf útgerða flótabátanna almennt,

að ekki sé heppilegt, að ríkið haldi áfram á þeirri braut að veita beina styrki til endurnýjunar eða endurbóta á bátum, sem ríkið er ekki beinlínis eigandi að.

Ef hinir skráðu eigendur flótabátanna hafa ekki sjálfir fjárhagslegt bolmagn til að endurnýja eða endurbæta báta sína, virðist eðlilegt, að hlutaðeigandi sýslufélög veiti hina nauðsynlegu aðstoð á einn eða annan hátt, því að það verður að teljast beinlínis æskilegt, að sýslufélögin hafi beinna hagsmuna að gæta í sambandi við útgerð flóabátanna og hafi þar meiri aðild og afskipti en að undanförnu.

Gera má ráð fyrir, að ekki þyki svigrúm til að taka nú þegar upp algerlega nýja stefnu í þessu máli, og gæti því undirritaður mælt með því, að ríkið veitti Djúpbátnum h/f 50 þús. kr. veðlán á næsta ári til endurbóta á m/b Fagranesi.

Norðurlandsbátur.

Aðalsiglingasvæði báts þessa er Eyjafjörður og Skagafjörður. Hefur Steindór Jónsson útgerðarmaður á Akureyri í mörg ár annazt þessar strandferðir með báti sínum Drang (br.-stæð 74 tonn, aðalvél 200 hö.).

Á árinu 1954 voru eigin tekjur bátsins skv. rekstrarreikningi 537 þús. kr. að meðtöldum nettótekjum fyrir upp- og útskipun. Ríkisstyrkur var þá 330 þús. kr., útgerðarkostnaður 846 þús. kr. og tekjuafgangur tæplega 21 þús. kr. Sá tekjuafgangur var þó ekki raunverulegur, þar eð ekkert var afskrifað af bátnum eða áhöldum, en bókfært verð þessara eigna var að vísu neðan við sannvirði, eða einungis 186 þús. kr.

Athugað hefur verið, að farmgjaldataxtar Drangs eru svo háir samanborið við aðra báta og skip, að ekki virðist á þessu stigi réttlætanlegt að hækka þá. Hins vegar mætti hækka dálítið fargjöld fyrir farþega, en slík hækkun gefur litla hækkun á heildartekjum bátsins. Hefur útgerðarmaðurinn athugað það í samráði við undirritaðan, hvað reikna megi með mikilli hækkun á tekjum bátsins, og með því að taka tillit til þess, telur útgerðarmaðurinn sig þurfa að fá 370 þús. kr. rekstrarstyrk á næsta ári.

Þá sækir útgerðarmaður Drangs um 100 þús. kr. vélastyrk fyrir bátinn á næsta ári í viðbót við 50 þús. kr. byrjunarfjárveitingu á yfirstandandi ári. Upplýsir útgerðarmaðurinn, að hann ætli sér að kaupa nýja 280 ha. vél, sem áætlað sé að kosti hingað komin með tolli og flutningsgjaldi 305 þús. kr., en niðursetningarkostnaður er lauslega áætlaður 80 þús. kr.

Undirritaður hefur fullar heimildir fyrir því, að vélin í m/b Drang er mjög léleg og þörf á að setja nýja vél í bátinn, en afstaða undirritaðs til þessarar fjárbeiðni er hin sama og gagnvart fjárbeiðni Djúpbátsins h/f til endurbóta á m/b Fagranesi. Mælt er með umsókn um rekstrarstyrk til útgerðar m/b Drangs að upphæð 370 þús. kr. á næsta ári.

Stykkishólmsbátur.

Bátur þessi fer áætlunarferðir um Breiðafjörð árið um kring og hefur aðsetur sitt í Stykkishólmi. Enn fremur annast báturinn næstum alla flutninga á sjó milli Reykjavíkur annars vegar og Gilsfjarðar og Hvammsfjarðar hins vegar, og er heppilegt fyrir Skipaútgerðina að losna við þær siglingar, enda í samræmi við óskir aðila þar vestra um að hafa flutningabát, sem lagzt getur að bryggju á umræddum stöðum, en skip eins og Skjaldbreið er of stórt til þess.

Það er m/b Baldur í Stykkishólmi (br.-stærð 61 tonn, aðalvélar 2×132 hö.), sem er í þessum siglingum.

Á árinu 1954 var eldri Baldur (45 br.-tonn) gerður út í nefndri þjónustu til 1. okt., en þá tók hinn báturinn við. Flutningsgjaldatekjur bátanna á því ári námu samkvæmt rekstrareikningi 566 þús. kr., en ríkisstyrkur var 110 þús. kr. Útgerðarkostnaður var talinn 707 þús. kr., án tilfærslu fyrningar, og hefði orðið halli á rekstrinum, ef ekki hefði komið til söluhagnaður á gamla Baldri að upphæð 154 þús. kr., sem jafnaði nokkurn veginn metin.

Á yfirstandandi ári er rekstrarstyrkur til báts þessa 110 þús. kr. og vélakaupastyrkur 40 þús. kr. Útgerðin telur 178 þús. kr. tap á starfrækslu bátsins fram til loka sept. s. l., en þar í er reiknuð afskrift að upphæð kr. 148500.00. Sækir útgerð bátsins samkvæmt þessu um rekstrarstyrk á næsta ári að upphæð 250 þús. kr.

Samkvæmt yfirliti um tekjur bátsins fram til septemberloka virðist mega gera ráð fyrir, að flutningsgjaldatekjurnar á árinu verði a. m. k. 660 þús. kr. eða um það bil 100 þús. kr. hærri en á árinu 1954, enda var alltaf reiknað með því, að núverandi bátur aflaði meiri tekna en hinn eldri Baldur.

Gera má ráð fyrir, að útgerðarkostnaður nefnds báts á árinu 1956 verði ekki undir 825 þús. kr., auk afskriftar, sem varla má vera minni en 10% af bókfærðu eignarverði báts og véla (1170 þús. kr. á síðustu áramótum).

Sést af þessu, að með flutningsgjaldatekjum að upphæð 660 þús. kr. mun 250 þús. kr. ríkisstyrkur ekki reynast nægjanlegur, og er því, um leið og mælt er með þeirri styrkveitingu, lagt til að hækka nokkuð flutningsjöld bátsins innan Breiðafjarðar til samræmis við flutningsgjöld, sem tíðkast hjá öðrum flóabátum. En athygli skal vakin á því, að hækkun flutningsgjalda bátsins innan Breiðafjarðar gefur litla hækkun á heildartekjunum, þar eð mestur hluti þeirra er fyrir flutning á milli Reykjavíkur og Breiðafjarðar, en á þeirri leið er fylgt strandferðataxta Skipaútgerðarinnar, sem gildir fyrir flutning allt í kringum land án tillits til vegalengdar.

Langeyjarnesbátur.

Á yfirstandandi ári var veittur styrkur úr ríkissjóði að upphæð 13 þús. kr. til Langeyjarnes- og Skógarstrandarbáts, og skildi undirritaður það svo, samanber álitsgerð til samvinnunefndar samgöngumála í nóv. f. á., að styrkurinn skyldi veittur Eggert Björnssyni í Stykkishólmi til þess að halda uppi nokkurn veginn hálfsmánaðarlegum áætlunarferðum milli Stykkishólms og Langeyjarness, en báturinn skyldi ekki þurfa að fara til Skógarstrandar, nema verkefni væru fyrir hendi, enda hafði reynslan sýnt, að flutningar á sjó milli Stykkishólms og Skógarstrandar féllu að mestu úr sögunni, eftir að vegarsamband komst á milli nefndra staða.

Nú mátti skilja orðalag nefndarálits svo, að nefnd fjárveiting, 13 þús. kr., væri eins og áður áætluð til áætlunarferða bæði til Langeyjarness og Skógarstrandar, og varð því dráttur á, að áætlunarferðir byrjuðu eftir síðustu áramót. Þó fór það svo fyrir milligöngu Sigurðar Ágústssonar alþingismanns, að Eggert Björnsson féllst á að taka að sér Langeyjarnesferðir með sama hætti og áður fyrir 10 þús. kr., en afgangurinn, 3 þús. kr., var þá auðvitað til ráðstöfunar til þess að styrkja flutninga á sjó milli Stykkishólms og Skógarstrandar.

Mun Sigurður Sörensson í Stykkishólmi væntanlega fá síðar nefnda fjárhæð, þar eð hann hefur látið bát fara nokkrar ferðir milli Stykkishólms og Skógarstrangar á yfirstandandi ári og telur fram í því sambandi í skýrslu til Skipaútgerðarinnar, dags. 2. nóv. s. l., flutningsgjaldatekjur að upphæð kr. 4320.02 í 12 ferðum frá 2. jan. til 24. okt.

Sigurður Ágústsson alþingismaður hefur með bréfi, dags. 2. þ. m., sótt um rekstrarstyrk að upphæð kr. 10000.00 fyrir Langeyjarnesferðir og kr. 8000.00 fyrir Skógarstrandarferðir flóabáta á næsta ári. En til Skipaútgerðarinnar hefur hins vegar borizt umsókn frá Eggert Björnssyni um 15 þús. kr. rekstrarstyrk til Langeyjarnesferða með sama báti og áður (m/b Gísla Gunnarssyni — br.-stærð 7½ tonn, vél 56 hö.). Enn fremur sækir E. B. um vélastyrk að upphæð 20 þús. kr., en það er raunar vegna vélar, sem sett var í bátinn þegar Eggert byggði hann nýjan á árinu 1953. Er vélin sögð að hafa kostað 48 þús. kr. með niðursetningu og dýptarmælir 10 þús. kr.

Eggert Björnsson gerir þá grein fyrir flutningunum á yfirstandandi ári fram til 5. nóv., að fluttir hafi verið 588 farþegar fyrir kr. 5880.00 og 104 tonn af vörum fyrir kr. 8320.00.

Flutningsgjöld umræddS báts virðast óeðlilega lág, og er hér með lagt til að hækka fargjöldin úr 10 kr. í 15 kr. á mann og farmgjöldin úr 8 aurum í 10 aura á kg. Ætti þá útgerðarmaður bátsins að komast af með 12 þús. kr. styrk úr ríkissjóði á næsta ári, og hefur hann fallizt á það í símtali.

Aldrei hefur verið farið inn á þá braut að veita vélastyrki fyrir svo litla flóabáta sem umræddan bát Eggerts Björnssonar, og getur því undirritaður ekki mælt með þeirri umsókn.

Undirritaður telur ekki grundvöll fyrir því nú orðið að styrkja bát til flutninga milli Stykkishólms og Skógarstrandar, og verður því ekki mælt með umsókn Sigurðar Ágústssonar alþingismanns þar að lútandi.

Mjóafjarðarbátur.

Styrkur til þessa báts á yfirstandandi ári er 20 þús. kr., og upplýsir oddviti, að samið hafi verið um 50 ferðir milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar út á þennan styrk. Það er m/b Njörður (br.-stærð 16 tonn, aðalvél 75 hö.), sem annazt hefur þessa flutningaþjónustu frá því í nóv. 1954, en áður höfðu Mjófirðingar í mörg ár haft 7 tonna bát með 32 ha. vél í flutningunum.

Oddviti skýrði frá því, að á undanförnum 12 mánuðum hafi báturinn flutt 89 tonn varnings og 228 farþega. Flutningsgjaldatekjur hafa numið 10 þús. kr., og tekjur af 23 aukaferðum 13 þús. kr.

Eins og bent er á í greinargerð undirritaðs til samvinnunefndar samgöngumála í nóv. f. á., kemur til álita, hvort brýn ástæða sé til að veita styrk til þessa flóabáts, þar sem hafskipabryggjan á Mjóafirði var endurbætt svo á árinu 1954, að ekkert er til fyrirstöðu, að öll strandferðaskip Skipaútgerðarinnar geti lagt að henni, þegar veður leyfir. Hafa nú strandferðaskip Skipaútgerðarinnar reglubundnar áætlunarviðkomur á Mjóafirði, að vísu gisnari en vera mundi, ef flóabáturinn væri ekki, en auk þess eru strandferðaskipin yfirleitt látin koma á Mjóafjörð utan áætlunar, ef verkefni eru fyrir hendi og um þetta er beðið.

Oddviti Mjóafjarðarhrepps sækir nú um óbreyttan rekstrarstyrk, 20 þús. kr., fyrir Mjóafjarðarbát á næsta ári, en með því að oddvitinn upplýsir, að aðalvélin í bátnum sé léleg og kaupa þurfi nýja, er kosta muni 140 þús. kr., sækir oddvitinn um sérstakan vélakaupastyrk að upphæð 60 þús. kr.

Nú skýrir oddvitinn frá því, að fólki í Mjóafjarðarhreppi hafi fækkað um ca. 60 manns af 140 á undanförnum tveim til þrem árum, og kemur því til athugunar, hvort ekki er nægjanlegt að hafa flóabát af svipaðri stærð og var í mörg ár, áður en núverandi flóabátur var fenginn. En bátaskiptin áttu sér stað án atbeina hins opinbera.

Fyrrverandi flóabátur mun hafa verið einkaeign, og fluttist eigandinn burt með bátinn. Núverandi flóabátur mun einnig vera einkaeign, og vafasamt, að nokkur trygging fáist fyrir því, að hann verði lengur í þjónustu Mjófirðinga en eitt ár samkvæmt samningi, sem gerður kynni að verða um flóaferðirnar, enda virðist ekki grundvöllur fyrir því að gera út 16 tonna bát allt árið fyrir 46 þús. kr. flutningatekjur, nema miklar aðrar tekjur komi til viðbótar.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið fram tekið varðandi Mjóafjarðarbát, og af áður greindum almennum ástæðum getur undirritaður ekki mælt með beiðni um vélastyrk til nefnds báts. Hins vegar þykir rétt að mæla með rekstrarstyrksbeiðninni. Grundvöllur virðist fyrir því að hækka nokkuð flutningsgjöld báts þessa til hagsbóta fyrir útgerð hans og til samræmis við flutningsgjöld annarra báta.

Hríseyjarbátur.

Bátur þessi hefur fastar áætlunarferðir á milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands árið um kring. Hefur 5 tonna trillubátur, Sævar, annazt þessar ferðir undir eftirliti oddvita Hríseyjarhrepps. Báturinn hefur verið starfræktur með styrk frá þrem aðilum (ríkissjóði, sýslusjóði og Hríseyjarhreppi).

Í des. 1953 var sett ný 32 ha. vél í bátinn, og er hún sögð að hafa kostað 45 þús. kr. Á síðastliðnu ári var sótt um styrk úr ríkissjóði vegna þessarar framkvæmdar, en ekki var fallizt á þá umsókn, heldur var rekstrarstyrkurinn fyrir 1955 hækkaður í 15 þús. kr. úr 11 þús. kr. (1954).

Á árinu 1954 eru flutningsgjaldatekjur bátsins taldar tæplega 34 þús. kr. Ríkisstyrkur var þá 11 þús. kr. og styrkur úr sýslusjóði og hreppssjóði samtals kr. 7500.00.

Fargjöld með bátnum eru nú 12 kr. á mann, og eru taldir fluttir 480 farþegar frá 1. jan. til 20. okt. 1955. Oddvitinn sækir um óbreyttan ríkisstyrk fyrir næsta ár, og er hér með mælt með þeirri umsókn.

Flateyjarbátur á Skjálfanda.

Báti þessum er ætlað að halda uppi hálfsmánaðarlegum ferðum milli Flateyjar og Húsavíkur. Á árinu 1954 annaðist m/b Hrönn (br.-stærð 15 tonn, vél 60 hö.) ferðirnar, og upplýsir oddviti, að 24 ferðir hafi verið farnar og fluttir 92 farþegar og 77 tonn af vörum.

Á yfirstandandi ári hefur fyrirkomulag verið þannig, að m/b Sæborg frá Húsavík (br.-stærð 17 tonn, vél 75 hö.) annaðist flutningana fyrstu 4 mánuði ársins og svo 3 síðustu mánuðina, en hinn tíma ársins annaðist m/b Sævar frá Flatey (br.-stærð 6 tonn, vél 18 hö.) flutningana. Talin eru flutt 34 tonn af þungavöru og 72 farþegar á fyrstu 9 mánuðum yfirstandandi árs.

Oddviti Flateyjarhrepps sækir um 2 þús. kr. styrk á mánuði fyrir bátinn á næsta ári, en ekki virðist grundvöllur fyrir því að hækka styrkinn úr 20 þús. kr., og skal í því sambandi bent á, að fjárveiting fyrir árið 1954 var hækkuð úr 13 í 20 þús. kr., vegna þess að þáverandi Flateyjarbátur (Hrönn) breytti um heimilishöfn (fluttist frá Flatey til Húsavíkur), en Flateyingar hafa á yfirstandandi ári, a. m. k. í 5 mánuði, komizt af með að nota miklu minni bát, til heimilis í Flatey, enda um að ræða mjög litla flutninga.

Haganesvíkurbátur.

Veittar voru 6 þús. kr. úr ríkissjóði til ferða báts á milli Haganesvíkur og Siglufjarðar á yfirstandandi ári, en upphæðin var með samþykki Skipaútgerðarinnar og stjórnarráðsins notuð til þess að greiða mismun á dagvinnu og nætur- og helgidagavinnu við afgreiðslu á m/s Drang frá Akureyri, en þannig hefur atvikazt, að sá bátur hefur yfirleitt verið á Haganesvík á þeim tíma, að bátinn hefur orðið að afgreiða í eftir- eða næturvinnu. Stendur þetta í sambandi við bindingu Drangs við áætlunarferðir bifreiða til og frá öðrum höfnum. Umsókn liggur fyrir um óbreyttan styrk til nefnds báts eða afgreiðslukostnaðar á næsta ári, og er mælt með þeirri umsókn.

Loðmundarfjarðarbátur.

Bátur þessi er í förum milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar undir eftirliti Kaupfélags Austfirðinga á Seyðisfirði. Samningur er við Eðvald Jónsson um að halda uppi ferðunum á yfirstandandi ári. Báturinn, sem notaður var til flutninganna, var m/b Nakkur (br.-stærð samkv. skrá skipaskoðunarstjóra 5 tonn, vél 22 hö.). Samningur var um eina ferð á mánuði í janúar—apríl, 2 ferðir á mánuði í maí—október, 1 ferð í nóv. og 1 eða fleiri ferðir í des. eftir atvikum.

Samkvæmt skýrslu útgerðarmanns, dags. 1. nóv. s. l., telur hann bátinn þá vera búinn að fara 36 ferðir á árinu frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar, og hafi verið fluttir 42 farþegar og 28 tonn varnings. Til Húsavíkur eru taldar 5 ferðir, þar af 2 vegna sjúklinga, og 5 tonn varnings eru sögð flutt í þeim ferðum.

Útgerðarmaður tekur fram, að hann hafi með tilliti til ríkisstyrksins farið allar aukaferðir á umræddri leið fyrir mjög lágt gjald, er mun hafa verið 100—150 kr.

á ferð, en fyrirframumsamið flutningsgjald fyrir farþega í áætlunarferðum var aðeins 5 kr. og farmgjald 60 kr. á tonn.

Styrkur til bátsins á yfirstandandi ári er 12 þús. kr., en útgerðarmaður kveðst ekki treysta sér til að halda ferðunum áfram á næsta ári, nema til komi hærri styrkur eða hærri flutningsgjöld.

Grundvöllur virðist fyrir því að hækka flutningsgjöldin, svo að útgerðarmaður bátsins fallist á að halda áfram þjónustu fyrir óbreyttan ríkisstyrk, enda er nú miklu minni bátur notaður en áður.

Strandabátur.

Fjárveiting til þessa báts er á yfirstandandi ári 100 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að leitað skyldi álits sýslunefndar Strandasýslu um það, hvernig ferðum bátsins skyldi haga, svo að þær kæmu héraðinu að sem mestu gagni, og skrifaði Skipaútgerðin sýslumanni Strandamanna um málið. Svar sýslumanns barst í bréfi 6. maí 1955, svo hljóðandi:

„Með skírskotun til bréfs yðar, dags. 21. des. s. l., hefur sýslunefnd Strandasýslu fjallað um nefndarálit frá samvinnunefnd samgöngumála Alþingis varðandi styrk til flóabátaferða og samgöngubóta á Ströndum. Fyrir sýslunefndinni lágu jafnframt tillögur hreppsnefndanna í Árnes- og Kaldrananeshreppi um málið.

Ályktun sýslunefndar, sem gerð var í gær, er svo hljóðandi:

„Í tilefni af bréfi frá Skipaútgerð ríkisins, dags. 21. des. 1954, og tillögum frá samvinnunefnd samgöngumála Alþingis varðandi samgöngur í norðurhreppum Strandasýslu ályktar sýslunefndin að leggja til:

1. Að um 65 þús. kr. af styrk þeim, sem veittur er á fjárlögum 1955 til Húnaflóa- og Strandabáts, sem er að fjárhæð kr. 100000.00, verði varið á svipaðan hátt og síðastliðið ár, þ. e. til að halda uppi vikulegum ferðum á tímabilinu frá 15. maí til septemberloka frá Ingólfsfirði til Hólmavíkur með sömu viðkomustöðum og síðastliðið ár. Þá fari báturinn einnig tvær ferðir í mánuði til Dranga og Reykjarfjarðar á Ströndum.

2. Þar sem það er mjög aðkallandi að leggja, svo fljótt sem kostur er, akfæran veg frá þjóðverginum fyrir norðan Mela til Norðurfjarðar til þess að koma miðhluta Árneshrepps í vegasamband við aðalverzlun hreppsins og til þess að hægt sé að koma stærri jarðyrkjutækjum og einnig verkfærum til bryggjugerðar, sem væntanleg er í Norðurfirði, leggur sýslunefndin til, að eftirstöðvum styrksins, um 35 þús. kr., verði varið til að flýta fyrir þessari vegagerð.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Á grundvelli nefndra óska sýslunefndar Strandasýslu leitaði Skipaútgerðin samninga við Gunnar Guðjónsson á Ingólfsfirði um, að hann tæki að sér strandflutningana með m/b Guðrúnu (br.-stærð 17 tonn, vél 80 hö.) eins og á næsta ári á undan, en útgerðarmaðurinn vildi ekki gera þetta fyrir minna en 70 þús. kr. styrk, og var fallizt á þá kröfu með samþykki sýslumanns Strandamanna. En eftirstöðvar styrksins voru greiddar til vegamálastjóra að undanskildum kr. 767.50, er Skipaútgerðin greiddi fyrir að auglýsa ferðir bátsins.

Til viðbótar því, sem segir í 2. lið ofangreindrar ályktunar sýslufundar Strandasýslu, skal á það bent, að keppt er að því að bæta veginn á milli Gjögurs og Ingólfsfjarðar og vegarundirstöðuna, sem lögð var á s. l. sumri, frá þessum vegi út á Norðurfjörð, þar eð þetta bætir mjög samgöngur í hinum einangraða Árneshreppi og miðar að því að stytta mjög siglingu báts, sem áfram kann að verða hafður til samgöngubóta í þessu byggðarlagi.

Samkvæmt rekstrarreikningi Strandabáts í umsömdum ferðum 1955 voru flutningsgjaldatekjur bátsins á 4½ mánuði kr. 21500.00, og eru þetta auðvitað hörmulega litlar flutningsgjaldatekjur á móti ríkisstyrknum. Samt telur eigandi bátsins heldur tap en hitt á starfrækslunni, en á það uppgjör verður þó ekki fallizt, m. a. af því, að

ganga verður út frá, að áhöfn (3), sem ekki siglir í nefndri þjónustu nema 1½ eða í mesta lagi 2 daga í viku, geti haft og verði að hafa einhver önnur verkefni.

Fyrir 3 árum var fjárveiting til þessa báts komin upp í 130 þús. kr., og mun það því með tilliti til vaxandi dýrtíðar vekja óánægju, ef fjárveitingin verður á næsta ári lækkuð úr 100 þús. kr., sem hún er nú. En vegna þess, hve lítið virðist fást út á styrk þennan, ef honum er varið í þjónustu báts með líkum hætti og áður, er hér með lagt til, að sýslunefnd Strandasýslu fái enn á næsta ári, eins og á hinu yfirstandandi ári, að ákveða, hvort einhver hluti af 100 þús. kr. flóabátsstyrk kynni að verða notaður til annarra samgöngubóta en felast í þjónustu báts.

Mýrabátur í Faxaflóa.

Ekki hefur sérstakur bátur verið í þjónustu undir þessum lið, heldur hafa bændur á Mýrum, sem hafa trillubáta, annazt flutningana og styrknum verið skipt á milli þeirra með milligöngu alþingismanns kjördæmisins. Styrkurinn á yfirstandandi ári er kr. 3000.00, og hefur þingmaður Mýramanna sótt um hækkun á næsta ári í hlutfalli við almenna hækkun hliðstæðra styrkja. Er mælt með þessari umsókn.

Flutningastyrkur fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

Fyrir liggur skýrsla frá sýslumanninum í Skaftafellssýslu um úthlutun flutningastyrks fyrir árið 1954. Samkvæmt skýrslunni var styrkurinn notaður til þess að lækka flutningskostnað á matvöru, fóðurvöru, erlendum áburði, kolum og koksi. Nam niðurgreiðslan 85 kr. á tonn vestan Mýrdalssands og 115 kr. á tonn austan Mýrdalssands.

Eins og fram er tekið í skýrslu undirritaðs til samvinnunefndar samgöngumála í nóv. 1954, lækkuðu flutningsgjaldataxtar verzlana í Vík á árinu 1953 sem hér greinir: Flutningsgjald frá Reykjavík til svæðisins vestan við Mýrdalssand lækkaði úr 400 kr. í 300—330 kr. á tonn og flutningsgjald frá Reykjavík til svæðisins austan við Mýrdalssand lækkaði úr 500 kr. í 400 kr. á tonn. Lækkun þessi byggðist á því, að verzlanirnar fengu nýja bíla með diesel-vélum. Það varð enn fremur til almenns hagræðis fólki á afskekktum stöðum hérlendis, að á árinu 1953 var framkvæmd verðjöfnun á olíu um land allt.

Flutningsgjaldataxtar bifreiða í Vík, sem settir voru 1953, standa óbreyttir. En þar sem það hefur í þessu sambandi komið til álita, hvert verzlanir í Vík tækju á sig mikinn halla á bifreiðaútgerð sinni, þá skal á það bent, að samkvæmt heildarreikningi yfir bifreiðarekstur Kaupfélags Skaftfellinga á árinu 1954 hefðu flutningsgjöld þurft að vera 10% hærri, til þess að starfrækslan bæri sig algerlega. Hjá Verzlunarfélagi Vestur-Skaftfellinga er mismunurinn hins vegar heldur meiri, eða rúmlega 13%. Líklegt er samt, að þessi halli komi öllu frekar fram á heimastöðvum en í langflutningum.

Í framhaldi af þessu vísast til hliðstæðrar skýrslu undirritaðs á fyrra ári um þennan lið, þar sem samanburður er gerður á flutningskostnaði á sjó og landi og frekari skýringar gefnar í því sambandi.

Styrkveitingar vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hafa á árunum 1952—55 verið sem hér greinir:

1952 .... 130 þús. kr.
1953 .... 145 — —
1954 .... 145 — — (að viðbættum 25 þús. kr. vegna snjóbíls)
1955 .... 170 — —

Nú sækir sýslumaður Skaftfellinga um hækkun styrksins upp í 200 þús. kr. á næsta ári, en með tilliti til þess, að flutningskostnaður virðist ekki hafa þokazt til óhagræðis fyrir fólk í umræddu byggðarlagi frá því, sem var fyrir 1953, er spurningin, hvort ekki verður komizt af með að veita sama niðurgreiðslustyrk á árinu 1956 eins og 1955.

Bátaferðir í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutningar til Öræfa.

Styrkur til ofanritaðs hefur á undanförnum árum verið sem hér greinir:

1952 .... 42 þús. kr.
1953 .... 42 — —
1954 .... 45 — —
1955 .... 60 — —

Á árinu 1953 var styrkur til Hornafjarðarferjunnar 7 þús. kr. en 10 þús. kr. hvort ár fyrir sig 1954 og 1955. Hinn hluti ofangreinds styrks hefur runnið til niðurgreiðslu á flutningskostnaði til og frá Öræfum.

Á árinu 1954 voru samkvæmt upplýsingum Flugfélags Íslands flutt með flugvélum til og frá Öræfum 100231 kg af vörum, auk lifandi fjár, en flutningsgjald á flugleiðinni hefur verið 980 kr á tonn frá því á árinu 1953. Upplýsir þingmaður Austur-Skaftfellinga, að flutningastyrknum fyrir 1954 hafi verið réttilega skipt á ofangreint flutningsmagn, 100231 kg, hvort sem í hlut áttu einstaklingar eða verzlanir. Flutningsgjald fyrir líflömb var ekki lækkað með styrk af umræddu fé, enda var sá flutningur kostaður á annan hátt.

Á þessu ári upplýsir Flugfélag Íslands, að flutt hafi verið með flugvélum til og frá Öræfum fram til 1. nóv. 100781 kg, en flutningsmagn á tveim síðustu mánuðum 1954 var 3618 kg.

Nú verður 50 þús. kr. flutningastyrkur til ráðstöfunar á yfirstandandi ári, og upplýsir alþingismaðurinn, að í athugun sé að láta eitthvað af styrknum ná til vöruflutninga landleiðina til Öræfa, en þannig hefur verið flutt töluvert magn af vörum jafnhliða flugflutningunum. Hefur undirritaður óskað eftir fullkomnum skýrslum um úthlutunina og alþingismaðurinn lofað að láta þær í té.

Alþingismaður Austur-Skaftfellinga sækir nú um 60 þús. kr. styrk til vöruflutninga til og frá Öræfum og 10 þús. kr. styrk til Hornafjarðarferjunnar á næsta ári. Er hér með mælt með umsókn um styrk til ferjunnar, en með tilliti til þess, að styrkur til nefndra vöruflutninga var hækkaður í fyrra, án þess að gjaldtaxti Flugfélagsins hafi breytzt eða kunnugt sé um vaxandi vöruflutning, kemur til álita, hvort ekki verður komizt af með að veita sama styrk til niðurgreiðslu nefnds flutningskostnaðar á næsta ári eins og veittur var fyrir yfirstandandi ár.

Flateyjarbátur á Breiðafirði.

Í des. 1954 varð m/b Konráð (br.-stærð 18 tonn, vél 66 hö.) fyrir alvarlegri vélabilun, og leigði þá útgerðarfélagið Norðri fyrst m/b Gissur hvíta (19 br.-tonn) og síðar m/b Gust (7 br.-tonn) til þess að halda uppi venjulegum flóastrandferðum um norðanverðan Breiðafjörð fram til loka apríl. Á leigutímanum varð m/b Gissur hvíti fyrir allmiklu tjóni í ís, og féll þetta að nokkru leyti á útgerðarfélagið Norðra í viðbót við vélartjón m/b Konráðs, svo að félagið varð algerlega févana og lítils megnugt um áframhaldandi starfrækslu.

Um mánaðamótin apríl—maí s. l. bauðst útibú Kaupfélags Patreksfjarðar í Flatey til þess að útvega bát (Nönnu, br.-stærð 25 tonn, vél 80—90 hö.) til umræddra flóaferða, og mælti útgerðarstjórn Norðra með því, að kaupfélagið festi bátinn.

Tók m/b Nanna við nefndum flóaferðum frá mánaðamótum apríl—maí.

Fjárveiting til Flateyjarbáts á yfirstandandi ári er 100 þús. kr., og fékk útgerðarfélagið Norðri af því kr. 31666.62 vegna tímabilsins 1. jan. til 30. apríl. Útgerð Nönnu mun væntanlega fá kr. 63333.38 vegna tímabilsins 1. maí til 31. des., en kr. 5000.00 munu samkvæmt samkomulagi við póststjórnina ganga til sérstakra póstferða trillubáts (Sveinbjarnar í Svefneyjum) vegna póstflutnings í eyjarnar í grennd við Flatey, sem ekki þótti heppilegt að hinn stærri bátur innti af hendi.

Smávegis kvartanir bárust að vestan á síðastliðnu sumri um, að ferðir m/b Nönnu væru ekki eins fullkomnar og vera þyrfti, en þó virtust þessar kvartanir ekki vera alvarlegs eðlis. Nú í október kom samt undirskriftarskjal á vegum Norðra h/f, þar sem lýst var áhuga fyrir því að koma m/b Konráði aftur í flutningaþjónustuna, en báturinn hefur legið vélvana allt árið sökum fjárskorts eigenda. Er skiljanlegt, að fólk vestra vilji koma bátnum í starfrækslu á ný, jafnvel þótt ekki væri bein ástæða til óánægju út af þjónustu m/b Nönnu.

Í framhaldi af þessu hefur Norðri h/f sótt um 125 þús. kr. rekstrarstyrk fyrir m/b Konráð á næsta ári, og auk þess er sótt um vélastyrk að upphæð 60 þús. kr., en áætlað er, að ný 3 cyl. 66 ha. Kelvin-vél muni niðursett kosta í kringum 60 þús. kr.

Ekki liggur fyrir rekstrarreikningur fyrir m/b Nönnu á þessu ári og ekki umsókn um styrk á næsta ári, þar eð forstöðumenn kaupfélagsins lýsa yfir, að þeir vilji ekki hlaupa í kapp við Norðra h/f. Forstöðumenn kaupfélagsins hafa verið að því spurðir, hvað verði um m/b Nönnu, ef útgerð m/b Konráðs fái flóabátsstyrkinn á næsta ári, og hafa nefndir látið í ljós, að þeir vildu mjög gjarna, að m/b Nanna yrði áfram til heimilis í Flatey til fiskveiða og eflingar atvinnu, en alger óvissa virðist þó ríkja um þetta.

Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir m/b Konráð á árinu 1954 voru flutningsgjaldatekjur bátsins samtals 68 þús. kr., ríkisstyrkur var þá 85 þús. kr. og rekstrarhalli 2 þús. kr. án tilfærslu afskrifta. Á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1955 eru taldar farmgjaldatekjur 13 þús. kr., ríkisstyrkur kr. 31 666.67 og rekstrarhagnaður 4 þús. kr. án tilfærslu afskrifta.

Samkvæmt efnahagsreikningi h/f Norðra 30. apríl 1955 er áætlað verð m/b Konráðs talið 40 þús. kr. í þáverandi ástandi og skuldir umfram eignir 57 þús. kr., en þar frá virðist þó mega draga væntanlegar tjónabætur fyrir m/b „Gissur hvíta", 18 þús. kr., þannig að skuldir umfram eignir verði aðeins 39 þús. kr. Þessi niðurstaða byggist þó á áður nefndu mati á verðmæti bátsins, en Samábyrgð Íslands á fiskiskipum upplýsir, að báturinn hafi verið metinn til vátryggingar hinn 29. jan. 1955 á kr. 137 500.00, þar af vél kr. 48 000.00, sem vátryggjendurnir vissu ekki annað en væri í lagi. Ef ný vél kemur í bátinn, segja vátryggjendurnir, að vátryggingarverð bátsins hækki um mismuninn á verði hinnar nýju vélar og 48 þús. kr.

Fjárhagsstaða Norðra virðist því ekki eins slæm og áður nefndur efnahagsreikningur félagsins gefur til kynna.

Ef gengið er út frá, að áður nefndur rekstrarreikningur m/b Konráðs fyrir árið 1954 sé réttur, má gera ráð fyrir, að útgerðarkostnaður bátsins hækki um a. m. k. 20 þús. kr. á næsta ári miðað við 1954.

Fargjaldataxtar bátsins eru sagðir 15—20 kr. á mann milli Flateyjar og Barðastrandar, og mætti ef til vill hækka þá upp í 20—25 kr., en sú hækkun mundi ekki gefa bátnum mikla hækkun á heildartekjum. Farmgjöld eru aðaltekjur bátsins, en þau eru það há, að lítill grundvöllur virðist til hækkunar.

Samkvæmt framangreindu er ólíklegt, að útgerð m/s Konráðs komist af með minni rekstrarstyrk en 105—110 þús. kr. á næsta ári, og þar við þarf væntanlega að bæta 5 þús. kr. til greiðslu upp í kostnað við sérstakar póstferðir í eyjarnar í grennd við Flatey.

Að því er snertir fjárbeiðni Norðra h/f um vélastyrk vegna m/b Konráðs, þá virðist það svo, að félagið sæki um styrk til fullrar greiðslu fyrir nýja vél, og má slíkt teljast óvenjulegt. Eðlilegast væri, að útgerðarfélagið legði fram verulega fjárhæð og bæði svo um styrk á móti, ef það á að heita svo, að báturinn sé eign hlutafélags og gerður út af því. Annars er vitað, að umrætt félag er lítils megnugt fjárhagslega, og þarf að opna leið til þess, að slíkur aðili geti einhvers staðar fengið lánsfé til framkvæmda eins og hér er rætt um. Að öðru leyti vísast til fyrr greindrar afstöðu varðandi skyldar styrkbeiðnir.

Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbátur.

Við árslok 1954 gerði bæjarstjóri Vestmannaeyjakaupstaðar samning við eiganda m/b Vonarstjörnunnar (br.-stærð 45 tonn, vél 132 hö.) um mjólkurflutninga milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar á árinu 1955. Skyldi báturinn fara á milli alla virka daga, þegar veður leyfði.

Fyrir liggur rekstrareikningur frá útgerð bátsins fyrir tímabilið 1. jan. til 31. okt. 1955. Hefur báturinn samkvæmt reikningunum haft tekjur sem hér greinir:

Fargjöld 625 á 50.00	kr.	31250.00
Flutningsgjöld fyrir ýmsar vörur	—	61561.56
—— — mjólk o. fl. á 200.00	—	73005.00
Rekstrarstyrkur	—	190000.00
Tekjuhalli talinn	—	77511.72
	Kr.	433328.28

Fjárveiting til bátsins á yfirstandandi ári er 200 þús. kr., og við bætist heimild til greiðslu á 50 þús. kr., sem notuð hefur verið, þannig að ríkisstyrkurinn til bátsins á 10 mánuðum hefði átt að teljast rúmlega 18 þús. kr. hærri en að ofan er greint. Þá er gjaldamegin á reikningnum tilfærð leiga fyrir bát í viðgerðarforföllum Vonarstjörnunnar, rúmlega 20 þús. kr., og kostnaður vegna viðgerðar og útbúnaðar á Vonarstjörnunni, samtals að upphæð 82 þús. kr., sem bendir til, að nokkrar endurbætur hafi verið gerðar. Hins vegar hafa ekki verið færðir til skuldar vextir né afskrift á nefndum rekstrarreikningi, og vekur útgerðarmaðurinn athygli á því.

Samkvæmt greinargerð útgerðarmanns hafði báturinn fram til loka október komið til Stokkseyrar í 8 ferðum, til Eyrarbakka í 12 ferðum og 215 ferðir verið farnar til Þorlákshafnar. Virðist þetta sýna, að báturinn hafi farið að meðaltali 5 daga í viku til Þorlákshafnar, en ferðir á sunnudögum og jafnmörgum öðrum dögum fallið niður. Er eftir atvikum ekki hægt að telja þetta óeðlilega mikil úrföll.

Áætlað hafði verið, að báturinn mundi flytja 500 tonn af mjólk og mjólkurafurðum yfir árið, en bersýnilegt er, að magnið muni reynast heldur minna, eða varla yfir 440 tonn.

Nú er bersýnilegt, að þrátt fyrir 250 þús. kr. ríkisstyrk á yfirstandandi ári til þessara flutninga mun verða talið fram allt að 100 þús. kr. rekstrartap á bátnum að auki, og þar sem báturinn er í raun og veru styrktur eingöngu vegna mjólkurflutninganna, þá virðist hinn raunverulegi flutningskostnaður fyrir nefndar afurðir reynast sem hér greinir:

Flutningsgjald:

A. greitt af Samsölunni	200 kr. á tonn	
B. — — ríkinu 250000 / 440	568 — - —	
C. — — bátseiganda eða öðrum 100000 / 440	227 — - —	
	995 kr. á tonn	

Er þetta meiri flutningskostnaður en flutningskostnaður í flugvélum til Öræfa, sem rætt hefur verið um fyrr í þessari greinargerð, en af þeim flutningskostnaði hefur ríkið fram til yfirstandandi árs greitt um það bil aðeins þriðjung með niðurgreiðslustyrk.

Mun varla þykja koma til greina að halda áfram mjólkurflutningum frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja með tiltölulega jafnháum ríkisstyrk og veittur var á

yfirstandandi ári. Telur undirritaður sér því ekki fært að mæla með umsókn frá Jóhanni Þ. Jósefssyni, þingmanni Vestmannaeyinga, um 360 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til nefnds báts á næsta ári.

Borgarfjarðarskip.

Fyrir liggur reikningsyfirlit frá h/f Skallagrími yfir starfræksluna á þessu ári fram til loka októbermánaðar, og eru eftirgreindar upphæðir færðar teknamegin:

Fargjöld	656	þús. kr.
Farmgjöld	251	— —
Ríkisstyrkur	200	— —
Hagnaður á upp- og útsk. og afgreiðslu skipa	150	— —
Tap	314	— —
Samtals	1571	þús. kr.

Á það skal bent, að fastákveðinn ríkisstyrkur á árinu til félagsins er 250 þús. kr. og heimild til uppbótar 100 þús. kr. Má því gera ráð fyrir, að félagið eigi eftir að færa til tekna 150 þús. kr. ríkisstyrk fyrir reikningslok, en framkvæmdastjórinn upplýsir, að tap muni verða meira en þessu nemur á hinum síðustu tveim mánuðum ársins.

Nú er Skallagrímur h/f, sem kunnugt er, að fá nýtt 400 tonna skip í byrjun næsta árs, og er áætlað, að skip þetta kosti a. m. k. 5½ millj. kr. Þar sem starfrækja á hið nýja skip í næsta nágrenni Reykjavíkur, verður að gera ráð fyrir, að það geti borið sig í framtíðinni, eins og Borgarfjarðarskipið gerði áður fyrr. Má þó búast við, að nokkurn tíma taki að grundvalla starfræksluna með hinu nýja skipi, og hefur útgerðarfélagið í því sambandi sótt um 500 þús. kr. ríkisstyrk á næsta ári.

Er mælt með þessari umsókn.

Reykjavík, 8. des. 1955.

Skipaútgerð ríkisins,
Guðjón F. Teitsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála, Alþingi.

Nd. 252. Breytingartillaga [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og l. nr. 55 20. apríl 1954, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 4. gr. bætist: Til þess að veita þaðan raforku um þá hreppa og suður um Dalasýslu.

Ed. 253. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar er mjög hlynntur því, að Iðnaðarmálastofnun Íslands verði efld. Ástæðan fyrir því, að hann telur óhyggilegt að afgreiða málið nú, kemur fram í meðfylgjandi bréfi frá atvinnumálanefnd ríkisins.

Minni hluti nefndarinnar telur því rétt að afgreiða málið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að Alþingi hefur kosið sérstaka nefnd, atvinnumálanefnd ríkisins, til þess meðal annars að gera tillögur um framtíðarskipulag tilrauna og rannsókna í þágu atvinnulífsins og fyrrgreind nefnd hefur óskað eftir, að þessu máli verði frestað, þar sem eðlilegast sé að fella starf Iðnaðarmálastofnunar Íslands inn í heildarkerfi ákvæða um rannsóknir og tilraunir, og með því að Iðnaðarmálastofnunin getur haldið áfram störfum sínum án tafa eða truflana, þótt afgreiðslu lagafrumvarpsins verði frestað, og í trausti þess, að frumvarp til laga um rannsóknir og tilraunir í þágu atvinnuveganna verði lagt fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. jan. 1956.

Hermann Jónasson, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr.

Fylgiskjal.

ATVINNUMÁLANEFND RÍKISINS

Reykjavík, 12. janúar 1956.

Atvinnumálanefnd ríkisins, sem stofnuð var samkvæmt þingsályktun um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa, frá 20. apríl 1955, samþykkti á fundi sínum, þann 10. þ. m., að beina þeim tilmælum til iðnaðarmálanefndar efri deildar Alþingis, að afgreiðslu laga um Iðnaðarmálastofnun Íslands verði frestað, þangað til nefndin hefur skilað áliti.

Nefndinni er falið að gera tillögur um samræmingu og starfsemi þeirra rannsóknastofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum.

Skal nefndin endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir.

Er hætt við, að af því hlytist tvíverknaður, ef samþykkt væru lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem síðan yrðu tekin til endurskoðunar strax á eftir.

Virðingarfyllst,

f. h. Atvinnumálanefndar,
Hermann Jónasson.

Jóhann Jakobsson, ritari.

Til iðnaðarmálanefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 254. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Málið hefur verið rætt á nokkrum fundum og leitað umsagna. Samkvæmt tillögum Stéttarsambands bænda, framleiðsluráðs landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands og Sölufélags garðyrkjumanna leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Sama gildir um Samband smásöluverzlana, þegar rætt er um málefni, er það varða sérstaklega.
2. Við 4. gr. Í stað „1. janúar“ í b-lið komi: 1. september.
3. Við 8. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. september.

Alþingi, 18. jan. 1956.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.

Nd. 255. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er nú öðru sinni að ósk landbúnaðarráðherra flutt af meiri hl. landbúnaðarnefndar Nd., en nefndin áskildi sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, en minni hlutinn, flutningsmaður þessa nefndarálits, lýsti sig strax andvígan frumvarpinu og lagði til, að það yrði fellt.

Á síðasta þingi, þegar frumvarpið kom fram, bar meiri hl. landbúnaðarnefndar fram brtt. við frv., en minni hlutinn (HV og GMM) lagði til, að frv. væri fellt. Frv. varð ekki útrætt á þinginu.

Ráðuneytið hefur nú látið fella fyrrnefndar brtt. landbn. inn í frv., og liggur það þannig fyrir hv. Nd. — Í greinargerð meiri hl. landbn. segir, að brtt. þessar hafi verið „bornar undir nefnd þá, er samdi frv., og í bréfi til ráðuneytisins, dags. 28. f. m., segir meiri hl. hennar ... að þrátt fyrir það, að þeir telji ákjósanlegast, að frv. þeirra yrði samþ. óbreytt, þá geti þeir eftir atvikum fallizt á breytingar meiri hl. landbn., þar eð þeir telji þær til bóta frá því, sem nú er“.

Undirritaður hefur fyllstu ástæðu til að ætla, að brtt. þessar hafi alls ekki verið bornar undir nefndina sem slíka, heldur undir einstaka nefndarmenn. Hafi ekki allir nefndarmenn verið boðaðir til þess að ræða brtt., er hér um mjög villandi fullyrðingu að ræða, og verður því að krefjast þess, að allir nefndarmenn segi álit sitt um málið.

Frv. felur í sér ákvæði um veigamikla skipulagsbreytingu um stjórn og sölufyrirkomulag landbúnaðarafurða, að því er snertir garðávexti, og einnig um innflutning og verzlun með kartöflur og annað grænmeti. Með tillögum, sem fyrir lágu,

er gert ráð fyrir, að Grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður, en stofnuð verði í hennar stað Grænmetisverzlun landbúnaðarins. Ekki sést af tillögunum, hver skuli vera eigandi slíkrar stofnunar, en hún skal vera undir stjórn framleiðsluráðs. Er hér um svo veigamikla breytingu að ræða, að athuga verður gaumgæfilega aðstæður allar. Svo sem augljóst má vera, er hér farið fram á einstæða breytingu, þar sem gert er ráð fyrir, að einstökum félögum eða einstakri nefnd skuli veitt einkasala á ákveðnum vörutegundum. Er undirrituðum ekki kunnugt um neitt fordæmi í þessum efnum og telur því, að hér væri um að ræða algert einsdæmi í þingsögunni, ef samþykkt yrði. Mundi slíkt einkasöluleyfi til einstaklinga eða félaga skapa viðsjárvert fordæmi. Hér er auk þess um alveg sérstaklega fráleita tillögu að ræða, þegar heimta skal einkasölu úr höndum ríkisins til félags stéttar, sem framleiðir ekki helming þeirrar vöru (þ. e. garðávaxta), sem kemur á markaðinn, og framleiðsla þeirra samtaka allra er oftast ekki nema þriðji hluti notkunarþarfa neytenda. — Gegn þessari breytingu hafa mælt umboðsmenn frá aðalkartöfluframleiðsluhéruðum landsins.

Af framangreindu og ýmsum öðrum ástæðum legg ég til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð frv. það, er fyrir liggur, felur í sér veigamiklar breytingar á skipulagsháttum í framleiðslu landsmanna, en engin haldbær rök um gagnsemi slíkra breytinga eru fyrir hendi, heldur hið gagnstæða, og þar sem vanrækt hefur verið öll rannsókn á málinu milli þinga og málið virðist jafnilla undirbúið sem fyrr, vísar deildin málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. jan. 1956.

Sigurður Guðnason.

Fylgiskjal I.

GRÆNMETISVERZLUN RÍKISINS

Reykjavík, 5. des. 1955.

Með bréfi, dags. 26. fyrra mán., hefur háttv. landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis óskað álits og umsagnar Grænmetisverzlunar ríkisins um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sem meiri hluti nefndarinnar hefur eftir beiðni landbúnaðarráðherra flutt á Alþingi því, er nú situr — þingskjal 126.

Frumvarp þetta mun vera mjög líkt og breytingartillögur, er bornar voru fram á síðasta Alþingi, við frumvarp um sama efni, og sendar voru Grænmetisverzluninni þá. Voru þær gerðar að umtalsefni í bréfi til nefndarinnar héðan 2. maí þessa árs, og vísast til þess, sem þar er sagt og prentað er á þingskjali 737, með áliti minni hluta landbúnaðarnefndar neðri deildar á Alþingi 1954—55.

En eigi að síður verður að teljast ástæða til að ræða nokkru nánar um hið nýja frumvarp, einkum þau atriði þess, er beinast að Grænmetisverzlun ríkisins, breytingum þeim, sem frumv. gerir á fyrirkomulagi kartöfluverzlunarinnar, og það, hvort breytingarnar leiði til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

Meginatriðin í nýja frumv. eru tvö: að fella úr gildi lögin um Grænmetisverzlun ríkisins og að stofna skuli Grænmetisverzlun landbúnaðarins.

Í frv. eru engin ákvæði um, hver eignarrétt hafi á þessari nýju verzlun, en framleiðsluráð landbúnaðarins ræður henni framkvæmdastjóra. Hins vegar setur landbúnaðarráðherra reglugerð um starfsemi hennar. Þá er sama ráðherra gefin heimild til að selja þessari nýju verzlun fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins.

Skipulag þetta er með allt öðrum hætti en framleiðsluráðslögin ákveða um aðrar framleiðsluvörur.

Samkvæmt frv. hefur landbúnaðarráðuneytið einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti, en ekki kemur fram í frv., hvort ráðuneytið á að verzla með þessar vörur eða framselja öðrum einkasöluréttinn. Sennilega er hinni nýju verzlun, Grænmetisverzlun landbúnaðarins, eða m. ö. o. framleiðendum, ætlaður hann. En ef svo reynist, er þar með farið út á nýja braut.

Löggjafinn getur trauðla veitt einum þau fríðindi, sem hann synjar öðrum. En þá vandast málið, ef hver stétt fær einkarétt á innflutningi þeirra vörutegunda, sem hún framleiðir eða vinnur, og verður að teljast miður hyggilegt eða heppilegt að fara inn á þessa braut.

Ástæða er til að vekja athygli á því, að þrátt fyrir einkarétt sinn samkvæmt frv. má ríkisstjórnin þó ekki flytja inn kartöflur, fyrr en hún hefur leitað samþykkis framleiðsluráðs. Er landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt þessu ætlaður sýnu minni réttur heldur en framleiðsluráði. Hversu góð sem einstök stéttasambönd eða stéttafélög eru og stjórnendur þeirra nú réttsýnir á hag allra landsmanna, er lagt á fulltæpt vað að veita þeim slík völd, að ríkisvaldið sjálft verði að lúta.

Núverandi löggjöf um Grænmetisverzlun ríkisins ætlast til, að stofnunin vinni jöfnum höndum fyrir framleiðendur og neytendur. Nokkuð hefur gætt þeirrar skoðunar hjá einstökum framleiðendum, að lítt eða ekki kæmi að sök, þótt einhver skortur væri á nýju grænmeti og kartöflum tíma og tíma. Þessa skoðun er ekki unnt að fallast á. Það verður að teljast mjög misráðið, ef eins nauðsynlegum vörum og þessum er haldið í mjög háu verði í skjóli vöruskorts.

Því hefur verið haldið fram, meðal annars í greinargerð, er fylgdi frv. því á þingskjali 516, er borið var fram á síðasta Alþingi, að það sé sérstakt áhugamál bænda, að sú skipan komist á, sem frv. fjallar um, Stéttasamband bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins hafi rætt þetta á fundum sínum og auk þess hafi Jóhannes G. Helgason M. B. A. gert um það „ýtarlega álitsgerð", eins og í nefndri greinargerð segir. Er sú álitsgerð „fræg" orðin, þó að fáir hafi lesið.

Út af þessu verður hér rætt nokkru nánar um tvö atriði málsins:

1. Er garðræktin einkum stunduð af bændum?
2. Er almennur áhugi framleiðenda fyrir breyttu söluskipulagi?

Fyrri spurningunni verður bezt svarað með því að gera sér grein fyrir, hvar á landinu kartöflur eru ræktaðar og hverjir rækta þær. Við athugun á búnaðarskýrslum, sem Hagstofa Íslands fær og gefur út, má fá eftirtektarverðan fróðleik um þetta. Í tilefni þessa máls hefur með leyfi hagstofunnar verið litið á skýrslur áranna 1952 og 1953, sem enn eru óprentaðar, þótt fullgerðar séu, einnig skýrslur áranna 1950 og 1951, sem gefnar hafa verið út á prent.

Þessi athugun, sem að vísu er gerð nokkuð fljótlega, sýnir, að framtalin uppskera af kartöflum á nefndum fjórum árum hefur numið því, er hér greinir:

1950:	Í sveitum	52603 tn.	eða 61.1%
	Í kaupstöðum og kauptúnum	33430 —	— 38.9%
1951:	Í sveitum	45679 —	— 53.4%
	Í kaupstöðum og kauptúnum	39866 —	— 46.6%
1952:	Í sveitum	39421 —	— 55.8%
	Í kaupstöðum og kauptúnum	31272 —	— 44.2%
1953:	Í sveitum	77830 —	— 49.1%
	Í kaupstöðum og kauptúnum	80528 —	— 50.9%

Skýrslur ársins 1954 eru ekki fullgerðar, og er þess vegna ekki unnt að greina frá skiptingunni það ár.

Yfirlit þetta ber með sér, að hlutur kaupstaða og kauptúna í uppskerumagninu hefur á umræddu tímabili aukizt úr 38.9 hundraðshlutum í 50.9 hundraðshluta.

Þau kauptún teljast með kaupstöðum, sem eru „hreinir kauptúnshreppar", en önnur með sveitum.

Auðsætt er, að kartöfluræktin í landinu skiptist nú orðið nærri því að jöfnu milli sveitanna annars vegar og kauptúna og kaupstaða hins vegar. Að sjálfsögðu

er þetta eitthvað mismunandi frá ári til árs, en þróunin er á þann veg, að hlutur kaupstaða og kauptúna hefur aukizt verulega, og skiptir því báða aðila, hversu háttað er skipulagi á sölu innlendu uppskerunnar og innflutningi og verzlun með innfluttar kartöflur.

Um hitt atriðið, áhuga framleiðenda fyrir breyttu söluskipulagi, skal eftirfarandi tekið fram:

Skömmu eftir að frumvarp þetta var endurflutt á Alþingi í vetur, sagði þjóðkunnur maður, sem gegnir ábyrgðarmiklu starfi fyrir þjóðfélagið, er nákunnugur þjóðháttum og hefur beint samband við fjölda manna í öllum héruðum landsins, að hann yrði þess hvergi var, að nokkur maður hefði áhuga fyrir framgangi þessa máls.

Á síðastliðnum vetri, þegar frumvarpið var fyrst flutt á Alþingi, létu nær allir kaupfélagsstjórar, sem búsettir eru í kartöfluræktarhéruðum landsins, það álit sitt í ljós, ýmist með bréfum eða í símtali, eftir að hafa athugað frumvarpið, að ekki væri ávinningur að breytingu þeirri, sem ráðgerð var, og enginn þeirra taldi sig hafa orðið þess varan, að nokkur áhugi væri fyrir málinu, að undanteknu því, að tveir eða þrír þeirra höfðu fundið einn eða tvo menn, sem töldu sig vilja breytingu, en þeir voru ekki frekar úr hópi kartöfluframleiðenda en annarra.

Álit kaupfélagsstjóranna verður að teljast þungt á metunum í þessu máli, þar eð þeir hafa farið með og annazt meginhluta afurðasölunnar fyrir bændur og eru allra manna kunnugastir öllu því, er að henni lýtur.

Til þess að háttv. landbúnaðarnefnd kynnist sjálf áliti kaupfélagsstjóranna, þeirra manna, er vafalaust hafa bezta aðstöðu til að mynda sér rökstuddar og réttar skoðanir á málinu, eru hér á eftir tilgreind ummæli nokkurra þeirra úr bréfum.

Jakob Frímannsson, Akureyri, skrifar 6. apríl þ. á.:

„Eftir nána athugun, viðtöl við ýmsa grænmetisframleiðendur og samráð við deildarstjóra vorn, sem hefur haft á hendi móttöku grænmetis og sölu, höfum vér ákveðið að svara fyrirspurn yðar þannig:

Vér teljum, að hag framleiðenda grænmetis verði á engan betri hátt borgið en að þeir feli þeim samtökum sínum, sem þegar eru fyrir hendi, þ. e. kaupfélögunum og S. Í. S., að annast sölu á þessari framleiðsluvöru sinni.

.....

Fari svo, að Grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður, virðist augljóst, að mikinn undirbúning þarf til nýrrar skipulagningar ..... Teljum vér því sjálfsagt, að varazt sé að leggja út í nokkrar grundvallarbreytingar á sölufyrirkomulaginu nema að mjög vel athuguðu máli.“

Skúli Jónasson, Svalbarðseyri, skrifar 3. apríl þ. á.:

„Að fenginni reynslu kaupfélagsins í samskiptum við G. R. teljum við engar líkur til, að nýr aðili, er annist sölu og innkaup á þeim vörum, er G. R. hefur annazt, mundi leysa það hlutverk betur af hendi.

Vér getum ekki séð, að það yrði kartöfluframleiðendum til nokkurra hagsbóta að stofnsetja aðra stofnun til að annast þau mál, sem G. R. annast nú, þar sem sýnilegt er, að það gæti ekki minnkað dreifingarkostnaðinn.

Vér fáum engan veginn séð, að frumvarp það, sem hér er fram komið, sé það af sýnilegri nauðsyn.“

Oddur Sigurbergsson, Vík í Mýrdal, skrifar 9. apríl þ. á.:

„Ekki tel ég miklar líkur til þess, að það yrði til hagsbóta fyrir framleiðendur og enn síður fyrir kaupfélagið, að þetta nýja skipulag verði tekið upp óbreytt.

.....

„Verði sú vitleysa gerð að leggja G. R. niður ... þá er það mitt álit, að ekki skipti svo miklu máli, hvort sú vitleysa er gerð nokkrum mán. fyrr eða síðar.“

Magnús Kristjánsson, Hvolsvelli, skrifar 12. apríl þ. á.:

„Vér lítum svo á, að G. R. hafi með starfi sínu allt frá stofnun unnið mikið og gott starf í þágu framleiðenda og neytenda. Afgreiðsla öll við stofnunina hefur verið

traust og örugg og viðskipti Kaupfél. Rangæinga við hana hin beztu í hvívetna.“

Sveinn Guðmundsson, Akranesi, skrifar 5. apríl þ. á.:

„Ég get ekki séð, að það sé á neinn hátt hagkvæmt framleiðendum, að G. R. sé lögð niður og sölunefnd stofnsett í hennar stað; ég hef aldrei heyrt neinn framleiðanda tala um slíkt.“

Eins og málum er nú skipað, er mikið vald í höndum framleiðsluráðs landbúnaðarins, þ. e. fulltrúa bænda, að því er tekur til verzlunar með kartöflur. Þannig er á valdi þess að ákvarða verð kartaflnanna á hverjum tíma. Það er einnig á valdi ráðsins að skipa matsmenn á kartöflum. Hvort tveggja þetta: verðlagið og vörugæðin — skiptir höfuðmáli bæði fyrir framleiðendur og neytendur, hvort sem er um þessa vöru eða aðrar, eins og kjötvörur og mjólkurafurðir.

Framleiðsluráðið hefur hins vegar ekki á hendinni verzlun með þessar né neinar aðrar afurðir, hvorki beint né óbeint. Að fá því þetta hlutverk eða stofnun, sem það stjórnar, er nýmæli í íslenzkri löggjöf, og getur ekki verið æskilegt né heppilegt að binda slíkt með lögum, og er áður að því vikið. — Hitt er svo rétt að taka fram, að samkv. gildandi lögum er verzlun með innlendu kartöflurnar frjáls, en niðurgreiðsluskipulagið hefur eftir fyrirmælum ríkisstjórnarinnar orðið til þess, að kartöfluverzlunin hefur nær öll komizt á hendur Grænmetisverzlunarinnar. En hvenær sem niðurgreiðslurnar hætta, getur verzlunin komizt á hverjar aðrar hendur. — Framleiðendur munu hér eftir sem hingað til telja það höfuðatriði fyrir sig, jafnhliða verðákvörðuninni, að geta selt framleiðsluna á heppilegum tíma. Þetta hefur þeim að jafnaði tekizt með aðstoð verzlana sinna og Grænmetisverzlunarinnar, og hefur núverandi skipulag ekki á neinn hátt verið þeim til trafala í því efni.

Áhugi framleiðenda almennt fyrir breyttu skipulagi virðist ekki fyrir hendi, með örfáum undantekningum, en vakni sá áhugi, geta þeir eða félög þeirra tekið málið í sínar hendur að óbreyttum lögum.

Breytingar á núverandi skipulagi eru því aðeins æskilegar og forsvaranlegar, að þær séu til bóta, en slíkt er ekki sjáanlegt um þessar tillögur að þeirra manna áliti, sem lengst og mest hafa unnið að þessum málum og ættu að þekkja þau bezt.

Að lokum skal á það minnt, að í tveimur bréfum, sem rituð voru landbúnaðarnefnd neðri deildar 29. apríl og 2. maí þessa árs um þetta mál, er nokkru nánar bent á ókosti einstakra ákvæða í frumvarpi því, er Alþingi þá fjallaði um, og á margt af því einnig við hið nýja frumvarp. Um einstakar greinar frumvarpsins verður ekki rætt að þessu sinni fram yfir það, sem sagt er um frumvarpið í heild. Er það gert í því trausti, að frumv. verði ekki afgreitt.

Jón Ívarsson.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

GRÆNMETISVERZLUN RÍKISINS

Reykjavík, 12. des. 1955.

Hér með er háttv. landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis sent eftirrit af bréfi hr. Guðlaugs Pálssonar kaupmanns á Eyrarbakka, en í því ræðir hann um álit sitt á frumvarpi því, um breyting á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., sem Alþingi fjallar nú um.

Jón Ívarsson.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, Alþingi.

Verzlun Guðlaugs Pálssonar,
Eyrarbakka.

Þar sem nú er komið fram á Alþingi frumvarp til laga um að leggja niður Grænmetisverzlun ríkisins og fá sölu garðávaxta í hendur fimm manna nefnd, „sölunefnd garðávaxta“, og þar með að leggja niður Grænmetisverzlun ríkisins, þá vildi ég hér með segja hug minn til málsins.

Ég hef keypt af framleiðendum kartöflur í 37 ár og gulrætur síðan farið var að rækta þær hér og hef á þessum árum fengið mikla reynslu með þessa verzlun. Frá því að Grænmetisverzluninni var falið innkaup og sala kartaflna, hef ég haft innkauparétt hér á Eyrarbakka fyrir Grænmetisverzlunina og get því með sönnu sagt, að frá því að Grænmetisverzlunin tók til starfa hefur verið fyrirmyndarskipulag hjá henni um innkaupin hér í þessu byggðarlagi, enda hefur ræktun kartaflna aukizt mjög hér vegna hinna góðu sölumöguleika til Grænmetisverzlunarinnar, sem hefur tekið við öllum kartöflum eftir 1. október.

Sumarsala á kartöflum hefur verið frjáls og salan verið beint til verzlana og neytenda í Reykjavík, meðan verðið var hæst og minnst framboð á vörunni.

Þetta fyrirkomulag, eins og áður segir, hefur reynzt mjög hagkvæmt og framleiðendur verið mjög ánægðir með það, og það að vonum, því að mikil og góð breyting til batnaðar varð, er einn aðili, þ. e. Grænmetisverzlunin, tók alla söluna að sér eftir 1. október.

Eins og að líkindum lætur, hef ég vandlega íhugað hið nýja form, sem frumvarpið greinir frá um meðferð og sölu kartaflna, og þau áhrif, sem það mundi hafa á ræktun og sölu héðan. Ég hef enn fremur talað við nokkra framleiðendur um málið, og er það samhljóða álit mitt og þeirra, að breytingin sé sízt til batnaðar og geti jafnvel orðið til þess, að framleiðendur hér dragi verulega úr framleiðslu sinni, þar sem nú taki við nefnd einhverra framleiðenda og þá sé mjög vafasamt, hvort öllum framleiðendum verði gert jafnhátt undir höfði um sölu á framleiðslu sinni. Er og hætt við, að viðbótarkostnaður leggist á framleiðsluna umfram það, sem verið hefur, því að framleiðendur hér hafa fengið fullt verð fyrir afurðir sínar, að frádregnum beinum kostnaði við mat og flutning. Offramleiðsla ársins 1953 kann að hafa ráðið því, að frumvarp þetta er nú fram komið á Alþingi um breytingu á sölu garðávaxta. En ég tel það hina mestu fjarstæðu að byggja þetta breytta fyrirkomulag á þessu eina ári, þar eð í 37 ár hefur ekki verið um offramleiðslu að ræða nema á árinu 1939.

Að þessu athuguðu tel ég það mjög varhugavert að leggja niður Grænmetisverzlun ríkisins og fá söluna í hendur einhverri nefnd framleiðenda, og tel ég hag framleiðenda hér verr borgið með því fyrirkomulagi heldur en Grænmetisverzlunin hafi með höndum söluna eftirleiðis eins og hingað til.

Ég vil í þessu sambandi minnast á það, að á árinu 1937 kom til tals meðal framleiðenda hér að mynda með sér kartöflusamlag, sem hefði með höndum alla sölu garðávaxta, en frá því var horfið, sökum þess að framleiðendurnir töldu hag sínum sízt betur borgið með samlagi en með þeirri söluaðferð, sem þá var fyrir hendi.

Að leggja Grænmetisverzlun ríkisins niður með jafnstuttum fyrirvara og frumvarpið gerir ráð fyrir tel ég algerlega ómögulegt vegna framleiðenda hér, sem dreifðir eru við atvinnu sína víða um land og eiga þess engan kost að láta vilja sinn í ljós um hið breytta viðhorf fyrir 1. júlí n. k., því að framleiðsla kartaflna hér hefur verið og verður alltaf að nokkru leyti aukavinna heimilisfólksins, sem það vinnur umfram hin daglegu störf.

Virðingarfyllst,
Eyrarbakka, 5. apríl 1955,
Guðlaugur Pálsson.

Grænmetisverzlun ríkisins, Reykjavík.

Ed. 256. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða núgildandi lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Þó er um tvær breytingar að ræða.

Nú þarf sérstakt sérleyfi til að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega. Þessu er breytt þannig, að samkvæmt frumvarpinu mega bifreiðarnar rúma 8 farþega, án þess að sérleyfi þurfi.

Fellt er einnig niður ákvæði úr lögum um hina svonefndu „boddybíla".

Þá eru gerð skýrari þau ákvæði sérleyfislaganna, sem fjalla um, hvað skuli teljast fastar ferðir eða áætlunarferðir.

Samgöngumálanefnd hefur haft frv. þetta til meðferðar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Nánar í framsögu.

Alþingi, 18. jan. 1956.

Sigurður Ó. Ólafsson, form., frsm. — Andrés Eyjólfsson, fundaskr. — Jón Kjartansson, með fyrirvara.

Guðm. Í. Guðmundsson. — Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 257. Breytingartillögur [109. mál]

um frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Jóni Kjartanssyni.

1. 2. málsgr. 1. gr. falli burt.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein (verður 4. gr.), svo hljóðandi (greinatalan breytist samkvæmt því):

   Nú hefur félag eða einstaklingur haft sérleyfisleið eitt leyfistímabil eða lengur, enda rækt starfið svo, að ekki verði með réttu að fundið, og skal þá, sé leiðin óbreytt, sá aðili að öðru jöfnu sitja fyrir um sérleyfið áfram, ef hann æskir þess.

Nd. 258. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. jan. 1956.

Björn Ólafsson, form. — Ásgeir Bjarnason, fundaskr. — Einar Ingimundarson, frsm.

Jörundur Brynjólfsson. — Gunnar Jóhannsson.

Nd. 259. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 31. jan. 1947, um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og enn fremur sent það til umsagnar Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem telur, að ekki sé ráðlegt að breyta lögunum án frekari athugunar. Nefndin er sömu skoðunar og leggur til, að málið sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að almennt er talið, að ekki sé heppilegt að hækka aldurshámark það, sem nú gildir um embættismenn ríkisins, og ekki sé æskilegt að binda þá við störf lengur en til sjötugsaldurs, álítur deildin ekki rétt að gera lagabreytingu í þessu efni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. jan. 1956.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.

Einar Ingimundarson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 260. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breytingu á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðari málsgrein 3. gr. laganna orðist þannig:

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við tollhöfn, þ. e. höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á 4. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: en til þeirra teljast, auk tollvarða í föstu starfi, menn, sem fjármálaráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu um stundarsakir eða við sérstök tilefni.
2. Í stað orðanna „konungsúrskurði nr. 1 12. febr. 1919 er ríkisfáninn“ í 2. mgr. komi: 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn.
3. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Skylt er mönnum að verða við kvaðningu tolleftirlitsmanns um aðstoð við tollgæzlu á sama hátt og segir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951.

3. gr.

Á 5. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: og ekki fyrr en að fengnu leyfi tolleftirlitsmanns.
2. 4. mgr. orðist svo:

   Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur frá útlöndum, unz

það hefur fengið fyrstu afgreiðslu og samskiptaleyfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu sambandi jafngildir það komu frá útlöndum, ef skip hefur haft samband við annað farartæki, sem ekki hefur fengið samskiptaleyfi, eða látið hefur úr seinustu höfn hérlendis á leið til útlanda. Samskiptaleyfi (tollafgreiðsluskírteini) skal vera skriflegt. Í reglugerð skal nánar kveðið á um gerð þess. Með skip, sem kemur úr utanlandssiglingum og ekki getur sýnt tollafgreiðsluskírteini frá viðurkenndri tollafgreiðsluhöfn, sbr. 7. gr., skal að öllu leyti farið sem um aðkomuskip væri að ræða.

3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákvæði laga þessara um skip og hafnir skulu, eftir því sem við á, gilda um flugför og flugvelli. Flugfar táknar í lögum þessum loftskip, flugvélar og önnur flugtæki.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tilteknar hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má það skilyrði um tilteknar tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu, að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að 200000 krónum.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla eða setja lás fyrir farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi eftir því, sem þeim þykir nauðsyn til bera. Skylt er skipstjóra að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni, við innsiglun eða lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem þessar ráðstafanir mundu ekki koma að haldi.

Innsigli eða læsingar, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar eða aðra staði í skipi, má enginn nema tolleftirlitsmaður opna eða rjúfa meðan skip er hér við land. Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, ber ábyrgð á brotum gegn þessu ákvæði.

Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tök vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki við komið.

6. gr.

Á 13. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: Kostnaður við flutning tolleftirlitsmanna út í skip og í land við komu skips og brottför skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki og hefur hann lögveð í skipinu.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákveða skal í reglugerð, hvenær hin ýmsu störf tollgæzlunnar skulu unnin án endurgjalds, svo og um greiðslu fyrir störf, sem unnin eru á öðrum tímum.

7. gr.

Við 14. gr. bætist:

Einnig geta þeir ákveðið að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

8. gr.

Við fyrstu málsgrein 15. gr. bætist:

Séu skjöl þessi ekki afhent eða þau eru ófullnægjandi, má synja um leyfi til að ferma eða afferma skipið, unz úr þessu hefur verið bætt.

9. gr.

Fyrsta málsgrein 17. gr. orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrám, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að krefjast þess, að þetta sé allt flutt í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

10. gr.

18. gr. orðist svo:

Auk þess, sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim heimil leit og rannsókn á vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum farartækjum. Enn fremur í verzlunum og vörugeymslum þeirra. Stjórnendum farartækja er skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

11. gr.

Aftan við 19. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu, eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

12. gr.

20. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala í samræmi við það.

13. gr.

Á 22. gr., sem verður 21. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „fyrr en slíkar vörur eða farangur hefur verið skoðaður af tolleftirlitsmönnum“ í 2. mgr. komi: og skulu þeir aðstoða tolleftirlitsmenn eftir þörfum við skoðun slíkra vara eða farangurs.
2. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Heimilt er tolleftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslenzku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipi, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.

14. gr.

Á 24. gr., sem verður 23. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Á fyrstu höfn, sem skip, er hefur meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans þrjú samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tilekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis lýsir skriflega yfir, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.
2. Síðari málsliður 2. mgr. verður svo:
   Eitt samrit af aðalfarmskránni ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins með fyrstu ferð, en öðru heldur hann sjálfur eða ráðstafar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins.
3. Í stað orðsins „Hitt“ í upphafi 3. mgr. komi: Þriðja.
4. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Að lokinni affermingu á hverri höfn skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt, ef tolleftirlitsmenn krefjast þess, að láta þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipinu á þeirri höfn.

15. gr.

Á 25. gr., sem verður 24. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „áfram til hans“ í 2. mgr. komi: áfram til annarrar tollhafnar.
2. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ákveða má í reglugerð, að flutning á ótollafgreiddum vörum samkvæmt þessari grein megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til, að tryggt sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um umbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.

16. gr.

28. gr. falli niður og breytist greinatalan samkvæmt því.

17. gr.

Aftan við 29. gr., sem verður 27. gr., bætist:

Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

18. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, er verður IV. kafli, svo hljóðandi, og breytist kaflatala og greinatala samkvæmt því:

IV. KAFLI

Um afgreiðslur o. fl.

a-liður (verður 30. gr.).

Þar sem tollgæzlan hefur umráð vörugeymsluhúsa, geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar þangað beint úr skipi til geymslu og tollafgreiðslu.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

b-liður (verður 31. gr.).

Enginn má annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða geymslu ótollafgreiddrar vöru, nema hafa fengið til þess leyfi fjármálaráðuneytisins. Leyfi má einungis veita manni, sem hér á lögheimili, eða innlendum ópersónulegum aðila. Leyfi skal bundið við ákveðna höfn og veitt í samráði við tollstjóra í því umdæmi. Áður en leyfi er veitt skal ganga úr skugga um, að umsækjandi hafi þá aðstöðu, er geri honum fært að annast fermingu og affermingu skipa og vörzlu ótollafgreidds varnings tryggilega og á þann hátt, að tolleftirliti verði örugglega við komið. Ráðuneytið getur heimilað tollstjórum að leyfa öðrum en viðurkenndum afgreiðslumönnum að afgreiða einstök skip, þegar sérstaklega stendur á, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Leyfishöfum ber að leggja tolleftirlitsmönnum til án endurgjalds hæfilegt, aðgreint rúm í hverju vörugeymsluhúsi til rannsóknar á vörum. Í vörugeymsluhúsunum skal ótollafgreiddum vörum haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Leyfi má að öðru leyti binda þeim skilyrðum, sem ráðuneytið telur nauðsynleg á hverjum tíma.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir, að vörur, sem fluttar eru til landsins í lokuðum umbúðum, eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, megi aðeins flytja úr flutningstækjum í ákveðin vörugeymsluhús og skuli geymdar þar, unz tollafgreiðsla hefur farið fram. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar.

c-liður (verður 32. gr.).

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur eða vörur, sem bundnar eru skilyrðum um innflutning, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

19. gr.

Á 36. gr. laganna, sem verður 37. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „ekki lægri en 100 kr.“ í 1. mgr. komi: ekki lægri en 500 kr. og allt að 200000 þúsund krónum.
2. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein svo hljóðandi:
   Það varðar sektum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr skipi skipsforða eða aðra muni eða varning, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í skipi, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt. Enn fremur skulu sæta sömu viðurlögum þeir, sem veita viðtöku slíkum varningi til brottflutnings úr skipi eða aðstoða við flutning hans af skipsfjöl.
3. Þriðja málsgrein greinarinnar fellur niður.
4. Fjórða málsgrein orðist svo:
   Enn fremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur eða andvirði vara, sem undan hefur verið skotið, rangt sagt til um eða ólöglega með farið samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Fyrsti málsliður 40. gr., sem verður 41. gr., orðist þannig:

Það varðar skipstjóra eða útgerðarmann sektum allt að 200000 krónum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er samkvæmt 21. gr., eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum.

21. gr.

1. málsliður 43. gr., sem verður 44. gr., orðist svo:

Brot gegn 30., 31. og 32. gr. varða skipstjóra eða afgreiðslumann sektum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vörum, sem afhentar eru í bága við ákvæði 32. gr., og má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir gjöldunum, ásamt sektum og kostnaði, í eignum sökunauts og selja hið lögtekna á þann hátt, er segir í 27. gr.

22. gr.

44. gr., sem verður 45. gr., orðist þannig:

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

24. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breytingu á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 261. Lög [135. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 94/1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956.

(Afgreidd frá Nd. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 248.

Ed. 262. Lög [5. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 5.

Sþ. 263. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Bernharð Stefánsson, Ingólfur Flygenring, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun á lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, með sérstöku tilliti til þess, hverra breytinga á þessum lögum sé þörf vegna þróunar síðari ára í siglinga- og fiskveiðamálum landsmanna. Enn fremur verði athugað, hversu megi á hagkvæmastan hátt auðvelda mönnum aðgang að hæfilegu námi, er veiti réttindi til skipstjórnar á hinum stærri vélbátum. Er þess óskað, að niðurstöður umræddrar endurskoðunar og tillögur til breytinga á lögunum verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Af hálfu farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum hafa flm. þessarar þáltill. borizt ákveðnar óskir um, að flutt væru frumvörp til laga um breytingu laganna um atvinnu við siglingar og um stýrimannaskólann til þess að samræma þau lög betur kröfum tímans en nú er sökum þeirrar öru þróunar, sem orðin er, einkum á fiskiskipaflotanum, frá því að lög þessi voru sett.

Sívaxandi og þráfaldar beiðnir um undanþágur frá ákvæðum téðra laga vegna skorts á nauðsynlegum réttindum gera nauðsyn endurskoðunar lagaákvæðanna og athugun á breytingum til úrbóta mjög brýna.

Vegna skorts á hæfilega mörgum mönnum, er hafa réttindi til skipstjórnar á hinum sístækkandi vélbátaflota, er horfið að því, a. m. k. í sumum veiðistöðvum, að veita undanþágur frá ákvæðum laganna, og er það gert vegna þess, að ella mundi ekki unnt að halda mörgum bátanna úti. Þessi þróun málanna er mjög varhugaverð og getur enda reynzt hættuleg öryggi skipa og skipshafna yfirleitt.

Rétt þykir — að vandlega athuguðu máli — að reyna hér þá leið til lausnar þeim vandamálum, sem fyrir hendi eru í þessum efnum, sem farin er með þessari þáltill., í stað þess að flytja frumvörp til breytinga án undangenginnar endurskoðunar laganna.

Er þess vænzt, að þeir menn, er ríkisstjórnin væntanlega skipar til endurskoðunar þeirra laga, er um ræðir, kynni sér m. a. skoðanir og óskir Farmanna- og fiskimannasambandsins, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum og annarra skipstjóra- og stýrimannasamtaka í hinum stærri veiðistöðvum.

Er áríðandi, að endurskoðuninni sé hraðað og að ríkisstjórnin leggi tillögur þær, sem endurskoðunin væntanlega gefur tilefni til, fyrir næsta þing.

Sþ. 264. Skýrsla

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A. Skýrsla um tekjur og gjöld frá 1. jan. 1953 til 31. des. 1954.

Tekjur:

I. Eignir 1. jan. 1953:			
a. Veðskuldabréf	kr.	12600.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	5000.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	8487.41	
			kr. 26087.41
II. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	761.25	
b. — veðdeildarbréfum	—	700.00	
c. — ríkisskuldabréfum	—	355.00	
d. — öðrum verðbréfum	—	325.00	
e. — sparisjóðsinnstæðu	—	628.73	
f. Endurgreiddur auglýsingakostnaður	—	168.00	
g. Arður af verðbréfakaupum	—	1900.00	
			— 4837.98
			Kr. 30925.39

Gjöld:

I. Veittur styrkur		kr.	2200.00
II. Auglýsingakostnaður		—	511.60
III. Eignir í árslok 1954:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 14000.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 3000.00		
c. Önnur verðbréf	— 5000.00		
d. Sparisjóðsinnstæða	— 6213.79		
		—	28213.79
		Kr.	30925.39

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. jan. 1956.

F. h. r.
Friðg. Bjarnarson.

B. **Skýrsla frá verðlaunanefnd.**

Hinn 5. jan. 1954 gaf nefnd sú, er kosin hafði verið af Alþingi til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, út auglýsingu um það, að þeir, sem til verðlauna hyggðu, skyldu gefa sig fram við nefndina fyrir lok ársins.

Með því að nefndinni barst ekki neitt rit til verðlauna samkvæmt þessari auglýsingu né heldur nokkur umsókn um styrk til að semja eða gefa út nokkur rit, ákvað hún, að upphæð sú, er til ráðstöfunar var að þessu sinni, verði lögð við höfuðstólinn.

Reykjavík, 15. desember 1955.

Matthías Þórðarson. Þorkell Jóhannesson. Þórður Eyjólfsson.

Ed. 265. Breytingartillaga [103. mál]

við brtt. á þskj. 247 [Sauðfjársjúkdómar].

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. tölul. 2. gr. (verður 13. gr.).

3. málsgr. orðist svo:

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli fjárskiptahólfa í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig, nema með samþykki yfirdýralæknis.

Ed. 266. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til laga um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta er efnislega lítið breytt frá frv. um sama efni, sem lá fyrir síðasta Alþingi, en var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar og umsagna. Nefnd

sú, er undirbjó hið fyrra frv., hefur farið yfir umsagnir sýslunefnda og annarra aðila, er svör sendu. — Menntamálanefnd hefur haldið nokkra fundi um málið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 6. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna utan þéttbýlis og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar (sé land girt, er aðeins heimilt að fara gegnum hlið á girðingunni), enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Nú hlýzt tjón af dvöl manna á landinu, og skal þá greiða rétthöfum fullar bætur fyrir tjónið eftir virðingu náttúruverndarnefndar. Skjóta má úrskurði nefndarinnar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, samkvæmt 18. gr.

Alþingi, 20. jan. 1956.

Ingólfur Flygenring, form., frsm. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson.
Haraldur Guðmundsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 267. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12. 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
   Síðari málsgr. 1. gr. laga nr. 59/1939 orðist svo:
2. Við 3. gr. Fyrir orðin „4. mgr. orðist svo“ í upphafi 2. tölul. komi: Síðari málsgr. orðist svo:
3. Við 19. gr.
   a. Fyrir orðin „Þriðja málsgrein“ í 3. tölul. komi: Önnur málsgrein.
   b. Fyrir orðin „Fjórða málsgrein“ í 4. tölul. komi: Þriðja málsgrein.

Ed. 268. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Fyrri málsl. 10. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 269. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (HV).

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Landið allt skal vera eitt verðlagssvæði.
   Varatillaga:
   Fyrir „2000“ í 1. málsgr. komi: 400.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Ellilífeyrir er greiddur þeim, sem orðnir eru 67 ára, og skal árlegur ellilífeyrir vera sem hér segir:
   Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri ..... kr. 8000.00
   Fyrir einstaklinga ..... — 5000.00
   Nú eru hjón eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri.
   Nú frestar maður töku ellilífeyris, og fær hann þá 7.5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður, án þess að hann taki lífeyrinn. Viðbót þessi má þó aldrei nema meiru en 60% lífeyrisins. Frestur á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeigandi er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.
3. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að óskertum einstaklingslífeyri, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
4. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru umfram eitt í fjölskyldu og eru á fullu framfæri foreldranna. Auk þess fái einstæðar mæður fjölskyldubætur eftir sömu reglum.
   Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvíst er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattaframtali undanfarin þrjú ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annrs. Stytta má tímabil þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.
   Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:
   Með öðru barni í fjölskyldu ..... kr. 400.00
   Með þriðja barni í fjölskyldu ..... — 600.00
   Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu ..... — 1200.00
5. Við 17. gr. Tvær síðustu málsgreinarnar orðist svo:
   Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera ..... kr. 2700.00
   Tvöfaldur barnalífeyrir skal greiddur vegna munaðarlausra barna.
6. Við 19. gr. Aftan við greinina bætist:
   Móðir, sem missir atvinnutekjur sínar vegna barnsburðar, skal auk þess fá 600 kr. viðbótarfæðingarstyrk.
7. Við 21. gr. Orðin „og verðlagssvæðum“ í seinustu málsgr. falli niður.
8. Við 22. gr. Greinin falli niður.
9. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Útgjöld lífeyristryggginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:
   a. Ríkissjóður 40%
   b. Hinir tryggðu 30%

c. Sveitarsjóðir 15%
d. Atvinnurekendur 15%

10. Við 38. gr.
a. Fyrir „kr. 9000.00“ í a-lið komi: kr. 23000.00.
b. Fyrir „kr. 2400.00“ í b-lið komi: kr. 2700.00.
c. Fyrir „kr. 3000.00“ í c-lið komi: kr. 5000.00 — og fyrir „kr. 9000.00“ komi: kr. 15000.00.
d. Fyrir „kr. 3000.00“ komi: kr. 5000.00 — og fyrir „kr. 9000.00“ komi: kr. 15000.00.

11. Við 39. gr. Greinin falli niður.

12. Í stað IV. kafla (Sjúkratryggingar, 44—58. gr.) komi nýr kafli, Heilsugæzla, með 24 greinum, svo hljóðandi:
a. (44. gr.) Tryggingastofnunin skal vinna að því í samráði og samvinnu við heilbrigðisstjórnina, að látin verði í té skipuleg heilsugæzla, er nái sem bezt til allra landsmanna.
Heilsugæzla merkir í lögum þessum bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp.
b. (45. gr.) Heilsugæzlu á vegum tryggginganna annast heilsuverndarstöðvar, sjúkrahús og lækningastöðvar, sem til þess eru viðurkennd af heilbrigðisstjórninni.
Þar, sem ekki eru heilsuverndar- eða lækningastöðvar, annast héraðslæknar störf þeirra, hver í sínu umdæmi, með aðstoð annarra opinberra heilbrigðisstarfsmanna.
c. (46. gr.) Heilsuverndar- og lækningastöðvar skulu vera í öllum kaupstöðum og annars staðar þar, sem heilbrigðisstjórnin ákveður með ráði Tryggingastofnunarinnar. Skulu þær settar á stofn og reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum, ef fleiri en eitt sveitarfélag eru um stöð.
Tryggingastofnuninni er heimit að setja á stofn og reka stofnanir, sem annast sérstaka þætti heilsugæzlu fyrir allt landið, svo sem vinnulækningar, enda fallist heilbrigðisstjórnin á tilhögun þessarar starfsemi.
d. (47. gr.) Um framlög ríkisins til að koma upp heilsuverndar- og lækningastöðvum, samkvæmt lögum þessum, gilda sömu reglur og um framlög þess til að reisa sjúkrahús.
e. (48. gr.). Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, er um getur í 46. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra, svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.
Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarsjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.
Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.
Ef saman falla tryggingaumdæmi og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf tryggginganefndar.
f. (49. gr.) Hlutverk sjúkrahúsa er að veita sjúklingum, er þarfnast sjúkrahúsvistar, nauðsynlega umönnun, hjúkrun og læknishjálp.
Hlutverk heilsuverndarstöðva er að rækja hvers konar heilsuverndarstarfsemi, og telst þar til mæðravernd, barna- og unglingavernd, þar með talið skólaeftirlit og eftirlit með íþróttaiðkunum, berklavarnir, holdsveiki- og sullaveikivarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, almennar farsóttavarnir og andleg heilsuvernd. Enn fremur heilbrigðiseftirlit með vinnustöðum, aðstoð við almennar slysavarnir, híbýlaeftirlit, matvælaeftirlit og manneldisrannsóknir.

Hlutverk lækningastöðva er að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálp sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldar tannlækningar, svo og nuddlækningar og fæðingarhjálp. Enn fremur að annast rannsóknir, er miði að sem fullkomnastri sjúkdómsgreiningu. Lækningastöðvar sjá einnig um nauðsynlega hjúkrun sjúklinga í heimahúsum, að svo miklu leyti sem Tryggingastofnunin ákveður að láta hana í té.

g. (50. gr.) Sjúkrahús, þar með talin einkasjúkrahús, heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar, skulu háð eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, er setur með reglugerð ákvæði um þá lágmarksþjónustu, sem slíkar stofnanir skuli láta í té á hverjum stað, og önnur skilyrði fyrir því, að þær hljóti viðurkenningu, en fylgist síðar með, að öllum slíkum ákvæðum sé fylgt, og metur að öðru leyti gæði þjónustunnar á hverjum stað.

h. (51. gr.) Heilbrigðisstjórnin getur ákveðið, að ein og sama stofnun ræki hlutverk sjúkrahúss, heilsuverndar- og lækningastöðvar, þar sem skilyrði eða staðhættir mæla með því.

i. (52. gr.) Ríkissjóður greiðir laun allra fastra lækna, heilsuverndarstöðva og opinberra sjúkahúsa, svo og héraðslækna og sérfróðra lækna, sem falin eru sérstök störf í þágu heilsugæzlustarfseminnar eða yfirumsjón með einstökum greinum hennar.

Nú telur tryggingaráð (heilsugæzludeild), að nauðsynlegt sé, að fleiri læknar en héraðslæknir einn starfi í læknishéraði, þar sem eigi er rekin heilsuverndarstöð eða lækningastöð, eða slíkar stöðvar geta eigi séð fyrir læknishjálp í héraðinu, svo að fullnægjandi teljist að dómi heilbrigðisstjórnar, og skal þá greiða laun aukalæknis eða aukalækna úr ríkissjóði.

Laun lækna, er veita læknishjálp utan sjúkrahúsa, skulu yfirleitt miðuð við það, að þeim sé heimilt að taka gjald af sjúklingum samkvæmt gjaldskrá.

Ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar gilda eigi lengur en til ársloka 1957 hvað snertir þau tryggingaumdæmi, þar sem skylt er að reka heilsuverndar- og lækningastöðvar.

j. (53. gr.) Ráðherra skipar þá lækna, er um ræðir í 52. gr., og ákveður fjölda þeirra á hverjum stað með ráði tryggingaráðs (heilsugæzludeildar). Eigi má þó fjölga föstum læknum meira en svo, að 1500 íbúar komi að meðaltali á hvern almennan lækni, er starfar að lækningum utan sjúkrahúsa, nema sérstaklega standi á.

k. (54. gr.) Tryggingastofnunin greiðir kostnað við dvöl hinna tryggðu eftir læknisráði á viðurkenndum sjúkrahúsum, heilsuhælum og fæðingarstofnunum, þar með talin læknishjálp, lyf og umbúðir. Greiðir hún slíkan kostnað að fullu og eins lengi og þörf krefur, enda sé nauðsyn sjúkrahúsvistar viðurkennd af tryggingayfirlækni eða öðrum trúnaðarlæknum í umboði hans.

Heimilt er Tryggingastofnuninni, ef sérstaklega stendur á, að greiða kostnað við dvöl á viðurkenndum hjúkrunarheimilum eftir reglum, sem heilbrigðisstjórnin setur.

l. (55. gr.) Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sbr. 52. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til ¼ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir læknar, héraðslæknar og aukalæknar samkv. 52. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp í læknishéraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálp.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálp ¾ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem svarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálp umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarandi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris, börn þeirra, munaðarleysingjar eða þeir, sem njóta slysabóta, skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálp, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

m. (56. gr.) Tryggingastofnunin semur við sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir og heilsuverndar- og lækningastöðvar, sbr. 45. gr., um að annast lækninga- og heilsuverndarstarfsemi samkvæmt þessum kafla.

Ef ekki takast samningar, úrskurðar heilbrigðisstjórnin greiðslurnar, og skal þá miða við, að stofnanirnar fái greiddan eðlilegan kostnað vegna þeirrar þjónustu, er þær láta í té, að undangengnu mati samkvæmt 50. gr.

Það skal tekið fram í samningi samkvæmt 1. mgr. eða ákveðið í úrskurði samkvæmt 2. mgr., að ágóði af rekstri þeirra stofnana, er þar getur, skuli varið til að bæta og fullkomna þá þjónustu, sem þær láta í té. Skal Tryggingastofnuninni heimill aðgangur að bókhaldi þeirra til að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis.

n. (57. gr.) Tryggingastofnunin skal greiða að fullu þau lyf, sem sjúklingum er lífsnauðsyn eða brýn nauðsyn að nota að staðaldri að dómi læknis, enda sé sannað með læknisvottorði og rannsókn, er tryggingayfirlæknir metur gilda, að um slíka nauðsyn sé að ræða. Önnur nauðsynleg lyf og umbúðir skulu greidd að hálfu. Tryggingastofnunin greiðir þó aðeins lyf og umbúðir, sem ávísað er með lyfseðli af lækni, sem hlotið hefur ótakmarkað lækningaleyfi, eða af staðgöngumanni hans.

Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem um getur í 1. mgr., og skal hún staðfest af heilbrigðisstjórninni. Skrá þessi skal endurskoðuð eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en annað hvert ár.

o. (58. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgenskyggningu og töku röntgenmynda, enda séu slíkar rannsóknir framkvæmdar að fyrirlagi læknis og af læknum eða stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin samþykkir. Enn fremur skal greiða að fullu lyf þau og efni, sem nauðsynleg eru til slíkra rannsókna.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum. Ef samningar hafa ekki tekizt, skal endurgreitt eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur.

p. (59. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgen- og radiumlækningar í viðeigandi tilfellum. Þó greiðist kostnaður við slíkar lækningar aðeins, ef þær eru framkvæmdar í stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin hefur viðurkennt í þessu skyni.

q. (60. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við vefjarannsóknir og líffræðilegar rannsóknir, sem nauðsynlegt er að gerðar séu á sérstökum stofnunum, enda séu þær rannsóknir gerðar að fyrirlagi læknis.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum, en takist samningar ekki, skal endurgreiða sjúklingum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.

Tryggingaráð ákveður, hvaða rannsóknir hér komi til greina.

r. (56. gr.) Tryggingastofnunin greiðir ljósmæðrahjálp í heimahúsum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórn setur.

s. (62. gr.) Tryggingastofnuninni er heimilt að láta í té hjúkrun eða aðstoð í heimahúsum, er nauðsyn krefur að dómi læknis. Slík aðstoð skal þó aðeins látin í té, er alveg sérstaklega stendur á, og þá eftir nánari reglum, er tryggingaráð setur.

t. (63. gr.) Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálp erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir, nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis og sérfræðinganefndar, að bót fáist ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

u. (64. gr.) Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningsjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Tryggingarnefnd umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 300000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna tryggingarnefndar umdæmisins um hana.

v. (65. gr.) Auk sjóða þeirra, sem um getur í 64 gr., skal stofna sjóð, er sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

a. að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 66. gr., og

b. að veita endurgreiðslur samkv. 67. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- eða sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 300000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meira en ⅔ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í a-lið, og aldrei meiru en ⅓ til þeirra nota, sem ákveðin eru í b-lið.

x. (66. gr.) Fé þeirra sjóða, sem um getur í 64. gr., skal varið til að endurgreiða 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við ferðir lækna til sjúklinga, að undanskildum 10 km, og 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við flutning sjúklinga í sjúkrahús. Endurgreiðslur þessar eru miðaðar við það, að þess læknis hafi verið vitjað, sem er héraðslæknir á þeim stað, þar sem sjúklingurinn er búsettur, eða þess læknis í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sem hægast og ódýrast hefði verið að vitja með tilliti til samgangna á hverjum stað. Á sama hátt eru endurgreiðslur vegna sjúkraflutnings miðaðar við, að flutningurinn sé til þess sjúkrahúss, sem stytzt er eða ódýrast að komast til, enda komi vist í því sjúkrahúsi sjúklingnum að fullum notum með tilliti til sjúkdóms hans að dómi læknis.

Ef endurgreiðslur eins árs samkv. 1. mgr. nema svo miklu, að sjóðurinn hrökkvi eigi til, skal hlutaðeigandi sveitarfélag greiða hallann, en fær þá hluta af þeirri upphæð endurgreiddan úr sjóði þeim, sem um getur í 65. gr., a-lið, eftir því sem sá sjóður hrekkur til, en þó aldrei yfir 50%.

y. (67. gr.) Nú verður maður fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en á ekki rétt til greisðlu úr sjóði, sbr. 63. gr., og er Tryggingastofnuninni þá heimilt að greiða þann kostnað að nokkru eða öllu leyti eftir umsókn hans, sbr. b-lið 64. gr.

Varatillaga:

Við 52. gr. Stafliður b orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun.

Nemi greiðslur hins tryggða samkv. þessu hærri upphæð á ári en nemi iðgjaldi hans, endurgreiðir Tryggingastofnunin upphæðina gegn kvittunum frá lækni eða læknum.

13. Við 59. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 20% lágmarksbóta.

Nd. 270. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er samið af milliþinginefnd, er félagsmálaráðherra skipaði 7. maí 1954 til þess að endurskoða löggjöfina um almannatryggingar. Milliþinganefndin leitaði álits og tillagna hjá bæjarstjórnum og hreppsnefndum og ýmsum fleiri aðilum, er hún taldi gagnlegt að hafa samráð við um tryggingalöggjöfina og framkvæmd hennar. Bárust henni svör frá 165 sveitarstjórnum og fimm félagasamböndum. Frv. þetta er því samið með hliðsjón af tillögum sveitarstjórna um veigamikil atriði og með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er af framkvæmd gildandi laga um almannatryggingar.

Samkvæmt frv. greinast almannatryggingar í þrennt: lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Hver grein tryggginganna verður sjálfstæð deild í Tryggingastofnun ríkisins og hefur þar sérstakan fjárhag.

Að undanförnu hefur orðið að breyta árlega nokkrum ákvæðum í lögum um almannatryggingar og framlengja ýmis ákvæði frá ári til árs, m. a. vegna þess að óhjákvæmilegt hefur reynzt að breyta fjárhæð framlaga til Tryggingastofnunarinnar og bóta, sem stofnunin greiðir, í samræmi við hækkandi verðlag. Stefnt er að því með þessu frv. að gera tryggingarlöggjöfina þannig úr garði, að ekki þurfi að breyta henni, þótt verðlag taki breytingum, eða framlengja árlega bráðabirgðaákvæði. Framlög til tryggginganna eru því ekki ákveðin í frv. í krónutölu, heldur í vissum hlutföllum milli þeirra aðila, er framlögin greiða.

Samkvæmt frv. verður gerð nokkur tilfærsla á bótum. Lagt er til, að hætt verði að greiða fjölskyldubætur með öðru barni, en jafnframt verði lögfest hækkun á ellilífeyri, örorkulífeyri, mæðralaunum, barnalífeyri og fleiri bótum.

Með lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, var stefnt að því, að Tryggingastofnun ríkisins tæki upp heilsugæzlu, en sjúkrasamlög yrðu lögð niður. Sá kafli laganna, sem fjallar um heilsugæzlu, hefur þó aldrei komið til framkvæmda, en í þess stað hafa sjúkrasamlög starfað sem áður. Í þessu frv. er lagt til, að sjúkrasamlög annist sjúkratryggingarnar. Er það í samræmi við tillögur meiri hluta sveitarstjórnanna.

Heilbrigðis- og félagsmálanefndir beggja þingdeilda lásu frv. í sameiningu og

báru það saman við gildandi lög. Síðan hefur heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. athugað það á allmörgum fundum og rætt við ýmsa aðila, sem óskað hafa að eiga tal við nefndina um efni frv.

Einn nefndarmanna (HV) skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara og mun bera fram sérstakar brtt. við frv. Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma. En nefndin í heild mælir með því, að frv. verði samþykkt. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að á frv. verði gerð svofelld

BREYTING:

Við 13. gr.

a. Í stað „kr. 7200.00 kr. 5400.00“
komi: kr. 7488.00 kr. 5616.00

b. Í stað „kr. 4500.00 kr. 3375.00“
komi: kr. 4680.00 kr. 3510.00.

Alþingi, 21. janúar 1956.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara. Jónas G. Rafnar.

Sþ. 271. Nefndarálit [36. mál]

um till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Árið 1949 fékk ríkisstjórn Íslands því til leiðar komið, að fiskveiðatakmörkin voru tekin á dagskrá Sameinuðu þjóðanna. Síðan hefur alþjóðalaganefndin (International Law Commission) fjallað um þetta mál, og á hún að skila endanlegu áliti sínu fyrir næsta þing Sameinuðu þjóðanna, og þar verða skýrslur hennar og tillögur teknar til meðferðar. Ríkisstjórn og Alþingi munu einhuga um, að Ísland hviki í engu frá réttarkröfum sínum í þessu efni, en allsherjarnefnd álítur ekki heppilegt fyrir málstað Íslands á alþjóðavettvangi að stíga ný skref um útfærslu fiskveiðitakmarkana, fyrr en það er séð, hvaða árangur fæst á næsta þingi Sameinuðu þjóðanna, og tækifæri hefur gefizt til þess að athuga, hvaða niðurstöður megi draga af þeim ályktunum, sem þar kunna að verða gerðar. Þykir nefndinni rétt, að Alþingi lýsi yfir þessari afstöðu í tilefni af tillögu þessari.

Tveir nefndarmenn (EmJ og KGuðj) voru fjarstaddir, þegar nefndin afgreiddi málið, en samkvæmt framansögðu leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem reglur um landhelgi hafa að frumkvæði Íslands verið til meðferðar hjá Sameinuðu þjóðunum undanfarið samhliða reglum um úthöf, telur Alþingi ekki æskilegt að taka ákvarðanir varðandi útfærslu friðunarlínunnar, fyrr en lokið er allsherjarþinginu á þessu ári og tími hefur unnizt til að athuga það, sem þar kann að koma fram. Alþingi tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. jan. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.
Sigurður Ágústsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Nd. 272. Frumvarp til laga [116. mál]

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands er sjálfstæð ríkisstofnun, og er markmið hennar að efla framfarir í íslenzkum iðnaði og koma á hagkvæmari vinnubrögðum í iðnaðarframleiðslu og vörudreifingu með því að:

1. Fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, er iðnað stunda og við vörusölu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun.
2. Veita tæknilega aðstoð, m. a. með leiðbeiningum um endurbætur á vélum, húsakynnum, vinnutilhögun og meðferð hráefna.
3. Rannsaka afköst í einstökum greinum iðnaðarins og kynna niðurstöðurnar, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtækin og tæknifræðsluna í landinu.
4. Gera athuganir til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðar og vörudreifingar.
5. Koma á fót og sjá um rekstur á tæknilegu bókasafni.
6. Annast útgáfu tímarits um tæknileg efni.
7. Gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og kvikmyndasýningum um vinnuvísindi og tækni.
8. Stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslenzks iðnaðar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, verkfræðilegum og verklegum greinum, og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland. Iðnaðarmálastofnunin skal þó ávallt nýta þekkingu og störf innlendra sérfræðinga, eftir því sem kostur er á.
9. Hafa samband og samstarf við hliðstæðar erlendar tæknistofnanir og eiga aðild að alþjóðlegum samtökum slíkra stofnana.
10. Afla upplýsinga um innlenda iðnaðarstarfsemi og aðstoða Hagstofu Íslands um útgáfu iðnaðarskýrslna.
11. Leggja grundvöll að viðurkenndum mælikvörðum eða fyrirmyndum (standards) fyrir íslenzka iðnaðarframleiðslu í samræmi við það, er bezt þekkist erlendis, og stuðla að því, að komið verði á gæðamati iðnaðarvara.
12. Efla samvinnu milli framleiðenda, stofnana og félagssamtaka innanlands um viðleitni til framfara í íslenzkum iðnaði og vörudreifingu og hafa náið samstarf við þá aðila um þessi mál.

Iðnaðarmálastofnunin kynnir almenningi árangur af störfum stofnunarinnar, eftir því sem aðstæður leyfa.

2. gr.

Iðnaðarmálastofnunin skal vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða, meðal annars með því að:

1. Fylgjast með eða hafa forgöngu um rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, og skila árlegri álitsgerð til ríkisstjórnarinnar um þessi mál.
2. Vekja athygli ríkisstjórnarinnar á því, ef fluttur er inn fullunninn varningur þeirrar tegundar, sem unnt þykir og hagkvæmt að fullvinna í landinu sjálfu.

II. KAFLI
Fjármál.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal árlega, eigi síðar en í ágústmánuði, gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda hana til ráðherra með rökstuddri greinargerð.

Engar greiðslur má inna af hendi utan fjárhagsáætlunarinnar nema með samþykki ráðherra.

Reikningsár stofnunarinnar skal vera almanaksárið.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru sem hér segir:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar árlega á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til meiri háttar verkefna, sem stofnuninni verða falin af hinu opinbera, enda skal lögð fram sérstök fjárhagsáætlun í hvert skipti.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir.

III. KAFLI
Stjórn og skipulag.

5. gr.

Ráðherra skipar stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar til 4 ára í senn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum, og tilnefni hvert eftirtalinna félagasamtaka einn fulltrúa:

Félag ísl. iðnrekenda, Iðnsveinaráð A. S. Í., Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi þessara manna.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

6. gr.

Stjórnin skal koma saman til fundar a. m. k. hálfsmánaðarlega, en auk þess þegar 2 eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Halda skal gerðabók um alla fundi stjórnarinnar.

Stjórnin ákveður, að hvaða verkefnum Iðnaðarmálastofnunin skuli vinna hverju sinni.

Stjórnin skal ársfjórðungslega gefa ráðherra skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki ráðherra, er ákveður laun hans.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum störfum Iðnaðarmálastofnunarinnar og annast um fjárreiður hennar. Hann gerir stjórninni grein fyrir störfum stofnunarinnar á milli funda, undirbýr þau mál, er stjórnin á að fjalla um, og annast um framkvæmdir á samþykktum hennar. Framkvæmdastjóri gerir tillögur til stjórnarinnar um skipun sérstakra nefnda, sérfræðinga eða fulltrúa samtaka til þess að fjalla um ákveðin verkefni, svo sem byggingarmál, verzlunarmál o. s. frv.

8. gr.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri að fengnu samþykki stjórnarinnar og ráðherra, sem einnig ákveður laun þess í samræmi við launalög ríkisins. Skal stjórnin setja nánari starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra og annað starfsfólk Iðnaðarmálastofnunarinnar.

9. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

10. gr.

Iðnaðarmálastofnunin skal eiga aðgang að upplýsingum, er opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða störf hennar og tilgang.

11. gr.

Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við viðskiptadeild og atvinnudeild háskólans og aðrar opinberar rannsóknarstofnanir um þær tilraunir og rannsóknir, sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma, og skulu rannsóknarstofnanir þessar veita henni þá aðstoð, sem þeim er unnt, enda komi fullt gjald fyrir.

12. gr.

Stofnuninni er heimilt að taka að sér verkefni í samræmi við ákvæði 1. gr. laga þessara fyrir hvern þann aðila, er til hennar leitar, enda komi fullt gjald fyrir. Skulu slík mál vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þess, sem unnið er fyrir, og má stofnunin ekki opinbera þau, nema með samþykki aðila.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um nánari framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 273. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 95 30. nóvember 1954, um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta að beiðni sjávarútvegsmálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er borið fram eftir beiðni stjórnar dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og hefur stjórn dvalarheimilisins gert svofellda grein fyrir frumvarpinu:

„Í núgildandi lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna er svo ákveðið í 1. gr. laganna, að dvalarheimilinu sé heimilt að stofna til happdrættis um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir. Allur ágóði af happdrættinu skal renna til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Undirtektir þjóðarinnar við málefni dvalarheimilis aldraðra sjómanna hafa orðið eindæma góðar. Bæði hafa stórgjafir frá einstaklingum og félögum borizt stofnuninni og þátttaka í happdrættinu hefur orðið meiri og almennari en nokkur þorði að gera sér vonir um í upphafi.

Til þess að tryggja þær vinsældir, sem happdrættið hefur þegar hlotið, telur stjórn þess rétt, að auka fjölbreytni vinninga og leggur til, að auk þeirra vinninga, sem taldir eru í 1. gr. núgildandi laga um happdrættið, verði bætt við húsbúnaði, hljóðfærum, búpeningi, flugvélum og farmiðum til ferðalaga. Þessar breytingar á happdrættislögunum geta ekki talizt stórvægilegar, en framkvæmdastjórn happdrættisins telur þær þó geta orðið til þess að auka fjölbreytni vinninga og um leið vinsældir happdrættisins hjá almenningi.“

Ed. 274. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breytingu á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga nr. 59/1939 orðist svo:

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við tollhöfn, þ. e. höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á 4. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: en til þeirra teljast, auk tollvarða í föstu starfi, menn, sem fjármálaráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu um stundarsakir eða við sérstök tilefni.
2. Í stað orðanna „konungsúrskurði nr. 1 12. febr. 1919 er ríkisfáninn“ í 2. mgr. komi: 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn.
3. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Skylt er mönnum að verða við kvaðningu tolleftirlitsmanns um aðstoð við tollgæzlu á sama hátt og segir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951.

3. gr.

Á 5. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: og ekki fyrr en að fengnu leyfi tolleftirlitsmanns.
2. Síðari málsgr. orðist svo:

   Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur frá útlöndum, unz það hefur fengið fyrstu afgreiðslu og samskiptaleyfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu sambandi jafngildir það komu frá útlöndum, ef skip hefur haft samband við annað farartæki, sem ekki hefur fengið samskiptaleyfi, eða látið hefur úr seinustu höfn hérlendis á leið til útlanda. Samskiptaleyfi (toll-

afgreiðsluskírteini) skal vera skriflegt. Í reglugerð skal nánar kveðið á um gerð þess. Með skip, sem kemur úr utanlandssiglingum og ekki getur sýnt tollafgreiðsluskírteini frá viðurkenndri tollafgreiðsluhöfn, sbr. 7. gr., skal að öllu leyti farið sem um aðkomuskip væri að ræða.

3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ákvæði laga þessara um skip og hafnir skulu, eftir því sem við á, gilda um flugför og flugvelli. Flugfar táknar í lögum þessum loftskip, flugvélar og önnur flugtæki.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tilteknar hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má það skilyrði um tilteknar tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu, að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að 200000 krónum.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla eða setja lás fyrir farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi eftir því, sem þeim þykir nauðsyn til bera. Skylt er skipstjóra að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni, við innsiglun eða lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem þessar ráðstafanir mundu ekki koma að haldi.

Innsigli eða læsingar, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar eða aðra staði í skipi, má enginn nema tolleftirlitsmaður opna eða rjúfa meðan skip er hér við land. Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, ber ábyrgð á brotum gegn þessu ákvæði.

Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tök vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki við komið.

6. gr.

Á 13. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: Kostnaður við flutning tolleftirlitsmanna út í skip og í land við komu skips og brottför skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki og hefur hann lögveð í skipinu.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ákveða skal í reglugerð, hvenær hin ýmsu störf tollgæzlunnar skulu unnin án endurgjalds, svo og um greiðslu fyrir störf, sem unnin eru á öðrum tímum.

7. gr.

Við 14. gr. bætist:

Einnig geta þeir ákveðið að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

8. gr.

Við fyrstu málsgrein 15. gr. bætist:

Séu skjöl þessi ekki afhent eða þau eru ófullnægjandi, má synja um leyfi til að ferma eða afferma skipið, unz úr þessu hefur verið bætt.

9. gr.

Fyrsta málsgrein 17. gr. orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrám, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að krefjast þess, að þetta sé allt flutt í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

10. gr.

18. gr. orðist svo:

Auk þess, sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim heimil leit og rannsókn á vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum farartækjum. Enn fremur í verzlunum og vörugeymslum þeirra. Stjórnendum farartækja er skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

11. gr.

Aftan við 19. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu, eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

12. gr.

20. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala í samræmi við það.

13. gr.

Á 22. gr., sem verður 21. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „fyrr en slíkar vörur eða farangur hefur verið skoðaður af tolleftirlitsmönnum“ í 2. mgr. komi: og skulu þeir aðstoða tolleftirlitsmenn eftir þörfum við skoðun slíkra vara eða farangurs.
2. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Heimilt er tolleftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslenzku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipi, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.

14. gr.

Á 24. gr., sem verður 23. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein orðist svo:

   Á fyrstu höfn, sem skip, er hefur meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar land-

helgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans þrjú samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tilekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis lýsir skriflega yfir, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.

2. Síðari málsliður 2. mgr. verður svo:
   Eitt samrit af aðalfarmskránni ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins með fyrstu ferð, en öðru heldur hann sjálfur eða ráðstafar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins.
3. Í stað orðsins „Hitt“ í upphafi 3. mgr. komi: Þriðja.
4. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Að lokinni affermingu á hverri höfn skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt, ef tolleftirlitsmenn krefjast þess, að láta þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipinu á þeirri höfn.

15. gr.

Á 25. gr., sem verður 24. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „áfram til hans“ í 2. mgr. komi: áfram til annarrar tollhafnar.
2. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ákveða má í reglugerð, að flutning á ótollafgreiddum vörum samkvæmt þessari grein megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til, að tryggt sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um umbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.

16. gr.

28. gr. falli niður og breytist greinatalan samkvæmt því.

17. gr.

Aftan við 29. gr., sem verður 27. gr., bætist:

Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

18. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, er verður IV. kafli, svo hljóðandi, og breytist kaflatala og greinatala samkvæmt því:

IV. KAFLI

Um afgreiðslur o. fl.

a-liður (verður 30. gr.).

Þar sem tollgæzlan hefur umráð vörugeymsluhúsa, geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar þangað beint úr skipi til geymslu og tollafgreiðslu.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

b-liður (verður 31. gr.).

Enginn má annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða geymslu ótollafgreiddrar vöru, nema hafa fengið til þess leyfi fjármálaráðuneytisins. Leyfi má einungis veita manni, sem hér á lögheimili, eða innlendum óper-

sónulegum aðila. Leyfi skal bundið við ákveðna höfn og veitt í samráði við tollstjóra í því umdæmi. Áður en leyfi er veitt skal ganga úr skugga um, að umsækjandi hafi þá aðstöðu, er geri honum fært að annast fermingu og affermingu skipa og vörzlu ótollafgreidds varnings tryggilega og á þann hátt, að tolleftirliti verði örugglega við komið. Ráðuneytið getur heimilað tollstjórum að leyfa öðrum en viðurkenndum afgreiðslumönnum að afgreiða einstök skip, þegar sérstaklega stendur á, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Leyfishöfum ber að leggja tolleftirlitsmönnum til án endurgjalds hæfilegt, aðgreint rúm í hverju vörugeymsluhúsi til rannsóknar á vörum. Í vörugeymsluhúsunum skal ótollafgreiddum vörum haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Leyfi má að öðru leyti binda þeim skilyrðum, sem ráðuneytið telur nauðsynleg á hverjum tíma.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir, að vörur, sem fluttar eru til landsins í lokuðum umbúðum, eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, megi aðeins flytja úr flutningstækjum í ákveðin vörugeymsluhús og skuli geymdar þar, unz tollafgreiðsla hefur farið fram. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar.

c-liður (verður 32. gr.).

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur eða vörur, sem bundnar eru skilyrðum um innflutning, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

19. gr.

Á 36. gr. laganna, sem verður 37. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „ekki lægri en 100 kr.“ í 1. mgr. komi: ekki lægri en 500 kr. og allt að 200000 þúsund krónum.
2. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Það varðar sektum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr skipi skipsforða eða aðra muni eða varning, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í skipi, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt. Enn fremur skulu sæta sömu viðurlögum þeir, sem veita viðtöku slíkum varningi til brottflutnings úr skipi eða aðstoða við flutning hans af skipsfjöl.
3. Önnur málsgrein greinarinnar fellur niður.
4. Þriðja málsgrein orðist svo:

   Enn fremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur eða andvirði vara, sem undan hefur verið skotið, rangt sagt til um eða ólöglega með farið samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Fyrsti málsliður 40. gr., sem verður 41. gr., orðist þannig:

Það varðar skipstjóra eða útgerðarmann sektum allt að 200000 krónum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er samkvæmt 21. gr., eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum.

21. gr.

1. málsliður 43. gr., sem verður 44. gr., orðist svo:

Brot gegn 30., 31. og 32. gr. varða skipstjóra eða afgreiðslumann sektum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vörum, sem afhentar eru í bága við ákvæði 32. gr., og má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir gjöldunum, ásamt sektum og kostnaði, í eignum sökunauts og selja hið lögtekna á þann hátt, er segir í 27. gr.

22. gr.

44. gr., sem verður 45. gr., orðist þannig:
Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

24. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breytingu á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 275. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og lögum nr. 55 20. apríl 1954, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

1. að virkja Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 4000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns. Enn fremur frá Búðakauptúni til Stöðvarfjarðar og frá Egilsstöðum um Eiða að Lagarfossi.

2. gr.

Við 4. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu.

3. gr.

Í stað „1000 hestafla“ í 5. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: 1500 hestafla.

4. gr.

Í stað „úr Landeyjum“ í 7. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: frá Hvolsvelli.

5. gr.

Við c-lið 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness, til þess að veita þaðan raforku um þá hreppa og suður um Dalasýslu.

6. gr.

Við 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

d. að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótsdalshéraðs til að tengja saman orkuveitusvæði Norðurlands og Austurlands.
e. að leggja aðalorkuveitu um Gönguskörð til Húnavatnssýslu til að tengja saman Gönguskarðsárvirkjunina og Laxárvatnsvirkjunina.
f. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli að Skógaskóla.
g. að gera ráðstafanir til að auka flutningsgetu eldri aðalorkuveitna.

7. gr.

2. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði, samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 55/1954.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 55/1954 inn í lög nr. 22/1952 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 276. Lög [8. mál]

um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

(Afgreidd frá Nd. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 8.

Ed. 277. Frumvarp til laga [129. mál]

um náttúruvernd.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 232 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna utan þéttbýlis og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar (sé land girt, er aðeins heimilt að fara gegnum hlið á girðingunni), enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Nú hlýzt tjón af dvöl manna á landinu, og skal þá greiða rétthöfum fullar bætur fyrir tjónið eftir virðingu náttúruverndarnefndar. Skjóta má úrskurði nefndarinnar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, samkvæmt 18. gr.

För um ræktuð landsvæði er háð leyfi forráðamanns lands, svo og dvöl þar.

Ed. 278. Frumvarp til laga [103. mál]

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki).
3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purifaciens) valda eða eru taldar líklegar til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessara laga nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrirskipun um hömlur á fjársamgöngum, bann á sölu fjár til lífs, niðurskurð, sótthreinsun bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands.

II. KAFLI

Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.

3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI
Um varnarlínur og varnir.

6. gr.

Varnarlínur teljast:
1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavírsgirðingar.
3. Einfaldar gaddavírsgirðingar.

Varðmenn skal hafa á varnarlínum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna hlutaðeigandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitazt við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er.

Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitilöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.

Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hvor og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínur leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

9. gr.

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum minnst 9 ár, eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínum, sem einangra svæði, þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

11. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanrækslа í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur næstu 9 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. Líffæri úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsóknar án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli fjárskiptahólfa í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig, nema með samþykki yfirdýralæknis.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað og líffæri send til rannsóknar.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársótta eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða óskýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar og þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varnarlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, þegar kindunum er slátrað. Líffæri kinda, sem um getur í þessari grein, skulu greinilega merkt og send til rannsóknar án tafar.

17. gr.

Fáist vissa eða sterkur grunur um, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé tafarlaust, og auk þess kindum, sem líkur eru til að hafi smitazt við samrekstur og í réttum.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

19. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár eða nautgripa, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust viðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs. Annan framkvæmdakostnað greiði sauðfjársjúkdómanefnd að hálfu, en hlutaðeigandi hreppsfélag að hálfu. Fjáreigendum er skylt að sjá um og kosta smölun og gæzlu fjárins og alla ófaglega aðstoðarvinnu.

Ef eigendur sauðfjár eða nautgripa neita að láta framkvæma á gripum sínum rannsókn eða varnarbólusetningu, sem ákveðin hefur verið, eða hindra á annan hátt framgang ákveðinna varnarráðstafana, skal framkvæmdastjóri leita fulltingis hlutaðeigandi yfirvalda.

Kostnað, sem leiðir af slíkum töfum, ákveður sauðfjársjúkdómanefnd, og ber að innheimta hann hjá hlutaðeigandi gripaeigendum með frádrætti á bótum eða með aðför að lögum.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem er slátrað vegna þess að það reynist sjúk eða grunað við rannsóknir. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI

Um fjárskiptafélög.

24. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun og fjárrekstrum í sambandi við hana verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, sbr. V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á hlutaðeigandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi

boði fjáreigendur á fund til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hreppi er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.

Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og afstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

27. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur, 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar

stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI
Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það, áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæði sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr.
3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið, og láta hafa eftirlit með eyðingu sóttnæms sláturúrgangs, flutningi og geymslu sláturafurða sjúka fjárins.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða, hvaðan líflömb séu tekin, og tilkynna það hlutaðeigandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn hlutaðeigandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast

söluverð á lömbunum, miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo að fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Þegar líflömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði, skal gæta þess við skiptingu þeirra að dreifa sem minnst lömbum frá sama bæ. Skal hver fjáreigandi hafa lömbin í stangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt, og getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað algera innistöðu þeirra um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þörf á. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sam tryggilegastan hátt.

Fari svo, að líflömb tapist úr vörzlu næturlangt eða lengur fyrsta missirið eða sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

Öllu fjárskiptafé skal halda greinilega merktu, og skylt er fjáreiganda að gera nákvæma skrá yfir allt fjárskiptafé, svo að unnt sé að finna fyrri eigendur. Áður en bætur eru greiddar, skal afrit af slíkri skrá afhent sauðfjársjúkdómanefnd eða fulltrúa hennar.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt, í samráði við stjórn fjárskiptafélags, að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI

Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveimur árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1956 skal miða við framtal á árinu 1955, þ. e. fjártölu í árslok 1954 o. s. frv.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap eða sauðfjáreign, þegar niðurskurður fer fram, eða eru fluttir burt af fjárskiptasvæðinu, fá ekki bætur. Öðrum, sem eru að hætta bú-

skap eða sauðfjáreign á þeim tíma, sem fjárskipti standa yfir, eða breyta til um atvinnu, skal ekki greiða fullar bætur, heldur í hlutfalli við það tjón, sem ætla má að þeir hafi orðið fyrir við niðurskurðinn. Skal sauðfjársjúkdómanefnd meta slíkar bætur.

38. gr.

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar ¾ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af meðalvænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum, sem fjáreigendur fá það haust, sem bætur eru greiddar. Fyrstu bætur skal greiða ári eftir niðurskurð.

Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu eiga kost á að fá keypt líflömb, er nemur 80% af bótaskyldri fjártölu. Skal, ef unnt er, útvega þau á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði. Ef ekki fæst sú lambatala, skal útvega það, sem til vantar, á næsta hausti, ef fjáreigendur óska.

Takist ekki á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt, að útvega 80% móti bótaskyldri fjártölu, en bændur óski að fá svo mörg lömb, ber ríkissjóði að greiða afurðatjónsbætur, ¾ lambsverðs á kind á þá tölu, sem til vantar. Skal greiða þær bætur tveim árum eftir að lömb eru fyrst flutt inn á svæðið.

Framlag ríkissjóðs skal á hverjum tíma vera til tryggingar greiðslu á andvirði seldra líflamba.

Stjórnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fáanlegt.

39. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns ¾ lambverðs fyrir hverja bótaskylda kind, eða styrkja þá til að breyta til um búskaparhætti, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

40. gr.

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 6% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að ⅖ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að ⅘ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðn frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 39. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

41. gr.

Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda af fjársóttum, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 2 ár og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

42. gr.

Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Bætur skal greiða fjáreigendum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Verði krafizt mats vegna niðurskurðarins, eftir gildandi lögum um eignarnám, er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

43. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum, eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

44. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim, t. d. með varnarbólusetningu, heilbrigðiseftirliti, söfnun og rannsókn líffæra og blóðsýnishorna.

Einnig er honum heimilt að láta útbreiða miður næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaatriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

46. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 50000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

47. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lög nr. 47 1950, lög nr. 98 1951 og lög nr. 71 1953, öll um breyt. á þeim lögum.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 279. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 38. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:
Þá skal og greiða hálfan mismun á meðaltalsverði keyptra líflamba og meðaltalsniðurlagsverði á fullorðnu fé, einnig eftir mati framleiðsluráðs.

Sþ. 280. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

1. Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).
   Fyrir „1 700 000“ kemur 2 168 000
2. Við 22. gr. IX. Nýr liður:
   Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna daglegs flutnings mjólkur og mjólkurafurða frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, allt að 50 þús. kr.
3. Við 22. gr. X. (H/f. Skallagrímur í Borgarnesi).
   Fyrir „100 þús. kr.“ kemur: 200 þús. kr.

Ed. 281. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um kirkjuítök og sölu þeirra.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haldið tvo fundi um málið og auk þess haft samband við biskup til glöggvunar á málinu. Niðurstaða er sú, að nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd. — Einn nefndarmanna, Bernharð Stefánsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 24. jan. 1956.

Ingólfur Flygenring, form., frsm. Andrés Eyjólfsson. Haraldur Guðmundsson.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 282. Fyrirspurnir. [138. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar varðandi framkvæmd launalaga.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Er það rétt, að ýmsir embættismenn hafi undanfarin ár fengið greiddar úr ríkissjóði utan launalaga og án heimildar í öðrum lögum kaupuppbætur í margvíslegu formi, svo sem húsaleigustyrk, bílastyrk, risnu o. fl.?

2. Hver eru þau embætti, sem slíkra fríðinda hafa notið, og hverju hafa fríðindin numið árlega á hvert embætti síðastliðin 5 ár?
3. Hver eru þau hliðstæð embætti samkvæmt launalögum (þ. e. í sömu launaflokkum), sem hafa ekki notið slíkra fríðinda?
4. Hvaða embættismönnum eru ætluð slík fríðindi, sem um getur í 1. lið fyrirspurnar þessarar, eftir gildistöku hinna nýju launalaga?
5. Hvaða reglum er fylgt við veitingu slíkra fríðinda?

II. Til ríkisstjórnarinnar um aukagreiðslur til embættismanna.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hverjir embættismenn hafa undanfarin 5 ár hlotið sérstakar greiðslur fyrir undirbúning og samningu lagafrumvarpa, matsgerðir og álitsgerðir á sérsviði sínu, og hverju hafa numið árlegar greiðslur til hvers þeirra á því tímabili?
2. Hverjir embættismenn hafa síðastliðin 5 ár unnið hliðstæð störf á sérsviði sínu án þess að taka fyrir sérstakar greiðslur?

Sþ. 283. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um kjarnorkumál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum 21. þ. m. ákveðið að mæla með, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrir orðin „sérstök stofnun“ í tillgr. komi: rannsóknaráð ríkisins.

Alþingi, 24. jan. 1956.

Bernharð Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Karl Guðjónsson.	Sigurður Ágústsson.

Nd. 284. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um stofnun blaðamannaskóla.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigurður Bjarnason, Gils Guðmundsson, Gylfi Þ. Gislason, Einar Olgeirsson, Gísli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa stofnun blaðamannaskóla. Skal einkum athuguð sú leið að stofna til slíkrar kennslu við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Við undirbúning málsins skal haft samráð við háskólaráð og Blaðamannafélag Íslands.

Greinargerð.

Blöðin eru orðin mikið áhrifavald í menningu þjóðanna. Næst skólunum eiga þau mestan hlut að því að uppfræða mannkynið og móta skoðanir manna um andleg og veraldleg efni. Blöðin hafa mikil áhrif á meðferð móðurmálsins, á þróun tungunnar.

Ábyrgð blaðanna og þeirra, sem við þau vinna, er mikil. Það er sameiginleg nauðsyn þjóðfélagsins, blaðanna sjálfra og blaðamanna, að vel sé vandað til undirbúnings og menntunar fyrir þá, sem takast á hendur slíkt menningarhlutverk sem það á að vera að gerast blaðamaður.

Margar þjóðir hafa stofnað til skóla eða reglubundinna námskeiða fyrir blaðamenn. Á Norðurlöndum ber hæst í þessum efnum háskólann í Árósum í Danmörku. Síðan 1946 hefur þar verið haldið uppi fræðslu í blaðamennsku. Á 3. þingi Norðurlandaráðs 1955 kom fram tillaga um athugun á sameiginlegum námskeiðum fyrir blaðamenn á Norðurlöndum. Var tillögunni frestað til 4. þings ráðsins. Við Colombia-háskólann í New-York hefur verið blaðamannaskóli í rúma fjóra áratugi, og svo mætti lengi telja.

Flm. telja eðlilegt, að til slíkrar kennslu yrði stofnað við heimspekisdeild Háskóla Íslands. Meðal kennslugreina þyrftu að vera íslenzka, bókmenntir, saga og fleiri almennar greinar, auk hinnar „faglegu“ kennslu, er beint lýtur að blaðamennsku.

Tillaga þessi hefur verið rædd við rektor Háskóla Íslands og formann Blaðamannafélags Íslands, og eru þeir báðir málinu hlynntir.

Ed. 285. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febr. 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

259. gr. laganna orðist svo:

Hver, sem heimildarlaust notar bifreið annars manns, flugfar, skip eða önnur vélknúin farartæki, skal sæta varðhaldi, fangelsi allt að 4 árum eða sektum, ef brot er smávægilegt eða sérstakar málsbætur eru.

Ef maður notar ella hlut annars manns heimildarlaust og veldur honum með því tjóni eða verulegum óþægindum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefur í vörzlum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum, sem í 2. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, sem hefur með höndum endurskoðun hegningarlaganna.

Heimildarlaus taka og notkun á bifreiðum og bifhjólum hefur farið mjög í vöxt á síðustu árum. Brot þessi eru mjög alvarlegs eðlis, því að bæði er eigend-

unum oft bakað stórfellt tjón með óheimilli notkun farartækjanna og spjöllum, sem á þeim verða, og auk þess er öðrum verðmætum oft spillt eða stofnað í hættu með gálauslegum akstri manna þeirra, sem brotin fremja, og umferðaröryggi raskað. Venjulegast hafa þeir, sem sekir gerast um brot þessi, ekki í huga að kasta eign sinni á farartækin, og teljast brotin þá ekki til þjófnaðar samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna, heldur til nytjastuldar samkvæmt 259. gr. Nú er svo ákveðið í 259. gr., að opinbert mál út af nytjastuldi skuli því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við. Þetta ákvæði verður að teljast óheppilegt, þegar um svo mikilvæg brot er að ræða sem nytjastuld á bifreiðum, skipum, flugförum eða öðrum vélknúnum farartækjum, enda varða brotin, eins og áður segir, fleiri en eigendur farartækjanna. Með frumvarpi þessu er lagt til, að saksókn út af slíkum brotum verði ekki háð kröfu af hendi þess, sem misgert er við, og að refsing verði þyngri en þegar um venjulegan nytjastuld er að ræða. Hins vegar eru ákvæði núgildandi 259. gr. látin haldast óbreytt um annan nytjastuld og brot það, sem nú eru fyrirmæli um í 2. mgr. 259. gr., sbr. 2.—4. mgr. frumvarpsins.

Nd. 286. Frumvarp til laga [141. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka fiskvinnslustöðvar og fiskflutningaskip eignar- eða leigunámi og annast útflutning fisks og fiskafurða.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka nú þegar eignarnámi eða leigunámi allar þær fiskvinnslustöðvar hér á landi, sem nauðsynlegar eru að dómi ríkisstjórnarinnar til nýtingar fiskafla landsmanna og til þess að búa útveginum starfhæfan grundvöll, og reka þær á ábyrgð ríkissjóðs.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að taka eignarnámi eða leigunámi þau íslenzk flutningaskip, sem aðallega eða eingöngu eru notuð eða ætluð til flutninga á fiski eða fiskafurðum, og reka þau á sama hátt.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að nokkru eða öllu leyti í sínar hendur allan útflutning fisks og fiskafurða, þar til sett hefur verið löggjöf, sem gerir kleift að afhenda framleiðslusamvinnufélögum sjómanna og annarra, sem lífsframfæri hafa af sjávarútvegi, útflutningsréttindi þessi.

3. gr.

Nú verða stofnuð framleiðslusamvinnufélög, sem um getur í 2. gr., og skal ríkisstjórninni þá heimilt að selja þeim þær eignir, sem teknar kunna að hafa verið eignarnámi samkv. 1. gr., með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður.

4. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkv. 1. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nú ákveður ríkisstjórnin að nota heimild 2. gr. laga þessara, og fellur þá úr gildi 4. gr. laga nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur sú þróun sífellt færzt í aukana, að meintu rekstrartapi af flestöllum eða öllum fyrirtækjum í aðalatvinnugrein landsmanna, sjávarútveginum, hefur með einu eða öðru móti verið velt yfir á herðar almennings með margs konar gengisfellingu, sköttum og öðrum álögum. Hefur mátt líta þannig á, að þessi undirstöðuatvinnuvegur landsmanna, sem borið hefur uppi megnið af því, sem það kostar þjóðina að fullnægja kröfum menningarþjóðfélags um lífsþægindi, auknar framfarir og tækni og bætt lífsskilyrði, væri baggi á þjóðarbúinu, sem halda þyrfti uppi með styrk frá öðrum framleiðslugreinum og hluta af þurftartekjum almennings.

Þannig var gengi á erlendum gjaldeyri hækkað um 74.3% árið 1950, og nokkrum mánuðum síðar var gengi á hluta erlends gjaldeyris hækkað verulega með svonefndu bátagjaldeyriskerfi og nokkrum mönnum fengið í hendur sjálfsvald um að breyta genginu á þessum hluta gjaldeyristeknanna að eigin vild, gagnstætt skýlausum lagafyrirmælum. Margvíslegar aðrar álögur hafa verið lagðar beint á herðar almennings eða lagðar á í formi skatta, sem gjaldendur hafa velt yfir á herðar almennings, allt í þeim tilgangi að greiða rekstrartap, sem talið er að orðið hafi á útgerð á síðustu árum. Alls nema þessar álögur nú orðið hundruðum milljóna króna árlega, og fara þær sívaxandi.

Þessi ólánsstefna, að þjóðnýta sannað eða ósannað tap heillar atvinnugreinar almennt, hefur að sjálfsögðu ýtt undir og magnað hvers konar öfugþróun og ófremdarástand í efnahagsmálum og viðskiptum þjóðarinnar, svo sem vænta mátti. Þegar það er orðið beint hagsmunamál heillar atvinnustéttar að sýna sem hæst tap á rekstri sínum, þar sem allmikil vissa er fyrir því, að valdhafar þjóðarinnar velti því tapi yfir á aðrar stéttir þjóðfélagsins, þarf að sjálfsögðu engan að undra á því, þó að áskapaður mannlegur breyskleiki slævi menn í að leggja að sér og gæta hófsemdar og sparsemi í hvívetna, til þess að tapið verði sem minnst.

Raunar þarf engan að undra, þótt ýmsir freistuðust til að gera meira úr hallanum en nauðsynlegt væri eða auka hann með sérstökum ráðum, til þess að hlutur þeirra úr bótasjóðum þjóðfélagsins yrði sem mestur. Er og sýnilegt, að til þessa hefur sú óheillastefna leitt, að þjóðnýta tapið, en láta einstaklingana hirða gróðann eftirlitslaust, þegar gróði var, því að nú er svo komið, að fá eða engin útgerðarfyrirtæki munu sýna annað en tapið eitt á reikningum sínum.

Þetta skýrist þó enn betur í ljósi þeirra staðreynda, að tiltölulega fámennur hópur manna, sem virðist hafa lagt undir sig öll völd í samtökum útvegsins, bæði þeim, er snerta öflun, vinnslu og útflutning sjávarafurða, hefur talið sig eiga vísan og átt vísan stuðning ríkisvaldsins um langt árabil til að fá kröfum sínum framgengt, svo og af því, að alls ekkert eftirlit hefur verið með því, hvernig þeim hundruðum milljóna, sem lagðar hafa verið á þjóðina til styrktar sjávarútveginum, hefur verið ráðstafað, né nokkur fullnægjandi rannsókn gerð á því, hvers raunverulega væri þörf í því efni. Slík hegðun er að sjálfsögðu engum holl né líkleg til að efla ráðdeild, hófsemi og heiðarleika með þjóðinni eða auka heilbrigði efnahagslífsins og réttláta tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Nokkur vísbending í því efni gæti það verið, að eitt stéttarfélag sjómanna hefur neyðzt til að leita til dómstólanna til að fá sinn umsamda hlut af ákveðnu bótafé. Ekki er þó hér að fullu talið allt, sem áfátt er í meðferð mála varðandi sjávarútveginn.

Það er ljóst, að fiskverð til sjómanna og útvegsmanna ákvarðast m. a. af því, sem fæst fyrir fiskafurðirnar á erlendum mörkuðum. Eins og áður er sagt, er útflutningur fiskafurða í höndum þeirra manna, sem aðgangsharðastir eru í kröfum sínum um hvers konar styrki og fríðindi til handa sjávarútveginum. En það er ekki aðeins að útflutningurinn sé í höndum þessara aðila, heldur er hann eftirlitslaust í þeirra höndum. Það hefur aldrei verið haft neitt viðhlítandi eftirlit með því, hvað raunverulega fengist fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum, né nein rannsókn

verið gerð í því efni. Þar hafa orð þessara sömu aðila verið tekin sem fullgild sönnun, og er þeim í því sem öðru sýndur meiri trúnaður af hálfu þjóðfélagsins en almennt gerist og eðlilegt er. Það er þó vitað, að einokunarhringar þeir, sem hafa allan fiskútflutning í sínum höndum, hafa komið upp eigin fyrirtækjum til sölu og dreifingar á fiskinum víða erlendis og eigin innflutningsfyrirtækjum í sömu löndum. Fáir munu vita, hve miklu fé hefur verið varið til þessarar eignasöfnunar fiskeinokunarhringanna erlendis, en ljóst er, að þar muni allmörgum milljónum hafa verið komið fyrir. Það er þá einnig augljóst, að þessar milljónir eða milljónatugir hafa verið teknir af verði því, sem fékkst fyrir fiskinn á hinum erlendu mörkuðum og átti með réttu að renna til sjómanna og útvegsmanna, án þess að nokkur grein hafi verið gerð fyrir því, en í þess stað borin fram krafa um nýjar álögur á almenning til að bæta upp þá verðlækkun á fiskinum, sem stafaði af þessum ráðstöfunum.

Nú hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki kunni að hafa verið tekið meira fé af fiskverðinu erlendis en það, sem runnið hefur til uppbyggingar framtalinna eigna þar. Hafi svo verið, hefur það verið tekið af því fé, sem sjómönnum bar fyrir fiskinn, og þar með orðið til að auka á erfiðleika fiskframleiðslunnar og gera hana meira styrkþurfi en orðið hefði, ef allt hefði verið með eðlilegum hætti. Það er a. m. k. vitað, að fiskeinokunarhringarnir hafa stundum haft erlendan gjaldeyri til ráðstöfunar til að kaupa fisk af öðrum þjóðum og selja á sömu mörkuðum og íslenzkur fiskur var seldur, a. m. k. ef þeir hafa talið, að þeir gætu ekki fengið nægilegt magn af ákveðnum fisktegundum hér á landi.

Öll hefur þessi starfsemi farið fram án nægilegs eftirlits ríkisvaldsins, enda þótt ríkisvaldið hafi beinlínis notað vald sitt til að mæta sönnuðum og ósönnuðum erfiðleikum sjávarútvegsins með óbærilegum álögum á almenning og afhent þessum sömu aðilum mörg hundruð milljóna króna í styrki til að bæta rekstrartap sjávarútvegsins, algerlega eftirlitslaust. Er eftirlitsleysið með starfsemi þeirra aðila, sem náð hafa í sínar hendur yfirráðum í öllum málefnum sjávarútvegsins, svo algert, að í mjög mörgum tilfellum er það tekið gilt sem sönnun fyrir því, hvað fáist fyrir fisk og fiskafurðir erlendis, sem innflutningsfyrirtæki þessara sömu aðila erlendis gefa upp.

Það er auðskilið, að jafnóeðlileg og óæskileg meðferð mála og hér hefur verið rakin nokkuð getur ekki haft hagkvæm eða heppileg áhrif í þjóðfélaginu. Það er og ljóst, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafa sífellt orðið uppivöðslusamari og aðgangsharðari í kröfum sínum á hendur þjóðfélaginu. Er þess skemmst að minnast, að nokkru fyrir áramót samþykktu þeir á tiltölulega fámennum fundum að stöðva alla útgerð í landinu frá áramótum, þangað til ríkisvaldið hefði gengið að þeim kröfum um álögur á almenning, sem þeir töldu sig geta unað. Í því skyni að tryggja framkvæmd þessara samþykkta og neyða ríkisvaldið til að beygja sig fyrir kröfunum, létu þeir útvegsmenn víðs vegar um land samþykkja allháa víxla til tryggingar því, að þeir gerðu ekki út. Skyldu víxlarnir falla sem sektarfé á þá útvegsmenn, sem drægju björg í þjóðarbúið í trássi við fundarsamþykktirnar.

Hér er um svo löglaust athæfi að ræða og slíkt tilræði við höfuðbjargræðisveg þjóðarinnar og þjóðfélagið í heild, að hvorki á né má þola í lýðræðisþjóðfélagi.

Öll sú þróun, sem hér hefur verið rakin, og þau óbætanlegu verðbólguáhrif, sem það hefði í för með sér, ef nú væri látið undan kröfum þessara aðila á þann hátt, sem núverandi ríkisstjórn hefur gefið í skyn að hún muni fyrir sitt leyti fallast á og leggja til við Alþingi, eru þess eðlis, að efnahag þjóðfélagsins og tilveru þess er stefnt í vísan voða.

Það er með hliðsjón af þessu, sem við flm. þessa frv. teljum þjóðfélaginu það lífsnauðsyn, að nú þegar verði látið staðar numið á þeirri óheillabraut, sem undanfarið hefur verið farin í þessum efnum, og lagt inn á nýjar leiðir. Þess vegna leggjum við til, að allar þær fiskvinnslustöðvar, sem máli skipta fyrir nýtingu sjávarafla landsmanna, verði teknar eignarnámi eða leigunámi og sömuleiðis fiskflutningaskip, enda skipta farmgjöld á fiski verulega máli um það, hvert endanlegt verð

sjómenn og útvegsmenn fá fyrir afla sinn. Leggjum við til, að ríkið taki þessi framleiðslutæki í sínar hendur ásamt fiskútflutningsverzlun landsmanna, unz stofnuð hafa verið framleiðslusamvinnufélög sjómanna og annarra, er lífsframfæri hafa af sjávarafla, til að taka þennan þátt starfsemi sinnar í eigin hendur.

Okkur er ljóst, að ekki er þess að vænta, að þessar ráðstafanir einar dugi til að búa fiskiflotanum viðunandi rekstrargrundvöll, svo mjög sem stefna núverandi valdhafa í efnahagsmálum hefur magnað verðbólguna í fjármálum þjóðarinnar, þó að ljóst sé af framangreindu, að af þessu megi vænta verulegs ávinnings í þeim efnum. En við erum þá og reiðubúnir til að flytja tillögur um og styðja aðrar ráðstafanir, sem miðuðu í þá átt að draga úr dýrtíð og verðbólgu, lækka framleiðslukostnað og búa með því öllum atvinnugreinum þjóðarinnar eðlileg starfsskilyrði við heilbrigt efnahagskerfi. Við höfum þegar flutt frv. um lækkun söluskatts, álagningar og milliliðagróða, sem hafa mundi í för með sér stórlækkaðan framleiðslukostnað, ef samþykkt yrði. Við teljum sjálfsagt að lækka vexti lánsstofnana, a. m. k. til framleiðslugreinanna, gegn því að taka upp vísitölutryggingu sparifjár. Háir útlánsvextir bitna að sjálfsögðu fyrst og fremst á framleiðslunni og gera henni erfitt fyrir. Við höfum flutt frv. um, að ríkið taki í sínar hendur alla olíuverzlun landsins og komi í veg fyrir þann óhófsgróða og fjárbruðl, sem þar á sér stað, og lækki þannig verðið á olíum og benzíni og þar með framleiðslukostnað atvinnuveganna. Færi svo, að samstæður þingmeirihluti næðist um allar þessar ráðstafanir, en niðurstaðan yrði sú, að þær leystu samt ekki að fullu vandkvæði sjávarútvegsins, erum við að sjálfsögðu reiðubúnir að taka til athugunar fleiri ráðstafanir, þó með því sjálfsagða skilyrði, að þær miðuðu jafnframt að því að auka heilbrigði efnahagslífsins og tryggja réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu en nú er.

Sþ. 287. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 1. I. (Póstsjóður, tekjur).
   Fyrir „13 170 000“ kemur 14 570 000
2. — 3. — A. Sundurliðun. 1. II. 2. (Pósthúsið í Rvík).
   Fyrir „6 300 000“ kemur 6 400 000
3. — 3. — A. Sundurliðun. 2. I. (Landssíminn, tekjur).
   Fyrir „50 400 000“ kemur 54 000 000
4. — 3. — A. Sundurliðun. 4. Útflutningsuppbótasjóður.
   Liðurinn fellur niður.
5. — 10. — III. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn).
   a. Við a. (Laun samkv. launalögum).
   Fyrir „271 000“ kemur 312 300
   b. Við b. (Laun utan launalaga).
   Fyrir „44 000“ kemur 46 800
   c. Við c. (Annar kostnaður).
   Fyrir „75 100“ kemur 45 100
6. — 10. — III. 7. (Sendiráðið í V.-Þýzkalandi).
   Fyrir „laun sendiherra“ kemur: laun sendiherra og annarra starfsmanna.
7. — 10. — III. 9. Nýr liður:
   Ræðismannsskrifstofa í Hamborg 80 000
8. — 10. — III. 14. (Upplýsinga- og kynningarstarfsemi).
   Fyrir „70 000“ kemur 100 000

9. Við 11. gr. A. 2. c. (Borgardómaraembættið, annar kostnaður).
Fyrir „70 000“ kemur 120 000
10. — 11. — A. 3. (Borgarfógetaembættið).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „318 600“ kemur 340 253
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „225 656“ kemur 241 468
11. — 11. — A. 4. (Sakadómaraembættið).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „461 400“ kemur 492 300
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „336 608“ kemur 338 565
12. — 11. — A. 6. (Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „88 980“ kemur 121 361
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „65 396“ kemur 89 069
13. — 11. — A. 7. (Embætti sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.).
a. Við b. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „2 066 340“ kemur 2 097 240
b. Við b. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „1 520 245“ kemur 1 542 802
14. — 11. — A. 11. c. (Kvíabryggja).
Fyrir „275 000“ kemur 630 000
15. — 12. — IV. A. 3. (Landsspítalinn). Nýr liður:
Til að kaupa sótthreinsunarofn 200 000
16. — 12. — IX. (Læknisbústaðir, sjúkrahús o. fl.).
Fyrir „2 000 000“ kemur 2 300 000
17. — 12. — X. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „500 000“ kemur 575 000
18. — 12. — XI. (Heilbrigðisstofnanir í Rvík).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 500 000
19. — 12. — XXVII. (Ýmsir sjúklingar).
Á eftir orðunum „úthlutun tryggingaráðs“ kemur: að fengnum tillögum landlæknis.
20. — 13. — C. VIII. 54. (Hafnarmannvirki). Nýr liður:
Vogar 100 000
21. — 13. — C. VIII. 61. Nýr liður:
Til lendingarbóta á eftirtöldum stöðum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að:
a. Hjarðardal í Önundarfirði 35 000
b. Ögri við Ísafjarðardjúp 20 000
c. Bæjum á Snæfjallaströnd 25 000
d. Húsavík í Norður-Múlasýslu 3 000
e. Víkurbakka við Eyjafjörð 3 000
f. Hjörsey á Mýrum 3 000
89 000
22. — 13. — D. XI. (Styrkir til námsmanna o. fl.).
Fyrir „100 000“ kemur 140 000
23. — 14. — B. VII. 1. h. (Kennaraskólinn, annar kostnaður).
Fyrir „40 000“ kemur 50 000
24. — 14. — B. XI. 1. e. (Bændaskólinn á Hólum). Nýr liður:
Til tilrauna 30 000

25. Við 14. gr. B. XIV. 6. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:

a. Skólahús í smíðum:

1.	Reykjavík	600 000	
2.	Kópavogur	35 000	
3.	Keflavík	370 000	
4.	Akranes	13 000	
5.	Ólafsfjörður	50 000	
6.	Siglufjörður	270 000	
7.	Húsavík	500 000	
8.	Seyðisfjörður	60 000	
9.	Kjós	90 000	
10.	Varmaland	45 000	
11.	Ólafsvík	100 000	
12.	Mosvallahreppur	60 000	
13.	Hnífsdalur	30 000	
14.	Súðavík	25 000	
15.	Borðeyri	40 000	
16.	Skagaströnd	180 000	
17.	Lýtingsstaðahreppur	180 000	
18.	Dalvík	212 000	
19.	Svarfaðardalur	90 000	
20.	Aðaldalur	40 000	
21.	Kelduhverfi	150 000	
22.	Breiðdalur	180 000	
23.	Djúpivogur	15 000	
24.	V.-Eyjafjallahreppur	30 000	
			3 365 000

b. Ný skólahús:

1.	Reykjavík	435 000	
2.	Kópavogur (á Kársnesi)	200 000	
3.	Akureyri	200 000	
4.	Garðahreppur	100 000	
5.	Njarðvíkur	150 000	
6.	Kjalarnes	45 000	
7.	Sælingsdalslaug	90 000	
8.	Reykhólar	80 000	
9.	Patreksfjörður	200 000	
10.	Suðureyri	150 000	
11.	Skagaströnd	100 000	
12.	Eiðaþinghá	200 000	
13.	Egilsstaðakauptún	100 000	
14.	Höfn í Hornafirði	100 000	
15.	Holta- og Ásahreppar	130 000	
16.	Austur-Eyjafjallahreppur	20 000	
17.	Biskupstungur	160 000	
18.	Skeiðahreppur	75 000	
			2 535 000

c. Hlutdeild í íþróttahúsum:

1.	Ísafjörður	35 000	
2.	Akureyri	22 000	
3.	Varmaland	33 000	
			90 000

d. Íbúðir skólastjóra:

1. Kjalarnes	100 000		
2. Bolungavík	100 000		
3. Bjarnarfjörður	100 000		
4. Höfn í Hornafirði	40 000		
5. Vík í Mýrdal	75 000		
		415 000	
			6 405 000

26. Við 14. gr. B. XV. 3. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla:

a. Skólahús í smíðum:

1. Siglufjörður	400 000		
2. Vestmannaeyjar	120 000		
3. Reykholt	45 000		
4. Núpur	260 000		
5. Reykjanes	60 000		
6. Reykir	15 000		
7. Laugar	165 000		
8. Eiðar	100 000		
9. Skógar	280 000		
10. Laugarvatn	400 000		
		1 845 000	

b. Ný skólahús:

1. Reykjavík	500 000		
2. Ísafjörður	35 000		
3. Akureyri	22 000		
4. Stykkishólmur	143 000		
		700 000	
			2 545 000

27. — 14. — B. XV. 3. Nýr liður:
Til byggingar fjóss og hlöðu á Laugarvatni 200 000

28. — 14. — B. XVI. (Barna- og gagnfræðaskólabyggingar).
Fyrir „1 200 000“ kemur 2 000 000

29. — 14. — B. XVII. 1. Nýr liður:
Til hitaveituframkvæmda á Löngumýri 60 000

30. — 14. — B. XVII. 2. (Bygging húsmæðraskóla).
Fyrir „740 000“ kemur 940 000

31. — 14. — B. XVIII. 2. Nýr liður:
Til sundlaugarbyggingar á Akureyri vegna sundnáms nemenda í ríkisskólum þar (síðari greiðsla) 45 000

32. — 14. — B. XVIII. 3. Liðurinn orðist svo:
Til Íþróttasambands Íslands 75 000

33. — 14. — B. XVIII. 5. Nýr liður:
Til Axels Andréssonar íþróttakennara 8 000

34. — 14. — B. XXIX. Nýr liður:
Framlag til lækkunar á byggingarskuldum stúdentagarðanna 50 000

35. — 14. — B. XXX. Nýr liður:
Framlag vegna stúdentaskipta við Bandaríkin 20 000

36. — 15. — A. I. 2. (Landsbókasafnið, til bókakaupa o. fl.).
Fyrir „220 000“ kemur 255 000

37. — 15. — A. I. 7. (Landsbókasafnið). Nýr liður:
Til að gera mikrofilmur af handritum 25 000

38. Við 15. gr. A. IX. c. (Bygging bókasafna og lesstofa).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

39. — 15. — A. X. 12. (Rímnafélagið).
Fyrir „15 000“ kemur 20 000

40. — 15. — XI. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
a. Fyrir „902 608“ kemur 992 608
b. Fyrri málsgr. athugasemda orðist svo:
Af fé þessu skulu Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness njóta 33220 kr. heiðurslauna hvor.

41. — 15. — A. XVI. Nýr liður:
Til Benjamíns Sigvaldasonar til ritstarfa 5 000

42. — 15. — XXIX. (Til vísinda- og fræðimanna).
Fyrir „135 391“ kemur 149 391

43. — 15. — A. XXX. (Leiklistarstarfsemi).
a. Við 5. (Leikfélags Ísafjarðar).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
b. Við 6. (Leikfélag Neskaupstaðar).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
c. Við 7. (Leikfélag Sauðárkróks).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
d. Við 8. (Leikfélag Vestmannaeyja).
Fyrir „4 000“ kemur 5 000
e. Við 9. (Leikstarfsemi á Siglufirði).
Fyrir „4 000“ kemur 5 000
f. Við 10. (Leikfélag Dalvíkur).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
g. Við 11. (Leikfélag Húsavíkur).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
h. Við 12. (Leikfélag Eyrarbakka).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
i. Við 13. (Leikfélag Akraness).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
j. Við 14. (Umf. Skallagrímur í Borgarnesi).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
k. Við 15. (Leikfélag Hveragerðis).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
l. Við 16. (Leikfélag Blönduóss).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
m. Við 17. (Bandalag ísl. leikfélaga).
Fyrir „70 000“ kemur 85 000

44. — 15. — A. XXXII. 17. Nýr liður:
Til lúðrasveitar Siglufjarðar til hljóðfærakaupa 8 000

45. — 15. — A. XLI. Nýir liðir:
a. Til Ingvars Jónassonar til náms í fiðluleik 8 000
b. Til Jóhanns Tryggvasonar til að nema hljómsveitarstjórn 8 000

46. — 15. — A. XLV. Nýr liður:
Til Benedikts Benedikz til bókavarðarnáms 8 000

47. — 15. — A. XLVII. Nýr liður:
Til félagsins Germania vegna sýningar á íslenzkum málverkum í Þýzkalandi 15 000

48. Við 15. gr. A. LXIII. Nýir liðir:
a. Til minningarlundar Þorsteins Erlingssonar að Hlíðarendakoti 5 000
b. Til minningarlundar Elínar Briem við kvennaskólann á Blönduósi 5 000
49. — 15. — B. I. 1. (Iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „489 150“ kemur 507 070
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „362 102“ kemur 375 182
50. — 15. — B. VII. 2. (Sjómælingar).
Fyrir „80 000“ kemur 140 000
51. — 16. — A. 1. Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „2 150 000“ kemur 2 200 000
52. — 16. — A. 5. C. a. (Jarðræktarlög). Liðurinn orðist svo:
Til stofnkostnaðar við varahlutakaup og verkstæðisbyggingu 400 000
53. — 16. — A. 6. b. (Kaup á jarðræktarvélum).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000
54. — 16. — A. 17. (Ræktunarsjóður).
Fyrir „500 000“ kemur 1 600 000
55. — 16. — A. 21. f. (Fyrirhleðslur). Nýr liður:
Í Borgarfirði eystra 10 000
56. — 16. — A. 28. b. (Sandgræðslustöðvar).
Fyrir „650 000“ kemur 850 000
57. — 16. — A. 31. c. (Skógræktarfélög).
Fyrir „325 000“ kemur 400 000
58. — 16. — A. 36. b. (Veiðimálaskrifstofan, annar kostnaður).
Fyrir „70 000“ kemur 85 000
59. — 16. — A. 42. Nýr liður:
Til Landssambands íslenzkra hestamannafélaga 10 000
60. — 16. — A. 45. Nýr liður:
Til Björns Hallssonar á Rangá í viðurkenningarskyni fyrir ötula forgöngu á langri ævi í félagsmálum bændastéttarinnar 10 000
61. — 16. — B. 1. (Fiskifélag Íslands).
Fyrir „2 000 000“ kemur 2 260 000
62. — 16. — B. 7. (Fiskimiðaleit).
Fyrir „250 000“ kemur 500 000
63. — 16. — C. 8. (Halldóra Bjarnadóttir).
Liðurinn fellur niður.
64. — 16. — D. XI. 8. Nýr liður:
Til að gera tilraunir með framleiðslu á þungu vatni .. 250 000
65. — 17. — 2. (Almannatryggingar).
a. Við a. 1. (Framlag skv. 116. gr.).
Fyrir „36 400 000“ kemur 38 500 000
b. Við a. 1. Nýr liður:
Viðbótarframlag 6 200 000
c. Við a. 2. (Framlag skv. 47. gr.).
Fyrir „10 000 000“ kemur 11 300 000
66. — 17. — 6. a. (Elliheimilið Grund).
Fyrir „30 000“ kemur 40 000

67. Við 17. gr. 6. b. (Gamalmennahæli utan Rvíkur).
a. Fyrir „20 þús.“ kemur: 30 þús.
b. Fyrir „180 000“ kemur 270 000

68. — 17. — 12. Nýr liður:
Til lagningar rafmagnsheimtaugar til barnaheimilisins Sólheima í Grímsnesi 50 000

69. — 17. — 29. Nýr liður:
Til atvinnuleysistrygginga 7 000 000

70. — 18. — II. a.
a. Niður falla þessir liðir:
1. Jakob Möller, fyrrv. sendiherra.
2. Jóhannes Friðlaugsson, fyrrv. barnakennari.
3. Matthías Eggertsson, fyrrv. sóknarprestur.
4. Runólfur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður.
5. Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari.
6. Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður.
b. Þessir liðir breytast:
1. Guðmundur Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður.
Fyrir „1 764.00“ kemur 2 000.00
2. Jón Sveinsson, fyrrv. skattdómari.
Fyrir „4 174.00“ kemur 6 000.00
c. Við bætast í stafrófsröð:
1. Ásgeir Daníelsson, fyrrv. gjaldkeri 7 000.00
2. Björn O. Björnsson, fyrrv. sóknarprestur 6 300.00
3. Egill Tryggvason, fyrrv. póstur 2 300.00
4. Eiríkur Stefánsson, fyrrv. sóknarprestur 6 300.00
5. Guðmundur Pétursson, fyrrv. póstur 4 000.00
6. Guttormur Pálsson, fyrrv. skógarvörður 5 000.00
7. Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri 12 000.00
8. Helgi Jónasson, fyrrv. héraðslæknir 3 250.00
9. Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri 4 000.00
10. Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgreiðslumaður 5 000.00
11. Jóhann Sveinbjörnsson, fyrrv. tollþjónn 3 000.00
12. Jónas Rafnar, fyrrv. yfirlæknir 25 250.00
13. Knútur Kristinsson, fyrrv. héraðslæknir 5 000.00
14. Ólafur Sigurðsson, fyrrv. ráðunautur 5 000.00
15. Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari 5 000.00
16. Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 2 000.00
17. Sigurður M. Pétursson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun 18 000.00
18. Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, fyrrv. kennari 3 500.00
19. Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur 2 500.00
20. Steinunn Bjartmarsdóttir, fyrrv. kennari 5 000.00
21. Vilhjálmur Briem, fyrrv. sóknarprestur 14. 000.00
22. Vilhjálmur Finsen, fyrrv. sendiherra 28 800.00
23. Þórður Oddgeirsson, fyrrv. sóknarprestur 6 300.00
24. Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri 6 500.00

71. — 18. — II. b.
a. Niður falla þessir liðir:
1. Ingibjörg Jakobsdóttir.
2. Ingileif Aðils.
3. Ólöf Steingrímsdóttir.

b. Eftirfarandi liðir breytast:

1. Ásta Jónsdóttir.
   Fyrir „3 000.00“ kemur 4 000.00
2. Helga Jónsdóttir.
   Fyrir „4 104.00“ kemur 8 104.00
3. Jóhanna Gunnarsdóttir.
   Fyrir „3 960.00“ kemur 4 960.00
4. Jóhanna Pálmadóttir.
   Fyrir „7 304.00“ kemur 8 304.00
5. Margrét Jónsdóttir frá Hrauni.
   Fyrir „3 652.00“ kemur 7 652.00

c. Við bætist í stafrófsröð:

1. Anna Kristjánsdóttir 3 500.00
2. Anna Ólafsdóttir 3 000.00
3. Arnþrúður Daníelsdóttir 3 000.00
4. Edith Möller 3 500.00
5. Guðný Guðmundsdóttir 5 000.00
6. Hlíf Böðvarsdóttir 4 000.00
7. Jóna Jakobsdóttir 3 000.00
8. María Thoroddsen 9 000.00
9. Nanna Jónsdóttir 5 000.00
10. Valborg Haraldsdóttir 5 000.00
11. Þóra Jónasdóttir 3 000.00

72. Við 18. gr. VI. (Grunnlauna- og vísitöluuppbætur á lífeyri).
Fyrir „2 400 000“ kemur 2 800 000

73. — 19. — 2. Nýir liðir:
a. Vegna afnáms vísitöluskerðingar 1 500 000
b. Vegna nýrra launalaga 23 500 000

74. — 20. — Út. VIII. 1. Liðurinn orðist svo:
Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana 4 600 000

75. — 20. — Út. XI. (Flugvallagerðir).
Fyrir „2 500 000“ kemur 3 500 000

76. — 20. — Út. XI. Nýr liður:
Til sjúkraflugvalla 500 000

77. — 20. — Út. XIII. (Byggingar á prestssetrum).
Fyrir „1 800 000“ kemur 2 000 000

78. — 20. — Út. XVI. (Lögreglustöð í Rvík).
Fyrir „850 000“ kemur 1 000 000

79. — 20. — Út. XIX. Nýr liður:
Til fjós- og hlöðubyggingar á Litla-Hrauni 250 000

80. — 22. — V. Nýr liður:
Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

81. — 22. — VII. Liðurinn orðist svo:
Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.

82. — 22. — XI. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir kirkjubyggingasjóð allt að 500 þús. kr. lán til kirkjubygginga.

83. — 22. — XII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

b. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 1.3 millj. kr.

84. Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1 millj. kr. lán, er h/f Kol kann að taka til kolavinnslu á Skarðsströnd.

85. — 22. — XIV. Nýr liður:
Að gera eftirtaldar ráðstafanir vegna óþurrkanna á Suður- og Vesturlandi sumarið 1955:
1. að lána bjargráðasjóði allt að 10.5 millj. kr., er sjóðurinn láni bændum á óþurrkasvæðinu;
2. að verja allt að 700 þús. kr. vegna heyflutninga;
3. að greiða Sláturfélagi Suðurlands 250 þús. kr. vegna vaxtakostnaðar félagsins í sambandi við óvenjuleg kaup á sláturpeningi haustið 1955.

86. — 22. — XVIII. Nýr liður:
Að lána h/f Baldri í Stykkishólmi allt að 200 þús. kr. vegna stofnkostnaðar flóabáts.

87. — 22. — XIX. Nýr liður:
Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum.

88. — 22. — XXI. Nýr liður:
Að kaupa jörðina Grafarholt ásamt byggingum fyrir tilraunastöð háskólans að Keldum.

89. — 23. — (Uppbót á lífeyri og eftirlaun).
a. Fyrir „20%“ kemur: 30%.
b. Fyrir „20 þús.“ kemur: 30 þús.

Sþ. 288. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Svo sem frá var skýrt í nefndaráliti meiri hl. n. við 2. umr. frv., hafði n. frestað afgreiðslu ýmissa erinda, og enn fremur var vitað um nokkra háa útgjaldaliði, sem talið var rétt að láta bíða til 3. umr., ef þá kynni að liggja ljósar fyrir, hversu há útgjöld leiddu af þeim. Var þar aðallega um að ræða viðbótarframlag til Tryggingastofnunar ríkisins, hækkun á launum starfsmanna ríkisins og framlag til atvinnuleysistrygginga, en löggjöf um þessi efni hafði ekki verið afgreidd, er 2. umr. frv. fór fram.

Nefndin hefur að undanförnu unnið að lokaathugun á fjárlagafrv. Þar eð endanleg afgreiðsla fjárlaganna var tengd lausn verðlagsmála útflutningsatvinnuveganna, gat n. ekki lokið störfum fyrr, en leggur nú fram brtt. sínar á sérstökum þskj. samhliða þessu framhaldsnefndaráliti.

Þótt frv. hafi verið afgreitt við 2. umr. með 11.7 millj. kr. greiðsluhalla, hefur reynzt óhjákvæmilegt að hækka enn útgjaldahliðina að miklum mun. Verður gerð grein fyrir einstökum útgjaldatillögum meiri hl. n. í framsögu, en hér aðeins minnzt á stærstu liðina.

Talið er, að samþykkt nýrra launalaga hafi leitt af sér launahækkun, er nemi um 23.5 millj. kr. Er lagt til, að sú upphæð verði veitt í einu lagi á 19. gr.

Lög hafa enn ekki verið sett um atvinnuleysistryggingar, en verða sett á þessu þingi. Er talið óhjákvæmilegt að áætla 7 millj. kr. í þessu skyni.

Í fjárlögum s. l. árs eru veittar 6 millj. kr. til þess að greiða rekstrarhalla Tryggingastofnunarinnar. Í fjárlagafrv. nú er þessi fjárveiting felld niður, en afkoma trygginganna er enn svo bágborin, að lagt er til að veita einnig aukaframlag til Tryggingastofnunar ríkisins á þessu ári, að upphæð 6.2 millj., og áformaðar breytingar á gildandi lögum um almannatryggingar eru taldar valda 3.4 millj. kr. útgjaldaauka.

Fjórði stærsti útgjaldaliðurinn, sem meiri hl. n. nú ber fram, er 3.8 millj. kr. hækkun á framlagi til skólabygginga með hliðsjón af lögum frá síðasta þingi um fjármál skóla. Þá er lagt til að hækka allverulega framlög til flugvallagerða og sjúkrahúsabygginga.

Í nefndaráliti meiri hl. n. við 2. umr. frv. var bent á nauðsyn þess að jafna rekstrarhalla póstsins. Hefur nú verið ákveðið að hækka póstburðargjöld, og er sú ráðstöfun talin munu gefa 1.4 millj. kr. auknar tekjur á árinu 1956. Enn fremur hefur verið ákveðin nokkur hækkun á gjaldskrá símans vegna aukinna útgjalda. Er sá tekjuauki áætlaður 3.6 millj. kr.

Áformað er að mynda sérstakan sjóð, er standi undir útgjöldum vegna verðuppbóta á sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Er því lagt til að fella niður úr frv. 6.3 millj. kr. framlag til útflutningsuppbóta, sem ráðgert var að taka af tekjuafgangi Tóbakseinkasölu ríkisins.

Nú liggja fyrir endanlegar skýrslur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1955. Er hún sízt betri en áætlað var við 2. umr. frv., en þó er lagt til að hækka enn tekjuáætlunina um 8 millj. kr.

Svo sem eftirfarandi yfirlit ber með sér, skortir enn um 46 millj. kr. tekjur, til þess að auðið verði að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, en það telur meiri hl. n. brýna nauðsyn. Ríkisstjórnin mun, áður en 3. umr. fjárlagafrv. lýkur, leggja fyrir þingið frv. um tekjuöflun, er nægja mun til þess að jafna greiðsluhallann. Mun meiri hl. n. áður en 3. umr. lýkur, bera fram brtt. við tekjubálk frv. í samræmi við þesa væntanlegu löggjöf.

YFIRLIT:

Breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar og till. samvinnunefndar samgöngumála leiða til eftirfarandi niðurstöðu:

1. Tekjuhækkun alls	kr. 13 000 000
2. Hækkun gjalda	kr. 53 174 759
÷ Lækkun gjalda	— 6 364 558
Gjaldahækkun umfram lækkun	kr. 46 810 201
Gjaldahækkun umfram tekjuhækkun	kr. 33 810 201
+ Greiðsluhalli eftir 2. umr.	— 11 722 000
Greiðsluhalli alls	kr. 45 532 201

Alþingi, 25. jan. 1956.

Pétur Ottesen, form. — Helgi Jónsson, fundaskr. — Magnús Jónsson, frsm. — Karl Kristjánsson.

Halldór Ásgrímsson. — Jónas G. Rafnar. — Jón Kjartansson.

Sþ. 289. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 2. gr. 1. (Tekju- og eignarskattur).
Fyrir „96 600 000“ kemur: 104 600 000.

Sþ. 290. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

I. Frá *menntamálaráðherra* og *fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. XXV. Nýr liður:
Að verja öllu 10% álagi á skemmtanaskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 115 29. des. 1951, til Sinfóníuhljómsveitar, enda verði samkomulag við aðra aðila um rekstur sveitarinnar og fjárframlög til hennar.

II. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. XXVI. Nýir liðir:
1. Að veita eftirtalin lán af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1955:
   a. Ræktunarsjóði 22 millj. kr.
   b. Veðdeild Búnaðarbanka Íslands 2 millj. kr.
   c. Fiskveiðasjóði Íslands 10 millj. kr.
   d. Til íbúðalána samkv. lögum nr. 55/1955 13 millj. kr., enda skal fjárhæð þessari skipt til A-lána samkv. I. kafla laganna og til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum samkv. II. kafla í sömu hlutföllum og fé hefur verið heitið til þessa samkv. lögum og samningum við bankana.
   Ríkisstjórnin ákveður, með hvaða kjörum lán þessi verða veitt.
2. Að greiða 1.2 millj. kr. upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar.
3. Að greiða 1.5 millj. kr. upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir.
4. Að leggja fram allt að 5 millj. kr. til stofnunar framkvæmdasjóðs til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar.

Ed. 291. Breytingartillaga [109. mál]

við brtt. á þskj. 257 [Fólksflutningar með bifreiðum].

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

Aftan við 2. tölul. bætist: sbr. þó 4. mgr. 1. gr.

Sþ. 292. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um varnargarð á Eiðinu í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram verkfærðilega athugun á því, hversu megi fyrir koma á Eiðinu í Vestmannaeyjum traustum vörnum gegn hafróti, og undirbúa varnaraðgerðir að athugun lokinni.

Greinargerð.

Með vaxandi bátafjölda í Eyjum og auknum hafnarmannvirkjum verður æ augljósara, hversu mikil hætta bátum og hafnarmannvirkjum stafar af því, að grandinn milli Stóra-Klifs og Heimakletts — Eiðið, sem svo er nefnt — virðist síga æ meira í sæ. Eiðið, sem liggur að höfninni norðanverðri og hefur um langan aldur verið vörn hafnarinnar fyrir útsunnanbriminu, virðist vera stöðugt að lækka, og gengur hafrót yfir það nú orðið í miklu minna brimi en áður gerðist. Þessi varnarveggur, sem hefur hindrað öldur Atlantshafsins frá því að falla óbrotnar inn í Vestmannaeyjahöfn virðist óðum vera að lækka. Áður fyrr þótti annálahæft, ef fyrir kom í mesta stórbrimi, að sjór félli yfir Eiðið; nú er það alltítt. Ekki verður annað séð en að hafið sé á góðri leið með að mala niður þær varnir, sem Eiðið veitir höfninni, nema aðgerðir verði hafnar til að styrkja þær og auka viðnám grandans.

Fyrir nokkrum árum fór fram á vegum vita- og hafnarmálaskrifstofunnar lítils háttar viðgerð til að styrkja grandann og mun hafa borið nokkurn árangur í bili, þótt mjög væri ófullnægjandi.

Þess vegna er þessi till. til þál. borin fram, að þörf virðist mikilla aðgerða á þessum stað til að styrkja þennan „varnarvegg“ hafnarinnar og skapa henni og bátaflotanum öryggi umfram það, sem nú er.

Sþ. 293. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HV og LJós).

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „96 600 000“ kemur	106 000 000
2.	—	2. —	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „28 000 000“ kemur	29 000 000
3.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „155 000 000“ kemur	164 000 000
4.	—	2. —	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „11 500 000“ kemur	12 500 000
5.	—	2. —	6. (Gjald af innlendum tollvörum). Fyrir „10 000 000“ kemur	11 000 000
6.	—	2. —	8. (Bifreiðaskattur). Fyrir „5 500 000“ kemur	5 800 000
7.	—	2. —	9. (Aukatekjur). Fyrir „9 500 000“ kemur	10 000 000
8.	—	2. —	10. (Stimpilgjald). Fyrir „13 500 000“ kemur	14 000 000

9.	Við	2. gr.	12. (Leyfisbréfagjald). Fyrir „500 000“ kemur	750 000
10.	—	2. —	13. (Útflutningsleyfagjöld). Fyrir „700 000“ kemur	750 000
11.	—	2. —	14. (Söluskattur). Fyrir „120 000 000“ kemur	128 000 000
12.	—	2. —	15. (Leyfisgjöld). Fyrir „6 500 000“ kemur	7 400 000
13.	—	12. —	IX. (Læknisbústaðir, sjúkraskýli og sjúkrahús). Fyrir „2 000 000“ kemur	2 800 000
14.	—	14. —	B. XVIII. 2. (Til íþróttasjóðs). Fyrir „1 200 000“ kemur	1 800 000
15.	—	14. —	B. XXVIII. (Alþýðusamband Íslands). Fyrir „75 000“ kemur	150 000
16.	—	17. —	19. Nýr liður: Til félagsheimilasjóðs	1 000 000
17.	—	20. —	Út. XI. (Til flugvallagerða). Fyrir „2 500 000“ kemur	4 000 000

Nd. 294. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan atvinnumálaráðuneytisins. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Á undanförnum vetrarvertíðum er talið að komið hafi í ljós í ýmsum verstöðvum, að nokkrir fiskibátar væru svo illa hirtir og útbúnir, að nýr fiskur skemmdist í þeim eftir eins dags útivist. Hafa borizt kvartanir erlendis frá um skemmdir í frystum fiski, er sendur hafði verið á erlendan markað, og þóttust fiskmatsmenn og trúnaðarmenn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna geta rakið þessar skemmdir í fiskinum til óþrifnaðar í þeim bátum, sem notaðir höfðu verið til veiðanna.

Atvinnumálaráðuneytið og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafa gert ráðstafanir til að fyrirbyggja, að skemmdir komi fram í fiski af þessum sökum. Einn liður í þeim ráðstöfunum er, að skipaeftirlitið líti eftir hreinlæti í lestum fiskiskipa, um leið og skipin koma til skoðunar. Fram til þessa hafa skipaskoðunarmenn einungis talið sér skylt að líta eftir hreinlæti í vistarverum og forðageymslum skipa, en með frumvarpi þessu er þeim einnig gert skylt að líta eftir því, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

Sþ. **295. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956 og við brtt. á þskj. 287.

I. Frá *Einar Ingimundarsyni* og *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 46. (Siglufjörður).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
Til vara 250 000

II. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 61. Nýr liður:
Til ferjubryggju á Brjánslæk 235 000
Til vara 100 000

III. Frá *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 14. gr. B. I. a. 10. (Háskólinn). Nýr liður:
Til háskólaráðs til þess, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, að veita stúdentum, er nema vilja hvers konar efnafræði, sérstaka styrki, svo að þjóðfélagið hafi síðar meir næga sérfræðinga á því sviði 100 000
2. Við 14. gr. B. I. a. 14. (Háskólinn). Nýr liður:
Til vísindarannsókna í íslenzkri sögu, bókmenntum og tungu, svo og íslenzkri jarðfræði, samkv. ákvörðun háskólaráðs, er hafi hvað jarðfræðirannsóknir snertir samráð við rannsóknaráð ríkisins 100 000
3. Við 14. gr. B. II. a. (Íslenzkir námsmenn erlendis).
Fyrir „875 000“ kemur 1 050 000

IV. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við brtt. 287,32. (Við 14. gr. B. XVIII. 3. — Íþróttasamband Íslands).
Fyrir „75 000“ kemur 100 000

V. Frá *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 14. gr. B. XXVI. Nýr liður:
Til Skákfélags Reykjavíkur til þess að taka á leigu eða eignast fastan samastað, er sé skákheimili þeirra, er íþrótt þá iðka 80 000
2. Við 14. gr. B. XXX. Nýr liður:
Til þess að bjóða tveim færeyskum stúdentum ókeypis dvöl við Háskóla Íslands til að nema íslenzk fræði 75 000

VI. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. III. 5. (Til viðhalds gamalla bygginga).
Fyrir „90 000“ kemur 125 000

VII. Frá *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 15. gr. A. III. 6. (Þjóðminjasafnið).
a. Liðurinn orðist svo:
Til hljómplötusafns og upptöku á stálþráð, hljómband eða annað varanlegt efni á ýmiss konar alþýðlegum fróðleik, frásagnarhætti og kveðskap 50 000
b. Nýr liður:
Til upptöku á stálþráð, hljómband eða annað varanlegt efni á einni skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness, valinni í samráði við hann og lesinni af honum sjálfum 25 000

2. Við brtt. 287, 40. a. (Við 15. gr. A. XI.). Liðurinn orðist svo:
   Til skálda, rithöfunda og listamanna:
   1. Grunnlaun 992 608
   2. Verðlagsuppbót 704 604
3. Við 15. gr. A. LVIII. Nýr liður:
   Til viðhalds Viðeyjarstofu í samráði við eiganda, en tryggt sé, að engu sé breytt frá gömlum stíl hússins 100 000
4. Við 15. gr. A. LXII. Nýr liður:
   Til þess að kvikmynda daglegt líf á íslenzkum kotbæ eins og það er, og skal valinn kotbær byggður í gömlum stíl 150 000
5. Við 17. gr. 9. (Sumardvalarheimili o. fl.).
   a. Fyrir „125 000“ kemur 150 000
   b. Nýr liður:
      Til orlofs og sumardvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum á vegum mæðrafélaga, mæðrastyrksnefnda og annarra samtaka, en félagsmálaráðuneytið úthluti fénu til samtakanna 75 000
6. Við 17. gr. 16. a. (Almennar slysavarnir).
   Fyrir „150 000“ kemur 175 000
7. Við 17. gr. 16. b. (Umferðarslysavarnir).
   Fyrir „50 000“ kemur 125 000

VIII. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að greiða Félagi íslenzkra myndlistarmanna vegna norrænu listsýningarinnar í Róm þær 100 þús. kr., sem veittar voru í fjárlögum fyrir árið 1955.

IX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að lána úr ríkissjóði eða ábyrgjast lán með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 3.6 millj. kr. til þess að gera útvegsmönnum í Vestmannaeyjum fært að inna af hendi greiðslur til sjómanna vegna vangoldinna bátagjaldeyrishlunninda fyrir árin 1952 og 1953.

Sþ. 296. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956 og brtt. á þskj. 287.

I. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Tómasi Árnasyni.*
Við 13. gr. A. VIII. Nýr liður:
Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi 60 000

II. Frá *Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 43. (Sandgerði).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

III. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 54. (Vestmannaeyjar).
Fyrir „350 000“ kemur 1 000 000

IV. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni.*

Við 14. gr. B. II. (Íslenzkir námsmenn).

1. Við a. (Íslenzkir námsmenn erlendis).
   Fyrir „875 000“ kemur 975 000
2. Við b. (Framlag til námslána).
   Fyrir „400 000“ kemur 475 000
3. Í stað niðurlagsmálsgr. komi:
   Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þeir, sem styrks njóta, sýni fram á, að þeir stundi nám sitt með árangri, og inni að námi loknu af hendi minnst 5 ára þjónustu í þágu landsins, ella endurgreiði þeir styrkinn.
   Menntamálaráðuneytið skal gefa út reglugerð um úthlutun námsstyrkja og námslána og sé þar m. a. að því stefnt, að hliðstæð aðstoð verði veitt þeim, sem stunda nám innanlands og utan.

V. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Tómasi Árnasyni.*

Við brtt. 287, 25. b. 2. (Við 14. gr. B. XIV. 6.). Liðurinn orðist svo:
Kópavogur, skólahús á Kársnesi og leikfimishús 300 000

VI. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni.*

1. Við 14. gr. B. XXVI. Nýr liður:
   Til Skákfélags Reykjavíkur 40 000
2. Við 15. gr. A. X. 20. Nýr liður:
   Til dr. Gunnlaugs Þórðarsonar til að gefa út á frönsku doktorsritgerð hans um landhelgi Íslands 20 000
3. Við 15. gr. A. X. 23. Liðurinn orðist svo:
   Til samningar íslenzkrar orðabókar 250 000
4. Við 15. gr. A. XI. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
   a. Fyrir „902 608“ kemur 1 100 000
   b. Nýir liðir:
      1. Til heiðurslauna fyrir afrek í listum og vísindum samkvæmt úthlutun nefndar þeirrar, sem kjósa skal samkvæmt XI. lið, og skal heimilt að veita 20 000 kr. heiðurslaun til vísindamanns, rithöfundar eða skálds, myndlistarmanns, tónlistarmanns og leikara fyrir afrek, unnið á árinu 1956 ..... 100 000
         Háskólaráði, menntamálaráði og þjóðleikhúsráði skal gerður kostur á að gera tillögur um úthlutun heiðurslaunanna.
      2. Til vísindasjóðs, sem stjórnað sé af 5 mönnum, 2 tilnefndum af háskólaráði, 2 af menntamálaráði og 1 af menntamálaráðherra, og skal hafa það hlutverk að styrkja íslenzka vísindamenn til sjálfstæðra vísindastarfa, hérlendis eða erlendis, eða til að búa sig undir að geta stundað slík störf (stofnframlag) 750 000
5. Við 15. gr. A. XII. Nýr liður:
   Til þess að skreyta opinberar byggingar með listaverkum 400 000
6. Við 15. gr. A. XXXII. 1. (Tónlistarskólinn í Reykjavík).
   Fyrir „70 000“ kemur 200 000

VII. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
Við 15. gr. A. XXXII. 13. (Lúðrasveit Vestmannaeyja).
Fyrir „8 000“ kemur 12 000

VIII. Frá *Gylfa Þ. Gislasyni.*
Við 17. gr. 11. Nýr liður:
Til K. F. U. M. til að starfrækja sumardvalarheimili fyrir unglinga í Vatnaskógi 50 000

IX. Frá *Jóni Pálmasyni, Haraldi Guðmundssyni, Jóni Sigurðssyni, Einari Ingimundarsyni, Sigurði Ágústssyni* og *Andrési Eyjólfssyni.*
Við brtt. 287, 70. c. 24. (Við 18. gr. II. a.). Nýr liður:
Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrv. sýslumaður 5 000.00

X. Frá *Gylfa Þ. Gislasyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að verja 150 þús. kr. til að koma á fót mannfræðideild við þjóðskjalasafnið, ef lög um það efni verða samþykkt á þessu ári.

XI. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni* og *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að greiða drengnum Garðari Brynjólfssyni, Minna-Knarrarnesi, Vatnsleysuströnd, hæfilegar bætur vegna slyss, er hann varð fyrir 15. júlí 1946 af völdum sprengingar við bæinn Minna-Knarrarnes á Vatnsleysuströnd.

XII. Frá *Karli Guðjónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XIX. Liðurinn orðist svo:
Að ákveða, að ef rekstur flugmála verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D, sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á þeim stöðum, sem þjóðvegakerfi landsins nær ekki til.

Nd. 297. Frumvarp til laga [144. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Dagana 28.—31. janúar 1956, að báðum dögum meðtöldum, skulu tollstofnanir ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem gert er ráð fyrir, að næstu daga verði sett lög um ýmsar hækkanir á aðflutningsgjöldum, þykir með tilvísun til 19. gr. laga nr. 90 frá 1954, um tollskrá o. fl., rétt að setja ákvæði um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, og er frumvarp þetta þess vegna borið fram.

Sþ. 298. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956 og brtt. á þskj. 287.

I. Frá *Bergi Sigurbjörnssyni* og *Gils Guðmundssyni.*
Við 2. gr. 14. (Söluskattur).
Fyrir „120 000 000“ kemur 135 000 000

II. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við brtt. 287, 16. (Við 12. gr. IX. — Læknisbústaðir, sjúkrahús o. fl.).
Fyrir „2 300 000“ kemur 2 500 000

III. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 13. gr. A. III. 4. (Mjósund).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000

IV. Frá *Ingólfi Flygenring, Kristni Gunnarssyni, Finnboga R. Valdimarssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 13. gr. A. X. Nýr liður:
Til lýsingar þjóðvegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur 400 000

V. Frá *Bergi Sigurbjörnssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 61. Nýr liður:
Aukaframlag til hafnargerðar á Þórshöfn vegna tjóns, sem orðið hefur, og yfirvofandi tjóns á hafnarmannvirkjum 1 000 000

VI. Frá *Skúla Guðmundssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni* og *Eggert Þorsteinssyni.*
Við 15. gr. A. XXVII. (Sigurður Skagfield).
Fyrir „5 000“ kemur 10 000

VII. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 15. gr. A. XXXII. 4. (Tónlistarfélag Ísafjarðar).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000

VIII. Frá *Bergi Sigurbjörnssyni.*
Við 17. gr. 37. (Ráðstafanir vegna ófriðarhættu).
Liðurinn fellur niður.

Sþ. 299. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 287 [Fjárlög].

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 25. b. 1. (Við 14. gr. B. XIV. 6. — Ný barnaskólahús).
Liðurinn orðist svo:
Reykjavík:
a. Við Bústaðaveg 435 000
b. Við Hamrahlíð 435 000

Sþ. 300. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 22. gr. XXVI. Nýr liður:
Að lána Patrekshreppi 500 þús. kr. til hafnarframkvæmda.

Ed. 301. Lög [144. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Afgreidd frá Ed. 27. jan.)

Samhljóða þskj. 297.

Ed. 302. Frumvarp til laga [145. mál]

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

1. a. Í stað 250% álags í Ab-lið 1. gr. laga nr. 93/1955, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., skal innheimta á árinu 1956 340% álag á vörumagnstoll.
   b. Í stað 45% álags í B-lið 1. gr. laga nr. 93/1955, skal innheimta 1956 80% álag á verðtoll.
2. Á árinu 1956 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og viðaukum samkvæmt 1. lið a—b í þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til bygginga tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau.
3. a. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1956 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga. Hækkun þessi tekur og til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
   b. Á árinu 1956 skal innheimta af hverri bifreið og bifhjóli skatt, er sé jafnhár skatti þeim, er af þeirri bifreið ber að greiða fyrir árið 1955 samkvæmt c—e-liðum bifreiðaskattslaganna, þó þannig, að skattur þessi af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, skal aðeins vera kr. 45.00 af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra. Gjald þetta innheimtist með bifreiðaskatti og nýtur sömu lögverndar og bifreiðaskattur, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
   c. Á árinu 1956 skal innheimta af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 6 — sex — krónur í innflutningsgjald af hverju kg, og tekur þetta einnig til birgða þeirra, sem til eru í landinu hjá innflytjendum og heildverzlunum, þá er lög þessi öðlast gildi.

d. Eigendur gjaldskylds benzíns, hjólbarða og slangna skulu innan 10 daga frá gildistöku laga þessara vera skyldir að tilkynna innheimtumönnum ríkissjóðs um birgðir sínar, svo og að aðstoða við að kanna birgðir sínar og mæla þær.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafið um upplýsingar þær, sem getur í 5. málsgrein 5. gr. laga nr. 68/1949, og til að ganga úr skugga um það, að þær séu réttar, geta þeir framkvæmt sams konar athugun og tollyfirvaldi er heimiluð í síðustu málsgrein 13. gr. tollskrárlaganna.

Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að hægt sé að afgreiða fjárlög 1956 án greiðsluhalla, er óhjákvæmilegt að afla ríkissjóði tekna umfram það, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum, og hefur ríkisstjórnin orðið sammála um að afla viðbótartekna í þessu skyni með þeim hætti, er í frumvarpi þessu greinir.

1. a. Álag á vörumagnstoll er nú 250% og hefur haldizt óbreytt frá 1. janúar 1951. Á þessum árum hefur verðlag í landinu á hinn bóginn hækkað verulega og vörumagnstollur því lækkað í hlutfalli við vöruverð. Samkvæmt útreikningi hagstofunnar mætti álag þetta hækka í 336% til þess að vörumagnstollur nú yrði jafnhár í hlutfalli við framfærsluvísitölu og hann var árið 1951. Hér er gert ráð fyrir 340% álagi og verður vörumagnstollurinn því sem næst nákvæmlega hlutfallslega jafnhár og hann var, þegar Alþingi síðast ákvað grunntollinn. Ekki er gert ráð fyrir því, að vörumagnstollsálagið taki til benzíns eða vara þeirra, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 93/1955.
   b. Verðtollsálagið hefur verið 45% frá 1. janúar 1951, en var áður 65%, en er nú fært í 80%. Álagið tekur ekki til vara þeirra, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 93/1955.
2. Tollgæzlan og tollstarfsemin yfirleitt er alls staðar hér á landi í húsnæðishraki, og háir það mjög starfsemi þessari allri. Til þess að bæta úr þessu er hér gert ráð fyrir því, að aflað verði með 1% álagi á aðflutningsgjöld fjár í sérstakan sjóð til byggingar tollstöðvar í Reykjavík og á öðrum stöðum eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra. Ekki er ætlazt til, að álagið taki til söluskatts af innfluttum vörum, en hins vegar til allra annarra aðflutningsgjalda. Verður það til að auðvelda útreikning gjaldsins, og reiknast þá gjaldið af sama stofni og söluskattur af innfluttum vörum.
3. a. Innflutningsgjald af benzíni hefur verið óbreytt frá því, að það var ákveðið í lögum árið 1949, 31 eyrir af hverjum lítra. Vörumagnstollur af benzíni nemur sem svarar 15 aurum af lítra og hefur staðið svo síðan í ársbyrjun 1949. Samkvæmt útreikningi hagstofunnar mættu aðflutningsgjöld af benzíni hækka um 47.1 eyri á lítra, til þess að þau yrðu nú jafnhá í hlutfalli við framfærsluvísitölu og þau voru árið 1949. Hér er þó aðeins lagt til, að innflutningsgjaldið hækki um 20 aura, og skulu 5 aurar af þeirri hækkun renna í brúasjóð og 5 aurar til að standa undir kostnaði við að leggja vegi milli byggðarlaga.
   b. Bifreiðaskattur og gjald af hjólbörðum og slöngum voru síðast ákveðin með lögum nr. 68/1949 og hafa haldizt óbreytt síðan. Hér er gert ráð fyrir að tvöfalda þau, og er þá m. a. við það miðað, að þá yrðu þau jafnhá að tiltölu við framfærsluvísitölu og þau voru, er þau voru sett.

Þó hækkar skattur af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, aðeins um 50 af hundraði frá því, sem hann er nú.

Í þessu sambandi þykir rétt að benda á, að bifreiðaskattur af venjulegri 6 manna fólksbifreið, sem algeng er hér á landi, hefur frá árinu 1949 numið kr. 504.00 á ári og verður því eftir hækkunina kr. 1008.00, en skattur af sams konar bifreið er nú t. d. í Noregi 1256.00 kr.

Bifreiðaskatturinn nær ekki til skólabifreiða né vörubifreiða sem ganga fyrir benzíni, og eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu bifreiðaskatts ef þeir sanna með vottorðum skattanefnda að þeir hafi notað bifreiðarnar að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjustörf.

Gert er ráð fyrir að þessir tekjuaukar gefi ríkissjóði 47—49 milljón króna tekjur á þessu ári og er þess vænzt að það nægi til þess að fjárlögin verði greiðsluhallalaus.

Nd. 303. Frumvarp til laga [146. mál]

um framleiðslusjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

I. KAFLI

1. gr.

Úr sjóði þeim, er um ræðir í II. kafla laga þessara (framleiðslusjóði), skal greiða togaraútgerðinni rekstrarframlag á árinu 1956. Hverjum einstökum togara, byggðum eftir 1946, má greiða frá 1. janúar 1956 kr. 5000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða.

2. gr.

Úr framleiðslusjóði skal á árinu 1956 greiða fiskvinnslustöðvum uppbót, er nemi 5 aurum á hvert kg af útfluttum togarafiski, miðað við slægðan fisk með haus, nema karfa óslægðan, enda greiði vinnslustöðvar þær, er uppbótarinnar njóta, eigi lægra verð fyrir togarafisk en greitt var í desembermánuði 1955.

3. gr.

Veita skal eins árs greiðslufrest á afborgun lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á nýju togurunum.

4. gr.

Á árinu 1956 skal aðstoða bátaflotann með greiðslum úr framleiðslusjóði sem hér segir:

1. Greiða skal hálf vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir árið 1956. Skilyrði fyrir greiðslu iðgjaldsins er, að báturinn hafi verið gerður út á þorskveiðar á aðalvertíð einhvers staðar á landinu.
2. Vinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar svo og niðursuðuverksmiðjum) skal greiða bætur úr framleiðslusjóði á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda.

Verðbætur þessar skulu nema 26 aurum á hvert kg, miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.

3. Úr framleiðslusjóði skal á árinu 1956 greiða fiskvinnslustöðvum uppbót, er nemi 5 aurum á hvert kg af útfluttum bátafiski, miðað við slægðan fisk með haus, enda greiði vinnslustöðvarnar eigi lægra verð fyrir bátafisk en gert var á s. l. ári.
4. Úr framleiðslusjóði skal auk uppbóta samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar greiða fiskvinnslustöðvum 17 aura uppbót á hvert kg allrar útfluttrar ýsu og steinbíts, sem veiddur er af bátum á árinu 1956, miðað við slægðan fisk með haus.

5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð saltaðrar reknetasíldar, sem veidd var fyrir Suður- og Suðvesturlandi árið 1955, er nemi 75 til 100 krónum á hverja tunnu, 100 kg nettó, og 20 aura á kg af reknetasíld (fersksíld), sem veidd var af útilegubátum í Austurdjúpi árið 1955.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð útfluttrar frystrar reknetasíldar, er nemi 175 krónum til 400 krónum á hverja smálest.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr framleiðslusjóði verðbætur á útflutt kindakjöt, gærur, ull og ost af framleiðslu ársins 1955, er samsvari innflutningsréttindum bátaútvegsins fyrir afurðir ársins 1955.

7. gr.

Úr framleiðslusjóði skal verja allt að 26 milljónum króna á árinu 1956 til kaupa á B-skírteinum.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—7. gr. þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr framleiðslusjóði, svo og valdsvið stjórnar sjóðsins.

II. KAFLI

9. gr.

Til þess að standa undir gjöldum samkvæmt I. kafla laga þessara skal stofna sjóð, er nefnist framleiðslusjóður. Gjöld þau, er innheimta skal samkvæmt III. kafla, skulu renna í sjóð þenna.

Ekki má inna af hendi greiðslur úr framleiðslusjóði örar en tekjur hans innheimtast.

10. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 9. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í seðlabankanum.

Stjórn sjóðsins og greiðslur úr honum skal fela tveimur mönnum, sem ríkisstjórnin skipar.

Kostnað við stjórn og rekstur sjóðsins, svo og annan kostnað, er leiðir af framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sjóðsins.

11. gr.

Verði ágreiningur innan stjórnar sjóðsins um framkvæmdaatriði laga þessara, sker ríkisstjórnin úr.

III. KAFLI

12. gr.

Framleiðslusjóði skal aflað tekna á þann hátt, sem segir í 13.—17. gr.

13. gr.

Til ársloka 1956 skal greiða í framleiðslusjóð sem hér segir:

1. Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu, skal greiða 9% framleiðslusjóðsgjald.
2. Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 79/1955, skal greiða 3% framleiðslusjóðsgjald.

Undanþegnar framleiðslusjóðsgjaldi eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimildin til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanskila.

Á framtali til söluskatts og framleiðslusjóðsgjalds fyrir fyrsta ársfjórðung 1956 skal sundurliða sérstaklega viðskiptin í janúar og sérstaklega viðskiptin í febrúar og marz og skal skattyfirvöldum heimilt að krefja aðila um sams konar sundurliðun á veltu til samanburðar fyrir fyrsta ársfjórðung 1955, ef ástæða þykir til.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta til ársloka 1956 sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna, og innheimtir innflutningsskrifstofan það.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

15. gr.

Eign sjóðs þess, sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 114/1954, skal renna í framleiðslusjóð.

16. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum, sem felast í d-lið 1. gr. laga nr. 91/1955, skal til ársloka 1956 innheimta með 40% álagi.

17. gr.

Innheimta skal af tollverði eftirgreindra vara, sem fluttar eru til landsins, 30% framleiðslusjóðsgjald til ársloka 1956:

1. Af ávöxtum, sem teljast til nr. 1—35 í 8. kafla tollskrár.
2. Af búsáhöldum, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a, 7 og 9—10 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.
3. Af smíðatólum og verkfærum, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla, nr. 3—6 í 71. kafla og nr. 26—27 í 77. kafla.

18. gr.

Eigi mega heildsöluverzlanir, smásöluverzlanir eða iðnfyrirtæki hækka söluverð á innfluttum vörum, sem tollafgreiddar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, eða á vörum, sem framleiddar hafa verið innanlands fyrir þann tíma. Aðilum þeim, sem

gjaldskyldir eru í framleiðslusjóð, og smásöluverzlunum ber að skila verðgæzlustjóra öllum verðútreikningum til ársloka 1956, svo að hægt sé að koma í veg fyrir óeðlilegar verðhækkanir. Innflutningsskrifstofan setur reglur um eftirlit með því, að farið sé eftir þessum fyrirmælum.

19. gr.

Þar, sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum, er átt við ríkisstjórnina í heild.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þessum lögum, varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

21. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aflabrögð á síðastliðnu ári voru yfirleitt góð og sala sjávarafurða hagstæð. Þrátt fyrir þetta varð sjávarútvegurinn fyrir miklum erfiðleikum. Framleiðslukostnaðurinn hækkaði mikið á árinu sem afleiðing af hækkun hins almenna kaupgjalds. Sú hækkun nam tæplega 22% frá 1. desember 1954 til 1. desember 1955.

Vinnulaun eru langsamlega stærsti liður alls framleiðslukostnaðar. Fyrst eru vinnulaun þeirra verkamanna, sem að framleiðslunni vinna, fiskveiðum og fiskvinnslu, þá alls konar þjónusta, sem kaupa þarf, eins og akstur og viðhald tækja. Þegar kaupgjald hækkar, hækka í rauninni allar vörur og þjónusta meira og minna í verði, nema það sem er innflutt. Fyrir sjávarútveginn eru þessar hækkanir sérstaklega alvarlegar, þar sem hann framleiðir nær eingöngu fyrir erlenda markaði. Hækkun hins almenna kaupgjalds hækkar rekstrarkostnað skipanna og vinnslukostnað fisksins í landi. Verður hækkunin í flestum tilfellum jafnmikil og hækkun kaupgjaldsins, þótt hún komi ekki fram jafnfljótt á öllum liðum. Það liggur því í augum uppi, að þegar hækkun vinnslukostnaðarins hefur verið greidd af andvirði útflutningsafurðanna, lækkar það sem eftir verður til þess að greiða framleiðanda hráefnisins. Sé ekkert að gert, hlýtur fiskverðið til útvegsmanna óhjákvæmilega að lækka þegar útflutningsverðlagið ekki hækkar.

Á árinu 1954 gerði þingskipuð nefnd athugun á hag togaraútgerðarinnar, og vísast til álits þeirrar nefndar. Á grundvelli þeirrar athugunar var ákveðið að veita togaraútgerðinni aðstoð, sem nam 2000 krónum á togara á hvern úthaldsdag. Vegna hækkunar rekstrarkostnaðar togaranna er óhjákvæmilegt að hækka þá aðstoð eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Þá hefur vinnslukostnaður í landi einnig aukizt svo, að nauðsyn ber til að leggja fram fé til þess að koma í veg fyrir, að verð á togarafiski lækki meira en orðið er.

Á undanförnum árum hafa bátaútvegsmenn og þeir aðilar, sem keypt hafa bátafisk til vinnslu, ekki treyst sér til þess að hefja starfsemi sína í byrjun vertíðar, nema sérstök aðstoð ríkisvaldsins kæmi til. Í ársbyrjun 1951 tók ríkisstjórnin það ráð að veita bátaútvegsmönnum rétt til að leggja sérstakt álag á tilgreinda flokka innfluttra vara og nota þær tekjur til að greiða halla bátaútvegsins. Bátaútvegurinn hafði orðið fyrir miklu áfalli árið 1950, árið sem gengislækkunin var framkvæmd, þar sem aflamagnið stórminnkaði.

Eftirfarandi tafla sýnir meðalafla í róðri á meðalstóra línubáta við Faxaflóa á vertíðinni:

Ár	Tonn í róðri
1948	7.1
1949	7.1
1950	5.9
1951	5.2
1952	5.0
1953	5.8
1954	7.9
1955	7.0[1])

Taflan sýnir, að meðalafli í róðri minnkaði árið 1950 um 17%, en árið 1952 var hann orðinn 30% minni en 1949. Þessa þróun var ekki hægt að sjá fyrir, þegar gengi íslenzku krónunnar var lækkað 1950.

Seinustu tvö árin hefur aflamagn bátanna aukizt og nokkur hækkun hefur orðið á verðlagi erlendis síðan 1950, en þetta hvort tveggja hefur ekki nægt til þess að vega upp á móti auknum framleiðslukostnaði. Aðstoðin við bátaútveginn hefur því orðið að halda áfram.

Bátútvegurinn hefur þannig átt við mikla örðugleika að stríða á undanförnum árum, en með kaupgjaldshækkuninni á árinu 1955 hefur keyrt um þvert bak. Vandamál bátaútvegsins nú um áramótin vegna hækkandi framleiðslukostnaðar var, að auka þurfti tekjur vinnslustöðvanna það mikið, að þær gætu greitt sama verð og áður fyrir hráefnið, þrátt fyrir aukinn vinnslukostnað.

Útgjöld þau, sem þetta frumvarp felur í sér, hafa verið áætluð sem hér segir:

1.	Rekstrarframlag til togaranna	66 millj. kr.
2.	Vinnsluuppbót á togarafisk	9 — —
3.	Vátryggingariðgjöld fiskibáta	8 — —
4.	Bætur á smáfisk af bátum	7 — —
5.	Vinnsluuppbót á bátafisk	9 — —
6.	Verðuppbætur á ýsu og steinbít af bátum	2 — —
7.	Uppbætur á síld veidda við Suðvesturland og í Austurdjúpi	10 — —
8.	Verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	15 — —
9.	Til kaupa á B-skírteinum	26 — —
	Samtals	152 millj. kr.

Að vandlega athuguðu máli varð niðurstaðan sú, að tiltækilegast væri að afla tekna til að standa straum af þessum útgjöldum með þeim hætti, sem um ræðir í 13.—17. gr. frumvarpsins. Tekjur samkvæmt þessum ákvæðum eru áætlaðar sem hér segir:

1.	Framleiðslusjóðsgjald	115 millj. kr.
2.	Leyfagjald af bifreiðum og bifhjólum	8 — —
3.	Álag á innlendar tollvörutegundir	4 — —
4.	Sérstakt gjald af nokkrum vörutegundum	10 — —
	Alls	137 millj. kr.
5.	Eftirstöðvar í sjóði vegna togaraaðstoðar	15 — —
	Samtals	152 millj. kr.

Það skal tekið fram, að á s. l. ári voru innheimt leyfagjöld af innfluttum bifreiðum að fjárhæð um 38 milljónir króna. Þær álögur, sem leggja verður á þjóðina

1) Talan fyrir 1955 er reiknuð án Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, vegna verkfallsins.

á þessu ári vegna ráðstafana þeirra, er felast í frumvarpi þessu, nema 137 millj. kr., og er því um auknar heildarálögur að ræða frá því í fyrra um 99 milljónir króna.

Að öðru leyti vísast til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins, sem hér fara á eftir.

Um I. kafla.

Um 1. og 2. gr.

Vorið 1954 kaus Alþingi milliþinganefnd til þess að athuga hag togaraútgerðarinnar og komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að það rekstrartap, sem rétt væri að miða við hjá meðaltogara, væri um 950 þúsund krónur á ári. Á grundvelli þessarar niðurstöðu ákvað ríkisstjórnin að greiða hverjum togara 2000 krónur á hvern úthaldsdag og var svo gert til síðustu áramóta.

Athuganir byggðar á sama grundvelli hafa leitt í ljós, að rekstrartapið sé nú um 1980 þúsundir króna á ári, og eru orsakir þessa stórkostlega aukna rekstrartaps að verulegu leyti kaupgjaldshækkanir. Af þessum sökum verður að telja nauðsynlegt að hækka rekstrarframlagið nú í 5000 kr. á hvern úthaldsdag, og er þá ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á kaupgjaldi sjómanna. Af sömu ástæðum er nauðsynlegt að leggja fram fé til vinnslustöðvanna til þess að hindra lækkun fiskverðs til útgerðarinnar.

Um 3. gr.

Sökum þess, hve rekstur og afkoma togaranna er erfið, er óhjákvæmilegt að veita þeim greiðslufrest á stofnlánum þeim, sem veitt hafa verið fyrir opinbera tilstuðlan, á sama hátt og verið hefur s. l. tvö ár.

Um 4. gr.

Grein þessi fjallar um aðstoð við bátaflotann, þótt sú aðstoð sé að nokkru leyti óbein, t. d. vinnsluuppbótin.

Í 1. tölulið er gert ráð fyrir að greiða hálf vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir árið 1956, og er hér farið inn á sömu braut og gert var samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 100/1948.

Í 2. tölulið er gert ráð fyrir að greiða bætur til vinnslustöðva vegna vinnslu smáfisks. Rannsóknir, sem gerðar hafa verið á vinnslukostnaði, sýna, að allmiklu dýrara er að vinna smáfiskinn en stærri fisk. Fiskur sá, sem veiðist á aðalvertíðinni á Suður- og Vesturlandi, er mestmegnis stór fiskur. Smáfiskur veiðist aðallega á Norður- og Austurlandi, og á öðrum tíma árs. Verðbætur vegna smáfisks eru því teknar upp til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi verðfall á honum.

Í 3. tölulið er gert ráð fyrir að greiða öllum vinnslustöðvum verðbætur, sem nema 5 aurum á kg af öllum bátafiski (nema síld). Uppbót þessi miðar að því að gera vinnslustöðvunum kleift að greiða eigi lægra fiskverð en var á s. l. ári.

Í 4. tölulið er gert ráð fyrir 17 aura verðuppbót á kg á alla útflutta ýsu og steinbít. Er þetta gert vegna verðlækkunar og söluörðugleika.

Um 5. gr.

Með þessari lagagrein óskar ríkisstjórnin að fá heimild til þess að bæta bátaútvegsmönnum að nokkru þá hækkun framleiðslukostnaðar á síld, sem varð á s. l. ári.

Um 6. gr.

Á s. l. hausti varð samkomulag um það í ríkisstjórninni, að hún beitti sér fyrir því, að á útfluttar landbúnaðarafurðir af framleiðslu ársins 1955 skyldi greiða verðuppbætur, er samsvari innflutningsréttindum bátaútvegsins á afurðir ársins 1955.

Um 7. gr.

Ekki þótti fært á s. l. ári að stækka skilorðsbundna frílistann með því að setja á hann fleiri vörur. Hins vegar hefur útgáfa A-skírteina aukizt undanfarin tvö ár, vegna aukins afla og nokkurrar hækkunar á útflutningsverðlagi. Þrátt fyrir skerðingu réttindanna á s. l. ári hefur því bilið milli útgefinna A-skírteina og seldra B-skírteina nokkuð aukizt. Með ákvæðum greinarinnar er gert ráð fyrir að nota nokkra upphæð til þess að kaupa upp B-skírteini og taka þau úr umferð. Þetta hefur meðfram í för með sér, að bátaútvegsmenn og vinnslustöðvar fá innflutningsréttindin fyrr greidd en ella.

Um 8. gr.

Þafnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um 9., 10. og 11. gr.

Greinar þessar kveða á um stofnun og stjórn framleiðslusjóðs, greiðslur úr honum og rekstur hans, og þarfnast þau ákvæði eigi skýringa.

Um III. kafla.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að lagt sé sérstakt gjald, framleiðslusjóðsgjald, annars vegar á innfluttar vörur og hins vegar á sölu og veltu innanlands, þó ekki á smásölu. Framleiðslusjóðsgjald af innfluttum vörum nemur 9% af tollverði, að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu, og skal innheimta það á sama hátt og söluskatt af innfluttum vörum samkvæmt 21. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 79/1955.

Framleiðslusjóðsgjald af sölu og veltu er 3% og reiknast af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 79/1955.

Í greininni er gert ráð fyrir, að núgildandi lagaákvæði um söluskatt gildi að öllu leyti um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og önnur atriði þessa framleiðslusjóðsgjalds.

Eftir því sem næst verður komizt, má telja, að gjald það, er um ræðir í þessari grein, muni nema til ársloka 1956 um 115 millj. króna.

Um 14. gr.

Um s. l. áramót féllu úr gildi lög nr. 114/1954. Með grein þessari er ákveðið að innheimta framvegis sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og enn fremur af bifhjólum, þó þannig, að ríkisstjórnin ákveður til hvaða tegunda bifreiða gjaldið taki. Ætlunin er að gjald þetta nái aðeins til sendiferða- og fólksbifreiða og minni vörubifreiða svo sem var á s. l. ári.

Áætlað er að gjald þetta geti numið 8 millj. króna á árinu.

Um 15. gr.

Um s. l. áramót voru í sjóði þeim, sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 114/1954, um 15 millj. króna. Gert er ráð fyrir, að upphæð þessi renni í framleiðslusjóð.

Um 16. gr.

Í greininni er svo fyrir mælt, að innheimta skuli með 40% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er með núgildandi viðaukum, sbr. lög nr. 91/1955.

Áætlað er að álag þetta nemi um 4 millj. króna og er þá höfð hliðsjón af áætlun fjárlaga á þessum lið.

Um 17. gr.

Af nýjum og þurrkuðum ávöxtum, búsáhöldum, smíðatólum og handverkfærum er gert ráð fyrir að innheimta 30% gjald og reiknast það af tollverði þessara vara. Er áætlað að þetta gjald nemi um 10 millj. króna í framleiðslusjóð.

Um 18. gr.

Með þessari grein er bannað að hækka verð á vörubirgðum, sem nú eru til í landinu. Enn fremur er tilgangurinn að koma í veg fyrir, að auðið sé að notfæra sér þær ráðstafanir, sem í frumvarpinu felast, til að hagnast á þeim.

Um 19., 20., 21. og 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 304. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 287 [Fjárlög].

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 70. c. 16. (Við 18. gr. II. a.). Nýr liður:
Sigurður Norland, fyrrv. sóknarprestur 2 500

Ed. 305. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstjórninni, sem telur sig þurfa þann tekjuauka, er það gerir ráð fyrir og stjórnin áætlar um 49 millj. kr. til þess að ná jöfnuði á fjárlögum ársins 1956. Samkvæmt frv. eiga verðtollur og vörumagnstollur að hækka um fjórðung, bílaskatturinn að tvöfaldast, benzínskatturinn að hækka um 20 aura á lítra og hjólbarðaskatturinn að hækka um 100%.

Fullvíst má telja, að áætlun ríkisstjórnarinnar um tekjur af skattahækkun þessari, um 49 millj. kr., sé allt of lág. Því til sönnunar má benda á, að 25% hækkun á verðtollinum einum nemur nærfellt 45 millj. kr., miðað við innkominn verðtoll á árinu 1955. Mun því óhætt að fullyrða, að skattahækkun þessi verður yfir 60 millj. kr., ef innflutningur dregst ekki stórkostlega saman.

Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar um 514 millj. kr. árið 1955. Samkv. upplýsingum ríkisbókhaldsins voru þær orðnar um 626 millj. hinn 31. desember, og virðist mega gera ráð fyrir, að þær reynist alls nálægt 650 milljónum. Samkv. fjárlagafrumvarpinu eru tekjurnar 1956 áætlaðar um 594 milljónir, og leggur meiri hluti fjárveitinganefndar til, að sú áætlun verði hækkuð upp í um 606 millj. Telur meiri hlutinn, að þá vanti um 46 millj., til þess að jöfnuður náist, ef allar tillögur hans um hækkun útgjalda eru samþykktar. Meiri hluti fjárhagsnefndar er sömu skoðunar og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Ég tel hins vegar, að fyllstu líkur séu til þess, að tekjustofnar þeir, sem ríkissjóður nú hefur að óbreyttum lögum, nægi til þess að mæta útgjöldum fjárlaganna,

þótt breytingartillögur meiri hluta fjárveitinganefndar um hækkun gjalda verði allar samþykktar.

Skulu nú færð nokkur rök að þessu:

Hækkunartillögur þessar að frádregnum lækkunum nema um 46 millj. kr. Hins vegar eru ýmsir veigamestu tekjuliðir fjárlaganna áætlaðir miklum mun lægri en rétt er. Þannig er verðtollurinn áætlaður aðeins 155 millj. kr., en var í árslok 1955 orðinn 178 millj., eða 23 millj. kr. hærri en áætlun næsta árs.

Söluskatturinn er áætlaður aðeins 120 millj., en var í árslok 1955 orðinn 130 millj., eða 10 millj. hærri en áætlunin. Augljóst er, að söluskatturinn hlýtur að hækka mjög á næsta ári að óbreyttum lögum vegna hinnar stórfelldu hækkunar, sem orðin er á verðlagi öllu og sýnilegt er að enn magnast gífurlega. Þá er og augljóst, að benzínskatturinn og bílaskatturinn hljóta að hækka mjög mikið vegna hinnar miklu fjölgunar á bifreiðum á s. l. ári. Stimpilgjald hækkar og með hækkandi verðlagi, og gjald af innlendum tollvörutegundum er bersýnilega of lágt áætlað.

Ég tel því sýnt, að óhætt sé að hækka þessa tekjuliði svo, að fjárlögin verði hallalaus, og því sé ekki ástæða til tolla- og skattahækkunar þeirrar, sem frv. gerir ráð fyrir.

Tekjur ársins 1955 hafa þegar orðið 110—120 millj. kr. hærri en áætlað var í fjárlögum þess árs, og svipuð hefur reynslan orðið nokkur undanfarin ár. Tekjuáætlun fjárlaganna hefur með ráðnum hug verið samin þannig, að ríkisstjórnin fengi jafnan ríflegar umframtekjur ár hvert, sem hún síðan hefur ráðstafað að eigin geðþótta án þess að leita samþykkis Alþingis fyrr en eftir á, seint og síðar meir. Engin ástæða er til þess að gefa ríkisstjórninni svo lausar hendur. Það er vissulega nauðsynlegt, að fjárlg séu afgreidd hallalaus. En hitt er engu síður nauðsynlegt, að Alþingi geri ráðstafanir til þess, að stjórnin haldi sér við ákvæði fjárlaganna, en taki ekki fjárveitingavaldið í sínar hendur.

Það liggur í augum uppi, að ef frv. þetta verður að lögum, hlýtur það að leiða til enn vaxandi verðhækkunar og aukins framleiðslukostnaðar.

Samtímis frv. þessu ber ríkisstjórnin fram í neðri deild frv. til laga um nýjar álögur á landsmenn, sem hún áætlar að nema muni um 137 millj. kr. á þessu ári. Verði bæði þessi frv. samþykkt, hækkar skattabyrði almennings í landinu um nokkuð yfir 200 millj. á þessu ári. Þarfleysa er að eyða orðum til þess að sýna fram á, hver áhrif slík hækkun hefur á verðlag í landinu og gildi krónunnar.

Verði fjárlögin afgreidd samkv. tillögum meiri hluta fjárveitinganefndar nema útgjöld samkv. þeim um ..... 652 millj. kr.
útgjöld framleiðslusjóðs eru áætluð ..... 153 — —
og bátagjaldeyrisálagið ..... 110 — —

Samtals 915 millj. kr.

Við þessa upphæð má bæta a. m. k. 100 millj., sem tekjurnar munu reynast of lágt áætlaðar, og er þá skattabyrði landsmanna komin á annan milljarð.

Með vísan til þess, sem hér að framan er sagt, legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 28. jan. 1956.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 306. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afstöðu til þess. Einn nefndarmaður, Haraldur Guðmundsson, er andvígur frv. og skilar séráliti.

Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar, að ekki verði komizt hjá þeirri auknu tekjuöflun í ríkissjóð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, til þess að hægt verði að afgreiða hallalaus fjárlög fyrir árið 1956.

Um 2. tölul. 1. gr. frv. varð þó ekki samkomulag innan meiri hl., þar sem um er að ræða tekjuöflun til nýrrar, verulegrar fjárfestingar. Flytur meiri hlutinn þess vegna tillögu á sérstöku þingskjali um að fella þennan lið niður.

Að öðru leyti leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. jan. 1956.

Tómas Árnason, form.	Jóhann Jósefsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
	Gísli Jónsson.	

Ed. 307. Breytingartillaga [145. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

2. tölul. 1. gr. falli niður.

Ed. 308. Breytingartillaga [145. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Á eftir d-lið í 3. tölul. komi ný málsgrein:

Ráðherra er heimilt að endurgreiða eigendum atvinnubifreiða hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni samkv. lögum þessum og fella niður hækkun á bifreiðaskatti.

Ed. 309. Frumvarp til laga [145. mál]

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. a. Í stað 250% álags í Ab-lið 1. gr. laga nr. 93/1955, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., skal innheimta á árinu 1956 340% álag á vörumagnstoll.
   b. Í stað 45% álags í B-lið 1. gr. laga nr. 93/1955, skal innheimta 1956 80% álag á verðtoll.

2. a. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1956 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga. Hækkun þessi tekur og til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
   b. Á árinu 1956 skal innheimta af hverri bifreið og bifhjóli skatt, er sé jafnhár skatti þeim, er af þeirri bifreið ber að greiða fyrir árið 1955 samkvæmt c—e-liðum bifreiðaskattslaganna, þó þannig, að skattur þessi af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, skal aðeins vera kr. 45.00 af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra. Gjald þetta innheimtist með bifreiðaskatti og nýtur sömu lögverndar og bifreiðaskattur, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
   c. Á árinu 1956 skal innheimta af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 6 — sex — krónur í innflutningsgjald af hverju kg, og tekur þetta einnig til birgða þeirra, sem til eru í landinu hjá innflytjendum og heildverzlunum, þá er lög þessi öðlast gildi.
   d. Eigendur gjaldskylds benzíns, hjólbarða og slangna skulu innan 10 daga frá gildistöku laga þessara vera skyldir að tilkynna innheimtumönnum ríkissjóðs um birgðir sínar, svo og að aðstoða við að kanna birgðir sínar og mæla þær.

      Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafið um upplýsingar þær, sem getur í 5. málsgrein 5. gr. laga nr. 68/1949, og til að ganga úr skugga um það, að þær séu réttar, geta þeir framkvæmt sams konar athugun og tollyfirvaldi er heimiluð í síðustu málsgrein 13. gr. tollskrárlaganna.

      Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 310. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 28. jan. 1956

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr., með fyrirvara. Jóhann Hafstein.

Nd. 311. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv., en við undirritaðir leggjum til, að það verði fellt.

Með frv. þessu leggur ríkisstjórnin til, að vörumagnstollur og verðtollur verði hækkaðir um 25%. Slík hækkun mun sennilega jafngilda um 50 millj. kr. Þá er lagt til með frv. að hækka innflutningsgjald af benzíni um 20 aura á lítra, en það nemur væntanlega um 8 millj. kr. Enn er lagt til, að tvöfaldaður verði bifreiðaskatturinn og tollur á gúmmíslöngum í bifreiðar. Sú hækkun mun nema um 10 milj. kr.

Heildarskattahækkun samkv. frv. mun því nema um 68 millj. kr. að minnsta kosti.

Auk þessarar hækkunar á tekjum ríkissjóðs hefur svo meiri hluti fjárveitinganefndar lagt til samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, að póst- og símagjöld verði hækkuð um 5 milljónir og að skattur sá, sem lagður var s. l. haust á tóbak í því skyni að verja honum til stuðnings síldarsöltun við Faxaflóa, áætlaður 6.3 millj. kr., verði nú látinn renna beint í ríkissjóð. Þannig leggur ríkisstjórnin til, að tekjur ríkissjóðs verði hækkaðar um 79.3 milljónir frá því, sem þær hafa verið.

Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar á að taka nær alla þessa fjárhæð, um 80 milljónir, með neyzlusköttum.

Ríkisstjórnin færir þau rök fyrir þessum miklu álögum, að þær séu nauðsynlegar til þess að tryggja hallalaus fjárlög. Slík röksemdafærsla fær ekki staðizt. Tekjur ríkissjóðs fóru um 120 millj. kr. fram úr áætlun á s.l. ári. Augljóst er, að tekjur ríkissjóðs verða miklu meiri á þessu ári en ríkisstjórnin gerir ráð fyrir. S.l. ár urðu tekjur ríkissjóðs um 650 millj. kr., en allar líkur benda til, að á þessu ári hækki tekjurnar enn til verulegra muna að öllum tekjuöflunarlögum óbreyttum. Tekju- og eignarskattur hlýtur t. d. að hækka verulega vegna hækkandi tekna. Söluskatturinn hlýtur líka að hækka mikið vegna stórhækkandi verðlags.

Það má því öllum ljóst vera, að óþarft er með öllu að hækka tolla og skatta til þess að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs.

Ef frumvarp þetta yrði samþykkt, hlyti afleiðing þess óhjákvæmilega að verða sú, að verðlag hækkaði og dýrtíð ykist. Það mundi því enn auka á erfiðleika framleiðslunnar.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 28. jan. 1956

Karl Guðjónsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 312. Lög [145. mál]

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 28. jan.)

Samhljóða þskj. 309.

Nd. 313. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um framleiðslusjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og er minni hl. (GÞG og KGuðj) andvígur frv., en undirritaður meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Jón Pálmason tekur þetta fram:

Með því frumvarpi um verðtryggingarsjóð, sem ég lagði fram í byrjun þessa þings og eigi hefur enn fengizt afgreitt af fjárhagsnefnd, sannaði ég þörfina á aðstoð

við útgerðina og landbúnaðinn og nauðsyn þess að fá tekjur til að mæta þeirri þörf. Þær tillögur, sem felast í því frumvarpi, er hér liggur fyrir, tel ég að flestu óheppilegri en mínar tillögur. Meðal annars er hér einungis um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, en mínar tillögur eru byggðar á framtíðarsjónarmiðum um verndun krónunnar, stöðvun vísitölunnar o. fl. En framleiðsluna verður að styðja. Það má eigi bregðast. Og þar sem eigi hefur orðið samkomulag milli stjórnarflokkanna um aðrar úrbætur en hér liggja fyrir, þá sé ég mér eigi annað fært en fylgja þessu frumvarpi sem neyðarúrræði, en mun gera nokkru ýtarlegri grein fyrir afstöðu minni við umræður.

Alþingi, 30. jan. 1956.

Skúli Guðmundsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Nd. 314. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um framleiðslusjóð.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja samþykkja frumvarpið, en ég tel óhjákvæmilegt að gera víðtækar breytingar á því.

Frumvarpið felur í sér þau ákvæði til stuðnings útflutningsframleiðslunni, sem ríkisstjórnin telur að þurfi að lögfesta. Eins og áður gerir stjórnin ráð fyrir, að þær ráðstafanir, sem felast í bátagjaldeyriskerfinu, séu fyrir utan verkahring Alþingis, og hefur hún heitið bátaútvegsmönnum að framlengja þær út þetta ár.

Það er skoðun okkar sósíalista, að ríkisstjórnin hefði átt að leggja vandamál útgerðarinnar í heild fyrir Alþingi og þá að sjálfsögðu með öllum þeim upplýsingum og gögnum, sem málinu tilheyra. Það verður að teljast óeðlilegt, að ríkisstjórnin, sem látið hefur sérfræðinga sína gera ýtarlega athugun á rekstri og afkomu frystihúsanna og bátanna, skuli neita að leggja niðurstöður af athugunum þessum fyrir Alþingi.

Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að stofnaður verði sérstakur sjóður til styrktar útgerð og landbúnaði. Sú skipting á styrkjum til einstakra þátta framleiðslunnar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, kann að vera eðlileg; um það er í rauninni ekki hægt að segja, nema forsendurnar fyrir skiptingunni, sem eru athuganir rannsóknarnefnda stjórnarinnar, séu fyrir hendi. Skipting styrkjanna verður því að vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að útgjöld framleiðslusjóðs verði alls 152 millj. kr. á árinu. Þessi fjárhæð er tvímælalaust of há og færð upp sem hæst af ríkisstjórninni í þeim tilgangi, að rök fáist fyrir hinum háu álögum, sem jafnframt eru bornar fram. Skal þetta nú skýrt nánar.

Með útgjöldum framleiðslusjóðs er talinn styrkur til síldarsaltenda í Faxaflóa, áætlaður 10 millj. kr. Þessi útgjöld eiga ekki heima í framleiðslusjóði af þeirri ástæðu, að þegar hefur verið lagður á sérstakur tóbaksskattur til þess að mæta þessum útgjöldum og ríkisstjórnin hefur samið við útvegsmenn um þennan styrk. Þessar 10 milljónir ber því að draga frá áætluðum útgjöldum framleiðslusjóðs.

Þá er gert ráð fyrir því að greiða úr framleiðslusjóði 26 millj. kr. til kaupa á B-skírteinum. Hér er einnig um óþarfaútgjöld að ræða og ekki í samræmi við óskir útvegsmanna. Óskir útvegsmanna voru um það, að þeim yrði útvegað fé til bráðabirgða til þess að flýta fyrir uppgjöri á bátagjaldeyrisréttindum. Bentu þeir á, að

gjaldeyrisbankarnir gætu auðveldlega lánað fé í þessu skyni með veði í bátaréttindunum. Við sósialistar leggjum til, að farið verði í þessu eftir tillögum útvegsmanna, og er þá hægt að fella niður þessi útgjöld framleiðslusjóðs, og um leið þarf ekki að gera ráð fyrir sérstakri skattlagningu þeirra vegna.

Með þessum tveimur breytingum má lækka útgjöld sjóðsins um 36 milljónir án þess að skerða á nokkurn hátt stuðning við útgerðina.

Þá eru eftir útgjöld, sem nema 116 milljónum. Upp í þau útgjöld eru fyrir í styrktarsjóði togaranna 15 milljónir, og fullvíst má telja, að aukaálagið á innfluttar bifreiðar muni gefa á þessu ári að minnsta kosti 16 milljónir. Þegar tillit hefur verið tekið til þessa, eru eftir 85 milljónir, sem framleiðslusjóður þarf að greiða á árinu og afla þarf sérstakra tekna á móti.

Ég tel tekjuöflun þá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, fráleita. Ef sú leið yrði farin til tekjuöflunar, mundi allt verðlag í landinu stórhækka og þá um leið kaupgjald, og færi þá að draga úr ávinningi útflutningsframleiðslunnar af þessum ráðstöfunum. Ég legg til, að framleiðslusjóði verði aflað tekna með aukaskatti á þá aðila, sem sannanlega hafa grætt á viðskiptum við útgerðina og bezta aðstöðu hafa til þess að standa undir slíkum álögum.

Ég legg til, að skattlagðir verði í þessu skyni bankarnir, sem grætt hafa um 50 milljónir á ári undanfarin ár, olíufélögin, sem nú selja bátaolíu 70% hærra verði hér en hliðstæð olía er seld í nálægum löndum. Þá legg ég til, að skattlögð verði flutningaskipafélög, vátryggingarfélög og verktakar þeir, sem nú græða mest á stórframkvæmdum á vegum hersins og soga til sín íslenzkt vinnuafl frá framleiðslunni. Skattlagning þessara aðila er réttlát, og hún mundi ekki kalla á neina verðhækkun í landinu.

Ég legg því til, að gerðar verði í frumvarpinu breytingar til samræmis við það, sem hér er sagt, og mun flytja breytingartillögur þess efnis á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. jan. 1956.

Karl Guðjónsson.

Nd. 315. Breytingartillögur [146. mál]

við frv. til laga um framleiðslusjóð.

Frá Karli Guðjónssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Orðin „í desembermánuði“ falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   Gjaldeyrisbankarnir skulu skyldir að lána sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins 26 milljónir króna til þess að greiða fyrir uppgjöri á bátagjaldeyrisréttindum. Lánið sá vaxtalaust, en tryggt með veði í innflutningsréttindunum. Skyldan til lánveitingarinnar skiptist á bankana í sömu hlutföllum og réttur þeirra til kaupa á gjaldeyri.
4. Við 10. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Stjórn sjóðsins skal falin 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu, og sjá þeir um greiðslur úr sjóðnum.
5. Við 11. gr. Greinin falli niður.
6. Við 12. gr. Greinin falli niður.
7. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Framleiðslusjóði skal aflað tekna sem hér segir:
   1. Árið 1956 skulu Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f greiða skatt til framleiðslusjóðs, sem samtals nemur 25 milljónum króna. Skattupphæðin skiptist á milli bankanna í hlutfalli við gróða þeirra árið 1954.

2. Árið 1956 skulu eftirtalin olíufélög: Olíuverzlun Íslands h/f (B. P.), Olíufélagið h/f og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag og Shell á Íslandi h/f greiða sérstakan skatt í framleiðslusjóð. Skatturinn nemi samtals 20 milljónum króna og leggist á félögin í hlutfalli við heildarsöluveltu þeirra árið 1955.
3. Árið 1956 skulu þau íslenzk flutningaskipafélög, sem annast flutninga á íslenzkum framleiðsluvörum á erlendan markað og flytja vörur til landsins, greiða sérstakan skatt í framleiðslusjóð. Skattur þessi nemi alls 15 milljónum króna og leggist á félögin í hlutfalli við heildarvörumagn það, sem þau fluttu að og frá landinu árið 1955.
4. Árið 1956 skulu öll starfandi vátryggingarfélög í landinu, nema bátaábyrgðarfélög, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Tryggingastofnun ríkisins, greiða framleiðslusjóði sérstakan skatt, sem samtals nemi 10 milljónum króna. Skatturinn leggist á félögin í sömu hlutföllum og tryggingarumsetning þeirra var árið 1955.
5. Árið 1956 skal leggja sérstakan skatt á alla verktaka og verktakafélög vegna verksamninga, sem gerðir eru um verk vegna varnarliðsins, hvar sem er á landinu. Skattur þessi skal ná til allra slíkra verka, sem unnin hafa verið árið 1955, og einnig til allra þeirra verka, sem unnin verða árið 1955. Skatturinn skal samtals nema 15 milljónum króna og leggjast á aðila í hlutfalli við fjárhæð þeirra verka, sem unnin hafa verið.

8. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svo hjóðandi:
Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari fyrirmæli um álagningu og innheimtu skatta samkvæmt 13. gr. Óheimilt er öllum þeim, sem skattlagðir eru samkv. 13. gr., að telja skatt þann, sem þar um ræðir, til kostnaðar við vöruverð eða taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun.
9. Við 16. gr. Greinin falli niður.
10. Við 17. gr. Greinin falli niður.
11. Við 18. gr. Greinin falli niður.

Nd. 316. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til laga um framleiðslusjóð.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að stofnaður verði framleiðslusjóður til þess að greiða úr framlög til sjávarútvegsins. Í sjóðinn eiga að renna 152 millj. kr. á árinu. Gerir ríkisstjórnin ráð fyrir að afla 115 millj. kr. með 9.9% gjaldi af tollverði nær allrar innfluttrar vöru og 3% gjaldi af sölu innlends iðnaðarvarnings og þjónustu. 22 milljóna á að afla með 100% leyfagjaldi af tollverði innfluttra bifreiða, 40% álagi á gjald af innlendum tollvörutegundum og sérstöku 30% gjaldi af tollverði ýmissa innfluttra vörutegunda. En 15 millj. kr. eru í sjóði þeim, sem fjár var aflað í á síðastliðnu ári til greiðslu á rekstrarstyrk til togara. Í sjóðinn eiga því alls að renna 152 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að verja þessu fé þannig, að 66 millj. kr. verði rekstrarframlag til togaranna, 45 millj. kr. til annarra uppbóta til handa fiskibátum og fiskvinnslustöðvum, 15 millj. kr. til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og 26 millj. kr. til kaupa á B-skírteinum.

Enginn vafi er á því, að nauðsyn ber til þess að gera ráðstafanir til styrktar sjávarútveginum. Hlutdeild þeirra, sem við sjávarútveg starfa, í þjóðartekjunum yrði of lítil, ef ekkert væri gert. Í sambandi við slíkar ráðstafanir er auðvitað aðalatriði, að fé það, sem veitt er til útvegsins, sé hvorki meira né minna en nauðsynlegt

er til þess, að tekjur þeirra, sem starfa við sjávarútveginn, verði sambærilegar við tekjur manna fyrir önnur jafnþjóðnýt störf, og að þess sé aflað á sanngjarnan hátt, þ. e. hjá þeim aðilum, sem bezt skilyrði hafa til þess að sjá af hluta tekna sinna og eigna.

Varðandi fyrra atriðið hefur minni hluti nefndarinnar enga aðstöðu haft til þess að sannreyna, hvort fjárveitingar þær, sem gert er ráð fyrir til togara, fiskibáta og fiskvinnslustöðva, eru hæfilegar. Ríkisstjórnin hefur haft hina mestu leynd yfir öllum undirbúningi sínum að þessum ráðstöfunum. Hún skipaði fyrir alllöngu nefnd fjögurra hagfræðinga til þess að athuga þessi mál, og skiluðu þeir skýrslu og tillögum. Ráðuneytisstjórar ásamt fiskimálastjóra hafa og unnið að söfnun upplýsinga um þau. Ríkisstjórnin hefur þó verið ófáanleg til þess að láta stjórnarandstöðunni í té niðurstöðu þessara athugana og skýra frá, hverjar hafi verið tillögur þeirra sérfræðinga, sem leitað hefur verið til. Mun jafnvel ríkisstjórninni og fulltrúum hennar hafa gengið illa að afla sér óhjákvæmilegra upplýsinga í sambandi við raunverulega afkomu ýmissa greina sjávarútvegsins. Má þá geta nærri, hver aðstaða annarra er til þess að dæma um, hver er raunveruleg þörf útvegsins fyrir aðstoð af hálfu hins opinbera.

Það er mjög vítavert, að ríkisstjórnin skuli neita að skýra opinberlega frá niðurstöðum þeirra rannsókna, sem hún stofnar til fyrir opinbert fé og ætlað er að vera grundvöllur þeirra ráðstafana, sem hér er um að ræða. Slíkt háttalag vekur ekki traust á því, að haldið sé á málum af festu og hagsýni. Það ýtir miklu fremur undir tortryggni um, að sjálfsagt aðhald sé vanrækt og fé sóað að óþörfu.

Af frumvarpinu er a. m. k. auðséð, að ríkisstjórnin telur enga nauðsyn bera til þess að létta af útveginum margs konar byrði, sem á hann er lögð af milliliðum og þá fyrst og fremst olíufélögum, vátryggingarfélögum, innflytjendum útgerðarnauðsynja og bönkum, með því að skerða gróðaskilyrði þessara aðila. Allt það, sem sjávarútveginum á að hlotnast samkvæmt þessu frumvarpi, á hann að fá úr ríkissjóði, þ. e. af almannafé, en milliliðirnir, sem lifa á sjávarútveginum, og allir þeir, sem stórgrætt hafa á undanförnum verðbólguárum, eiga ekkert að láta af hendi rakna. Þá hefur ríkisstjórnin og ekki komið auga á nauðsyn þess að bæta skipulags- og rekstrarhætti í sjávarútveginum sjálfum, en enginn vafi er á því, að í fiskvinnslunni sérstaklega mætti lækka framleiðslukostnað verulega með bættum starfsháttum.

Af framangreindum ástæðum tel ég mig ekki geta fellt dóm um, hvort framlög þau og uppbætur, sem gert er ráð fyrir, séu hæfileg í einstökum atriðum. En ég álít tvímælalaust, að hægt væri að komast af með minni upphæðir af almannafé í þessu skyni, ef milliliðir þeir, sem mest íþyngja útgerðinni, væru látnir selja henni þjónustu sína fyrir sannvirði og rekstrarhættir væru bættir.

Að því er varðar þá tillögu ríkisstjórnarinnar að nota 26 millj. kr. úr framleiðslusjóði til þess að kaupa B-skírteini, er það að segja, að útvegsmenn hafa sjálfir ekki óskað eftir því, að sú leið yrði farin, heldur að þeim yrði veitt fyrirgreiðsla í bönkum á þann hátt, að þeim yrðu veitt vaxtalaus lán út á skírteinin. Með því að gera slíkar ráðstafanir mætti spara þá upphæð, sem ætluð er til B-skírteiniskaupanna. Varðandi þá upphæð, 10 millj. kr., sem verja á til uppbóta á söluverð saltaðrar reknetjasíldar, er það að segja, að fastir samningar gilda þegar um þær uppbætur, og ákveðin gjöld hafa verið lögð á til þess að mæta þeim. Er því óþarfi að greiða þau úr framleiðslusjóði og afla honum fjár í því skyni. Útgjöld framleiðslusjóðsins geta því af þessum sökum lækkað um 36 millj. kr., eða í 116 millj. kr.

Varðandi hitt atriði málsins, þ. e. hvernig ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að afla fjárins í framleiðslusjóðinn, er það að segja, að minni hlutinn er algerlega andvígur því grundvallarsjónarmiði, sem þar ræður. Fjárins er fyrst og fremst aflað með hlutfallslega jöfnu gjaldi á innflutning og tiltekna innanlandssölu. Allur almenningur á m. ö. o. að bera byrðarnar, sem fjáröflunin í sjóðinn veldur. Menn eiga að greiða í sjóðinn í hlutfalli við neyzlu sína, hvort sem hún er nauðsynleg eða ónauð-

synleg, og án alls tillits til þess, hvort menn hafa háar tekjur eða lágar, eiga miklar eignir eða engar. Ég tel þetta svo ranglátt, að ekki komi til mála að samþykkja þau ákvæði, og mun flytja breytingartillögur um tekjuöflunina á sérstöku þingskjali. Á einn þátt tekjuöflunarinnar get ég þó fallizt, þ. e. 100% gjaldið af fob-verði innfluttra bifreiða og bifhjóla. Hins vegar álít ég, að tekjurnar af þessu gjaldi séu áætlaðar allt of lágt í frumvarpinu, þær megi áætla a. m. k. helmingi hærri, eða 16 millj. kr. Með tilliti til þess, að 15 millj. kr. eru fyrir hendi í bifreiðagjaldssjóðnum frá fyrra ári, verður fé það, sem afla þarf í framleiðslusjóðinn, 85 millj. kr., ef miðað er við þau rekstrarframlög og þær uppbótagreiðslur, sem gert er ráð fyrir í I. kafla frumvarpsins og fjár hefur ekki þegar verið aflað til. Tel ég, að hægt sé að afla þeirrar fjárhæðar með skattlagningu á gróða og eignasöfnun undanfarinna ára — og þá eigi tvímælalaust að gera það, í stað þess að velta byrðunum á bak almennings og rýra þannig lífskjör hans.

Á það verður að síðustu að benda, að með flutningi frumvarps þessa er ríkisstjórnin að gera ráðstafanir, sem stuðningsflokkar hennar hafa til skamms tíma fordæmt algerlega. Þeir hafa talið það kjarna stefnu sinnar, að atvinnuvegirnir væru reknir án ríkisstyrkja. Ef þetta frumvarp yrði samþykkt, verður öll útflutningsframleiðsla landsmanna stórstyrkt með framlögum úr ríkissjóði. Stefna sú, sem núverandi stjórnarflokkar grundvölluðu samstarf sitt á, hefur þá beðið algert skipbrot.

Alþingi, 30. jan. 1956.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 317. Frumvarp til laga [109. mál]

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi átta farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma þrjá til átta farþega. Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðunum á ákveðinni leið. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningaferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

2. gr.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd og fimm menn til vara. Ráðherra skipar nefndina þannig: Einn að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, annan að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tvo að fengnu áliti sérleyfishafa. Fimmta nefndarmanninn skipar ráðherra án íhlutunar, og er hann formaður.

Nefndin skal skipuð til fimm almanaksára í senn, enda falli starfstími hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. a-lið 3. gr. Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra, og greiðast þau af sérleyfisgjaldinu.

3. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. Að sérleyfið gildi fyrir fimm ár og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.
   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. Að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra setur.
e. Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja póst eftir gjaldskrá og reglum, er ráðherra setur.
f. Að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

6. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða sérleyfisgjald, 3% — þrír af hundraði — af andvirði afhentra farmiða. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á. Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

7. gr.

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum, í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

Nefnd sú, sem skipuð er samkvæmt 2. gr., og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skulu hafa sem nánasta samvinnu.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 22 30. janúar 1945 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, lög nr. 12/1947 og lög nr. 3/1952, um breyting á nefndum lögum, nr. 22 frá 30. janúar 1945.

Nd. 318. Breytingartillaga [146. mál]

við frv. til l. um framleiðslusjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Aftan við 20. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

Nd. 319. Breytingartillögur]146. mál]

við frv. til l. um framleiðslusjóð.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 5. gr. Greinin falli niður.
2. Við 7. gr. Greinin falli niður.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt lögum þessum er, að útgerðarmenn og eigendur fiskvinnslustöðva séu félagar í sameignarfélagi, sem stofnað sé í hverri verstöð. Stjórn hvers félags skipa þrír menn, og skal einn þeirra kosinn af útgerðarmönnum og eigendum fiskvinnslustöðva, annar af sjómannafélögum verstöðvarinnar og hinn þriðji af ríkisstjórninni, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin á aðgang að reikningum allra þátttakenda í félaginu og hefur úrskurðarvald um einstaka kostnaðarliði þeirra. Henni er enn fremur rétt og skylt að rannsaka rekstrarfyrirkomulag sérhvers félaga og miða viðurkenningu sína á réttmæti einstakra kostnaðarliða í reikningum þeirra við það, að um hagkvæman rekstur sé að ræða. Komi í ljós, að tekjuafgangur verði hjá félaga sameignarfélagsins, skal hann greiddur framleiðslusjóði, en þó aldrei hærri upphæð en nemur aðstoð þeirri, er hlutaðeigandi hefur fengið úr sjóðnum.
4. Við 13. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórnin skipar eftir tilnefningu þingflokkanna 5 manna nefnd til að undirbúa lagasetningu um skatt á verðbólgugróða, og skal hún hafa lokið störf-

um fyrir 15. febrúar n. k. Skatturinn skal lagður á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1955, vera stighækkandi og nema sem næst 85 millj. kr. samtals. Skatturinn skal þó aðeins lagður á þá skattþegna, sem hafa aukið skuldlausa eign sína um meira en 300 þús. kr. á þessu tímabili. Við ákvörðun eignaaukans skal miðað við gangverð eigna. Í lögunum skal vera heimild til þess að framkvæma birgðatalningu og skrásetningu verðbréfa.

5. Við 16. gr. Greinin falli niður.
6. Við 17. gr. Greinin falli niður.
7. Við 18. gr. Greinin falli niður.

Ed. 320. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Hér er um að ræða staðfestingu á bráðabirgðalögum frá 25. ágúst 1955, en þau eru gefin út vegna þess, að nauðsynlegt þótti að gera nokkrar breytingar á lögum um tilkynningar aðsetursskipta til þess að bæta úr örðugleikum á framkvæmd tilkynningarákvæða. Þessar breytingar þurftu að komast á, áður en skrár, sem miðast við 1. des. 1955, væru gerðar, og voru bráðabirgðalög þessi því gefin út á fyrrnefndum tíma.

Allsherjarnefnd hefur haft frv. til meðferðar og fengið hagstofustjóra á sinn fund. Óskaði hann eftir að gera smávægilegar breytingar á frv., og féllst nefndin á þær.

Frv. ásamt breytingartillögunum miðar að því að gera ákvæðin um tilkynningar um aðsetursskipti fyllri og ákveðnari en þau eru í lögunum frá 1952.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. jan. 1956.

Páll Zóphóníasson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.	Hermann Jónasson.
	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Ed. 321. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Á eftir 1. tölul. kemur nýr tölul., þannig:

Í stað fyrri málsliðar 2. málsgr. komi tveir málsl., svo hljóðandi:

Nú kemur maður í aðra sveit en heimilissveit til dvalar í tvo mánuði eða lengur, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitar aðsetur sitt. Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í annarri sveit en heimilissveit, þó að hann hafi í fyrstu ekki ætlað sér að dvelja þar svo lengi, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitar aðsetur sitt.

b. Fyrsti málsl. 3. tölul. orðast þannig:
Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, enda hafist þeir við í húsnæði vinnuveitanda á vinnustað eða í grennd.

c. Á eftir 3. tölul. kemur nýr tölul., svo hljóðandi:
4. málsgr. orðist svo:
Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem taldar eru í 3. málsgr. þessarar greinar, gilda aðeins meðan umgetin atvik eru fyrir hendi. Ef maður dvelst í sveitarfélagi eftir brottfall þess atviks, er gerði hann undanþeginn tilkynningarskyldu, skal hann tilkynna dvalarsveit aðsetur sitt samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. þessarar greinar.

Sþ. 322. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956 og brtt. á þskj. 287.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 3. (Vörumagnstollur).
Fyrir „28 000 000“ kemur 34 500 000
2. — 2. — 4. (Verðtollur).
Fyrir „155 000 000“ kemur 187 000 000
3. — 2. — 5. (Innflutningsgjald af benzíni).
Fyrir „11 500 000“ kemur 16 000 000
4. — 2. — 8. (Bifreiðaskattur).
Fyrir „5 500 000“ kemur 11 500 000
5. Við brtt. 287,11.b. (Við 11. gr. A. 4. — Sakadómaraembættið).
Fyrir „338 565“ kemur (leiðrétting) 358 565
6. Við 16. gr. A. 31. f. Nýr liður:
Til byggingar skógarvarðabústaða 100 000
7. Við brtt. 287,70. (Við 18. gr. II. a.).
a. Við b. 1. Nýr liður:
Haraldur Þórarinsson, fyrrv. sóknarprestur.
Fyrir „2 603.00“ kemur 5 000.00
b. Við c. 7. Nýr liður:
Haraldur Leósson, fyrrv. kennari 3 000.00
c. Við c. 13. (Knútur Kristinsson).
Fyrir „5 000.00“ kemur 7 000.00
8. Við brtt. 287,71.c. (Við 18. gr. II. b.). Nýr liður:
Guðrún Björnsdóttir 3 500.00
9. — 19. gr. 3. (Löggæzla og tollgæzla).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 350 000
10. — 22. — VIII. (Þjóðleikhúsið).
Fyrir „allt að 250 þús. kr.“ kemur: allt að 450 þús. kr.
11. Við brtt. 287,83.a. (Við 22. gr. XII. — Síldarverksmiðjan Rauðka).
Fyrir „allt að 1 millj. kr.“ kemur: allt að 2 millj. kr.
12. Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. rekstrarlán vegna öryrkjaheimilis h/f Sunnu gegn því, að Reykjavíkurbær ábyrgist 100 þús. kr. til viðbótar.
13. Við brtt. 287,85.3. (Við 22. gr. XIV. — Sláturfélag Suðurlands). Aftan við liðinn bætist:
og öðrum aðilum, sem eins stendur á um, hlutfallslega upphæð.

14. Við 22. gr. XVIII. Nýr liður:
Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.
15. Við brtt. 287,87. (Við 22. gr. XIX. — Ríkisútvarpið).
Fyrir „1 millj. kr.“ kemur: 1.1 millj. kr.
16. Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að greiða allt að 200 þús. kr. upp í stofnkostnað við lýsingu á þeim kafla Hafnarfjarðarvegar, sem er í Garðahreppi.
17. — 22. — XXIII. (Landgræðslusjóður). Aftan við liðinn bætist:
Verðhækkun á vindlingum af þeim sökum skal undanþegin smásöluálagningu.

Nd. 323. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Í frv. til laga um almannatryggingar, sem nú er til afgreiðslu í þessari háttv. deild, er ekki lagt til, að Tryggingastofnun ríkisins greiði meðlög með óskilgetnum börnum. Í þess stað er stefnt að því með þessu frv. að tryggja rétt barnsmæðra til greiðslu meðlaga af hálfu dvalarsveitar móður.
Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. 5. málsgr. orðist svo:
Verði dráttur á greiðslu meðlags til barnsmóður af hálfu dvalarsveitar samkvæmt þessari grein, getur barnsmóðir snúið sér til yfirvalds, sem skal þá sjá um, að hún fái meðlagið greitt.

Alþingi, 30. jan 1956.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Jónas G. Rafnar. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 324. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80/1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Með frv. þessu er lagt til að breyta orðalagi á þremur greinum framfærslulaganna til samræmis við ákvæði frv. til laga um almannatryggingar, sem nú liggur fyrir Alþingi. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 30. jan. 1956.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Jónas G. Rafnar. Hannibal Valdimarsson.

Ed. **325. Breytingartillaga** [103. mál]

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 46. gr. bætist:
Sauðfjársjúkdómanefnd hefur heimild til lækka bótagreiðslur eftur lögum þessum eða fella þær alveg niður, ef réttarrannsókn sannar, að bótaþegi hafi af ásettu ráði eða vítaverðu hirðuleysi brotið fyrirmæli laganna eða fyrirmæli sauðfjársjúkdómanefndar.

Sþ. **326. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1956.

Frá Gunnari Thoroddsen og Jörundi Brynjólfssyni.

Við 15. gr. A. X. 16. Nýr liður:
Til Einars Ólafs Sveinssonar prófessors til ritstarfa 8 000

Sþ. **327. Tillaga til þingsályktunar** [147. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. **328. Frumvarp til laga** [146. mál]

um framleiðslusjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

1. gr.

Úr sjóði þeim, er um ræðir í II. kafla laga þessara (framleiðslusjóði), skal greiða togaraútgerðinni rekstrarframlag á árinu 1956. Hverjum einstökum togara, byggðum eftir 1946, má greiða frá 1. janúar 1956 kr. 5000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða.

2. gr.

Úr framleiðslusjóði skal á árinu 1956 greiða fiskvinnslustöðvum uppbót, er nemi 5 aurum á hvert kg af útfluttum togarafiski, miðað við slægðan fisk með

haus, nema karfa óslægðan, enda greiði vinnslustöðvar þær, er uppbótarinnar njóta, eigi lægra verð fyrir togarafisk en greitt var í desembermánuði 1955.

3. gr.

Veita skal eins árs greiðslufrest á afborgunum lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á nýju togurunum.

4. gr.

Á árinu 1956 skal aðstoða bátaflotann með greiðslum úr framleiðslusjóði sem hér segir:

1. Greiða ska lhálf vátryggingargjöld fiskibáta fyrir árið 1956. Skilyrði fyrir greiðslu iðgjaldsins er, að báturinn hafi verið gerður út á þorskveiðar á aðalvertíð einhvers staðar á landinu.
2. Vinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar svo og niðursuðuverksmiðjum) skal greiða bætur úr framleiðslusjóði á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda. Verðbætur þessara skulu nema 26 aurum á hvert kg, miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
3. Úr framleiðslusjóði skal á árinu 1956 greiða fiskvinnslustöðvum uppbót, er nemi 5 aurum á hvert kg af útfluttum bátafiski, miðað við slægðan fisk með haus, enda greiði vinnslustöðvarnar eigi lægra verð fyrir bátafisk en gert var á s. l. ári.
4. Úr framleiðslusjóði skal auk uppbóta samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar greiða fiskvinnslustöðvum 17 aura uppbót á hvert kg allrar útfluttrar ýsu og steinbíts, sem veiddur er af bátum á árinu 1956, miðað við slægðan fisk með haus.

5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð saltaðrar reknetasíldar, sem veidd var fyrir Suður- og Suðvesturlandi árið 1955, er nema 75 til 100 krónum á hverja tunnu, 100 kg, nettó, og 20 aura á kg af reknetasíld (fersksíld), sem veidd var af útilegubátum í Austurdjúpi árið 1955.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð útfluttrar frystrar reknetasíldar, er nemi 175 krónum til 400 krónum á hverja smálest.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr framleiðslusjóði verðbætur á útflutt kindakjöt, gærur, ull og ost af framleiðslu ársins 1955, er samsvari innflutningsréttindum bátaútvegsins fyrir afurðir árins 1955.

7. gr.

Úr framleiðslusjóði skal verja allt að 26 milljónum króna á árinu 1956 til kaupa á B-skírteinum.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—7. gr. þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr framleiðslusjóði, svo og valdsvið stjórnar sjóðsins.

II. KAFLI

9. gr.

Til þess að standa undir gjöldum samkvæmt I. kafla laga þessara skal stofna sjóð, er nefnist framleiðslusjóður. Gjöld þau, er innheimta skal samkvæmt III. kafla, skulu renna í sjóð þenna.

Ekki má inna af hendi greiðslur úr framleiðslusjóði örar en tekjur hans innheimtast.

10. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 9. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í seðlabankanum.

Stjórn sjóðsins og greiðslur úr honum skal fela tveimur mönnum, sem ríkisstjórnin skipar.

Kostnað við stjórn og rekstur sjóðsins, svo og annan kostnað, er leiðir af framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sjóðsins.

11. gr.

Verði ágreiningur innan stjórnar sjóðsins um framkvæmdaatriði laga þessara sker ríkisstjórnin úr.

III. KAFLI

12. gr.

Framleisðlusjóði skal aflað tekna á þann hátt, sem segir í 13.—17. gr.

13. gr.

Til ársloka 1956 skal greiða í framleiðslusjóð sem hér segir:

1. Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu, skal greiða 9% framleiðslusjóðsgjald.
2. Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 79/1955, skal greiða 3% framleiðslusjóðsgjald.

Undanþegnar framleiðslusjóðsgjald eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimildin til stöðvunar atvinnurekstrara vegna vanskila.

Á framtali til söluskatts og framleiðslusjóðsgjalds fyrir fyrsta ársfjórðung 1956 skal sundurliða sérstaklega viðskiptin í janúar og sérstaklega viðskiptin í febrúar og marz og skal skattyfirvöldum heimilt að krefja aðila um sams konar sundurliðun á veltu til samanburðar fyrir fyrsta ársfjórðung 1955, ef ástæða þykir til.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta til ársloka 1956 sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna, og innheimtir innflutningskrifstofan það.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.
Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

15. gr.

Eign sjóðs þess, sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 114/1954, skal renna í framleiðslusjóð.

16. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum, sem felast í d-lið 1. gr. laga nr. 91/1955, skal til ársloka 1956 innheimta með 40% álagi.

17. gr.

Innheimta skal af tollverði eftirgreindra vara, sem fluttar eru til landsins, 30% framleiðslusjóðsgjald til ársloka 1956:

1. Af ávöxtum, sem teljast til nr. 1—35 í 8. kafla tollskrár.
2. Af búsáhöldum, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a, 7 og 9—10 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.
3. Af smíðatólum og verkfærum, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla, nr. 3—6 í 71. kafla og nr. 26—27 í 77. kafla.

18. gr.

Eigi mega heildsöluverzlanir, smásöluverzlanir eða iðnfyrirtæki hækka söluverð á innfluttum vörum, sem tollafgreiddar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, eða á vörum, sem framleiddar hafa verið innanlands fyrir þann tíma. Aðilum þeim, sem gjaldskyldir eru í framleiðslusjóð, og smásöluverzlunum ber að skila verðgæzlustjóra öllum verðútreikningum til ársloka 1956, svo að hægt sé ð koma í veg fyrir óeðlilegar verðhækkanir. Innflutningsskrifstofan setur reglur um eftirlit með því, að farið sé eftir þessum fyrirmælum.

19. gr.

Þar, sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum, er átt við ríkisstjórnina í heild.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þessum lögum, varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

21. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 329. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 1. málsgr. orðist svo:
   Hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skal tilkynna það innan 7 daga sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til.
2. Í stað fyrri málsliðar 2. málsgr. komi tveir málsl., svo hljóðandi:
   Nú kemur maður í aðra sveit en heimilissveit til dvalar í tvo mánuði eða lengur, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitar aðsetur sitt. Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í annarri sveit en heimilissveit, þó að hann hafi í fyrstu ekki ætlað sér að dvelja þar svo lengi, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitar aðsetur sitt.
3. 1. málsliður 3. töluliðs 3. málsgr. orðist svo:
   Skólafólk við nám utan heimilissveitar, enda sé dvölin í viðkomandi sveitarfélagi eingöngu eða að mestu vegna námsins.
4. Á eftir 4. tölulið 3. málsgr. komi nýr töluliður, þannig:
   5. Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, enda hafist þeir við í húsnæði vinnuveitanda á vinnustað eða í grennd. Hins vegar eru slíkir starfsmenn við varnarliðsstörf skyldir til að upplýsa vinnuveitanda sinn um heimilisfang sitt og annað það, sem hann þarf á að halda til þess að geta látið í té nákvæmar skrár um starfslið sitt. — Ákvæði þessa töluliðs breytir engu um skyldu venzlaliðs aðkomins starfsmanns við varnarliðsstörf til að tilkynna aðsetursskipti.
5. 4. málsgr. orðist svo:
   Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem taldar eru í 3. málsgr. þessarar greinar, gilda aðeins meðan umgetin atvik eru fyrir hendi. Ef maður dvelst í sveitarfélagi eftir brottfall þess atviks, er gerði hann undanþeginn tilkynningarskyldu, skal hann tilkynna dvalarsveit aðsetur sitt samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. þessarar greinar.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitarinnar brottför sína úr henni innan 7 daga. Þó skal ekki tilkynna brottförina, ef dvöl hlutaðeiganda í sveitarfélaginu, sem hann fer til, er undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt 3. málsgr. 3. gr. og hann hyggst setjast að í sama húsnæði að dvölinni lokinni.

3. gr.

Á 9. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 2. málsgr. orðist svo:
   Hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstakl-

inga í húsnæði hans, þ. e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.

2. Aftan við 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Skylda húsráðanda (húseiganda) til að tilkynna aðsetursskipti samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr. fellur niður, ef hlutaðeigandi sýnir honum, áður en tilkynningarfresti lýkur, kvittun viðkomandi sveitarstjórnar fyrir því, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

4. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Hagstofu Íslands er heimilt að krefjast þess af forstöðumönnum einstakra hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að þeir tilkynni á venjulegan hátt aðsetursskipti allra einstaklinga, sem hverfa úr húsnæði á vegum stofnunarinnar, hvort sem ber að tilkynna þá samkvæmt 9. gr. þessara laga eða ekki. Hagstofu Íslands er enn fremur heimilt að krefjast þess af umræddum aðilum, að þeir afli handa henni upplýsinga um aðsetursskipti starfsmanna stofnunarinnar, sem hafast ekki við í húsnæði á hennar vegum. Þetta tekur þó aðeins til aðsetursskipta í sambandi við það, að starfsmenn hefja störf eða hætta störfum hjá viðkomandi stofnun.

5. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi 4 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Sveitarstjórnir skulu gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um aðsetursskipti innansveitar, sem þeim er kunnugt um, að hafi ekki verið tilkynnt. Þær skulu enn fremur gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um einstaklinga, sem talið er að hafi flutt heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu, ef ástæða er til að ætla, að það hafi ekki verið tilkynnt sveitarstjórn viðkomandi umdæmis. Þó er sveitarstjórn óheimilt að tilkynna brott úr sveitarfélaginu einstakling, sem dvelst í öðru sveitarfélagi vegna veikinda, ef hann nýtur framfærslustyrks frá heimilissveit sinni eða telja má líklegt, að hann verði styrkþegi hennar.

Sveitarstjórnir skulu, ef Hagstofan telur þess þörf, gera ráðstafanir til öflunar upplýsinga um aðsetursskipti, sem vanrækt hefur verið að tilkynna, sbr. 2. málsgr. þessarar greinar.

Aðseturstilkynningar útgefnar af sveitarstjórnum samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar gr. eru fullgild heimild til staðsetningar manna í allsherjarspjaldskránni, að svo miklu leyti sem öruggari vitneskja samkvæmt tilkynningum hlutaðeiganda sjálfra er ekki fyrir hendi.

Tilkynningum samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar gr. skal hagað í samræmi við nánari fyrirmæli Hagstofu Íslands þar að lútandi.

6. gr.

2. og 3. málsliður 1. málsgr. 17. gr. falli niður, og í þess stað komi:

Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsgr. þessarar gr. Sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir til dómara, rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 330. Frumvarp til laga [103. mál]

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 278 með þessari breytingu:

46. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 50000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur heimild til að lækka bótagreiðslur eftir lögum þessum eða fella þær alveg niður, ef réttarrannsókn sannar, að bótaþegi hafi af ásettu ráði eða vítaverðu hirðuleysi brotið fyrirmæli laganna eða fyrirmæli sauðfjársjúkdómanefndar.

Ed. 331. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til laga um kirkjuítök og sölu þeirra.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna „rennur til kirkna þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt á milli þeirra“ komi: rennur til þeirrar kirkju, sem ítakið á.

Nd. 332. Frumvarp til laga [107. mál]

um kirkjuítök og sölu þeirra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Kirkjuítak er ítak, sem kirkja á.

2. gr.

Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur.

Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nytjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engjateiga, afréttar- eða beitilands, ef eigi eru sérstök býli, sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til þeirrar kirkju, sem ítakið á. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.

Ed. 333. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og l. nr. 55 20. apríl 1954, um breyt. á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Fyrir orðin „um Norður-Þingeyjarsýslu“ kemur: til þeirra staða.
2. Við 5. gr. Fyrir orðin „þá hreppa“ kemur: nálæga hreppa.

Alþingi, 31. jan. 1956.

Gísli Jónsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Hermann Jónasson, frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Ed. 334. Breytingartillaga [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og l. nr. 55 20. apríl 1954, um breyt. á þeim lögum.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 5. gr. Aftan við gr. bætist: enda sé tryggt, að eftir sem áður sé nægileg raforka fyrir orkusvæði Þverár í Strandasýslu.

Ed. 335. Breytingartillögur [146. mál]

við frv. til l. um framleiðslusjóð.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 5. gr. Greinin falli niður.
2. Við 7. gr. Greinin falli niður.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt lögum þessum er, að útgerðarmenn og eigendur fiskvinnslustöðva séu félagar í sameignarfélagi, sem stofnað sé í hverri verstöð. Stjórn hvers félags skipa þrír menn, og skal einn þeirra kosinn af útgerðarmönnum og eigendum fiskvinnslustöðva, annar af sjómannafélögum verstöðvarinnar og hinn þriðji af ríkisstjórninni, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin á aðgang að reikningum allra þátttakenda í félaginu og hefur úrskurðarvald um einstaka kostnaðarliði þeirra. Henni er enn fremur rétt og skylt að rannsaka rekstrarfyrirkomulag sérhvers félaga og miða viðurkenningu sína á réttmæti einstakra kostnaðarliða í reikningum þeirra við það, að um hagkvæman rekstur sé að ræða. Komi í ljós, að tekjuafgangur verði hjá félaga sameignarfélagsins, skal hann greiddur framleiðslusjóði, en þó aldrei hærri upphæð en nemur aðstoð þeirri, er hlutaðeigandi hefur fengið úr sjóðnum.

4. Við 13. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórnin skipar eftir tilnefningu þingflokkanna 5 manna nefnd til að undirbúa lagasetningu um skatt á verðbólgugróða, og skal hún hafa lokið störfum fyrir 15. febrúar n. k. Skatturinn skal lagður á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1955, vera stighækkandi og nema sem næst 85 millj. kr. samtals. Skatturinn skal þó aðeins lagður á þá skattþegna, sem hafa aukið skuldlausa eign sína um meira en 300 þús. kr. á þessu tímabili. Við ákvörðun eignaaukans skal miðað við gangverð eigna. Í lögunum skal vera heimild til þess að framkvæmt birgðatalningu og skrásetningu verðbréfa.
5. Við 16. gr. Greinin falli niður.
6. Við 17. gr. Greinin falli niður.
7. Við 18. gr. Greinin falli niður.

Ed. **336. Lög** [146. mál]

um framleiðslusjóð.

(Afgreidd frá Ed. 31. jan.)

Samhljóða þskj. 328.

Sþ. **337. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1956.

(Afgreidd 1. febr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1956 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	104 600 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 10200000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 5100000		
		5 100 000	
			109 700 000
3.	Vörumagnstollur	34 500 000	
4.	Verðtollur	187 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	16 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	10 000 000	
			247 500 000
7.	Lestagjald af skipum	300 000	
8.	Bifreiðaskattur	11 500 000	
			11 800 000
9.	Aukatekjur	9 500 000	
10.	Stimpilgjald	13 500 000	
11.	Vitagjald	1 700 000	
12.	Leyfisbréfagjald	500 000	
13.	Útflutningsleyfagjöld	700 000	
			25 900 000
14.	Söluskattur		120 000 000
15.	Leyfisgjöld		6 500 000
	Samtals ...	. . .	521 400 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	6 438 000	
2.	— áfengisverzlunar	76 000 000	
3.	— tóbakseinkasölu	49 000 000	
4.	— ríkisprentsmiðju	400 000	
5.	— ríkisbúa	48 988	131 886 988
	÷ Rekstrarhalli póstsjóðs		134 000
	Samtals ...	. . .	131 752 988
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		14 570 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	600 000	
	2. Pósthúsið í Reykjavík	6 400 000	
	3. Önnur pósthús	3 500 000	
	4. Póstflutningar	3 300 000	
	5. Önnur gjöld	900 000	
	6. Fyrning af fasteignum	4 000	14 704 000
	Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	134 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		54 000 000
II.	Gjöld:		
	a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
	1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans 2217000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík ... 5375000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík ... 550000		
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík ... 1180000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði ... 11800000		
	6. Birgðahúsið ... 600000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri ... 1400000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ... 710000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði ... 770000		
	10. Símastöðin í Hrútafirði ... 485000		
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum ... 810000		
	12. Símastöðin á Siglufirði ... 810000		
	13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva ... 6550000	33 257 000	
	b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ...	750 000	
	c. Viðbót og viðhald stöðva ...	2 700 000	
	d. Viðhald landssímanna ...	8 500 000	
	e. Framhaldsgjald ...	250 000	
	f. Ýmis gjöld ...	300 000	
	g. Fyrning á húsum og áhöldum ...	640 000	
	h. Vextir af lánum ...	605 000	

3. gr.

	kr.	kr.
i. Almannatryggingar	480 000	
j. Atvinnuleysistryggingasjóður	80 000	
		47 562 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	6 438 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		950 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 950 000
III. Til talstöðva í báta og skip		200 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		150 000
V. Til nýrra landssímalína		550 000
VI. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum		2 200 000
VII. Til undirbúnings stuttbylgjusambandi við Hornafjörð		600 000
VIII. Til undirbúnings stuttbylgjusambandi við Borgarnes		100 000
IX. Til stækkunar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík		2 700 000
X. Til útgáfu 50 ára minningarrits Landssíma Íslands		200 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	9 600 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		86 914 798
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun með uppbót 1905192		
b. Verðlagsuppbót 1449606	3 354 798	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	760 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	1 500 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs	1 500 000	
5. Útsvar	3 800 000	
		10 914 798
Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 10. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að úrslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.		
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	76 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		54 405 953
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun með uppbót 661617		
b. Verðlagsuppbót 494336	1 155 953	
2. Annar rekstrarkostnaður	1 800 000	
3. Útsvar	2 450 000	
		5 405 953
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	49 000 000

3. gr.

		kr.	kr.
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		7 600 000	
b. Aðrar tekjur		3 500 000	
			11 100 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	1823400		
2. Verðlagsuppbót	1330245		
3. Aukavinna	350000		
		3 503 645	
b. Útvarpsefni		1 850 000	
c. Skrifstofukostnaður		600 000	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		520 000	
e. Til útvarpsstöðva		1 300 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl.		300 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins		210 000	
h. Vegna höfundalaganna		400 000	
i. Óviss útgjöld		150 000	
j. Bifreiðakostnaður		125 000	
k. Fyrning á húsum og vélum		140 000	
			9 098 645
			2 001 355
III. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:			
a. Tekjur		970 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	294840		
b. Verðlagsuppbót	222351		
	517191		
2. Efni	200000		
3. Annar kostnaður	250000		
		967 191	
			2 809
IV. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		1 260 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	220230		
b. Verðlagsuppbót	165228		
	385458		
2. Annar kostnaður	226542		
		612 000	
		648 000	
Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins		648 000	
			2 004 164
Til framkvæmdasjóðs			1 000 000
Aukið rekstrarfé ríkisútvarpsins			1 004 164

3. gr.

			kr.	kr.
6. Ríkisprentmiðjan Gutenberg.				
I. Tekjur (prentvinna)				4 550 000
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna:				
1. Grunnlaun með uppbót ...	194510			
2. Verðlagsuppbót	140744			
		335254		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:				
1. Grunnlaun	1360000			
2. Verðlagsuppbót	992800			
		2352800		
			2 688 054	
2. Efnivörur			815 000	
3. Vélarekstur og viðhald			140 000	
4. Annar kostnaður			418 946	
5. Fyrning			88 000	
				4 150 000
Fært á 3. gr. A. 4			. . .	400 000
7. Áburðarsala ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót	115680			
2. Verðlagsuppbót	86294			
		201974		
b. Annar kostnaður		498026		
			700 000	
÷ Tekjur af vörusölu			700 000	
8. Grænmetisverzlun ríkisins.				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót	173520			
2. Verðlagsuppbót	129440			
		302960		
b. Annar kostnaður		547040		
			850 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum			850 000	
9. Landssmiðjan.				
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)				3 720 000
II. Gjöld:				
1. Laun starfsmanna:				
a. Grunnlaun með uppbót		383400		
b. Verðlagsuppbót		276345		
			659 745	
2. Vextir			330 000	
3. Fyrning			750 000	
4. Annar kostnaður			1 690 000	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar			290 255	
				3 720 000

3. gr.

	kr.	kr.
10. Tunnuverksmiðjur ríkisins.		
I. Tekjur		7 067 130
II. Gjöld:		
1. Laun og skrifstofukostnaður	57 400	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)	4 750 000	
3. Verkalaun	1 236 000	
4. Annar kostnaður	1 023 730	
		7 067 130
11. Innkaupastofnun ríkisins.		
I. Tekjur af vörusölu		320 977
II. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót 95760		
b. Verðlagsuppbót 65217		
	160 977	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	50 000	
3. Annar kostnaður	110 000	
		320 977
12. Ríkisbú.		
a. Á Bessastöðum.		
1. Tekjur	477 000	
2. Gjöld	472 912	
		4 088
b. Á Hvanneyri.		
1. Tekjur	900 000	
2. Gjöld	897 000	
		3 000
c. Á Hólum.		
1. Tekjur	440 000	
2. Gjöld	435 000	
		5 000
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur	330 000	
2. Gjöld	320 000	
		10 000
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur	704 000	
2. Gjöld	695 000	
		9 000
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur	110 000	
2. Gjöld	98 100	
		11 900
g. Á Kleppi.		
1. Tekjur	486 000	
2. Gjöld	480 000	
		6 000
Fært á 3. gr. A. 5	. . .	48 988
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		40 000
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands, 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir		1 500 000
4. Arður af hlutafjáreign		263 000
Samtals ...	. . .	1 983 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 4 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1956 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		2 526 890
2. Lán í dönskum krónum		119 912
3. Lán í dollurum		25 703
Samtals ...	. . .	2 672 505

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	142 740	
2. Risna	70 000	
		212 740
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík		160 000
III. Bifreiðakostnaður		180 000
IV. Forsetasetrið á Bessastöðum		300 000
V. Bessastaðakirkja		25 000
Samtals ...	. . .	877 740

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		5 850 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		50 000
3. Fyrning á alþingishúsi		2 797
Samtals ...	. . .	5 902 797

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	324000			
2. Verðlagsuppbót	178200			
		502200		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		80000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1260			
		4260		
d. Ríkisráð		9000		
			595 460	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	174960			
2. Verðlagsuppbót	123559			
		298519		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	412920			
2. Verðlagsuppbót	305925			
		718845		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	307440			
2. Verðlagsuppbót	218106			
		525546		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	316620			
2. Verðlagsuppbót	229322			
		545942		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	687780			
2. Verðlagsuppbót	504022			
		1191802		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun með uppbót	167940			
2. Verðlagsuppbót	121590			
	289530			
b. Fálkaorðan	30000			
		319530		
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	94320			
2. Verðlagsuppbót	65965			
		160285		
g. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	340137			
2. Verðlagsuppbót	232227			
		572364		

10. gr.

		kr.	kr.
h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	329160		
2. Verðlagsuppbót	129327		
	458487		
i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	127440		
2. Verðlagsuppbót	90739		
	218179		
j. Aðrir starfsmenn, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	66960		
2. Verðlagsuppbót	53424		
	120384		
k. Símakostnaður og burðargjöld	520000		
l. Annar kostnaður ráðuneytanna	1500000		
		7 149 883	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	558510		
2. Verðlagsuppbót	406154		
	964664		
b. Annar kostnaður	150000		
		1 114 664	
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)	100000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi ...	225000		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	100000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað	2379		
		427 379	
			9 287 386
II. Hagstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	479190		
2. Verðlagsuppbót	355271		
		834 461	
b. Aukaaðstoð		48 300	
c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		115 000	
d. Prentun eyðublaða		18 000	
e. Húsaleiga, hiti og ljós		80 000	
f. Annar kostnaður		121 000	
			1 216 761
III. Utanríkismál:			
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	312300		
b. Laun starfsfólks utan launalaga	46800		
c. Annar kostnaður	45100		
		404 200	

10. gr.

		kr.	kr.
2.	Sendiráðið í Stokkhólmi:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	308320	
	b. Laun annarra starfsmanna	37482	
	c. Annar kostnaður	96000	
			441 802
3.	Sendiráðið í London:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	374885	
	b. Laun annarra starfsmanna	123330	
	c. Annar kostnaður	130000	
			628 215
4.	Sendiráðið í Washington:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	489640	
	b. Laun annarra starfsmanna	156970	
	c. Annar kostnaður	88000	
			734 610
5.	Sendiráðið í París:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	689682	
	b. Laun annarra starfsmanna	122700	
	c. Annar kostnaður	165000	
			977 382
6.	Sendiráðið í Osló:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	284654	
	b. Laun annarra starfsmanna	10282	
	c. Annar kostnaður	60000	
			354 936
7.	Sendiráðið í Vestur-Þýzkalandi:		
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	308320	
	b. Laun annarra starfsmanna	37482	
	c. Annar kostnaður	280000	
			625 802
8.	Sendiráðið í Moskva:		
	a. Laun samkv. launalögum	660960	
	b. Laun annarra starfsmanna	181970	
	c. Annar kostnaður	314970	
			1 157 900
9.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York:		
	a. Laun samkv. launalögum	46700	
	b. Annar kostnaður	44720	
			91 420
10.	Ræðismannsskrifstofa í Hamborg		80 000
11.	Skrifstofa fulltrúa Íslands hjá NATO:		
	a. Laun samkv. launalögum	323800	
	b. Annar kostnaður	55800	
			379 600
12.	Ferðakostnaður		150 000
13.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins		500 000

10. gr.

		kr.	kr.
14.	Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins	600 000	
15.	Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi	100 000	
16.	Til kaupa á kvikmynd fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar	35 000	
17.	Til kjörræðismanna	17 400	
18.	Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins og annar utanfararkostnaður	300 000	
			7 578 267
	Samtals ...	. . .	18 082 414

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 354240		
2. Verðlagsuppbót 212023		
	566 263	
b. Risna dómsforseta	10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	170 000	
d. Annar kostnaður	135 000	
e. Til viðgerða á dómhúsinu	55 000	
		936 263
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 375000		
2. Verðlagsuppbót 278783		
	653 783	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	225 000	
c. Annar kostnaður	120 000	
		998 783
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 340253		
2. Verðlagsuppbót 241468		
	581 721	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	60 000	
c. Annar kostnaður	45 000	
		686 721
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 492300		
2. Verðlagsuppbót 358565		
	850 865	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	184 000	
c. Til kaupa á bifreið	80 000	
d. Annar kostnaður	310 000	
		1 424 865
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 360972		
2. Verðlagsuppbót 263409		
	624 381	
b. Aukavinna	75 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður	180 000	
d. Annar kostnaður	100 000	
		979 381
6. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót 121361		
2. Verðlagsuppbót 89069		
	210 430	

11. gr.

		kr.	kr.
b. Hiti, ljós og ræsting		120 000	
c. Annar kostnaður		75 000	
			405 430
7. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	874800		
2. Verðlagsuppbót	613750		
		1 488 550	
b. Skrifstofukostnaður:			
1. Grunnlaun með uppbót	2097240		
2. Verðlagsuppbót	1542802		
3. Annar kostnaður	1430000		
	5070042		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins	700000		
		4 370 042	
c. Einkennisbúningar héraðsdómara		50 000	
d. Viðhald embættisbústaða		300 000	
			6 208 592
8. Laun hreppstjóra:			
a. Grunnlaun með uppbót		577 000	
b. Verðlagsuppbót		421 210	
			998 210
9. Lögreglukostnaður:			
a. Ríkislögreglan í Reykjavík:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun með uppbót	955755		
b. Verðlagsuppbót	700436		
	1656191		
2. Álag á næturvinnu og aukavinna	220000		
3. Einkennisfatnaður og tryggingar	170000		
4. Bifreiðakostnaður	420000		
5. Æfingaskáli og gufubaðstofa	25000		
6. Kostnaður vegna kvenlögreglu	15000		
7. Áhöld, námskeiðskostnaður o. fl.	85000		
		2 591 191	
b. Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun með uppbót	837450		
b. Verðlagsuppbót	624720		
	1462170		
2. Álag á næturvinnu	162000		
3. Einkennisfatnaður	136500		
4. Bifreiðakostnaður og tryggingar	300000		
5. Fæðisstyrkur lögreglumanna	281400		
6. Annar kostnaður	50000		
		2 392 070	
c. Ríkislögreglan á Akureyri, Hafnarfirði og Siglufirði:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun með uppbót	140400		
b. Verðlagsuppbót	103295		
	243695		

11. gr.

		kr.	kr.
2. Einkennisfatnaður og tryggingar	25000		
3. Álag á næturvinnu	22000		
		290 695	
d. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði		60 000	
e. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Raufarhöfn		25 000	
f. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Seyðisfirði og Vopnafirði		50 000	
g. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Þórshöfn		15 000	
h. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Húsavík		15 000	
i. Til sumarlöggæzlu í Neskaupstað		10 000	
j. Til sumarlöggæzlu í Ólafsfirði		10 000	
k. Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð		20 000	
l. Kostnaður við löggæzlu í Sandgerði á vertíðum		20 000	
m. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík		1 660 000	
n. Til kaupa á talstöðvum í bifreiðar		35 000	
o. Ýmis annar lögreglukostnaður		400 000	
			7 593 956
10. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu			11 700 000
11. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	114480		
b. Verðlagsuppbót	84053		
	198533		
2. Annar kostnaður	250000		
	448533		
(Þar af fyrning kr. 1144.)			
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	224266		
		224 267	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	254880		
b. Verðlagsuppbót	187349		
	442229		
2. Annar kostnaður	550000		
	992229		
(Þar af fyrning kr. 806.)			
÷ Tekjur	221000		
		771 229	
c. Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju		630 000	
d. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaður		59 115	
e. Kostnaður við önnur fangahús		50 000	
			1 734 611
12. Til byggingar fangahúsa			500 000
13. Kostnaður við sakamál og lögreglumál		750 000	
÷ Endurgreiddur málskostnaður		250 000	
			500 000
14. Til fangahjálpar, samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra			60 000
15. Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum			70 000

11. gr.

		kr.	kr.
16.	Laun sjó- og verzlunardómsmanna		100 000
17.	Kostnaður við störf setu- og varadómara		150 000
18.	Kostnaður við félagsdóm:		
	a. Laun félagsdómsmanna	60 000	
	b. Annar kostnaður	10 000	
			70 000
19.	a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:		
	1. Grunnlaun 17250		
	2. Verðlagsuppbót 3967		
		21 217	
	b. Annar kostnaður	50 000	
			71 217
20.	Kostnaður við útgáfu lagasafns		400 000
21.	Til prentunar efnisyfirlits yfir hæstaréttardóma		260 000
	Samtals A.	. . .	35 848 029
	B. Opinbert eftirlit.		
1.	Skipaskoðun ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun með uppbót 266228		
	2. Verðlagsuppbót 191492		
		457 720	
	b. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði (áætlað)	83 000	
	c. Ferðakostnaður	35 000	
	d. Annar kostnaður	50 000	
		625 720	
	÷ Tekjur	210 000	
			415 720
2.	Öryggiseftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun með uppbót 187920		
	2. Verðlagsuppbót 137970		
		325 890	
	b. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði (áætlað)	45 000	
	c. Annar kostnaður	150 000	
		520 890	
	÷ Tekjur	520 890	
3.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun með uppbót 486720		
	2. Verðlagsuppbót 359587		
		846 307	
	b. Annar kostnaður	570 000	
		1 416 307	
	÷ Tekjur	1 416 307	

		kr.	kr.
4. Löggildingarstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	157680		
2. Verðlagsuppbót	126475		
		284 155	
b. Annar kostnaður		140 000	
		424 155	
÷ Tekjur		200 000	
			224 155
5. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	217800		
2. Verðlagsuppbót	103976		
		321 776	
b. Ferðakostnaður við eftirlit		40 000	
c. Mælingarkostnaður, helmingsþátttaka ríkissjóðs		60 000	
d. Annar kostnaður		120 000	
		541 776	
÷ Tekjur		541 776	
6. Matvælaeftirlitið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	59400		
2. Verðlagsuppbót	40020		
		99 420	
b. Annar kostnaður		140 000	
			239 420
7. Kostnaður við mat á afurðum:			
a. Fiskmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	363800		
b. Verðlagsuppbót	263443		
	627243		
2. Skrifstofukostnaður	122000		
3. Kostnaður við eftirlit með fiskaðgerð o. fl. samkvæmt 12. gr. laga um fiskmat frá 5. apríl 1948	8000		
4. Kostnaður við tilraunir með nýjar verkunaraðferðir samkv. 15. gr. sömu laga	10000		
5. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna	30000		
6. Ferðakostnaður	250000		
		1 047 243	
b. Síldarmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	30240		
b. Verðlagsuppbót	22075		
	52315		
2. Tímakaup matsmanna	170000		
3. Annar kostnaður	35000		
	257315		
÷ Tekjur	100000		
		157 315	

11. gr.

		kr.	kr.
c. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun með uppbót	16200		
2. Verðlagsuppbót	11825		
		28 025	
d. Laun ullarmatsmanna:			
1. Grunnlaun með uppbót	24120		
2. Verðlagsuppbót	17607		
		41 727	
e. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun með uppbót	9000		
2. Verðlagsuppbót	2070		
		11 070	
f. Ferðakostnaður matsmanna		100 000	
			1 385 380
8. Kostnaður við vörumerkjaskráningu			12 000
9. Eftirlit með opinberum sjóðum			12 000
10. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	42120		
2. Verðlagsuppbót	30989		
		73 109	
b. Annar kostnaður		156 000	
			229 109
11. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	23760		
2. Verðlagsuppbót	18152		
		41 912	
b. Ferðakostnaður		5 000	
			46 912
12. Húsaleigueftirlit			148 000
13. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			25 000
Samtals B. ...		. . .	2 737 696
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.			
I. Tollar:			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun með uppbót	1906350		
b. Verðlagsuppbót	1417950		
	3324300		
2. Lausavinna	125000		
3. Húsaleiga, ljós og hiti	160000		
4. Símakostnaður og burðargjöld	120000		
5. Annar kostnaður	655000		
		4 384 300	

11. gr.

			kr.	kr.
b. Tollgæzla:				
1. Í Reykjavík:				
a. Laun tollgæzlumanna:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	1286975			
2. Verðlagsuppbót	948474			
		2235449		
b. Húsaleiga, ljós og hiti		300000		
c. Símakostnaður		20000		
d. Kostnaður við tollbáta		70000		
e. Annar kostnaður		650000		
			3 275 449	
2. Á Keflavíkurflugvelli:				
a. Laun tollgæzlumanna:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	263700			
2. Verðlagsuppbót	195341			
		459041		
b. Einkennisfatnaður		35100		
c. Hiti og ljós		20000		
d. Fæðisstyrkur tollvarða		84000		
e. Annar kostnaður		75000		
			673 141	
3. Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:				
a. Laun tollgæzlumanna:				
1. Grunnlaun með uppbót ..	305190			
2. Verðlagsuppbót	224296			
		529486		
b. Annar kostnaður		350000		
			879 486	
				9 212 376
II. Skattar:				
a. Ríkisskattanefnd:				
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:				
a. Grunnlaun með uppbót	179520			
b. Verðlagsuppbót	88619			
		268139		
2. Annar kostnaður		68000		
			336 139	
b. Skattstofan í Reykjavík:				
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:				
a. Grunnlaun með uppbót	863640			
b. Verðlagsuppbót	640748			
		1504388		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		310000		
3. Tímavinna		800000		
4. Annar kostnaður		280000		
		2894388		
÷ Hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum		550000		
			2 344 388	

11. gr.

	kr.	kr.
c. Skattstofur utan Reykjavíkur	875 000	
d. Undirskattanefndir	990 000	
e. Yfirskattanefndir	350 000	
f. Millimatskostnaður	575 000	
		5 470 527
Samtals C. ...	. . .	14 682 903
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		675 000
Samtals D. ...	. . .	675 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
I. Landlæknisembættið:			
a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
1. Grunnlaun með uppbót	74880		
2. Verðlagsuppbót	48705		
		123 585	
b. Annar kostnaður		40 000	
			163 585
II. Héraðslæknar:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	2110950		
b. Verðlagsuppbót	1504825		
		3 615 775	
2. Símakostnaður og burðargjöld		20 000	
			3 635 775
III. Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð ..			70 000
IV. Ríkisspítalar:			
A. Landsspítalinn:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 3276278			
b. Verðlagsuppbót 2347846			
5624124			
÷ Hlunnindi 64000			
	5560124		
2. Matvörur	950000		
3. Ljósmæðraskólinn	120000		
4. Til að kaupa sótthreinsunarofn ..	200000		
5. Annar kostnaður	4450000		
	11280124		
÷ Tekjur	6675000		
Rekstrarhalli ...		4 605 124	
B. Fæðingardeild Landsspítalans:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 1267130			
b. Verðlagsuppbót 920723			
2187853			
÷ Hlunnindi 33000			
	2154853		
2. Fæðiskostnaður	585600		
3. Annar kostnaður	1390000		
	4130453		
÷ Tekjur	2900000		
	1230453		
÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrarhalla	820302		
Rekstrarhalli ...		410 151	

12. gr.

		kr.	kr.
C. Hjúkrunarkvennaskóli Íslands:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	297111		
b. Verðlagsuppbót	222672		
	519783		
2. Fæðiskostnaður	150000		
3. Annar kostnaður	200000		
		869 783	
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 1694424			
b. Verðlagsuppbót 1252896			
2947320			
÷ Hlunnindi 500000			
	2447320		
2. Matvörur	1100000		
3. Annar kostnaður	1450000		
	4997320		
÷ Tekjur	2847000		
Rekstrarhalli ...		2 150 320	
E. Heilsuhælið á Kristnesi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 639268			
b. Verðlagsuppbót 464337			
1103605			
÷ Hlunnindi 138605			
	965000		
2. Matvörur	450000		
3. Annar kostnaður	397000		
	1812000		
÷ Tekjur	950000		
Rekstrarhalli ...		862 000	
F. Geðveikrahælið á Kleppi:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 2748737			
b. Verðlagsuppbót 2022177			
4770914			
÷ Hlunnindi 485000			
	4285914		
2. Matvörur	1700000		
3. Annar kostnaður	1840000		
	7825914		
÷ Tekjur	6770000		
Rekstrarhalli ...		1 055 914	

12. gr.

			kr.	kr.
G. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun með uppbót	134800			
b. Verðlagsuppbót	98500			
	233300			
÷ Hlunnindi	27300			
		206000		
2. Matvörur		40000		
3. Annar kostnaður		70000		
Rekstrarhalli ...			316 000	
H. Fávitahælið í Kópavogi:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun með uppbót	727325			
b. Verðlagsuppbót	541101			
	1268426			
÷ Hlunnindi	135000			
		1133426		
2. Matvörur		290000		
3. Annar kostnaður		250800		
		1674226		
÷ Tekjur		1235000		
Rekstrarhalli ...			439 226	
I. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun með uppbót	256300			
b. Verðlagsuppbót	190700			
	447000			
÷ Hlunnindi	62460			
		384540		
2. Matvörur		108000		
3. Annar kostnaður		65000		
		557540		
÷ Tekjur		520000		
Rekstrarhalli ...			37 540	
J. Blóðbankinn:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun með uppbót	140900			
b. Verðlagsuppbót	104400			
		245300		
2. Annar kostnaður		121000		
		366300		
÷ Tekjur		160000		
			206 300	
				10 952 358

12. gr.

		kr.	kr.
V.	Til berklavarna:		
	a. Styrkur til berklasjúklinga (áætlað)	5 617 600	
	b. Styrkur samkv. 19. gr. laga 66/1939	10 000	
	c. Laun:		
	1. Grunnlaun með uppbót 131640		
	2. Verðlagsuppbót 82116		
	3. Aukaþóknun 18000		
		231 756	
	d. Sýklarannsóknir	70 000	
	e. Annar kostnaður	90 000	
			6 019 356
VI.	Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78/1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (áætlað)		12 632 800
VII.	Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. lögum		2 000 000
VIII.	Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
	a. Reykjavík	500 000	
	b. Aðrir kaupstaðir	500 000	
			1 000 000
	Skilyrði fyrir styrknum er það, að heilsuverndarstöðvar reki berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og hagi störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
IX.	Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa		2 300 000
X.	Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri		575 000
XI.	Til heilbrigðisstofnana í Reykjavík		1 500 000
XII.	Til héraðshjúkrunarkvenna		75 000
XIII.	Til hreppsnefndar Hveragerðishrepps til stofnkostnaðar vegna leirbaða		50 000
XIV.	Til fávitahælis í Skálatúni, byggingarstyrkur		60 000
XV.	Til ónæmisaðgerða:		
	a. Samkvæmt lögum nr. 36/1950	40 000	
	b. Til bólusetningar gegn mænusótt	200 000	
			240 000
XVI.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum sóttvarnarlaga, nr. 34 12. apríl 1954		50 000
XVII.	Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum laga nr. 66/1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		25 000
XVIII.	Til lækningaferða sérfræðinga		25 000
XIX.	Laun kynsjúkdómalæknis:		
	a. Grunnlaun með uppbót	30 132	
	b. Verðlagsuppbót	21 996	
	c. Annar kostnaður	5 000	
			57 128
XXXVIII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

XXXIX. Að afhenda Tónlistarfélaginu húseignina Þrúðvang við Laufásveg í Reykjavík.

XL. Að verja öllu 10% álagi á skemmtanaskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 115 29. des. 1951, til Sinfóníuhljómsveitar, enda verði samkomulag við aðra aðila um rekstur sveitarinnar og fjárframlög til hennar.

XLI. Að greiða að fullu úr ríkissjóði kostnað við tilraun samkvæmt XVI. lið 22. greinar fjárlaga fyrir árið 1951.

XLII. Að veita eftirtalin lán af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1955:
a. Ræktunarsjóði 22 millj. kr.
b. Veðdeild Búnaðarbanka Íslands 2 millj. kr.
c. Fiskveiðasjóði Íslands 10 millj. kr.
d. Til íbúðalána samkv. lögum nr. 55/1955 13 millj. kr., enda skal fjárhæð þessari skipt til A-lána samkv. I. kafla laganna og til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum samkv. II. kafla í sömu hlutföllum og fé hefur verið heitið til þessa samkvæmt lögum og samningum við bankana.

Ríkisstjórnin ákveður, með hvaða kjörum lán þessi verða veitt.

XLIII. Að greiða 1.2 millj. kr. upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar.

XLIV. Að greiða 1.5 millj. kr. upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir.

XLV. Að leggja fram allt að 5 millj. kr. til stofnunar framkvæmdasjóðs til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar.

23. gr.

Heimilt er á árinu 1956 að greiða á laun starfsmanna ríkisins 20% grunnlaunauppbót, enda skal lágmarksvinnutími samkvæmt 1. gr. I. reglugerðar nr. 45/1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136/1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1956 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

Nú koma ný launalög í gildi á árinu 1956, og fellur þá niður heimild sú, er felst í 1. málsgr. þessarar greinar. Halda skulu þó gildi sínu ákvæði málsgreinarinnar um vinnutíma.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1955 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Sþ. 338. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um endurskoðun laga um fiskmat.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um fiskmat. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, þriðji tilnefndur af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og hinn fjórði af Farmanna- og

fiskimannasambandi Íslands. Fimmta manninn skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefnd þessi skal miða störf sín við það að finna leiðir til að bæta úr ágöllum þeim, sem fram þykja hafa komið á íslenzkri fiskframleiðslu og íslenzku fiskmati undanfarin ár. Skal hún meðal annars athuga, hvort ekki sé kleift og líklegt til bóta, að fiskmatsmenn verði alls staðar þar sem við verður komið, opinberir starfsmenn, er fái laun greidd úr ríkissjóði.

Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað áliti sínu fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Þarflaust er að fara um það mörgum orðum, hversu mikilvægt það er okkur Íslendingum, að aðalútflutningsvara þjóðarinnar, fiskur og fiskafurðir, sé jafnan góð og óskemmd vara, er samsvari fyllilega þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar í markaðslöndum okkar. Við erum að því leyti vel settir, að fiskimiðin við strendur landsins eru ekki aðeins auðug, þegar rányrkja nær ekki að spilla þeim, heldur eru ýmsar þær fisktegundir, er hér veiðast, í eðli sínu mjög góð markaðsvara. Allt fram að síðustu heimsstyrjöld var það og ríkjandi skoðun í viðskiptalöndum okkar, að íslenzkur fiskur væri gæðavara. Ollu því ekki einungis eðliskostir hans, heldur hafði einnig svo vel tekizt til, að með ströngu fiskmati um langt skeið hafði framleiðendum lærzt að vanda fiskverkunina sem bezt. Má nefna um það mörg dæmi, að erlendir aðilar treystu þá íslenzku fiskmati mjög vel og litu almennt svo á, samkvæmt langri reynslu, að vottorð þess væri fullgild sönnun fyrir vörugæðum. Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar breyttist þetta því miður mjög til hins verra. Þá var allur fiskur auðseljanlegur, hvort sem hann var fyrsta flokks eða ekki. Freistuðust þá margir framleiðendur til þess að slaka á þeim kröfum, sem áður höfðu verið gerðar um fiskmeðferð, og fiskmatið virðist ekki hafa haft bolmagn til að hamla þar nógu vel á móti. Síðan hefur ekki tekizt að koma á þeirri vöruvöndun við fiskverkun, sem áður var að heita mátti algild regla. Hvað eftir annað hafa komið fram skemmdir í fiski og fiskafurðum, sem valdið hafa miklu beinu tjóni, auk þess sem íslenzk útflutningsframleiðsla hefur beðið álitshnekki. Virðist auðsætt, að þessi mál beri að taka svo föstum tökum sem kostur er, þar eð hér er ákaflega mikið í húfi. Má einskis láta ófreistað, sem stuðlað gæti að því, að íslenzkur fiskur og fiskafurðir geti að nýju skipað þann sess, sem áður var, meðan þessi mikilvæga framleiðslugrein var í mestu áliti hjá viðskiptaþjóðum okkar.

Þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, er fram borin í því skyni, að fram verði látin fara rækileg athugun á því, með hverjum hætti helzt verði komið í veg fyrir þá galla, sem reynzt hafa á framleiðslu fisks og fiskafurða á undanförnum árum. Virðist þá rétt að hefjast handa á því, að athuguð séu af þar til hæfum mönnum gildandi lög og reglur um fiskmat, svo að í ljós komi, hvort ekki megi með breyttri tilhögun gera fiskmatið öruggara og virkara en það virðist nú vera. Þrátt fyrir fyrirsögn tillögunnar telja flm. ekki ástæðu til, að nefnd sú, sem kæmi til með að fjalla um þetta mál, einskorðaði athuganir sínar við fiskmatið eitt. Er og í tillögugreininni svo að orði kveðið, að nefndin skuli leitast við að finna leiðir til að bæta úr göllum þeim, sem fram hafa komið á íslenzkri fiskframleiðslu undanfarin ár. Nefndinni er því ætlað að koma með ábendingar og tillögur varðandi þetta efni, þótt ekki snerti þær allar sjálft fiskmatið.

Í tillögugreininni er bent á eitt atriði sérstaklega, sem nefndinni er ætlað að fjalla um. Eins og kunnugt er, taka hinir almennu fiskmatsmenn nú laun með þeim hætti, að þau eru greidd af þeim fiskframleiðanda, sem þeir vinna hjá hverju sinni. Allvíða, t. d. í ýmsum hraðfrystihúsum, mun tilhögunin vera sú, að verkstjórar frystihúsanna sjálfir eru þar jafnframt matsmenn, eiga með öðrum orðum að meta eigin framleiðslu. Er hverjum manni auðsætt, hversu heppilegt það muni vera, eink-

um þar sem stjórnendur og eigendur frystihúsa kynnu sumir hverjir að leggja meiri áherzlu á vinnuafköst og framleiðslumagn en vandaða meðferð vörunnar. Hitt virðist einnig mjög vafasamt fyrirkomulag, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að fiskmatsmenn séu launaðir beint af þeim aðila, sem þeir eigi að meta hjá og hafa eftirlit með. Enda þótt menn vilja vinna störf sín samvizkusamlega, eru þeir með þessu móti háðari fiskeiganda en góðu hófi gegnir. Eru þess og dæmi, að skapmiklir fiskframleiðendur hafa beinlínis rekið brott fiskmatsmann, er þeim hafði verið sendur, sakir þess að hann þótti of strangur, en krafizt þess að fá annan, sem þeim var betur að skapi.

Virðist ærin ástæða til að breyta þessu fyrirkomulagi, svo að fiskmatsmenn verði algerlega óháðir fiskeigendum. Telja flm. þessarar tillögu rétt, að það sé athugað gaumgæfilega, hvort ekki bera að hverfa að því ráði að launa alla matsmennt beint úr ríkissjóði, bæði þá, sem hafa fiskmat að aðalstarfa, og hina, sem jafnframt leggja stund á önnur störf. Mætti fara þá leið til að mæta auknum kostnaði að leggja á fisk þann, sem metinn er, sérstakt fiskmatsgjald, sem rynni í ríkissjóð. Mundi hin breytta skipan þá ekki hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, en tvímælalaust verða til verulegra bóta.

Vöndun þeirrar vöru, sem stendur undir meginhlutanum af gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, er okkur Íslendingum svo mikilvæg, að einskis má láta ófreistað til að bæta hana og efla. Alþingi getur ekki skotið sér undan þeirri skyldu að láta þetta mál til sín taka. Teljum við flm. líklegast til árangurs, að nefnd sérfróðra manna fjalli um málið, svo að athuganir hennar og tillögur geti legið fyrir, þá er næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Ed. 339. Frumvarp til laga [149. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera leit að jarðhita til virkjunar.

Flm.: Karl Kristjánsson, Tómas Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum, að láta rannsaka hitaveituskilyrði fyrir byggðarlög og einstaka bæi. Má ríkisstjórnin láta bora eftir heitu vatni í þessu skyni, ef jarðborunardeild raforkumála og rannsóknaráð ríkisins telja það vænlegt til árangurs.

2. gr.

Þeir aðilar, sem óskað hafa rannsóknarinnar og hitaveitunnar njóta, skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað þann, er leiðir af rannsókninni, ef hún ber tilætlaðan árangur, eða í réttu hlutfalli við árangurinn, verði hann ekki talinn svara kostnaði, en þó vera til nytja. Semja má um það, að kostnaðurinn sé endurgreiddur í afborgunum, og telst hann þá stofnlán þeirrar framkvæmdar, er gerð verður til hagnýtingar jarðhitanum. Vexti skal borga af slíkum lánum frá þeim degi, er hitaveita verður nothæf. Vextirnir skulu vera venjulegir fasteignaveðsvextir. Ríkið tekur veð í hitaveitunni fyrir láninu, þó eigi 1. veðrétt.

3. gr.

Nú liggja fyrir óskir um rannsókn jarðhita, studdar meðmælum frá jarðborunardeild raforkumála og rannsóknaráði ríkisins, og er þá rétt, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að á fjárlögum verði veitt fé til rannsóknarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ein tegund auðæfa Íslands er jarðhitinn. Þau byggðu ból, sem þegar hafa hagnýtt sér hann, njóta ómetanlegra þæginda. Rúmlega einn fjórði hluti þjóðarinnar býr nú orðið við þessa aðstöðu. En þjóðin öll nýtur gjaldeyrissparnaðarins, sem af því leiðir í viðskiptum við útlönd, að „varmaföng“ þessa fólks eru heimatekin. Verðmæti jarðhitans, sem nú er notaður í stað eldsneytis, er talið vera samtals um 28 milljónir króna á ári, ef miðað er við olíuverð.

Menn getur ekki greint á um það, að áríðandi er, að tekinn verði í not sem allra fyrst sá jarðhiti, sem hægt er að virkja fyrir byggðarlög og einstaka bæi. Hins vegar er það staðreynd, að búið er að beizla það heita vatn, sem auðveldast var að ná til. Víðast hvar annars staðar þarf að leggja í kostnaðarsamar tilraunir við að ná úr jörðu vatni, fullnægjandi að hita og magni, og með þær tilraunir getur brugðið til beggja vona, þó að líkur til góðs árangurs kunni að vera miklar og gróði vís, ef vel gengur, af því að eftir varanlegum — og raunar ómetanlegum — verðmætum er leitað.

Flutningsmenn frumvarpsins álíta, að ríkið eigi að taka að sér forgöngu í þessum málum: annast og kosta rannsóknir og boranir eftir heitu vatni, þar sem trúnaðarmenn þess telja rétt frá jarðfræðilegu og hagfræðilegu sjónarmiði, að þær séu gerðar, láta síðan þá, er fyrst og fremst njóta jarðhitans, greiða kostnaðinn eftir því, sem árangurinn verður. Það er eðlilegt og sjálfsagt, að byggðarlög og býli greiði það, sem þeim er afhent sem arðbær niðurstaða verksins, enda eiga þessir aðilar að geta það, þegar um þessa dýrmætu aðstöðubót er að ræða, þótt þeir aftur á móti hafi ekki bolmagn til þess að standast kostnað af árangurslausu verki og geti því ekki lagt út í áhættu óvissunnar við fjárfrekar hitavatnsleitir.

Ríkið verður að taka á sig áhættuna, til þess að af framkvæmdum geti orðið. Þetta er líka sanngjarnt, vegna þess að öll þjóðin hefur hagnað af því, að sparaður sé erlendur gjaldeyrir með heimafengnum hitagjafa og bætt aðstaða til iðnaðar og og annarrar framleiðslu, sem við jarðhitaskilyrði þróast. Loks ber á það að líta, að jarðhiti, sem tök nást á til virkjunar, endist ekki aðeins þeim einstaklingum, sem nú lifa, heldur væntanlega svo lengi sem þjóðin lifir í landinu.

Nd. 340. Lög [107. mál]

um kirkjuítök og sölu þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 2. febr.)

Samhljóða þskj. 332.

Nd. 341. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og lögum nr. 55 20. apríl 1954, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

1. að virkja Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 4000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar,

Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns. Enn fremur frá Búðakauptúni til Stöðvarfjarðar og frá Egilsstöðum um Eiða að Lagarfossi.

2. gr.

Við 4. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu.

3. gr.

Í stað „1000 hestafla“ í 5. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: 1500 hestafla.

4. gr.

Í stað „úr Landeyjum“ í 7. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: frá Hvolsvelli.

5. gr.

Við c-lið 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness, til þess að veita þaðan raforku um nálæga hreppa og suður um Dalasýslu, enda sé tryggt, að eftir sem áður sé nægileg raforka fyrir orkusvæði Þverár í Strandasýslu.

6. gr.

Við 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

d. að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótsdalshéraðs til að tengja saman orkuveitusvæði Norðurlands og Austurlands.
e. að leggja aðalorkuveitu um Gönguskörð til Húnavatnssýslu til að tengja saman Gönguskarðsárvirkjunina og Laxárvatnsvirkjunina.
f. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli að Skógaskóla.
g. að gera ráðstafanir til að auka flutningsgetu eldri aðalorkuveitna.

7. gr.

2. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði, samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 55/1954.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 55/1954 inn í lög nr. 22/1952 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 342. Lög [17. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

(Afgreidd frá Nd. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 329.

Nd. 343. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, taldi sig ekki vilja samþykkja frumvarpið, en ég legg til, að það verði samþykkt óbreytt.

Þingmenn Sósíalistaflokksins hafa flutt þetta mál á 10 þingum og gert það, sem þeir hafa getað, til þess að fá málið samþykkt á Alþingi. Jafnan hefur farið á sömu leið og nú, að fulltrúar annarra flokka hafa borið ýmsu við, svo sem því, að rannsaka þyrfti málið betur, að nefnd muni verða sett til þess að athuga málið eða ekki sé þörf á lögfestingu málsins. Allt hafa þetta verið afsakanir án fullgildra ástæðna. Hið sanna hefur verið, að vilja hefur vantað hjá meiri hluta Alþingis fyrir því að fara að óskum sjómanna í þessum efnum.

Efni þessa frumvarps er í stuttu máli það að lögfesta 12 stunda hvíld togarasjómanna. Sjómenn hafa þegar samið við útgerðarmenn um slíkt vinnufyrirkomulag á skipunum. Og óhætt er að segja, að sú reynsla, sem fengizt hefur af þessari vinnutilhögun, hefur þegar sannfært alla togarasjómenn og líklega alla togaraútgerðarmenn um það, að hér er um miklu betri vinnutilhögun að ræða en þá, sem áður gilti. Það verður því að teljast furðulegt, að Alþingi skuli tregðast við að viðurkenna þessa sjálfsögðu og réttlátu breytingu á vinnu togarasjómanna.

Enn eru í gildi lög um 8 stunda hvíld togarasjómanna. Þau eru því orðin dauður bókstafur í framkvæmd. 12 stunda hvíldin gildir á öllum skipum. En hvað getur þá verið í vegi fyrir því, að staðreyndir séu viðurkenndar og lög færð til samræmis við breyttar aðstæður og fengna reynslu?

Fulltrúar stjórnarflokkanna neita enn að verða við óskum togarasjómanna um þetta atriði. Á meðan samkomulag helzt á milli sjómanna og útgerðarmanna um þessi mál, skiptir að vísu ekki miklu, hvort Alþingi vill halda áfram í gömul og úrelt ákvæði eða viðurkenna það, sem orðið er. En afstaða Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í þessum málum hlýtur að vekja athygli allra og þá ekki sízt sjómanna.

Alþingi, 3. febr. 1956.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 344. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Flm.: Tómas Árnason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú þarf eigi að nota að fullu heimild þessarar greinar um lántöku vegna landshafnarinnar, og er ríkisstjórninni þá eigi að síður heimilt að taka þá upphæð að láni, sem nefnd er í greininni, og endurlána sem aukaaðstoð afganginn hafnar-

og lendingarbótasjóðum á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki eru skammt á veg komin og brýn þörf framkvæmda.

Ríkisstjórnin getur falið Framkvæmdabankanum að sjá um lántökuna og endurlánveitingu til hafnar- og lendingarbótasjóðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkum, nr. 23 6. maí 1955, er ákveðið, að ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að taka lán, allt að 25 millj. kr., sem verja á til hafnargerðar svokallaðrar landshafnar í Njarðvíkum. Samkvæmt lögunum er og ákveðið, að ⅓ hluti lánsins skuli endurgreiðast úr ríkissjóði, en ⅔ hlutar úr hafnarsjóði, þannig, að ef heimildin yrði notuð að fullu, legði ríkissjóður fram 8⅓ millj. kr. til landshafnarinnar.

Ríkisstjórnin hefur tilkynnt, að varnarliði Bandaríkjanna hér á landi hafi verið leyft að láta gera uppskipunarhöfn í Njarðvíkum á því svæði, sem lög nr. 23 6. maí 1955 taka til. Mun varnarliðið ætla að verja yfir 100 millj. kr. í þessu skyni. Þótt varnarliðið leggi fram fé þetta, hefur verið samið um, að útvegsmenn fái ótakmarkað afnot af þeim hluta hafnarinnar, sem verður notaður fyrir fiskiskip. Þar sem hafnarmálaskrifstofan ákveður staðsetningu hafnarinnar og gerð, liggur ljóst fyrir, að höfn þessi mun koma að fullu í stað fyrirhugaðrar landshafnar og verða miklu stærri.

Alkunnugt er, hversu brýn nauðsyn er á frekari hafnargerðum og lendingarbótum víða um land. Ef vel væri, þyrfti að gera stórátak í þessu skyni með svipuðum hætti og í rafmagnsmálum þjóðarinnar. Víða um landið háttar svo til, að samgöngur byggjast að mestu eða öllu leyti á sjónum og aðstöðu til samgangna á sjó.

Þótt vegasamband sé í mörgum tilfellum komið á, þá eru vegirnir þó lokaðir mikinn hluta ársins. Auk þess er aðstaða útgerðar víða ótrygg og veik vegna lélegra hafnarskilyrða, og ekki síður á það að líta. Hafnargerðir og lendingarbætur eru því eitt af stórmálum landsbyggðarinnar.

Þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir nýrri lánsheimild, heldur að lánsheimild sú, sem þegar er fyrir hendi, verði notuð í öðrum tilgangi en ætlunin var í öndverðu.

Í lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, er svo ákveðið, að ríkissjóður greiði hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur í ákveðnum hlutföllum. Enn fremur er ríkisstjórninni í þeim lögum heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta, sem einstök sveitarfélög kunna að taka, ef samgöngumálaráðuneytið samþykkir, að leitað verði lánsins, þegar um erlend lán er að ræða. Eins og nú háttar, er yfirleitt hvergi lán að fá innanlands í þessu skyni. Varla er þess heldur að vænta, að sveitarfélögin geti að eigin frumkvæði aflað lána, jafnvel þótt ábyrgð ríkissjóðs komi til. Þar sem hins vegar óvænt atvik haga því svo til, að stórfé er skyndilega lagt til byggingar landshafnar í Njarðvíkum og ríkissjóður þarf þar með sjálfsagt ekki að nota að fullu lánsheimild, sem þegar er til í lögum, virðist þarna tækifæri til að veita smærri sveitarfélögum aukaaðstoð til þess að bæta hafnarskilyrði og lendingar.

Þó að hin mikla hafnargerð í Njarðvíkum sé að sjálfsögðu æskileg vegna sjávarútvegsins, verður hún til þess að auka ójafnvægið í byggð landsins, ef ekkert er jafnhliða gert til mótvægis. Þess vegna horfir það beint við, að hinni tilgreindu ríkisaðstoð, sem nú þarf væntanlega ekki að nota að fullu vegna Njarðvíkurhafnar, verði ráðstafað til umbóta úti um land við sjávarsíðuna.

Nd. 345. Frumvarp til laga [89. mál]

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:
1. Lífeyristryggingar.
2. Slysatryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingarnar og slysatryggingarnar, og hefur með höndum umsjón og yfirstjórn sjúkratrygginganna, allt undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins).

Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs, skrifstofustjóra, sjúkramálastjóra Tryggingastofnunarinnar, sem jafnframt er deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, aðra deildarstjóra, tryggingafræðing, aðalgjaldkera og tryggingayfirlækni, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs.

Ráðherra ákveður laun allra fastra starfsmanna Tryggingastofnunarinnar, að fengnum tillögum forstjóra, þar til launin verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

6. gr.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:
a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar;
b. ársreikningum stofnunarinnar;
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir;
d. öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús og önnur slík dvalarheimili;
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða;
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og sölum;
g. öðrum þeim atriðum, sem lög þessi ákveða.

Þá getur forstjóri og borið önnur mál undir tryggingaráð, ef honum finnst ástæða til.

Formaður tryggingaráðs hefur f. h. ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda og Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipa hvert um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. Þóknun til sýslumanna og bæjarfógeta fyrir þessi aukastörf skal ákveðin í reglugerð, sem samin sé í samráði við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og stjórn félags héraðsdómara.

Ráðherra ákveður þátttöku Tryggingastofnunarinnar í skrifstofukostnaði sýslumanna og bæjarfógeta vegna umboðsstarfa þessara.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðast liðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs, skulu reikningarnir sendir félagsmálaráðuneytinu, sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal gefa út árbók með sem gleggstum upplýsingum um alla starfsemi stofnunarinnar.

II. KAFLI
LÍFEYRISTRYGGINGAR

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Landinu er skipt í tvö verðlagssvæði. Til fyrsta verðlagssvæðis teljast kaupstaðir og kauptún með 2000 íbúum eða fleiri, til annars verðlagssvæðis allir aðrir staðir á landinu. Heimilt er að færa sveitarfélag milli verðlagssvæða, ef rökstuddar óskir þess efnis koma frá hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Bætur skulu vera fjórðungi (25%) lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, sbr. þó 19. og 20. grein.

Iðgjöld skulu vera hlutfallslega lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, miðað við bótaupphæðir hvors verðlagssvæðis.

B. Bætur.

11. gr.

Rétt til bóta frá lífeyristryggingunum með þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, hafa:

a. Íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi.
b. Erlendir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, ef fullnægt er ákvæðum milliríkjasamninga um gagnkvæmar tryggingar, sem Ísland er aðili að.
c. Aðrir erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi, ef fullnægt er skilyrðum alþjóðasamþykkta um tryggingamál, sem fullgiltar hafa verið af Íslands hálfu.

Þeir, sem rétt eiga til bóta frá lífeyrissjóðum, er starfa samkvæmt sérstökum lögum, eða hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt 84. gr., eiga ekki rétt til sams konar bóta frá lífeyristryggingunum. Þó skal greiða þeim lífeyrisþegum lögboðinna sjóða, sem látið hafa af störfum fyrir 1. janúar 1947 og njóta lægri bóta frá sjóðnum en lífeyristryggingin veitir, það, sem á vantar. Sama gildir um lífeyrisþega viðurkenndra sjóða, ef þeir hafa látið af störfum áður en sjóðurinn hlaut viðurkenningu.

12. gr.

Lífeyristryggingarnar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

13. gr.

Ellilífeyrir er greiddur þeim, sem orðnir eru 67 ára.

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 22., 23. og 76. gr. 3. mgr.:

	1. verðl.svæði	2. verðl.svæði
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	kr. 7488.00	kr. 5616.00
Fyrir einstaklinga	— 4680.00	— 3510.00

Nú eru hjón eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar og er þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri.

Nú frestar maður töku ellilífeyris, og fær hann þá 7.5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður án þess hann taki lífeyrinn. Sama gildir þótt tekjur hans hefðu valdið skerðingu, sbr. 22. gr., ef hann hefði sótt um lífeyri. Viðbót þessi má þó aldrei nema meiru en 60% lífeyrisins. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinni.

14. gr.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir teljast ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að verja allt að 10% þeirrar heildarfjárhæðar, sem árlega er greidd í örorkulífeyri samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til greiðslu örorkustyrkja handa þeim, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um slíkar heimildargreiðslur, sem ráðherra staðfestir.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

Örorkulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 13. gr., og greiðist samkvæmt sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 60% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

16. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru umfram tvö í fjölskyldu, og eru á fullu framfæri foreldranna.

Við ákvörðun fjölskyldubóta skulu ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar.

Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvíst er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattframtali undanfarin þrjú ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annars. Stytta má tímabil þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.

Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:

	1. verðl.svæði	2. verðl.svæði
Með þriðja barni í fjölskyldu	kr. 600.00	kr. 450.00
Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu ..	— 1 200.00	— 900.00

17. gr.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn er látinn eða annaðhvort foreldranna er elli- eða örorkulífeyrisþegi.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á.

Þó er ekki greiddur barnalífeyrir með stjúpbörnum, sem eiga framfærsluskyldan föður á lífi, eða með kjörbörnum, nema þau hafi verið á framfæri hins látna eða örorkulífeyrisþegans a. m. k. 2 síðustu árin, eða ellilífeyrisþegans a. m. k. 5 síðustu árin áður en lífeyrisrétturinn gat stofnazt. Þó er tryggingaráði heimilt að stytta þessa fresti, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur hans hröklavi ekki til að sjá fjölskyldunni farborða.

Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 2400.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 1800.00 á 2. verðlagssvæði.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 50%.

18. gr.

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa tvö börn eða fleiri undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera þriðjungur óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt, og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri.

Tryggingastofnuninni er heimilt að lækka mæðralaunin eða láta þau falla niður, ef efnahagsástæður móðurinnar eru svo góðar, að hún þurfi þeirra ekki með.

19. gr.

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 900.00 við hverja fæðingu.

20. gr.

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 600.00 mánaðarlega.

Ef ekkjan hefur barn yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 450.00 mánaðarlega.

21. gr.

Þegar niður falla bætur, samkvæmt 21. gr., skal hver sú kona, sem orðin var 50 ára við lát mannsins, öðlast rétt til árlegs lífeyris, allt að fullum einstaklings

ellilífeyri miðað við 67 ára aldur. Lífeyrir þessi, sem miðast skal við aldur konunnar, þegar lífeyrisrétturinn stofnast, skal lækka um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á að hlutaðeigandi sé 67 ára. Sama rétt eiga ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri.

Tryggingaráð ákveður lífeyrinn með hliðsjón af fjárhagsástæðum hlutaðeigandi og verðlagssvæðum, þó aldrei lægri en 10% lífeyris.

22. gr.

Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 13. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr því marki, sem hér segir:

a. 1⅓ hluta lífeyris, ef um einstakling er að ræða.
b. Fullum lífeyri, ef um hjón er að ræða.
c. 1¾ hlutum hjónalífeyris, ef um hjón er að ræða og aðeins annað fær lífeyri.

Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyrir um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær hafa náð upphæð, sem er jafnhá 3⅓ hluta lífeyris, sé um einstakling að ræða, en þreföldum hjónalífeyri, sé um hjón eða annað hjóna að ræða.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna elli- og örorkulífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái, áður en barnalífeyrir skerðist, hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður. Skerðing lífeyris vegna tekna skal miðast við síðasta skattframtal bótaþega. Breytist hagur hans verulega á bótaárinu, skal þó taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.

23. gr.

Greiða má uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef lífeyrisþegi á ekki lögskyldan, aflögufæran framfæranda á lífi, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947, og sýnt þykir, að hann geti ekki komizt af án hækkunar.

Uppbót þessa skal aðeins greiða þeim, sem:

a. þurfa sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika,
b. dvelja á elliheimili, sjúkrahúsi eða öðru slíku hressingar- eða dvalarheimili,
c. eru einstæðingar.

Uppbótin skal miðast við ástæður lífeyrisþegans, en þó aldrei vera hærri en lífeyrisupphæð skv. 13. gr. Uppbót og lífeyrir samkvæmt b-lið skal hvorutveggja miða við lífeyri 1. verðlagssvæðis.

Uppbót þessi greiðist að ⅖ af hlutaðeigandi sveitarsjóði og að ⅗ af Tryggingastofnun ríkisins, og skal stofnuninni heimilt að verja upphæð, sem nemur allt að 7% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs í þessu skyni.

Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari eftir ástæðum lífeyrisþegans, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Hlutur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hlutur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

C. Tekjur.

24. gr.

Útgjöld lífeyristrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:

a. Ríkissjóður 33%.
b. Hinir tryggðu 33%.
c. Sveitarsjóðir 19%.
d. Atvinnurekendur 15%.

25. gr.

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin hafa gert áætlun um útgjöld lífeyristrygginganna fyrir næsta almanaksár, sem þá þegar skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Skal áætlunin miðuð við sömu vísitölu og fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að miða fjárlög næsta árs við. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af áætluðum útgjöldum.

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skulu ákveðin iðgjöld og framlög næsta árs, samkvæmt 24. gr.

Nú eru horfur á því fyrir árslok, að vísitala muni breytast verulega frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar iðgjöld og framlög voru ákveðin, og getur ráðherra þá breytt framlögum og iðgjöldum til samræmis við væntanlega vísitölubreytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag hefur orðið of hátt eða ekki nógu hátt hjá einstökum þátttökuaðiljum samkv. 24. gr., skal áætlað framlag hlutaðeigandi aðila fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

26. gr.

Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginganna samkvæmt 24. og 25. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

27. gr.

Iðgjöld, samkvæmt b-lið 24. gr., greiða allir, sem búsettir eru í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hvorki greiða tekju- né eignarskatt og hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla annarra en fjölskyldubóta, mæðralauna eða fæðingarstyrks tvo mánuði eða lengur eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu.

Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla og iðgjald hjóna sem næst einum tíunda hærra en karla.

Félagsmálaráðuneytið ákveður iðgjöldin með reglugerð fyrir næsta ár, um leið og það staðfestir áætlun trygginganna, sbr. 25. gr. 2. mgr., að fengnum tillögum tryggingaráðs.

28. gr.

Framlagi sveitarfélaga skal skipta niður á lögsagnarumdæmi á eftirfarandi hátt:

a. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld lífeyristryggingarinnar í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig árið áður.
b. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattframtali.
c. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu um síðustu áramót.

Innan hvers lögsagnarumdæmis skiptist framlagið á milli sveitarfélaganna, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

a. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
b. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
c. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu um síðustu áramót.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur, sem tryggingargjaldi svarar, af þeim fasteignum, sem framlag sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við þegar því er skipt milli sveitarfélaga innan lögsagnarumdæmis, sbr. b-lið, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

Framlög sveitarfélaganna skal greiða ársfjórðungslega. Tryggingastofnunin áætlar framlag hvers sveitarfélags í ársbyrjun, og eru gjalddagar síðasta dag hvers

ársfjórðungs, en lokaskil skulu gerð, þegar hlutur hvers sveitarfélags hefur verið endanlega ákveðinn samkvæmt framansögðu.

Ríkissjóður ábyrgist framlög sveitarfélaganna.

Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjá mánuði, skal það greiða dráttarvexti, ¾ af hundraði fyrir hvern mánuð frá gjalddaga til greiðsludags.

29. gr.

Framlagi atvinnurekenda, sbr. 24. gr. d., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 32. gr., með iðgjöldum miðuðum við vinnuvikur, unnar í þjónustu þeirra. Sé um tímavinnu að ræða, telst vinnuvikan 48 stundir. Iðgjald þetta greiða og bifreiðastjórar, sem aka eigin bifreið í atvinnuskyni. Upphæð iðgjalds skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Í reglugerð skal og ákveða, hversu meta skuli til vinnuvikna störf barna og fósturbarna eldri en 16 ára, sem dvelja og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna, unglinga, gamalmenna og öryrkja, sem dvelja og vinna hjá vandalausum án verulegrar kaupgreiðslu.

III. KAFLI
SLYSATRYGGINGAR

A. Almenn ákvæði.

30. gr.

Slys er það, samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu, svo að hann deyr eða verður óvinnufær.

Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

Til slysa teljast atvinnusjúkdómar, svo sem hvers konar fingur- og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, slátrun og aðra þá vinnu, sem sérstaklega er hættuleg að þessu leyti, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar. Ákveða skal í reglugerð, hverja sjúkdóma aðra skuli telja atvinnusjúkdóma.

31. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt lögum þessum, skal atvinnurekandi senda tafarlaust tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum.

32. gr.

Launþegi telst hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi, án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Um eftirtalda menn gilda sömu reglur og um launþega:
a. Nemendur við iðnnám samkvæmt lögum nr. 46/1949.
b. Útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar.
c. Ökumenn á eigin ökutækjum og stjórnendur aflvéla, sbr. 43. gr. 5. mgr.
d. Þá, sem vinna að björgun manna úr lífsháska.

Launþegar teljast ekki þeir, sem eingöngu taka vinnu heim til sín eða á vinnustað, sem þeir sjálfir ákveða, eigi heldur þeir, sem taka að sér lausavinnu. Með reglugerð skal setja nánari ákvæði um það, hvað telja beri starf á heimili og lausavinnu í þessu sambandi. Ekki skal þó undanskilja þá launþega, er stunda lausavinnu, sem sérstök áhætta fylgir.

Hjónin teljast hér bæði atvinnurekendur, og eru börn þeirra, yngri en 16 ára, foreldrar og fósturforeldrar ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

B. Bætur.

33. gr.

Launþegar, samkvæmt 32. gr., sem verða fyrir slysi, samkvæmt 30 gr., eiga rétt til slysabóta, svo og vandamenn þeirra, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

34. gr.

Slysatryggingarnar taka til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

35. gr.

Ef bótaskylt slys veldur sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, skal greiða hinum slasaða nauðsynlega læknishjálp og sjúkrahúsvist frá þeim tíma, er slysið vildi til, svo og ¾ hluta af nauðsynlegum lyfja- og umbúðakostnaði utan sjúkrahúss, og að fullu í sjúkrahúsi. Læknishjálp og sjúkrahúsvist greiðist eftir gjaldskrá, sem staðfest er af heilbrigðismálaráðuneytinu, ef ekki er öðruvísi um samið. Auk þess er heimilt að greiða fyrir sjúkraleikfimi, hjúkrun í heimahúsum og flutning á slösuðum mönnum, fyrst eftir slys, enda séu slíkar aðgerðir taldar nauðsynlegar að dómi tryggingayfirlæknis.

Nú veldur slys óvinnuhæfni skemur en 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkrakostnað, sem ekki er almennt greiddur af sjúkrasamlögum, og getur þá tryggingaráð heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfelli.

36. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 26 vikur.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru kr. 22.50 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 26.00 fyrir kvæntan mann eða gifta konu og kr. 3.50 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, er slysið varð, og mega ekki, ásamt launatekjum, nema meiru en upphæð dagpeninga, að viðbættum þriðjungi.

37. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, er fyrir því varð, örorkulífeyri 1. verðlagssvæðis eftir reglum 14. gr., síðustu mgr., eða örorkubætur í einu lagi. Skerðingarreglur 22. gr. taka þó ekki til slysalífeyris.

Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Nú er örorka metin 50% eða meiri, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 16 ára, sem voru á framfæri bótaþega, þegar slysið bar að höndum, eftir reglum 38. gr. Ef örorkan er alger, skal greiða fullar bætur, en sé örorkutapið minna, lækka bæturnar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku. Barnarlífeyrir skal þó ekki vera lægri en verið hefði, ef hann hefði verið ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 17. gr.

Ef orkutap er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða örorkubætur í einu lagi, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda, samkvæmt reglum er ráðuneytið setur, að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

38. gr.

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hið látna eða á framfæri þess, hljóta kr. 9000.00. Ef ekkja eða ekkill eru 50 ára eða eldri, eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 4500.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára.
b. Barnalífeyrir kr. 2400.00 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 17. gr.
c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 3000.00 og allt að kr. 9000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna þegar eins stendur á.
d. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 3000.00 og allt að kr. 9000.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra, sbr. 16. gr., 3. mgr., gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvorutveggja eru á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 37. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

39. gr.

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, samkv. a-, c- og d-lið 38 gr., greiða þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils, samkv. fyrri málslið a-liðs ..... kr. 14000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis, samkv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu ..... kr. 2000.00 til — 6000.00
3. Til foreldris, samkv. d-lið ..... — 2000.00 til — 6000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6400 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tl. þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6400.00, sem skiptast milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 38. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

40. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, þegar dagpeningar eru greiddir samkvæmt 36. gr., einnig fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

41. gr.

Atvinnurekendur, sem vinna með verkafólki sínu eða starfa að eigin atvinnurekstri við tryggingarskyld störf án þess að hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á að tryggja sér með iðgjaldagreiðslu sams konar slysabætur og launþegar njóta samkv. ákvæðum þessa kafla. Tryggingastofnunin ákveður iðgjald fyrir tryggingar þessar.

Trygging samkv. þessari grein skal bundin við tiltekin nöfn og miðuð við ákveðinn tíma, er eigi skal vera skemmri en 6 mánuðir. Tryggingin er því aðeins gild, að iðgjöld séu greidd fyrir fram eða hlutaðeigandi hafi skráð á skattframtal sitt, að hann óski að kaupa slíka tryggingu.

42. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar á nafngreindum mönnum. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Jafnframt er Tryggingastofnuninni heimilt að taka að sér hóptryggingar ónafngreindra manna, svo sem slysatryggingu farþega í bifreiðum, skipum og flugvélum, starfsmanna tiltekinna fyrirtækja, íþróttamanna við keppni og æfingar og aðrar hliðstæðar tryggingar. Tryggingar þessar mega einnig ná til sjúkradagpeninga. Enn fremur getur Tryggingastofnunin, með samþykki ráðherra, tekið að sér persónulegar ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

C. Tekjur.

43. gr.

Útgjöld slysatrygginganna skulu borin af atvinnurekendum.

Hver sá, er hefur í þjónustu sinni launþega, sbr. og 32. gr., skal greiða áhættuiðgjald.

Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysahættuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Ákvörðun iðgjaldanna skal miðuð við áætlun Tryggingastofnunarinnar um útgjöld slysatrygginganna. Ef erfitt er að skipta starfsemi fyrirtækis í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Í þeirri reglugerð má setja ákvæði um, að meta skuli til vinnuvikna störf þess fólks, er um ræðir í næstsíðasta málslið 29. gr., á sama hátt og gert verður í reglugerð samkvæmt henni.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla.

IV. KAFLI
SJÚKRATRYGGINGAR
A. Almenn ákvæði.

44. gr.

Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs og með samþykki hlutaðeigandi sjúkrasamlagsstjórna, að eitt og sama sjúkrasamlag annist sjúkratryggingar í fleiri hreppum innan sömu sýslu, eða í kaupstað og nærliggjandi hreppum. Einnig má láta hluta sveitarfélags fylgja sjúkrasamlagi nágrannasveitarfélags.

Nú samþykkja a. m. k. ⅔ hlutar sjúkrasamlagsstjórna í sama lögsagnarumdæmi að sameinast í eitt sjúkrasamlag, og getur þá ráðherra, að fengnum tillögum tryggingaráðs, ákveðið sameiningu allra samlaga umdæmisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

45. gr.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar tvo eða fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara, eftir því sem sveitarstjórn ákveður.

Standi fleiri en eitt sveitarfélag að sjúkrasamlagi, skulu þau hvert um sig kjósa einn mann í stjórnina, en verði tala stjórnarnefndarmanna þá jöfn, skal sveitarfélag það, sem flesta hefur tryggingarskylda meðlimi, kjósa tvo menn. Nú sameinast öll sjúkrasamlög í lögsagnarumdæmi í eitt sjúkrasamlag, sbr. 44. gr. 3. mgr., og skal þá sýslunefnd kjósa 4 menn í stjórn samlagsins.

Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

46. gr.

Í hverju sýslufélagi skal vera héraðssamlag. Öll sjúkrasamlög tilheyrandi 2. verðlagssvæði, sbr. 10. gr., önnur en sjúkrasamlög kaupstaða, skulu vera í héraðssamlagi hlutaðeigandi sýslu.

Ekki skal vera héraðssamlag í sýslu, ef öll sjúkrasamlög í sýslunni hafa sameinazt í eitt sjúkrasamlag, sbr. 44. gr. 3. mgr.

Samþykktir héraðssamlags skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

47. gr.

Oddviti sýslunefndar er formaður stjórnar héraðssamlags, en sýslunefnd kýs til viðbótar tvo menn í stjórn héraðssamlagsins.

Sýslunefnd ákveður þóknun stjórnarinnar, er greiðist úr sjóði héraðssamlagsins.

48. gr.

Hlutverk héraðssamlaga er:

a. Að greiða sjúkradagpeninga, samkvæmt úrskurðum sjúkrasamlagsstjórna, sbr. 53. gr., og annast jöfnun á kostnaði sjúkrasamlaganna, samkvæmt því, er nánar greinir í 49. gr.
b. Að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna og gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag.

c. Að gefa Tryggingastofnun ríkisins umsögn um einstök mál frá sjúkrasamlögunum, sem henni eru send til úrskurðar.
d. Að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál almennt í umdæminu.

Reikninga sjúkrasamlaganna og heildarskýrslur, sbr. b-lið, skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins.

Þar sem ekki eru héraðssamlög, skal ákvæði d-liðs gilda um hlutaðeigandi sjúkrasamlag.

49. gr.

Framlag ríkissjóðs og lífeyrisdeildar til sjúkratrygginganna, samkvæmt 58. gr., greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Héraðssamlag greiðir hverju sjúkrasamlagi innan héraðssamlagsins sinn hluta framlaganna, að frádregnum sjúkradagpeningum, sem stjórn sjúkrasamlagsins hefur úrskurðað, kostnaði við stjórn héraðssamlagsins og því fé, sem ákveðið kann að hafa verið til jöfnunar.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð, að héraðssamlag skuli verja allt að helmingi ríkisframlagsins til jöfnunar sjúkrakostnaði í sýslunni. Slík ákvörðun skal þó aðeins gerð samkvæmt tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, að fengnu samþykki héraðssamlagsstjórnar.

Nú hefur ráðherra ákveðið jöfnun sjúkrakostnaðar í sýslu, og skal þá greiða þeim sjúkrasamlögum í sýslunni, sem hafa meiri sjúkrakostnað en nemur meðalsjúkrakostnaði í þeirri sýslu, ¾ hluta þess, sem umfram er meðalsjúkrakostnað, ef jöfnunarfé er fyrir hendi, ella hlutfallslega.

Ef fé verður afgangs að lokinni jöfnun og greiðslu kostnaðar héraðssamlags, getur stjórn þess ákveðið að greiða það til sjúkrasamlaganna eða leggja það í varasjóð, er síðar má verja til jöfnunar, ef fé skortir. Tekjuafgang skal þó ekki greiða samlögunum fyrr en 10% af fé því, sem ætlað er til jöfnunar hverju sinni, hefur verið lagt í varasjóð, unz varasjóður nemur 50% þess fjár, sem varið var til jöfnunar næsta ár á undan.

Stjórn héraðssamlags gerir árlega reikning um jöfnunina, sem senda skal Tryggingastofnun ríkisins ásamt fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar.

B. Bætur.

50. gr.

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkv. 57. gr., í því samlagi, er starfar þar, sem hann á heimilisfang. Undanþegnir tryggingarskyldunni eru þeir, sem haldnir eru sjúkdómi, sem lög nr. 78 frá 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla taka til, á meðan þeir dvelja í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað ríkisframfærslunnar.

Börn samlagsmanna, þar með talin stjúpbörn og fósturbörn, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Séu foreldrar samvistum, njóta börnin fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur.

51. gr.

Þeir, sem verða samlagsmenn þegar við 16 ára aldur, eða flytjast milli samlaga, samkvæmt 56. gr., öðlast réttindi án biðtíma. Biðtími annarra, þar á meðal þeirra, sem misst hafa réttindi vegna vanskila, sbr. 78. gr., skal að jafnaði vera 6 mánuðir frá því iðgjaldagreiðsla þeirra hófst. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum samlags, svo og, að biðtími skuli, ef iðgjaldsskuld er greidd að fullu,

aðeins gilda um rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga. Maður, sem verður tryggingarskyldur að aflokinni dvöl í sjúkrahúsi eða hæli á vegum ríkisframfærslunnar, sbr. 50. gr., fær þó full réttindi án biðtíma.

52. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin:

a. Ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samning við, eins lengi og nauðsyn krefur, svo og læknishjálp, hjúkrun, lyf og önnur þjónusta, sem þar er veitt. Þó greiðir samlag ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls vegna ellikramar og alvarlegra, langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78/1936 taka til.
b. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.
c. Nauðsynlegar rannsóknir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að ¾ hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.
d. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½. Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem hér um ræðir, og skal skráin staðfest af heilbrigðisstjórninni.
e. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að ½ samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
f. Sjúkradagpeninga samkv. ákvæðum 53. gr.
g. Dvöl á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem fram yfir er fyrstu 9 dagana eftir hverja fæðingu.

Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Sjúkradagpeningar mega þó eigi hærri vera en slysadagpeningar, samkv. 36. gr.

53. gr.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem er eldri en 16 ára og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður óvinnufær vegna veikinda og tekjur hans falla niður að miklu eða öllu leyti.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 26 vikur samtals á hverjum 12 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða.

Launþegar og einyrkjar njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. 14 daga, en atvinnurekendur frá og með sjöttu sjúkraviku. Atvinnurekandi telst í þessu sambandi hver sá, sem kaupir svo mikla vinnu, að honum beri að greiða gjald skv. 29. gr. af meiru en 52 vikum. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 12.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu; kr. 15.00 fyrir kvæntan mann og gifta konu, sem er fyrirvinna heimilis, og kr. 3.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Sjúkradagpeningar mega þó ekki vera hærri en svo, að þeir ásamt öðrum tekjum hlutaðeigandi nemi sjúkradagpeningum samkvæmt grein þessari að viðbættum þriðjungi og aldrei fara fram úr þrem fjórðu hlutum þeirra tekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Ef ósannað er, að skilyrði þessarar málsgreinar séu uppfyllt, má fresta úrskurði um dagpeninga þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur á veikindaárinu eru fyrir hendi.

Gift kona fær ekki greidda sjúkradagpeninga, þótt hún missi atvinnutekjur, ef maður hennar getur séð henni farborða. Sama gildir um kvæntan mann, ef konan er tekjuaflandi. Ef hlutaðeigandi hefur ekki unnið utan heimilis, er heimilt að greiða dagpeninga, allt að því sem svarar lífeyrisupphæð samkvæmt 13. gr.

54. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 52. gr., nema Tryggingastofnunin geri sjálf samningana í umboði hlutaðeigandi samlags.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á samkvæmt 52. gr. b. og c., en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi. Þó skal sjúkrasamlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað þess að lækka iðgjöldin, að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki veittar samkvæmt 52. gr. b. og c., til aukinna greiðslu sjúkradagpeninga, fjölskyldubóta eða til hinna tryggðu upp í kostnað við læknishjálp.

Ef ekki næst samkomulag við opinber sjúkrahús um daggjald, ákveður heilbrigðismálaráðuneytið daggjaldið í einu lagi fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu, sbr. 52. gr. a. Sé um einkasjúkrahús að ræða, getur Tryggingastofnunin ákveðið, að samlag endurgreiði sjúklingum tiltekna upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn. Breyting daggjalda skal jafnan tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara.

55. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og er þá samlagi hans heimilt að greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu.

Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

56. gr.

Nú flyzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingaskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga, og um greiðslu sjúkrakostnaðar, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta sjúkrahjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

C. Tekjur.

57. gr.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórna og umsögn stjórnar héraðssamlaga, þar sem þau eru. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það

fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem heimilisfang eiga í umdæmi sjúkrasamlags og eldri eru en 16 ára. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

58. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður greiða hvor um sig til sjúkrasamlaganna þriðjung greiddra iðgjalda. Greiðast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir árlega framlag til sjúkrasamlaganna, sem nema skal 4% af samanlögðum bótagreiðslum deildarinnar næsta ár á undan. Framlag þetta greiðist í fernu lagi, í lok hvers ársfjórðungs, og skiptist milli þeirra í réttu hlutfalli við greidd iðgjöld á næsta ári á undan.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft ár eða heilt ár, greiðast framlögin í samræmi við það.

V. KAFLI
SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

A. Um bætur.

59. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara fjölskyldubætur og dagpeningar, mæðralaun, barnalífeyrir og ekkjubætur, samkv. 20. gr., svo og aðrar þær bætur, sem lögin kveða svo á um.

Ef maður á rétt á fleiri en einni tegund bóta, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar.

Ef maður, sem nýtur slysabóta samkv. III. kafla, ætti rétt á hærri bótum, eftir öðrum ákvæðum, skal greiða honum mismuninn til viðbótar. Sé hinn slysatryggði einnig tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið sjúkrakostnað hans vegna gegn endurgreiðslu frá slysatryggingunni.

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, falla bótagreiðslur niður, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs. Þegar um er að ræða sjúkling, sem haldinn er ellikröm eða öðrum slíkum sjúkdómi, skal Tryggingastofnunin þó greiða lífeyri hans að viðbættum 20% upp í dvalarkostnað hans, sbr. þó næstu málsgr.

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingarstofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

60. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

61. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist

tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

62. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, inflúenza, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla bóta vegna slíkra sjúkdóma, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

63. gr.

Ef bótaþegi flyzt til útlanda eða dvelst erlendis, falla bótagreiðslur til hans niður, unz hann kemur aftur til landsins. Heimilt er þó að greiða elli- og örorkulífeyri til manna, er dveljast í útlöndum í allt að 12 mánuði, og lengur, ef lengri dvöl er nauðsynleg vegna lækninga.

Erlendur ríkisborgari, sem öðlazt hefur rétt til dagpeninga eða lífeyris frá slysatryggingunni, heldur þeim rétti, þótt hann flytji af landi brott.

64. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

65. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna, þó eigi lengur aftur í tímann en tvö ár og eigi lengur en 3 mánuði að því er varðar sjúkradagpeninga. Bætur samkvæmt II. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar þegar bótarétti lýkur.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

66. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.

67. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Tryggingastofnunin getur og dregið upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

68. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, er hann eða hún hafa valdið, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi sérstakt framsal.

69. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelur þar.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

70. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkv. lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

71. gr.

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun þeirra opinberra starfsmanna, sem lægst laun hafa, samkvæmt launalögum.

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

72. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar, í Reykjavík fyrir 1. apríl, ár hvert gera skrá í þrem eintökum yfir alla þá, sem heimilisfastir eru innan hlutaðeigandi sveitarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára.

Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og enn fremur aðrar þær upplýsingar, er varða iðgjaldagreiðslur hlutaðeiganda. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattyfirvalds, sem leggur á iðgjöld samkvæmt 27. gr. Annað eintakið sendist innheimtumönnum, sbr. 75. gr., hitt eintakið Tryggingastofnuninni.

73. gr.

Iðgjöld atvinnurekanda samkvæmt 29. gr. og 43. gr. skulu skattanefnd og skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattanefndar eða skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem rétt eiga til slysabóta samkvæmt 35.—38. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgrein 43. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

74. gr.

Gjaldskrár samkvæmt 72. og 73. gr. skulu liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd skulu endurskoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

75. gr.

Iðgjöld samkvæmt 72. og 73. gr. skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjaldanna.

Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum. Þó getur Tryggingastofnun ríkisins annast innheimtuna sjálf í einstökum lögsagnarumdæmum, ef hún kýs það.

Um gjald (áhættufé) fyrir innheimtu af iðgjöldum, samkv. lögum þessum, fer eftir launalögum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

76. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína, og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupi þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt eða eignarskatt það ár, og má ekki krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattgjaldstekna hans, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyristryggingin greiðir sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, er njóta elli- og örorkulífeyris. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvors annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

77. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtumaður eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til innheimtumanna. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupi, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein, og viðurlög við vanrækslu, skulu sett með reglugerð.

78. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 57. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 51. gr. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 19. gr., bætur samkv. 20. gr. eða slysabætur samkvæmt III. kafla laganna.

79. gr.

Iðgjöld samkvæmt 29. gr., 43. gr. og 57. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkvæmt 29. gr. og 43. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

80. gr.

Öll iðgjöld samkvæmt lögum þessum önnur en iðgjöld skv. 42. gr. koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

81. gr.

C. Önnur ákvæði.

Varasjóður Tryggingastofnunar ríkisins verður varasjóður lífeyristrygginganna og leggjast vextirnir við höfuðstólinn. Það fé, sem er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar vegna slysatrygginganna, færist á sérreikning þeirra. Annað vörzlufé stofnunarinnar sé framvegis í vörzlu þeirrar deildar, sem fer með lífeyristryggingarnar.

Tryggingastofnuninni er heimilt að veita lán úr varasjóði til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Handbært fé stofnunarinnar, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

82. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skulu greiddir hlutaðeigandi sveitarfélögum, er þau hafa komið upp hæli, sem félagsmálaráðherra viðurkennir, fyrir gamalmenni og öryrkja.

83. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að lífeyrisdeild greiði:

a. kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum;
b. gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin;
c. kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dvelja hér um stundarsakir;
d. allt að 300 þúsund krónur á ári í styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59/1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Úthlutun fjárins ákveður tryggingaráð og að fengnum tillögum landlæknis, að því er varðar styrk til læknisvitjanasjóða.

84. gr.

Tryggingastofnunin skal veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem Tryggingastofnunin setur fyrir slíkri viðurkenningu. Það skal m. a. sett sem skilyrði, að þeir veiti félagsmönnum sínum elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, er ekki sé lægri en tryggður er með lögum þessum. Félagsmenn slíkra sérsjóða og lögboðinna lífeyrissjóða greiði til Tryggingastofnunarinnar iðgjald, er miða skal við þær bætur, er þeir gætu átt kröfu til frá Tryggingastofnuninni. Ráðherra ákveður iðgjöldin að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Tryggingaráð getur krafizt þess, að iðgjaldið sé innheimt af sérsjóðunum, svo og að þeir skuldbindi sig til að gera Tryggingastofnunina skaðlausa af þeim félagsmönnum, sem hverfa úr sjóðnum til almannatrygginganna. — Þessir sjóðir skulu greiða sjúkrasamlagsiðgjöld örorkulífeyrisþega sinna og ellilífeyrisþega, sem orðnir eru 67 ára, enda færi þeir sönnur á, að tekjur þeirra séu ekki svo háar, að valda muni missi lífeyris samkvæmt 22. gr.

Tryggingastofnunin annast reikningshald og daglega afgreiðslu þeirra lífeyrissjóða, sem lögum samkvæmt eiga að vera í hennar vörzlu, og getur tekið að sér sams konar störf fyrir aðra lífeyrissjóði, sem viðurkenndir eru samkvæmt grein þessari.

85. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein.

86. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

87. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

88. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum til Tryggingastofnunar ríkisins, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50/1946, III. kafli laga nr. 104/1943 og lög nr. 116/1954.

Nd. 346. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Karli Guðjónssyni, Gils Guðmundssyni, Eggert Þorsteinssyni og Gunnari Jóhannssyni.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Sjúkrasamlög í kaupstöðum skulu hafa á hendi umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þau skulu hafa á hendi alla framkvæmd trygginganna í sínu

umdæmi, þar með úrskurði um bætur og bótagreiðslur. Tryggingaráð skal þó hafa eftirlit með störfum samlaganna og gæta þess, að sem mest samræmi verði í framkvæmd laganna á hverjum stað.

Tryggingaráð getur ákveðið að fela öðrum sjúkrasamlögum sams konar framkvæmd laganna og sjúkrasamlögum í kaupstöðum, og skal þá við það miðað, að sem flestir landsmenn hafi greiða aðstöðu til beins sambands við tryggingarnar. Heimilt skal tryggingaráði að semja við sýslumenn og bæjarfógeta um innheimtustörf fyrir tryggingarnar.

Ráðherra ákveður umboðsaðilum trygginganna þóknun fyrir störf þeirra.

2. Við 13. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir:

Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	kr. 8400.00
— einstaklinga	— 5280.00

3. Á eftir 17. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar, allt til þess er barn nær 16 ára aldri, og hefur það engin áhrif á greiðslu barnalífeyrisins, hvort móðirin gengur í hjónaband á þessu tímabili eða ekki. Sama regla skal gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu barnalífeyris, er fráskildar konur fá úrskurðaðan með börnum sínum.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður.

Nú deyr faðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir þá Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna manns samkvæmt reglum 25. gr. laga nr. 46 27. júní 1921.

4. Við 58. gr. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður skulu hvor um sig greiða til sjúkrasamlaganna jafnháa fjárhæð og greiddum iðgjöldum nemur.

Nd. 347. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 1. málsgr. 13. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

Nd. 348. Lög [118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og lögum nr. 55 20. apríl 1954, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 341.

Ed. 349. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til laga um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að draga úr heimildarlausri töku og notkun á bifreiðum og bifhjólum. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að refsing fyrir þessi brot verði þyngd og að höfðun opinbers máls verði skilyrðislaus, en samkv. gildandi hegningarlögum skal nú því aðeins höfða opinber mál, að sá krefjist þess, sem misgert er við. Allsherjarnefnd fellst á, að hér sé um að ræða mjög alvarleg brot, sem vissulega beinist gegn fleirum en eigendum þeirra farartækja, sem tekin eru ófrjálsri hendi, og beri því ekki að einskorða höfðun opinbers máls fyrir þennan verknað við það, að eigendur farartækjanna krefjist þess. Hér virðast eiga að gilda sömu reglur um málshöfðun og um önnur brot, er stofna öryggi almennings í hættu. Getur allsherjarnefnd fallizt á, að eðlilegt sé, að saksókn út af þessum brotum verði ekki háð kröfu af hendi þess, sem misgert er við, og að refsing verði þyngd, og mælir því með, að frv. verði samþ.

Einn nefndarmanna (LJóh) var erlendis, er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. febr. 1956.

Páll Zóphóníasson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.	Hermann Jónasson.
	Sigurður Ó. Ólafsson.	

Sþ. 350. Nefndarálit [36. mál]

um till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég var ekki viðstaddur á nefndarfundi, þegar meiri hlutinn tók ákvörðun um tillögu sína í þessu máli, enda hafði mér ekki borizt fundarboð.

Meiri hlutinn leggur til í nefndaráliti á þskj. 271, að málinu verði vikið frá umræðu, og nefnir til þá forsendu, að fiskveiðatakmörkin við Ísland séu fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar til athugunar hjá þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna (International Law Commission) og muni málið koma á dagskrá næsta þings Sameinuðu þjóðanna. Telur meiri hlutinn því rétt, að Alþingi lýsi yfir þeirri afstöðu, að ekki sé heppilegt að stíga ný skref um útfærslu fiskveiðitakmarkanna, fyrr en séð verður, hvaða árangur þar fæst.

Ég er meiri hlutanum öldungis ósammála, bæði að því er varðar tillögu hans um afgreiðslu málsins og ekki síður rök þau, er hann ber fram.

Tillögu hv. meiri hluta til rökstuddrar dagskrár svo og nefndarálit það, er tillögu hans fylgir, tel ég mjög varhugaverð gögn í landhelgismálum Íslendinga, ef þau fengju samþykki Alþingis.

Tæplega þarf að efast um, að afstaða hv. nefndarmeirihluta er tekin í samráði við ríkisstjórnina, og má raunar telja, að nefndarálitið á þskj. 271 sé fyrsta opinbera vitneskjan, sem þingmönnum berst í hendur um stefnu stjórnarvaldanna í landhelgismálum Íslendinga nú hin síðustu árin. Sannast hér, að uggur stjórnarandstæðinga um það, að um stefnubreytingu og uppgjöf væri að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar, átti við fyllstu rök að styðjast.

En þótt fram komin tillaga og nefndarálit á snærum ríkisstjórnarinnar kveði að vísu upp úr um það, að kyrrstaða í landhelgismálum sé hennar stefna, þá má ætla, að hin raunverulega ástæða fyrir kyrrstöðunni sé önnur en sú, sem til er vísað í margnefndu áliti hv. liðsmanna ríkisstjórnarinnar í allsherjarnefnd.

Ekki er mér kunnugt um, að sérfræðingar ríkisstjórnarinnar hafi skipt um skoðun, frá því að sá helzti þeirra, Hans G. Andersen, fékk m. a. þessa niðurstöðu úr ýtarlegri hugleiðingu um landhelgismálið: „Ekki er fyrirsjáanlegt, að árangur mundi fást á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.“ Er því líklegra, að ríkisstjórnin sé að nota rétt Íslendinga til fiskimiðanna sem verzlunarvarning í kaupmangi við Breta, þar sem keppikefli íslenzku stjórnarvaldanna er að koma íslenzkum togarafiski aftur á hinn fallvalta uppboðsmarkað Breta, þótt það kosti öfugþróun í íslenzkri gjaldeyrisframleiðslu, atvinnuleysi hjá verkafólki og kyrrstöðu í landhelgismálinu. En yfir þetta eiga hinar einfeldnislegu röksemdir á þskj. 271 að breiða eins konar rósablæju löghlýðni og þolinmæði.

Um landhelgi eru engin alþjóðalög gildandi, og reglur þær, sem hin einstöku strandríki tíðka í þessum efnum, eru mjög mismunandi. Þeim fer nú óðum fækkandi, sem ganga skemmra en Íslendingar í landhelgismálum eða reglum um rétt til fiskveiða undan ströndum landa sinna, en margar þjóðir ganga nú miklu lengra. Engin þjóð á þó afkomu sína fastar tengda fiskimiðunum en við.

Þingsályktunartillagan á þskj. 40 um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum virðist í engu ganga lengra en svo, að hún samrýmist okkar þjóðarrétti, og sama máli gegnir um framkomnar breytingartillögur við hana á þskj. 107, þar sem lagðar eru til hliðstæðar stækkanir friðunarsvæða fyrir Austur- og Suðausturlandi. Legg ég því til, að bæði aðaltillagan og breytingartillögurnar (þskj. 40 og 107) verði samþykktar.

Ég hef leitað álits Þorvalds Þórarinssonar þjóðréttarfræðings um þetta mál, og er álit hans birt með nefndaráliti þessu.

Alþingi, 6. febr. 1956.

Karl Guðjónsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 7. febrúar 1956.

Hr. Karl Guðjónsson, alþingismaður, Alþingi.

Þú hefur sent mér til umsagnar nefndarálit meiri hl. allsherjarnefndar sameinaðs þings um till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum, dags. 21. jan. 1956, þskj. 271, en þar leggur meiri hlutinn til, að tillagan (á þskj. 40 ásamt brtt. á þskj. 107) verði afgreidd með svofelldri rökstuddri dagskrá: „Þar sem reglur um landhelgi hafa að frumkvæði Íslands verið til meðferðar hjá Sameinuðu þjóðunum undanfarið samhliða reglum um úthöf, telur Alþingi ekki æskilegt að taka ákvarðanir varðandi útfærslu friðunarlínunnar, fyrr en lokið er allsherjarþinginu á þessu ári og tími hefur unnizt til að athuga það, sem þar kann að koma fram. Alþingi tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ekki hef ég getað kynnt mér til hlítar, í hverju var fólgið það frumkvæði ríkisstjórnar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum árið 1949, sem meiri hl. n. talar um, né heldur hverju það kann að hafa orkað.

Hitt er víst, að í tillögum þjóðréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um landgrunnið og skyld málefni árið 1951 komu fram sjónarmið, sem voru mjög andstæð hagsmunum Íslands, löggjöf okkar og framtíðarfyrirætlunum. Áður en vikið er að svörum íslenzku stjórnarinnar, er rétt að minna stuttlega á þá staðreynd, sem alþingismenn vita þó manna bezt, að allar ráðstafanir okkar í sambandi við friðun fiskimiða landsins fyrir ofveiði hvíla á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, en þar er einmitt kveðið svo að orði í 1. grein,

að „sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti". Í greininni er einnig mælt svo fyrir, að ráðstafanir þessar skuli gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar Háskóla Íslands. Sjálft heiti laganna ber ótvírætt með sér ekki síður en efni þeirra, að til þess er ekki ætlazt, að útlendar stofnanir hafi nokkurn íhlutunarrétt um þær aðgerðir, sem á þeim eru reistar, hvorki beint né óbeint.

Þjóðréttarnefndin birti tillögur sínar eftir fund sinn í Genf 16. maí til 27. júlí 1951 (Report of the International Law Commission Covering the work of its third session 16 May — 27 July 1951. General Assembly, Official Records: Sixth Session, Supplement No. 9 (A/1858), bls. 17—20). Kjarninn í þessum tillögum er sá, að strandríki sé heimilt að ráða yfir landgrunninu með tilliti til rannsóknar og hagnýtingar náttúruauðæfa á hafsbotni og í jarðlögunum undir honum, en að forræði strandríkis yfir landgrunninu geti ekki breytt þeim lagareglum, sem telji hafið yfir landgrunninu úthaf (3. gr.). Sagt er, að ríki, sem stundar veiðar á úthafinu (þ. e. sennilega hafinu yfir landgrunni sínu), geti sett reglur um takmörkun og eftirlit með veiðum til þess að firra þurrð fiskistofna, en séu aðrar þjóðir vanar að stunda veiðar á sömu slóðum, verði ekkert aðhafzt án samráðs við þær, en séu verndarsvæði ákveðin utan landhelgi, verði sömu reglur að gilda um heimamenn sem útlendinga.

Íslenzka ríkisstjórnin mótmælti þessum tillögum allgreinilega með bréfi, dags. 5. maí 1952, og er það birt ásamt nokkrum uppdráttum og þremur fylgiskjölum á bls. 52—58 í sams konar ársskýrslu þjóðréttarnefndarinnar árið 1953 (A/2456). Þar segir m. a. í lauslegri þýðingu (mér er ekki kunnugt, hvort bréfið er til á íslenzku): „Íslenzka ríkisstjórnin getur ómögulega fallizt á þessi sjónarmið. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1949 benti íslenzka sendinefndin á, að ekki væri einhlítt, að nefndin kannaði reglur um forræði yfir úthafinu, eins og hún hafði lagt til sjálf, heldur væri nauðsynlegt, að hún rannsakaði einnig hina hlið málsins, þ. e. a. s. spurninguna um það, hvar úthafið byrjar, eða með öðrum orðum landhelgisreglurnar. Á þann hátt væri unnt að gera öllu viðfangsefninu skil, þar á meðal aðliggjandi sævarbeltum. Nefndin hefur ekki enn þá skilað áliti sínu um landhelgina, en í skýrslu sinni um forræði yfir úthafinu virðist hún hafa kveðið upp dóminn fyrir fram, því að í 1. hl., 1. gr., virðist nefndin telja það sjálfsagðan hlut, að „landgrunnið", eins og hún hefur skilgreint það, sé utan landhelgi. Og hvað nær þá landhelgi langt á haf út? Þess lætur þjóðréttarnefndin ekki getið. 2. Skoðunum íslenzku ríkisstj. varðandi lögsögu með tilliti til fiskveiða má lýsa þannig á grundvelli eigin reynslu: Íslenzkar rannsóknir hafa tvímælalaust sannað, að landið stendur á jarðstöpli eða landgrunni, og fylgja útlínur þess útlínum strandarinnar (sjá brb.-uppdr. á bls. 54), en þar fyrir utan tekur við djúp hins eiginlega úthafs. Á þessu grunni eru ómetanleg fiskimið og hrygningarstöðvar. Lífsafkoma íslenzku þjóðarinnar er undir því komin, að þau séu vernduð og varðveitt. Landið sjálft er hrjóstrugt, og flestar nauðsynjar þarf að flytja inn frá útlöndum, en andvirði þeirra fæst með útflutningi sjávarafurða. Vissulega má segja, að fiskimiðin við strendur landsins séu lífsskilyrði fyrir íslenzku þjóðina **(conditio sine qua non)**, því að það eru þau, sem gera landið byggilegt. Ríkisstjórn Íslands telur sér heimilt og beinlínis skylt að gera **einhliða** (undirstr. af mér, Þ. Þ.) allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að viðhalda þessum auðlindum, og þetta er stjórnin að gera eins og fylgiskjölin sýna (þau eru texti laga nr. 44 5. apríl 1948 ásamt grg. þeirri, er var látin fylgja með frv. að þeim á Alþingi, reglug. nr. 46 22. apríl 1950 og reglug. nr. 21 19. marz 1952. Þ. Þ.). Stjórnin telur það ekki bera vott um raunsæi, að leyfilegt sé að banna útlendingum að dæla olíu upp af landgrunninu, en að ekki sé á sama hátt unnt að hindra, að þeir eyðileggi aðrar auðlindir, sem eiga aðsetur á sama hafsbotni. 3. Ríkisstjórn Íslands heldur því ekki fram, að sömu reglur þurfi endilega að gilda í öllum löndum, heldur er það skoðun hennar, að rannsaka

verði sérstaklega hvert mál um sig og að strandríkið geti innan sanngjarnrar fjarlægðar frá ströndum sínum gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda fiskveiðar fyrir ströndum landsins með hliðsjón af fjárhagslegum, landfræðilegum, líffræðilegum og öðrum sjónarmiðum, er máli skipta".

Þetta eru lokaorðin í bréfinu.

Áður en lengra er haldið, þykir mér rétt að benda á tvenn ummæli í úrskurði Haagdómsins 18. des. 1951 í fiskveiðadeilu Breta og Norðmanna: „Loks má ekki gleyma einni athugun, sem tekur til fleiri atriða en þeirra, er varða beint landslögun. Er hér um að tefla vissa efnahagslega hagsmuni, sem eru eiginlegir tilteknu landssvæði, enda hafi löng venja sannað ljóslega tilvist þeirra og mikilvægi." (Ísl. þýð. (sérpr.), bls. 21). — „Slík réttindi, reist á lífsnauðsyn landsmanna og staðfest af mjög fornri og friðsamlegri venju, má réttilega taka til greina, þegar dregin er markalína, sem dóminum virðist auk þess hafa verið dregin innan hóflegra og sanngjarnra takmarka." (S. st., bls. 34).

Að vísu er ég ekki þeirrar skoðunar, að leggja beri hugsanlega deilu út af fiskveiðalandhelgi okkar fyrir alþjóðadómstólinn í Haag, vegna þess að ég tel það algert innanríkismál okkar, hvernig við högum yfirráðarétti okkar yfir Íslandsmiðum, og því sé það einungis Alþingi Íslendinga, sem úrslitavaldið hefur í þeim efnum. En hvað sem því líður og ef málið kæmi samt fyrir alþjóðadómstólinn, tel ég einsætt, að reynt verði að rökstyðja sérstöðu okkar miklu betur með sögulegum gögnum en gert hefur verið til þessa. Og ég hef alltaf talið fráleitt, að gefið verði á nokkurn hátt í skyn, að erlendar stofnanir hafi atkvæðisrétt um fiskveiðalandhelgi Íslands, og þess vegna geti líka verið varhugavert að miða aðgerðir (eða aðgerðaleysi) okkar á nokkurn hátt við andblástur eða byr frá slíkum samkundum.

Norðurlandaráðið virtist aðhyllast þetta sjónarmið á 2. fundi sínum í Osló í ágústmánuði 1954, því að það vék frá sér beiðni Ólafs Thors um stuðning Norðurlanda við Ísland í Evrópuráðinu (í sept 1954) með þeim rökum, að hvorugt þetta ráð væri réttur vettvangur fyrir umræður um málið (Nordisk råd 2. sesjon 1954, Osló, bls. 849). Var sú ályktun að lokum samþykkt með atkvæðum íslenzku fulltrúanna einnig. Að vísu hefur íslenzka stjórnin ekki farið eftir þessari samþykkt í verki, svo sem kunnugt er.

Árið 1953 birti þjóðréttarnefndin frumvarp sitt að reglum um forræði úthafsins (A/2456, bls. 12—19). Eru teknar upp í 1. kaflann fyrri tillögur nefndarinnar um landgrunnið, lítið eitt breyttar og auknar (1.—8. gr.). Ekki er þar tekið neitt tillit til bréfs ríkisstjórnar Íslands, þess er að framan var getið. Hið sama er að segja um þá kafla frumvarpsins, þ. e. III. og IV., er fjalla um fiskveiðar á úthafinu og um aðliggjandi sævarbelti. III. kaflinn fjallar eingöngu um alþjóðlegt eftirlit með fiskveiðum. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að ríki megi takmarka eða skipuleggja veiðar til þess að forðast ördeyðu, ef annarra þjóða þegnar sækja ekki þau mið, ella þurfi milliríkjasamninga. Komi síðan fiskimenn þriðja ríkis á miðin, en gangi ekki að settum reglum, skuli deilu vísað til alþjóðastofnunar, er sett skuli á fót samkv. fyrirmælum 3. gr. á vegum Sameinuðu þjóðanna, og er tekið fram berum orðum, að ríki sé skylt að láta þegna sína fara í einu og öllu eftir fyrirskipunum hennar varðandi verndun fiskimiða á úthöfum. En í 2. gr. er kveðið svo á, að strandríkjum sé heimilt á jafnréttisgrundvelli að taka þátt í hvaða ráðstöfunum sem gerðar séu á úthafinu innan 100 sjómílna frá landhelgislínu þess, jafnvel þó að þegnar þess stundi ekki fiskveiðar á þeim slóðum. Nefndin viðurkennir berum orðum í inngangi að þessum till., bls. 17, að hafa haft með höndum athugasemdir Íslands áður en þessar greinar voru samdar. Nefndin viðurkennir að sönnu, að alþjóðlegar reglur skorti til verndar fiskistofnum, en hitt er einsætt, að hún metur mest það sjónarmið hinna gömlu flotavelda, að söguleg og aldagömul fiskimið fjarlægra þjóða skuli teljast úthaf gagnvart þeim og í raun réttri öllum frjáls og opin.

Í því sambandi leyfi ég mér aðeins að nefna afstöðu brezku stjórnarinnar, bréf dags. 2. júní 1952, þar sem hún segist vera algerlega fylgjandi 3. gr. frv. þjóðréttar-

nefndarinnar um landgrunn og kveðst ekki munu ganga að neinni alþjóðasamþykkt um landgrunnið, þar sem það ákvæði skorti. En það er einmitt þetta ákvæði, sem íslenzka stjórnin kvaðst með engu móti geta samþykkt. Að öðru leyti getur brezka stjórnin þess, að hún muni berjast gegn hverju því kerfi, er miði landgrunn við vegalengd frá ströndum í stað dýpis eða helgi strandríki fiskimið, þótt grynnra sé á en 100 faðmar (eða e. t. v. 200 metrar), ef dýpri áll skilji það frá landi. Kveður hún unnt að helga sér slík grunnmið með hefð, þar eð þau séu almenningur (**res communis**), ellegar að ríki geti slegið eign sinni á þau og nytjað síðan samkv. reglum um landvinninga, þar eð þau séu **res nullius** (einskis manns eign) (A/2456, bls. 69). Ráða má af þessu svari brezku stjórnarinnar, enda er það raunar sagt berum orðum, að hún muni aldrei fallast á kerfi, sem væri viðunandi fyrir Ísland.

Þegar íslenzka stjórnin hafði kynnt sér hinar nýju tillögur þjóðréttarnefndarinnar um landgrunnið og forræði yfir úthafinu með tilliti til fiskveiða og verndar fiskistofna, svo og bráðabirgðafrumvarp að reglum varðandi landhelgi (Skýrsla þjóðréttarnefndar um 6. fundinn, 3. júní til 28. júlí 1954, A/2693, bls. 12—21), ritaði hún Sameinuðu þjóðunum bréf, dags. 26. marz 1955 (A/2934, bls. 28—30). Í þessu bréfi gerir stjórnin aðallega að umræðuefni grunnlínukerfið og víðáttu landhelginnar ásamt aðliggjandi hafsvæðum. Leggur stjórnin að mínum dómi í 2. kafla bréfsins nokkuð einstrengingslega áherzlu á hið norska grunnlínukerfi, eins og það væri allra meina bót fyrir Ísland, og bendir sérstaklega á þau ákvæði, þar sem till. þjóðréttarnefndarinnar ganga skemmra en úrskurður Haagdómsins 18. des. 1951 eða eru í andstöðu við niðurstöðu hans. Þessum kafla bréfsins lýkur stjórnin með svofelldum orðum, í lauslegri þýðingu: „Sérfræðingar þeir, sem leitað var til í sambandi við 2. mgr. 5. gr. (þ. e. lengd beinna grunnlína, Þ. Þ.), voru sérfræðingar í landafræði, en ekki í þjóðarétti, og voru meira að segja fengnir næstum eingöngu frá löndum í Vestur-Evrópu, sem vilja hafa landhelgina sem allra minnsta. Ríkisstjórn Íslands getur alls ekki fallizt á þessa málsgrein, og að hennar dómi á að sleppa henni“ (A/2934, bls. 29). Í 5. kafla bréfsins bendir stjórnin á, að ógerlegt muni að ákveða almenna fasta reglu um víðáttu landhelginnar, ýmis ríki mundu krefjast alþjóðasamþykktar, sem reist væri á þriggja sjómílna kenningunni, þá yrðu öll hin að láta undan, en slíkt sé óraunhæf niðurstaða. Bent er á, að þriggja sjómílna beltið ætti að fara sömu leiðina og reglan um 10 sjómílna breidd flóa og fjarða. Allsherjarkerfi mundi því aðeins fást, að samþykkt væri mjög breið landhelgi, á það mundu þriggja sjómílna ríkin ekki vilja fallast, og virðist því sá einn vera fyrir hendi að viðurkenna sérstakt kerfi á vissum svæðum eða hjá einstökum þjóðum í samræmi við gildandi venjur. Þess konar tillögur sé íslenzka stjórnin fús að ræða. Loks bendir stjórnin á í þessu sambandi, að forsendan fyrir lögsögu yfir strandsjónum sé sú, að viðurkenndir séu þar með nokkrir sérhagsmunir strandríkisins úti fyrir landi sínu. Eitt atriðið í þessu sambandi sé afdráttarlaus lögsaga yfir fiskveiðum með ströndum fram, en séu aðliggjandi belti notuð í þessu skyni, muni t. d. þörf Íslands fyrir víðáttumikla landhelgi birtast í öðru ljósi, o. s. frv. Lýkur stjórnin þessu bréfi með því að endurtaka niðurstöður sínar úr bréfinu 5. maí 1952.

Þjóðréttarnefndin hefur unnið nokkuð lengi að þessu máli og endurskoðað gerðir sínar og tillögur hvað eftir annað. Á 7. fundi sínum, 2. maí til 8. júlí 1955, gekk hún frá nýjum tillögum um forræði yfir landhelginni. Er þar um að ræða nokkrar breytingar, er nefndin segist hafa gert eftir að hafa kynnt sér sjónarmið ýmissa ríkisstjórna. Þetta álit er birt ásamt nýjum reglum um úthafið í síðustu ársskýrslu hennar (A/2934, bls. 2—22). Því miður get ég ekki komið auga á, að haft sé neitt tillit til sérstöðu Íslands eða tillagna ríkisstjórnar okkar. Þvert á móti virðist sem barátta hennar við þessa stofnun sé næsta vonlaus í bili. Í sambandi við þessar nýju tillögur er auglýst eftir nýjum umsögnum. Ekki er mér kunnugt um, hvort eða hverju íslenzka stjórnin kann að hafa svarað, því að vitneskju um aðgerðir hennar er yfirleitt ekki að finna nema í erlendum heimildarritum. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á 3. gr. frv. þjóðréttarnefndar um landhelgina. Hún er svona (lausl. þýdd): 1.

Nefndin viðurkennir, að ekki er algild alþjóðaregla að miða breidd landhelgi við 3 sjómílur. 2. Nefndin telur, að alþjóðalög heimili ekki, að landhelgi sé breiðari en 12 sjómílur. 3. Nefndin telur, án þess að taka nokkra afstöðu til breiddar landhelginnar innan þeirra takmarka (þ. e. 12 sjómílna. Þ. Þ.), að þjóðaréttur skuldbindi ekki nokkurt ríki til þess að viðurkenna landhelgi, sem er breiðari en 3 sjómílur. Beðizt var einkum umsagnar um 3. mgr. þessarar greinar.

Ég á erfitt með að sjá, að heppilegt geti verið fyrir Alþingi að miða afgreiðslu sína á þáltill. á þskj. nr. 40 og 107 við hugsanlegan árangur af starfi þjóðréttarnefndarinnar. Hún hefur allt önnur sjónarmið í huga, enda geri ég ráð fyrir, að lengi mætti bíða eftir sameiginlegu áliti, er verið gæti grundvöllur að alþjóðasamþykkt um jafnþýðingarmikið, margþætt og umdeilt mál. En svo má ekki gleyma hinu, að eftir að slík samþykkt hefði verið gerð, yrði öll hlutaðeigandi ríki að staðfesta hana og fullgilda, því að slík skjöl verða ekki samþykkt með einföldum meirihluta á fundum. Býst ég við, að ýmsum héruðum á Íslandi þætti langt að bíða eftir slíku, enda er ekki neinn grundvöllur fyrir þeirri málsmeðferð í gildandi lögum okkar.

Að vísu dreg ég ekki í efa, að meiri hluti alþingismanna mundi kjósa að samþykkja þáltill., sem meiri hl. allsherjarn. Sþ. vill vísa frá með rökst. dagskrá. Þyki á hinn bóginn ekki hallkvæmt að samþykkja hana á þessu þingi, teldi ég miklu skynsamlegra af tvennu illu að láta hana daga uppi, svo sem gert hefur verið á undanförnum þingum. Það mundi verla verða túlkað okkur í óhag erlendis. En við samþykkt hinnar rökstuddu dagskrár á þskj. 271 væri ég hræddur. Þar að auki held ég, að nefndarálitið leyni hinni raunverulegu ástæðu og að þetta sé allt of augljóst, ella hefðu sams konar tillögur á fyrri þingum hlotið að fá þessa afgreiðslu, því að þá var satt að segja e. t. v. ekki með öllu vonlaust um jákvæðan árangur fyrir okkur af starfi þjóðréttarnefndarinnar. Ég tel nokkurn veginn greinilegt, að allir viti bornir menn innanlands og utan telji fullvíst, að þessi rökst. dagskrártill. sé fram sett eftir kröfu þeirra afla, sem ætla sér að láta landhelgisréttindi okkar í skiptum fyrir möguleika til að verzla með ísaðan togarafisk í Bretlandi, eða m. ö. o., að gengið sé að þeim málamiðlunartillögum, sem sagt er utanlands að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC) hafi samið og ríkisstjórnir Íslands og Stóra-Bretlands séu orðnar sammála um.

Aðalráðunautur Íslands í landhelgismálum, Hans G. Andersen, lét svo ummælt árið 1948 í **Greinargerð um landhelgismálið**, og bar fyrir því tvo víðfræga og ágæta bandaríska þjóðréttarfræðinga, að „réttara væri fyrir Ísland að skáka í skjóli óvissunnar heldur en verða því e. t. v. valdandi, að óhagkvæmri niðurstöðu (fyrir Ísland) yrði slegið fastri“ (bls. 57). Þessi ummæli virðast ekki síður tímabær nú. Á öðrum stað (bls. 60) sagði hann: „Jafnframt yrði svo að gæta þess vandlega að gefa engar yfirlýsingar, sem orðið gætu til þess, að ekki væri hægt að auka kröfurnar síðar meir“. Ég er mjög hræddur um, að þeir útlendingar, sem eru andvígir stefnu íslenzku þjóðarinnar í landhelgismálum, mundu telja samþykkt rökst. dagskrár á þskj. 271 meðal yfirlýsinga af því tagi, sem ráðunautur íslenzku stjórnarinnar hefur varað við, og mundu telja hana stuðning við sinn málstað, en ekki okkar.

Hér að framan hef ég nær eingöngu rakið stuttlega hina dapurlegu viðureign íslenzku ríkisstjórnarinnar við þá alþjóðastofnun, sem meiri hl. allsherjarn. Sþ. virðist nú ætla að fara að setja traust sitt á í landhelgismálum okkar. Er skylt að geta þess, að á þessum vettvangi virðist mér þó hafa verið haldið sýnu bezt á þessu máli af okkar hálfu. Ekki tel ég hyggilegt til frekari árangurs að slaka á klónni.

Árið 1930 var boðað til alþjóðaráðstefnu í Haag í þeim tilgangi að leggja drög að skrásetningu meginreglna þjóðaréttarins. Af þeirri viðleitni varð enginn beinn árangur. En ráðstefnan færði okkur Íslendingum þá ómetanlegu gjöf, þrátt fyrir ófullnægjandi viðbúnað af okkar hálfu, að þá kom óumdeilanlega í ljós, að engin algild þjóðréttarregla var til um víðáttu landhelginnar. Þessi vitneskja hlaut bindandi viðurkenningu með úrsk. Haagdómsins 18. des. 1951. Þar er að finna aðalgildi hans fyrir Ísland. Störf og rannsóknir þjóðréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna hafa

staðfest þetta enn þá betur og raunar leitt í ljós ýmis mikilvæg rök fyrir þeim sjónarmiðum okkar Íslendinga, að heimilt sé að ákveða einhliða víðáttu landhelginnar.

Um víðáttu landhelginnar í víðustu merkingu gætir lítils samræmis, en þó enn minna, ef farið er að rannsaka hinar sérstöku landhelgisreglur. Ég set hér að lokum aðeins fáeinar tölur, sem sýna þetta. Þær eru teknar eftir bók Rússans A. N. Nikolaéffs, **Problema territorialnikh vod v mesdúnarodnom prave**, Moskva 1954, bls. 302—303. Af 63 löndum, sem Nikolaéff nafngreinir, hafa 33 þriggja sjómílna alm. landhelgi, 5 fjögurra sjómílna, 1 fimm sjóm., 15 sex sjóm., 2 níu sjóm., 6 tólf sjóm., 1 fimmtíu kílómetra og 1 tvö hundruð sjómílur. En 15 ríki hafa sett fram kröfur um yfirráð yfir landgrunni sínu. En séu tekin til athugunar hin ýmsu sérsvið landhelginnar, kemur í ljós, að 3 sjóm. reglan er yfirleitt í miklum minni hluta. Aðeins mjög fáar þjóðir aðhyllast fjögurra sjómílna belti til fiskveiða. Hef ég oft gert mér far um að undirstrika, að fyrir slíu landhelgisbelti sé engin söguleg eða réttarleg hefð hér á landi, og því eindregið varað við, að það yrði tekið upp hér. Tel ég af þeim sökum enn meiri ástæðu til að samþykkja till. á þskj. 40 og 107. Rökin fyrir því hefði ég gjarnan viljað rekja ýtarlega hér, en þar eð ekki er tóm til þess, leyfi ég mér að vitna til erindis þess, sem ég flutti hér í bænum og í Vestmannaeyjum í lok fyrra mánaðar. Þar er gefið stutt yfirlit um ýmislegt, sem skiptir máli í því sambandi.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Þórarinsson.

Fylgiskjal II.

Stutt yfirlit um landhelgismálið.

Erindi Þorvalds Þórarinssonar, flutt í Rvík 20. jan. og í Vestmannaeyjum 22. jan. 1956.

Ókunnugur maður, sem stendur uppi á Hornbjargi og horfir fram af, þar sem brimið svarrar fyrir neðan, mundi ef til vill halda, að þar væru landamæri Íslands í þá átt. Við Íslendingar vitum, að svo er ekki. Landið heldur áfram undir sænum, lengra en augað gæti eygt, þótt allt væri orðið þurrt, auðugt af þeim gæðum, er hafa gert landið byggilegt fram á þennan dag. Þann hluta landsins, sem er neðansjávar, höfum vér Íslendingar frá alda öðli kallað einu nafni Íslandsmið. Utan við það sævarbelti, er fylgdi einstökum jörðum, voru miðin sameign allra landsmanna og kölluð að fornu almenning hafs. Nafnið mið sýnir, að setur voru kenndar við staði á landi, eins og víða er enn í dag, og mætti e. t. v. í fljótu bragði ætla, að í orðinu fælist það, að sjást skyldi í björtu til lands af hverju miði, eða veiðislóð, en svo mun þó ekki hafa verið í reynd, enda hafa fornmenn sennilega talið sig vera komna á Íslandsmið, þegar þeir höfðu „fugl og hval“ af landinu, eins og komizt er að orði á nokkrum stöðum í fornritum vorum.

Sú venja hefur skapazt og þróazt, að ríki, sem á land að sjó, hafi forræði og fulla lögsögu yfir nokkru sævarbelti undan ströndum og nokkuð á haf út. Þetta belti er á nútímamáli kallað landhelgi. Um breidd þess eru ýmsar reglur og nær eingöngu háðar löggjöf þess ríkis, sem í hlut á, ef það er fullvalda. Greint er á milli ýmiss konar landhelgi, svo sem vegna tollgæzlu, sóttvarna, hlutleysis og fiskveiða. Hér verður aðeins rætt um fiskveiðalandhelgina.

Eins og sakir standa, hafa stjórnarvöld Íslands búið oss þá sérstöðu á meðal þjóðanna, að vér höfum enga afmarkaða fiskveiðalandhelgi. Ýmislegt bendir einnig til þess, að núverandi valdhafa hér muni bresta vilja eða úrræði til þess að helga oss Íslendingum miðin í kringum landið, og staðreyndir sanna, að útlendingar eru fúsir til að slá eign sinni á þau bæði í orði og verki. Þess vegna gæti verið heppilegt að nota þetta sérkennilega millibilsástand til þess að rifja upp fyrir sér helztu atriði þessa veigamikla máls.

Íslendingar sátu einir að miðum sínum fram undir lok 14. aldar. Þá tóku útlendir fiskimenn að venja hingað komur sínar. Eftir að landið komst undir konung, taldi hann sig einan eiga að ráða því, hverjir stunduðu verzlun hér við land, og því var einnig reynt að hindra fiskveiðar útlendinga með ýmsum hætti, enda var jafnan hætta á, að þeir rækju ólöglega verzlun um leið. Einnig reyndu þeir að hafa hér vetursetu og útræði frá landi í nokkrum stöðum. Af þessu hlaut að leita til þeirra verkafólk frá bændum, og lögðust því bæði konungur og innlendir áhrifamenn á eitt til að sporna við slíku. Og hófst nú einhver athyglisverðasti kaflinn í atvinnu- og stjórnmálasögu íslenzkra miðalda. Alþingi tók hvað eftir annað frumkvæðið af konungi, eða hafði vit fyrir honum. Hið sama er að segja um einstök héruð. Margir tugir dóma og samþykkta, sem eru í eðli sínu sjálfstæð löggjöf þjóðar, er skoðar sig fullvalda þrátt fyrir nýlendustöðuna, bera þessu órækt vitni. Þessi starfsemi sýnir árvekni, þekkingu, metnað og stjórnmálaþroska, er gæti verið sönn fyrirmyndi enn í dag.

Um landhelgi í nútímaskilningi er varla að tala fyrr en Kristján 4. kom til sögunnar. Hann hélt fram 8 mílna landhelgi, og skyldu öll skip ófriðhelg og upptæk, er nær sigldu landi. En árið 1631 er með sama fororði tekin upp 6 mílna landhelgi. Við þetta verður að gefa þá viðbótarskýringu, að í þessum lagaboðum mun hafa verið án alls efa átt við gamlar norskar mílur, en þær samsvöruðu 6 sjómílum (þ. e. 11.294.73 metrar, sbr. Christopher B. V. Meyer). Landhelgin hefur því fyrst verið 48 sjómílur, en því næst 36. Þó er í leyfisbréfinu frá 16. des. 1631 og 15. apríl 1636 Bretum veitt undanþága að því leyti, að skip þeirra mega veiða upp að 4 mílna (þ. e. 24 sjómílna) belti umhverfis landið. Allt svæðið innan 36 sjómílna, með þessari undantekningu, var helgað landsmönnum einum og verzlunarfélaginu, bæði til fisk- og hvalveiða. En í leyfisbréfinu frá 31. júlí 1662 er aðeins talað um 4 mílur, en refsingin er upptaka skips og eigna, ef fiskað var nær landi. Hér mun enn hafa verið átt við hinar gömlu, norsku mílur, þ. e. 24 sjómílur. En smám saman virðist þetta hafa breytzt í það horf, að farið var að miða við danskar mílur, og voru 4 sjómílur í hverri. Landhelgin virðist samkvæmt því hafa verið talin 16 sjómílur frá árinu 1662 til ársins 1859, þó að hún væri ekki alltaf varin þann tíma.

Nú voru líka komin önnur sjónarmið til sögunnar. Allt til loka 16. aldar hafði konungur Íslands og Noregs talið norðurhluta Atlantshafsins eign sína og ætlað þar þegnum sínum öll réttindi. En á 17. öldinni fór flotastyrkur siglingaþjóðanna mjög ört vaxandi, og fóru þá óðar að koma fram kenningar heimspekinga og lögfræðinga um frelsi hafsins. Frægust eru tvö rit frá miðri 16. öld eftir Spánverjana De Castro og Ferdinand Vasques. Andmælir sá fyrrnefndi landhelgiskröfum tveggja borgríkja við Miðjarðarhafið og telur þær í senn stríða gegn rétti keisaradæmisins og hinum upprunalega rétti mannkynsins og náttúrunnar. Hinn síðarnefndi tók undir þessar röksemdir, og báðir gagnrýndu harðlega einkaréttindi þau, sem bæði Spánverjar og Portúgalsmenn kröfðust sér til handa um siglingar til Austur- og Vestur-Indía. Árið 1609 kom út hið heimsfræga rit Grotíusar um hið frjálsa haf. Ritið fjallaði um frelsi til siglinga um úthöfin, enda voru Hollendingar þá ekki búnir að ná fótfestu sjálfir í Austur-Indíum. Á hinn bóginn gerði Grotíus ekki ágreining um yfirráð yfir sundum og flóum og fjörðum og virðist vilja láta sævarbelti innan landsýnar fylgja strandríkinu. Þessa skoðun rökstuddi Grotíus miklu nánar árið 1625 í mesta ritverki sínu: De jure belli ac pacis, þar sem hann segir, að lögum verði komið yfir þá, er sigla með ströndum fram, á sama hátt og hina, sem dveljast á landi. Grotíus var ákaflega andvígur kröfum Breta og annarra um einkaréttindi til fiskveiða langt á haf út fyrir landi sínu. En Bretar töldu kenningar hans mjög hættulegar. Því var skozkum fræðimanni, Welwood að nafni, falið að hrekja þær opinberlega. Hann segir, að ef takmarka eigi frjáls yfirráð og afnot hafins í einhverjum tilgangi, þá ætti það einkum og aðallega að vera með tilliti til fiskveiða, ef fiskur gangi til þurrðar ella, eins og sé þá við austurströnd Skotlands. Rit þetta birtist árið 1613, en tveim árum síðar samdi

Welwood viðbótarrit, þar sem hann hélt því fram, að strandsjórinn skuli fylgja hlutaðeigandi landi, og telur hann vera óaðskiljanlegan hluta ríkisins, er ekki verði afsalað fremur en öðrum hlutum þess. Í þessu riti tekur Welwood beinlínis fram, að íbúar landsins hafi upprunalegan einkarétt til fiskveiða úti fyrir ströndum þess, að öll gögn og gæði þessa hafsvæðis tilheyri þeim, enda séu aðalrökin fyrir því, að þetta belti fylgi viðkomandi landi, einmitt þau, að án eftirlits með veiðum mundu fiskimiðin eyðast. Ekki nefndi Welwood beinlínis, hve víð þessi landhelgi ætti að vera, en taldi, að Hollendingar mættu ekki fiska nær Skotlandsströndum en 80 mílur.

En Bretar voru ekki ánægðir með svo mjótt landhelgisbelti eða frelsi á úthafinu fyrir hvern sem var. Þess vegna fól konungur ýmsum mönnum að sanna með ýmiss konar ritverkum, að Bretar réðu ekki aðeins yfir hafinu meðfram ströndum sinna landa, heldur einnig yfir miklu víðara hafsvæði, t. d. allt upp að ströndum Þýzkalands, Hollands og Frakklands. Með riti sínu: Mare clausum — reyndi Selden árið 1635 að sanna fullveldi Breta á hinum brezku höfum. Hann hélt því enn fremur fram, að hægt væri að slá eign sinni á stór og fjarlæg hafsvæði á sama hátt og nýlendur. Selden lauk bók sinni með þeim orðum, að yfirráðum Breta á sjónum séu engin takmörk sett til suðurs eða austurs önnur en strendur og hafnarborgir ríkjanna handan hafsins, en að norðan og vestan til yztu endimarka hinna víðáttumiklu hafa, er Englendingar, Skotar og Írar eigi.

Hollendingurinn Pontanus skrifaði bók á móti kenningum og fullyrðingum Seldens. Hann er talinn fyrstur manna hafa gert skýran greinarmun á því hafi, sem er með ströndum fram, og úthafinu og er því stundum kallaður faðir lendhelginnar. Hann segir strandsjóinn bæði geta verið háðan eignar- og umráðarétti, en úthafið alls ekki. Landi hans, Cornelíus van Bynkershoek, stakk upp á því árið 1703, að víðátta landhelginnar yrði hvarvetna ákveðin hin sama, bæði með hliðsjón af fiskveiðum og öðru. Bynkershoek vildi greina strandsjóinn frá öðrum hlutum aðliggjandi hafs á þann hátt, að landhelgi (mare terrae proximum) skyldi miðast við svokallaða skothelgi, eða langdrægi fallbyssu, samkv. þeirri reglu, að „þar skal enda yfirráðasvæði ríkis, sem vopnavaldið þrýtur".

Eftir þetta er í vaxandi mæli farið að aðhyllast þá reglu, að langdrægi fallbyssu skuli ráða víðáttu landhelginnar, enda reyndist þetta eina vörnin víða gegn vaxandi sjóveldi og yfirgangi Breta. Að vísu hélt hver höfundur og hvert ríki sinni sérstöku skoðun á því, hvað telja bæri langdrægi fallbyssunnar, enda mjög breytilegt. En árið 1782 vildi Ítalinn Galíaní láta miða skothelgina við 3 sjómílur.

Hér hefur verið farið mjög fljótt yfir langa sögu og flókna. Og snúum okkur nú aftur að Íslandi. Hin gamla regla um 4 mílur (norskar eða danskar) virðist enn gilda þegjandi og hljóðalaust, þegar tilskipunin 13. júní 1787 var sett, því að breidd landhelginnar var ekki nefnd berum orðum, en dr. Einar Arnórsson hélt því fram, að hún hefði e. t. v. að sumu leyti verið stækkuð, þar eð nú voru flóar allir og firðir algerlega lokaðir fyrir skipum útlendinga, nema í neyð, og skip og farmur upptækt, ef tilskipun þessi var brotin. Veiðar frá duggum eða öðrum skipum voru berum orðum bannaðar við strendur landsins.

Þessi regla um lokun fjarða og flóa mun eiga gamla stoð í rétti vorum, sbr. ákvæði í Grágás, I b, 71, þar sem svo er að orði komizt, að siglingu milli landa sé lokið, þegar skip er komið svo nærri landi, „að nes ganga af meginlandi út um skutstafn". Þetta mundu vera kallaðar langar grunnlínur á nútímamáli.

Þó að konungur teldi sig hafa öll yfirráð yfir hafinu umhverfis Ísland og ætlaði þegnum sínum einum gæði þess, gekk honum misjafnlega að verja Íslandsmið. Er því rétt að drepa á fáein dæmi um frumkvæði Íslendinga í því efni, sem ég gat um áðan. Ég nefni aðeins örfá af óteljandi dæmum.

Með Píningsdómi svokölluðum 1490 reynir Alþingi með lögum að helga Íslendingum einum grunnmiðin umhverfis landið og er þar með að ógilda tilslakanir konungs. Tylftardómurinn á Alþingi 1. júlí 1500, kenndur við Finnboga og Þorvarð, er lagasetning um bann við veiðum útlendinga á djúpmiðum. Árið 1527 gerði Alþingi

á eigin spýtur, að undirlagi biskupanna Jóns Arasonar og Ögmundar Pálssonar, milliríkjasamning við Þjóðverja og Breta til þess að torvelda þeim veiðar hér og héðan. Í sömu átt gekk Vilborgarstaðadómur í Vestmannaeyjum árið eftir. Árið 1544 voru gerðir upptækir samkv. þessum lögum allir bátar Hamborgarmanna á Suðurnesjum. Þær aðgerðir voru samþykktar í einu og öllu á Alþingi 1545 með samþykkt þeirri eða dómi, sem kennd við við Otta Stígsson. Þó að nokkuð væri í mörgum greinum þrengt kosti Íslendinga eftir siðaskiptin 1550, héldu þeir áfram að berjast fyrir rétti sínum til fiskimiðanna. Ég nefni aðeins sendiför Jóns lögmanns Jónssonar til ríkisráðs og konungs árið 1592, Egilsstaðadóm árið 1594 og innheimtu Ara Magnússonar í Ögri á hval- og fiskveiðatolli af skipum Baska og Frakka árin 1613 og 1614. Varð af þessu mikið mál og sögulegt. Árið 1740 voru tekin hér við land sjö hollenzk skip innan 16 sjómílna beltisins. Voru sex þeirra gerð upptæk og seld á uppboði í Kaupmannahöfn. Í þeim bréfaskiptum, sem urðu út af þessu, kemur í ljós, að Íslendingar höfðu eins og oftar áður haft frumkvæði um varnir fiskimiðanna. En bréf danska utanríkisráðuneytisins hefur orðið frægt í þjóðarréttinum vegna þess, hversu vel er þar haldið á málstað konungs og Íslendinga. Sama er að segja um bréf Dana út af töku tveggja franskra skipa árið 1765, þó að málalok yrðu önnur.

Allir viðurkenna, jafnvel ráðunautur ríkisstjórnarinnar í landhelgismálum, að fjögurra mílna landhelgin (16 sjómílna) hafi gilt hér við land óskoruð til ársins 1859. Á hinn bóginn er einnig vitað, að Danir vörðu hana slælega, sbr. t. d. bréf utanríkisráðuneytisins 11. des. 1833, þar sem ráðuneytið kveðst að sönnu fallast á, að haldið sé uppi löggæzlu samkv. tilsk. 13. júní 1787, þar á meðal að fiskiskipum sé haldið utan 4 mílna beltisins, en vill minna á bréf sitt frá 3. júní 1818, þess efnis, að herskip konungs hafi reynt að framfylgja þeirri reglu, en útlendir skipstjórar ekki viljað viðurkenna hana. Nú vill ráðuneytið helzt miða við skothelgi, sem það telur mega miða við 1 (danska) mílu, og sé líklegra, að sú regla nái viðurkenningu í framkvæmd.

Vikið er að þessu atriði aftur árið 1846, þegar Rentukammerið safnaði eftir tilmælum flotastjórnarinnar reglum þeim, sem giltu um fiskveiðar og siglingar við Ísland, Færeyjar og Grænland handa varðskipsforingjunum. 3. maí 1846 er síðan gefið út konungsbréf til Rentukammersins um verzlun og veiðar útlendinga hér við land. Er þar mælt svo fyrir, að hinum gömlu lagaboðum um 4 mílna landhelgi verði ekki framfylgt með þeim strangleika, sem boðinn er, heldur þannig, að útlendingar torveldi ekki dönskum eða íslenzkum fiskimönnum veiðar á hinum hægustu miðum, „hvort heldur er innan eða utan þessarar fjarlægðar frá ströndinni“. Þetta er athyglisvert á tvennan hátt. Í fyrsta lagi virðist konungur enn telja sér heimilt að meina þegnum annarra ríkja fiskveiðar utan landhelgi hér við land, og í öðru lagi ætlast hann til, að landsmenn og Danir geti stundað veiðar „paa de bekvemmeste Steder“ innan landhelgi (Lovs. f. Isl. XIV, 461).

Árið 1859, 28. febr., spurðist flotamálaráðuneytið enn fyrir um það, hverjar starfsreglur bæri að setja foringja varðskips nokkurs, sem þá átti að senda til landhelgisgæzlu við Ísland. Og nú verða tímamót. Dómsmálaráðuneytið minnir á 4 mílna regluna, en segir, að nú láti ráðuneytið sér nægja, að útlendingar fiski ekki nær ströndum en 1 d. mílu, en bætir því við, að auðvitað sé útlendingum óheimil veiði á fjörðum landsins og víkum. Og nú er í fyrsta skipti vitnað þessu til stuðnings (þ. e. einnar mílu fjarlægðinni frá ströndum) í konungsúrskurð 22. febr. 1812, en með honum var þessi landhelgi ákveðin fyrir Danmörku og Noreg. Þessi úrskurður hafði aldrei verið birtur hér á landi og gilti því ekki sem íslenzk lög, enda var dönsku stjórninni þetta vel ljóst, því að sama dag og hún ákvað þetta, þ. e. 18. apríl 1859, gerði hún ráðstafanir til þess að kynna öðrum þjóðum þessa ákvörðun. En Bretar kunnu illa að launa þessa undanlátssemi, því að þeir mótmæltu þegar í stað og sögðust ekki viðurkenna meira en 3 sjómílna landhelgi. Þeim mótmælum sinntu Danir ekki, enda viðurkenna þeir sjálfir um þessar mundir og síðar, að í raun og veru sé landhelgin áfram 16 sjómílur, þó að svona hafi verið slakað til á vörzlunni. Þeir lögleiða hér aldrei kgsúrsk. 22. febr. 1812, en segja aðeins í fyrrnefndu bréfi 18. apríl

1859, að „svo virðist sem samkvæmast muni vera almennri skoðun um yfirráð yfir hafinu, að takmörkin séu ákveðin á þann hátt sem ákveðið er í kgsúrsk. 22/2 1812“. Alþingi Íslendinga fóru nú að berast kvartanir út af ágangi útlendinga, og sendu þeir konungi bænarskrá um, að hann láti varna því, að útlendingar fiski nær landi en lög leyfa. Eftir þetta var Alþingi sífellt að ítreka kröfur sínar, þó að nokkuð virðist skorta á, að þingmenn hafi fylgzt nægilega vel með erlendri löggjöf og þjóðarétti á þessu sviði. Af þessu stafar orðalagið, sem Alþingi féllst á í tilsk. 12. febr. 1872, en þá voru afnumin refsiákvæði tilsk. 13. júní 1787 og svo kveðið á, að útlendir fiskimenn skuli sæta sektum, ef þeir veiða fyrir ströndum Íslands „innan þeirra takmarka á sjó, þar sem landhelgi er, eins og þau er ákveðin í hinum almenna þjóðarétti eða kunna að verða sett fyrir Ísland með sérstaklegum samningum við aðrar þjóðir“. Ekki er hægt að sjá, að nokkur breyting hafi orðið með þessari tilskipun á sjálfri víðáttu landhelginnar, þó að framkvæmdin kunni enn að hafa verið slök. Bæði landsyfirréttur og hæstiréttur töldu gilda eftir þetta mikilsverð ákvæði úr tilsk. 13. júní 1787 (Lyrd. V, 595, VI, 399). Og með dómum landsyfirréttar 21/5 1883 og 18/8 1884 (Lyrd. II, 217 og 366) er sagt, „að orðin fiski- eða hákarlamið í Ísafjarðarsýslu nái til allra þeirra fiski- og hákarlamiða, sem sýslubúar sækja á, að minnsta kosti þegar þau eru ekki lengra frá landi en svo, að mið verði tekin á landi í Ísafjarðarsýslu“.

Árið 1901 gerður Bretar samning við Dani, án þess að Íslendingar væru með í ráðum, um að hér skyldi gilda 3 sjómílna reglan. Með því lyktaði langvarandi tilraunum Breta til þess að hnekkja friðunarviðleitni Íslendinga, bæði vegna laganna um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi og tilrauna til að friða Faxaflóa. enda höfðu Bretar krafizt þess, að landhelgisbeltið við Suðurland væri opnað fyrir sér, ef Faxaflói yrði friðaður. Tvisvar sendu þeir hingað flotadeild rétt fyrir aldamótin til þess að sýna Alþingi í tvo heimana, ef á þyrfti að halda.

Með þessum samningum náðu Bretar formlega því marki, sem þeir höfðu sett sér, þ. e. að opna fyrir sér alla flóa og firði hérlendis, sem voru víðari en 10 sjómílur við mynnið. Þessa reglu höfðu þeir fyrst fengið viðurkennda með samningi við Bandaríkin 20. okt. 1818 og og við Frakkland 2. ágúst 1839. Þess vegna fór því mjög fjarri, að 3 sjómílna landhelgi væri orðin viðurkennd alþjóðaregla árið 1859, eða 20 árum seinna, eins og Bretar heimtuðu að Danir játuðu í verki. Hitt er rétt, að flotastyrkur Breta var svo mikill eftir Napóleonsstyrjaldirnar, að þeir skipuðu flestum þjóðum fyrir verkum.

Þó að samningurinn frá 1901 gilti formlega á milli Dana og Breta, máttu aðrar þjóðir ganga að honum. Að vísu gerði engin þjóð það formlega, og er því leiðinlegt, að engin íslenzk ríkisstjórn skyldi hafa hugsun á að beita gegn þeim hinum gildandi reglum eldri laga um 16 sjómílna landhelgina.

Þetta tækifæri kom þó í ógáti upp í hendurnar á íslenzkum stjórnarvöldum, en var ekki notað okkur í hag, heldur var framkoma hæstaréttar þá beinlínis til þess fallin að rýra álit okkar út á við og undirstrika metnaðarleysið eða vanþekkinguna. Ég á hér við þá tilraun, sem gerð var, að tilhlutan Dana, árið 1928 í þá átt að stækka landhelgina nokkuð á grundvelli nýrra og réttari sjókorta. Enskur togari var tekinn innan hinnar nýju línu og sektaður í undirrétti, en sýknaður í hæstarétti á þeim forsendum, að ekki væri heimilt að draga landhelgislínuna öðruvísi en gert var samkv. samningnum 1901. Mál tveggja þýzkra togara fór á sömu lund. Þeir voru dæmdir sekir í undirrétti, en sýknaðir í hæstarétti, „þar sem ekki þykir heimild til á þessum stað að draga landhelgislínuna öðruvísi en gert hefur verið á hinum eldri sjóuppdráttum til ársins 1928“. Þetta hefur verið túlkað þannig út á við, að hæstiréttur Íslands telji óheimilt samkv. þjóðarétti að stækka landhelgina einhliða. Hefur þetta víða sézt í útlendum bókum og verið okkur til mikils ama.

Einnig var ekki notað tækifærið, sem bauðst á ráðstefnunni í Haag árið 1930, til þess að skýra málstað vorn og sögulegan rétt. Þó var farið fram á 4 sjómílna

landhelgi, en engin frekari grein gerð fyrir því, hvernig hún ætti að vera. Á fiskveiðaráðstefnunni í London 1943 lagði Ísland áherzlu á stækkun landhelginnar, en ekki sést, að því máli hafi verið hreyft árið 1946, þegar nýi möskvastærðarsamningurinn var gerður. Og í því bréfi, sem Sveinn Björnsson, fyrrum forseti, sendi Faxaflóanefndinni í marz árið 1939, segir, að hinar fyrri reglur um víðáttu landhelginnar hafi aðeins sögulegt eða fræðilegt gildi, þar eð einungis hafi verið haldið 3 sjómílna reglunni.

Ég hef drepið á þessi fáu atriði til þess að sýna, að ekki hefur verið haldið eins vel á málstað okkar erlendis á þessu tímabili eins og á meðan við vorum nýlenda Norðmanna og Dana. Þá kom alloft fyrir, að við þóttum hafa borgið allvel okkar eigin málstað og stundum annarra um leið.

Það tæki engan enda, ef nefna ætti þótt ekki væri nema fáein dæmi um viðleitni Alþingis og landsmanna yfirleitt til þess að sporna við yfirgangi útlendra fiskimanna á tímabilinu 1860 til 1918, enda skiptir meira máli, hvað gert var eftir að landið varð fullvalda. Þegar árið 1919 kom fram merkileg tillaga um að skora á ríkisstjórnina að fá samningnum um landhelgislínuna breytt þannig, að hún yrði yfirleitt færð út og landhelgissvæðið stækkað, en þó einkum að það taki yfir alla firði og flóa og helztu bátamið. Framsögumaður lét þess getið, að svo mikið væri víst, að landhelgin ákvarðast ekki af föstum alþjóðalögum. Tillaga þessi var samþykkt, og ríkisstjórnin fól danska utanríkisráðuneytinu að leita samninga. Þær tilraunir báru lítinn árangur, og virðist sem íslenzka stjórnin hafi þar með svæft málið, þó að hér væri einmitt fenginn grundvöllur til að hefja sókn í málinu. Málið var rætt á þingi 1923, og árið eftir samþykkti neðri deild Alþingis svipaða tillögu. Árið 1926 flutti Pétur Ottesen tillögu til þingsályktunar um þetta mál. Fyrri hluti hennar var næstum samhljóða till. 1919, en þó berum orðum talað um Stóra-Bretland. En síðari hl. var svona: „Stjórninni er heimilt að senda til Englands mann eða menn til þess að greiða götu þessa máls og sérstaklega að vekja athygli á þeirri alþjóðanauðsyn, sem er á því að stækka hið friðaða svæði til þess að vernda fiskveiðar í hafinu umhverfis Ísland.“ Tillagan var samþykkt, en um beinan árangur var ekki að tala. Svipaða tillögu fékk Pétur Ottesen enn samþykkta á Alþingi 1929, en sýnilegur árangur varð enginn. Árið 1936 var hins vegar samþykkt till. til þál. um friðun Faxaflóa fyrir botnvörpuveiðum. Alþjóðahafrannsóknaráðið tók málið til meðferðar og skipaði Faxaflóanefndina. Niðurstaðan var sú 17. ágúst 1946, að ráðið féllst á tillögu nefndarinnar um 10—15 ára friðun í tilraunaskyni. Boðaði nú ríkisstjórn Íslands til ráðstefnu með öllum þeim ríkjum, er hlut áttu að máli, árið 1949 til þess að ljúka þessu friðunarmáli, en Bretar skárust úr leik, og fórst því ráðstefnan fyrir.

Fræðimenn hafa frá því seint á 19. öld hreyft þeirri hugmynd, að sérstakar reglur ættu að gilda bæði um eignarrétt og afnotarétt landa af grunnsvævinu úti fyrir ströndum sínum, enda skoðuðu flestir þennan stöpul sem beint framhald þurrlendisins. Með hliðsjón af þeirri staðreynd taldi t. d. Þorvaldur Thoroddsen prófessor Kolbeinsey vera hluta af Íslandi, enda mun ekki vera um að villast.

Þetta svæði frá ströndinni og út þangað, þar sem fer að snardýpka, hlaut árið 1887 enskt nafn og kallaðist „the continental shelf“. Tilsvarandi heiti hefur verið tekið upp í öðrum málum (fr.: le plateau continental; þ.: Kontinentalsockel). Á íslenzku hefur þetta verði kallað landgrunn. Oft hefur landgrunnið komið við sögu í ritum erlendra fræðimanna, bæði vegna jarðsögulegra athugana, olíuleitar, símalagna o. s. frv. En í sambandi við fiskveiðar er þess getið fyrst, þegar Odon de Buen, síðar fiskimálastjóri Spánar, hvatti eindregið til þess á fiskiþinginu í Madrid árið 1916, að landhelgin væri látin taka til alls landgrunnsins. Og þegar þjóðréttarfræðingar fóru loks að sinna umræðum varðandi landgrunnið, þá var það einmitt vegna hinnar miklu þýðingar, sem það hefur fyrir fiskveiðarnar. Á hinn bóginn voru stjórnmálamenn flestir meira að hugsa um olíuvinnslu og þess háttar, fyrst í stað a. m. k.

Með tveimur tilskipunum 28. sept. 1945 lýsti Trúmann Bandaríkjaforseti yfir stefnu Bandaríkjanna með tilliti til yfirráða landgrunnsins, bæði hvað snerti hagnýtingu málma og hvers konar jarðefna á sjávarbotni og undir honum og einnig viðvíkjandi friðun ýmissa svæða fyrir offiski. Stærð landgrunnsins var ekki ákveðin í þessum tilskipunum, en það skuli gert eftir atvikum eða með samningum við önnur ríki, ef landgrunn Bandaríkjanna sé áfast landgrunni þeirra. Í blaðatilkynningu, sem fylgdi þessu, var talað um, að þetta nýja yfirráðasvæði Bandaríkjanna skyldi ná út á 100 faðma dýpi, og var stærð þess talin 750000 fermílur (eða nálega 30 sinnum stærra svæði en allt Ísland). Svipaðar yfirlýsingar komu skömmu síðar frá ýmsum ríkjum í Vesturheimi: Mexíkó 29. okt. 1945; Argentína 11. okt. 1946; Tsíli 23. júní 1947; Perú 1. ágúst 1947. Þessi ríki öll lýsa yfir eignarrétti sínum á landgrunninu og telja það ná allt að 200 mílum til hafs. Síðan eru alltaf að berast fregnir af ráðstöfunum ríkja, er ganga ýmist langt eða skammt í sömu átt, t. d. Ástralía, sem hafði tekið sér 12 sjómílna landhelgi, en helgaði sér síðan með eignarrétti allt landgrunnið út á 100 faðma dýpi.

Hér á landi settu þeir Áki Jakobsson atvinnumálaráðherra og dr. Hermann Einarsson fiskifræðingur fyrstir fram þá skoðun og kröfu, að vér ættum að helga oss allt landgrunnið. Áki hreyfði þessu í ræðu á sjómannadaginn vorið 1946, en Hermann í greinum í Þjóðviljanum sama vorið.

Nýbyggingarráð tók þessa hugmynd upp og lagði til, að floti Íslendinga yrði svo stór, að þeir gætu einir veitt allan fisk, sem hagkvæmt væri að veiða á Íslandsmiðum. Þessa skoðun hafði dr. Hermann einmitt sett fram og rökstutt í fyrrnefndri Þjóðviljagrein.

Nú fór að komast dálítill skriður á landhelgismálið aftur. Haustið 1946 samþykkti flokksþing Framsóknarflokksins mjög skynsamlega áskorun til Alþingis, m. a. um tafarlausa uppsögn samningsins frá 1901 og mikla stækkun landhelginnar, þar á meðal að hún verði mæld frá yztu andnesjum, og verði allir firðir og flóar innan hennar. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins sendi Alþingi svipað erindi 20. jan. 1947, og 28. s. m. fluttu þeir Hermann Jónasson og Skúli Guðmundsson till. til þál. um uppsögn samningsins 24. júní 1901. Segja flm. í grg. sinni fyrir till., að samkv. samningnum hafi flestöll fiskimið landsins orðið utan landhelgi, eða sennilega $^{9}/_{10}$ hl. nothæfra fiskislóða. Tillaga þeirra Hermanns og Skúla náði ekki samþykki, enda munu sumir þingmenn hafa verið tvístígandi í málinu, eins og raunar kom fram.

En nú var tekið að vinna að þessu máli frá annarri hlið. Ríkisstjórnin fól ráðunautum sínum að undirbúa aðgerðir í landhelgismálunum. Árangurinn af því starfi var lagasetning um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, l. nr. 44 5. apríl 1948. — 1. grein laganna er svona: „Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákveða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skulu háðar íslenzkum reglum og eftirliti. Ráðuneytið skal einnig ákveða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar Háskóla Íslands. Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.“ Í 2. grein laganna var tekið fram, að reglum settum á grundvelli 1. greinar þeirra skyldi aðeins framfylgt þannig, að í samræmi væri við milliríkjasamninga, „sem Ísland er eða síðar kann að gerast aðili að“. Sagt var í greinargerð, að hér kæmu til álita landhelgissamningurinn frá 1901 og möskvastærðarsamningurinn frá 1937. Að öðru leyti er bent á, að hér sé aðeins um vísindalega friðun að ræða, en ekki ráðstafanir í sambandi við landhelgi í venjulegum skilningi, enda hafi sum ríki farið svipað að og látið landhelgina liggja á milli hluta í þessu sambandi, eins og komizt er að orði, og ákvarðað yfirráðarétt sinn yfir fiskveiðum án tillits til hennar. Telur höfundur laganna þetta heppilegri leið, en rökstyður það þó ekki miklu nánar, en telur, að eðlilegast sé að miða yfirráðaréttinn yfir fiskimiðunum við landgrunnið.

En hann segir, að það sé talið greinilega afmarkað á 100 faðma dýpi, þó sé rétt að rannsaka, hvort eðlilegra sé að miða við annað dýpi. Hvergi hafði þetta sézt áður, svo að vitað væri, enda mun þarna hafa verið farið í blindni eftir útlendri fyrirmynd. Og er rétt að benda strax á, að íslenzkir og danskir vísindamenn, er rannsakað hafa hér sjódýralíf á landgrunninu, miða jafnan við 400 metra jafndýptarlínu, en aðrir hafa stundum talað um 200 metra dýpi, þ. e. efstu brún landgrunnsins. Því má skjóta hér inn í, að dr. Hermann Einarsson hefur nýlega fært glögg rök fyrir því, að heppilegast mundi að miða við 400 metra jafndýptarlínuna í þessu sambandi (ísóbaþ), Náttúrufr. 1955, bls. 201—4.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessara laga var landhelgissamningnum 1901 ekki sagt upp þá þegar, heldur dróst það til 3. okt. 1949, eða nálega í hálft annað ár.

En 22. apríl 1950 var gefin út reglugerð, nr. 46, um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi. Samkv. henni voru taldir upp 12 grunnlínustaðir frá Horni að Langanesi. Voru dregnar beinar grunnlínur á milli þessara staða og markalína samhliða þeim 4 sjómílum utar. Innan hennar voru bannaðar allar botnvörpu- og dragnótaveiðar og útlendingum einnig síldveiðar. Dregin var sams konar lína umhverfis Grímsey, en á Kolbeinsey var alls ekki minnzt, og var það ekki gleymska, því að 2. febr. 1947 hafði dr. Sigurður Þórarinsson lagt til í grein, er hann birti í Þjóðviljanum, að ríkið gerði sérstakar ráðstafanir í Kolbeinsey með hliðsjón af landhelgismálinu.

Flestum þótti allt of skammt gengið með þessari reglugerð. En hitt hlaut þó að vekja enn meiri furðu, að þarna var allt í einu og án fordæmis í sögu okkar eða rétti farið að beita 4 sjómílna reglu og að taka upp grunnlínukerfi eftir norskri fyrirmynd, en þó þannig, að alls staðar var gengið skemmra en við Noreg, enda voru allar aðstæður gerólíkar. Leyndi sér ekki á nokkurn hátt, að þetta kerfi var fundið upp til þess að þóknast Bretum, enda átti ekki að beita þessum ráðstöfunum gegn þeim, á meðan samningurinn 1901 gilti. Meira að segja var látið undan kröfu þeirra um að beita þeim ekki gegn Bretum eftir að hann féll úr gildi, á meðan beðið var úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag um fiskveiðadeilu Norðmanna og Breta. Í orðsendingu brezka sendiráðsins hér 6. júlí 1950 kvaðst brezka stjórnin treysta því, að sú íslenzka tæki fullt tillit til úrskurðarins og breytti reglunum til samræmis við hann, ef til kæmi. Og í sams konar orðsendingu 23. maí 1951 kvað brezka stjórnin sig fúsa til að leysa deiluna fljótt og í vinsemd, en taldi, að ekki ætti að gera neitt frekar, fyrr en lokið væri málinu í Haag. Íslenzka stjórnin beygði sig auðvitað fyrir þessari kröfu Breta, en sætti vitanlega miklu ámæli fyrir hér á landi og e. t. v. víðar, því að nú nutu Bretar meiri fiskveiðiréttinda fyrir Norðurlandi en Íslendingar sjálfir. Þar að auki var þessi undanlátssemi hið versta verk gagnvart Norðmönnum og því einnig gegn framtíðaraðgerðum vorum um leið.

Strax árið 1950 komu fram á Alþingi þingsályktunartillögur um verndun og friðun fiskimiða fyrir Vestur-, Suður- og Austurlandi. Sérstaklega var athyglisverð tillaga þeirra Finnboga R. Valdimarssonar og Jóhanns Þ. Jósefssonar um verndun og afmörkun á veiðisvæðum bátaflotans og bann við botnvörpuveiðum á þeim. Ekki þarf að taka fram, að ríkisstjórnin fyrirskipaði algert afgreiðslubann á allar þessar tillögur, og hafa alþingismenn ekki þann dag í dag fengið að láta í ljós við atkvæðagreiðslu skoðanir sínar eða kjósenda sinna á þessum málum.

18. des. 1951 kom úrskurður dómstólsins í Haag. Niðurstaðan var sú, að hrundið var í eitt skipti fyrir öll hinum gömlu fullyrðingum Breta um 3 sjómílna landhelgi og um 10 sjómílna breidd flóa og fjarða. Viðurkenndar voru mjög langar grunnlínur, enda var niðurstaðan reist á meira en tveggja alda óslitinni hefð í sumum tilfellum. Á hinn bóginn var því slegið föstu, að fiskveiðasvæðið samkv. úrskurði Norðmanna 1935 skyldi vera hin raunverulega fiskveiðalandhelgi þeirra. Þessi niðurstaða hlaut að benda til þess, að nú væri tími kominn til þess, að vér Íslendingar færum í orði og verki að helga oss einum hin fornu Íslandsmið og leggja meiri rækt við söguleg rök í undirbúningi málsins.

Þrátt fyrir þetta fór ríkisstjórnin með málið eins og mannsmorð hér heima og hafði ekki samráð við sjómenn, vísindamenn eða útvegsmenn, heldur voru sendir á laun menn til útlanda hvað eftir annað að makka við Breta eða „kynna“ sér grunnlínuteikningar í Noregi. Ekki var farið eftir því ráði, sem Manley O. Hudson, fyrrverandi dómari í Haag og einn alfrægasti þjóðréttarfræðingur Bandaríkjanna, hafði gefið ráðunaut íslenzku stjórnarinnar, að miða t. d. við 10 sjómílna belti. Því síður var rætt um 16 sjómílur eða 24 né um lokun flóa og fjarða, svipað eins og verið hafði í lögum hér sennilega allt til ársins 1903, eftir tilsk. 13. júní 1787. Ekki var heldur talað um að helga Íslendingum djúpmiðin. Engar umræður eða rannsóknir áttu sér stað viðvíkjandi skilgreiningu landgrunnsins.

Loks var sett, sumpart á grundvelli bráðabirgðalaganna nr. 37 19. marz 1952, reglugerð nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, og er nú friðunarlínan norðanlands teygð umhverfis allt land, en eins og áður hvergi minnzt á landhelgi og fylgt að mestu leyti hinu norska kerfi, þar sem verst gegnir. Nefndir eru á landi eða boðum og skerjum við land 48 grunnlínustaðir, en að auki þrír undan landi: Kolbeinsey, Hvalbakur og Geirfugladrangur, og svo Grímsey á sama hátt og áður, og um þá dregnar markalínur í 4 sjómílna fjarlægð.

Bæði þessi aðferð og niðurstaða vakti mikla gremju hjá fjölda manns á Íslandi, og ég er ekki viss um, að nokkur maður hafi verið fyllilega ánægður með þetta, nema e. t. v. höfundarnir og harðsvíruðustu fylgismenn Breta hér á landi. T. d. áttu menn bágt með að skilja, hvers vegna Húnaflóa var ekki lokað, af hverju Grímsey var fyrir utan línuna, Selvogsgrunnið mikið til opið o. s. frv., úr því að farið var að stæla norska kerfið á annað borð, enda hefur ríkisstjórnin nú viðurkennt eftir dúk og disk, að draga hefði mátt beina línu frá Horni að Ásbúðarrifi, Langanesi að Almenningsfles, Stokksnesi að Ingólfshöfða og þaðan að staðnum, sem kallast í reglugerðinni Meðallandssandur II, og frá Geirfuglaskeri að Eldeyjardrangi. Á sama hátt hefði óefað mátt draga beina línu frá stað 4 sjómílum undan Bjargtöngum (nr. 43) í tilsvarandi stað vestur af Geirfugladrangi (nr. 51), en þá hefði einnig mátt draga beint þaðan í Geirfuglasker og svo beint þaðan í Kötlutanga. Þannig hefði ein leiðrétting getað boðið annarri heim.

En nú risu Bretar upp og mótmæltu og töldu sér nóg boðið, sbr. mótmælaorðsendingu þeirra 2. maí 1952, þar sem þeir mótmæla 4 sjómílna landhelgi hér við land og leggja til, að Ísland falli frá þessari ákvörðun um 4 sjómílur og um beina grunnlínu yfir þveran Faxaflóa. Síðan var skipzt á nokkrum bréfum á víxl. Belgíumenn mótmæltu bæði reglugerðunum 1950 og 1952 og hið sama Hollendingar, en Frakkar sendu mótmælabréf 10. febr. 1953. Þeir bentu á, að fordæmið úr deilu Breta og Norðmanna ætti ekki við hér, og kröfðust 3 sjómílna landhelgi með gamla laginu. Enn fremur sögðust þeir eiga sögulegan rétt til fiskveiða í fjörðum hér, er væri reistur á aldagamalli hefð.

Skömmu eftir að reglugerðin 19. marz 1952 gekk í gildi, sem var 15. maí s. á., létu brezkir togaraeigendur koma til framkvæmda löndunarbann það á íslenkum togarafiski, er þeir höfðu boðað og brezki Íhaldsflokkurinn gert að stefnumáli í kosningum löngu áður. Allir heilvita menn hér á landi og annars staðar vissu, að ekkert beint samband var á milli löndunarbannsins og friðunaraðgerða Íslendinga. Á hinn bóginn virtist ríkisstjórnin hér gera allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að tengja þessi tvö óskyldu mál saman í vitund almennings, og beinlínis gefa í skyn, að löndunarbannið væri afleiðing þess, hversu langt hefði verið gengið í „landhelgismálunum“ og fast staðið á rétti Íslendinga. Síðan áttu menn sjálfir að draga sínar ályktanir: ef við slökum pínulítið til, verður löndunarbanninu kannske aflétt. En hitt var forðazt að ræða, hvort nokkrum væri hagur í því, að þessu banni yrði létt af. Flestir höfðu þó óljóst hugboð um það, að aflinn yrði verðmætari, ef hann væri verkaður meira innanlands, og að hinar smáu gjaldeyristekjur mundu aukast. Nú er þetta mál ekki lengur á dagskrá hjá almenningi. Allir vita nú, að þetta löndunarbann er einhver sú mesta blessun, sem fyrir þjóðarbúskap okkar hefur komið

lengi. Og nú heyrast fjöldamargir segja, ef það mál ber á góma: Vonandi verður því aldrei aflétt.

En Ólafur Thors og klíkan í kringum hann var á öðru máli. Hann hefur verið á sífelldu flakki, bæði leynt og ljóst, síðan bannið skall á, og strax 13. des. 1952 fór hann á fund Efnahagsstofnunar Evrópu, hélt þar fáránlega ræðu og bað næstum grátandi um hjálp til að fá fannið afnumið og bjó til þá skáldsögu, að fjárhagur Íslands væri í beinum voða af þess völdum. Ólafur Thors átti sem sé frumkvæði að því, að erlendar stofnanir fóru að blanda sér í mál, sem skiptir okkur eina. Ef honum líkaði ekki framkoma brezkra kaupsýslumanna, var einfaldast að snúa sér til brezku stjórnarinnar með kvartanir, og bæru þær ekki árangur, þá að takmarka eða stöðva innflutning frá Bretlandi, eða t. d. að slíta við Bretland stjórnmálasambandi o. s. frv. Að minnsta kosti hlaut að vera skylt að benda jafnan á, að friðunin og landhelgismálið væri innanríkismál vort, en ekki samningsatriði við einn eða neinn.

Íslenzka stjórnin hafði ágætt og alveg nýtt fordæmi í þessu efni, þar sem var ágreiningur Dana og Sovétríkjanna um 12 sjómílna landhelgi hinna síðarnefndu í Eystrasalti, er þau höfðu búið við síðan 1927. Töldu Sovétríkin þetta algert innanríkismál, er þau mundu ekki leggja fyrir alþjóðadómstólinn (orðs. 31/8 1950 og 21/8 1951).

Menn hljóta að hafa veitt því athygli, að stjórnarblöðin, Morgunbl. og Tíminn, hafa í raun og veru ekki gert neitt til þess að skýra landhelgismálið fyrir lesendum sínum eða benda á hin sögulegu og lögfræðilegu rök vor, heldur hafa skrif þeirra nær eingöngu snúizt um löndunarbannið. Meira að segja var ævintýramaðurinn Dawson dýrkaður þar eins og þjóðhetja, enda gerðust sumir þessara atburða á þeim missirum, þegar Morgunblaðið hélt upp á 100 ára afmæli spilavítisins í Monte Carlo, en gleymdi sama dag sams konar afmæli þjóðfundar Íslendinga. Þó ber að geta þess, að Pálmi Loftsson, þáverandi yfirmaður landhelgisgæzlunnar, taldi miklu erfiðara að verja hin nýju friðunarsvæði en víðáttumikla landhelgi, enda liggur það í augum uppi.

Í maí 1954 fóru öll þau ríki, sem mótmælt höfðu aðgerðum þessum, fram á það, að hið svokallaða Evrópuráð ræddi þetta friðunarmál. Íslenzka stjórnin kveðst hafa tekið þessum tilmælum með þökkum. Að minnsta kosti hafði hún frumkvæði að því í sept. 1954 að leggja þar fram skýrslu um málið. Hún er á ensku og hefur ekki verið birt almenningi hér á landi fremur en flest annað, sem þetta mál snertir og störf ríkisstjórnarinnar í sambandi við það. Ritið er alls 60 bls. í sama broti og Alþingistíðindi, en þar er aðeins að finna 9 línur um sögulegan rétt Íslands, og eru þó að vísu a. m. k. 5 bls. alveg auðar. Samt er í þessum kafla og víðar í bókinni um talsverða framför að ræða. T. d. eru viðurkennd ýmis mistök og yfirleitt haldið betur á málinu en áður. En þetta afsakar ekki þá óverjandi framkomu að fara að leggja málið fyrir þessa stofnun eða aðrar álíka. Sérstakur galli fannst mér, að ekki skyldu birtar þar íslenzkar aflaskýrslur við hlið hinna ensku. En höfuðgallinn var sá að tengja þetta mál frá okkar hendi löndunarbanninu eins og gert var, því að það var sannarlega óþarfi, ekki sízt þar eð einmitt sömu dagana og tekin var ákvörðun um þetta sem dagskrármál Evrópuráðsins var upplýst á þingi Frjálslynda flokksins brezka, að jafnmörgum þýzkum togurum hefði verið hleypt inn á brezka markaðinn og útilokaðir voru þaðan frá Íslandi, enda ætti einn öflugasti einokunarhringurinn í Bretlandi 60% af þýzka togaraflotanum. Loks var að mínu viti algerlega rangt að fara að ræða á þessum stað — eða flækja sig í umræðum yfirleitt — um réttmæti 4 sjómílna beltis og hið nýja grunnlínukerfi. Allt slíkt hlaut að draga okkar eigin athygli og annarra frá kjarna málsins, sem var siðferðislegur og sögulegur réttur til óskoraðra yfirráða á Íslandsmiðum.

Bretar svörðuðu, eins og vænta mátti, með snarplegri og vel saminni greinargerð, er var lögð fyrir Evrópuráðið í maí 1955. Ber þar margt skemmtilegt á góma, svo sem t. d., að brezkum togaraeigendum hafi verið vorkunn að setja á löndunarbannið,

eftir að þeir voru hraktir af miðum, sem þeir höfðu átt mikinn þátt í að rækta. En eins og vænta mátti, eru þeir fundvísir á veilur í málflutningi Íslands og nota sér t. d. hin óheppilegu ummæli Sveins Björnssonar á ráðstefnunni í Haag 1930, þar sem þessi látni sómamaður gerðist allt í einu greinilega brezkari en brezki fulltrúinn. Í þessari greinargerð frá Bretum eru mörg atriði, sem sýna, að ekki má lengur láta reka á reiðanum, t. d. varðandi skilgreiningu landgrunnsins, ekki sízt vegna þess, að þeir þykjast þrátt fyrir allt lesa út úr orðum og aðgerðum Íslands þann skilning, að við teljumst einir ráða hafinu yfir landgrunninu, og jafnframt, að við munum í framtíðinni e. t. v. ekki ætla að halda fast við hið nýja grunnlínukerfi. Ráða má þó af greinargerð Breta í heild sinni, að þeim sé ekki sérstaklega umhugað um, að málið fari fyrir alþjóðadómstólinn, og niðurstaða þeirra er sú, að bezt væri að ná samkomulagi um friðunarmálið með því að slaka til á báðar hliðar.

Íslenzka stjórnin svaraði þessu skjali með viðbótargreinargerð, sem var lögð fyrir Evrópuráðið í október 1955. Þar eru að mestu endurtekin fyrri rök, en þó bætt við nokkrum nýjum, aðallega vegna árangurs, sem kominn er af friðuninni. En aðalniðurstaða þessarar greinargerðar er bæði hættuleg og röng, sem sé að leysa megi þessa deilu, ef löndunarbanninu verði létt af. Ef um er að ræða einhverja deilu við Breta út af friðuninni, þá verður hún ekki leyst með afnámi löndunarbannsins.

Í sinni greinargerð bentu Bretar á, að Íslendingum sé ljóst, að skoðun þeirra á yfirráðum yfir landgrunninu sé ekki almennt viðurkennd, og vitna í því sambandi til 3. gr. í frumvarpi þjóðréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um landgrunnið. Út af þessu er rétt að benda á, að fulltrúi íslenzku stjórnarinnar hefur fylgzt með störfum þjóðréttarnefndarinnar að þessu leyti og öðru varðandi fiskveiðar. Hefur þar stundum verið haldið allvel á máli Íslands, aðallega komið í veg fyrir afdrifaríkar ákvarðanir fram að þessu. Skilað hefur verið tveimur greinargerðum til nefndarinnar af Íslands hálfu, 5. maí 1952 og 26. marz 1955. Þó að í þessum ritgerðum sé vakin allgreinileg athygli á sérstöðu Íslands og hinu mikla og ómetanlega gildi fiskveiðanna fyrir oss, þá er samt farið um mörg þýðingarmikil atriði of almennum orðum, talað um sanngirniskröfur o. s. frv., í stað þess að sanna með ótvíræðum rökum hinn sögulega og lagalega rétt. Þar að auki er allt of mikil áherzla lögð á hið nýja grunnlínukerfi og 4 sjómílna beltið og yfirleitt áhrifin af úrskurði Haagdómsins á aðgerðir vorar.

Um þetta mál allt er reynslan ólygnust og bezti skólinn. Það er ekkert vafamál, að friðunaraðgerðir voru orðnar aðkallandi nauðsyn á mörgum stöðum. Hitt dylst heldur ekki neinum, jafnvel eftir þennan stutta tíma, að þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið og flestum þykja ófullnægjandi, hafa borið mikinn jákvæðan árangur.

Bersýnilegt er líka, að á þessu kerfi eru margir gallar, hvað sem líður lögfræðilegum sjónarmiðum eða öðrum fræðilegum rökum. Um það bera vitni hinar mörgu samþykktir fiskimanna og héraðsfunda víðs vegar um landið. Og það sanna einnig hinar sífelldu þingsályktunartillögur, er stjórnin hefur tæplega við að stöðva eða tefja í þinginu. Það var tæplega orðin þurr prentsvertan á reglugerðinni 19. marz 1952, þegar tillögur fóru að berast um lagfæringar á friðunarsvæðum, stækkun og fjölgun. Ég þreyti ekki tilheyrendur með því að fara að telja þær upp, en þó er rétt að benda aðeins á þær, sem liggja fyrir Alþingi núna. Flestar þeirra eða allar hafa verið fluttar áður, sumar oft. Þær eru þessar: Þskj. 40, till. Hannibals Valdimarssonar og Eiríks Þorsteinssonar um, að friðunarsvæðið frá Kögri suður um Kópanes að Bjargtöngum skuli miðast við línu, er liggur 16 sjóm. utan við grunnlínur á þessu svæði. Þskj. 75, till. Karls Guðjónssonar um, að friðunarlínan verði á fimm allstórum svæðum færð utar í samræmi við það, sem viðurkennt er í greinargerð ríkisstj. í sept. 1954 til Evrópuráðsins. Þskj. 92, till. sex norðanþingmanna um, að línan liggi beint frá Siglunesi í Rauðanúp. Og loks er á þskj. 107 till. sjö austanþingmanna um stórfelldar breytingar á friðunarsvæðinu fyrir Austurlandi, frá Langanesi austan við Hvalbak allt að Ingólfshöfða. Samkv. þessu er ætlazt til, að Hvalbakur sé e. t. v. not-

aður sem grunnlínustaður á landi uppi í 4 sjómílna kerfi, en að öðru leyti gera flm. það að tillögu sinni, að þarna sé 16 sjómílna belti utan við grunnlínukerfið frá 19. marz 1952.

Sumum þessara tillagna fylgja glöggar greinargerðir, en þær þarf ekki að rekja hér, því að rökin þekkja allir.

Ótalið er enn eitt mál, sem nú er flutt á Alþingi í þriðja sinn, en það er frv. Hanníbals Valdimarssonar um fiskveiðalandhelgi Íslands. Segir þar, að hún skuli taka til alls landgrunnsins, en það skuli takmarkast af línu, sem dregin sé 50 sjómílum utan við yztu eyjar og sker við landið, en þar sem 200 metra dýptarlínan liggi utar, skuli landgrunnið takmarkast af henni. Síðan leggur flm. til, að skipað verði með sérstökum hætti löggæzlu og eftirliti á svæðinu. Telja má fram ýmis rök með og móti sjónarmiðum flutningsmannsins. En frumvarp hans minnir alla Íslendinga á mál, sem bíður úrlausnar, en þolir ekki mikla bið. Það er að lýsa yfir eignarrétti vorum á landgrunninu, eða e. t. v. nánar til tekið að helga oss einum Íslandsmið að nýju. Og þá skiptir auðvitað ekki máli, hvað sá hluti lands vors er kallaður á lagamáli. Aðalatriðið er hitt, að tryggja oss sjálfum og geyma handa niðjum vorum réttindi til þeirra náttúruauðæfa, sem hafa verið undirstaða mannlífs og menningar á þessum hólma síðan forfeður vorir settust hér að fyrir nálega 1100 árum.

Hafið umhverfis Ísland, Íslandsmið forn og ný, er og hefur verið og hlýtur að verða séreign íslenzku þjóðarinnar gagnvart útlöndum, en sameign okkar sem einnar fjölskyldu inn á við, almenningur í hinni gömlu og góðu merkingu orðsins.

Yfirráð annarra þjóða og stærri hafa löngum náð þangað, sem vald vopnanna entist. Vér Íslendingar erum ekki eftirbátar neinna í orrustum, en vér höfum í sjálfstæðismálum vorum jafnan haslað oss völl á grundvelli réttar og sögu. Sigrar vorir hafa ekki orðið minni fyrir það, heldur einmitt stærri og dýpri. Baráttan fyrir landhelgi Íslands er sjálfstæðismál, hluti af sjálfstæðisbaráttu vorri. Í þeirri baráttu munum vér einnig sigra.

Nd. 351. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á tveimur fundum, og kom biskupinn yfir Íslandi til viðræðna við nefndina um málið. Nefndin mælir með samþykkt frv. Einn nefndarmanna (GilsG) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. febr. 1956.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Kjartan J. Jóhannsson.
	Halldór Ásgrímsson.	

Nd. 352. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið umsögn Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna og skólanefndar matsveina- og veitingaþjónaskólans,

sem leggja til, að frv. verði samþykkt. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt. Aðrir nefndarmenn muna gefa út sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 7. febr. 1956.

Gunnar Thoroddsen, form. Kjartan J. Jóhannsson, frsm.

Nd. 353. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn liggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 30. jan. 1956.

Gunnar Thoroddsen, form. Kjartan J. Jóhannsson. frsm.

Ed. 354. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta gengur í þá átt að auka fjölbreytni vinninga í happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir þrír nefndarmenn með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (PZ) er mótfallinn frv., en gefur ekki út sérstakt nefndarálit. LJóh var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. febr. 1956.

Sigurður Ó. Ólafsson, frsm. Hermann Jónasson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 355. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Pétri Ottesen.

Á eftir 17. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkvæmt 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður.

Verði vanskil af hálfu föðurins, má innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Um rétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Nú deyr faðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna samkvæmt reglum laga um meðferð óskilgetinna barna.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu barnalífeyris, sem fráskildar konur fá úrskurðaðan með börnum sínum.

Nd. 356. Frumvarp til laga [151. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1956.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1956 skal koma saman 10. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1956 koma saman eigi síðar en 15. febrúar. Þar sem sýnt er, að þingi því, er nú situr, verður eigi lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Er lagt til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi miðvikudaginn 10. október 1056.

Nd. 357. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Í frv. þessu felst sú breyting, að yfirstjórn Matsveina- og veitingaþjónaskólans skuli færast frá samgöngumálaráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins. Meiri hluti menntamálanefndar telur ekki ástæðu til, að breytt verði þeirri reglu, sem gilt hefur um þetta, og leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 8. febr. 1956.

Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Gils Guðmundsson.

Nd. 358. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn allra skóla í landinu, sem veita almenna menntun, og margra skóla, er búa nemendur undir sérstök störf.

Frá þessari aðalreglu er þó sú undantekning, að skólar, sem eru í nánum tengslum við höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar og veita sérmenntun í þeim atvinnugreinum, hafa lotið yfirstjórn þeirra ráðuneyta, sem fara með mál atvinnuveganna.

Með frv. þessu er lagt til, að í stað þess að samgöngumálaráðuneytið hafi á hendi yfirstjórn stýrimannaskólans í Reykjavík, verði yfirstjórnin falin menntamálaráðuneytinu. Meiri hluti menntamálanefndar telur ekki ástæðu til, að horfið verði frá þeirri reglu, sem gilt hefur um þetta, og leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 8. febr. 1956.

Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson. Gils Guðmundsson.

Sþ. 359. Þingsályktun [20. mál]

um kjarnorkumál.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rækilega athugun á því, hverjir möguleikar eru til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna hér á landi í þágu atvinnuveganna og til lækninga, og gera ráðstafanir til, ef heppilegt þykir að athuguðu máli, að rannsóknaráð ríkisins fylgist með nýjungum í þeim efnum og hafi með höndum rannsóknir og forgöngu um framkvæmdir, eftir því sem gagnlegt þykir og viðráðanlegt er.

Nd. 360. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur rætt frv. á nokkrum fundum og m. a. átt viðræður við fræðslumálastjóra. Meiri hluti n. mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði 2. málsgr. gilda aðeins um skóla, er starfað hafa í 5 ár hið skemmsta.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 7. febr. 1956.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Gils Guðmundsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 361. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á heilsuverndarlögum, nr. 44/1955.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. febr. 1956.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Gísli Guðmundsson. Jónas G. Rafnar.

Ed. 362. Lög [137. mál]

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 10. febr.)

Samhljóða þskj. 273.

Nd. 363. Lög [81. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Nd. 10. febr.)

Samhljóða þskj. 134.

Ed. 364. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um sálfræðiþjónustu í barnaskólum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum. Einnig hefur hún sent það Sálfræðingafélagi Íslands til umsagnar. Hafa borizt tvö svör frá félaginu, frá meiri og minni hluta þess, og eru þau töluvert ósamhljóða, þó að báðir telji sálfræðiþjónustu í barnaskólum æskilega. Vafasamt er, að fulltrúi í skrifstofu fræðslumálastjóra geti annazt þau störf, sem honum eru ætluð samkv. frumvarpinu, svo að verulegu gagni komi. Hins vegar mundi það hafa mikinn kostnað í för með sér að fara að ráðum minni hluta sálfræðingafélagsins, að fá jafnvel marga menn til þessara starfa. Þar sem álit sérfræðinganna er ósamhljóða og sérstaklega sökum þess, að ekki er á þessu stigi hægt að gera sér grein fyrir, hvað sálfræðiþjónusta í barnaskólum mundi kosta né hvort eða að hve miklu leyti skólahéruð landsins vildu taka þátt í kostnaðinum, þykir nefndinni rétt, að afgreiðsla málsins bíði til næsta þings og álits fræðsluráðanna verði leitað um málið.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leiti álits fræðsluráða um frumvarpið og væntanlega þátttöku skólahéraða í kostnaði við framkvæmd sálfræðiþjónustu í barnaskól-

um og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. febr. 1956.

Ingólfur Flygenring, form. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson, frsm.

H. Guðmundsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Fylgiskjal I.

Álit meiri hl. í Sálfræðingafélagi Íslands.

Menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefur sýnt Sálfræðingafélagi Íslands þann heiður að æskja umsagnar félagsins um frumvarp til laga um sálfræðiþjónustu í barnaskólum. Með bréfi þessu sendir Sálfræðingafélagið háttvirtri menntamálanefnd álit sitt.

Félagið fagnar þeirri viðurkenningu, sem felst í frv., á nauðsyn sálfræðiþjónustu í skólum. Sú nauðsyn er nú viðurkennd af öllum menningarþjóðum og viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að mæta henni. T. d. má benda á, að sérfræðingafundur, haldinn í Hamborg í apríl 1954, fyrir forgöngu UNESCO, W.H.O. og W.F.M.H., lagði mikla áherzlu á skipulag og eflingu sálfræðiþjónustu. Sálfræðingafélag Íslands lítur svo á, að með frv. þessu sé nauðsyn sálfræðiþjónustu viðurkennd og þar með teknar til greina margítrekaðar áskoranir kennarasamtakanna um að efna til slíkrar þjónustu.

Hins vegar verður Sálfræðingafélag Íslands að líta svo á, að þessu mikilvæga máli séu ekki gerð viðunandi skil í frv. Leyfum vér oss að benda á nokkur atriði:

1. Það virðist ekki hagkvæmt að sameina sálfræðiþjónustu í skólum fræðslumálaskrifstofunni. Störf beggja eru mjög fjarskyld. Í núverandi húsakynnum sínum getur fræðslumálaskrifstofan ekki látið sálfræðingi í té hæfileg ytri starfsskilyrði, en ef útvega þarf sérstakt húsnæði handa sálfræðiþjónustu, þá er erfitt að sjá, hvaða hagur er af sameiningunni.

2. Frv. takmarkar starfið við einn mann og gerir ekki ráð fyrir aukningu starfsliðs né fyrir breyttri skipan starfsins, ef tveir eða fleiri menn ynnu það. Það liggur þó í augum uppi, að einn maður muni ekki anna þessu starfi fyrir landið allt, eins og ráðgert er í frv., enda er í upphafi athugasemda við frv. minnt á, að skólaár 1954—55 voru 17 þúsund börn á fræðsluskyldualdri. Vér getum ekki í stuttri álitsgerð stutt skoðun vora með mörgum dæmum, en bendum þó á tvö:

a) Í Osló (íb. ca. 450 þús.) starfar sérstök opinber stofnun að sálfræðiþjónustu í skólum. Við hana vinna 10 sérfræðingar. Í borginni eru þó aðrar stofnanir, sem létta mjög undir þetta starf, t. d. uppeldisdeild háskólans, sem hefur aðhæft norskum staðháttum margar rannsóknaraðferðir og þannig búið í hendur sérfræðingum sálfræðiþjónustunnar, en auk þess sérstök geðverndarstöð fyrir börn. Við hina síðarnefndu vinna 11 sérfræðingar, og léttir hún geysimikið á sálfræðiþjónustu í skólum. Þess má þó geta, að sálfræðiþjónustan í Osló fær alls ekki annað þeim beiðnum, sem henni berast frá skólunum um rannsókn á börnum og aðstoð við þau.

b) Í Aarhus voru skólaár 1952—53 14639 nemendur. Sama ár störfuðu þar við sálfræðiþjónustu 5 sérfræðingar með aðstoð einnar skrifstofustúlku. Tekið er fram í skýrslunni, að þessir starfskraftar anni alls ekki verkefnunum. Sálfræðiþjónusta Aarhusskólanna fær þó öll nauðsynleg gögn fullbúin í hendur og þarf því engum tíma að eyða í undirbúningsstarf.

Hér heima er ekki til stofnun, sem búið gæti próf og aðrar rannsóknaraðferðir í hendur sálfræðifulltrúanum. Þann undirbúning verður hann óhjákvæmilega að annast sjálfur. Þetta mundi draga mjög úr tíma hans til að sinna þeim börnum, sem valda erfiðleikum í skóla og á heimili. Vér verðum jafnvel að telja það mjög vafasamt, að umræddur undirbúningur og samtíma framkvæmd sálfræðiþjónustunnar séu á færi nokkurs eins manns.

3. Sálfræðingafélagið samsinnir því verkssviði sálfræðiþjónustu í barnaskólum, sem markað er í 2. gr. frv. Vér leyfum oss þó að benda á, að ákvæði 2. gr., síðasta málsgrein, um það, hvað sálfræðifulltrúa beri að gera að lokinni rannsókn á barni, eru ekki nægileg og veita ekki rétta hugmynd um annan aðalþátt sálfræðiþjónustunnar, sem er að hjálpa barninu, lækna það af veilu eða losa það við ágalla, sem það þjáist af. Getur það starf verið mjög tímafrekt.

4. Eins og þegar hefur verið drepið á, þarf sálfræðifulltrúinn margvísleg hjálpartæki, t. d. greindarpróf, skólaþroskapróf og stighæfð kunnáttupróf, sem notuð eru í sama tilgangi með öðrum þjóðum, en aðhæfa þarf íslenzkum staðháttum. Sú aðhæfing yrði of tímafrekur undirbúningur að starfi eins manns. Fjárhagslega séð mun það því reynast mjög óhagkvæmt að lögfesta sálfræðiþjónustu í skólum sem eins manns starf.

Sálfræðingafélag Íslands leyfir sér af framangreindum ástæðum að benda á nokkrar breytingar á frv., sem félagið telur óhjákvæmilegar, ef íslenzk sálfræðiþjónusta á að verða vaxin ætlunarverki sínu:

1. Komið verði á fót sérstakri stofnun, sem annist sálfræðiþjónustu í barnaskólum. Teljum vér, að miklu auðveldara sé að skipuleggja starfið með þessari tilhögun.

2. Sálfræðingafélagið telur lágmarksstarfslið við slíka stofnun tvo fullmenntaða sálfræðinga. Fyrir minna lið mun viðfangefnið reynast of fjölþætt og athafnasvæðið of vítt. Enn fremur verður að gera ráð fyrir því, að starfsmönnum við sálfræðiþjónustu verði fjölgað, eftir því sem reynsla gefur ástæðu til. Er þá athugandi, að fræðsluhéruðum, er þess óska, einu eða fleiri í sameiningu, verði heimilað að ráða sálfræðinga í þjónustu sína, og tækju þeir laun með sama hætti og námsstjórar.

Í athugasemdum við frv., 2. mgr., segir svo: „Sálfræðiþjónusta er þáttur í þeirri aðstoð, sem hið opinbera veitir börnum til þess að öðlast nauðsynlega þekkingu og manndómsþroska. Hún á að stuðla að því, að fræðslan beri þann ávöxt, sem til er ætlazt.“ Nú er miklum fjárhæðum varið til almennrar fræðslu, sem auðvitað hlýtur að bera misjafnan árangur. Því virðist óhagkvæmt að sníða, af sparnaðarástæðum, sálfræðiþjónustu í skólum svo þröngan stakk, að hún sé frá byrjun ófær til að gegna ætlunarverki sínu. Með öðrum þjóðum þykir sálfræðiþjónusta fyllilega svara þeim kostnaði, sem hún veldur, og sú yrði einnig reyndin hér á landi, ef rétt væri af stað farið.

3. Í lögum um sálfræðiþjónustu þarf að kveða á um forstöðumann, sem stjórni daglegu starfi og beri ábyrgð á því. Þessa brtt. leiðir beint af skoðun vorri, að starfið verði aldrei rækt að gagni af einum manni.

4. Hæfileg laun teljum vér: forstöðumaður taki laun samkv. VI. launaflokki, sérlærðir aðstoðarmenn hans samkv. VII. launaflokki. Teljum vér litlar líkur á, að menn fáist til svona vandasamra ábyrgðarstarfa sem hér um ræðir fyrir lægri laun.

5. Sálfræðiþjónusta í skólum skal hafa eigin fjárhag og fá árlega fé á fjárlögum. Teljum vér með öllu óviðunandi að gera hana fjárhagslega háða annarri stofnun. Kostnaður fyrsta starfsárs, naumt áætlaður (laun tveggja sérfræðinga, húsaleiga, skrifstofu- og ferðakostnaður, kaup á húsgögnum, bókum og öðrum nauðsynlegum gögnum), yrði kr. 200000.00. Af því eru kr. 10000.00 til húsgagnakaupa og þyrfti ekki á 2. starfsári.

Með þeim breytingum, sem hér hefur verið bent á, teldum vér lög um sálfræðiþjónustu í skólum merkilegt spor til framfara. Vér væntum þess fastlega, að háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis taki ábendingar vorar til gaumgæfilegrar athugunar, og er oss ljúft að veita nefndinni frekari skýringar, sem hún kann að æskja.

Reykjavík, 4. nóv. 1955.

F. h. Sálfræðingafélags Íslands,

Broddi Jóhannesson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 4. nóv. 1955.

Álit minni hl. í Sálfræðingafélagi Íslands.

Sem svar við bréfi hæstvirtrar menntamálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 27. okt. 1955, til „Félags íslenzkra sálfræðinga", leyfi ég mér fyrir hönd minni hluta félagsmanna að greina frá eftirfarandi atriðum:

Aðalágreiningsatriði meiri hluta og minni hluta félagsmanna eru þau, að minni hlutinn telur, að sálfræðiþjónusta í skólum eigi að hefjast í smáum stíl að ósk fræðsluhéraða, vera einn liður í starfi skólanna og lúta sömu yfirstjórn og önnur skólstarfsemi. Enn fremur leggur minni hlutinn mikla áherzlu á, að skólasálfræðingur hafi hlotið hagnýta reynslu í kennslustarfi, áður en hann taki að sér sálfræðiþjónustu á eigin spýtur. Byggist þessi skoðun minni hlutans m. a. á því, að alls staðar þar, sem sálfræðiþjónusta í skólum hefur verið veitt með beztum árangri, hefur mikillar starfsreynslu verið krafizt af skólasálfræðingum.

Minni hlutinn er sammála meiri hlutanum í því, að sálfræðifulltrúi, sem samkvæmt almennri málvenju væri réttara að kalla skólasálfræðing, mundi ekki gera mikið gagn, ef honum væri ætlað aðsetur á skrifstofu fræðslumálastjóra. Meiri hlutinn mun rökstyðja þá skoðun að nokkru, en við rökstuðning hans má meðal annars bæta því, að starfssvið það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er svo umfangsmikið, að 20 skólasálfræðingar mundu hafa ærið að vinna, ef þeir ættu að anna öllu, sem þar er bent á að þessi eini maður skuli gera. Þótt horfið væri að ráði meiri hlutans og skipaðir tveir menn, sem ynnu í sjálfstæðri stofnun, mundi það ekki vera lausn þeirra vandamála, sem frumvarpið bendir á að leysa skuli. Eigi svo fáir menn að annast sálfræðiþjónustu á öllu landinu, gæti starf þeirra aldrei orðið fullnægjandi, og yrðu þeir þá að velja á milli þess að gera eitthvað um land allt og gera allt ófullnægjandi eða takmarka starfssvið sitt og vinna vel. Ef fyrirmæli væri um það í lögum, að skólasálfræðingarnir skyldu hafa allt landið að umdæmi, væri í raun réttri um leið búið að lögfesta kákvinnu, en slík vinnubrögð teldum við fáanleg með öðrum hætti en lagaákvæðum.

Minni hlutinn leggur til, að fyrsta grein frumvarpsins orðist þannig:

Ef fræðsluhéruð, eitt eða fleiri saman, óska þess, skal menntamálaráðherra skipa skólasálfræðing, einn eða fleiri, sem annist sálfræðilega þjónustu í skólum viðkomandi fræðsluhéraðs. Skólasálfræðingar taka laun eftir sömu hlutföllum og annað starfslið skólanna, og rekstrarkostnaður við störf þeirra greiðist eftir sömu hlutföllum. Skólasálfræðingar vinna sjálfstætt í náinni samvinnu við fræðsluráð, skólastjóra og kennara og lúta yfirstjórn fræðsluráðs þess fræðsluhéraðs, sem ræður þá til starfa.

Skólasálfræðingur skal hafa lokið háskólaprófi í sálfræði með skólasálfræði sem sérgrein og hafa stundað kennslustörf með góðum árangri við námsstig þau, sem sálfræðiþjónusta nær til, a. m. k. fimm ár.

D-liður annarrar greinar breytist þannig, að í stað greinarinnar eins og hún er í frumvarpinu komi:

Skólasálfræðingurinn aðstoði kennara eftir því, sem við verður komið, í athugun á skólaþroska barna, áður en þau hefja skólanám.

6. gr. breytist þannig:

Skólasálfræðingar taki sams konar laun og skólastjórar þeirra fræðsluhéraða, sem þeir vinna við, og vinnutími þeirra sé hinn sami og annarra manna, sem við skólana starfa.

Greinargerð.

Ástæðan til þess, að við teljum heppilegra, að skólasálfræðingur starfi undir stjórn fræðsluráða en í sérstakri ríkisstofnun, er sú, að starf hans er svo nátengt daglegu starfi skólanna, að eðlilegast er, að hann sé þar öllum hnútum mjög kunn-

ugur, þekki persónulega alla kennara, sem hann á að starfa með, njóti trausts þeirra og eins foreldra þess héraðs, sem unnið er í. Í Danmörku, þar sem skólasálfræði er lengst á veg komin af öllum löndum í Evrópu, eru allir skólasálfræðingar kennarar, er sökum sérstaks áhuga á að aðstoða afbrigðileg börn sem allra bezt hafa aflað sér háskólamenntunar í sálfræði. Reynslan hefur sýnt, að þar, sem álíka starfsemi og hér er rætt um hefur verið hafin, án þess að fullkominn stuðningur og eindregnar óskir kennarastéttarinnar hafi komið til, hefur starfsemin ekki gengið sem skyldi. Þannig fór t. d. í Osló, og hefur stofnun sú, sem annast sálfræðiþjónustu í skólum þar, átt í miklum erfiðleikum vegna lélegrar samvinnu við kennara og leysir raunar ekki af hendi nema nokkurn hluta þeirra starfa, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þegar hefja skal þetta starf hér á landi, teldum við happadrýgst að undirbúa það sem bezt og athuga reynslu þeirra þjóða, þar sem starfsemin hefur gefið bezta raun.

Hvað menntun og starfsreynslu skólasálfræðings varðar teldum við fráleitt, að piltur, sem lokið kann að hafa stúdentsprófi 17—18 ára gamall og kandidatsprófi í sálfræði 22—23 ára, geti strax að afloknu prófi orðið ráðunautur kennara, sem hafa langa reynslu í kennslustarfi. Slíkur sálfræðingur mundi ekki þekkja skólastarf nema af afspurn eða sem nemandi og sízt það mikla vandaverk, sem kennsla afbrigðilegra barna er. Þá teljum við mjög hæpið, að maður nýkominn frá prófborði geti tekið að sér það mikla vandaverk, sem viðtöl við foreldra og aðra aðstandendur barna eru, en þar er oft um að ræða vangefið og veiklað fólk, sem sýna verður mikla varfærni. Við fáum ekki séð, að neitt fjarstæðara sé að krefjast starfsreynslu af skólasálfræðingi en t. d. manni, sem ætlar að verða sérfræðingur í einhverri grein læknisfræðinnar, en honum er alltaf gert að skyldu að vinna ákveðinn tíma á alls konar sjúkrahúsum auk hinnar fræðilegu sérmenntunar. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að skólasálfræðingur hafi háskólapróf í sálfræði eða uppeldisfræði. Á það má benda í því sambandi, að sálfræðingur getur verið vel menntaður í almennri sálfræði og jafnvel einhverjum greinum afbrigðasálfræðinnar án þess að hafa numið skólasálfræði. Það er því ekki nægilegt, að maðurinn hafi almennt háskólapróf í faginu, fremur en nægjanlegt er, að maður hafi lokið almennu prófi í læknisfræði, en eigi að taka að sér skurðlækningar eða annað, sem reynir á ákveðna sérþekkingu. Það væri með ólíkindum, ef maður, sem einvörðungu hefur tekið próf í uppeldisfræði, gæti tekið að sér skólasálfræðistarf. Væri því a. m. k. rétt að breyta orðinu **eða** í **og**, ef próf í uppeldisfræði á að vera skilyrði fyrir því, að menn geti unnið skólasálfræðistörf, en raunar mætti þá krefjast prófs í fleiri skyldum greinum, eins og t. d. félagsfræði.

Sálfræðiþjónusta á Norðurlöndum.

Sálfræðiþjónusta á Norðurlöndum hófst fyrst í Danmörku og þá fyrir atbeina áhugamanna í kennarastétt. Stofnuðu þeir árið 1914 félag, sem nefndist „Foreningen for eksperimental pædagogik“, og voru fyrstu verkefni þess félags að viða að sér alls konar efni um nýjungar í kennslumálum.

Félag þetta gaf árlega út árbækur um þessi mál, og eru margar þeirra enn í fullu gildi. Árið 1924 var stofnað „Udvalget for skolepsykologiske undersögelser“, og var þá fyrir alvöru farið að athuga vísindalega ýmislegt, sem máli skipti í kennslu. Um 1930 leitaði Frederiksberg til eins helzta brautryðjanda í skólasálfræðinni, magister Hennings Meyers, og bað hann um aðstoð við að vinza úr þau börn, sem þörfuðust sérkennslu. Árið 1934 fékk hann sjálfstæða skrifstofu undir yfirstjórn fræðsluráðs, og var það fyrsta skólasálfræðiskrifstofa Norðurlanda. Ári síðar stofnaði Kaupmannahöfn sams konar skrifstofu, en nú er svo komið, að skólasálfræðiskrifstofur eru starfandi í öllum stærri bæjum í Danmörku, en í „Amter“ eru sérstakir ráðgjafar til þess að skipuleggja kennslu afbrigðilegra barna. Kröfur þær, sem Danir gera til skólasálfræðinga, eru þessar: Menn verða að hafa lokið kennaraprófi, hafa kennt a. m. k. í fimm ár og hafa lokið háskólaprófi í sál-

fræði. Nú eru uppi raddir um það meðal sálfræðinga að herða á þessum skilyrðum og gera skólasálfræðingum að skyldu að hafa unnið a. m. k. eitt ár á viðurkenndum skólasálfræðiskrifstofum, áður en þeir hefja starf á eigin spýtur.

Árangur af starfi dönsku skólasálfræðinganna hefur verið með ágætum. Þeir hafa fundið börn þau, sem ekki gátu haft full not af hinni venjulegu kennslu skólanna, og gert ráðstafanir til þess, að námið yrði sniðið við hæfi barnanna. Meðal sýnilegs árangurs af starfi skólasálfræðinganna er, að afbrot barna og unglinga fara óðum minnkandi í Danmörku, síðan starfsemi þessi komst í verulega fast form. Þeir, sem þekkja vinnubrögð skóla, þar sem engin sálfræðileg þjónusta er veitt, undrast ekki þessa útkomu. Sannleikurinn er sá, að flestar menningarþjóðir eyða enn miklu fé í fræðslu, sem er gagnslaus eða jafnvel skaðleg, vegna þess að hún samræmist alls ekki þörfum barnanna. Við Íslendingar erum engir eftirbátar í þessu efni.

Árið 1944 stofnuðu Danir sérstaka sálfræðideild við Kaupmannahafnarháskóla, og var kennslan þar einkum miðuð við þarfir skólasálfræðinga. Í reglugerð var gert ráð fyrir, að námstími yrði 3 ár, en hann hefur í reyndinni orðið 4½ ár og verður nú sennilega lengdur í 5 ár. Hafnarháskóli er eini háskólinn á Norðurlöndum, sem hefur sérstaklega skipulagt sálfræðikennslu með tilliti til skólasálfræðinga, en ástæðan til þess, að farið var inn á þessa braut, mun hafa verið eindregnar óskir dönsku kennarastéttarinnar hvað þetta mál varðaði.

Í Finnlandi er sálfræðin í mjög örri þróun, einkum eru Finnar framarlega í vinnusálfræði. T. d. má geta þess, að í Helsingfors einni vinna 24 sálfræðingar einvörðungu að atvinnufræðslu, starfsvalsleiðbeiningum og hæfnisprófum. Þá eru í Finnlandi margar barnaverndarskrifstofur, sem hafa sálfræðinga í þjónustu sinni, og enn fleiri sálfræðistofnanir eru þar starfandi. Af þessu leiðir, að skólasálfræðin hefur ekki verið eins aðkallandi í Finnlandi og ella, en þó eru skólasálfræðingar starfandi þar, og lúta þeir stjórn fræðslumálafulltrúa þeirra borga, sem þeir starfa í.

Í Noregi tók fyrsta skólasálfræðiskrifstofan til starfa árið 1946 og þá í Aker, ári síðar var skólasálfræðiskrifstofa stofnuð í Osló, og 1948 voru þessar skrifstofur sameinaðar. Samkomulag um starfsemi þessarar skrifstofu var ekki gott, eins og áður er að vikið, og kom það einkum af því, að kennurum þótti ekki sálfræðingarnir hafa nægan skilning á skólastarfinu, en til starfa í Osló völdust menn, sem ekki höfðu reynslu í kennslustarfi. Þá má benda á það, að „Logopedisk kontor" í Osló annast mikið af þeim störfum, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og því erfitt að bera saman reynslu skrifstofunnar í Osló og það, sem hér er gert ráð fyrir. Eiginlegt skólasálfræðinám er ekki til í Noregi, og hefur það vafalaust háð starfinu þar í landi.

Í Svíþjóð er skólasálfræði á mjög miklu byrjunarstigi, en þar sem slíkri þjónustu hefur verið komið á, er fylgt sömu meginreglum og í Danmörku. Svíar eru nú að skipuleggja sérstakt háskólanám í sálfræði, og má mikils vænta af því í framtíðinni.

Danir eru, eins og áður var bent á, öndvegisþjóð hvað skólasálfræði varðar, og væri helzt hægt að benda á sum ríki Bandaríkjanna, ef finna skyldi eins gott skipulag og hið danska.

Í frumvarpi um sálfræðilega þjónustu í skólum er lítillega minnzt á, að skólasálfræðingurinn skuli leiðbeina kennurum í meðferð afbrigðilegra barna. Ef líta skal á ástandið eins og það raunverulega er hér á landi, þá er það mála sannast, að mjög fáir kennarar kunna að kenna afbrigðilegum börnum og alls ekki þeir, sem aðeins hafa venjulegt kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands. Eigi árangur að verða af sálfræðiþjónustu í skólum, er nauðsynlegt að hafa á að skipa allmiklum hóp kennara, sem sérþekkingu hafa í meðferð og kennslu afbrigðilegra barna. Væru slíkir menn starfandi við flesta skóla landsins, mundi þörfin á skólasálfræðingum

minnka talsvert og öll störf þeirra verða auðveldari. Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa sýnt, að mikill hluti barna hefur ekki gagn af kennslu eins og hún er skipulögð í venjulegum skólum, en þar er kennslan einkum miðuð við meðalgreind börn, en lítið tillit tekið til þeirra, sem eru afbrigðileg í jákvæða eða neikvæða átt. Viljum við Íslendingar skipuleggja kennsluna þannig, að hver hafi hennar not í hlutfalli við hæfileika sína, er mikilla breytinga þörf frá því, sem nú er, en undirstaða þeirra breytinga hlýtur að vera aukin menntun kennara. Til þess að bæta úr bráðustu þörfinni teldi ég skynsamlegt að koma á ársnámskeiði í sálfræði með skólasálfræði sem aðalnámsgrein. Námskeið þetta mætti skipuleggja þannig, að fenginn yrði danskur sálfræðingur til þess að kenna aðalfag, sem kennt er á fyrsta ári í sálfræðideild Hafnarháskóla til cand. psych.-prófs. Mætti á þeim grundvelli freista þess að fá Hafnarháskóla til þess að viðurkenna slíkt ársnámskeið sem fyrsta árs háskólanám. Úr hópi námskeiðsmanna mætti síðan velja efnilegustu mennina til framhaldsnáms í sálfræðideild Hafnarháskóla, en allur þorri þeirra tæki að námskeiðinu loknu að sér kennslu afbrigðilegra barna. Á þennan hátt yrðu slegnar tvær flugur í einu höggi: bætt úr brýnni þörf á sérmenntuðum kennurum og fengnir menn til þess að nema skólasálfræði. En án þess að hafa vel menntuðum mönnum á að skipa til starfsins verður að teljast hæpið að lögfesta neitt um þessi mál. Má í því sambandi benda á, að Danir höfðu 20 ára jákvæða reynslu á störfum skólasálfræðinga, áður en nokkur lög voru samin þar að lútandi.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd minni hluta Félags ísl. sálfræðinga,

Ólafur Gunnarsson, cand. psych.

Nd. 365. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Með frv. þessu er stefnt að því, að laun fastra kennara við barnaskóla, sem reknir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, verði greidd úr ríkissjóði, hafi skólarnir verið löggiltir af fræðslumálastjórn.

Minni hluti nefndarinnar telur sjálfsagt, að barnafræðslan sé á vegum ríkisins, og álítur ekki rétt, að með lagabreytingu sé ýtt undir þá þróun, að margir einkaskólar verði stofnaðir, enda er nefndin sammála um, að það skilyrði verði sett fyrir greiðslu launa úr ríkissjóði til kennara við einkaskóla, að sá skóli, sem í hlut á, hafi starfað fimm ár með góðum árangri að dómi fræðslumálastjórnar.

Minni hluti nefndarinnar telur það of langt gengið, að laun fastra kennara við skóla, sem hér um ræðir, verði greidd að fullu úr ríkissjóði og bæjarsjóði, en vill þó ganga til móts við óskir þeirra aðila, er þessa skóla kosta, og tryggja aðstöðu kennaranna, sem í hlut eiga, til að öðlast rétt til lífeyris. Mun fylgi minni hl. við frv. fara eftir því, hvort samþykkt verður breyting á 1. gr. þess.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að á frv. verði gerð svofelld

BREYTING:

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Nú hefur barnaskóli hlotið löggildingu samkv. 1. málsgr. og starfað fimm ár eða lengur með góðum árangri að dómi fræðslumálastjórnar, og er þá heimilt að greiða úr ríkissjóði hálf laun fastra kennara við þann skóla og iðgjald til lífeyrissjóðs,

6% af fjárhæð, er nemur fullum launum hlutaðeigandi kennara, enda fái þeir greiddan úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði lögmæltan hluta launa og iðgjalds til lífeyrissjóðs og verði ráðnir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla.

Alþingi, 9. febr. 1956.

Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.

Nd. 366. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 22. gr. 1. og 2. málsgr. orðist svo:
   Fullur elli- og örorkulífeyrir samkvæmt 13. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda en bætur samkvæmt lögum þessum fari ekki fram úr lífeyri á 1. verðlagssvæði, svo sem hér greinir:
   a. Einum og hálfum hluta einstaklingslífeyris, ef um einstakling er að ræða.
   b. Tvöföldum einstaklingslífeyri, ef um hjón er að ræða.
   c. Þreföldum einstaklingslífeyri, ef um hjón er að ræða og aðeins annað fær lífeyri.
   Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyrir um sextíu hundraðshluta þess, sem umframtekjurnar nema. Þó skal lífeyrir annars hjóna aldrei vera hærri en lífeyrir hjóna með sömu tekjur.
2. Við 59. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar.
   Saman mega þó fara:
   a. Fjölskyldubætur og dagpeningar.
   b. Barnalífeyrir og dagpeningar.
   c. Barnalífeyrir, mæðralaun og ekkjubætur samkvæmt 20. gr.
   d. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögunum.
3. Við 89. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1956. Ákvæði 22. gr. um skerðingu lífeyris koma þó til framkvæmda frá 1. janúar 1956. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50/1946, III. kafli laga nr. 104/1943 og lög nr. 116/1954.
   Frá og með 1. janúar 1956 er 2. málsgr. 13. gr. laga nr. 50/1946 úr gildi fallin.
4. Á eftir 89. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
   Eftirtalin ákvæði laga þessara koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1957:
   2. gr. 2. mgr., 8. gr. 2. mgr., 10. gr. 3. mgr., 19. gr., 23. gr., 24. gr., 27. gr., 48. gr. a., 52. gr. og 58. gr. 2. mgr.
   Til 31. desember 1956 skal fara um atriði þau, sem þessi ákvæði fjalla um, eftir sömu reglum og gilt hafa.

Nd. 367. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til laga um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Við 3. málsgr. bætist: enda njóti þeir ekki frádráttar samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.
2. Við 8. gr. Við greinina bætist ný málsgr., þannig:
   Lögreglustjóra og útlendingaeftirliti er heimilt að banna farþegum að fara úr landi, hafi eigi verið gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar við sölu farmiða. Einnig geta sömu aðilar bannað brottför annarra en farþega, ef ætla má, að þeir eigi ólokið skatt- eða útsvarsgreiðslum hér á landi.

Tveir nefndarmanna, Jóh. Hafstein og Karl Guðjónsson, voru fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 13. febr. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 368. Frumvarp til laga [152. mál]

um Sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn talnahappdrætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Sjúkrahúsasjóður.

2. gr.

Til að afla sjóðnum tekna skal ríkisstjórninni heimilt að setja á stofn nýtt getraunahappdrætti, sem nefnist talnahappdrætti.

3. gr.

Talnahappdrætti skal vera með þeim hætti, að dregnar skulu út mánaðarlega eða sjaldnar 5 tölur úr talnaröðinni 1—100. Dráttur skal fara fram opinberlega í Reykjavík.

Þátttakendur í happdrættinu gizka á, áður en dráttur fer fram, hverjar tölur dragist út í næsta skipti.

Verðlaun skulu veitt, ef gizkað er á 2—5 réttar tölur.

4. gr.

Verðlaun í happdrætti þessu skulu undanþegin hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignaskatti, á því ári, sem þau eru veitt.

5. gr.

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, setur happdrættinu stjórn og ákveður nánar um störf þess með reglugerð, m. a. um þátttökugjald.

6. gr.

Úr Sjúkrahúsasjóði skal veita styrki til að reisa ný sjúkrahús og á annan hátt til eflingar heilbrigðismálum landsins, eftir ákvörðun heilbrigðismálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Sjúkrahúsasjóðs og landlæknis.

7. gr.

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, skipar stjórn sjóðsins og setur nánari reglur um starfsemi hans.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953, ber ríkissjóði að greiða 3/5 hluta byggingarkostnaðar fjórðungssjúkrahúsa, en þar eð áhöld og allur búnaður kostar stórfé, má gera ráð fyrir að framlag ríkissjóðs, 3/5 af byggingarkostnaði, nemi vart meiru en 2/5 hlutum raunverulegs stofnkostnaðar.

Nú stendur fyrir dyrum að ráðast í allkostnaðarsamar sjúkrahúsabyggingar á ýmsum stöðum, m. a. fjórðungssjúkrahús á Suðurlandi.

Enda þótt fjórðungssjúkrahús Suðurlands væri ekki nema með 30—40 sjúkrarúm, eru þó líkur til, að byggingin myndi, miðað við núverandi verðlag, kosta 5—6 milljónir króna.

Undanfarið hefur sá háttur tíðast verið hafður á um byggingu sjúkrahúsa, að þau hafa verið reist í áföngum, eftir því, sem fé hefur verið handbært. Hafa sjúkrahúsin stundum verið árum saman í smíðum. Er óþarft að fjölyrða, hve miklu dýrari og stirðari slíkur framkvæmdaháttur er, en ef unnt er að ljúka byggingunni í einu átaki.

Frumvarp þetta miðar að því að afla fjár til sjúkrahúsabygginga þeirra, sem mest eru aðkallandi nú, með tekjum af nýju getraunahappdrætti, sem ríkisstjórninni yrði heimilt að setja á stofn.

Skal mynda sérstakan sjóð, Sjúkrahúsasjóð, fyrir tekjur talnahappdrættisins, og veita úr honum framlög heilbrigðismálum landsmanna til eflingar.

Happdrætii það, sem um ræðir í frumvarpinu, hefur náð miklum vinsældum erlendis, þar sem það hefur verið reynt.

Happdrættið er með því sniði, að dregnir eru 5 miðar úr 100 miðum, sem tölusettir eru 1—100, venjulega einu sinni í mánuði. Þátttakendur í happdrættinu freista þess að gizka á, áður en dráttur fer fram, hvaða tölur koma upp, næst þegar dregið er. Skal ágizkunin vera skrifleg, á þar til gerðum seðli og greiðist fyrir ákveðið gjald, svipað og hjá íslenzkum getraunum.

Síðan eru verðlaun veitt þeim, sem geta upp á 2—5 réttum tölum.

„Lotto", eins og þessi starfsemi er nefnd í Þýzkalandi, ver helmingi brúttó-tekna í vinninga eða verðlaun, en afganginum er varið til greiðslu rekstrarkostnaðar og síðan hreinum ágóða til ýmissa menningar- og líknarmála.

Ef hver seðill hér kostaði 5 krónur og 10 þúsundir seldust í einum drætti, yrðu brúttó-tekjur kr. 50000.00. Af því væri kr. 25000.00 varið í verðlaun, sem skiptast jafnt í 4 flokka, 1. flokkur 5 réttar tölur, 2. flokkur 4 réttar, 3. flokkur 3 réttar og 4. flokkur 2 réttar tölur.

Nú eru minni líkur til, að menn fái 1. eða 2. flokks verðlaun en 3. og 4., og skiptast því verðlaunin í lægri flokkunum að jafnaði milli fleiri þátttakenda og verður því hlutur hvers og eins minni en í 2. eða 1. flokki.

Standa vonir til þess, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, væri, ef vel tekst, unnt að koma upp fjórðungssjúkrahúsi Suðurlands og síðan öðrum nauðsynlegum sjúkrahúsum, fyrr en ella.

Enda þótt gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu, að tekjum happdrættisins verði aðallega varið til byggingar nýrra sjúkrahúsa, myndi þó athugandi síðar að verja þeim, a. m. k. að nokkru leyti, til að styrkja rekstur þeirra sjúkrahúsa, sem erfitt eiga, eða á annan hátt heilbrigðismálum landsins til framdráttar.

Nd. 369. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1956.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað „10. dag októbermánaðar" komi: 1. dag októbermánaðar.

Ed. 370. Lög [151. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1956.

(Afgreidd frá Ed. 13. febr.)

Samhljóða þskj. 356.

Nd. 371. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin samþykkti að mæla með frumvarpinu.

Alþingi, 14. febr. 1956.

Páll Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Hannibal Valdimarsson. Jónas G. Rafnar.

Ed. 372. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 48 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

4. töluliður 4. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

Berist sjóðstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skal hún þegar rannsaka aflabrögð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi

verið að ræða, skal ráðherra samkvæmt tillögum sjóðstjórnarinnar ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið, og skal það gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikning bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem eigi hafa skemmri úthaldstíma en ákveðinn verður fyrir viðkomandi svæði í reglugerð, en lækkar hlutfallslega, ef úthaldstíminn er styttri.

3. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við lok hvers veiðitímabils skal eigandi eða útgerðarmaður skips senda sjóðstjórninni skýrslu um útgerð skipsins á tímabilinu í því formi, sem sjóðstjórnin ákveður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrirkomulag það, er nú gildir um ákvörðun meðalveiðimagns fyrir hin ýmsu svæði, hefur reynzt óhæfilega þungt í vöfum.

Það virðist og ástæðulaust með öllu að leita sérstaklega umsagna Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélags Íslands um till. sjóðstjórnarinnar um þetta efni, svo sem nú er gert. Tveir stjórnarnefndarmenn af þrem eru skipaðir eftir tilnefningu A. Í. og L. Í. Ú., og sjóðnum er ætlað að starfa í nánum tengslum við Fiskifélag Íslands. Tvær fyrri gr. frumvarpsins, ef að lögum verða, auðvelda verulega afgreiðslu mála hjá sjóðstjórninni, án þess að skerða nauðsynlegt öryggi í málsmeðferð.

Kvöð sú, er um getur í 3. gr. frumvarpsins, er nauðsynleg vegna framkvæmdar laganna og hefur þegar verið tekin upp í reglugerð. En eðlilegt virðist, að það ákvæði bætist við lagagreinina sjálfa.

Nánari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í framsögu.

Nd. 373. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [105. mál]

í málinu: Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráning, verðmiðlun og sala á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Þar eð frv. það, er fyrir liggur, fjallar um sameiginlegt hagsmunamál neytenda og framleiðenda, en samráðs hefur ekki verið leitað um farsællega lausn málsins á þann hátt, að líklegt sé, að góður friður fáist um það, telur deildin eðlilega meðferð málsins, að því verði vísað frá, í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi það til flutnings á næsta þingi. Mætti e. t. v. hugsa sér, að Samband íslenzkra samvinnufélaga keypti eignir Grænmetisverzlunar ríkisins og tæki við hlutverki hennar, ef ástæða þætti til að breyta núverandi skipulagi þessara mála. Deildin tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 374. Fyrirspurnir. [154. mál]

I. Til fjármálaráðherra um lánveitingar Framkvæmdabankans til Glersteypunnar h/f.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hve mikið fé hefur Framkvæmdabankinn lánað Glersteypunni h/f?
2. Hvernig gekk stjórn bankans úr skugga um, að óhætt væri að lána þetta fé í þetta fyrirtæki?
3. Hvaða ráðstafanir gerði bankinn til þess að fylgjast með því, að sá vélakostur, er keyptur var, væri góður og rekstur hans borgaði sig?
4. Hvaða ástæðu taldi bankinn sig hafa til þess að sýna stjórnendum fyrirtækisins það traust, sem hann hefur sýnt þeim?
5. Hefur Framkvæmdabankinn nú hina raunverulegu stjórn og ábyrgð á rekstri fyrirtækisins?
6. Hvernig stendur á, að kaupgjald til verkamanna fyrirtækisins er ekki greitt lögum samkvæmt?
7. Hvað ætlar stjórn bankans sér fyrir með Glersteypuna h/f?

II. Til ríkisstjórnarinnar um verðtryggingu sparifjár.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað er að frétta af athugun á möguleikum til að verðtryggja sparifé, sem ríkisstjórninni var falin með þingsályktun 5. febr. 1953?

Nd. 375. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 20 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2.—3. málsl. 2. mgr. 133. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka jafnframt gildi aftur þau ákvæði í lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, og lögum nr. 103 23. des. 1952, um breyt. á síðarnefndu lögunum, sem felld voru úr gildi með lögum nr. 20 1954.

Greinargerð.

Sjávarútvegsnefnd flytur frv. þetta eftir beiðni forstjóra Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og í samráði við atvinnumálaráðuneytið. Í bréfi, sem forstjórinn skrifaði nefndinni varðandi frv., segir hann meðal annars:

„Með lögum nr. 20 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga, voru lögin um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip (vélbátatryggingarlögin) að verulegu leyti felld úr gildi. Stendur lítið annað eftir af þeim en ákvæðin um skyldutryggingar.

Augljóst var, að bátaábyrgðarfélögin gætu ekki starfað við þau skilyrði, er við þetta sköpuðust, nema iðgjöld hækkuðu stórkostlega, því m. a. voru felld niður

ákvæði 22. gr., sem tryggja bátaflotanum aðstoð með kostnaðarverði eftir úrskurði stjórnar Samábyrgðarinnar eða gerðardóms. Aðstoðir eru nál. 200 á ári. Eftir áður nefnda lagabreytingu fellur þessi aðstoðarskylda niður, og er ekki ofmælt, að það tífaldi kostnaðinn. Samábyrgðin hófst því handa, og í samráði við bátaábyrgðarfélögin og með aðstoð tveggja færustu lögfræðinga endursamdi hún bátaábyrgðarlögin og samræmdi þau, eftir því sem unnt var, áðurnefndum lögum um vátryggingarsamninga.

Frumvarp þetta hefur ekki komið fram enn þá á þessu þingi. Sjálfsagt er vonlítið, að tími vinnist til þess að koma frumvarpinu í gegnum þing það, sem nú situr. Hugsanleg bráðabirgðalausn málsins er, að undanþiggja vélbátatryggingarnar ákvæðum laganna um vátryggingarsamninga að þessu leyti. Gæfist þá frestur til að skapa nýja löggjöf um bátatryggingarnar.

Samábyrgðin felur yður mál þetta, því að ef ekkert verður að gert, má búast við, að iðgjöldin hækki í samræmi við hina auknu áhættu af tryggingunum. Lögfræðingar hafa þegar komið auga á lagabreytinguna og eru þegar farnir að krefjast björgunarlauna af bátaábyrgðarfélögunum eftir almennum reglum. Ekki var heldur hjá því komizt að tilkynna endurtryggjendum þessa breytingu á kostnaði við aðstoðir.

Rétt er að taka fram það, sem yður er þó áður kunnugt, að bátatryggingarnar skv. bátaábyrgðarlögunum eru einn þáttur þeirrar aðstoðar, sem ríkið veitir bátaútgerðinni. Tilgangurinn er að tryggja útgerðinni, að vátryggingarkostnaður fari aldrei fram úr réttu hlutfalli við áhættuna. Þessa hefur vandlega verið gætt. Árlega er reiknuð út áhættan skv. reynslu undanfarinna ára og iðgjöldin sniðin eftir henni. Af þessu hefur auðvitað leitt það, að enginn gróði hefur orðið á þessum tryggingum. Bátaábyrgðarfélögin eru félítil. Samábyrgðin hefur tapað á tryggingunum, erlendi endurtryggjandinn segir nærri árlega upp endurtryggingarsamningi sínum, svo að Samábyrgðin hefur hvað eftir annað orðið að takast ferðir á hendur til London til þess að semja um framhald trygginganna án iðgjaldahækkunar.

Það væri mikið áfall og í ósamræmi við verðskuldaða umhyggju ríkisins fyrir vélbátaútgerð Íslendinga, ef ný löggjöf, sbr. lögin um vátryggingarsamninga, leiddi til verulegrar hækkunar rekstrarkostnaðar þessa mikilsverða atvinnurekstrar."

Nd. 376. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Telur hún breytingu þá, sem lagt er til í frumvarpinu að gerð verði á 259. gr. almennra hegningarlaga, eðlilega og mælir þess vegna með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. febr. 1956.

Kristín Sigurðardóttir, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Einar Ingimundarson, frsm.

Jörundur Brynjólfsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 377. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en nefndarmenn eru ekki allir sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. febr. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Nd. 378. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Nd. 379. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist:
   Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna eða Samband eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.
   Sama rétt getur framleiðsluráð veitt Sambandi smásöluverzlana, ef rætt er um málefni, sem það varða sérstaklega.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað „1. janúar“ í b-lið komi: 1. september.
   b. Í stað „selja“ í c-lið komi: selja eða leigja eftir mati dómkvaddra manna.
   c. Í stað orðanna „Bann þetta nær“ í d-lið komi: Ákvæði þetta tekur.
3. Við 5. gr. D-liður falli niður.
4. Við 8. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. september.

Sþ. 380. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um greiðslu bátagjaldeyrishlunninda til sjómanna í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því á þann hátt, er hún telur hagkvæmast, að gera útvegsmönnum í Vestmannaeyjum fært að inna af hendi greiðslur til sjómanna vegna vangoldinna bátagjaldeyrishlunninda fyrir árin 1952 og 1953.

Greinargerð.

Við afgreiðslu fjárlaga bar ég fram tillögu við 22. gr. frv. um, að ráðherra heimilaðist að lána eða ábyrgjast lán til útvegsmanna í framangreindu skyni, en sú tillaga náði ekki samþykki þingsins.

Þetta mál er þó þar með eigi úr sögunni, því að sjómenn í Vestmannaeyjum eiga sinn rétt og munu fast eftir ganga að fá honum fullnægt. Virðist mér sanngjarnt, að ríkisstjórnin leggi stétt útvegsmanna nokkurt lið í þessu efni, og því ber ég fram þessa till. til þál.

Verður málið nánar rakið í framsögu.

Hjálagt bréf útvegsmanna í Vestmannaeyjum til L. Í. Ú. skýrir málavöxtu, og er það því prentað hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

ÚTVEGSBÆNDAFÉLAG VESTMANNAEYJA, VESTMANNAEYJUM.

Reykjavík, 27. okt. 1955.

Eins og yður mun kunnugt og staðfest hefur verið við okkur í viðtali í dag af hr. skrifstofustjóra Gunnlaugi Briem, þá var til þess ætlazt með reglugerð um innflutningsréttindi bátaútvegsins, að tekjur af þessum réttindum rynnu óskertar til útvegsmanna.

Vestmannaeyingar hafa um langan aldur haft sérstök ákvæði í sínum samningum milli sjómanna og útgerðarmanna, þar sem ákveðið er, að sjómennirnir eigi þriðja hvern fisk, sem aflast, og það, sem endanlega fyrir hann fæst. Á grundvelli þessara ákvæða lögsóttu sjómenn í Vestmannaeyjum útgerðarmennina og kröfðust síns hluta af tekjunum af innflutningsréttindum bátaútvegsins, og féll dómur í því máli fyrir hæstarétti þeim í vil vegna ársins 1951, þrátt fyrir það að þeim voru ekki ætlaðar þessar tekjur. Málssókn af hálfu sjómanna vegna áranna 1952 og 1953 er einnig hafin, og hafa dómar fyrir undirrétti einnig fallið sjómönnunum í vil. Þér hafið einnig tjáð oss, að álit lögfræðinga sé, að gersamlega sé þýðingarlaust að halda málunum áfram fyrir hæstarétti.

Það er því augljóst, að útgerðarmenn verða að gera upp við sjómenn sína fyrir öll árin 1951, 1952 og 1953 og afhenda þeim þar með hluta af þeim tekjum, sem ríkissjóður ætlaði útgerðinni einni.

Sem afleiðing af þessu verða útgerðarmenn í Vestmannaeyjum nú í haust að greiða sjómönnum sínum að fullu tildæmdan hluta þeirra af innflutningsréttindum bátaútvegsins, en hann mun nema samtals fyrir útgerðarmenn í Vestmannaeyjum fyrir árin 1952 og 1953 um 3.6 millj. kr.

Afkoma útvegsmanna í Vestmannaeyjum hefur á undanförnum árum farið síversnandi, sérstaklega vegna hækkaðs útgerðarkostnaðar (veiðar með nylonnetum), og þar að auki stóðum við í löngu verkfalli á s.l. vertíð, eða til 18. febr., og með þá

gerðum samningum urðu útgerðarmenn í Vestmannaeyjum að greiða hærra fiskverð en útgerðarmenn við Faxaflóa og annars staðar á landinu og þar að auki að taka á sig kostnað vegna slægingar á fiski, en þetta gerir það að verkum, að útgerðarmenn í Vestmannaeyjum urðu á síðustu vertíð að greiða til sjómanna um 6 aurum hærra verð fyrir kílóið af fiskinum en útgerðarmenn annars staðar á landinu.

Þá skal enn fremur á það bent, að aflinn í Vestmannaeyjum berst á land yfir mjög stuttan tíma, sem orsakar það, að ekki er hægt að framleiða eins góða vöru og í verstöðvum, þar sem aflinn berst jafnara á land og um lengri tíma, og hefur þetta í för með sér lægra fiskverð og minni tekjur af innflutningsréttindunum en hjá þeim, sem betri aðstöðu hafa.

Það er fyrirsjáanlegt, að útgerðarmenn í Vestmannaeyjum geta ekki innt af hendi þessar greiðslur til sjómanna nema með mjög fáum undantekningum, nema aðstoð komi til.

Við leyfum okkur því að mælast til þess við L. Í. Ú., að það komi á framfæri þeim tilmælum við hæstvirta ríkisstjórn, að hún veiti útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum fjárhagslegan styrk til þess að forðast stöðvun meginþorra bátanna á komandi vertíð, þar sem forustumenn sjómannasamtakanna hafa lýst því yfir, að þeir bátar, sem ekki hafa að fullu gert upp við sína sjómenn hluta þeirra af innflutningsréttindum bátaútvegsins árið 1952 og 1953, fái ekki skráningu á komandi vertíð.

Virðingarfyllst,

f. h. Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,

Björn Guðmundsson,
Júlíus Ingibergsson,
Guðjón Scheving.

Til Landsambands ísl. útvegsmanna, Reykjavík.

Nd. 381. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

53. gr. orðist þannig:

Heimilt er fræðslumálastjórn, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluráðs, að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða.

Heimilt er að greiða laun fastra kennara við skóla þessa úr ríkissjóði, enda verði þeir þá ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

Ákvæði 2. málsgr. gilda aðeins um skóla, er starfað hafa í 5 ár hið skemmsta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 382. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. febr. 1956.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson.
Ingólfur Flygenring. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 383. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við afgreiðslu þessa máls urðu nefndarmenn ekki sammála, og leggur meiri hlutinn til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. febr. 1956.

Karl Guðjónsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 384. Frumvarp til laga [134. mál]

um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Um álagningu og innheimtu tekjuskatts og útsvars þeirra útlendinga, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa hér á landi um tiltekinn tíma, dvelja hér um stundarsakir eða eru á förum af landi brott, fer eins og mælt er fyrir í lögum þessum.

Um íslenzka ríkisborgara, sem eru á förum úr landi, gilda ákvæði þessara laga um álagningu og innheimtu, en njóta skulu þeir alls frádráttar frá tekjum skv. l. 46/1954.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og útsvör, eftir því sem við á.

2. gr.

Tekjuskattur skal reiknaður samkv. a- og b-liðum 6. greinar laga nr. 46/1954, tekjuútsvar samkvæmt gildandi útsvarsstiga á hverjum stað og tíma, hvort um sig, eftir því sem við á, af skattgjaldstekjum eða hreinum tekjum eins og þær eru ákvarðaðar samkv. 3. og 4. gr. þessara laga.

3. gr.

Frá heildartekjum þeirra, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skal draga beinan kostnað við öflun teknanna eftir sömu reglum og um aðra gjaldendur.

Útlendingar njóta persónufrádráttar sem íslenzkir ríkisborgarar, en sé fjölskylda búsett erlendis, skal því aðeins veittur frádráttur hennar vegna, að sönnur séu færðar á, að gjaldandi hafi annazt framfærslu hennar.

Útlendir listamenn, sem afla sér hér tekna með list sinni, hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum, skulu fá frádreginn ⅓ hluta af skattgjaldstekjum eða hreinum tekjum, eftir því sem við á, við ákvörðun tekjuskatts og útsvars, enda njóti þeir ekki frádráttar samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Hafi gjaldandi dvalið hér aðeins hluta úr ári, skal ákvarða skattgjaldstekjur og tekjuskatt hans samkv. eftirfarandi reglum:

a. Hreinum tekjum gjaldanda skal deilt með fjölda dvalarvikna hans hér á landi, margfalda þá útkomu með 52 og draga síðan frá persónufrádrátt í hlutfalli við fjölda dvalarvikna. Dvalarvikur telst sá tími, talinn í vikum, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á landi á viðkomandi gjald- eða skattári, að viðbættum 20 af hundraði. Viðbót þessi skal þó aldrei vera minni en ein vika og aldrei meiri en fjórar vikur, og hálf vika eða meir telst heil, en minna broti skal sleppa. Þeir einir skulu þó njóta þessarar viðbótar, sem hafa komið hingað í atvinnuskyni og eigi dvalið hér næsta ár á undan brottför sinni úr landi.
b. Af skattgjaldstekjum eins og þær eru ákvarðaðar samkv. a-lið þessarar greinar, skal síðan reikna tekjuskatt samkv. skattstigum þeim, er í 2. gr. getur, margfalda hann með fjölda dvalarvikna og deila í þá útkomu með 52. Sú fjárhæð er tekjuskattur sá, sem gjaldanda ber að greiða.

Tekjuútsvar skal reikna á tilsvarandi hátt og að framan greinir.

5. gr.

Þeir, sem hafa þá menn í þjónustu sinni, sem taldir eru í 1. mgr. 1. gr., og greiða þeim kaup, hverju nafni sem nefnist, bera ábyrgð á greiðslu þinggjalds þeirra og útsvars eins og um eigin þinggjald eða útsvar væri að ræða.

Til tryggingar þessari ábyrgð skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi gjaldanda eins og fyrir verður mælt í reglugerð.

6. gr.

Kaupgreiðandi skal tilkynna viðkomandi skattyfirvaldi mánaðarlega um kaupgreiðslu til þeirra, er í 1. mgr. 1. gr. getur.

Tryggingarfé því fyrir sköttum og útsvari, sem kaupgreiðandi heldur eftir samkvæmt lögum þessum, skal hann skila til viðkomandi innheimtumanna innan viku frá útborgunardegi.

Jafnskjótt og skattar og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal innheimtumanni skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kann að hafa verið haldið eftir af kaupi.

7. gr.

Nú er einhver þeirra, sem um ræðir í 1. gr., á förum af landi burt, og skal honum þá skylt að tilkynna hlutaðeigandi skattyfirvaldi um það, með a. m. k. einnar viku fyrirvara, og sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina, ber honum einnig að tilkynna um hana. Jafnframt gefur kaupgreiðandi hlutaðeigandi skattyfirvaldi skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda á burtfararárinu.

Hlutaðeigandi skattyfirvöld ákveða síðan skatt og útsvar gjaldanda og tilkynna kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og innheimtumanni um álagningu þegar í stað.

8. gr.

Óheimilt er að selja þeim, er um getur í 1. gr., farmiða eða taka þá til flutnings til útlanda, nema færðar séu sönnur á með vottorði innheimtumanns, að þinggjöld og útsvar sé að fullu greidd eða trygging sett fyrir greiðslu.

Einnig er útgerð skips eða flugfélagi óheimilt að leysa starfsmann sinn úr þjónustu erlendis, nema þinggjöld hans og útsvar hafi verið greidd eða trygging sett fyrir greiðslu.

Nú hefur eigi verið gætt ákvæða 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, og er þá útgerð hlutaðeigandi skips eða flugvélar ábyrg fyrir greiðslu þinggjalds og útsvars viðkomandi farþega eða starfsmanns sem eigin þinggjaldi og útsvari. Hver sá aðili, er með ólöglegu atferli kann að vera valdur að því eða meðsekur, að einhver komist úr landi án þess að greiða að fullu þinggjöld og útsvar, ber einnig sams konar ábyrgð.

Lögreglustjóra og útlendingaeftirliti er heimilt að banna farþegum að fara úr landi, hafi eigi verið gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar við sölu farmiða. Einnig geta sömu aðilar bannað brottför annarra en farþega, ef ætla má, að þeir eigi ólokið skatt- eða útsvarsgreiðslum hér á landi.

9. gr.

Nú fer maður af landi burt um stundarsakir og bregður ekki heimilisfesti hér. Skal þá heimilt að leyfa honum far, án þess að gera honum skatt samkv. lögum þessum, enda setji hann að dómi viðkomandi innheimtumanna næga tryggingu fyrir greiðslu þinggjalda og útsvars.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágur frá lögum þessum að því er varðar íslenzka námsmenn, sem erlendis eru heimilisfastir, en koma hingað til atvinnu um stundarsakir.

10. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að innheimta á þinggjöldum og útsvari samkvæmt lögum þessum skuli sameinuð í hverju umdæmi, eftir því sem henta þykir.

Einnig er ráðherra heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Gjöld þau, er um ræðir í lögum þessum, má taka lögtaki hjá gjaldanda sjálfum, svo og þeim er ábyrgð bera á þinggjöldum og útsvari skv. 5. og 8. gr., enn fremur hjá þeim, er taka á sig ábyrgð á greiðslu vegna þeirra, er getur í 9. gr.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum allt að kr. 100 000.00.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu skatta og útsvars á árinu 1956. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 96 28. desember 1946.

Nd. 385. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til laga um olíueinkasölu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Mál þetta var rætt á fundi nefndarinnar 13. þ. m. Varð eigi samkomulag um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að málinu verði vísað til ríkis-

stjórnarinnar. Einn nefndarmaður, Gylfi Þ. Gíslason, vill láta samþykkja frumvarpið. Tveir nefndarmenn mættu eigi á fundinum.

Alþingi, 15. febr. 1956.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm.

Nd. 386. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 28. gr.
   a. Í stað orðanna „skattskyldar tekjur“ í b-lið 1. málsgr. komi: skattgjaldstekjur.
   b. Í stað orðanna „skattskyldar tekjur“ í a-lið 2. málsgr. komi: skattgjaldstekjur.
2. Við 75. gr. Orðið „áhættufé“ í 3. málsgr. falli burt.
3. Við 76. gr. Í stað orðanna „skattskyldra tekna“ í 2. málsgr. komi: skattgjaldstekna.
4. Við 80. gr. Greinin falli burt.

Ed. 387. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist:

Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna eða Samband eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Sama rétt getur framleiðsluráð veitt Sambandi smásöluverzlana, ef rætt er um málefni, sem það varða sérstaklega.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita samþykkis framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki notkunarþörfinni að dómi framleiðsluráðs, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ákveða skal verðlag á helztu innlendu garðávöxtum, svo sem kartöflum, gulrófum og gulrótum. Enn fremur er heimilt að ákveða verð á gróðurhúsaframleiðslu

hvers konar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að verðskráðar séu fleiri tegundir matjurta. Skal að jafnaði fylgja þeirri reglu að hafa verðið lægst um aðaluppskerutíma hverrar tegundar. Á öðrum tímum árs skal ákveða verðið með tilliti til geymslukostnaðar og vaxtarauka.

4. gr.

Á eftir V. kafla laganna (28. gr.) koma 9 nýjar greinar í nýjum kafla, er verður VI. kafli, með fyrirsögninni: **Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.**

a. (29. gr.) Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.

b. (30. gr.) Undir starfssvið framleiðsluráðs fellur frá 1. september 1956 öll sú starfsemi, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur nú með höndum varðandi ræktun og sölu íslenzkra matjurta. Skal sú stofnun, er upp frá því annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti í umboði framleiðsluráðs, heita Grænmetisverzlun landbúnaðarins.

c. (31. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að selja eða leigja eftir mati dómkvaddra manna Grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins, eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda.

d. (32. gr.) Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

e. (33. gr.) Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum, og skulu samvinnufélög og aðrar verzlanir, sem umboð hafa nú fyrir Grænmetisverzlun ríkisins, sitja fyrir sem umboðsmenn.

Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

f. (34. gr.) Framleiðsluráði skal heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda, enda starfi það á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.

g. (35. gr.) Framleiðsluráð vinnur að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal framleiðsluráð leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.

h. (36. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Framleiðsluráð sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal það þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

i. (37. gr.) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:

1. um starfsemi Grænmetisverzlunar landbúnaðarins;
2. um flokkun og mat garðávaxta;
3. um stofnræktun úrvals tegunda;

4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

5. gr.

29. gr. (verður 38. gr.) laganna orðist svo:

Verðmiðlun á kjöti, mjólk, mjólkurvörum, matjurtum og eggjum skal haga þannig:

a. Á kjöti: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, er nota skal til verðmiðlunar, er nægi til þess, að sláturleyfishafar geti greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta á sláturstað, miðað við meðaltals sláturkostnað og flutningskostnað. Þá er heimilt að taka verðjöfnunargjald af stórgripakjöti, ef ástæða þykir til.
b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða, eftir því sem framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 39. gr.).
c. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald af eggjum.

6. gr.

30. gr. (verður 39. gr.) laganna orðist svo:

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við 38. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 9. gr.).

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur o. fl., svo og ákvæði annarra laga, er brjóta í bág við lög þessi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1956.

Nd. 388. Lög [140. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Nd. 17. febr.)

Samhljóða þskj. 285.

Ed. 389. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 29. des. 1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fjórum fundum. Var frv. sent til umsagnar til forstjóra þjóðleikhússins, fræðslumálastjóra og fjárveitinganefndar Alþingis. Hafa tveir af aðilum þessum sent umsagnir, sem fylgja hér með sem fylgiskjöl I og II. Nefndinni barst einnig erindi um málið frá íþróttafulltrúa, sem hér með fylgir sem fylgiskjal III. Þá ræddi nefndin málið sérstaklega við þjóðleikhússtjóra og formann þjóðleikhúsráðs, sem báðir mæltu eindregið gegn samþykkt

frv. og vísuðu til þess, sem fram kemur í umsögn þjóðleikhússtjóra á fskj. I. um afkomu þjóðleikhússins. Töldu þeir, að ef samþykkja ætti frv. og rýra þannig tekjur þjóðleikhússins, yrði óhjákvæmilega að bæta það upp á annan hátt.

Samkv. upplýsingum frá fræðslumálastjórninni, sbr. fskj. II og III, er ljóst, að fjárþörf félagsheimilasjóðsins er svo mikil, að óhjákvæmilegt er að gera einhverjar ráðstafanir til frekari tekjuöflunar, eigi sjóðurinn að geta mætt, jafnóðum og húsin eru reist, þeim greiðslum, sem honum er skylt að inna af hendi, en að því ber að stefna, að svo verði. Vangoldin framlög sjóðsins eru í árslok 1955 1 millj. kr. og fara ört vaxandi. Gerir fræðslumálastjórnin ráð fyrir því, að þau verði komin upp í 5—6 millj. í lok ársins 1959, nema dregið verði úr byggingum félagsheimilanna, sem ekki er æskilegt, eða tekjur sjóðsins auknar allverulega frá því, sem nú er.

Í lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, eru engin ákvæði um það, að ekki megi hefja byggingu félagsheimilis, þótt eigi sé handbært framlag félagsheimilasjóðs. Þar eru heldur engin ákvæði um það, hve þétt heimili megi reisa eða eftir hvaða reglu skuli fara, þegar ekki er nægjanlegt fé fyrir hendi í sjóðnum til að mæta lögboðnum útgjöldum. Þá eru og engin ákvæði heldur í lögunum um stærð félagsheimila og útbúnað þeirra, miðað við fólksfjölda þann, sem afnot á að hafa af þeim, né heldur um viðhald þeirra, en allt hefur það djúptæk áhrif á framlög úr félagsheimilasjóðnum, hversu þessu er hagað í framkvæmd.

Með tilvísun til þessa þykir rétt, að fram sé látin fara heildarendurskoðun laganna, og sé þá haft í huga að tryggja félagsheimilasjóði nægilegt fé árlega til þess að geta greitt lögbundin framlög, jafnóðum og heimilin eru reist, svo að ekki þurfi að myndast sívaxandi vangreidd framlög, svo sem nú á sér stað. Getur þá hvort tveggja komið til greina, að skipuleggja meira en gert hefur verið byggingu og staðsetningu félagsheimilanna, stærð þeirra og útbúnað allan og að efla félagsheimilasjóðinn meira en gert er með þeim hluta af skemmtanaskattinum, sem hann fær nú lögum samkvæmt.

Nefndin er því sammála um að leggja til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Frv. þetta mundi, ef að lögum yrði, rýra verulega tekjur þjóðleikhússins, sem bæta yrði á annan hátt að óbreyttum aðstæðum. Hins vegar vaxa ógreidd framlög félagsheimilasjóðsins svo mikið árlega, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt. Deildin lítur því svo á, að aðkallandi sé, að fram sé látin fara heildarendurskoðun á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og að í þeim lögum verði sett þannig ákvæði, að saman geti að jafnaði farið lögboðin framlög úr félagsheimilasjóði og hraði byggingaframkvæmda félagsheimila, enda verði sjóðnum séð fyrir eðlilegum tekjum til þess að mæta útgjöldum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti framkvæma endurskoðun laganna á þessum grundvelli og leggi síðan tillögur til breytinga á lögunum fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
H. Guðmundsson.	Karl Kristjánsson.	

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Reykjavík, 3. nóv. 1955.

Stjórn þjóðleikhússins hefur tekið við bréfi fjárhagsnefndar efri deildar hins háa Alþingis varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl., og er óskað umsagnar um það.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að rýra þann hlut, sem þjóðleikhúsið fær af skemmtanaskatti, úr 42% í 27%.

Þegar þjóðleikhúsinu var upphaflega fenginn skemmtanaskatturinn með lögum nr. 56/1927, var gert ráð fyrir því í 6. grein: „Skemmtanaskatturinn rennur í sérstakan sjóð, „þjóðleikhússjóð". Honum skal varið til að koma upp „þjóðleikhúsi" í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi."

Síðan hefur þjóðleikhúsið verið svipt meiru og meiru af skattinum og honum skipt milli fleiri aðila, en stjórn þjóðleikhússins hefur margsinnis mótmælt því og bent á nauðsyn þess, að leikhúsið nyti skattsins alls, eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Síðastliðið ár námu tekjur þjóðleikhússins samkvæmt reikningi kr. 5 216 154.91, þar af skemmtanaskattshlutur kr. 1 660 000.00, en gjöldin voru kr. 5 637 096.49, þannig að rekstrarhallinn nam kr. 420 941.58, auk skatthlutans.

Af þessu er augljóst, að rekstur leikhússins þolir ekki frekari skerðingu skattsins en orðin er, nema leikhúsinu séu lagðir aðrir tekjustofnar í staðinn, enda mundi þá mjög þurfa að breyta allri starfrækslu hússins.

Stjórn leikhússins endurtekur það, sem hún hefur fyrr látið í ljós, að ástæða væri heldur til þess að hækka aftur hlut leikhússins af skemmtanaskattinum, og væntir þess, að háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar taki þessar athugasemdir til greina, enda nái frumvarpið ekki fram að ganga.

Þjóðleikhúsið.

Vilhj. Þ. Gíslason.

Valg. Tryggvadóttir.

Fylgiskjal II.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 4. nóv. 1955.

Fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 25. f. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga á þingskjali nr. 50 um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl.

Þar eð íþróttanefnd ríkisins fjallar lögum samkvæmt um mál félagsheimilasjóðs, átti ég fund með henni og íþróttafulltrúa ríkisins um frumvarp það, er hér um ræðir. Íþróttafulltrúi, sem er framkvæmdastjóri félagsheimilasjóðs, gerði grein fyrir byggingu félagsheimila og byggingarþörf, úthlutun styrkja úr félagsheimilasjóði o. fl. Meginatriði skýrslu hans fylgja hér með.

Mjög mikið vantar á, að félagsheimilasjóður muni með óbreyttum tekjustofni geta fullnægt greiðsluþörf til nýrra félagsheimila og þeirra, sem í smíðum eru. Frumvarp það, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir því, að 50% skemmtanaskattsins falli í hlut félagsheimilasjóðs. Er það sami hluti skemmtanaskattsins og ákveðinn var, þegar lögin um félagsheimili voru samþykkt á Alþingi 1947. Af framangreindum ástæðum mæli ég, íþróttanefnd ríkisins og íþróttafulltrúi eindregið með því, að frumvarp það, er hér um ræðir, verði lögfest.

Helgi Elíasson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar, Alþingi.

FRÆÐSLUMÁLASKRIFSTOFAN

ÍÞRÓTTAFULLTRÚINN

Reykjavík, 3. nóv. 1955.

Frá því 1. jan. 1948 hefur viss hundraðshluti af skemmtanaskatti runnið til félagsheimilasjóðs. Alls í 7 ár hafa runnið til sjóðsins kr. 8 590 057.87, og skiptist þessi upphæð þannig niður á árin.

1948	50%	..... kr.	1 239 020.70
1949	40%	..... —	1 162 511.59
1950	40%	..... —	1 073 138.45
1951	35%	..... —	1 091 381.99
1952	35%	..... —	1 138 082.61
1953	35%	..... —	1 315 266.09
1954	35%	..... —	1 570 656.44

Samkvæmt lögum um félagsheimili (nr. 77 frá 5. júní 1947) var heimilt að veita styrki úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila, sem hafin var bygging á eftir 1. jan. 1944.

Félagsheimili þau, sem hafin var bygging á eftir 1. jan. 1944 og til 31. des. 1954 og greiddir hafa verið styrkir til, eru alls 75. Af þessum félagsheimilum eru 27 í smíðum, og er að fullu gert upp við 12, þótt smíðum sé að mestu lokið.

Í s. l. desember lágu því fyrir reikningar um byggingarframkvæmdir 39 félagsheimila. Framkvæmdir við þessi 39 hús voru þá komnar á þau stig, sem hér greinir:

Fullsmíðuð	12
Nær fullsmíðuð	8
Meir en fokheld	5
Fokheld	7
Uppsteyptir veggir ...	3
Steyptir sökklar	4
	39

Miðað við byggingarkostnað þessara 75 félagsheimila, eins og hann var í des. 1954, hafa verið greiddar úr sjóðnum kr. 8300018.27, en vangoldnar eru til þeirra kr. 690000.00.

Í desember 1954 hefði sjóðurinn þurft að geta greitt til þessara 39 félagsheimila 2.06 millj. króna.

Í n. k. desember mun sjóðurinn þurfa að greiða til þessara 39 félagsheimila 2.4 millj. króna, en búizt er við, að af skemmtanaskattshluta ársins 1955 verði hægt að greiða 1.4 millj. kr., og nema þá vangoldin framlög sjóðsins 1 millj. króna.

Til þess að ljúka framlögum (40% byggingarkostnaðar) sjóðsins til þessara 39 félagsheimila, er þau verða fullsmíðuð, mun þurfa um 6 millj. króna. Verði árleg framlagsgeta sjóðsins 1.4 millj. kr., þá mun það taka sjóðinn 4 ár að inna þessi framlög af höndum.

Af þessu má ljóst vera, að sjóðurinn getur ekki á næstu 4 árum greitt framlög til þeirra félagsheimila, sem hafnar voru framkvæmdir við í ár eða verður byrjað á á næstu 3—4 árum.

Til innflutningsskrifstofunnar voru á þessu ári sendar beiðnir um fjárfestingarleyfi vegna 32 félagsheimila. Skrifstofan veitti vilyrði fyrir 15 félagsheimilum, og hefur verið hafið smíði 6 þessara félagsheimila, en smíði hinna mun hefjast n. k. vor.

Framlagsþörf sjóðsins til þessara 15 félagsheimila mun nema um 5 millj. kr.

Framlagsþörf sjóðsins næstu 4 ár til þeirra 39, er áður var minnzt, og hinna 15 mun því nema um 11 millj. kr., en fjárgetan, að óbreyttri hundraðstölu af

skemmtanaskatti, mun á sama tíma nema 5—6 millj. kr., svo að vangoldin framlög í árslok 1959 munu nema 5—6 millj. kr.

Fleiri ráðgerðu á þessu ári byggingu félagsheimila en þeir 32, sem sóttu um fjárfestingarleyfi. Fyrir utan þessa 32 er kunnugt um ráðagerðir félaga innan 20 sveitarfélaga um byggingu félagsheimila.

Þetta er eigi óeðlilegt, þegar athugað er, að 8 kaupstaðir, 14 kauptún og 120 sveitir búa við óviðunandi samkomuhús eða hafa ekkert (um 60 þessara aðila hafa ekkert).

Það skal tekið fram, að þar sem hér er rætt um áætlaðan byggingarkostnað, er miðað við byggingarkostnað eins og hann var í árslok 1954.

Einnig skal vakin athygli á því, að þar sem rætt er um framlagsgetu eða fjárgetu félagsheimilasjóðs, er miðað krónutölulega við þá upphæð, sem skemmtanaskattshluti félagsheimilasjóðs varð fyrir árið 1954.

Þorst. Einarsson.

Fylgiskjal III.

FRÆÐSLUMÁLASKRIFSTOFAN

ÍÞRÓTTAFULLTRÚINN

Reykjavík, 21. okt. 1955.

Frá því 1. jan. 1948 hefur viss hundraðshluti af skemmtanaskatti runnið til félagsheimilasjóðs. Í byrjun naut sjóðurinn 50% skemmtanaskattsins, en svo var hundraðstalan lækkuð í 45% og enn á ný árið 1951 í 35%, og þar við situr síðan.

Alls hefur runnið til sjóðsins frá því 1. jan. 1948 og þar til nú 8590057.87. Þessu fé hefur verið ráðstafað til 75 félagsheimila. Af þessum 75 byggingum voru 24 gömul samkomuhús, sem var byggt við og endurnýjuð. Heildarkostnaður þessara 75 bygginga nemur um 23 millj. króna, og hefur félagsheimilasjóður greitt í styrk til þeirra í heild kr. 8054788.88 auk kr. 245229.39, sem úr sjóðnum hafa verið greiddar til þátttöku í kostnaði við aðstoð húsameistara og verkfræðinga.

Af þessum 75 félagsheimilum eru 27 enn í byggingu. Af þeim 27 félagsheimilum, sem nú eru í smíðum, eru hin minnstu rúmlega 500 m^3, en hin stærstu 3300—3500 m^3. Við byggingu margra félagsheimilanna er lögð fram ótrúlega mikil gjafavinna — þegnskaparvinna — af konum sem körlum, ungum sem gömlum, og hugur til samvinnu ánægjulega góður. Bygging félagsheimilanna einkennist af ánægju og fórnfýsi.

Hagur sjóðsins gagnvart öllum þessum byggingum er þannig, að í s. l. desember hefði sjóðurinn þurft að geta greitt 2.06 millj. króna miðað við það, að ⅖ hlutar (40%) byggingarkostnaðar hverrar byggingar fram að 31. des. 1954 væru greiddir úr félagsheimilasjóði, en til ráðstöfunar hafði sjóðurinn af skemmtanaskatti ársins 1954 kr. 1370110.00, svo að segja má, að vangoldin séu — miðað við s. l. áramót — 690 þús. króna til umræddra bygginga.

Það er stefna þeirra, sem tillögur gera til menntamálaráðuneytisins um styrk til félagsheimila úr félagsheimilasjóði, að eigi verði veittur styrkur til nýrra félagsheimila örar en það, að sem næst fullur styrkur fáist til hvers félagsheimilis samkv. reikningsskilum við hverja úthlutun úr sjóðnum.

Þar sem félagsheimilasjóður hefur ekki getað greitt að fullu framlög undanfarin 2 ár til þeirra félagsheimila, sem í smíðum eru, er þess ekki að vænta, að sjóðurinn geti greitt styrk til nýrra félagsheimila á þessu og næsta ári.

Fleiri ráðgera byggingu félagsheimila en þeir 32, sem sóttu í ár um fjárfestingarleyfi. Mörgum finnst óeðlilega mikill fjöldi þeirra aðila, sem hafa byggt, eru að byggja eða ætla að byggja félagsheimili, en þessi fjöldi er ekki óeðlilegur, þegar við athugun kemur í ljós, að 8 kaupstaði vantar félagsheimili, og svo er einnig um 14 kauptún, sem hafa fleiri en 400 íbúa, auk margra annarra hreppa víðs vegar um landið.

Mörgum finnst þessi félagsheimili of víða reist, en lögin gera ráð fyrir því, að slíkar byggingar geti risið í hverju sveitar- eða bæjarfélagi, og í hinum fjölbýlustu fleiri en eitt. Hver byggð þarf að eiga aðstöðu til þess, að íbúarnir geti komið saman til námskeiða, æfinga, funda og samgleði. Félagslíf fólksins er það lifandi, að það lætur sér ekki nægja eitt félagsheimili eða samkomuhús í hverri sýslu eða þeim kaupstað, sem er næst sýslunni.

Fólk vill hafa húsin sem næst sínum daglega vettvangi starfs og heimilislífs. Fá stór en dreifð samkomuhús geta leitt af sér óheppilegt skemmtanalíf, en mörg smærri félagsheimili, bundin smærri og ákveðnari heildum innan hæfilega afmarkaðra svæða, færa með sér samstilltara og virkara félagslíf, félagslíf, sem nálgast heimilislíf. Þetta er reynslan líka að leiða í ljós, og störf innan þessara félagsheimila verða heilsteyptari og markvissari, t. d. með auknu samstarfi um leiklist, og benda má á þjónustu stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands ísl. leikfélaga, enn fremur bætta aðstoð og fyrirgreiðslu við bókasöfn, umferðarnámskeið kvenfélaganna, umferðarkennslu Búnaðarfélags Íslands, umferðarkennslu í íþróttum á vegum UMFÍ og ÍSÍ, leikferðir þjóðleikhússins og kynningarferðir ríkisútvarpsins. Með þessu verða félagsheimilin skólar hins starfandi fólks og miðstöðvar menningarlífs þess. Þessa félags- og menningarlífs getur það ekki notið, nema fjarlægð milli heimila og félagsheimilis sé hófleg.

Raddir hafa komið fram um það, að félagsheimilin séu víða of stór og of mikið í þau borið. Þessum aðfinnslum má svara með þessari spurningu: Getur nokkur ætlazt til, að fólkið, sem unir við sitt í hinum dreifðu byggðum, geri sig ánægt með mun verri félagslega aðstöðu en fólkið nýtur í þéttbýlinu?

Unnið er að því, að í nokkrum byggðarlögum rísi eitt stórt félagsheimili miðsvæðis, sem t. d. hvað leiksvið áhærir uppfyllir óskir þjóðleikhússins, en í byggðahverfunum verði svo byggð lítil félagsheimili. Í litlu félagsheimilunum, sem vart eru stærri en 450—600 m³, er hægt að hafa fundi, æfingar og námskeið. Íbúar eins byggðahverfis geta t. d. æft leikrit, kórsöng, fimleika, haldið síðan með þessi viðfangsefni sín til sýninga í hið stóra hús, sem er miðsvæðis í einni eða tveim sýslum, og efnt þar til samkomu.

Það hefur sýnt sig, að nauðsynlegt er að breyta lögunum um skemmtanaskatt þannig, að skemmtanaskatturinn komi almennara og jafnara niður og engir verði algerlega undanþegnir því að greiða skemmtanaskatt. Undanþágurnar virðast handahófskenndar og komnar út í öfgar, og skemmtiflokkar geta efnt til skemmtana í nánd við þéttbýli án þess að þurfa að greiða skemmtanaskatt.

Eins og er, eiga allir landsmenn rétt til hlutdeildar í tekjum af skemmtanaskatti, en takmarkað er aftur á móti, hverjir eru skemmtanaskattsskyldir. Sum félög eru undanþegin skemmtanaskattsskyldu, meðan önnur félög í sama byggðarlagi, sem vinna að almenningsheill og menningarmálum, eru skemmtanaskattsskyld. Fyrrnefnd félög, hafa þó sama rétt til styrks úr félagsheimilasjóði og hin síðarnefndu.

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Fræðslumálastjóri, Helgi Elíasson, og íþróttanefnd ríkisins, Þorsteinn Bernharðsson, Daníel Ágústínusson og Hermann Guðmundsson, gera tillögur um úthlutun fjár úr sjóðnum og annast ýmis mál samkv. ákvæðum laga um félagsheimili.

Gjaldkeri félagsheimilasjóðs og lögfræðilegur ráðunautur nefndarinnar er Ásgeir Pétursson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu. Framkvæmdastjóri félagsheimilasjóðs er Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi.

Upplýsingar um félagsheimilasjóð.

1. Hve hárri upphæð nemur sá skemmtanaskattshluti, sem frá því 1. jan. 1948 til 31. des. 1954 hefur runnið til félagsheimilasjóðs?

1948	50%	.....	kr. 1239020.70
1949	40%	.....	— 1162511.59

1950	40%	.....	kr. 1073138.45
1951	35%	.....	— 1091381.99
1952	35%	.....	— 1138082.61
1953	35%	.....	— 1315266.09
1954	35%	.....	— 1570656.44
Í 7 ár		Alls	kr. 8590057.87

2. Hve hárri upphæð nema veitingar úr félagsheimilasjóði frá 1948 til 1955?

Óafturkræfir styrkir	kr.	8054788.88
Lánveiting	—	100000.00
40% sérfræðil. aðstoðar	—	245229.39
Ýmiss konar þjónusta og kostnaður við stjórn sjóðsins og í vörzlu gjaldkera	—	190039.60
Alls	kr.	8590057.87

3. Skuld sjóðsins við þá 27 aðila, sem voru með félagsheimili í smíðum árið 1954, og 12 aðra, sem höfðu lokið framkvæmdum fyrir 1954, nemur kr. 690000.00.

Heildarkrafan á hendur félagsheimilasjóði í des. n. k. frá þessum 39 aðilum mun nema um kr. 2408000.00.

Stjórn sjóðsins gerir ráð fyrir, að af skemmtanaskatti ársins 1955 muni verða veittar úr sjóðnum um kr. 1400000.00, svo að þá mun sjóðurinn skulda aðilum kr. 1008000.00.

Framkvæmdir þeirra aðila, sem sjóðurinn nú skuldar, eru á þeim stigum, sem nú skal frá greint (miðað er við áramót 1954—55):

Lokið	12
Nær lokið	8
Meir en fokhelt	5
Fokhelt	7
Uppsteyptir veggir	3
Grunnur og sökklar ..	4
Alls	39

Til þess að ljúka framlögum til þessara 39 aðila mun þurfa um 6 millj. króna, en árleg framlagsgeta sjóðsins er 1.3—1.4 millj. króna. Munu þessi framlög því taka sjóðinn í rúm 4 ár. Ætla má, að takast megi á árinu 1955 að ljúka greiðslum til 17 þessara aðila, á árinu 1956 til 5 og á árunum 1957 og 1958 til 17.

Þetta er því aðeins mögulegt, að eigi verði hafnar greiðslur til nýrra framkvæmda á árunum 1955—57.

Þorst. Einarsson.

Ed. 390. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við athugun á því, hverjum erlendum ríkisborgurum skuli að þessu sinni veittur ríkisborgararéttur, hefur nefndin miðað við sömu reglur og farið var eftir á síðasta þingi.

Samkvæmt því leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að í það verði bætt sex nýjum ríkisborgurum, manni, sem í 5 ár hefur verið dýralæknir í Rangárvallasýslu, konu hans og fjórum þýzkum konum, sem giftar eru Íslendingum. Þrjár af þessum konum öðlast þó ekki ríkisborgararéttinn fyrr en á þeim degi eftir gildistöku laganna, er þær hafa verið í hjónabandi í 3 ár.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahrens, Erlendur Arne, húsasmiður í Reykjavík, fæddur 13. okt. 1913 í Danmörku.
2. Blak Nielsen, Willy, rakarameistari í Reykjavík, fæddur 6. des. 1913 í Danmörku.
3. Brinks, Frode, garðyrkjumaður að Reykjalundi í Grímsnesi, fæddur 16. febr. 1921 í Danmörku.
4. *Brückner, Carmen,* húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 31. maí 1914 í Frakklandi.
5. *Brückner, Karl Helmut,* dýralæknir í Rangárvallasýslu, fæddur 17. okt. 1915 í Þýzkalandi.
6. Christiansen, Ejnar Daniel Jakob Garðshodn, smiður í Reykjavík, fæddur 8. febr. 1926 í Færeyjum.
7. *Devulder, Jutta Georgette Anni,* húsmóðir í Hafnarfirði, fædd 26. júlí 1931 í Þýzkalandi. Fær réttinn 18. júlí 1956.
8. *Fender, Marie Anna,* húsmóðir í Reykjavík, fædd 17. júlí 1910 í Þýzkalandi. Fær réttinn 25. apríl 1956.
9. Filbert, Karl William Johansen, málari í Reykjavík, fæddur 5. des. 1919 í Danmörku.
10. Gandil, Ernst Wally, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. marz 1938 í Danmörku.
11. Gandil, Hedda Louise, símastúlka í Reykjavík, fædd 17. ágúst 1933 í Danmörku.
12. Gotfred, Berthina, ráðskona í Reykjavík, fædd 24. des. 1907 í Færeyjum.
13. Hansen, Eskild Henrik, verkamaður í Sandgerði, fæddur 1. sept. 1920 í Færeyjum.
14. Holm, Flemming, cand. oecon., Reykjavík, fæddur 16. júní 1928 í Færeyjum.
15. Isaksen, Niclas Anthon Christian, vélstjóri, Njarðvíkurhreppi, fæddur 27. maí 1918 í Færeyjum.
16. Johannesen, Peter Herluf, verkamaður á Fáskrúðsfirði, fæddur 13. júní 1929 í Færeyjum.
17. Jensen, Carlo Marinus, vefari á Álafossi, fæddur 18. okt. 1918 í Danmörku.
18. Jensen, Jón Harry, sjómaður, Sandhólaferju, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu, fæddur 7. nóv. 1939 í Danmörku.
19. Jensen, Leif Guido, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. jan. 1939 í Danmörku.
20. *Kissmann, Dorothea,* húsmóðir í Hörgsdal á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu, fædd 24. maí 1926 í Þýzkalandi. Fær réttinn 11. sept. 1956.
21. *Meckle, Olga,* húsmóðir í Höfn í Hornafirði, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.
22. Mikulcak, Miroslav Randolph, forstjóri í Reykjavík, fæddur 10. sept. 1927 í Tékkóslóvakíu.
23. Müller, Kurt Heinrich Friedrich, járnsmiður, Seltjarnarnesi, fæddur 25. nóv. 1921 í Þýzkalandi.
24. Nagel, Hans Peter, nemandi í Reykjavík, fæddur 21. okt. 1937 í Þýzkalandi.
25. Nielsen, John Fog, verkamaður, Felli í Mosfellssveit, fæddur 31. ágúst 1933 í Danmörku.
26. Olsen, Martin Kornelius, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur 30. nóv. 1907 í Noregi.

27. Riba, José Magrina, hljóðfæraleikari, Kópavogi, fæddur 2. okt. 1907 á Spáni.
28. Riba, Pedro Magrina, nemandi, Kópavogi, fæddur 22. okt. 1935 á Spáni.
29. Thorsteinsen, Johannes Andreas Edmund, verkamaður í Njarðvíkurhreppi, fæddur 24. okt. 1924 í Færeyjum.

Alþingi, 18. febr. 1956.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Hermann Jónasson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Guðmundur Í. Guðmundsson.

Ed. 391. Lög [143. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 294.

Nd. 392. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur aflað umsagna þjóðskjalavarðar og hagstofustjóra um frv., og eru umsagnir þeirra prentaðar sem fylgiskjöl með nál. þessu. Einnig hefur málið verið rætt við flm. og þjóðskjalavörð á nefndarfundi.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin „náð hafa 15 ára aldri og“ í 1. málsgr. falli burt.
2. Við 2. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Hvern mann, karl og konu, 15 ára og eldri, skal skrá á sérstakt spjald með fullu nafni og föðurnafni.
   b. 4. málsgr. orðist svo:
      Við ævilok skal færa á spjald hvers einstaklings helztu æviatriði hans og vitna til heimilda, eftir því sem við verður komið.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Þjóðskjalasafnið hefur með höndum skrásetningu samkv. lögum þessum. Til þess að annast þetta starf skal ráða starfsmann, æviskrárritara, er lagt hefur stund á íslenzka ættfræði og mannfræði og sýnt hæfni og áhuga á því sviði.
4. Við 4. gr. Í stað orðsins „skrásetjari“ í 1. málsl. komi: æviskrárritari.
5. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „skrásetjara“ á tveimur stöðum og „skrásetjari“ á tveimur stöðum komi: æviskrárritara, æviskrárritari.
   b. Orðin „15 ára og eldri“ falli burt.

6. Við 6. gr. Í stað orðsins „skrásetjara“ komi: æviskrárritara.
7. Við 9. gr. Í stað orðsins „skrásetjarann“ komi: æviskrárritara.

Alþingi, 17. febr. 1956.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.
Gils Guðmundsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Reykjavík, 25. janúar 1956.

Ég hef athugað „frumvarp til laga um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi“, sem háttvirt menntamálanefnd neðri deildar hefur sent mér til umsagnar. Mæli ég eindregið með samþykkt þessa frumvarps. Jafnframt vil ég þó taka það fram, að ég tel starfsheitið: skrásetjari, ekki heppilegt, þar sem tveir af skjalavörðum safnsins vinna nær eingöngu að skrásetningu skjala. Mér finnst *æviskrárritari* gæti komið til greina.

Virðingarfyllst,

Barði Guðmundsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Reykjavík, 28. janúar 1956.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 23. þ. m., óskað umsagnar Hagstofunnar um frv. það um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum, sem borið hefur verið fram á Alþingi. Af því tilefni leyfir Hagstofan sér að taka fram eftirfarandi:

Hagstofan telur það ekki hlutverk sitt að láta í té umsögn um tilgang þessa frv. almennt, þar eð málefnin, sem það fjallar um, eru ekki í verkahring Hagstofunnar. Á hinn bóginn munu flestir sammála um, að sé unnt að koma á fót slíkri skrá og halda henni við með skaplegum tilkostnaði, þá sé sjálfsagt að ráðast í þessa framkvæmd vegna þýðingar hennar fyrir ættfræði, mannfræði og sögu þjóðarinnar.

Hagstofan hefur ekkert að athuga við þau ákvæði frv., er varða samband hinnar áformuðu spjaldskrár við allsherjarspjaldskrána, sem starfrækt er af Hagstofunni. Það skal tekið fram til viðbótar, að verði frv. þetta að lögum, þá mun Hagstofan kappkosta að styðja þessa starfsemi eftir því sem fjárhagsgeta hennar og aðrar starfsaðstæður leyfa.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs og með samþykki hlutaðeigandi sjúkrasamlagsstjórna, að eitt og sama sjúkrasamlag annist sjúkratryggingar í fleiri hreppum innan sömu sýslu, eða í kaupstað og nærliggjandi hreppum. Einnig má láta hluta sveitarfélags fylgja sjúkrasamlagi nágrannasveitarfélags.

Nú samþykkja a. m. k. ⅔ hlutar sjúkrasamlagsstjórna í sama lögsagnarumdæmi að sameinast í eitt sjúkrasamlag, og getur þá ráðherra, að fengnum tillögum tryggingaráðs, ákveðið sameiningu allra samlaga umdæmisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

46. gr.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar tvo eða fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara, eftir því sem sveitarstjórn ákveður.

Standi fleiri en eitt sveitarfélag að sjúkrasamlagi, skulu þau hvert um sig kjósa einn mann í stjórnina, en verði tala stjórnarnefndarmanna þá jöfn, skal sveitarfélag það, sem flesta hefur tryggingarskylda meðlimi, kjósa tvo menn. Nú sameinast öll sjúkrasamlög í lögsagnarumdæmi í eitt sjúkrasamlag, sbr. 45. gr. 3. mgr., og skal þá sýslunefnd kjósa 4 menn í stjórn samlagsins.

Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

47. gr.

Í hverju sýslufélagi skal vera héraðssamlag. Öll sjúkrasamlög tilheyrandi 2. verðlagssvæði, sbr. 10. gr., önnur en sjúkrasamlög kaupstaða, skulu vera í héraðssamlagi hlutaðeigandi sýslu.

Ekki skal vera héraðssamlag í sýslu, ef öll sjúkrasamlög í sýslunni hafa sameinazt í eitt sjúkrasamlag, sbr. 45. gr. 3. mgr.

Samþykktir héraðssamlags skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

48. gr.

Oddviti sýslunefndar er formaður stjórnar héraðssamlags, en sýslunefnd kýs til viðbótar tvo menn í stjórn héraðssamlagsins.

Sýslunefnd ákveður þóknun stjórnarinnar, er greiðist úr sjóði héraðssamlagsins.

49. gr.

Hlutverk héraðssamlaga er:

a. Að greiða sjúkradagpeninga, samkvæmt úrskurðum sjúkrasamlagsstjórna, sbr. 54. gr., og annast jöfnun á kostnaði sjúkrasamlaganna, samkvæmt því, er nánar greinir í 50. gr.
b. Að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna og gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag.
c. Að gefa Tryggingastofnun ríkisins umsögn um einstök mál frá sjúkrasamlögunum, sem henni eru send til úrskurðar.
d. Að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál almennt í umdæminu.

Reikninga sjúkrasamlaganna og heildarskýrslur, sbr. b-lið, skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins.

Þar sem ekki eru héraðssamlög, skal ákvæði d-liðs gilda um hlutaðeigandi sjúkrasamlag.

50. gr.

Framlag ríkissjóðs og lífeyrisdeildar til sjúkratrygginganna, samkvæmt 59. gr., greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Héraðssamlag greiðir hverju sjúkrasamlagi innan héraðssamlagsins sinn hluta framlaganna, að frádregnum sjúkradagpeningum, sem stjórn sjúkrasamlagsins hefur úrskurðað, kostnaði við stjórn héraðssamlagsins og því fé, sem ákveðið kann að hafa verið til jöfnunar.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð, að héraðssamlag skuli verja allt að helmingi ríkisframlagsins til jöfnunar sjúkrakostnaði í sýslunni. Slík ákvörðun skal þó aðeins gerð samkvæmt tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, að fengnu samþykki héraðssamlagsstjórnar.

Nú hefur ráðherra ákveðið jöfnun sjúkrakostnaðar í sýslu, og skal þá greiða þeim sjúkrasamlögum í sýslunni, sem hafa meiri sjúkrakostnað en nemur meðalsjúkrakostnaði í þeirri sýslu, ¾ hluta þess, sem umfram er meðalsjúkrakostnað, ef jöfnunarfé er fyrir hendi, ella hlutfallslega.

Ef fé verður afgangs að lokinni jöfnun og greiðslu kostnaðar héraðssamlags, getur stjórn þess ákveðið að greiða það til sjúkrasamlaganna eða leggja það í varasjóð, er síðar má verja til jöfnunar, ef fé skortir. Tekjuafgang skal þó ekki greiða samlögunum fyrr en 10% af fé því, sem ætlað er til jöfnunar hverju sinni, hefur verið lagt í varasjóð, unz varasjóður nemur 50% þess fjár, sem varið var til jöfnunar næsta ár á undan.

Stjórn héraðssamlags gerir árlega reikning um jöfnunina, sem senda skal Tryggingastofnun ríkisins ásamt fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar.

B. Bætur.

51. gr.

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkv. 58. gr., í því samlagi, er starfar þar, sem hann á heimilisfang. Undanþegnir tryggingarskyldunni eru þeir, sem haldnir eru sjúkdómi, sem lög nr. 78 frá 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla taka til, á meðan þeir dvelja í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað ríkisframfærslunnar.

Börn samlagsmanna, þar með talin stjúpbörn og fósturbörn, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Séu foreldrar samvistum, njóta börnin fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur.

52. gr.

Þeir, sem verða samlagsmenn þegar við 16 ára aldur, eða flytjast milli samlaga, samkvæmt 57. gr., öðlast réttindi án biðtíma. Biðtími annarra, þar á meðal þeirra, sem misst hafa réttindi vegna vanskila, sbr. 79 gr., skal að jafnaði vera 6 mánuðir frá því iðgjaldagreiðsla þeirra hófst. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum samlags, svo og, að biðtími skuli, ef iðgjaldsskuld er greidd að fullu, aðeins gilda um rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga. Maður, sem verður tryggingarskyldur að aflokinni dvöl í sjúkrahúsi eða hæli á vegum ríkisframfærslunnar, sbr. 51. gr., fær þó full réttindi án biðtíma.

53. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætið skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin:

a. Ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samning við, eins lengi og nauðsyn krefur, svo og læknishjálp, hjúkrun, lyf og önnur þjónusta, sem þar er veitt. Þó greiðir samlag ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls vegna ellikramar og alvarlegra, langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78/1936 taka til.
b. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.
c. Nauðsynlegar rannsóknir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að ¾ hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.
d. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½. Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem hér um ræðir, og skal skráin staðfest af heilbrigðisstjórninni.
e. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að ½ samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
f. Sjúkradagpeninga samkv. ákvæðum 54. gr.
g. Dvöl á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem fram yfir er fyrstu 9 dagana eftir hverja fæðingu.

Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Sjúkradagpeningar mega þó eigi hærri vera en slysadagpeningar, samkv. 37. gr.

54. gr.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem er eldri en 16 ára og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður óvinnufær vegna veikinda og tekjur hans falla niður að miklu eða öllu leyti.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 26 vikur samtals á hverjum 12 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða.

Launþegar og einyrkjar njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. 14 daga, en atvinnurekendur frá og með sjöttu sjúkraviku. Atvinnurekandi telst í þessu sambandi hver sá, sem kaupir svo mikla vinnu, að honum beri að greiða gjald skv. 30. gr. af meiru en 52 vikum. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 12.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu; kr. 15.00 fyrir kvæntan mann og gifta konu, sem er fyrirvinna heimilis, og kr. 3.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Sjúkradagpeningar mega þó ekki vera hærri en svo, að þeir ásamt öðrum tekjum hlutaðeigandi nemi sjúkradagpeningum samkvæmt grein þessari að viðbættum þriðjungi, og aldrei fara fram úr þrem fjórðu hlutum þeirra tekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Ef ósannað er, að skilyrði þessarar málsgreinar séu uppfyllt, má fresta úrskurði um dagpeninga þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur á veikindaárinu eru fyrir hendi.

Gift kona fær ekki greidda sjúkradagpeninga, þótt hún missi atvinnutekjur, ef maður hennar getur séð henni farborða. Sama gildir um kvæntan mann, ef konan er tekjuaflandi. Ef hlutaðeigandi hefur ekki unnið utan heimilis, er heimilt að greiða dagpeninga, allt að því sem svarar lífeyrisupphæð samkvæmt 13. gr.

55. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 53. gr., nema Tryggingastofnunin geri sjálf samninga í umboði hlutaðeigandi samlags.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á samkvæmt 53. gr. b. og c., en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi. Þó skal sjúkrasamlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað þess að lækka iðgjöldin, að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki veittar samkvæmt 53. gr. b. og c., til aukinnar greiðslu sjúkradagpeninga, fjölskyldubóta eða til hinna tryggðu upp í kostnað við læknishjálp.

Ef ekki næst samkomulag við opinber sjúkrahús um daggjald, ákveður heilbrigðismálaráðuneytið daggjaldið í einu lagi fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu, sbr. 53. gr. a. Sé um einkasjúkrahús að ræða, getur Tryggingastofnunin ákveðið, að samlag endurgreiði sjúklingum tiltekna upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn. Breyting daggjalda skal jafnan tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara.

56. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og er þá samlagi hans heimilt að greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu.

Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

57. gr.

Nú flyzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingaskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga, og um greiðslu sjúkrakostnaðar, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta sjúkrahjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

C. Tekjur.

58. gr.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórna og umsögn stjórnar héraðssamlaga, þar sem þau eru. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem heimilisfang eiga í umdæmi sjúkrasamlags og eldri eru en 16 ára. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

59. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður greiða hvor um sig til sjúkrasamlaganna þriðjung greiddra iðgjalda. Greiðast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir árlega framlag til sjúkrasamlaganna, sem nema skal 4% af samanlögðum bótagreiðslum deildarinnar næsta ár á undan. Framlag þetta greiðist í fernu lagi, í lok hvers ársfjórðungs, og skiptist milli þeirra í réttu hlutfalli við greidd iðgjöld á næsta ári á undan.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft ár eða heilt ár, greiðast framlögin í samræmi við það.

V. KAFLI
SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

A. Um bætur.

60. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Fjölskyldubætur og dagpeningar.
b. Barnalífeyrir og dagpeningar.
c. Barnalífeyrir, mæðralaun og ekkjubætur samkvæmt 21. gr.
d. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri en einni tegund bóta, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar.

Ef maður, sem nýtur slysabóta samkv. III. kafla, ætti rétt á hærri bótum, eftir öðrum ákvæðum, skal greiða honum mismuninn til viðbótar. Sé hinn slysatryggði einnig tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið sjúkrakostnað hans vegna gegn endurgreiðslu frá slysatryggingunni.

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, falla bótagreiðslur niður, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs. Þegar um er að ræða sjúkling, sem haldinn er ellikröm eða öðrum slíkum sjúkdómi, skal Tryggingastofnunin þó greiða lífeyri hans að viðbættum 20% upp í dvalarkostnað hans, sbr. þó næstu málsgr.

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

61. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð

af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

62. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

63. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, inflúenza, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla bóta vegna slíkra sjúkdóma, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

64. gr.

Ef bótaþegi flyzt til útlanda eða dvelst erlendis, falla bótagreiðslur til hans niður, unz hann kemur aftur til landsins. Heimilt er þó að greiða elli- og örorkulífeyri til manna, er dveljast í útlöndum í allt að 12 mánuði, og lengur, ef lengri dvöl er nauðsynleg vegna lækninga.

Erlendur ríkisborgari, sem öðlazt hefur rétt til dagpeninga eða lífeyris frá slysatryggingunni, heldur þeim rétti, þótt hann flytji af landi brott.

65. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

66. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna, þó eigi lengur aftur í tímann en tvö ár og eigi lengur en 3 mánuði að því er varðar sjúkradagpeninga. Bætur samkvæmt II. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar þegar bótarétti lýkur.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

67. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.

68. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Tryggingastofnunin getur og dregið upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

69. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, er hann eða hún hafa valdið, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi sérstakt framsal.

70. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelur þar.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

71. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkv. lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

72. gr.

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun þeirra opinberra starfsmanna, sem lægst laun hafa, samkvæmt launalögum.

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

73. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar, í Reykjavík fyrir 1. apríl, ár hvert gera skrá í þrem eintökum yfir alla þá, sem heimilisfastir eru innan hlutaðeigandi sveitarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára.

Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og enn fremur aðrar þær upplýsingar, er varða iðgjaldagreiðslur hlutaðeiganda. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattyfirvalds, sem leggur á iðgjöld samkvæmt 28. gr. Annað eintakið sendist innheimtumönnum, sbr. 76. gr., hitt eintakið Tryggingastofnuninni.

74. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 30. og 44. gr. skulu skattanefnd og skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtu-

mönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattanefndar eða skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem rétt eiga til slysabóta samkvæmt 36.—39. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgrein 44. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

75. gr.

Gjaldskrár samkvæmt 73. og 74. gr. skulu liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd skulu endurskoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

76. gr.

Iðgjöld samkvæmt 73. og 74. gr. skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjaldanna.

Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum. Þó getur Tryggingastofnun ríkisins annast innheimtuna sjálf í einstökum lögsagnarumdæmum, ef hún kýs það.

Um gjald fyrir innheimtu af iðgjöldum, samkv. lögum þessum, fer eftir launalögum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

77. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína, og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupi þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 28. gr., ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt eða eignarskatt það ár, og má ekki krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattgjaldstekna hans, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyristryggingin greiðir sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, er njóta elli- og örorkulífeyris. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvors annars og for-

eldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

78. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtumaður eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til innheimtumanna. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupi, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein, og viðurlög við vanrækslu, skulu sett með reglugerð.

79. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 58. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 52. gr. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 20. gr., bætur samkv. 21. gr. eða slysabætur samkvæmt III. kafla laganna.

80. gr.

Iðgjöld samkvæmt 30. gr., 44. gr. og 58. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkvæmt 30. gr. og 44. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

C. Önnur ákvæði.

81. gr.

Varasjóður Tryggingastofnunar ríkisins verður varasjóður lífeyristrygginganna og leggjast vextirnir við höfuðstólinn. Það fé, sem er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar vegna slysatrygginganna, færist á sérreikning þeirra. Annað vörzlufé stofnunarinnar sé framvegis í vörzlu þeirrar deildar, sem fer með lífeyristryggingarnar.

Tryggingastofnuninni er heimilt að veita lán úr varasjóði til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Handbært fé stofnunarinnar, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

82. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skulu greiddir hlutaðeigandi sveitarfélögum, er þau hafa komið upp hæli, sem félagsmálaráðherra viðurkennir, fyrir gamalmenni og öryrkja.

83. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að lífeyrisdeild greiði:

a. kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum;
b. gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin;

c. kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dvelja hér um stundarsakir;
d. allt að 300 þúsund krónur á ári í styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59/1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Úthlutun fjárins ákveður tryggingaráð og að fengnum tillögum landlæknis, að því er varðar styrk til læknisvitjanasjóða.

84. gr.

Tryggingastofnunin skal veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem Tryggingastofnunin setur fyrir slíkri viðurkenningu. Það skal m. a. sett sem skilyrði, að þeir veiti félagsmönnum sínum elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, er ekki sé lægri en tryggður er með lögum þessum. Félagsmenn slíkra sérsjóða og lögboðinna lífeyrissjóða greiði til Tryggingastofnunarinnar iðgjald, er miða skal við þær bætur, er þeir gætu átt kröfu til frá Tryggingastofnuninni. Ráðherra ákveður iðgjöldin að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Tryggingaráð getur krafizt þess, að iðgjaldið sé innheimt af sérsjóðunum, svo og að þeir skuldbindi sig til að gera Tryggingastofnunina skaðlausa af þeim félagsmönnum, sem hverfa úr sjóðnum til almannatrygginganna. — Þessir sjóðir skulu greiða sjúkrasamlagsiðgjöld örorkulífeyrisþega sinna og ellilífeyrisþega, sem orðnir eru 67 ára, enda færi þeir sönnur á, að tekjur þeirra séu ekki svo háar, að valda muni missi lífeyris samkvæmt 23. gr.

Tryggingastofnunin annast reikningshald og daglega afgreiðslu þeirra lífeyrissjóða, sem lögum samkvæmt eiga að vera í hennar vörzlu, og getur tekið að sér sams konar störf fyrir aðra lífeyrissjóði, sem viðurkenndir eru samkvæmt grein þessari.

85. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein.

86. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

87. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

88. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum til Tryggingastofnunar ríkisins, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1956. Ákvæði 23. gr. um skerðingu lífeyris koma þó til framkvæmda frá 1. janúar 1956. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50/1946, III. kafli laga nr. 104/1943 og lög nr. 116/1954.

Frá og með 1. janúar 1956 er 2. málsgr. 13. gr. laga nr. 50/1946 úr gildi fallin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftirtalin ákvæði laga þessara koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1957: 2. gr. 2. mgr., 8. gr. 2. mgr., 10. gr. 3. mgr., 20. gr., 24. gr., 25. gr., 28. gr., 49. gr. a., 53. gr. og 59. gr. 2. mgr.

Til 31. desember 1956 skal fara um atriði þau, sem þessi ákvæði fjalla um, eftir sömu reglum og gilt hafa.

Nd. 402. Frumvarp til laga [130. mál]

um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Gera skal spjaldskrá yfir alla Íslendinga, er vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands, er hefst 16. okt. 1952. Sama gildir um fólk af íslenzkum eða útlendum uppruna, ef það hefur öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt á þessu tímabili.

Spjaldskrá þessi skal vera í tvíriti og varðveitt á þjóðskjalasafninu. Þessi ákvæði taka einnig til spjaldskrárafrita þeirra, er um ræðir í 5. gr.

2. gr.

Hvern mann, karl og konu, 15 ára og eldri, skal skrá á sérstakt spjald með fullu nafni og föðurnafni.

Á spjald hvers einstaklings skal enn fremur færa, ef unnt er og eftir því sem heimildir segja til um, fæðingardag hans og ár, sömuleiðis dánardag hans og dánarár, nöfn foreldra hans og upplýsingar um þá, svo að ekki verði um villzt, hverjir þeir voru. Þá skal skrá nafn og föðurnafn maka og giftingardag ásamt hliðstæðum upplýsingum um hann og áður eru taldar. Sama gildir um barnsmóður eða barnsföður, ef um ógiftar persónur er að ræða.

Á spjaldið skal enn fremur færa börn hlutaðeigandi spjaldhafa ásamt fæðingardegi þeirra og ári og nafni barnsmóður eða barnsföður, ef um konu er að ræða. Gera skal í örfáum orðum grein fyrir hverju barni, ef unnt er, hvað um það verður, til aðgreiningar og auðkennis frá öðrum samnefndum.

Við ævilok skal færa á spjald hvers einstaklings helztu æviatriði hans og vitna til heimilda, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Þjóðskjalasafnið hefur með höndum skrásetningu samkv. lögum þessum. Til þess að annast þetta starf skal ráða starfsmann, æviskrárritara, er lagt hefur stund á íslenzka ættfræði og mannfræði og sýnt hæfni og áhuga á því sviði.

4. gr.

Æviskrárritari skal annast um samningu spjaldskrár samkvæmt fyrirmælum laga þessara og reglugerðar, er síðar verður sett. Hann skal vinna að því að fá áhugamenn um þessi málefni til liðs við sig, þannig að þeir taki að sér skrásetningu í einstökum héruðum eða byggðarlögum samkvæmt fyrirsögn hans; sömuleiðis leita til félaga, er að þessu vilja vinna, svo sem sögufélaga og átthagafélaga. Skal hann koma skipan á skrásetningu þessara aðila, svo að sem mest not verði að starfi þeirra.

Jafnframt er honum skylt að leiðbeina þessum samstarfsmönnum sínum og veita þeim upplýsingar, er lúta að skrásetningarstarfi þeirra, eftir því sem þörf krefur og ástæður hans leyfa.

5. gr.

Við lok hvers árs lætur Hagstofa Íslands æviskrárritara þjóðskjalasafnsins í té skrá yfir þá, er andazt hafa á undangengnu ári. Hagstofan skal enn fremur veita æviskrárritara afrit gagna, er hún hefur varðandi látna menn á því ári, eftir því sem föng eru á og æviskrárritari þarfnast til upplýsinga úr þeim gögnum, sem hagstofan hefur að geyma.

Að fengnum þessum heimildum færir æviskrárritari hvern einstakling á sérstakt spjald, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., ásamt nokkru ýtarlegri upplýsingum, ef kostur er, um ævistörf hans en gögn hagstofunnar greina frá.

6. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins og opinberra stofnana að láta æviskrárritara þjóðskjalasafnsins í té upplýsingar úr bókum embættisins, eða stofnunarinnar, sem hann vanhagar um og þarf að nota við færslu spjaldskrárinnar.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum, 100—3000 krónum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar fé er veitt á fjárlögum til að launa æviskrárritara.

Nd. 403. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 1. gr.

a. Aftan við 1. mgr. bætist:

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

b. 2 mgr. orðist svo:

Heimilt er þó að greiða úr ríkissjóði laun fastra kennara við skóla þá, er Sjöunda dags aðventistar reka, enda verði kennarar þeirra skóla þá ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar hinna almennu barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

c. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Nú hefur barnaskóli hlotið löggildingu samkv. 1. málsgr., og er þá heimilt að greiða úr ríkissjóði iðgjald til lífeyrissjóðs, 6% af fjárhæð, er nemur fullum launum hlutaðeigandi kennara, enda fái þeir greiddan annars staðar að lögmætan hluta iðgjalds til lífeyrissjóðs.

Ed. 404. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til laga um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og borið það saman við gildandi lög og samninga við Norðurlönd um sama efni. Mælir nefndin með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 24. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.

Karl Kristjánsson.

Ed. 405. Frumvarp til laga [162. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja tvær eyðijarðir.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúanda Kleppustaða í Hrófbergshreppi í Strandasýslu eyðijörðina Aratungu í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.
2. Að selja Guðjóni Guðmundssyni hreppstjóra að Eyri í Ingólfsfirði í Strandasýslu eyðijörðina Engjanes í Árneshreppi í sömu sýslu fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Elín Sigurðardóttir, kona Björns Sigurðssonar ábúanda og eiganda Kleppustaða í Hrófbergshreppi, hefur með bréfi, dags. 26. apríl 1955, til sýslumannsins í Strandasýslu farið fram á að fá keypta eyðijörðina Aratungu í sama hreppi. Jörð þessi er gömul kirkjuhjáleiga. Um þessa jarðarsölu segir sýslumaður Strandasýslu meðal annars:

„Öll hús á jörðinni hafa verið seld og rifin. Eru engar líkur til þess, svo að séð verði, að hún byggist aftur. Tel ég þau Kleppustaðahjón vel að því komin að fá jörðina keypta, enda er engum hægara að nytja hana en þeim.“

Guðjón Guðmundsson hreppstjóri, Eyri í Ingólfsfirði, hefur með bréfi, dags. 8. okt. 1955, til sýslumannsins í Strandasýslu farið þess á leit að fá keypta eyðijörðina Engjanes í Árneshreppi. Jörð þessi er kirkjujörð, talin eign Stafholtskirkju samkvæmt gömlum máldögum. Um þessa jarðarsölu segir sýslumaður Strandasýslu meðal annars:

„Þessi jörð mun hafa verið í eyði um langan aldur, en nytjuð af ýmsum í Árneshreppi. Landamerki skv. landamerkjaskrá eru talin þannig: Hornmark milli Engjaness og Drangavíkur er Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará, en hún ræður merkjum til sjávar milli Engjaness og

Ófeigsfjarðar. — Engar líkur eru til þess, að jörð þessi komist í ábúð, svo að séð verði. Með tilliti til þess, að jörð þessi verður vart nytjuð af öðrum en þeim, sem búa í Árneshreppi, vil ég eftir atvikum mæla með því, að Guðjón hreppstjóri fái hana keypta.“

Hreppsnefnd Hrófbergshrepps hefur samþykkt, að leitað verði lagaheimildar til að selja eyðijörðina Aratungu.

Hreppsnefnd Árneshrepps hefur og samþykkt, að leitað verði lagaheimildar til að selja eyðijörðina Engjanes, með þeim fyrirvara þó, að jörðin verði ekki seld án vitundar hreppsnefndarinnar.

Með tilvísun til framanritaðs er með frv. þessu lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja tvær eyðijarðir í Strandasýslu.

Er þess vænzt, að Alþingi samþykki þetta frv.

Fylgiskjal I.

Símskeyti.

Mótt. 8. febr. 1956.

Alþingismaður Hermann Jónasson
Tjarnargötu 42
Reykjavík.

Hólmavík nr. 11/12 21 8 1250.

Hreppsnefnd Hrófbergshrepps er því samþykk, að lagaheimild verði veitt til sölu eyðijarðarinnar Aratungu.

Oddviti Hrófbergshrepps.

Fylgiskjal II.

Símskeyti.

Mótt. 20. febr. 1956.

Alþingismaður Hermann Jónasson
Reykjavík.

Djúpavík nr. 11/12 34/33 20 1130.

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti á fundi sínum í gær, að lagaheimild verði veitt til sölu eyðijarðarinnar Engjaness í Árneshreppi, enda verði jörðin ekki seld án vitundar hreppsnefndarinnar.

Oddviti Árneshrepps,
Sigurður Pétursson.

Ed. 406. Frumvarp til laga [163. mál]

um þjóðskrá og almannaskráningu.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Sérstök stofnun undir eigin stjórn skal annast almannaskráningu samkvæmt lögum þessum og annað það, er þau mæla fyrir um. Nefnist stofnun þessi þjóðskrá, og skal hún taka við almannaskrá þeirri, sem stofnað hefur verið til, ásamt öllu því, er henni fylgir.

2. gr.

Auk þjóðskrárinnar og Hagstofunnar starfa sveitarstjórnir og sóknarprestar utan kaupstaða að almannaskráningu samkvæmt þessum lögum. Í kaupstöðum, þar

sem sóknarprestur hefur hingað til starfað að almannaskráningu með bæjarstjórn, skal hann þó halda því áfram á sama hátt og verið hefur.

Ákvæði 14., 19. og 20. gr. varðandi sóknarpresta eiga við þá presta eina, er starfa að almannaskráningu, en þar, sem minnzt er á sóknarpresta annars staðar í lögum þessum, er átt við alla starfandi presta og safnaðarstjóra.

3. gr.

Stjórn þjóðskrárinnar er skipuð sex mönnum og sex til vara. Fimm stofnaðilar þjóðskrárinnar, þ. e. berklavarnir ríkisins, bæjarsjóður Reykjavíkur, fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins, skipa sinn manninn hver í stjórnina og annan til vara.

Félagsmálaráðherra skipar sjötta manninn í stjórnina og varamann hans í samráði við stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Fulltrúi Hagstofunnar í stjórninni skal vera formaður hennar.

Stjórn þjóðskrárinnar er ólaunuð.

4. gr.

Hlutverk sitt leysir þjóðskráin af hendi með því:

1. að láta opinberum aðilum í té íbúaskrár og aðrar almannaskrár reglulega á ári hverju samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara,
2. að láta opinberum aðilum og öðrum í té aðrar skrár en þær, sem um ræðir í 1. tölulið, endurgjaldslaust eða gegn greiðslu, hvort tveggja samkvæmt ákvörðunum þjóðskrárstjórnar,
3. að láta opinberum aðilum og almenningi í té upplýsingar úr skrám og öðrum gögnum þjóðskrárinnar samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara,
4. að stuðla að því með skrárgerð sinni, annars vegar að enginn gjaldskyldur einstaklingur sleppi við álagningu lögboðinna gjalda og hins vegar að tvísköttun manna eigi sér ekki stað, — enn fremur að hafa um það meðalgöngu milli sveitarfélaga, að einstaklingar með óljóst eða umdeilanlegt heimilisfang verði skráðir í ákveðnu umdæmi,
5. að láta í té efnivið í mannfjöldaskýrslur Hagstofunnar.

5. gr.

Stjórn þjóðskrárinnar ákveður starfstilhögun hennar í meginatriðum, fylgist með daglegum rekstri hennar og fjárreiðum og hefur úrskurðarvald um öll málefni hennar, að því leyti sem þau eru ekki beinlínis eða óbeinlínis falin ráðherra eða Hagstofunni með ákvæðum þessara laga.

6. gr.

Hagstofan annast daglega stjórn þjóðskrárinnar, og skal hún rekin sem deild í Hagstofunni. Fjárreiður þjóðskrárinnar skulu vera algerlega greindar frá fjárreiðum Hagstofunnar.

Hagstofan leggur þjóðskránni til starfslið eftir þörfum hennar á hverjum tíma, gegn endurgreiðslu launa hlutaðeigandi starfsmanna þann tíma, sem þeir starfa í þágu þjóðskrárinnar.

Hagstofan ræður starfsfólk vegna þjóðskrárinnar miðað við starfsliðsþörf hinnar síðar nefndu, þegar hún er minnst á árinu. Þeir, sem ráðnir eru til starfa fyrir þjóðskrána, eru starfsmenn ríkisins jafnt og aðrir starfsmenn Hagstofunnar, enda skal tala þeirra og ráðningarkjör háð samþykki fjármálaráðherra.

7. gr.

Viðhald almannaskrár byggist á þeim gögnum, sem hér eru talin:

1. Tilkynningar um aðsetursskipti, samkvæmt lögum nr. 73 25. nóv. 1952 með síðari breytingum.

2. Skýrslur sóknarpresta til Hagstofunnar um fæðingar, skírnir, nafngiftir, hjónavígslur og mannslát.
3. Mannskaðaskýrslur til Hagstofunnar, samkvæmt lögum nr. 42 10. nóv. 1913, þær þeirra er varða horfna menn, sem taldir eru látnir.
4. Skýrslur héraðsdómara til Hagstofunnar um hjónavígslur og um leyfi til skilnaðar að borði og sæng.
5. Skýrslur dómsmálaráðuneytisins til Hagstofunnar um leyfi til lögskilnaðar, ættleiðingarleyfi og breytingar á ríkisborgararétti o. fl. í því sambandi.
6. Sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, sóknarpresta og annarra opinberra aðila um menn.
7. Upplýsingar, sem þjóðskráin aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða henni berast á einn eða annan hátt, eftir því sem þörf krefur og heimildir leyfa.

Hagstofan lætur gera eyðublöð undir skýrslur þær, sem um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., og kveður á um skil þeirra.

8. gr.

Landlæknisskrifstofan og Hagstofan geta í sameiningu ákveðið, að sóknarprestar skuli senda Hagstofunni dánarvottorð, er þeir veita viðtöku samkvæmt 5. gr. laga nr. 42 8. maí 1950, á sömu tímum og með sömu frestum og prestar senda Hagstofunni aðrar skýrslur samkvæmt ákvörðun hennar. Hún ber dánarvottorðin saman við dánarskýrslur presta fyrir sömu tímabil og sendir þau að hverju ári liðnu hlutaðeigandi héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), sbr. 2. málsgr. 7. gr. fyrr nefndra laga.

Þá er maður deyr, ber að tilkynna lát hans þegar í stað sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hins látna var, án tillits til þess, hvar hann á heimilisfang, hvar útför hans er gerð eða hver framkvæmir hana. Beri mannslát að í íbúðarhúsnæði, hvílir þessi skylda á umráðamanni þess. Beri mannslát að í sjúkrahúsi eða annarri stofnun eða á víðavangi, hvílir samsvarandi skylda á hlutaðeigandi forstöðumanni, skipstjóra eða löggæzlumanni (þ. e. bæjarfógeta (í Reykjavík sakadómara), sýslumanni eða hreppstjóra, sbr. lög nr. 42 10. nóv. 1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

9. gr.

Stjórn þjóðskrárinnar ákveður, um hvaða skráningaratriði hún skuli fjalla.

Nú ákveður stjórn þjóðskrárinnar að taka til meðferðar skráningaratriði til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og er Hagstofunni þá heimilt að krefjast þess af opinberum aðilum, sem hafa undir höndum upplýsingar til þessara nota, að þeir láti þær í té á þann hátt og á þeim tímum, sem hún ákveður.

10. gr.

Nú bregzt það, að skýrslur, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið 7. gr., séu látnar í té, áður en fresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað hlutaðeiganda með dagsektum, 50—300 kr. á dag, til að láta gögnin í té. Dagsektir skulu taka gildi 5 dögum eftir að Hagstofan tilkynnir hlutaðeigandi aðila þær með símskeyti eða bréfi afhentu sama dag og það er skrifað, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar taka einnig til skila sóknarpresta og héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis) á dánarvottorðum, svo og til skila ljósmæðra á tilkynningum um barnsburði, samkvæmt reglugerð nr. 103 23. okt. 1933 eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 158 23. sept. 1942.

Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar og rennur það í ríkissjóð. Hlutaðeigandi skal inna greiðslu sektarfjárins af hendi ekki síðar en 7 dögum eftir að hann afhenti Hagstofunni hinar síðbúnu skýrslur eða setti þær í póst.

11. gr.

Nú kemur það í ljós, að sóknarprestur hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Hagstofunnar um fæðingu, skírn, nafngift, hjónavígslu eða mannslát eða skýrsla

um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr. Sama gildir, ef sóknarprestur brýtur í bága við ákvæði 5. gr. laga nr. 42 8. maí 1950, um dánarvottorð og dánarskýrslur, þar sem bann er lagt við því að gera útför manns, nema hlutaðeigandi prestur hafi áður fengið í hendur dánarvottorð hans.

Nú framkvæmir annar prestvígður maður en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri) skírn, hjónavígslu eða líksöng, og skal hann þá tilkynna það bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan 7 daga. Sé þetta vanrækt, varðar það sekt allt að 500 kr.

Nú vanrækir ljósmóðir að láta í té lögboðna tilkynningu um barnsburð eða tilkynning um hann er fyrst afhent að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr.

12. gr.

Á grundvelli gagna þeirra, er um ræðir í 7. gr., fylgist þjóðskráin með breytingum á skráningaratriðum frá 1. desember ár hvert til jafnlengdar næsta ár og hefur tiltækar upplýsingar um þær, eftir því sem föng eru á.

13. gr.

Eftir gögnum þeim um breytingar skráningaratriða, sem þjóðskráin fær í hendur, skal gera árlega íbúaskrár fyrir hvert sveitarfélag, miðaðar við 1. desember, með nöfnum allra einstaklinga, er aðsetur hafa í því þann dag, ásamt upplýsingum um fæðingardag og þau atriði önnur um hvern einstakling, er máli skipta fyrir opinber not skránna.

Að því er snertir skráningaratriði, sem vandkvæðum er bundið að fá skýrslur um í tæka tíð, er heimilt að miða íbúaskrár við annan tíma á hausti en 1. desember. Um aðsetur manna skal þó ávallt miða við 1. desember í íbúaskrám.

14. gr.

Í janúarmánuði ár hvert sendir þjóðskráin sveitarstjórnum, sóknarprestum utan kaupstaða, skattanefndum og skattstjórum eintak af íbúaskrá viðkomandi umdæmis 1. desember næsta ár á undan.

Sveitarstjórnir og sóknarprestar skulu fara yfir íbúaskrána í sameiningu eins fljótt og auðið er eftir móttöku hennar. Sveitarstjórn leiðréttir skrána og gerir athugasemdir um oftalda eða vantalda einstaklinga á henni, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum þjóðskrárinnar. Hlutaðeigandi prestur aðstoðar sveitarstjórn við þetta verk og leggur í því sambandi til upplýsingar um breytingar, sem hann fékk vitneskju um við húsvitjanir haustið áður eða á annan hátt, enda þarfnist skráin lagfæringa hvað þær snertir. Að þessu loknu tilkynnir sveitarstjórn þjóðskránni leiðréttingar sínar við íbúaskrána með athugasemdum um oftalda og vantalda einstaklinga.

Þjóðskráin ákveður sveitarstjórnum fresti til að tilkynna leiðréttingar og athugasemdir við íbúaskrár. Heimilt er að beita dagsektum í þessu sambandi samkvæmt ákvæðum 10. gr. þessara laga.

15. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert sendir þjóðskráin sveitarstjórnum stofn að kjörskrám þeim, er semja ber í þeim mánuði samkvæmt lögum. Kjörskrárstofn þessi miðast við undangenginn 1. desember, og á honum skal auk nafns og heimilisfangs vera fæðingardagur og fæðingarstaður hvers manns, sem heimilisfastur er í umdæminu samkvæmt skrá.

Þjóðskráin sendir hverri sveitarstjórn árlega 2 eintök af kjörskrárstofni, en þau ár, sem forsetakosningar, kosningar til Alþingis eða til sveitarstjórna fara fram, sendir hún viðbótareintök af kjörskrárstofni, svo að fullnægt verði eðlilegri þörf sveitarstjórna fyrir kjörskrár að dómi stjórnar þjóðskrárinnar.

16. gr.

Þegar lokið er skilafresti þeim, sem ákveðinn hefur verið samkvæmt 3. málsgr. 14. gr., ber þjóðskráin saman athugasemdir sveitarstjórna um oftalda eða vantalda menn á íbúaskrám.

Nú er einstaklingur oftalinn á íbúaskrá samkvæmt athugasemd einnar sveitarstjórnar, en vantar á íbúaskrá samkvæmt athugasemd annarrar sveitarstjórnar, og tilkynnir þjóðskráin þá aðilum breytingar á íbúaskrám viðkomandi sveitarfélaga til samræmis, eins fljótt og auðið er.

Nú ber sveitarstjórn fram þá athugasemd, áður en fresti lýkur, að tiltekinn einstaklingur sé vantalinn á íbúaskrá umdæmis hennar, og skal þjóðskráin þá taka athugasemdina til greina að jafnaði, ef önnur sveitarstjórn, sem hlut á að máli, vanrækir að tilkynna henni leiðréttingar sínar og athugasemdir við skrána, áður en fresti lýkur. Þjóðskráin tilkynnir hlutaðeigandi sveitarstjórnum breytingar á íbúaskrá þeirra af þessum sökum.

Nú ber tveim sveitarstjórnum, sem haldið hafa skilafresti, ekki saman um, hvar maður skuli vera á íbúaskrá, og tilkynnir þá þjóðskráin þeim það og skorar á þær að rökstyðja mál sitt fyrir ákveðinn tíma. Að fresti loknum tekur þjóðskráin ákvörðun í málinu samkvæmt fengnum gögnum og tilkynnir þeim sveitarstjórnum niðurstöðuna án tafar.

17. gr.

Nú telur sveitarstjórn einhvern einstakling oftalinn á íbúaskrá sveitarfélagsins, án þess að nokkur önnur sveitarstjórn telji hann vantalinn á íbúaskrá sinni að svo stöddu, og gerir þjóðskráin þá ráðstafanir til að fá það upplýst, í hvaða sveitarfélagi hann hafðist við undangenginn 1. desember. Síðan tilkynnir hún hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hann skuli settur þar á íbúaskrá, nema í ljós komi, að hann teljist heimilisfastur í enn öðru umdæmi. Þjóðskráin getur og, ef ástæða er til, mælt svo fyrir, að einstaklingur, sem þannig er ástatt um, sé tekinn á íbúaskrá sveitarfélags, sem hann settist að í eftir 1. desember. Sömuleiðis getur þjóðskráin lagt fyrir sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hlutaðeigandi var upphaflega á íbúaskrá, að hann sé aftur settur á hana.

18. gr.

Ákvarðanir þjóðskrárinnar samkvæmt 16. og 17. gr. um, hvar menn skuli vera á íbúaskrá, ráða úrslitum um það, í hvaða umdæmi tekju- og eignarskattur og hliðstæð þinggjöld eru á þá lögð, og verður þeim ekki áfrýjað. En það eitt, að maður er á íbúaskrá sveitarfélags samkvæmt slíkri ákvörðun þjóðskrárinnar og án samþykkis sveitarstjórnar, getur aldrei leitt af sér neinn rétt annarra sveitarfélaga eða einstaklinga til að gera fjárkröfu á hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi vegna manns, sem svo er ástatt um.

19. gr.

Allar breytingar á upphaflegri íbúaskrá, sem þjóðskráin tilkynnir sveitarstjórn, ritar hún á íbúaskrá og tilkynnir jafnframt breytingarnar hlutaðeigandi skattanefnd og sóknarpresti. Hverri sveitarstjórn ber skylda til að sjá um, að skattanefnd og sóknarprestur fái tafarlaust vitneskju um allar breytingar, sem gerðar eru á upphaflegri íbúaskrá umdæmisins, bæði þær, sem þjóðskráin tilkynnir sveitarstjórn, og aðrar, enda skulu þessir aðilar rita breytingarnar á íbúaskrár sínar.

Sveitarstjórn skal rita breytingar, sem gerðar eru á íbúaskrá, á aðrar skrár, sem leiddar eru af henni, eftir því sem við á.

20. gr.

Sóknarprestar skulu, er þeir húsvitja á hverju hausti, safna upplýsingum um allar breytingar, sem orðið hafa á aðsetri manna miðað við síðustu íbúaskrá, og í því sambandi ber þeim eftir föngum að afla vitneskju um fullt aðsetur hvers einstaklings, sem hefur tekið sér annað aðsetur en hann hafði samkvæmt síðustu íbúa-

skrá. Leggja skal upplýsingar þessar til grundvallar, þegar næsta íbúaskrá er endurskoðuð af sveitarstjórn og sóknarpresti, sbr. 14. gr., að svo miklu leyti sem þess gerist þörf.

Sóknarprestar skulu aðstoða við söfnun aðseturstilkynninga í prestakalli sínu, eftir því sem föng eru á.

Þriðja hvert ár skal hver sóknarprestur bera allar upplýsingar íbúaskrárinnar um nöfn, fæðingardaga og hliðstæð atriði saman við það, sem skráð er um sömu einstaklinga í embættisbókum prestakallsins. Að loknum þessum samanburði lætur sóknarprestur þjóðskránni í té þær leiðréttingar, er hann telur gera þurfa á íbúaskrá prestakallsins.

Biskupsskrifstofan og Hagstofan ákveða sameiginlega framkvæmd á ákvæðum þessarar gr. í einstökum atriðum.

21. gr.

Hverri sveitarstjórn er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að afla upplýsinga um breytingar, sem kann að þurfa að gera á íbúaskrá umdæmisins til þess að hún verði rétt, miðað við 1. desember hvert ár. Þjóðskráin getur, ef svo ber undir, lagt fyrir sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir í þessu skyni, þar á meðal láta fara fram almenna manntalsskráningu í umdæminu.

Nú telur þjóðskráin, að framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 73 25. nóv. 1952 sé ábótavant í umdæmi, og getur hún þá lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir til úrbóta, þar á meðal láta fara fram almenna manntalsskráningu í umdæminu.

22. gr.

Iðgjöld til almannatrygginganna, sem skattanefndir og skattstjórar leggja á samkvæmt lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og sóknargjöld samkvæmt lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, skulu lögð á menn á sömu stöðum og tekju- og eignarskattur er á þá lagður eftir íbúaskrá 1. desember hvert ár, sbr. 1. málslið 1. málsgr. í 32. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt.

23. gr.

Þjóðskráin skal verða við óskum opinberra aðila um hvers konar upplýsingar um einstaklinga, sem skrár hennar og önnur gögn hafa að geyma, enda þurfi þeir upplýsinganna við vegna starfsemi sinnar. Þjóðskráin lætur slíkar upplýsingar í té ókeypis, nema um sé að ræða meiri háttar verk, — þá getur hún krafizt þess, að hlutaðeigandi endurgreiði henni kostnað við það.

24. gr.

Hver maður hér á landi á rétt á því, að þjóðskráin láti honum í té vottorð um aðsetur hans og önnur skráningaratriði, er hann varða, samkvæmt skrám. Þó skal hún ekki láta í té vottorð um fæðingartíma manna og önnur atriði, sem er í verkahring presta að votta um samkvæmt embættisbókum, nema fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi aðila.

Þjóðskráin veitir hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna samkvæmt skrám og öðrum gögnum, en veiting upplýsinga um önnur skráningaratriði fer eftir reglum, sem stjórn þjóðskrárinnar setur.

Upplýsingar skulu látnar í té skriflega eða munnlega eftir ósk hlutaðeiganda.

Þjóðskráin tekur gjald fyrir útgáfu vottorða og veitingu upplýsinga samkvæmt þessari grein, og fer það eftir gjaldskrá, sem stjórn hennar setur. Þó getur hún, þegar sérstaklega stendur á, veitt afslátt af gjaldi eða fellt það niður. Gjald fyrir vottorð eða upplýsingar skal greitt um leið og ósk er borin fram þar um.

Gjald það, sem ákveðið er fyrir hvern einstakling, sem um er spurt, greiðist, hvort sem þjóðskráin getur veitt fullnægjandi upplýsingar um hann eða ekki.

Þjóðskráin getur samið um það við einstakar sveitarstjórnir, að þær láti í té vottorð og upplýsingar samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., og ber þjóðskránni þá ekki skylda til að veita íbúum viðkomandi umdæma slíka þjónustu.

25. gr.

Ríkissjóður stendur straum af árlegum kostnaði við rekstur þjóðskrárinnar að 9/10 hlutum og Tryggingastofnun ríkisins að 1/10 hluta.

26. gr.

Hið árlega framlag Tryggingastofnunarinnar samkvæmt 25. gr. er endurgjald fyrir not hennar á vélspjöldum þjóðskrárinnar til skrárgerðar, svo og fyrir almenna þjónustu og aðstoð, sem þjóðskráin lætur Tryggingastofnuninni í té og eigi skal koma greiðsla fyrir. Hins vegar á ákvæðið í 2. málslið 23. gr. við Tryggingastofnunina jafnt og við aðra opinbera aðila.

Sveitarfélög eiga, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir, rétt á árlegum íbúaskrám samkvæmt 13. gr. og kjörskrárstofni samkvæmt 15. gr., og auk þess njóta þau upplýsingaþjónustu þjóðskrárinnar samkvæmt 23. gr. En aðrar skrár en þær, sem hér er gert ráð fyrir, svo og önnur þjónusta heldur en veiting upplýsinga, skal greidd þjóðskránni sérstaklega.

27. gr.

Reikningsár þjóðskrárinnar er almanaksárið. Stjórn hennar undirritar ársreikninga hennar og sendir þá síðan fjármálaráðherra til úrskurðar. Birta skal reikningana í B-deild Stjórnartíðinda.

Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga þjóðskrárinnar.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hagstofustjóri hefur samið frv. þetta fyrir hönd stjórnarnefndar allsherjarspjaldskrárinnar, er stendur óskipt að því ásamt höfundi. Í stjórnarnefndinni er fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Berklavörnum ríkisins, bæjarsjóði Reykjavíkur, fjármálaráðuneytinu, Hagstofu Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Höfundur frumv. hafði samráð við biskup og landlækni um þau atriði þess, er snerta sóknarpresta, héraðslækna og ljósmæður, og eru þeir samþykkir þeim ákvæðum, sem hér um ræðir. Ákvæði frv. um viðurlög voru borin undir dómsmálaráðuneytið, sem hafði ekkert við þau að athuga. Frv. var auk þess borið undir marga aðra aðila, sem hlut eiga að máli, þ. á m. ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, Skattstofuna í Reykjavík, lögreglustjórann í Reykjavík, borgarlækninn í Reykjavík og formenn eftirfarandi samtaka: Sambands ísl. sveitarfélaga, Félags héraðsdómara og Prestafélags Íslands. Sumir þeirra aðila, sem um frv. fjölluðu, báru fram athugasemdir við það og hafa þær verið teknar til greina því nær undantekningarlaust.

Fyrr nefndir fimm aðilar bundust samtökum um það skömmu eftir mitt ár 1952 að stofna til vélspjaldskrár yfir alla landsmenn. Fjármálaráðherra ákvað aðild ríkisins að þessari spjaldskrá og heimilaði Hagstofunni að taka að sér framkvæmd verksins, enda var gert ráð fyrir því, að hin fyrirhugaða spjaldskrárstofnun yrði í umsjá Hagstofunnar, þó að hún yrði sjálfstæður aðili að formi til. — Í inngangsorðum bráðabirgðalaga nr. 58 10. sept. 1952, um manntal 16. október 1952, var tekið fram, að lögin væru sett vegna spjaldskrár, sem ákveðið hefði verið að stofna til, og í sjálfum lögunum er líka getið um spjaldskrá þessa. Bráðabirgðalögin voru samþykkt af Alþingi og gefin út sem lög nr. 67 11. nóv. 1952. Þetta sama haust sam-

þykkti Alþingi lög um tilkynningar aðsetursskipta (nr. 73 25. nóv. 1952), er líka voru sett vegna spjaldskrárinnar, eins og gerð var grein fyrir í athugasemdum með frv. Má því segja, að Alþingi hafi á sínum tíma fjallað um stofnun spjaldskrárinnar og aðild ríkisins að henni, þó að hún væri ekki ákveðin með lögum eða annarri beinni ákvörðun Alþingis.

Síðan á árinu 1954 hefur starfsemi allsherjarspjaldskrárinnar fyrst og fremst verið byggð á ákvæði í 32. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, svo hljóðandi: „Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkvæmt allsherjarspjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. desember á viðkomandi skattári.“ Samkvæmt þessu lagaákvæði hefur allsherjarspjaldskráin látið sveitarstjórnum og skattanefndum árlega í té **íbúaskrár**, sem hafa verið grundvöllur álagningar opinberra gjalda, en hin árlegu manntöl hafa verið felld niður að mestu. Í sambandi við skrárgerð þessa þarf að samræma staðsetningar manna í umdæmi, annars vegar til þess að menn sleppi ekki við lögboðin gjöld, og hins vegar til þess að koma í veg fyrir tvísköttun manna, og hefur allsherjarspjaldskráin, eða Hagstofan fyrir hennar hönd, sinnt því verkefni jafnframt, enda var það rökrétt afleiðing þess, að skrár hennar voru orðnar grundvöllur opinberrar gjaldheimtu.

Snemma árs 1954 samþykkti dómsmálaráðuneytið, að allsherjarspjaldskráin léti sveitarstjórnum í té **stofn að kjörskrá**, er ráðuneytið taldi, að fullnægði ákvæðum laga um form kjörskrár, enda yrði stofn þessi ekki fullgild kjörskrá, fyrr en sveitarstjórn hefði leiðrétt hann og áritað á lögboðinn hátt. Síðan þetta var ákveðið, hefur slíkur kjörskrárstofn verið sendur sveitarstjórnum árlega í tveimur eintökum.

Þegar árið 1953 lét allsherjarspjaldskráin Tryggingastofnuninni í té **skrár yfir gjaldendur til almannatrygginganna** í hverju umdæmi, og voru þær sendar sveitarstjórnum, en áður hafði hver sveitarstjórn gert þessar skrár fyrir sitt umdæmi. Þessar skrár hafa verið gerðar árlega síðan 1953, þó þannig að að svo miklu leyti sem manntalsgjaldabækur héraðsdómara hafa verið gerðar í vélum, hafa þessar skrár verið felldar niður, þar eð dálkur í manntalsgjaldabók kom í þeirra stað. Þess skal getið, að í ár eru manntalsgjaldabækur gerðar í vélum fyrir svæðið frá Rangárvallasýslu að Mýrasýslu, að báðum sýslum meðtöldum.

Auk þeirrar skrárgerðar, sem nú hefur verið skýrt frá, hafa verið gerðar margvíslegar aðrar skrár eftir óskum hlutaðeigenda hverju sinni. Þá hefur allsherjarspjaldskráin og veitt sveitarstjórnum og ýmsum öðrum aðilum ýmiss konar þjónustu, þ. á m. upplýsingar um aðsetur manna.

Skömmu eftir að ákveðið hafði verið að stofna til vélspjaldskrár yfir alla landsmenn, hóf Skattstofa Reykjavíkur, eins og ráðgert hafði verið, undirbúning að því, að álagningarstörf og fleira í því sambandi yrði unnið í skýrsluvélum á grundvelli vélspjaldskrárinnar. Kom þetta til framkvæmda veturinn 1953—54 og voru nöfn gjaldenda í Reykjavík vélskrifuð á framtalseyðublöð, þinggjöld allra einstaklinga þar voru reiknuð út í vélum og sömuleiðis útsvör flestra gjaldenda, þó ekki útsvör félaga og einstaklinga, er ráku atvinnu. Þá voru og skatt- og útsvarsskrár Reykjavíkur gerðar í vélum, enn fremur þinggjaldabækur tollstjóra og loks þinggjaldareikningar og útsvarsreikningar til gjaldenda. Árið 1955 vann Skattstofan þessi verk í vélum ekki aðeins fyrir Reykjavík, heldur einnig fyrir Keflavík, Hafnarfjörð, Akranes og alla hreppa Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þó voru útsvör ekki reiknuð út fyrir þessa nýju aðila og þá ekki heldur gerðar útsvarsskrár og útsvarsreikningar. Í ár færir Skattstofan enn út kvíar og vinnur þessi verk — þó ekki útsvarsskrár — jafnframt fyrir Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu, en Akureyri og Ólafsfjörður hafa í ár fengið nöfn gjaldenda vélskrifuð á framtalseyðublöð. — Skattstofan hefur enn fremur gert innheimtuskrár fyrir tollstjórann í Reykjavík og fyrir héraðsdómara þeirra umdæma, sem hér er um að ræða. — Þó að ekki sé enn fengin löng reynsla af notkun véla til álagningar opinberra gjalda o. þ. h., þá er full ástæða til að vænta mikils árangurs af henni.

Ekki hefur verið talið tímabært að setja lög um allsherjarspjaldskrána, skipulag hennar og starfsemi, fyrr en nú, og hafa legið til þess ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi var lengi framan af tvísýnt, hvort spjaldskráin yrði nokkru sinni fær um að gegna því hlutverki, sem henni var ætlað, vegna þess hve miklir örðugleikar voru á á öflun gagna til viðhalds henni. Aðilarnir, sem standa eiga skil á gögnum til hennar, eru um 370 talsins — sveitarstjórnir, sóknarprestar, héraðsdómarar, vinnuveitendur á Keflavíkurflugvelli o. fl. — og verða þeir allir að rækja skyldur sínar vel, til þess að skrár hennar komi að tilætluðum notum. Ekki er nóg að gögnin komi — þau verða að berast spjaldskránni fyrir ákveðinn tíma, ef not eiga að verða af þeim við þá skrárgerð, sem er á döfinni hverju sinni. Það hefur gengið vonum framar að skipuleggja söfnun gagna og að fá sóknarpresta, sveitarstjórnir og aðra hlutaðeigendur til að láta þau í té á réttum tímum, en hins vegar hafa verið stórkostlegir örðugleikar á að fá almenning til að hlíta hinum nýju ákvæðum um tilkynningar aðsetursskipta, og rofaði ekki verulega til í því efni fyrr en á árinu 1955.

Önnur ástæða þess, að beðið var með að leggja þessi mál fyrir Alþingi, var sú, að æskilegt var, og raunar nauðsynlegt, að haldgóð reynsla fengist af starfsemi allsherjarspjaldskrárinnar, áður en kæmi til lagasetningar um hana. Einkum þurfti að leiða í ljós, hvernig skiptum allsherjarspjaldskrárinnar við sveitarstjórnir yrði bezt fyrir komið. Hefur þar oftið á ýmsu og margt verið reynt, unz ákveðin var sú tilhögun þessara mála, sem gert er ráð fyrir í frv. Þá þurfti og að koma starfstilhögun spjaldskrárinnar í slíkt horf, að skrár handa skattyfirvöldum og öðrum opinberum aðilum gætu orðið tilbúnar í tæka tíð. Voru smám saman gerðar ýmsar breytingar á upphaflegri starfstilhögun spjaldskrárinnar, til þess að unnt yrði að standa skil á skrám á réttum tímum, og komst þetta ekki í gott horf fyrr en við þá skrárgerð, er átti sér stað í janúar 1956.

Enn ein ástæða þess, að beðið hefur verið með lagasetningu um spjaldskrána, er sú, að æskilegt var, að breytingar þær á skipan almannaskráningar, sem hér um ræðir, ættu sér stað með frjálsri þátttöku sveitarstjórna og annarra hlutaðeigenda, en ekki með valdboði að ofan. Eins og nú horfir virðist þetta hafa tekizt, enda hefur engin sveitarstjórn skorizt úr leik og fjölmargir sveitarstjórnarmenn hafa unnið fram úr skarandi gott starf spjaldskránni til framdráttar.

Allsherjarspjaldskráin hefur hingað til getað innt hlutverk sitt af hendi innan ramma gildandi löggjafar, einkum vegna áður nefnds ákvæðis í skattalögum 1954 um, að menn skyldu skattlagðir þar, sem þeir væru á íbúaskrá Hagstofunnar á viðkomandi ári. Lagasetning gat því beðið, þar til hún yrði tímabær af öðrum ástæðum. Eins og tekið hefur verið fram, virðist nú mega treysta því, að allsherjarspjaldskráin eigi sér framtíð, og sömuleiðis hefur nú fengizt það góð reynsla af starfsemi hennar, að ástæðulaust er að bíða lengur með lagasetningu um hana. Þar við bætist, að nú er svo komið, að **ákveða þarf fjárhagsgrundvöll hennar til frambúðar,** og það verður aðeins gert með lagasetningu.

Starfsemi allsherjarspjaldskrárinnar er nú komin í fastar skorður, og þar með hefur verið komið á fót nýju kerfi almannaskráningar, sem sveitarstjórnir og aðrir hlutaðeigendur hafa lagað sig eftir og sætt sig við, enda hafa verið teknar til greina svo að segja allar óskir hlutaðeigenda um lagfæringar á því. Af þessu leiðir, að flest ákvæði frv. fela aðeins í sér lögfestingu á tilhögun mála og reglum, sem hafa raunverulega verið í gildi um nokkurt skeið. Þau ákvæði frv., sem ný eru í raun og veru, eru fljóttalin. Þar er fyrst að nefna ákvæðið um, að þjóðskráin geti, ef svo ber undir, tekið fullnaðarákvörðun um, hvar maður skuli vera á íbúaskrá, og þar með um það, hvar þinggjöld skulu á hann lögð, — en í þessu felst engin heimild þjóðskránni til handa til að úrskurða um lögheimili manna. Enn fremur ákvæði um, að ríkissjóður skuli framvegis greiða 9/10 hluta kostnaðar við þjóðskrána og Tryggingastofnunin 1/10 hluta hans. Þá eru og í frv. ný ákvæði um, að þjóðskráin skuli taka gjald fyrir þá þjónustu, er hún lætur almenningi í té, enn fremur um skil dánarvottorða og um tilkynningar mannsláta til sóknarpresta. Þetta eru atriði,

sem varla geta valdið ágreiningi. Ákvæði frv. um viðurlög á hendur opinberum aðilum fyrir að vanrækja skýrslugjöf, geta hins vegar ekki talizt ný, þar sem hér er aðeins um að ræða fyllri og skýrari reglur um þetta en eru í gildandi lögum. — Að slepptum þeim atriðum, sem nú hafa verið talin, eru ákvæði frv. þegar komin í framkvæmd að mestu leyti.

Aðalefni frv. er í stuttu máli sem hér segir: Sérstök stofnun, er nefnist þjóðskrá, tekur við starfrækslu almannaskrár og annast almannaskráningu um land allt með aðstoð sveitarstjórna og sóknarpresta utan kaupstaða. Yfir þjóðskránni er stjórn 6 manna, með einum fulltrúa frá hverjum hinna fimm stofnaðila allsherjarspjaldskrárinnar og einum manni skipuðum af félagsmálaráðherra í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Hagstofan sér um daglega stjórn þjóðskrárinnar, er skal rekin sem deild í Hagstofunni. Hin síðar nefnda sér þannig um framkvæmdarstjórn þjóðskrárinnar, án þess að nokkur greiðsla komi þar fyrir. Þjóðskráin lætur opinberum aðilum í té íbúaskrár og aðrar skrár til opinberra nota, og hefur meðalgöngu um flutning manna milli íbúaskráa, í því skyni annars vegar, að menn komist ekki hjá greiðslu opinberra gjalda, og hins vegar, að tvísköttun eigi sér ekki stað. Til þess að festa verði í álagningu þinggjalda, er lagt til, að þjóðskráin geti, ef svo ber undir, tekið fullnaðarákvörðun um það, hvar maður skuli vera á íbúaskrá. — Þjóðskráin lætur opinberum aðilum ýmsa aðra þjónustu í té, þar á meðal upplýsingar um aðsetur manna, og gerir það að jafnaði ókeypis, en að öðru leyti getur hver sem er fengið vottorð og upplýsingar frá þjóðskránni gegn ákveðnu gjaldi. — Ýtarlega er kveðið á um gögn þau, sem notuð eru til viðhalds almannaskrá, og um viðurlög á hendur sveitarstjórnum, prestum, héraðslæknum og ljósmæðrum fyrir að vanrækja skýrslugjöf. Ákvæði eru um sendingu íbúaskráa til sveitarstjórna, skattanefnda og sóknarpresta, og um breytingar á upphaflegum skrám, áður en álagning opinberra gjalda á sér stað samkvæmt þeim. Sóknarprestar aðstoða sveitarstjórnir við endurskoðun og leiðréttingar á íbúaskrám og inna af hendi tiltekin önnur störf í þágu þjóðskrárinnar. Kemur þetta í stað skyldu til að taka árlegt manntal, er áður hvíldi á prestum. — Lagt er til, að ríkissjóður greiði 90% af kostnaði við rekstur þjóðskrárinnar og Tryggingastofnunin 10%. Gert er ráð fyrir því, að fjármálaráðherra fjalli um málefni þjóðskrárinnar, að svo miklu leyti sem þau koma til kasta æðstu stjórnarvalda samkvæmt frv.

II. Skipan almannaskráningar hér á landi fyrr og nú.

Ákvæði gildandi laga um manntalsskráningu hafa staðið að mestu óbreytt svo áratugum skiptir. Langlífi þessara ákvæða er þó engin sönnun þess, að þau hafi gefizt vel. Þvert á móti eru þau mjög ófullkomin undirstaða almannaskráningar, vegna þess hve óákveðin og brotakennd þau eru. Oft hafa komið fram raddir um, að þessi mál þyrftu umbóta við, en lítið hefur orðið úr framkvæmdum, hverju svo sem hefur verið um að kenna. Geta má þess, að árið 1946 skipaði ríkisstjórnin nefnd 5 manna til að endurskoða útsvarslögin, og var henni að auki falið að færa saman í einn lagabálk öll ákvæði, er snertu skráningu manntals í landinu. Í greinargerð fyrir frv. um manntal, er nefndin samdi, segir, að henni hafi verið falið þetta verkefni „að fram kominni ábendingu nefndarinnar um, að ákvæði þau, er hér að lúta, væru mjög ófullnægjandi og ósamstæð undirstaða opinberrar gjaldheimtu, þar á meðal og einkum útsvarsálagningar, þar sem víst væri, að allstór hópur manna félli árlega undan í „sálnaregistri" presta, en aðrir tvítaldir — en þau hafa verið helzta undirstaðan um heimilisfang manna á landi hér". Frumvarp það um manntal, er nefndin samdi, fól í sér mörg ákvæði til bóta, en það var aldrei lagt fyrir Alþingi.

Aðalgalli tilhögunar þessara mála hingað til hefur verið sá, að ekki hefur verið um að ræða neitt eftirlit með framkvæmd manntalsskráningar á landinu í heild. Í fyrsta lagi hefur enginn opinber aðili haft það hlutverk á hendi að fylgjast með manntalsskráningu í einstökum umdæmum og stuðla að samræmdri fram-

kvæmd hennar um land allt. Í annan stað hefur skráning manna ekki verið samræmd milli umdæma innbyrðis, nema að mjög litlu leyti. Þannig hefur það verið algerlega undir hælinn lagt, hvort þeir, sem horfið hafa af skrá einhvers umdæmis, hafa verið teknir á skrá annars umdæmis. Hafa því margir fallið undan skráningu ár og ár og þá jafnframt sloppið við að greiða opinber gjöld. Menn hafa jafnvel getað verið utan skrár árum saman, án þess að eiga neitt á hættu, þegar þeir loks komu aftur á skrá. — Á hliðstæðan hátt hafa margir verið tvítaldir, vegna þess að menn, sem fluttu lögheimili sitt í annað umdæmi, voru áfram taldir heimilisfastir í sinni fyrri heimilissveit. Margir aðrir vankantar hafa verið á skipan almannaskráningar hér á landi, eins og koma mun í ljós hér á eftir. — Hið bágborna ástand þessara mála hefur leitt af sér sívaxandi glundroða og los, sem hefur torveldað mjög opinber störf og bakað hinu opinbera stóraukin útgjöld.

Það skal tekið fram, að þó að mikið ólag hafi verið á þessum málum, þegar á heildina er litið, hefur verið unnið vel og dyggilega að manntalsskráningu í mörgum umdæmum, eins og til dæmis í Reykjavík. En slíkt bar ekki þann árangur sem skyldi, vegna þess að samstarf milli sveitarstjórna innbyrðis um þessi mál var mjög takmarkað.

Nú skal gerð stutt grein fyrir því, í hverju hin nýja skipan almannaskráningar samkvæmt frv. er frábrugðin tilhögun þessara mála til skamms tíma.

Í stað þess, að hvert umdæmi sé skráningarsvæði út af fyrir sig, þar sem tekið er manntal árlega, felst það í hinni **nýju tilhögun þessara mála, að landið í heild er eitt skráningarsvæði, sem ein samræmd skrá er gerð fyrir.** Af því leiðir, að hver einstaklingur er á sama tíma ekki skráður heimilisfastur nema í einu umdæmi, og að hann er ávallt einhvers staðar á skrá, — þar til þjóðskránni berst tilkynning um lát hans. Áður var á hverju ári hópur manna ýmist tvítalinn eða hvergi á skrá. — Þessi breyting hefur mikla þýðingu í sambandi við gjaldheimtu hins opinbera, kjörskrár o. m. fl.

Með stofnun þjóðskrárinnar er **einum opinberum aðila falin yfirstjórn almannaskráningar á öllu landinu.** Hún hefur eftirlit með því, að þeir aðilar, sem um almannaskráningu fjalla, þ. e. sveitarstjórnir og sóknarprestar utan kaupstaða, fylgi settum reglum þar um og leysi störf sín vel af hendi. Þá er það og hlutverk þjóðskrárinnar að sjá um, að maður sé ekki felldur af íbúaskrá eins umdæmis, án þess að hann sé staðsettur annars staðar fyrr eða síðar, og enn fremur að maður, sem sveitarstjórn telur vanta á íbúaskrá umdæmisins, sé felldur af skránni, þar sem hann er fyrir, eða synjað sé um flutning hans milli skráa, enda sé hann ekki skattlagður nema í öðru umdæminu.

Sá meginmunur er á eldri tilhögun þessara mála og hinni nýju, að í stað þess að taka manntal árlega og skrá alla með fullum upplýsingum, hvort sem breytingar hafa orðið frá fyrra ári eða ekki, er nú gert ráð fyrir **niðurfellingu árlegra manntala, en breytingar á skrám frá ári til árs eru framkvæmdar eftir sérstökum gögnum:** tilkynningum um aðsetursskipti manna, skýrslum presta um fæðingar, skírnir, hjónavígslur, mannslát, o. fl. Það, sem einu sinni er komið á skrá, stendur óbreytt, þar til skýrsla berst um breytingu. Mikil vinna og kostnaður sparast við það, að ekki þarf að taka manntal og semja manntalsskrár frá rótum árlega, heldur þarf aðeins að framkvæma þær breytingar, sem orðið hafa á árinu. Í þessu felst líka mikill tímasparnaður, sem m. a. gerir það að verkum, að unnt er að miða skrár hvers árs við seinni tíma á hausti en ella, þannig að þær verði nýrri og þar með réttari, þegar þær eru teknar í notkun. Af þessum sökum, og vegna vélanotkunar við þessi störf, hefur verið hægt að miða íbúðaskrár allsherjarspjaldskrárinnar við 1. desember ár hvert, en áður voru manntöl miðuð við miðjan október eða svo var a. m. k. í Reykjavík og flestum kaupstöðum, þar eð ella hefði ekki verið hægt að hafa manntalsskrár tilbúnar í tæka tíð.

Þegar allar manntalsupplýsingar eru handskrifaðar eða vélritaðar að nýju á hverju ári, eins og orðið hefur að gera, er hætt við því, að villur slæðist inn í skrárnar,

og það jafnvel þó að reynt sé með samlestri að koma í veg fyrir slíkt. Með hinni nýju tilhögun þessara mála **standa flestar upplýsingar óhreyfðar í vélspjöldum frá ári til árs**, og er því miklu minni hætta á, að villur slæðist inn í skrár.

Hinar nýju skrár eru, að því er snertir flest skráningaratriði önnur en aðsetur manna, **byggðar á sérstökum gögnum út gefnum af opinberum aðilum eftir frumheimildum í vörzlu þeirra sjálfra**, en áður hefur hér yfirleitt verið byggt á manntalsskýrslum, sem geta ekki talizt góð heimild, jafnvel þó að þær séu vel úr garði gerðar. T. d. er ljóst, að skýrsla dómsmálaráðuneytisins um skilnað manns er miklu betri heimild heldur en upplýsing manntalsskýrslu þar um, auk þess sem skýrsla ráðuneytisins veitir ýmsar aðrar upplýsingar, er máli skipta, svo sem um dagsetningu skilnaðarleyfis. Á sama hátt er réttara og öruggara að taka nýfædd börn á skrá samkv. skýrslum presta, gerðum eftir kirkjubókum, en fara þar eftir manntali, sem er mjög hæpin heimild slíks. Samkvæmt hinni nýju tilhögun þessara mála eru nýfædd börn tekin á skrá eftir fæðingar- og skírnarskýrslum presta, þar sem tilfært er fullt nafn hvers barns ásamt öllum öðrum upplýsingum, sem máli skipta um barnið og foreldra þess. — Þessi tvö atriði hafa verið tekin sem dæmi, en sama gildir hér um flest önnur skráningaratriði, nema aðsetur manna, sem er tekið á skrá eftir tilkynningum um aðsetursskipti. En þó að þær séu ekki gefnar út af opinberum aðila, eru þær undirritaðar af hlutaðeiganda, og er því slík tilkynning veigameira gagn heldur en manntalsskýrsla, sem ekki er staðfest með undirskrift neins aðila. Er því líka hér um að ræða framför frá því, sem verið hefur.

Eitt helzta verkefni þjóðskrárinnar er að **láta hverjum sem er í té upplýsingar um aðsetur manna hvar sem er á landinu** og um margt annað, sem hér til heyrir. Áður var ekki til nein slík upplýsingastöð, þar sem innheimtuaðilar, fyrirtæki og einstaklingar gátu fengið upplýsingar um menn, en nú hefur verið úr þessu bætt.

Ein afleiðing þess, að hinar nýju skrár eru byggðar á breytingargögnum, sem safnað er jafnóðum, er sú, að **upplýsingar um ný aðsetur manna, giftingar o. s. frv. verða tiltækar jafnóðum** fljótlega eftir að breytingar eiga sér stað. En áður hafa slíkar upplýsingar yfirleitt ekki verið fyrir hendi jafnóðum, heldur aðeins einu sinni á ári og þá miðað við hinn árlega viðmiðunartíma einhvern tíma á hausti eða í árslok. Þessi breyting hefur mikla þýðingu fyrir allar innheimtustofnanir.

Þó að hin nýja skipan almannaskráningar sé aðallega miðuð við þarfir opinberra aðila, **getur hún orðið fræðimönnum að miklu gagni**, ef rétt er á haldið. Einni af þrem aðalspjaldskrám þjóðskrárinnar er þannig fyrir komið, að þar eru allir, er voru á lífi 16. október 1952, og allir, sem við bætast eftir það, og þangað safnast jafnóðum spjöld um allar breytingar, sem verða á aðsetri, hjúskaparstétt og öðru, sem hér til heyrir. Einstaklingum er í skrá þessari raðað eftir fæðingardögum, þannig að spjöld allra, sem fæddir eru sama mánaðardag sama ár, liggja saman í skránni. Er mjög aðgengilegt og fljótlegt fyrir starfsmenn þjóðskrárinnar að fletta upp í skrá þessari, en því miður er ekki hægt að láta ókunnuga leita í henni. — Í þessa skrá vantar ýmsar upplýsingar, sem fræðimenn þurfa á að halda, en þær eru oft tiltækar í öðrum gögnum, sem skráin vísar til.

Enn er ótalið það, sem mestan þátt á í þeirri skipulagsbreytingu, sem hér um ræðir, en það er notkun skýrsluvéla til **spjaldavinnslu og skrárgerðar.** Vélar þessar gerbreyta ekki aðeins vinnubrögðum og auka stórlega afköst og öryggi í störfum, heldur ákvarða þær einnig hina nýju skipan þessara mála í einstökum atriðum. Hér er því ekki verið að bæta gamlar starfsaðferðir með aðstoð véla, heldur hafa störfin verið endurskipulögð í heild á grundvelli nýrrar véltækni. — Öll vinna til undirbúnings töku upplýsinga á þar til gerð vélspjöld er unnin án véla, en þegar spjöldin liggja fyrir fullgerð, er þeim rennt í gegnum ýmsar vélar, sem raða þeim og búa þau að öðru leyti undir það, að hægt sé að gera skrár eftir þeim í sérstakri skrárgerðarvél. Hún er hverju sinni stillt þannig, að á skrá komi það, sem óskað er eftir, og í þeirri röð, sem hagkvæmast er. Í inngangi þessarar greinargerðar er

skýrt frá því, hvaða skrár hafa verið gerðar í þessum vélum fyrir allsherjarspjaldskrána, og þar er enn fremur greint frá notkun skýrsluvéla til álagningar opinberra gjalda á grundvelli hennar, sem Skattstofan hefur skipulagt.

Allt það, sem nú hefur verið sagt um hina nýju tilhögun almannaskráningar og kosti hennar, er miðað við það, að **söfnun gagna til viðhalds almannaskrár sé í góðu lagi.** En séu þjóðskránni ekki látin í té gögn um allar breytingar, sem eiga sér stað, eða séu þau gölluð að einhverju leyti eða of seint afhent, þá bitnar það á skránum, sem hún lætur frá sér fara, og verða þær því ófullkomnari sem meira kveður að slíkum vandkvæðum. Eðlilegt er, að mikið beri á slíku í byrjun, því að tíma tekur að venja almenning á að hlíta tilkynningarskyldu og þjálfa þarf starfslið til hinna nýju verka. Fyrstu íbúaskrárnar, sem allsherjarspjaldskráin lét frá sér fara, miðaðar við 1. desember 1953, voru af þessum sökum mjög gallaðar, en þær hafa batnað mikið síðan, vegna þess að mikið hefur miðað í rétta átt um framkvæmd tilkynningarákvæða, og aðrir byrjunarörðugleikar eru að mestu liðnir hjá. Svo virðist sem íbúaskrár 1. desember 1955, er gerðar voru í janúar 1956, séu allmiklu betur úr garði gerðar en skrár næsta árs á undan, en þær voru aftur miklu betri en skrárnar 1. desember 1953. Ástæða er til að vona, að gagnasöfnun þjóðskrárinnar komist áður en langt líður í það gott horf, að full not verði af starfsemi hennar.

III. Fjárhagsgrundvöllur þjóðskrár.

Frá því að vinna hófst við spjaldskrána um mitt ár 1952 og til ársloka 1954 var kostnaður við hana samtals 1815 þús. kr., og er þar að mestu um að ræða eiginlegan stofnkostnað. Af þessari upphæð voru laun 1272 þús., vélakostnaður og vélspjöld 278 þús., spjaldaskápar og ýmis tæki 86 þús. og ýmis kostnaður 199 þús. kr. Til frádráttar þessu komu tekjur fyrir veitta þjónustu, 19 þús. kr. Húsaleigukostnaður hefur enginn verið, þar sem Hagstofan hefur lagt spjaldskránni til húsnæði, og að því er snertir afgreiðslu- og skrifstofustörf hefur hún notið Hagstofunnar, þannig að kostnaður við þau hefur verið hverfandi lítill. Stjórnar- og framkvæmdastjóralaun hafa engin verið greidd.

Kostnaðurinn 1952—1954 hefur skipzt þannig á stofnaðila spjaldskrárinnar, að berklavarnir ríkisins hafa greitt 17% eða 309 þús., bæjarsjóður Reykjavíkur 20% eða 363 þús., Tryggingastofnunin sama, fjármálaráðuneytið 18.2% eða 330 þús. og Hagstofan 24.8% eða 450 þús. Berklavarnir ríkisins hafa fengið sitt framlag að mestu endurgreitt af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Ástæðan fyrir því, að Hagstofan er hér talin sjálfstæður framlagsaðili, er sú, að hún hefur ekki fengið aukafjárveitingu vegna aðildar sinnar að spjaldskránni, eins og þó var gert ráð fyrir í upphafi, heldur hefur hún greitt framlög sín af árlegum fjárveitingum á fjárlögum, án þess að komið hafi til umframgreiðslu.

Gert er ráð fyrir, að stofnaðilar þjóðskrárinnar semji sín á milli um skiptingu kostnaðar við rekstur hennar árið 1955, en hann nam samtals 575 þús. kr. samkvæmt bráðabirgðareikningsskilum. Af þeirri upphæð voru laun 412 þús. kr., vélakostnaður og vélspjöld 90 þús. kr., spjaldaskápar 23 þús. kr. og ýmis kostnaður 122 þús. kr. Í þessari upphæð er innifalinn útgáfukostnaður „Íbúaskrár Reykjavíkur 1. desember 1954". Þetta eru samtals 647 þús. kr., en þar frá dragast tekjur 72 þús. kr., fyrir seldar skrár og veitta þjónustu. — Kostnaður við rekstur þjóðskrárinnar á yfirstandandi ári verður sennilega 650—700 þús. kr., eða allt að því 100 þús. kr. meiri en 1955 vegna hækkunar grunnlauna og verðlagsuppbótar.

Eftir atvikum er talið eðlilegt, að Tryggingastofnun ríkisins greiði framvegis 10% af árlegum rekstrarkostnaði þjóðskrárinnar sem endurgjald fyrir þá þjónustu, sem hin síðar nefnda lætur henni í té. Margt mælir með því, að sveitarfélögin í heild greiði framvegis 45% kostnaðar á móti sama framlagi ríkisins, enda er þjónusta þjóðskrárinnar báðum aðilum jafnnauðsynleg, en af ýmsum ástæðum er

lagt til, að sveitarfélög verði gjaldfrjáls til þjóðskrárinnar og að ríkissjóður greiði 9/10 hluta kostnaðar við hana.

Eins og áður segir, var rekstrarkostnaður allsherjarspjaldskrárinnar árið sem leið um 575 þús. kr. Þess er að gæta, að þessi kostnaður var meiri en ella vegna þess, að mikil vinna fór í að leiðrétta villur, sem slæðzt höfðu inn í spjaldskrána í upphafi. Óhöpp, sem urðu í vélavinnu, kostuðu líka mikla vinnu aukreitis. Vinna við kærur var og mjög mikil og meiri en verður í framtíðinni, þegar framkvæmd tilkynningarákvæða er komin í gott horf. Loks skortir enn nokkuð á, að búið sé að koma hinum flóknu störfum þjóðskrárinnar í hagkvæmasta horf — til þess þarf meiri reynslu en þegar hefur fengizt. — Allt eru þetta byrjunarörðugleikar, sem munu hverfa smátt og smátt og lækkar þá rekstrarkostnaður þjóðskrárinnar reiknaður í vinnustundum, miðað við óbreytta starfsemi. Það verður þó varla fyrr en á næsta ári og jafnvel síðar.

Samkvæmt áætlun, sem gerð hefur verið um starfsliðsþörf þjóðskrárinnar, eftir að þessir örðugleikar eru liðnir hjá, mun hún þurfa 5 fasta starfsmenn að meðtöldum verkstjóra. Verður það að teljast mjög lítið starfslið, miðað við þau yfirgripsmiklu og margþættu störf, sem hér er um að ræða. En til viðbótar hinu fasta starfsliði þarf allmikla aukaaðstoð 2—3 síðustu mánuði hvers árs, meðan unnið er að því að færa skrárnar fram til nýs viðmiðunardags. Hlaupa þá flestir starfsmenn Hagstofunnar, sem vanir eru spjaldskrárvinnu, undir bagga, til þess að þessu mikla verki verði lokið í tæka tíð. Þjóðskráin endurgreiðir Hagstofunni laun þessara starfsmanna þann tíma, sem þeir starfa í hennar þágu. Þetta er mjög hagkvæmt fyrirkomulag. Reynslan sýnir, að hætta er á því, að stofnanir með árstíðarbundna vinnu — eins og þjóðskráin — nýti starfslið sitt mjög illa. Hluta úr árinu er það hagnýtt til hins ýtrasta og jafnvel látið vinna mikla yfirvinnu, en á öðrum tímum árs eru verkefnin minni og þá er hluti starfsliðsins iðjulaus. Slíku verður ekki til að dreifa hjá þjóðskránni, þar sem hún fær nægt þjálfað starfslið að láni hjá Hagstofunni, þegar annir eru mestar. Spjaldskrárrekstur án slíks sambands við aðra stofnun mundi vera mjög kostnaðarsamt fyrirtæki.

IV. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

„Þjóðskrá“ er stutt og hentugt nafn á stofnun þeirri, er starfrækir almannaskrá og annast almannaskráningu í því sambandi. Hingað til hefur heitið „allsherjarspjaldskrá“ verði notað um þessa stofnun, en það er of langt og auk þess óþjált í notkun.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að sóknarprestar í sveitum og kauptúnum starfi ásamt þjóðskránni og sveitarstjórnum að almannaskráningu, og sömuleiðis þeir kaupstaðarprestar, sem hingað til hafa unnið að þessum málum með bæjarstjórum. Skyldur presta í þessu efni eru nánar tilteknar í 14. og 20. gr. Hér er ekki um að ræða auknar skyldur presta frá því, sem verið hefur, heldur breytingu, sem fólgin er í því, að í stað þess að taka manntal og gera manntalsskrá handa sveitarstjórn og skattanefnd koma ýmis störf fyrir þjóðskrána, sem eru sízt meiri en manntalsstörfin voru áður. — Gert er ráð fyrir því, að prestar haldi áfram að láta í té skrár, gerðar eftir íbúaskrá hvers árs, á sama hátt og þeir hafa hingað til samið skrár eftir hinu árlega manntali.

Um 3. gr.

Lagt er til, að í stjórn þjóðskrárinnar verði einn fulltrúi frá hverjum hinna 5 stofnaðila hennar, eins og verið hefur, og auk þess einn maður skipaður af félagsmálaráðherra í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Sveitarfélögin eiga

mikið undir þjóðskránni og þykir því rétt að bæta í stjórnina manni, sem er nokkurs konar fulltrúi þeirra.

Stjórn spjaldskrárinnar hefur verið ólaunuð og er gert ráð fyrir, að svo verði einnig framvegis.

Um 4. gr.

Um hlutverk þjóðskrárinnar vísast til almennu greinargerðarinnar að framan.

Um 5. gr.

Þjóðskráin er ekki ríkistofnun í venjulegri merkingu þess orðs, enda er hún til orðin með öðrum hætti en venjulegt er um stofnanir ríkisins. Hið víða valdsvið stjórnar þjóðskrárinnar samkvæmt 5. gr. verður að skoðast í þessu ljósi.

Þar eð Hagstofan, sem samkvæmt frv. sér um daglega stjórn þjóðskrárinnar, er stjórnarskrifstofa, sem stendur beint undir fjármálaráðherra, er eðlilegt, að hann fjalli um málefni þjóðskrárinnar, að því leyti sem þau koma til kasta æðstu stjórnarvalda samkvæmt ákvæðum frv.

Þjóðskráin starfar fyrst og fremst í þágu skattálagningar og skattheimtu, og liggur líka af þeim sökum beinast við, að hún heyri undir fjármálaráðherra, eins og raunar hefur verið til þessa.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. um, að þjóðskráin skuli rekin sem deild í Hagstofunni, og um rekstur hennar að öðru leyti fela aðeins í sér lögfestingu tilhögunar, sem verið hefur frá upphafi.

Um 7. gr.

Þó að gögn þau til viðhalds almannaskrár, sem hér um ræðir, séu ýmist látin Hagstofunni í té samkvæmt sérstökum lagaákvæðum eða þau séu þess eðlis, að óþarft sé að lögbjóða þau, þykir rétt að láta það koma fram, hver þau séu, enda er vísað til þeirra annars staðar í frv.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru samin af landlæknisskrifstofunni og Hagstofunni í sameiningu.

Í 1. málsgr. er heimilað að ákveða nýja tilhögun á skilum dánarvottorða, í því skyni að þau heimtist betur en undanfarin ár. Hin seinu skil dánarvottorða hafa m. a. leitt til þess, að íslenzkar dánarskýrslur hafa ekki komizt með í skýrslur alþjóðastofnana um dánarorsakir o. fl.

Ákvæði 2. málsgr. um, að öll mannslát skuli tilkynnt hlutaðeigandi sóknarpresti, eru sett í frv., vegna þess að um þetta vantar ákvæði í gildandi lögum, og ferst af þeim sökum oft fyrir að skrá í kirkjubók dauðdaga manna, sem fluttir eru burt til greftrunar í öðru prestakalli. Áherzla verður lögð á, að sjúkrahús og hliðstæðar stofnanir hlíti þessum ákvæðum, vegna þess að flestir, sem fluttir eru burt til greftrunar í öðru prestakalli, hafa látizt í slíkum stofnunum.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. og 11. gr.

Í þessum gr. frv. eru ákvæði um víti á hendur sóknarprestum, héraðslæknum og ljósmæðrum, svo og sveitarstjórnum, sbr. 3. málsgr. 14. gr., fyrir að vanrækja skýrslugerð í þágu þjóðskrárinnar. Hafa ákvæði þessi verið borin undir dómsmálaráðuneytið, biskupsskrifstofuna og landlæknisskrifstofuna, og höfðu þessir aðilar ekkert við þau að athuga.

Í sambandi við það, að Hagstofunni er í 10. gr. heimiluð ákvörðun dagsekta á hendur fyrr nefndum aðilum, er rétt að nefna það, að þess eru mörg dæmi í íslenzkri löggjöf, að embætti og stofnanir hliðstæðar Hagstofunni geti ákveðið slík

févíti. — Í gildandi lögum eru ákvæði um dagsektir á hendur þeim aðilum, sem hér um ræðir, fyrir sömu brot, en þau eru ekki nógu skýr og sektarupphæðir auk þess allt of lágar miðað við núverandi verðlag.

Í 10. gr. eru ákvæði um dagsektir til að knýja fram afhendingu skýrslna fyrir eitthvert tímabil, sem hefur átt að skila fyrir lok ákveðins frests, en ákvæði 11. gr. eiga við það, er í ljós kemur eftir á, að vanrækt hefur verið að gera skýrslu um ákveðið atvik og afhenda hana á réttum tíma. Í síðara tilvikinu eiga dagsektir ekki við, heldur venjuleg sekt samkvæmt ákvörðun dómara.

Í 11. gr. eru líka ákvæði um víti á hendur prestum, er framkvæma líksöng, án þess að hafa áður fengið í hendur dánarvottorð um hinn látna, o. fl.

Eins og skýrt er frá í almennu greinargerðinni að framan, er öll starfsemi þjóðskrárinnar háð því, hvernig tekst til um söfnun gagna til viðhalds almannaskrár, og er af þeim sökum óhjákvæmilegt að beita viðurlögum, þegar skýrslugefendur gera sig seka um alvarleg og ítrekuð brot.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Um íbúaskrár er vísað til almennu greinargerðarinnar að framan.

Ástæða ákvæðisins í 2. málsgr. er sú, að íbúaskrár verða að vera miðaðar við 1. nóvember hvað snertir fæðingar, skírnir og hjónavígslur, þar sem þær mundu ekki geta orðið tilbúnar fyrr en í febrúar ár hvert, ef bíða ætti eftir skýrslum presta um prestverk þeirra í nóvembermánuði. Hins vegar eru spjöld þeirra, sem deyja í nóvember, tekin frá áður en íbúaskrár 1. desember eru gerðar, eftir dánartilkynningum í blöðum og útvarpi.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar gr. um sendingu íbúaskrár til sveitarstjórna, presta og skattanefnda, og um meðferð hennar í héraði, eru í samræmi við þá tilhögun þessara mála, sem bezt hefur gefizt.

Um 15. gr.

Allsherjarspjaldskráin hefur síðan 1954 látið hverri sveitarstjórn í té stofn að kjörskrá fyrir umdæmið, með sömu upplýsingaatriðum og verið höfðu á kjörskrá, að öðru leyti en því, að uppgjöf fæðingarstaðar hefur komið í stað atvinnu. Dómsmálaráðuneytið samþykkti sendingu þessa kjörskrárstofns til sveitarstjórna í því skyni, að hann yrði gild kjörskrá, er hann hefði verið leiðréttur af sveitarstjórn og áritaður samkvæmt ákvæðum kosningalaga.

Um 16. og 17. gr.

Ákvæði þessarar gr. um athugasemdir sveitarstjórna varðandi oftalda og vantalda menn á íbúaskrá og viðbrögð þjóðskrárinnar í því sambandi eru niðurstaða langrar og lærdómsríkrar reynslu þessu viðkomandi, og liggur fyrst nú ljóst fyrir, hvernig þessu verði bezt fyrir komið, enda munu sveitarstjórnir samþykkar þeirri skipan þessara mála, sem gert er ráð fyrir í frv.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. málsliðs verður að skoðast í sambandi við 1. málslið 32. gr. í lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, þar sem ákveðið er, að menn skuli skattlagðir þar, sem þeir eru á íbúaskrá á viðkomandi ári. Þetta ákvæði ásamt heimild þjóðskrárinnar til að taka fullnaðarákvörðun um staðsetningu manna felur ekki í sér neina heimild til að úrskurða um lögheimili þeirra, og breytir þetta því engu um ákvæði gildandi laga varðandi álagningu útsvars. — Ákvæði 2. málsliðs er sett til öryggis, þó að augljóst sé, að ákvarðanir þjóðskrárinnar samkvæmt 16. og 17. gr. geti aldrei bakað hlutaðeigandi sveitarfélagi fjárútlát.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar gr. snerta aðeins þá presta, sem fjalla um almannaskráningu, sbr. 2. gr. frv. Prestar hafa, síðan spjaldskráin kom til sögunnar, innt af hendi mest af þeim störfum, sem þeir eiga að vinna í þágu þjóðskrárinnar samkvæmt þessari gr. frv. Ákvæði þessi eru að sjálfsögðu samin í samráði við biskupskrifstofuna.

Um 21. gr.

Þó að leiðréttingar og athugasemdir sveitarstjórna við íbúaskrár hafi yfirleitt verið inntar vel af hendi, þykir rétt að skylda þær almennt til að afla upplýsinga til þesara nota, og jafnframt er þjóðskránni heimilað að fyrirskipa tilteknar ráðstafanir í þessu skyni. Í 2. málsgr. er þjóðskránni veitt sama heimild í sambandi við innheimtu tilkynninga um aðsetursskipti. Þessar heimildir mundu verða notaðar mjög sjaldan og því aðeins, að öll önnur ráð hafi reynzt árangurslaus.

Um 22. gr.

Hér er kveðið svo á, að iðgjöld til almannatrygginga og sóknargjöld skuli lögð á menn á sömu stöðum og tekju- og eignarskattur er á þá lagður eftir íbúaskrá 1. desember hvert ár. Þannig hefur þetta verið í framkvæmd undanfarið víðast hvar á landinu, en samkvæmt lögum nr. 36/1948 skulu sóknargjöld lögð á menn þar, sem þeir eru heimilisfastir í árslok, og þarf því lagabreytingar við. Ákvæði almannatryggingalaga um þetta atriði eru ógreinileg, og er því talið rétt að taka af skarið í þessu efni eins og gert er í þessari gr. frv.

Um 23. og 24. gr.

Ákvæði frv. um upplýsingaþjónustu þjóðskrárinnar eru sniðnar eftir reglum manntalsstofnunar Kaupmannahafnar þar að lútandi.

Samkvæmt 23. gr. ber þjóðskránni að veita opinberum aðilum upplýsingar ókeypis, en þó er henni heimilt að krefjast endurgreiðslu kostnaðar við meiri háttar verk. Þessi heimild yrði ekki notuð, nema þegar óskað væri upplýsinga um tugi eða hundruð einstaklinga í einu lagi.

Einkaaðilar eiga hins vegar að greiða ákveðið gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir vottorð og upplýsingar, sem þeim eru látnar í té. Gera má ráð fyrir, að þetta verði þjóðskránni nokkur tekjulind, a. m. k. þegar fram líða stundir. — Þjóðskráin hefur hingað til ekki tekið gjald fyrir upplýsingar, sem hún hefur veitt einkaaðilum.

Um 25. gr.

Um fjárhagsgrundvöll þjóðskrárinnar vísast til III. kafla hinnar almennu greinargerðar hér að framan.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. málsgr. ber að skilja svo, að öll þjónusta við Tryggingastofnunina sé ókeypis, að öðru leyti en því, að heimilt er að krefjast greiðslu fyrir meiri háttar uppsláttarverk, sbr. 2. málslið 23. gr. — Ákvæði 2. málsgr. um, að sveitarstjórnir skuli greiða sérstaklega aðrar skrár en íbúaskrá og kjörskrárstofn, tekur ekki til svo nefndrar „brottfluttraskrár", sem fylgir íbúaskrá og látin verður í té ókeypis framvegis sem hingað til.

Um 27. gr.

Ársreikningar þjóðskrárinnar hafa frá byrjun verið endurkoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

Sþ. 407. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um aðstoð við ný iðnfyrirtæki til atvinnujöfnunar.

Flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson, Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, með hvaða hætti helzt verði stuðlað að því, að ný iðnfyrirtæki rísi upp í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem skilyrði eru góð til iðnaðarframleiðslu, en atvinnuleysi hefur gert vart við sig að undanförnu.

Sérstaklega verði athugað, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins við stofnun nýrra iðnfyrirtækja á fyrrnefndum stöðum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt náttúruauðlindir landsins og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á þinginu 1953, en varð þá ekki útrædd. Fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

Á síðari árum hefur iðnaðurinn tekið stórfelldum framförum hér á landi. Nýjar iðngreinar hafa risið upp og eldri fyrirtæki fært út kvíarnar. Er nú svo komið, að iðnaðurinn er engu síður mikilsverður þáttur í atvinnulífi okkar Íslendinga en sjávarútvegur og landbúnaður — og með ári hverju fjölgar þeim aðilum, sem beinlínis hafa lífsuppeldi sitt frá þeirri atvinnugrein.

Segja má, að flestöll meiri háttar iðnfyrirtæki, nema ullarverksmiðjur og iðjuver, sem vinna úr sjávarafurðum, séu nú staðsett í Reykjavík. Valda því margar ástæður. Í Reykjavík sjálfri er stærsti markaðurinn fyrir framleiðsluna, hægara en víðast hvar annars staðar að ná í þjálfað vinnuafl og auðveldara um útvegun lánsfjár. Meðan leita þurfti til nefnda og ráða um allan innflutning, höfðu fyrirtæki í höfuðstaðnum allt aðra og betri aðstöðu en fyrirtæki úti á landsbyggðinni. Það mun og hafa ráðið nokkru um val á staðsetningu nýrra iðnfyrirtækja, að opinber gjöld hafa yfirleitt reynzt nokkru lægri í Reykjavík en í öðrum kaupstöðum.

Flestir munu líta svo á, að ekki sé hagstætt fyrir þjóðarheildina að einskorða iðnað landsmanna að mestu við Reykjavík og nágrenni, æskilegra sé, að iðnfyrirtækin séu ekki síður staðsett úti á landi, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Á það má benda, að erlendis, eins og t. d. í Englandi, stuðlar ríkisvaldið að því, að ný iðnfyrirtæki rísi fremur upp í smærri bæjum en í stórborgunum.

Á undanförnum árum hefur orðið vart við verulegt atvinnuleysi í mörgum kauptúnum og bæjarfélögum, sérstaklega um vetrarmánuðina. Með stofnun og starfrækslu nýrra iðnfyrirtækja á þessum stöðum kæmi aukin atvinna og betri lífskjör fyrir fólkið, sem nú býr við erfiðar aðstæður.

Með tillögu þessari er ætlazt til þess, að ríkisstjórnin láti athuga sem fyrst, hvað unnt sé að gera til þess að auka iðnaðinn utan höfuðstaðarins. Tillögumenn telja, að ný iðnfyrirtæki í kauptúnum og bæjum, sem búið hafa við atvinnuleysi, muni ekki hvað sízt stuðla að jafnvægi í byggð landsins og jafnari afkomu landsmanna.

Tillögumenn telja, að meðal annars komi til greina að veita nýjum iðnfyrirtækjum nokkur skattfríðindi fyrstu árin, fyrirgreiðslu um útvegun lánsfjár með hagstæðum kjörum, auk ókeypis tæknilegrar aðstoðar. Má að sjálfsögðu benda á fleira.

Ed. 408. Lög [103. mál]

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 398 (sbr. 278).

Nd. 409. Frumvarp til laga [165. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Stofna skal atvinnuleysistryggingasjóð. Stofnfé sjóðsins er verðlækkunarskattshluti samkvæmt lögum nr. 42 14. apríl 1943, sem er í vörzlum Tryggingastofnunarinnar við gildistöku laga þessara.

Árlegar tekjur atvinnuleysistryggingasjóðs eru þessar:

a. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. grein.
b. Framlag frá sveitarfélögum samkvæmt 11. grein.
c. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt 12. grein.

Tekjur samkvæmt stafliðum a.—c. skulu færðar á sérreikning verkalýðsfélaganna við sjóðinn, sbr. þó 7. gr. 3. mgr.

2. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og 5 kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnarinnar fer fram eftir gildistöku laga þessara og síðan að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi þeirra aðalmanna, sem valdir eru af sameinuðu Alþingi.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu atvinnuleysistryggingasjóðs og skal sjóðurinn vera í vörzlum hennar. Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnunin ávaxta eftir því sem við verður komið í lánsstofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til. Ef handbært fé verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu bóta samkvæmt lögum þessum, er stjórn sjóðsins heimilt að ávaxta þann hluta fjárins í útlánum eða vaxtabréfum gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

4. gr.

Ákvæði laga þessara taka aðeins til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri, svo og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögin taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

Gjaldskyldur atvinnurekandi telst hver sá, er hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára eða eldri, sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi verkalýðsfélags eða samkvæmt gildandi launataxta verkalýðsfélags.

Verkalýðsfélög teljast samkvæmt lögum þessum félög verkafólks, sem vinnur hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem félög sjómanna, starfsfólks við iðnað, flutninga á mönnum og vörum og þjónustu í veitingahúsum, starfsfólks í brauða- og mjólkurbúðum og önnur sambærileg félög. Félög skrifstofufólks og afgreiðslufólks í verzlunum, fastlaunaðra opinberra starfsmanna, lækna og annarra sambærilegra aðila teljast ekki til verkalýðsfélaga.

Lögin taka til þeirrar vinnu, sem framkvæmd er á stöðum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Enn fremur skulu lögin taka til vinnu utan þessara staða, ef þau taka til hlutaðeigandi verkamanna og atvinnurekandi á heimilisfang á stað, sem um ræðir í 1. mgr., eða er erlendur verktaki.

5. gr.

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, að upphæð kr. 4.88, miðað við vinnuviku, unna í þjónustu hans. Verði breyting á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, breytist iðgjaldið í samræmi við það. Iðgjald þetta skal greiða með vísitöluálagi, samkvæmt meðalvísitölu þeirri, sem umrætt kaup hefur verið greitt eftir árið á undan.

Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 stundir í viku, en brot úr viku telst heil vika.

6. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. gr. skulu skattyfirvöld leggja á með tekju- og eignarskatti og semja skrá um gjaldendur og upphæðir þær, sem þeir skulu greiða. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Skulu skýrslurnar sýna tölu vinnuvikna í hverri starfsgrein og tilgreina það verkalýðsfélag, sem gert hefur samning eða sett taxta þann, sem hverjum launþega um sig er greitt eftir. Svo skulu og skýrslurnar sýna hve margar vinnuvikur eru unnar í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri og hve margar vinnuvikur eru unnar annars staðar. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattyfirvalda. Ef ekki er upplýst um vinnustað samkvæmt framansögðu, ber að reikna iðgjald af öllum framtöldum vinnuvikum.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem unnið hafa tryggingarskyld störf, sbr. 4. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

7. gr.

Þar sem eru fleiri verkalýðsfélög en eitt í umdæmi, skal fulltrúaráð félaganna, eða félögin sameiginlega, sé fulltrúaráð ekki til, fyrir lok hvers árs afhenda skattyfirvaldi skrá um þau verkalýðsfélög, sem starfandi eru í umdæminu, ásamt upplýsingum um, hverjar starfsgreinar heyri til hverju verkalýðsfélagi. Starfsgrein skal tilheyra því verkalýðsfélagi, sem gert hefur samning við atvinnurekendur eða sett launataxta, sem viðurkenndur er, varðandi launagreiðslur í starfsgreininni.

Að lokinni samningu iðgjaldaskrár, samkv. 6. gr., skal skattyfirvald skipta heildarupphæð iðgjaldanna eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga á staðnum. Skipta skal úr iðgjöldum vegna utansveitarfólks, sem á heimilisfang á þeim stöðum, sem lög þessi taka til, sem síðan skal skipta eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga þar. Sams konar skiptingu skulu skráningarstjórar, sbr. 6. gr. 1. mgr., gera. Gera skal skrá um skiptingu þessa, sem síðan skal send Tryggingastofnun ríkisins, sem færir iðgjöldin á sérreikning verkalýðsfélaganna við atvinnuleysistryggingasjóðinn samkvæmt skránni.

Ef skattyfirvaldi hefur ekki borizt skrá sú, sem um er rætt í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir árslok, verða iðgjöld ekki færð á sérreikning félaganna við sjóðinn, en iðgjaldaupphæðin telst þá með stofnfé sjóðsins, ásamt framlagi ríkissjóðs.

8. gr.

Gjaldskrá samkvæmt 6. gr. skal liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskránni.

Kæra má til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd skulu endurskoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

9. gr.

Iðgjöld vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs og almannatrygginganna. Iðgjöld vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt lögum þessum koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt.

11. gr.

Sveitarsjóður skal greiða framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs jafnhátt álögðum iðgjöldum, sem samtals eru færð á sérreikning verkalýðsfélaganna í sveitarfélaginu. Framlagið skiptist milli sérreikninga félaganna og færist á þá með sama hætti og iðgjöldin.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir innheimtumönnum, hverjum fyrir sitt umdæmi, hver eru framlög sveitarfélaganna í umdæminu, strax og henni hafa borizt skrár þær um skiptingu iðgjalda, sem um er rætt í 7. gr.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, er vera skal tvöfalt hærra en álögð iðgjöld atvinnurekenda. Upphæð þessari skal skipt á sérreikninga félaganna við sjóðinn og færð á þá með sama hætti og framlög sveitarfélaganna.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð, þegar iðgjöld atvinnurekenda hafa endanlega verið ákveðin.

13. gr.

Iðgjöld samkvæmt 6. grein skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjaldanna, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Um innheimtulaun af iðgjöldum þessum fer eftir launalögum. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. 11. gr., án endurgjalds.

Innheimta skal framlög sveitarfélaganna ásamt manntalsgjöldum og skal innheimta hjá hverju sveitarfélagi sömu fjárhæð og gjaldast á í sveitarfélaginu samtals samkvæmt 5. gr. Skulu innheimtumenn endurgreiða sveitarfélögunum það, sem þau kunna að hafa ofgreitt, eða innheimta það, sem kann að vera vangreitt, þegar fyrir liggur tilkynning frá Tryggingastofnun ríkisins um framlag þeirra samkvæmt 2. mgr. 11. greinar.

14. gr.

Úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband sé undir stjórn nefndar, sem skipuð er 5 mönnum, þrem frá verkalýðsfélagi eða sambandi, einum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Ef ekki næst einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, sem fellir endanlegan úrskurð um málið. Sá, sem sækir um bætur, getur jafnan áfrýjað úrskurði úthlutunarnefndar til sjóðsstjórnar. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann og ritara. Þær starfa eftir reglugerð, er þær semja eftir fyrirmynd, er Tryggingastofnun ríkisins lætur gera. Ráðherra staðfestir reglugerðir þessar. Reglugerð má því aðeins breyta, að leitað hafi verið álits úthlutunarnefndar.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun til nefndarmanna og úrskurðar reikninga um kostnað við nefndarstörfin, er hvorutveggja greiðist úr sérreikningi hlutaðeigandi félags við atvinnuleysistryggingasjóðinn. Sameiginlegur kostnaður, svo sem þóknun stjórnarnefndarmanna skv. 2. gr. og kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfa þeirra, sem henni eru falin með lögum þessum, greiðist af fé atvinnuleysistryggingasjóðs, og skal þeim kostnaði jafnað niður hlutfallslega miðað við tekjur, er koma á sérreikninga á árinu.

15. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem:

a. eru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögum, sem lög þessi taka til og hafa 20 meðlimi eða fleiri. Þó skulu meðlimir félaga, sem hafa færri meðlimi en 20, og gert hafa samning við atvinnurekendur um greiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir gildistöku þessara laga, öðlast rétt til bóta samkvæmt lögum þessum.
b. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað a. m. k. samtals í 6 mánuði vinnu, sem goldin er samkvæmt kjarasamningi eða kauptaxta verkalýðsfélags. Bótaréttur glatast ekki þó að hlutaðeigandi vinni um tíma önnur hliðstæð störf, t. d. kaupavinnu.
c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum sex mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 daga á síðustu 18 dögum. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta. Í reglugerð, sbr. 14. gr., má ákveða lengri biðtíma og fleiri atvinnuleysisdaga sem almennt skilyrði bótaréttar en gert er í þessum staflið. Enn fremur má í reglugerð setja sérákvæði um lengri biðtíma þeirra, sem hafa árstíðabundna vinnu, hafa tekjur af eigin atvinnurekstri eða hafa haft hærri tekjur en almennt gerist í byggðarlagi þeirra síðustu sex mánuði, svo og um styttri biðtíma fyrir þá, sem hafa búið við skertan vinnutíma undanfarið.

Þeir, sem orðnir eru 67 ára, en njóta ekki ellilífeyris, eiga rétt til atvinnuleysisbóta.

16. gr.

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

a. taka þátt í verkfalli eða verkbann nær til.
b. njóta slysa-, sjúkra- eða örorkubóta samkvæmt almannatryggingalögunum.
c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu.
d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan.
e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofu, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamninga hlutaðeigandi verkalýðsfélags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni, sem úthlutunarnefnd

samkv. 14. gr. tekur gilt. Bótaréttur glatast þó eigi, þótt hafnað sé vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, fyrr en hlutaðeigandi hefur notið bóta í 4 vikur.

f. hafa á síðustu 6 mánuðum haft tekjur, sem fara fram úr 75% af meðalárstekjum almennra verkamanna eða verkakvenna, ef um konu er að ræða, í heimabyggð næstliðið ár. Þó skal ekki miða við hærri tekjur en 300 daga dagvinnukaup verkamanns eða verkakonu í Reykjavík.

g. dvelja erlendis.

17. gr.

Sá, sem öðlast rétt til bóta samkvæmt 15. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram sex, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 18 dögum virkum. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða undanfarna 18 daga virka, getur úthlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 16. atvinnuleysisdegi, enda þótt eigi sé fullnægt skilyrðum um 36 atvinnuleysisdaga á síðastliðnum sex mánuðum. Hafi hinn tryggði vinnu eftir að hann hefur öðlazt rétt til bóta, skal við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum 15. gr., c-liðs, til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir helgidaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en fjóra mánuði ár hvert.

18. gr.

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 12.00 á dag fyrir einhleypan mann, kr. 15.00 á dag fyrir kvæntan mann og kr. 3.00 á dag fyrir hvert barn, allt að þremur, yngra en 16 ára, sem er á fullu framfæri bótaþega. Í reglugerð samkvæmt 14. gr. má ákveða hærri bætur, þó eigi hærri bætur en svo, að þær nemi kr. 26.00 á dag fyrir einhleypan mann, kr. 30.00 á dag fyrir kvæntan mann og kr. 4.00 á dag fyrir hvert barn, allt að þremur, yngra en 16 ára, sem er á fullu framfæri bótaþega.

Upphæð atvinnuleysisbóta má eigi vera hærri en svo, að þær ásamt öðrum tekjum bótaþega nemi 75% af almennu dagvinnukaupi verkamanna í Reykjavík fyrir 8 stunda vinnu, eða kaupi verkakonu, ef um konu er að ræða.

Bótagreiðsluupphæðir samkvæmt grein þessari eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt visitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun almennra verkamanna í Reykjavík.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

19. gr.

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og er þá sjóðsstjórn heimilt að lána stofnfé atvinnuleysistryggingasjóðs í þessu skyni. Ef einnig er þrotið stofnfé sjóðsins, er heimilt að lána milli sérreikninga með ábyrgð ríkissjóðs.

Bætur greiðast ekki, ef fé þrýtur til bótagreiðslna samkvæmt grein þessari.

20. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást hjá úthlutunarnefndum, skrifstofum Tryggingastofnunarinnar, umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem henta þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

Umsóknir skulu sendar úthlutunarnefnd til úrskurðar, sbr. 14. gr.

21. gr.

Úthlutunarnefnd gerir vikulega skrá um þá menn, er hún úrskurðar bætur. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess getið á skránni og tilgreint í hverju ágreiningur sé fólginn. Skrá þessi skal send umboðsmönnum Tryggingastofnunarinnar (í Reykjavík, aðalskrifstofunni).

Úthlutunarnefnd annast sjálf greiðslu bóta, nema hún kjósi að fela Tryggingastofnuninni eða umboðsmönnum hennar bótagreiðslurnar. Að fenginni úthlutunarskrá, skal Tryggingastofnunin, að lokinni athugun sinni á skránni, sbr. 15.—18. gr. laga þessara, láta úthlutunarnefnd í té skrá um bæturnar ásamt nægilegu fé til greiðslu þeirra. Úthlutunarnefnd annast þá greiðslu bótanna til einstakra bótaþega, gegn kvittun þeirra á skrána. Að loknum bótagreiðslum skal úthlutunarnefnd afhenda Tryggingastofnuninni skrána.

22. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð eftir tvö ár í samráði við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda.

23. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00 til atvinnuleysistryggingasjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó skulu ákvæði þeirra um bætur eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. okt. 1956.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Iðgjöld skulu greidd af vinnulaunum samkvæmt lögum þessum frá 1. júní 1955.
2. Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum frá 1. júní 1955 skulu greidd þegar er lög þessi öðlast gildi, og er óheimilt að lögskrá á skipin nema iðgjöldin séu greidd.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við lausn vinnudeilunnar seint í apríl s. l. hét ríkisstjórnin að beita sér fyrir því, að lög yrðu sett um atvinnuleysistryggingar, og skyldu lög þessi fela í sér nokkur tiltekin atriði, eins og nánar greinir á fylgiskjali I, sem prentað er með frumvarpi þessu. Félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 2. júní 1955, fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar. Samkvæmt 1. atriði fylgiskjalsins skyldi löggjöf þessi sett á þingi því, er nú situr og skyldi löggjöfin sett í samráði við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda. Í nefndina voru skipaðir þessir menn: Hjálmar Vilhjálmsson, skrifstofustjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Gunnar J. Möller, hæstaréttarlögmaður, sem verið hefur ritari nefndarinnar, Haraldur Guðmundsson, forstjóri, Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri, skipaður eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og Eðvarð Sigurðsson, varaforseti Alþýðusambands Íslands, skipaður eftir tilnefningu þess.

Ýmis þau atriði, sem um var samið við lausn verkfallsins, sbr. fylgiskjalið, eru óljós. Hafa þau því valdið verulegum ágreiningi í nefndinni og störf nefndarinnar tafizt mjög af þeim sökum. Þrátt fyrir marga fundi og ítrekaðar tilraunir til þess að ná samkomulagi í nefndinni hefur það ekki tekizt. Ágreiningur er því um nokkur

atriði frumvarpsins af hálfu sumra nefndarmanna, svo sem nánar greinir í bókunum, sem þeir hafa gert og birtar eru hér á eftir athugasemdum þessum.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um stofnun atvinnuleysistryggingasjóðs, sbr. 1. atriði samkomulagsins, sjá fylgiskjalið. Er svo fyrir mælt, að verðlækkunarskattshluti, samkvæmt lögum nr. 42 14. apríl 1943, skuli vera stofnfé sjóðsins. Samkvæmt 2. gr. nefndra laga skyldi verja 3 milljónum króna af tekjum þeim, sem aflað er samkvæmt 1. gr., til þess að efla alþýðutryggingar. Nánari ákvæði um notkun fjárins skyldu sett um leið og lögin um alþýðutryggingar yrðu endurskoðuð. Í 100. gr. almannatryggingalaga nr. 50/1946 er svo ákveðið, að fé þetta skuli vera áfram í vörzlu Tryggingastofnunar ríkisins, þar til Alþingi setji lög um atvinnuleysistryggingar. Í 7. atriði samkomulagsins, sjá fylgiskjal I, er gert ráð fyrir, að fé þetta, sem nam við árslok 1955 kr. 4 361 002.43, sé heimilt að nota til greiðslu bóta, þegar fé skortir á sérreikningi félags eða sambands.

Árlegar tekjur atvinnuleysistryggingasjóðs eru iðgjöld frá atvinnurekendum og framlög úr ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóði, sbr. 2. atriði samkomulagsins, sjá fylgiskjal. Tekjur þessar eiga að færast á sérreikninga verkalýðsfélaganna, sbr. 4. atriði samkomulagsins. Grein þessi þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 2. gr.

Greinin mælir fyrir um skipun stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs. Samkvæmt 4. atriði samkomulagsins, sjá fylgiskjalið, skyldi sjóðurinn geymdur hjá Landsbanka Íslands eða Tryggingastofnun ríkisins og þá undir sérstakri stjórn, er verkalýðssamtökin eigi fulltrúa í. Atvinnuleysistryggingar eru ein grein almannatrygginga, hliðstæðar slysatryggingum og sjúkratryggingum. Af þeim ástæðum er eðlilegt að velja þá leiðina að fela Tryggingastofnun ríkisins vörzlu sjóðsins og skipa honum þá sérstaka stjórn. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Í samræmi við það, sem sagt var um 2. gr., er ákveðið í grein þessari, að sjóðurinn sé í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins, sem annast skal reikningshald og daglega afgreiðslu hans. Það yrði miklum mun kostnaðarsamara að ráða sérstakt starfslið til þessara starfa, sem eru hliðstæð öðrum störfum Tryggingastofnunarinnar. Vart ætti að þurfa að auka starfslið hennar verulega vegna þessa ákvæðis. Það er hlutverk sjóðstjórnar að taka ákvörðun um lán af fé sjóðsins. Samkvæmt tilgangi sínum verður sjóðurinn jafnan að hafa handbært fé nægilega mikið til þess að geta annazt greiðslur bóta samkvæmt lögunum. Lán verða því aðeins veitt, að handbært fé sé umfram það, sem þarf til bótagreiðslna. Ef um útlán getur orðið að ræða, telur nefndin eðlilegt, að forgangsrétt hafi lánveitingar, sem ætlaðar eru til varanlegrar atvinnuaukningar, einkum þar, sem þörf er fyrir slíkar framkvæmdir. Sama gildir lánveitingar til verkamannabústaða. Sumum nefndarmönnum finnst eðlilegt, að lán til félagsheimila verkalýðsfélaganna eigi einnig að ganga fyrir öðrum lánveitingum. Nefndin er sammála um það, að eigi sé að svo stöddu ástæða til að lögbinda meðferð lánsfjárins, þar eð lög þessi eiga að endurskoðast eftir tvö ár og þess vegna ekki líklegt, að verulegu fé verði varið til útlána innan þess tíma.

Um 4. gr.

Í 8. atriði samkomulagsins, sbr. fylgiskjalið, segir, að lög þessi skuli taka til kaupstaða og kauptúna með 500 (300) íbúa. Meiri hluti nefndarinnar aðhylltist það, að lögin tækju til kaupstaða og kauptúna með 300 íbúa eða fleiri. Skýrsla Hagstofunnar um íbúafjölda í kauptúnum 1. des. 1955 er birt hér með sem fylgiskjal II. Samkomulag er um það, að lögin taki til allra erlendra verktaka, sem

annast framkvæmdir hér á landi. Munu lögin þannig taka til allrar vinnu á Keflavíkurflugvelli og til annarrar þeirrar vinnu, sem unnin er af erlendum verktökum á vegum varnarliðsins. Rétt þótti að veita ráðherra heimild til að ákveða, að lögin tækju einnig til annarra staða, ef samkomulag er um það milli atvinnurekenda og verkamanna, enda komi og til samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Í 2. mgr. þessarar greinar segir, að gjaldskyldir skulu þeir atvinnurekendur, sem hafa í þjónustu sinni mann, 16 ára eða eldri, sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi verkalýðsfélags eða samkvæmt gildandi launataxta verkalýðsfélags. Þess er því ekki krafizt, að hlutaðeigandi launþegi sé meðlimur verkalýðsfélags. Þrátt fyrir upphaf 2. atriðis í samkomulaginu, sem fjallar um framlög til sjóðsins vegna hvers tryggðs aðila, taldi meiri hluti nefndarinnar ekki rétt að binda gjaldskyldu við launagreiðslur eingöngu til meðlima verkalýðsfélaganna. Það var ætíð gert ráð fyrir því, að álagningu og innheimtu atvinnurekendagjaldsins samkvæmt þessum lögum yrði hagað á sama hátt og álagningu og innheimtu hliðstæðra iðgjalda hefur verið hagað samkvæmt 112. og 113. gr. almannatryggingalaga. Í öðru lagi mætti segja, að þeir launþegar, sem ekki eru meðlimir verkalýðsfélaga, ynnu fyrir lægra kaupi en þeir, sem eru í félögunum, ef atvinnurekendur greiddu ekki iðgjöld vegna vinnu þeirra. Mætti þá með nokkrum rétti segja, að brotin væri meginregla, sem viðurkennd hefur verið hvarvetna þar, sem verkalýðsfélög hafa starfað.

Í 3. mgr. þessarar greinar segir, hvaða félög skuli teljast verkalýðsfélög. Skilgreiningin er ekki tæmandi, en aðeins leiðbeinandi.

Samkvæmt 4. mgr. er það aðalreglan, að lögin taka aðeins til þeirrar vinnu, sem framkvæmd er á þeim stöðum, sem lögin taka til. Sú ein undantekning er gerð frá þessari reglu, að lögin taki einnig til vinnu, sem annars staðar er framkvæmd, ef þau taka bæði til hlutaðeigandi atvinnurekanda og þeirra verkamanna, sem þar eru í þjónustu hans. Dæmi: Atvinnurekandi á heimili í Reykjavík, en hefur verkamenn í vinnu upp í Mosfellssveit. Samkvæmt 4. mgr. skal atvinnurekandi greiða gjald vegna launa til verkamanns, sem búsettur er í Reykjavík eða t. d. Vestmannaeyjum. Hins vegar greiðir hann ekki gjald vegna launa til verkamanns, sem vinnur þarna hjá honum, ef verkamaðurinn er búsettur í Mosfellssveitinni eða t. d. í Rangárvallahreppi. Um erlenda verktaka fer í þessu sambandi eins og um innlenda verktaka, sem heimilisfang eiga á þeim stöðum, sem lögin taka til.

Um 5. gr.

Samkvæmt 2. atriði samkomulagsins, sjá fylgiskjal, skulu atvinnurekendur greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, er svari til 1% af almennu dagvinnukaupi Dagsbrúnarmanns fyrir unninn tíma miðað við 48 st. vinnuviku. Þetta svarar til gjalds fyrir hverja vinnuviku, er nemur kr. 4.88 í grunn, eins og ákveðið er í frumvarpsgreininni. Þar segir, að iðgjaldið, kr. 4.88, skuli greiða með vísitöluálagi, samkvæmt meðalvísitölu ársins á undan. Atvinnurekandi er sá einn, er fullnægir skilyrðum 4. gr. 2. mgr., og vinnuvika miðast aðeins við þá vinnu, sem unnin er á þeim stöðum, sem um ræðir í 4. mgr. 4. gr.

Um 6. gr.

Í samræmi við það, sem sagt var um 2. mgr. 4. gr., er hér gert ráð fyrir, að iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. gr. verði lögð á af skattyfirvöldum með sama hætti og iðgjöld samkvæmt 112. og 113. gr. almannatryggingalaga.

Framtalsskýrslur atvinnurekenda skulu vera hinar sömu og verið hafa, en nokkru ýtarlegri. Þannig skal upplýst nafn þess verkalýðsfélags, sem gert hefur kjarasamning eða sett launataxta varðandi launagreiðslurnar. Einnig skal upplýst um vinnustað. Hvorutveggja þetta er nauðsynlegt vegna ákvæða þessara laga, og hafa eyðublöð þau, sem nú hafa verið send atvinnurekendum, verið útbúin í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Um 7. gr.

Samkvæmt 4. atriði fylgiskjalsins skal það, sem innheimt er í starfsgrein hvers einstaks félags eða félagasambands, lagt inn á sérreikning þess félags eða sambands í sjóðnum. Til þess að auðvelda störf skattyfirvaldanna er svo ákveðið í greininni, að verkalýðsfélögin skuli, ef fleiri eru en eitt í umdæmi, fyrir árslok afhenda skattyfirvaldi skrá um þau verkalýðsfélög, sem eru í umdæminu, og upplýsingar um, hverjar starfsgreinar heyri til hverju félagi. Skattyfirvald skal skipta iðgjöldunum eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga. Í samræmi við heimild í 4. atriði samkomulagsins, sjá fylgiskjal I, er svo ákveðið í frumvarpsgreininni, að skipt skuli úr iðgjöldum vegna þess utansveitarfólks, sem á heimilisfang á þeim stöðum, sem lögin taka til. Slík iðgjöld færast síðan í sérreikning hlutaðeigandi verkalýðsfélags í heimilissveit þess launþega, sem hlut á að máli. Sveitarsjóður heimilissveitarinnar leggur fram á móti slíkum iðgjöldum eins og um væri að ræða iðgjöld, greidd vegna launa til heimamanna vegna vinnu heima. Skal gera skrá um þessa skiptingu, sem send skal Tryggingastofnun ríkisins. Stofnunin færir síðan iðgjöldin á sérreikninga félaganna, samkvæmt skrám þessum. Vanhöld, sem verða kunna á innheimtu iðgjaldanna, verður að færa á sérreikninga félaganna til frádráttar tilföllnum iðgjöldum. Slíkar leiðréttingar eru framkvæmdaratriði, sem ekki þykir ástæða til að setja lagafyrirmæli um.

Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar er ekki til þess ætlazt, að sveitarfélög greiði framlög á móti þeim iðgjöldum, sem renna í stofnsjóð.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð þeim ákvæðum, sem gilda um skattskrár og iðgjaldaskrár samkvæmt almannatryggingalögum, og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um lögveð fyrir iðgjöldum, þegar sérstaklega stendur á. Sams konar ákvæði eru í lögum varðandi iðgjöld samkvæmt 112. og 113. gr. almannatryggingalaga.

Um 10. gr.

Hér er ákveðið, að iðgjöld, sem greidd eru vegna þeirra launa, sem eru frádráttarbær við ákvörðun tekjuskatts, séu einnig frádráttarbær. Sama regla gildir varðandi margnefnd iðgjöld samkvæmt 112. og 113. gr. almannatryggingalaga.

Um 11. gr.

Samkvæmt 2. atriði samkomulagsins á framlag sveitarfélaga til atvinnuleysistryggingasjóðs að vera hið sama og frá atvinnurekendum, eða 1% af dagvinnukaupi Dagsbrúnarmanns fyrir unninn tíma, miðað við 48 stunda vinnuviku. Samkvæmt greininni ákvarðast framlag sveitarfélags af upphæð þeirra iðgjalda, sem samtals eru á lögð og færð á sérreikninga verkalýðsfélaganna í hverju sveitarfélagi. Eftir að skrár skattyfirvalda, sbr. 7. gr., hafa borizt Tryggingastofnuninni og hún hefur fært iðgjöldin á sérreikninga verkalýðsfélaganna, gerir stofnunin skrá um verkalýðsfélög í hverju sveitarfélagi, sem lög þessi taka til, og upphæðir þær, sem færðar hafa verið á sérreikningana. Summa upphæðanna í hverju sveitarfélagi verður framlag þess. Dæmi: Í sveitarfélagi eru 10 verkalýðsfélög. Álögð iðgjöld atvinnurekenda þar nema kr. 1 000 000.00, þar af eru iðgjöld vegna utansveitarfólks, sem á heimilisfang á stöðum, sem lög þessi taka til, samtals að upphæð kr. 75 000.00. Iðgjöld vegna meðlima þessara 10 verkalýðsfélaga vegna vinnu þeirra í öðrum sveitarfélögum, þar sem þeir voru utansveitarmenn, nema kr. 120 000.00. Endanlegt framlag sveitarfélags þess, sem hér um ræðir, verður þá kr. 1 000 000.00 ÷ 75 000.00 + 120 000.00 eða samtals kr. 1 045 000.00. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skulu innheimtumenn ríkisins annast innheimtu þessara framlaga, en Tryggingastofnunin tilkynnir þeim, hve hátt framlag hvers sveitarfélags er, samkvæmt framanrituðu.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um framlag ríkissjóðs, sem lagt er til að verði ákveðið með sama hætti og framlag sveitarfélaganna, en skal vera tvöfalt hærra en á lögð iðgjöld atvinnurekenda, sbr. 2. atriði samkomulagsins. Nánari skýringa virðist ekki vera þörf.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að innheimtumenn ríkisins annist innheimtu á iðgjöldum atvinnurekenda, og er það í samræmi við það, sem ráð var fyrir gert, þ. e. að tilhögun álagningar og innheimtu yrði með sama sniði og verið hefur með gjöld samkvæmt 112. og 113. gr. almannatryggingalaga.

Varðandi framlög sveitarfélaganna og gjalddaga á þeim er ástæða til að geta þess, að þar eð tilkynning frá Tryggingastofnun ríkisins, samkvæmt 2. mgr. 11. gr., um endanlegt framlag sveitarfélagsins, getur ekki legið fyrir á gjalddaga framlagsins, sem lagt er til að verði hinn sami og gjalddagi opinberra ríkissjóðsgjalda eða á manntalsþingi, þótti eðlilegt að ákveða, að hver sveitarsjóður skuli greiða til bráðabirgða sömu fjárhæð og gjaldast á í sveitarfélaginu samtals frá atvinnurekendum þar. Þegar nefnd tilkynning liggur fyrir, verði lokaskil gerð á innheimtu þessari og endurgreitt það, sem kann að hafa verið ofgreitt, en innheimt til viðbótar, ef vangreitt kann að hafa verið. Svo vikið sé að dæmi því, sem um ræðir í athugasemd við 11. gr., ætti í fyrstu að innheimta hjá umræddu sveitarfélagi kr. 1 000 000.00. Innheimta þyrfti síðar til viðbótar kr. 45 000.00 frá sveitarfélaginu, þegar tilkynning Tryggingastofnunarinnar um framlagið bærist innheimtumanni.

Um 14. gr.

Grein þessi er nærri samhljóða 6. atriði samkomulagsins, aðeins nokkru víðtækari. Samkomulagið lætur það óbundið, hverjir skipi þá tvo nefndarmenn, sem ekki eru frá hlutaðeigandi verkalýðsfélagi. Lagt er til, að þeir verði úr hópi atvinnurekenda eins og nánar segir í greininni. Vikið er frá þessu samningsatriði að því er varðar áfrýjun til tryggingaráðs. Greinin gerir ráð fyrir áfrýjun til sjóðstjórnar. Er samkomulag um þetta frávik. Grein þessi þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Rétt til bóta eiga þeir einir, sem eru á aldrinum 16—67 ára, sbr. þó 2. mgr. Iðgjöld eru ekki greidd vegna launa, sem greidd eru unglingum yngri en 16 ára, sbr. 4. gr. 2. mgr., sbr. og 5. gr. frv. Virðist því óeðlilegt að heimila bótagreiðslur til þeirra. Þeir, sem eru orðnir 67 ára, eiga rétt til ellilífeyris samkv. almannatryggingalögum, og má því segja, að eigi sé ástæða til að veita þeim rétt til atvinnuleysisbóta, nema þeir njóti ekki ellilífeyris, sbr. 2. mgr.

Skilyrðið um það, að bótaþegi verði að vera meðlimur verkalýðsfélags er í samræmi við það, að tekjur þær, sem tryggingunum eru ætlaðar, skuli færðar á sérreikninga verkalýðsfélaga. Óeðlilegt væri að úthluta upphæðum úr sérreikningum félaganna til utanfélagsmanna. Jafnframt því, að ákveðið er, að félagsmenn einir geti öðlazt bótarétt, þykir eðlilegt að gera nokkrar kröfur til félagsins. Er því lagt til, að félag þurfi að hafa a. m. k. 20 meðlimi, til þess að viðurkenndur verði bótaréttur félagsmanna þess. Undantekning er varðandi þau félög, sem kunna að hafa færri meðlimi og hafa gert samning við atvinnurekendur um iðgjaldagreiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs, þegar lög þessi öðlast gildi. Frumvörp þau sem flutt hafa verið á undanförnum þingum hafa gert ráð fyrir svipaðri takmörkun að þessu leyti. Sum gerðu kröfu til 15 meðlima, önnur til 25 meðlima. Er hér lagt til að farinn verði meðalvegur.

Hvarvetna þar, sem atvinnuleysistryggingar eru, hafa verið sett skilyrði fyrir því, að bótaþegi hafi með undanfarandi starfi sínu sýnt, að hann sé raunverulega launþegi þeirrar tegundar, sem almennt er ætlað að veita bætur samkvæmt tryggingunum. Iðgjaldsgreiðsla er samkvæmt frumvarpinu við það bundin,

að hlutaðeigandi launþegi hafi tekið laun sín samkvæmt kjarasamningi verkalýðsfélags eða gildandi kauptaxta þess, sbr. 4. gr. 2. mgr. og 5. gr. Er í frumvarpsgreininni lagt til, að sá einn geti öðlazt bótarétt, sem á síðustu 12 mánuðum hefur unnið a. m. k. samtals 6 mánuði vinnu, sem goldin er samkvæmt kjarasamningi eða viðurkenndum kauptaxta verkalýðsfélags eða kaupavinnu. Oft og einatt vinna menn slíka vinnu um stuttan tíma, þótt þeir séu ekki í eðli sínu verkamenn, sem tilgangurinn sé að tryggja á þenna hátt. Þó að réttur til bóta sé ekki bundinn við iðgjaldagreiðslu frá hlutaðeigandi bótaþega, verður eigi að síður að gera kröfu til þess, að hann tilheyri þeim hópi manna, sem ætlunin er að tryggja með slíkri löggjöf sem þessari. Nokkurt öryggi fyrir því, að svo verði, felst í umræddu ákvæði greinarinnar.

Samkvæmt 5. atriði samkomulagsins (sjá fylgiskjal I), skal bótaréttur sannaður með vottorði vinnumiðlunar. Hér mun aðeins átt við það skilyrði bótaréttarins, að hlutaðeigandi hafi verið atvinnulaus það tímabil, sem krefjast verður, til þess að bætur verði greiddar. Í frumvarpsgreininni, c-lið, er gert ráð fyrir tvenns konar viðmiðun. Í fyrsta lagi verður hlutaðeigandi að hafa verið atvinnulaus a. m. k. 36 daga virka á síðast liðnum sex mánuðum. Heimilt er úthlutunarnefnd að víkja frá þessu skilyrði, ef um er að ræða algert og samfellt atvinnuleysi í 18 daga, sbr. 17. gr. Eðlilegt sýnist að gera þá kröfu, að sá, sem orðið geti aðnjótandi atvinnuleysisbóta, hafi í raun og veru orðið fyrir allverulegu atvinnuleysi. Þótt maður hafi verið atvinnulaus í samtals 9 daga af síðastliðnum 18 dögum, er það út af fyrir sig ekki tilfinnanlegt atvinnuleysi, ef bráðlega rætist úr því. Krafan um 36 atvinnuleysisdaga á síðustu 6 mánuðum, þ. e. atvinnuleysi fimmta hvern dag í hálft ár, tryggir það, að þeir einir geti notið bóta, sem átt hafa við að búa allverulegt atvinnuleysi. Í öðru lagi skal hlutaðeigandi hafa verið atvinnulaus að minnsta kosti 9 daga á síðustu 18 dögum. Bæði þessi skilyrði skal sanna, að fyrir hendi séu, með vottorði vinnumiðlunar. Þar eð svo er ákveðið í 17. gr., að bætur skuli greiðast fyrir þá atvinnuleysisdaga umfram sex, sem hlutaðeigandi hefur verið atvinnulaus, má segja að biðtíminn sé 6 dagar. Varðandi síðari viðmiðunina má geta þess, að ákveða hefði mátt, að sá einn ætti rétt til bóta, sem hefði verið atvinnulaus síðustu níu daga virka, og fengi þá þegar bætur fyrir þrjá daga. Nefndin taldi þetta eigi ráðlegt. Slík regla ylli því, að atvinna í einn dag eða jafnvel aðeins hluta úr degi ryfi frestinn, svo að bótaréttur stofnaðist alls ekki. Hætt er við að hlutaðeigandi hliðraði sér hjá að taka atvinnu þenna eina dag til þess að fyrirgera ekki bótarétti sínum.

Loks er heimild til þess að ákveða með reglugerð lengri biðtíma en gert er í c-lið, þegar þær ástæður eru fyrir hendi, sem nánar ræðir um í greininni, og styttri biðtíma fyrir þá, sem undanfarið hafa búið við skertan vinnutíma.

Um 16. gr.

Hér segir um nokkur tilvik, þegar bætur greiðast ekki. Ákvæði þessi eru mjög áþekk þeim ákvæðum, sem verið hafa í frumvörpum þeim, sem flutt hafa verið á undanförnum þingum, og þurfa ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í 15.—16. gr. segir um það, hversu menn öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Í þessari grein skýrir nánar frá því, hvernig skuli telja þá daga, sem menn hafa rétt til bóta, svo og hversu menn missa rétt til bótanna, svo að þeir verði að uppfylla skilyrði 15. gr. c. á ný, til þess að öðlast bætur. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Hér segir um upphæð atvinnuleysisbóta. Í 5. atriði samkomulagsins segir, að hámark og lágmark bótafjárhæða skuli ákveðið með lögum og nánari ákvæði um framkvæmd úthlutunar skuli sett í reglugerð. Lágmark bóta er samkvæmt grein þessari nokkru lægra en sjúkradagpeningar samkv. 53. gr. almannatryggingalagafrumvarpsins. Munurinn er sá, að sjúkradagpeningar eru greiddir fyrir alla daga,

en atvinnuleysisbætur aðeins fyrir virka daga. Hámarkið er svipað og slysabætur samkvæmt 36. gr. sama frumvarps. Gert er ráð fyrir því, að bótaupphæðir verði ákveðnar með reglugerð. Þá er takmörkun á bótum vegna tekna hliðstæð sams konar ákvæðum í almannatryggingalögum. Sama gildir ákvæðið í síðustu mgr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 19. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 7. atriði í samkomulaginu. Þó er vikið frá samkomulaginu í því efni, að greinin gerir ráð fyrir, að sjóðstjórn ákveði lánveitingar milli sérreikninga, en í samkomulaginu segir, að tryggingaráð veiti þessi lán. Er samkomulag um þetta frávik.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæðið er tekið upp í frumvarpið til samræmis við 9. atriði í samkomulaginu.

Um 23.—24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Annað ákvæðið til bráðabirgða er í samræmi við 2. atriði samkomulagsins, sem ákveður að iðgjöld og framlög miðist við vinnu, unna eftir 1. júní 1955.

Hitt ákvæðið varðar iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna, sem greiðast fyrir fram um leið og lögskráð er. Þarf því sérstakt ákvæði um greiðslu þeirra gjalda fyrir tímann, sem liðinn er.

Hér fara á eftir sérálit einstakra nefndarmanna:

Björgvin Sigurðsson:

Í frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar eru ýmis atriði á aðra lund en ég tel að vera ætti, bæði samkvæmt samkomulagi því, sem fylgir hér með á fylgiskjali I, og almennt séð, þó að ég á hinn bóginn sjái ekki, eins og málum er háttað, ástæðu til að gera ágreining, nema um eftirfarandi atriði:

1. Í 8. tölulið fyrrgreinds samkomulags er svo ákveðið, að lögin skuli taka til kaupstaða og kauptúna með 500 (300) íbúa.

   Ég tel að miða ætti við íbúatöluna 500, þar sem sjóðir, sem mynduðust í smærri kauptúnum, gætu ekki náð þeim tilgangi, sem þeim er ætlað.

   Með tilliti til þess, að ákveðið er að lögin skuli endurskoðast eftir 2 ár, tel ég sjálfsagt að miða við þá íbúatölu (500), sem mest var rædd í samningaumleitunum s. l. vor.
2. Í samkomulaginu á fylgiskjali I er ákveðið í 2. tölulið, að „framlög til sjóðsins vegna hvers tryggðs aðila verði sem svarar 1% af almennu dagvinnukaupi Dagsbrúnarmanna“ eins og nánar er ákveðið.

   Ekki virðist orka tvímælis, að samkvæmt hinum tilvitnuðu orðum eigi aðeins að greiða iðgjald af hinum „tryggðu“. Frumvarpið gerir aftur á móti ráð fyrir því, að greitt sé iðgjald vegna allra þeirra, sem vinna í þeim starfsgreinum, sem lögin taka til.

   Framanritað tel ég algert brot á ótvíræðum ákvæðum samkomulagsins.

   Frumvarpið gerir að skilyrði fyrir rétti til bóta, að viðkomandi sé „fullgildur meðlimur í verkalýðsfélagi“. Augljóst er því misræmið. Greiða skal

iðgjöld af öllum, sem vinna í starfsgreininni, en aðeins þeir, sem eru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélagi, geta notið tryggginganna. Til vara hef ég lagt til, að ef ákveðið verði, að greitt skuli af öllum í viðkomandi starfsgrein, verði ekki gert að skilyrði fyrir bótarétti, að hlutaðeigandi sé „fullgildur meðlimur í verkalýðsfélagi", heldur geti allir þeir, sem iðgjald er greitt af, átt rétt til bótagreiðslu.

Í stað skilyrðisins um, að viðkomandi sé í verkalýðsfélagi, verði sett skilyrði um, að viðkomandi sé búsettur í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem lögin taka til. Virðist mér þetta vera sjálfsagt og rökrétt.

Ef þessari reglu er ekki fylgt, en greitt 1% af kaupi allra í starfsgreininni, er ljóst, að meira en 1% er greitt „til sjóðsins vegna hvers tryggðs".

Ég get ekki fallizt á þá skoðun meiri hlutans, að óeðlilegt sé að úthluta upphæðunum úr sérreikningum félaganna til utanfélagsmanna, þar sem sjóðirnir hafa tekjur af þeim eins og um félagsmenn sé að ræða.

3. Fyrirkomulag það á greiðslu bóta, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, tel ég brot á forsendum þeim, sem samkomulagið á fskj. I var gert á, af hálfu vinnuveitendasamtakanna, þar sem því var við samningsgerðina lýst yfir af þeim, sem algeru skilyrði, að hvorki sjóðurinn sjálfur né greiðslur úr honum væru í höndum verkalýðsfélaganna.

   Ég legg því til, að umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins (í Reykjavík aðalskrifstofan) annist greiðslu bótanna.

   Greiðslufyrirkomulagið hefur verið margrætt af samninganefndum vinnuveitendasamtaka þeirra, sem samkomulagið á fskj. I gerðu, og er þetta einróma álit þeirra.

4. Ég hef bent á, að eðlilegt sé að fé það, sem greitt er til atvinnuleysissjóðsins af hinum einstöku greinum atvinnulífsins, verði ávaxtað í þeim bönkum, sem sérstaklega er ætlað að sjá viðkomandi atvinnugreinum fyrir rekstrarfé, og er það atriði, sem mikið var rætt við samningsgerðina s. l. vor.

Eðvarð Sigurðsson:

Til ábendingar um afstöðu mína til þeirra atriða frumvarpsins, er ég hefði kosið, að á annan veg væru, vil ég taka þetta fram:

Nefndin gerði lengst af ráð fyrir, að stjórn sjóðsins skipuðu 3 menn, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, annar af Vinnuveitendasambandi Íslands og hinn þriðji skipaður af ráðherra og skyldi hann vera formaður stjórnarinnar. Þetta fyrirkomulag tel ég heppilegra en það, sem nú er gert ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins.

Samkomulagið á fskj. I tiltekur ekki hvaða aðilar skuli tilnefna 2 af 5 mönnum í úthlutunarnefndirnar. Í 14. gr. frumvarpsins er svo fyrir mælt, að þeir skuli báðir vera tilnefndir af atvinnurekendum, annar af Vinnuveitendasambandi Íslands og hinn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Ég er ekki samþykkur þessu og tel skiptinguna milli þessara tveggja sambanda næsta broslega. Ég teldi eðlilegt að annar maðurinn væri tilnefndur af viðkomandi sveitarstjórn eða skipaður af ráðherra eftir tilnefningu sveitarstjórnar. Sé aðild Vinnuveitendasambands Íslands eins ekki látin nægja, tel ég rétt að samtökum atvinnurekenda — og þá einnig öðrum en þeim, sem hér eru nefnd, t. d. Félagi ísl. iðnrekenda, — verði gert að koma sér saman um tilnefningu eins manns, en að öðrum kosti verði hann skipaður af ráðherra.

Þá tel ég að hámark bótaupphæða ætti að vera hærra en ákveðið er í 18. gr. frumvarpsins.

Atvinnuleysistryggingarnar eru sjálfstæðar tryggingar og ekki öðru háðar um upphæð bóta en eigin fjárhag og tel ég því óeðlilegt að miða bótaupphæðir þeirra við það, hvað greitt kann að vera í bætur úr einhverjum öðrum tryggingum. Í 15.

til 18. gr. frumvarpsins eru svo öflugir varnaglar við ofnotkun sjóðanna, að mér virðist auðsætt að hámarkið megi vera mun hærra án nokkurrar hættu á misnotkun þeirra.

Haraldur Guðmundsson:

Ég lagði til í nefndinni, að hún miðaði tillögur sínar við það, að komið yrði á fót sérstakri stofnun, atvinnustofnun ríkisins, sem hefði með höndum bæði vinnumiðlunina og atvinnuleysistryggingarnar samkv. fyrirheiti ríkisstjórnarinnar. Stofnun þessi skyldi jafnframt skrásetja allt það fólk á starfsaldri, sem vinnur í annarra þjónustu, annast úthlutun atvinnubótafjár, er ríkissjóður leggur fram, og gera tillögur um ráðstöfun þess fjár, sem veitt er til atvinnujöfnunar. Enn fremur skyldi stofnunin vinna að því, að sjá unglingum og öryrkjum fyrir atvinnu við þeirra hæfi, mennta þá og þjálfa í samráði við aðra aðila, sem um þau mál fjalla. Loks skyldi stofnunin hafa með höndum stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs og yfirumsjón með greiðslu atvinnuleysisbóta samkv. fyrrnefndu fyrirheiti ríkisstjórnarinnar. Á þenna hátt taldi ég að tryggja mætti, að megináherzlan yrði jafnan lögð á það, að sjá öllu verkfæru fólki fyrir atvinnu, og að ekki yrði til þess gripið að greiða atvinnuleysisbætur fyrr en þrautreynt væri, að önnur úrræði væru ekki tiltæk.

Meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á þessar tillögur mínar, taldi þær stórum víðtækari en fyrirheit ríkisstjórnarinnar og ákvað að semja tvö frumvörp, annað um vinnumiðlun og hitt um atvinnuleysistryggingar.

Höfuðgalla frv. um atvinnuleysistryggingar tel ég þann, að öllum tekjum sjóðsins skuli skipt upp á sérreikninga verkalýðsfélaganna. Afleiðing þess verður sú, að á þeim stöðum, þar sem atvinna er lítil og stopul, hrökkva tekjurnar ekki til að greiða atvinnuleysisbætur þær, sem lögin ákveða. Hins vegar má ætla, að þar sem atvinnulíf er með blóma og miklar framkvæmdir, muni verulegar fjárhæðir safnast í sérreikninga félaganna, m. ö. o. mestur hluti tekna atvinnuleysissjóðs rennur þangað, sem minnst þörf er atvinnuleysisbóta, en þar sem þeirra er mest þörf, verða tekjurnar tiltölulega minnstar. Ég tel að nokkur hluti af framlagi ríkissjóðs hefði átt að ganga til þess að jafna metin og renna þangað, sem mest þörf er fyrir bætur og minnst fé til að mæta þörfunum.

Nefndin taldi þó ekki fært að víkja frá því, sem í fyrirheiti ríkisstjórnarinnar segir um þetta efni.

Samkv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins sé skipuð sjö mönnum. Ég tel ástæðulaust, að stjórnin sé svo fjölmenn, fimm eða jafnvel þrír ættu að nægja. Í úthlutunarnefndum skulu samkv. 14. gr. eiga sæti, auk þriggja fulltrúa verkalýðsfélags eða sambands, tveir fulltrúar frá atvinnurekendum, annar frá Vinnuveitendasambandi Íslands, hinn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Hvorki ríkissjóður, sem leggur fram um helming fjárins, né sveitarfélagið, sem leggur fram fjórðung, eiga þar nokkurn fulltrúa. Verði sá háttur á hafður, sem frv. gerir ráð fyrir, tel ég, að ríkisstjórn ætti að skipa formenn nefndanna að fengnum tillögum sveitarstjórna, en eðlilegast tel ég, að ríkisstjórn eða sveitarstjórn eigi fulltrúa í úthlutunarnefnd og atvinnurekendur sameiginlega annan.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir, að iðgjöldum og öðrum tekjum atvinnuleysistryggingasjóðs sé skipt milli sérreikninga félaganna eftir starfsgreinum. Þetta tel ég óeðlilegt og mjög óheppilegt. Ég tel eðlilegt að skiptingin sé þannig, að í sérreikning hvers félags komi þau iðgjöld og framlög, sem greidd eru vegna vinnu félagsmanna þess. Bætur vegna atvinnuleysis ber að greiða hverjum einum úr sérreikningi þess félags, sem hann er félagi í, og virðist því auðsætt að sérreikningi þess félags beri að fá þær tekjur, sem renna til sjóðsins hans vegna.

Nokkur atriði frv., sem minni þýðingu hafa, eru á annan veg en ég hefði kosið, og mun ég gera nánari grein fyrir þeim við meðferð málsins á Alþingi.

Fylgiskjal I.

Aðilar gera með sér síðargreindan kjarasamning á grundvelli þess, að ríkisstjórnin heiti því, að lög verði sett um atvinnuleysistryggingar, enda feli lögin í sér eftirfarandi atriði:

1. Stofna skal atvinnuleysistryggingasjóð og um hann sett löggjöf á þinginu, sem kemur saman næst komandi haust, í samráði við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda.
2. Framlög til sjóðsins vegna hvers tryggðs aðila verði sem svarar 1% af almennu dagvinnukaupi Dagsbrúnarmanns fyrir unninn tíma, miðað við 48 klst. vinnuviku, frá atvinnurekendum, 2% úr ríkissjóði og 1% frá sveitarfélögum, er greiðist frá 1. júní 1955.
3. Innheimtufyrirkomulagi skal skipa með lögum.
4. Sjóðurinn skal geymdur hjá Landsbanka Íslands eða Tryggingastofnun ríkisins, og þá undir sérstakri stjórn, er verkalýðssamtökin eigi fulltrúa í. Það, sem innheimt er á félagssvæði og í starfsgrein hvers einstaks félags eða félagasambands, skal lagt inn á sérreikning þess félags eða sambands í sjóðnum. Þó má ákveða, að iðgjöld vegna félagsbundinna manna, er vinna utan heimilissveitar sinnar, skuli greidd í reikning félags eða félagasambands heimilissveitarinnar eða þeim varið samkvæmt ákvæðum 7. töluliðs.
5. Hámark og lágmark bótafjárhæða skal ákveðið með lögum og nánari ákvæði um framkvæmd úthlutunar sett í reglugerð. Bótaréttur skal sannaður með vottorði vinnumiðlunar.
6. Úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband sé undir stjórn nefndar, sem skipuð er 5 mönnum, þrem frá verkalýðsfélagi eða sambandi, og tveimur frá öðrum aðilum. Ef ekki næst einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður og hlutaðeigandi aðili áfrýjað til tryggingaráðs, sem fellir endanlegan úrskurð um málið. Nefndirnar starfa eftir reglugerð, er þær semja eftir fyrirmynd frá félagsmálaráðuneytinu eða Tryggingastofnun ríkisins. Reglugerðin skal vera staðfest af ráðherra.
7. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og er þá heimilt að nota vörzlufé Tryggingastofnunarinnar (ca. 4 millj. kr.) í þessu skyni. Er það fé þrýtur, er tryggingaráði heimilt að lána milli sérreikninga með ábyrgð ríkissjóðs.
8. Lögin taka til kaupstaða og kauptúna með 500 (300) íbúa.
9. Lögin verða endurskoðuð eftir 2 ár í samráði við fulltrúa samningsaðila.

Fylgiskjal II.

Mannfjöldi í kauptúnum 1. desember 1955.

Grindavík, Grindavíkurhr.	633
Sandgerði, Miðneshr.	788
Njarðvík, Njarðvíkurhr.	964
Seltjarnarnes, Seltjarnarneshr.	941
Borgarnes, Borgarneshr.	771
Hellissandur, Neshr.	332
Ólafsvík, Ólafsvíkurhr.	590
Grafarnes í Grundarfirði, Eyrarsveit	268
Stykkishólmur, Stykkishólmshr.	888
Búðardalur, Laxárdalshr.	72
Flatey á Breiðafirði, Flateyjarhr.	75
Patreksfjörður, Patrekshr.	820
Bíldudalur, Suðurfjarðahr.	377
Þingeyri, Þingeyrarhr.	327

Flateyri, Flateyrarhr.	504
Suðureyri í Súgandafirði, Suðureyrarhr.	330
Bolungavík, Hólshr.	695
Hnífsdalur, Eyrarhr.	279
Súðavík í Álftafirði, Súðavíkurhr.	195
Djúpavík, Árneshr.	48
Drangsnes í Steingrímsfirði, Kaldrananeshr.	165
Hólmavík, Hólmavíkurhr.	407
Hvammstangi, Hvammstangahr.	307
Blönduós, Blönduóshr.	527
Skagaströnd, Höfðahr.	542
Hofsós, Hofsóshr.	306
Dalvík, Dalvíkurhr.	804
Hrísey, Hríseyjarhr.	287
Hjalteyri, Arnarneshr.	103
Svalbarðseyri, Svalbarðsstrandarhr.	57
Grenivík, Grýtubakkahr.	146
Flatey á Skjálfanda, Flateyjarhr.	106
Kópasker, Presthólahr.	87
Raufarhöfn, Raufarhafnarhr.	397
Þórshöfn á Langanesi, Þórshafnarhr.	405
Höfn í Bakkafirði, Skeggjastaðahr.	66
Vopnafjörður, Vopnafjarðarhr.	322
Bakkagerði í Borgarfirði, Borgarfjarðarhr.	182
Egilsstaðir, Egilsstaðahr.	168
Eskifjörður, Eskifjarðarhr.	702
Búðareyri í Reyðarfirði, Reyðarfjarðarhr.	438
Búðir í Fáskrúðsfirði, Búðahr.	568
Kirkjubólsþorp í Stöðvarfirði, Stöðvarhr.	159
Þverhamarsþorp, Breiðdalshr.	72
Djúpivogur, Búlandshr.	305
Höfn í Hornafirði, Hafnarhr.	501
Vík í Mýrdal, Hvammshr.	325
Hvolsvöllur, Hvolshr.	133
Hella, Rangárvallahr.	135
Stokkseyri, Stokkseyrarhr.	420
Eyrarbakki, Eyrarbakkahr.	494
Selfoss, Selfosshr.	1 339
Hveragerði, Hveragerðishr.	559
Kauptún alls	21 431

Fylgiskjal III.

Skrá yfir verkalýðsfélög í Alþýðusambandi Íslands og félagatölu þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri 1. jan. 1955:

REYKJAVÍK:

A. S. B., félag afgr.stúlkna í br.- og mjólkursölubúðum	188
Bakarasveinafélag Íslands	49
Bifreiðastjórafélagið Hreyfill	645
Bókbindarafélag Íslands	107
Félag bifvélavirkja	ca. 130

Félag blikksmiða		23
Félag garðyrkjumanna		45
Félag ísl. atvinnuflugmanna		38
Félag ísl hljóðfæraleikara		115
Félag ísl. kjötiðnaðarmanna		39
Félag ísl. nuddkvenna		15
Félag ísl. rafvirkja		310
Félag járniðnaðarmanna		433
Félagið Skjaldborg		63
Félag sýningarmanna við kvikmyndahús	ca.	50
Flugvirkjafélag Íslands		46
Fóstra		30
Hið íslenzka prentarafélag		312
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík		1358
Landssamband ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra 26 vörubílstjórafélög	....	560
Málarafélag Reykjavíkur		108
Mjólkurfræðingafélag Íslands		23
Múrarafélag Reykjavíkur		157
Nót, sveinafélag netagerðarmanna	ca.	30
Prentmyndasmiðafélag Íslands		18
Rakarasveinafélag Reykjavíkur		13
Samband matreiðslu- og framreiðslumanna a) félag faglærðra framreiðslumanna b) félag faglærðra matreiðslumanna c) félag fiskiskipamatsveina d) félag starfsfólks í veitinga- og gistihúsum	ca.	230
Sjómannafélag Reykjavíkur		1692
Starfsstúlknafélagið Sókn		400
Sveinafélag húsgagnabólstrara		32
Sveinafélag húsgagnasmiða		83
Sveinafélag pípulagningarmanna		37
Sveinafélag skipasmiða		45
Verkamannafélagið Dagsbrún	ca.	3600
Verkakvennafélagið Framsókn		1244
Þvottakvennafélagið Freyja		162

KAUPSTAÐIR:

Akranes:

Verkalýðsfélag Akraness		471

Akureyri:

Bílstjórafélag Akureyrar		152
Félag verzlunar- og skrifstofufólks		37
Iðja, félag verksmiðjufólks, Akureyri		327
Sjómannafélag Akureyrar		208
Sveinafélag járniðnaðarmanna		44
Vélstjórafélag Akureyrar	ca.	75
Verkakvennafélagið Eining		271
Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar		448

Hafnarfjörður:

Bifreiðastjórafélagið Neisti	ca.	25
Iðja, félag verksmiðjufólks		47

Sjómannafélag Hafnarfjarðar	ca.	250
Verkakvennafélagið Framtíðin	ca.	520
Verkamannafélagið Hlíf	ca.	680
Húsavík:		
Verkakvennafélagið Von		151
Verkamannafélag Húsavíkur		275
Ísafjörður:		
Verkalýðsfélagið Baldur		353
Sjómannafélag Ísfirðinga	ca.	240
Vélstjórafélag Ísafjarðar		64
Keflavík:		
Bifreiðastjórafélagið Fylkir		52
Iðnsveinafélag Keflavíkur		24
Verkakvennafélag Keflavíkur og Njarðvíkur		122
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur	ca.	450
Neskaupstaður:		
Vélstjórafélagið Gerpir	ca.	30
Verkalýðsfélag Norðfirðinga	ca.	350
Ólafsfjörður:		
Verkakvennafélagið Sigurvon		64
Verkalýðs- og sjómannafélag Ólafsfjarðar		116
Sauðárkrókur:		
Verkakvennafélagið Aldan		98
Verkamannafélagið Fram		204
Seyðisfjörður:		
Verkakvennafélagið Brynja		66
Verkamannafélagið Fram	ca.	150
Siglufjörður:		
Verkakvennafélagið Brynja	ca.	260
Verkamannafélagið Þróttur		548
Verzlunarmannafélag Siglufjarðar		32
Vestmannaeyjar:		
Sjómannafélagið Jötunn		194
Vélstjórafélag Vestmannaeyja		188
Verkakvennafélagið Snót		268
Verkalýðsfélag Vestmannaeyja		296

SÝSLUR:

Árnessýsla:		
Bílstjórafélagið Ökuþór, Selfossi		44
Verkalýðsfélag Hveragerðis, Hveragerði		111
Verkalýðs- og sjómannafél. Bjarmi, Stokkseyri		172
Verkamannafélagið Báran, Eyrarbakka		115
Verkamannafélagið Þór, Selfossi		86
Barðastrandarsýsla:		
Verkalýðsfélag Patreksfjarðar, Patreksfirði		258
Verkalýðsfélag Tálknafjarðar, Tálknafirði	ca.	30
Verkalýðsfélagið Vörn, Bíldudal		94

Dalasýsla:
Verkalýðsfélagið Valur, Búðardal 168

Eyjafjarðarsýsla:
Verkalýðsfélag Dalvíkur, Dalvík 153
Verkalýðsfélag Hríseyjar, Hrísey 72
Verkamannafélag Arnarneshrepps, Hjalteyri 35

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Verkalýðsfélag Grindavíkur, Grindavík ..... ca. 250
Verkalýðsfélag Hafnahrepps, Höfnum ..... ca. 50
Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, Garði 57
Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshr., Sandgerði ... 208
Verkalýðsfélag Vatnsleysustrandarhr., Vatnsleysuströnd 42

Húnavatnssýslur:
Verkalýðsfélag Austur-Húnvetninga, Blönduósi 132
Verkalýðsfélag Skagastrandar, Skagaströnd 165
Verkamannafélagið Hvöt, Hvammstanga 139

Ísafjarðarsýslur:
Verkalýðsfélag Bolungavíkur, Bolungavík 181
Verkalýðsfélagið Brynja, Þingeyri 137
Verkalýðs- og sjómannafélag Hnífsdælinga, Hnífsdal .. 91
Verkalýðsfélagið Skjöldur, Flateyri 156
Verkalýðsfélagið Súgandi, Suðureyri 104
Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga, Súðavík ca. 100

Múlasýslur:
Verkakvennafélagið Framtíð, Eskifirði 26
Verkalýðsfélag Borgarfjarðar, Borgarfirði eystra 78
Verkalýðsfélag Skeggjastaðahrepps, Bakkafirði 25
Verkalýðsfélag Stöðvarfjarðar, Stöðvarfirði 47
Verkalýðs- og sjómannafélag Djúpavogs, Djúpavogi ca. 80
Verkalýðs- og sjómannaf. Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsf. 173
Verkamannafélag Reyðarfjarðarhrepps, Reyðarf. .. ca. 100
Verkamannafélagið Árvakur, Eskifirði ..... ca. 135
Verkamannafélag Vopnafjarðar, Vopnafirði 147

Mýrasýsla:
Verkalýðsfélag Borgarness, Borgarnesi 142

Rangárvallasýsla:
Bílstjórafélag Rangæinga, Hvolsvelli 19
Verkamannafélagið Dímon 36
Verkamannafélagið Rangæingur ..... ca. 30
Verzlunarmannafélag Rangárvallasýslu, Hvolsvelli 22

Skaftafellssýslur:
Verkalýðsfélagið Jökull, Hornafirði 106
Verkalýðsfélagið Víkingur, Vík í Mýrdal 74

Skagafjarðarsýsla:
Verkakvennafélagið Báran, Hofsósi 35
Verkamannafélagið Flóki, Haganesvík ..... ca. 30
Verkamannafélagið Farsæll, Hofsósi 89

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:

Verkalýðsfélagið Afturelding, Hellissandi	62
Verkalýðsfélagið Jökull, Ólafsvík ..... ca.	150
Verkalýðsfélagið Stjarnan, Grundarfirði ..... ca.	120
Verkalýðsfélag Stykkishólms, Stykkishólmi	270

Strandasýsla:

Verkalýðsfélag Árneshrepps, Djúpuvík	55
Verkalýðsfélag Hólmavíkur, Hólmavík	149
Verkalýðsfélag Hrútfirðinga, Borðeyri	70
Verkalýðsfélag Kaldrananeshrepps, Drangsnesi	92

Þingeyjarsýsla:

Verkalýðsfélag Grýtubakkahrepps, Grenivík	49
Verkalýðsfélag Þórshafnar, Þórshöfn	139
Verkamannafélag Raufarhafnar, Raufarhöfn	90

Nd. 410. Frumvarp til laga [166. mál]

um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt annars staðar í landinu, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Sveitarstjórn annast vinnumiðlun, hver í sínu sveitarfélagi, undir yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins. Hún getur falið oddvita sínum, sveitarstjóra, bæjarstjóra eða öðrum manni framkvæmd hennar. Til þess að vera sveitarstjórn — eða þeim, er hún hefur falið vinnumiðlun fyrir sína hönd — til ráðuneytis um allt það, sem vinnumiðlun varðar, skulu tilnefndir af aðilum á staðnum fjórir menn: Tveir af verkalýðsfélögum eða fulltrúaráði þeirra, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands eða af deild þess eða meðlim og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eða af deild þess eða meðlim. Sé trúnaðarmaður ekki tilnefndur samkvæmt framansögðu, skal hann kosinn af sveitarstjórn úr hópi verkamanna og atvinnurekenda, eftir því sem við á.

Bæjarstjórn er heimilt að reka sérstaka skrifstofu, er annast vinnumiðlun. Trúnaðarmenn þeir, er um getur í 1. mgr., skulu vera forstöðumanni skrifstofunnar til aðstoðar og ráðuneytis. Nánar skal kveðið á um rekstur og starfssvið skrifstofunnar í samþykkt, er bæjarstjórn semur, en ráðherra staðfestir.

3. gr.

Hlutverk vinnumiðlunar er:

a. að veita verkamönnum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi og atvinnurekendum við að fá hæfa verkamenn, hvorutveggja án endurgjalds;
b. að miðla vinnu milli verkamanna um land allt, eftir því sem unnt er;
c. að veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi;

d. að úthluta atvinnubótavinnu, svo og annarri vinnu, sem ríki, sveitarstjórn eða opinberar stofnanir óska, að úthlutað sé;
e. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði;
f. að annast atvinnuleysisskráningar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert og láta auk þess fram fara atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum sveitarstjórnar eða félagsmálaráðherra;
g. að veita opinberum stofnunum svo og verkalýðsfélögum og félögum atvinnurekenda upplýsingar um ástandið á vinnumarkaðnum, eftir því sem unnt er;
h. að láta launþegum, sem óskað hafa aðstoðar við vinnuráðningar, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu;
i. að inna af höndum önnur þau störf, sem lög og reglugerðir kunna að ákveða.

4. gr.

Rétt er þeim, sem annast vinnumiðlun, sbr. 2. gr., að krefjast þess, að þeir, sem óskað hafa vottorðs samkvæmt 3. gr. h., hafi samband við þá eins oft og þurfa þykir og geri grein fyrir atvinnu sinni.

5. gr.

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda þeim, er vinnumiðlun annast á staðnum, afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig úr garði gerðar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Þeir, sem vinnumiðlun annast, skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

6. gr.

Þeir, sem annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum, skulu hafa sín á milli sem nánast samband og samstarf, en félagsmálaráðuneytið samræmir starfsemi þeirra og setur nánari ákvæði um vinnumiðlunina með reglugerð.

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna sinn trúnaðarmanninn hvort, er vera skal félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við allt það, er varðar vinnumiðlunina í landinu.

7. gr.

Almenn vinnumiðlun, rekin í ágóðaskyni, er óheimil.

8. gr.

Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr., greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar samkvæmt lögum þessum að ⅔ hlutum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði og að ⅓ hluta úr ríkissjóði.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10000.00 til ríkissjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1951, um vinnumiðlun, og lög nr. 57/1928, um atvinnuleysisskýrslur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, er samið hefur frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, hefur einnig gert frumvarp þetta. Í frumvarpinu til laga um atvinnuleysistryggingar, 15. gr. c., sbr. einnig 5. atriði samkomulagsins um lausn vinnudeilunnar vorið 1955, er gert ráð fyrir vottorði vinnumiðlunar til þess að sanna rétt umsækjanda til atvinnuleysisbóta. Lög þau um vinnumiðlun, nr. 41/1951, sem nú eru í gildi, eru aðeins heimildarlög. Þau lög tryggja því ekki, að til sé vinnumiðlun á öllum þeim stöðum, sem lögin um atvinnuleysistryggingar taka til. Til þess að síðarnefndu lögin verði framkvæmanleg, þarf að lögbjóða vinnumiðlun a. m. k. á öllum þeim stöðum í landinu, þar sem atvinnuleysistryggingar eru, en það er í öllum kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið til þess að bæta úr þessu.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið höfð hliðsjón af þrem samþykktum þings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um vinnumiðlun. Allar þessar samþykktir hafa þegar verið fullgiltar af flestum Norðurlandanna, en skilyrði hafa ekki verið fyrir hendi til fullgildingar þeirra af Íslands hálfu að óbreyttum lögum. Tvær þessara samþykkta kveða á um almenna vinnumiðlun, en ein fjallar um útrýmingu eða eftirlit með vinnumiðlunarskrifstofum, sem taka gjald fyrir störf sín. Ef frumvarp það, sem hér liggur fyrir, verður að lögum, mun Ísland geta fullgilt allar þessar samþykktir.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lögboðin vinnumiðlun í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa eða fleiri. Eins og fyrr segir er ákvæði þetta nauðsynlegt til þess, að hér verði starfræktar atvinnuleysistryggingar í því formi, sem um var samið í sambandi við lausn verkfallsins í síðastliðnum aprílmánuði.

Síðari málsgreinin veitir ráðherra heimild til þess að ákveða vinnumiðlun annars staðar í landinu með reglugerð. Þetta ákvæði er sett til samræmis við kröfur, sem gerðar eru í samþykkt þings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 88 frá 1948.

Um 2. gr.

Hér segir um það, hvert skipulag skuli á haft um framkvæmd vinnumiðlunar. Það þykir of viðamikið og kostnaðarsamt að lögbjóða sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur alls staðar þar, sem vinnumiðlun skal starfrækt, samkv. 1. gr. 1. mgr. Er því lagt til, að sveitarstjórnir annist vinnumiðlun, hver í sínu sveitarfélagi, og hafi heimild til, ef hentara þætti, að fela oddvita, sveitarstjóra, bæjarstjóra eða sérstökum manni framkvæmd hennar. Til samræmis við kröfur þær, sem gerðar eru í áðurnefndum samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er svo fyrir mælt, að sérstakir trúnaðarmenn verkamanna og atvinnurekenda séu til aðstoðar og ráðuneytis um allt það, er varðar vinnumiðlun.

Ákvæði 2. mgr., um heimild fyrir bæjarstjórn til þess að reka sérstaka vinnumiðlunarskrifstofu, er í samræmi við þau lög, er nú gilda. Í stað fimm manna nefndar, sem annast skal skrifstofuhaldið, samkvæmt núgildandi lögum, er hér lagt til, að sveitarstjórn feli sérstökum manni forstöðu skrifstofunnar, er njóta skal aðstoðar og ráðuneytis trúnaðarmanna þeirra, sem um getur í 1. mgr.

Um 3. gr.

Samkvæmt grein þessari skal hlutverk vinnumiðlunar vera í höfuðatriðum hið sama og fyrir er mælt í 4. gr. laga nr. 41/1951. Frumvarpsgreinin er þó frábrugðin í nokkrum atriðum og nokkru víðtækari en ákvæði gildandi laga. Skal það nú stuttlega rakið.

a-liður er efnislega samhljóða 1. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951.

b-liður er sömuleiðis samsvarandi 2. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951, en víðtækari að því leyti, að vinnumiðlunin skal taka til verkamanna um land allt eftir því, sem unnt er. Þessu er breytt til samræmis við áðurnefndar samþykktir I. L. O.

c-liður er nýmæli, sem lagt er til að tekið verði í lög og varðar unglinga og öryrkja. Ákvæðið virðist sjálfsagt, en er nauðsynlegt, svo að skilyrði til fullgildingar á samþykkt I. L. O. nr. 88 frá 1948 séu til staðar.

d-liður svarar til 3. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951.

e-liður er samhljóða 4. tl. sömu lagagreinar.

f-liður er nýmæli. Hér er lagt til að vinnumiðlunin annist atvinnuleysisskráningar þær, sem lögboðnar eru með lögum nr. 57/1928. Lög þessi hafa víðast ekki verið framkvæmd nú um mörg ár. Þegar vinnumiðlun er lögboðin, virðist eðlilegt að skráning atvinnulausra sé á vegum vinnumiðlunarinnar, enda einn liður í því starfi, sem fylgir vinnumiðluninni.

g-liður svarar til 6. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951.

h-liður er nýmæli. Frumvarpið til laga um atvinnuleysistryggingar, 15. gr. c., áskilur vottorð frá vinnumiðlun varðandi atvinnuleysi þess, sem sækja vill um atvinnuleysisbætur. Ákvæði þetta er hér upp tekið til samræmis við nefnt ákvæði í frumvarpinu um atvinnuleysistryggingar.

i-liður svarar til 8. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða nýmæli, sem nauðsynlegt virðist vera, að lögfest sé í sambandi við skyldu þá, sem lögð er á vinnumiðlunina um að gefa hverjum, sem er, vottorð um atvinnu hans eða atvinnuleysi. Ákvæði þetta mun óþarft að því er varðar minni kaupstaði og kauptúnin, en virðist hins vegar óhjákvæmilegt í hinum fjölmennari kaupstöðum. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, sem leggja verður á vald þeirra, sem vinnumiðlun annast, að ákveða um hversu með verði farið.

Um 5. gr.

Svarar til 5. gr. laga nr. 41/1951. Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar til ákvæðis í 4. gr. 7. tl. laga nr. 41/1951 og 8. gr. sömu laga. Gert er ráð fyrir almennri reglugerð, sem ráðherra setur um vinnumiðlun. Við samningu þeirrar reglugerðar verður að hafa hliðsjón af samþykktum I. L. O., sem hafa að geyma ýmis nánari fyrirmæli, sem í eðli sínu eru reglugerðarákvæði.

Í 2. mgr. er ákveðið að trúnaðarmenn frá A. S. Í. og V. S. Í. verði ráðuneytinu til aðstoðar um allt það, er varðar vinnumiðlun í landinu. Ákvæðið er hliðstætt ákvæðinu um trúnaðarmenn í hverjum kaupstað og kauptúni.

Um 7. gr.

Slík almenn vinnumiðlun, sem hér um ræðir, er ekki starfrækt hér á landi. Í ýmsum öðrum löndum tíðkast vinnumiðlunarskrifstofur, sem einstaklingar reka í gróðaskyni. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sett samþykkt, sem stefnir að því að útrýma slíkum vinnumiðlunarskrifstofum. Ákvæði greinarinnar er hér upp tekið, svo að fullgilda megi umrædda samþykkt af Íslands hálfu.

Um 8. gr.

Jafnframt því, að lögð er skylda á sveitarstjórnir um að halda uppi vinnumiðlun, virðist sanngjarnt að ríkissjóður taki nokkurn þátt í þeim kostnaði, sem leiðir af því. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði vegna vinnumiðlunar samkvæmt eldri lögum (lög nr. 4/1935) var hin sama og hér er lagt til.

Um 9.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 411. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Með lögum nr. 94 frá 5. júlí 1947, sem hér er rætt um að breyta, var samtökum framleiðenda landbúnaðarvara, stéttarfélagi bænda, veitt vald til þess að hafa yfirstjórn á sölu og dreifingu á kjöti og mjólkurvörum, og var framleiðsluráði landbúnaðarins, er skipað var fulltrúum bænda, falin framkvæmdin. Framleiðsluráðið hefur ákveðið heildsöluverð varanna og leyfilega smásöluálagningu og þannig gert hvort tveggja, reynt að ákveða heildsöluverðið það hátt, að framleiðendur fengju framleiðslukostnað sinn greiddan, þannig að meðalbóndinn fengi sama kaup fyrir vinnu sína við framleiðsluna og verkamaður, og neytandinn fengi vöruna með eins lítilli álagningu og frekast væri fært. Fyrirkomulagið hefur því reynzt báðum, framleiðanda og neytanda, hagkvæmt.

Þegar þessi lög frá 1947 voru sett, voru til lög nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur o. fl., og því voru engin ákvæði um sölu þeirra né annars garðmatar tekin inn í lögin 1947, heldur fór um sölu garðmatar eftir lögunum frá 1943, og hefur svo verið til þessa.

Þegar lögin frá 1947 voru sett, töldu ýmsir, að þau ættu að ná yfir allar framleiðsluvörur landbúnaðarins, og með árunum hefur þeirri skoðun aukizt fylgi. Strax á fundi stéttarsambandsins 2.—3. sept. 1948 felur fundurinn stjórn sinni að „vinna að því af alefli", að framleiðsluráðið fái í sínar hendur yfirstjórn garðmatarins á sama hátt og kjötsins og mjólkurinnar. Á fundum þess 1951, 1952, 1953, 1954 og 1955 eru alltaf gerðar samþykktir, með mismunandi orðalagi að vísu, en allar hníga þó að því sama, að óska þess, að framleiðsluráð landbúnaðarins fái svipaða yfirumsjón yfir sölu garðmatarins og hinna landbúnaðarvaranna. Í sama strenginn hefur búnaðarþing tekið hvað eftir annað og síðast fyrir fáum dögum. Það er því augljós vilji fulltrúa bænda, þeirra er setið hafa fundi stéttarsambandsins og búnaðarþings, að frumvarpið verði samþykkt.

Vilji neytenda hefur hins vegar ekki komið eins skýrt fram. Neytendasamtökin hér í Reykjavík hafa mótmælt því, að frumvarpið yrði samþykkt, án þess þó að benda á, að hverju leyti neytendum gæti orðið skaði að samþykkt þess. Í þessu frumvarpi eru þó ákvæði, sem óumdeilanlega eru neytendum í hag, eins og verðskráning grænmetisins og þar með takmörkun á heildsölu- og smásöluverði, heimild til gæðamats á garðmatnum, sem áður hefur aðeins verið á kartöflum, o. fl. Verður því ekki annað séð en að um misskilning sé hér að ræða hjá neytendum.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveim fundum, kynnt sér álit ýmissa aðila, er málið varða sérstaklega og nefndin í neðri deild hafði sent frumvarpið til umsagnar, og rætt við nokkra þeirra, eins og formann Sölufélags garðyrkjumanna, fulltrúa félagssamtaka smásöluverzlana og formann sambands eggjaframleiðenda.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts, en Finnbogi R. Valdimarsson telur málið ekki tímabært nú og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 27. febr. 1956.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Jón Kjartansson.
Andrés Eyjólfsson.

Sþ. **412. Nefndarálit** [39. mál]

um till. til þál. um eyðingu refa og minka.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og sent hana til umsagnar Búnaðarfélags Íslands. Er svar félagsins prentað hér sem fylgiskjal. Eins og sést á svarinu, er ráðið, „að hingað til lands komi kunnáttumaður á þessu sviði, er gefi leiðbeiningar um nýjar aðferðir við eyðingu refa og minka. Er komu þessa manns vænzt á næsta vori". Telur nefndin því, að þær ráðstafanir, sem þingsályktunartillagan ætlast til að gerðar verði í þessu efni, séu þegar hafnar.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að þeim ráðstöfunum, sem hafnar eru til eyðingar refa og minka, verði fram haldið og þær efldar, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Karl Guðjónsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Emil Jónsson.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 1. desember 1955.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur í dag eftir beiðni ykkar rætt þingsályktun um eyðingu refa og minka, og er bókað svo í gerðabók félagsins: Lagt fram bréf frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, þar sem óskað er umsagnar stjórnarinnar um hjálagða þingsályktunartillögu um eyðingu refa og minka.

Búnaðarfélag Íslands hefur á ýmsan hátt unnið að því, að betri árangri yrði náð við eyðingu refa og minka. Hið síðasta í því efni er það, að samkomulag hefur náðst um það við sendiráð Bandaríkjanna hér á landi, að hingað til lands komi kunnáttumaður á þessu sviði, er gefi leiðbeiningar um nýjar aðferðir við eyðingu refa og minka. Er komu þessa manns vænzt á næsta vori. Þá hefur stjórnin fengið um það fregnir frá landbúnaðarráðuneytinu, að greiddur verði ferðakostnaður þessa manns hér.

Lítur stjórnin svo á, að eigi sé ástæða til frekari aðgerða í máli þessu að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

Páll Zóphóníasson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Sþ. 413. Nefndarálit [65. mál]

um till. til þál. um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og með tilvísun til greinargerðar þeirrar, er tillögunni fylgir, leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (SÁ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 27. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Karl Guðjónsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Emil Jónsson.

Sþ. 414. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um aukna póstþjónustu.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. að póstferðum verði fjölgað um þau héruð, þar sem ferðir eru nú strjálastar, svo að póstur verði fluttur um allar byggðir eigi sjaldnar en vikulega á öllum árstímum;
2. að póstur verði fluttur með flugvélum, eftir því sem við verður komið og hagkvæmt þykir með tilliti til þeirrar dreifingaraðstöðu á póstinum, sem fyrir hendi er, frá póstafgreiðslum þeim, sem næst liggja lendingarstöðvum flugvélanna.

Greinargerð.

Fyrir fjárveitinganefnd hafa legið tvær þingsályktunartillögur um póstmál. Önnur er flutt af Skúla Guðmundssyni og Ásgeiri Bjarnasyni og er um fjölgun póstferða. Hin er flutt af Lúðvík Jósefssyni og er um póstflutninga með flugvélum til Austurlands.

Nefndin leitaði umsagnar póst- og símamálastjórnarinnar um þessar tillögur, og eru svör stofnunarinnar birt hér með sem fylgiskjöl.

Fjárveitinganefnd fellst á þau sjónarmið, sem fram koma í nefndum þingsályktunartillögum um auknar og bættar póstsamgöngur. Hún telur þó, að rétt sé að gera orðalag tillagnanna almennara og sameina þær báðar í eina þingsályktun.

Fjárveitinganefnd leggur því til, að báðar tillögurnar verði afgreiddar á þann hátt, að samþykkt verði sú tillaga til þingsályktunar, sem hér er flutt.

Fylgiskjal I.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 2. febrúar 1956.

Með bréfi, dags. 17. des. 1955, hefur fjárveitinganefnd Alþingis óskað umsagnar póst- og símamálastjórnarinnar um tillögu til þingsályktunar um fjölgun póstferða.

Fjölgun póstferðanna hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér aukinn kostnað, og er sá kostnaðarauki áætlaður sem hér segir:

Landpóstarnir fara nú flestir 38—40 póstferðir á ári, og er samanlagður póstkostnaður við hverja póstferð ca. kr. 17800 í grunnlaun. Tillagan gerir ráð fyrir, að póstferðunum verði fjölgað að meðaltali um 13 póstferðir á ári, og verður þá aukinn kostnaður við þessa ferðafjölgun ca. kr. 231400 í grunnlaun + vísitölu (áætlað 76%) ca. kr. 175860 og orlofsfé ca. kr. 24440, eða alls ca. kr. 431700 á ári.

F. h. p.
E. Sandholt.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 13. febrúar 1956.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Með bréfi, dags. 9. þ. m., hefur háttvirt fjárveitinganefnd óskað umsagnar póst- og símamálastjórnarinnar um tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 175 um póstflutning með flugvélum til Austurlands.

Áður hafði póst- og símamálastjórninni borizt bréf um þessa tillögu frá hæstvirtum póst- og símamálaráðherra, þar sem beiðzt var umsagnar um hana, og fylgir sú umsögn hér með í afriti.

Fram yfir það, sem póst- og símamálastjóri segir í umsögn sinni, er ekki miklu við að bæta, nema ef til vill 2 atriðum.

Samningur sá, sem póst- og símamálastjórnin gerði á sínum tíma við Flugfélag Íslands, rann út um áramót, þar eð Flugfélagið sagði honum upp, og hafa síðan verið samningsumleitanir við félagið, en horfir allþunglega um viðhlítandi lausn fyrir póstinn. Félagið hefur að vísu ekki sett fram enn þá neinar kröfur um hækkun flutningsgjalds, en krefst þess afdráttarlaust, að póststjórnin greiði allan kostnað við flutning milli flugvallar og pósthúss. Verði póststjórnin neydd til þess að ganga að þeim kröfum, og fá enga lækkun flutningsgjalds í staðinn, bætist allverulegur útgjaldaliður við póstreksturinn.

Annað atriði, sem vert er að benda á í þessu sambandi, er hið mismunandi burðargjald þeirra ýmsu tegunda sendinga, sem fluttar eru á vegum póstsins.

Í öllum löndum, og eins hér, sæta blöð og bögglar langtum hagstæðari flutningskjörum en sá eiginlegi bréfapóstur. En munurinn er sá annars staðar, að flutningi slíkra sendinga er hagað eftir því. Bréfin eru flutt með hröðustu ferðum, sem völ er á, en hinar sendingarnar látnar sæta ódýrari og hægfarari ferðum. Hér á landi er enginn munur gerður á þessu, svo að í raun og veru ættu allar sendingar að hlíta sama burðargjaldi. Eins og nú er, þarf t. d. A að greiða kr. 1.25 fyrir 20 g, ef sendingin heitir bréf, en B ekki nema kr. 2.00 fyrir 1000 g, ef sendingin er innritað blað. En það er alls ekki nú orðið gert ráð fyrir því, að A fái nokkuð öruggari eða fljótari afgreiðslu fyrir sín dýru 20 g heldur en hinn með ódýru sendinguna.

Þess eru jafnvel dæmi að kvartað hefur verið yfir því, að enginn póstur hafi komið með tiltekinni ferð, af því að í það sinn var aðeins bréfapóstur sendur. Kostnaðurinn við aukna flugflutninga á þungapósti lendir á bréfunum eins og að undanförnu. Þegar þess er gætt, að þau eru að vigt tæplega 7% af öllu þyngdarmagni póstsins, er naumast viðbúið, að þau geti staðið undir auknum rekstrarkostnaði.

Eins og póst- og símamálastjóri bendir réttilega á í umsögn sinni um tillögu þessa, er ógerningur að binda slíkt við einn landshluta framar öðrum. Það þarf

engum getum að því að leiða, að verði teknir upp flugflutningar á öllum pósti til Austfjarða, verður hins sama krafizt alls staðar annars staðar, þar sem flug nær til.

Hjálögð lausleg áætlun, sem gerð hefur verið um þann kostnaðarauka, sem yrði vegna aukinna póstflutninga í lofti, nemur ca. 670000 krónum. Þar við bætist kostnaður við aukna dreifingu frá endastöð hvers flugs, og er hann áætlaður ca. 570000 krónur. Samanlagður kostnaðarauki fyrir allt landið yrði þá ca. 1227000 krónur og þar af til Austurlands ca. 171000 krónur. Þess ber þó að geta, að við þessa áætlun var stuðzt við greiðslur til Flugfélagsins, eins og þær voru í samningunum. Þar sem ekki hefur enn tekizt að útkljá það mál, er ekki vitað, hvað við kann að bætast úr þeirri átt.

Magnús Jochumsson.

Greinargerð um aukinn kostnað við póstflutninga innanlands samkv. þáltill. nr. 175 um að flytja allan póst (bréf, blöð og böggla) flugleiðis hverju sinni til Austurlands.

Framkomin tillaga fjallar að vísu aðeins um kostnað við aukna flugflutninga pósts til Austurlands. Póststjórnin verður að líta svo á, að yrði þessi tillaga samþykkt, yrði hún að ná til annarra landshluta, sem flugferðum er haldið uppi til, svo sem Vestfjarða og Norður- og Norðausturlands. Greinargerð þessi er því miðuð við það, að póstur væri sendur flugleiðis um allt land á þann hátt, sem tillagan ráðgerir.

Árið 1954 var Flugfélaginu greitt kr. 297006.00 fyrir flutning á pósti innanlands. Árið 1955 er þessi flutningskostnaður, að vísu ekki endanlega gerður upp, talsvert minni, ca. kr. 230000.00. Stafar það m. a. af verkfallinu, þá var ekkert flogið, og safnaðist þar af leiðandi allmikill póstur fyrir, sem Flugfélagið með engu móti gat annað. Var póstur því vitanlega sendur strax með öllum ferðum, sem buðust, bifreiðum, skipum og flugi. Einnig má geta þess, að á síðastliðnu sumri fjölgaði næturferðum milli Reykjavíkur og Akureyrar, sem voru notadrýgri fyrir póstinn en kvöldflug. (Sá póstur komst ekki fyrr út til viðtakenda en pósturinn með næturbifreiðunum og var mun dýrari í flutningi.)

Til þess að gera sér nokkra grein fyrir hinum aukna kostnaði, er því tekinn upp sá póstur, sem fluttur hefur verið á árinu með bifreiðum og skipum á þá sömu staði og flogið hefur verið til, og flugkostnaðurinn reiknaður eftir fjarlægðarbeltinu samkvæmt samningi við Flugfélagið.

2. svæði:						
Bréf	3992 kg	á	2.40	= kr.	9580.80	
Blöð	35889 —	—	1.20	= —	43066.80	
Bögglar	45631 —	—	1.20	= —	54757.20	
	85512 kg					kr. 107404.80
3. svæði:						
Bréf	7875 kg	á	4.00	= kr.	31500.00	
Blöð	70877 —	—	2.00	= —	141754.00	
Bögglar	84270 —	—	2.00	= —	168540.00	
	163022 kg					kr. 341794.00
4. svæði:						
Bréf	3113 kg	á	5.60	= kr.	17432.80	
Blöð	28022 —	—	2.80	= —	78461.60	
Bögglar	39907 —	—	2.80	= —	111739.60	
	71042 kg					kr. 207634.00
	Samtals 319576 kg					Kr. 656832.80

Gera má ráð fyrir, ef engar truflanir koma á samgöngur, að greiðsla til Flugfélagsins verði sem næst ..... kr. 300000.00

og kostar þá flugið sjálft ca. ..... kr. 957000.00

Ef þessir auknu flugpóstflutningar eiga að ná tilgangi sínum fyrir póstþjónustuna, en ekki að vera styrkur til Flugfélagsins, hlýtur óhjákvæmilega að þurfa að fjölga póstferðum um þau héruð, sem eru í sambandi við flugstöðvarnar, því að lítið vinnst við að flytja póstinn til geymslu milli staða, ef dreifing hans er látin sitja á hakanum.

Útgjöld póststjórnarinnar við flutning pósts á landi eru þessi fyrir árið 1955 (að vísu ekki endanlega gert upp enn þá):

1. Landpóstar	kr.	1155382.00
2. Ríkisskip	—	295234.00
3. Önnur skip	—	137700.00
4. Bifreiðar	—	159497.00
Samtals	kr.	1747813.00

Ef sá teoretiski möguleiki, sem tillagan í raun og veru fjallar um, væri raunveruleiki, féllu liðirnir 2 og 4 niður að talsverðu leyti, en að sama skapi hlyti kostnaðurinn við 1. lið að vaxa og sömuleiðis við 3. lið (flóabátar og aðrir bátar í flutningi milli staða, sem aldrei er flogið til).

Það er mjög erfitt nema með mikilli vinnu að finna nákvæmlega út, hvernig sá kostnaður kæmi niður á ýmsa hluta landsins, en ég tel ekki fjarri lagi að ætla hann ca. kr. 570000.

Samkvæmt þessu yrði kostnaðarauki fyrir allt landið:

Flugkostnaður	kr.	657000.00
Auknar póstgöngur	—	570000.00
	Kr.	1227000.00
þar af til Austurlands:		
Flugkostnaður	kr.	96000.00
Auknar póstgöngur	—	75000.00
	Kr.	171000.00

Sþ. 415. Nefndarálit [75. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að undirbúa löggjöf um nýja skipan skattkerfis og skattheimtu.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað tillöguna og orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Tillagan var send ríkisskattanefnd og skattamálanefnd til umsagnar. Í umsögnum beggja þessara aðila er á það bent, að skattamálanefndinni hafi meðal annars verið falið að vinna að athugun þeirra atriða, sem tillagan fjallar um. Þá leitaði nefndin einnig umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Stjórn sambandsins telur sig hlynnta því, að athugað sé, með hverjum hætti bezt yrði komið fyrir innheimtu og álagningu skatta til sveitarfélaga, en tekur fram, að nefnd, sem að því starfaði, þyrfti fyrst og fremst að vera skipuð mönnum frá sveitarfélögunum sjálfum.

Fjárveitinganefnd telur ekki ástæðu til, að Alþingi geri ályktun um skipun nýrrar nefndar til athugunar á skattamálum, meðan nefnd sú, er skipuð hefur verið samkvæmt ályktun Alþingis 16. janúar 1952, hefur ekki lokið störfum, og leggur því til, að tillagan verði afgreidd með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem nefnd þeirri, sem nú vinnur að heildarendurskoðun skatta- og útsvarslaga, hefur m. a. verið falið að rannsaka þau atriði, sem tillagan fjallar um, og sú nefnd hefur aflað sér margvíslegra gagna um þær leiðir, sem helzt eru taldar koma til greina í sambandi við skipulag skattamála ríkis og sveitarfélaga, telur Alþingi ekki ástæðu til, að skipuð verði nefnd til þess að gera tillögur um þennan sérstaka þátt skattamálanna, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. febr. 1956.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm. Jón Kjartansson.

Hannibal Valdimarsson. Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson.

Lúðvík Jósefsson. Halldór Ásgrímsson.

Ed. 416. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um frumvarp þetta. Meiri hlutinn vill samþykkja það án nokkurra breytinga. Ég tel það meingallað, bæði að efni og formi, og ekki alveg vansalaust Alþingi að gera það að lögum óleiðrétt, þótt efni þessi væri skaplegra.

Með frv. er ákveðið að leggja niður Grænmetisverzlun ríkisins, sem hefur starfað um tveggja áratuga skeið. Á rústum hennar á samkv. frv. að rísa „Grænmetisverzlun landbúnaðarins“. Þeirri stofnun á að selja eða leigja fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins, sem vafalaust eru nokkurra milljóna virði. Ekki er þess getið, hvaðan á að taka fé til kaupanna eða hver á að leggja það fram. Hin nýja stofnun á framvegis að annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti „í umboði“ framleiðsluráðs landbúnaðarins. Þó er gert ráð fyrir, að framleiðsluráðið geti framselt öðrum einkasölurétt sinn að einhverju leyti, því að á öðrum stað í frv. segir: „Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veitt til eins árs í senn.“ Engin almenn skilyrði eru sett fyrir veitingu slíkra heildsölueinkaleyfa. Virðist eiga að úthluta þeim árlega eins og styrkjum eða heiðursmerkjum.

Ríkisstjórninni er í frv. áskilinn einkaréttur til að flytja til landsins „kartöflur og nýtt grænmeti“, þó skal ráðherra, áður en hann ákveður innflutning, „leita samþykkis framleiðsluráðs“, segir í frv., og má innflutningur á landbúnaðarvörum því aðeins fara fram, „að innlend framleiðsla fullnægi ekki notkunarþörfinni, að dómi framleiðsluráðs.“

Verður ekki annað séð af frv. en að framleiðsluráð landbúnaðarins geti einnig ráðstafað heildsöluleyfum með einkarétti á verzlun með þær landbúnaðarvörur, sem það vill leyfa innflutning á, þótt þær séu ekki framleiddar hér á landi, eins og t. d. laukur, og verzlun með þær snerti á engan hátt hagsmuni íslenzks landbúnaðar. Framseljanlegur einkasöluréttur, eins og gert er ráð fyrir í frv., mun vera nýmæli

í íslenzkum lögum og þótt víðar væri leitað og frumlegt að gera ráð fyrir árlegri úthlutun einkasöluleyfa til heildsala.

Látið er í veðri vaka, að frv. sé flutt til þess að bæta aðstöðu íslenzks landbúnaðar og þá sérstaklega samtaka framleiðenda landbúnaðarvara. Sölufélag garðyrkjumanna og Samband eggjaframleiðenda eiga samkv. frv. að fá einn atkvæðislausan fulltrúa hvort um sig á fundum framleiðsluráðs, þegar rætt er um málefni, er þessi samtök varða. Fulltrúar þessara samtaka, sem mætt hafa á fundum landbúnaðarnefnda, fullyrða þó, að aðstaða þessara samtaka muni ekki breytast að neinu ráði frá því sem nú er, þótt frv. verði að lögum. Sé þetta rétt, — og það er vafalaust rétt að því er eggjaframleiðendur varðar, — og ef ekki er með frv. stefnt að gerbreyttu sölufyrirkomulagi garðávaxta og grænmetis, eins og sumir halda fram, heldur aðeins að því að fela framleiðsluráði sölu þessara nauðsynjavara, í stað þeirra manna, sem stjórnað hafa rekstri Grænmetisverzlunar ríkisins um fjölda ára, þá er eftir að meta það, hversu réttmæt og heppileg sú ráðstöfun er.

Í þeim lögum, er nú gilda um Grænmetisverzlun ríkisins, er lögð megináherzla á, að sú stofnun skuli jöfnum höndum gæta hagsmuna framleiðenda og neytenda. Þetta er erfitt hlutverk, því að hér er vandratað meðalhófið. Neytendum þarf að tryggja, að kartöflur geti verið á hvers manns borði við skaplegu verði árið um kring, framleiðendum vel viðunandi verð fyrir vöru þeirra. En íslenzk kartöflufram leiðsla er stopulli og óvissari en í flestum löndum öðrum. Enginn getur vitað, þegar líður að miðju sumri, hvort hún kann að hausti að nema helmingi þess, sem landsmenn þarfnast yfir árið, eða langt umfram neyzluþörf, þótt það sé næsta sjaldgæft. Þar við bætist, að íslenzkar kartöflur þola illa geymslu og eru taldar lítt hæfar til framleiðslu iðnaðarvöru.

Nú ber svo undarlega við, að enginn vill halda því fram, að þeir menn, sem stjórnað hafa Grænmetisverzlun ríkisins á annan áratug, hafi brugðizt ætlunarverki sínu í meginatriðum. Það er almennt viðurkennt, að sú stofnun hafi verið rekin með stakri samvizkusemi og frábærri reglusemi. Eina alvarlega ásökunin, sem heyrzt hefur, að stofnunin hafi vanrækt að styðja ræktun úrvalskartaflna með fjárframlögum, hefur verið hrakin eftirminnilega. Hitt heyrist undir væng, að ástæðan til þess, að framleiðsluráð landbúnaðarins ágirnist nú að taka að sér sölu á kartöflum, þótt það hafi ekki hingað til farið með sölu á neinum öðrum landbúnaðarvörum, sé sú, að því þyki Grænmetisverzlunin ekki hafa látið sér nógu annt um hagsmuni framleiðenda. En hverjir eru framleiðendur kartaflna? Það eru ekki fyrst og fremst bændur, heldur er það sannað af opinberum skýrslum, að helmingur kartöflufram leiðslunnar fer fram í kaupstöðum og kauptúnum, og fer þeirra hluti í framleiðslunni vaxandi frá ári til árs. Kartöflufram leiðendur í kaupstöðum og kauptúnum eru yfirleitt ekki í bændasamtökunum, sem kjósa framleiðsluráðið. Það er nógu vafasamt og mjög vefengt, að bændur almennt krefjist þess af framleiðsluráðinu, að það fari að taka að sér alla kartöfluverzlun landsins, en hitt er víst, að framleiðendur í kaupstöðum og kauptúnum standa ekki að þeirri kröfu. Þeir hafa ekki verið að spurðir. En í kaupstöðum og kauptúnum er einnig meginþorri þeirra, sem kaupa kartöflur, neytendurnir. Þeirra álits hefur ekki heldur verið leitað. Neytendasamtökin í Reykjavík, ungur félagsskapur, en þegar allfjölmennur, hefur mótmælt frv. kröftuglega. Neytendur og framleiðendur í kaupstöðum og kauptúnum hafa fyllstu ástæðu til að líta á frv. með tortryggni og óttast, að þröngir hagsmunir nokkurs hluta framleiðenda verði fremur látnir ráða en áður, ef það verður að lögum.

Engir fulltrúar neytenda hafa verið kvaddir til að starfa að undirbúningi frv. Engum fulltrúum neytenda er ætlað að hafa nokkur áhrif á meðferð kartöflu- og grænmetisverzlunarinnar framvegis, verði frv. að lögum.

Með því ofurkappi, sem lagt er á framgang þessa frv., er því vakin tortryggni neytenda í garð framleiðenda, kaupstaðabúa í garð bænda, og stefnt að ófriði um afurðasölumál landbúnaðarins, sem getur orðið bændum miklu óhagstæðara en

þótt þeir yrðu um stund að búa við það fyrirkomulag, sem verið hefur á kartöflu- og grænmetisverzlun, meðan löggjöf um það væri tekin til endurskoðunar. Þá endurskoðun eiga fulltrúar minni hluta kartöfluframleiðenda, sem standa að þessu frv., ekki að annast einir, heldur eiga fulltrúar neytenda og þeirra, sem nú annast sölu og dreifingu vörunnar, fullan rétt á að vera þar með í ráðum.

Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi nefnd 5 manna, tilnefnda af framleiðsluráði landbúnaðarins, Alþýðusambandi Íslands, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Grænmetisverzlun ríkisins, til þess að endurskoða gildandi löggjöf um sölu á kartöflum og grænmeti, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. febr. 1956.

Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 417. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

a. Fick, Maria Elisabeth, húsmóðir í Hrísdal í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu, fædd 19. febrúar 1925 í Þýzkalandi.
b. Körner, Anneliese Ruth, húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 29. janúar 1929 í Þýzkalandi.
c. Müller, Erna, húsmóðir á Signýjarstöðum í Hálsasveit í Borgarfjarðarsýslu, fædd 24. júlí 1931 í Þýzkalandi.

Ed. 418. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta er flutt af ríkisstjórninni og felur í sér þær tvær aðalbreytingar frá lögunum um almenningsbókasöfn, að Kjósarsýsla, sem nú er með Kópavogskaupstað, verði gerð að sérstöku bókasafnshverfi með aðsetri bókasafns að Hlégarði í Mosfellssveit, og í öðru lagi, að Vatnsleysustrandarhreppur, sem nú er í bókasafnshverfi Keflavíkur, verði fluttur til bókasafnshverfis Hafnarfjarðar.

Nefndin hefur borið frv. saman við gildandi lög, og þar sem hún telur breytingar þessar eðlilegar og hlutaðeigandi aðilum til hagræðis, mælir hún með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. febr. 1956.

Ingólfur Flygenring, form. Andrés Eyjólfsson, fundaskr., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson.

Bernh. Stefánsson. H. Guðmundsson.

Sþ. 419. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um flugvallagerð.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvar sé mest þörf, að hafizt verði á næstu árum handa um byggingu nýrra flugvalla og endurbætur þeirra flugvalla, sem fyrir eru.

Jafnframt því sem kanna skal, hverra framkvæmda er þörf á hverjum stað, verði leitað úrræða til fjáröflunar í því skyni að koma nauðsynlegum framkvæmdum á svo fljótt sem verða má og í þeirri röð, sem eðlilegt þykir.

Skal að því stefnt, að rannsókn þessari verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Vísað hefur verið til fjárveitinganefndar til athugunar þrem þingsályktunartillögum, er fram hafa verið bornar á þessu þingi um flugvallagerð. Tillögur þessar eru:

1. Tillaga á þskj. 27 (27. mál) „um endurbætur og stækkun flugvallarins í Vestmannaeyjum“.
2. Tillaga á þskj. 57 (52. mál) „um flugvallargerð í Norðfirði“.
3. Tillaga á þskj. 68 (61. mál) „um byggingu flugvallar í grennd við Húsavíkurkaupstað“.

Allar þessar tillögur sendi fjárveitinganefnd flugmálastjóra ríkisins til umsagnar. Skulu hér tilgreind höfuðatriði úr umsögn flugmálastjórans um tillögurnar hverja um sig:

Um 1. tillöguna segir hann m. a.:

„Ég held, að það væri rangt að halda því fram, að það hafi verið vegna áhugaleysis flugmálastjórnarinnar, að ekki hafi verið unnið við Vestmannaeyjaflugvöll undanfarin ár, heldur er sannleikurinn sá, að þær aðgerðir, er bíða í Vestmannaeyjum, eru svo fjárfrekar, að tilgangslaust er að byrja á þeim, nema því aðeins að hafa eitthvert fé handa á milli. Er að dómi verkfræðinga vonlaust að hefja nokkrar framkvæmdir, sem vit er í, án þess að hafa a. m. k. hálfa milljón króna úr að spila á ári. Ætti það að vera sanngirniskrafa, að Vestmannaeyingar fengju sérstaka fjárveitingu til flugvallar síns, þar sem þeir njóta ekki fyrirgreiðslu hins opinbera í sambandi við vegagerðir og mega heita mjög einangraðir.“

Um 2. tillöguna segir flugmálastjóri:

„Á undanförnum þrem árum hefur nokkrum sinnum verið farið til Norðfjarðar til að athuga aðstæður í sambandi við flugvallargerð þar. Sjálfur hef ég farið þangað einu sinni í sambandi við athuganir á væntanlegu flugvallarstæði og tel, að heppilegast væri að vinna málið þannig að gera þegar á næsta ári góðan sjúkraflugvöll á hinu fyrirhugaða flugvallarstæði inni á eyrunum og stækka síðan flugvöllinn smátt og smátt, eftir því sem fjárveitingar leyfa. Enn þá liggur því miður ekki fyrir heildaráætlun um kostnað vegna flugvallargerðar í Norðfirði, en þegar er sýnilegt, að ógerlegt verður að gera flugvöll þar, er verði fær Douglas Dakota flugvélum, nema því aðeins að varið verði til hans 1.2—1.5 milljónum króna, og er þá um algert lágmark að ræða.

Að lokum skal það tekið fram, að á næstu árum er engin von til, að hægt verði að byrja á framkvæmdum í Norðfirði, nema sérstök fjárveiting komi til.“

Um 3. tillöguna segir flugmálastjóri m. a.:

„Mér hefur lengi verið ljós nauðsyn þess, að flugvöllur kæmi í Þingeyjarsýslu, því að hvort tveggja er, að í Húsavíkurkaupstað eru nálega hálft annað þúsund íbúar og margt fólk í sveitum þeim, sem að liggja og hlut eiga að máli, eins og segir í greinargerð flutningsmanns, og sömuleiðis, að flugvöllum er nú orðið þannig

skipað í landinu, að til óréttlætis má telja, ef ekki verður hafin flugvallargerð í námunda við Húsavík á næsta sumri. Ég er því algerlega sammála flutningsmanni um nauðsyn þess að koma upp flugvelli í Aðaldal. Það hefur vissulega ekki verið skortur á áhuga, sem valdið hefur því, að ekki hefur þegar verið hafizt handa, heldur hefur flugmálastjórnin verið með svo mörg stór verkefni í framkvæmd og stöðugt í svo mikilli fjárþröng, að ekki hefur verið talið fært að byrja ný, stór verk. Flugvöllur í Aðaldal mun kosta fullgerður 600—700 þúsund krónur, og hefur því flugmálastjórnin ekki séð sér fært vegna fjárskorts að hefja framkvæmdir til þessa. ...

Mér væri það persónulega mikið gleðiefni, ef hægt væri að ráðast í a. m. k. byrjunarframkvæmdir við Húsavíkurflugvöll 1956, og tel ég óþarft að ræða frekar um þetta mál, greinargerðin með þingsályktunartillögunni er í senn eins rétt og hógvær eins og verið getur.“

Allar eru framangreindar umsagnir meðmæli, en samhliða meðmælunum yfirlýsing um nauðsyn viðbótarfjárveitingar til framkvæmdarinnar.

Eftir að hafa ýtarlega rætt viðhorf þessara mála og flugsamgöngur landsins telur fjárveitinganefnd ekki rétt, eins og sakir standa, að mæla með því, að Alþingi segi flugmálastjórninni fyrir um það nú — frekar en að undanförnu — hvar unnið skuli að flugvallagerð eða endurbótum flugvalla á þessu ári, enda gætu þá fleiri staðir komið til álita en þeir, sem framkomnu tillögurnar hljóða um.

Augljóst er, að fjárveiting sú, sem flugmálastjórnin hefur til umráða samkv. fjárlögum ársins, hrekkur skammt til aðkallandi framkvæmda, og Alþingi skortir kunnugleika til þess að gera tillögur um skiptingu hennar.

Um leið liggur ljóst fyrir, að nauðsynlegt er, að gaumgæfilega verði athugað hið allra fyrsta, hvað mest kallar að í framkvæmdum flugvallagerðar í landinu og í hvaða röð skuli vinna að þeim. Jafnframt þeirri athugun þarf að leita að fjáröflunarúrræðum til þess að fullnægja skipulegri og eðlilegri framkvæmdaáætlun.

Fjárveitinganefnd hefur af þessum ástæðum orðið sammála um að leggja til, að í stað þeirra tillagna, er til hennar var vísað, verði samþykkt tillaga sú, er hún hér með flytur.

Sþ. 420. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. þessa og sent hana til umsagnar nýbýlastjórn ríkisins, og lá fyrir nefndinni bréf frá landnámsstjóra, sem er prentað hér með sem fylgiskjal. Nefndin var sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt með smávægilegri breytingu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir, að Stéttarsamband bænda tilnefni tvo menn í nefndina. Fjárveitinganefnd leit svo á, að eðlilegra væri, að þeir væru tilnefndir af nýbýlastjórn ríkisins, og leggur til, að á till. verði gerð þessi

BREYTING:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán og gera tillögur um breytingar í því skyni að greiða fyrir fjölgun nýbýla og gera efnalitlum bændum kleift að koma sér upp hæfilegum bústofni. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt

tillögu Búnaðarfélags Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu nýbýlastjórnar ríkisins. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Alþingi, 28. febr. 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr., frsm.	Karl Kristjánsson.
Jón Kjartansson.	Hannibal Valdimarsson.	Lúðvík Jósefsson.
Halldór Ásgrímsson.	Magnús Jónsson.	Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 16. jan. 1956.

Með bréfi, dagsettu 17. des. 1955, hefur háttvirt fjárveitinganefnd Alþingis óskað umsagnar nýbýlastjórnar um tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán, en tillaga þessi fylgdi með bréfinu á þingskjali Sþ. nr. 23 1955.

Í greinargerð tillögunnar er réttilega rakin setning nýbýlalöggjafarinnar með lögum nr. 19 31. jan. 1936 og breytingar, er á þeirri löggjöf voru gerðar, þar til endurskoðun þeirra fór fram 1944—'45, og síðan samþykkt sem lög nr. 35/1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, og eru lögin í grundvallaratriðum lítið breytt síðan að undanskildu því, að 1952 eru felld inn í þau ný ákvæði í VI. kafla, 36. og 37. grein, svo og nýr kafli, nú VII. kafli laganna, 42.—48. grein, en það eru ákvæði um endurbygging eyðijarða og eftirlit með ábúð á jörðum. Flutningsmenn tillögunnar telja endurskoðun laganna tímabæra, meðal annars vegna þess, að nauðsynlegt sé að hækka framlög til starfseminnar, en framlagið er lögbundið 2.5 millj. króna, sem í lögunum frá 1946 var miðað við næstu 10 ára tímabil, en hefur verið framlengt af Alþingi til ársins 1967.

Fjárframlagið var 1946 ákveðið með tilliti til verðlagsaðstöðu þess árs, en með hækkandi verðlagi hefur ekki verið annað fært en hækka styrkgreiðslur til nýbyggjenda. Á árunum 1947—1950 voru styrkgreiðslur til býlis 12 þúsund krónur, en þær voru hækkaðar við gengisfellinguna 1950 upp í kr. 20 þús. á býli, og 1952 reyndist ekki fært annað en hækka enn um 5000 krónur, upp í 25 þúsund. Styrkgreiðslur námu 1953 1954000 krónum og 1954 kr. 1800563. Þau sömu ár var varið til framkvæmda í byggðahverfum og til landútvegana kr. 1079000.00 árið 1953 og kr. 752291.00 árið 1954. Þetta var framkvæmanlegt vegna þess, að nokkurt afgangsfé var upp á að hlaupa frá fyrstu árunum, er stóð undir umframgreiðslum þessara ára.

Ef borið er saman umsóknir þær, sem árlega berast frá aðilum, er uppfyllt geta skilyrði laganna til nýbýlastofnana, og veittar heimildir, sést, að frá 1952 hefur meðaltal umsókna á ári verið 100, en meðaltal veittra heimilda 80, og hefur því ekki verið hægt að fullnægja nægilega fljótt óskum manna um aðstoð til framkvæmda.

Ef sá kostur hefði verið tekinn að samþykkja allar beiðnir, hefðu einstaklingsbýlin tekið allt framlagið árlega, og þá mundu landútveganir og framkvæmd í landnámum ríkisins alveg hafa stöðvazt og fé einnig skort til rekstrar starfseminnar og skipulagsstarfs í þessum málum.

Á árunum 1947—1955 eru umsóknir alls 643, en samþykktar heimildir 540. Á tvennt ber að benda í þessu sambandi:

1. Eftirspurn hefur verið meiri um aðstoð til heimilastofnunar og búsmyndunar í sveitum heldur en fjárráð hafa leyft að framkvæmd væru.
2. Styrktar- og lánsfé hefur ekki náð þeim fjárhæðum, sem fullnægjandi hafa

verið, svo að nýbyggjendur, sem dugmestir hafa verið að koma framkvæmdum áfram, hafa að verki loknu og fengnu láns- og styrktarfé staðið með lausar skuldir, er verða þeim fjötur um fót og hindra eðlilega stækkun búanna. Aðrir stöðvast og geta ekki fullgert nauðsynlegan húsakost, en slík aðstaða, verði hún almennt til staðar, er mjög hættuleg bæði fyrir einstaklingana og þau sveitarfélög, þar sem slíkir einstaklingar eru búsettir.

Þetta gildir fyrst og fremst um aðila, sem flytja úr kaupstað. Þeim reynist yfirleitt örðugra að koma fyrir sig fótum, þeir eiga engan bústofn eða tæki, þegar þeir byrja, og fjárráð oft mjög takmörkuð. Þessir aðilar leita frekar eftir jarðnæði í byggðahverfunum. Getur þar mjög komið til athugunar að finna form fyrir því, að byggingar séu reistar að meira eða minna leyti af Landnámi ríkisins og byggingar gerðar í fjöldaframleiðslu og þá í sama formi, sem mundi gera þær ódýrari.

Á það ber og að benda í þessu sambandi, að stofnun nýbýla að því marki, að fullnægt sé eftirspurn um aðstoð, eykur mjög kröfur til lánsfjár bæði úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði og aukin aðstaða til framlaga af landnámsfé eykur mjög lánsfjárþörf þessara sjóða beggja.

Um uppbyggingu laganna verður það eitt sagt, að með þeim breytingum, sem á þeim hafa verið gerðar, virðast þau skipulagslega séð taka til hinna nauðsynlegustu atriða, er mestu máli skiptir, meðan markið er sett ekki hærra en það að viðhalda byggð í sveitum og að þar geti búsett sig sá hluti fólksaukningarinnar, sem þar fæðist og elst upp. Að vísu þarf nær því að tvöfalda þá býlatölu, sem reist er árlega, svo að öll fólksaukning sveitanna staðnæmist þar. En verði starfseminni sett það markmið að skapa grundvöll fyrir því að taka á móti fólki frá þéttbýlinu í bæjum, þá má telja fyrirhyggjulítið, að starfseminni sé sniðinn svo þröngur stakkur, að undirbúningur geti ekki átt sér stað með hæfilegum fyrirvara til að mæta þörfum fólksins í þessu efni. Komi til slíks, þarf mjög að taka til rannsóknar um fyrirkomulag byggðaraukningarinnar og framleiðsluhætti með tilliti til, hvernig hægt er að þétta byggðina á hagfelldastan hátt og með sem fyllstu afkomuöryggi. Í því sambandi getur endurskoðun verið fyllilega réttmæt.

Þá má og á það benda, að forstjóri Teiknistofu landbúnaðarins og landnámsstjóri hafa í erindi til landbúnaðarráðuneytisins 19. jan. 1955 bent á þörf þess, að hér sé komið á fót föstum byggingarrannsóknum um húsakost í sveitum, einkum varðandi peningshúsabyggingar, og undirbúningsnefnd gert um þetta tillögur að beiðni ráðuneytisins 27. sept. 1955, og mundi í sambandi við það þörf breytinga á IX. kafla laganna.

Með tilvísun til þessa mælum við með því, að skipuð verði nefnd til endurskoðunar laganna, en teljum æskilegt og eðlilegt, að nýbýlastjórn ríkisins ætti þess kost að tilnefna tvo menn í nefndina.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Reykjavík.

Ed. 421. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og flutningsgjöld sendibifreiða. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá Trausta, félagi sendibílstjóra í Reykjavík, hafa nefndinni borizt tilmæli um, að hún beiti sér fyrir því, að samgöngumálaráðherra verði með lögum heimilað að ákveða, að gjaldmælar skuli vera í öllum sendibifreiðum, sem eru til leigu fyrir almenning.

Nefndin hefur borið þetta mál undir samgöngumálaráðherra og hann tjáð sig hlynntan því, að slíkt ákvæði verði lögtekið.

Nefndin leggur því til, að bifreiðalögunum verði breytt í þessa átt. Breytingin á 32. gr. bifreiðalaganna felur það í sér, að samgöngumálaráðherra getur, ef hún verður að lögum, sett gjaldskrá um flutningsgjöld með sendibifreiðum og ákveðið, að gjaldmælar skuli vera í slíkum bifreiðum. Ráðherrann hefur og áfram sömu heimild og nú er í lögunum til að setja gjaldskrá um fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og kveða á um, hvort gjaldmælar skuli vera í þeim eða ekki. Bréf Trausta, félags sendibílstjóra, er prentað sem fylgiskjal með frv. þessu.

Væntir nefndin þess, að frv. þetta verði samþykkt sem lög á þessu þingi.

Fylgiskjal.

TRAUSTI, félag sendibílstjóra.

Reykjavík, 6. febr. 1956.

Til samgöngumálanefndar efri deildar Alþingis.

Vér leyfum oss hér með að fara þess á leit við samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis, að hún flytji frumvarp til laga um breytingu á 32. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1944, þess efnis: Samgöngumálaráðuneytið ákveði, að gjaldmælar verði í öllum sendibifreiðum, sem leigðar eru almenningi.

Ástæðan fyrir ósk vorri er sú, að mjög erfitt er um verðlagningu á leigu ökutækja án gjaldmælis, enda liggur fyrir samþykkt í félagi voru, að allir aki með gjaldmæla til verðútreiknings, og flestir þá þegar komnir með þá.

Þegar leitað var til samgöngumálaráðuneytisins, tjáði það félagi voru, að það skorti lagaheimild til þess.

Með tilvísun til framanritaðs leyfum vér oss að vænta þess, að samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis sjái sér fært að verða við beiðni vorri, þar sem augljóst er, að slíkt er öllum þeim, sem sendibifreiðar nota, til mikils öryggis.

Í fullu trausti á fljótar og góðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

f. h. Trausta, félags sendibílstjóra,
Vilhjálmur Pálsson,
Urðarbraut 1, Smálöndum.

Sþ. 422. Fyrirspurn [170. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um veitingu yfirljósmóðurstarfs við fæðingardeild landsspítalans.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hvers vegna veitti ráðherrann yfirljósmóðurstarf það, sem auglýst var við fæðingardeild landsspítalans í desember s. l., gegn einróma tillögum deildarlæknis fæðingardeildarinnar og stjórnarnefndar ríkisspítalanna?
2. Hvaða rök hefur ráðherrann fram að færa fyrir því að veita ekki þeim umsækjanda starfið, sem hefur að baki lengstan starfstíma, öðlazt hefur mesta reynslu, lokið hefur hæsta prófi og hefur fullkomnust meðmæli?
3. Hafa hliðstæð störf við landsspítalann áður verið veitt gegn tillögum stjórnarnefndar ríkisspítalanna og forstöðumanna deildanna og þá hvenær?

Sþ. 423. Nefndarálit [78. mál]

um till. til þál. um útgáfu Alþingistíðinda og þingfréttir.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa og sent hana forsetum Alþingis til umsagnar. Álit forsetanna er það, að æskilegt sé, að Alþingistíðindin, þ. e. þingskjöl og umræður, verði prentuð og gefin út á hálfs mánaðar fresti um þingtímann. Þó telja þeir framkvæmdina nokkrum vandkvæðum bundna og þurfi því að gera athuganir um ýmis atriði, er málið varða, áður en ráðizt yrði í slíka breytingu.

Um síðara atriði tillögunnar, að gerður verði stuttur fréttaútdráttur úr umræðum á Alþingi til birtingar í þingfréttum útvarpsins og sem heimild fyrir þau blöð, sem þess kynnu að óska, segja forsetarnir, að það heyri tæpast undir verksvið þingsins, enda séu engin starfsskilyrði til slíkrar fréttaþjónustu í alþingishúsinu. Af þessum ástæðum leggja þeir gegn því, að það atriði tillögunnar verði samþykkt eins og sakir standa. Mætti þá heldur athuga það síðar, ef aðstæður breytast.

Að þessu athuguðu hefur fjárveitinganefnd orðið sammála um að leggja til, að á tillögunni verði gerðar svofelldar

BREYTINGAR:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að athuga til næsta þings, hvort tiltækilegt muni að prenta og gefa út Alþingistíðindi á hálfs mánaðar fresti um þingtímann og hafa til sölu á bókamarkaði.
2. Úr fyrirsögn tillögunnar skulu falla orðin „og þingfréttir“.

Alþingi, 24. febr. 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Jón Kjartansson.	Jónas G. Rafnar.	Karl Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson.	Lúðvík Jósefsson.	Magnús Jónsson.

Fylgiskjal.

ALÞINGI

Reykjavík, 7. febr. 1956.

Hv. fjárveitinganefnd hefur með bréfi, dags. 17. f. m., sent forsetum Alþingis og óskað umsagnar þeirra um tillögu til þingsályktunar á þskj. 85 um útgáfu Alþingistíðinda og þingfréttir.

Tillaga þessi er í tveim töluliðum.

Fyrri liðurinn er um að fela forsetum þingsins að sjá um, að Alþingistíðindi, þ. e. þingskjöl og umræður, verði prentuð og gefin út á tveggja vikna fresti um þingtímann og höfð til sölu á bókamarkaði.

Um þennan lið er það að segja, að forsetar telja það hafa ýmsa kosti, og fréttir af þinginu ná fyrr til almennings en ella, ef slíkur háttur yrði hafður á um útgáfuna og breytt þá til um deildaskipun þingtíðinda, þannig að umræður í sameinuðu þingi yrðu hafðar sér í deild, t. d. B-deild, og umræður í þingdeildum, hvorri um sig, þá í C- og D-deildum, og yrðu umræður gefnar út í hverri deild í örkum jafnóðum og lokið væri prentun hverrar heillar arkar. Hitt er annað mál, hvort þetta er framkvæmanlegt, og þyrfti að gera athuganir um ýmis atriði, er þetta mál varða, áður en ráðizt yrði í slíka breytingu. Tryggja yrði sér fyrir fram, að prentsmiðjur fengjust til þess að semja um prentun með þeim hraða, sem nauðsynlegur er, og standa við þá samninga, en það hefur viljað við brenna, að ýmsar þær prentsmiðjur, er prentað hafa umræðuparta Alþingistíðinda að undanförnu, hafa haft verkið í igripum, en látið aðra prentun sitja fyrir. Þá er og á það að líta, að prentun umræðna á þingtíma mundi hafa í för með sér þá röskun á starfsmannahaldi, að þá þyrfti að ráða hverju sinni sérstaka menn til þess að annast yfirlestur handrita og prófarkalestur fyrir hluta úr ári, í stað þess að nú hafa þeir, sem þetta starf vinna, atvinnu af því allt árið, og kynnu að verða vandfengnir hæfir menn til slíkra starfa um svo óákveðinn tíma. Loks býr þingið við svo þröng húsakynni, að taka yrði á leigu herbergi, utan þinghússins, undir þessa starfsemi og einnig fyrir geymslu upplags. Mundi því að þessu verða allmikill kostnaðarauki. — En forsetar telja rétt, að öll framantalin atriði verði athuguð, áður en breytt er til í þessu efni, og því sé ekki eðlilegt, sem í þingsályktunartillögunni segir, að forsetum sé falið að sjá um, að þetta sé gert, heldur megi fela þeim að athuga til næsta þings möguleika á slíkri tilhögun.

Hæpið er að vænta mikils tekjuauka af sölu Alþingistíðinda, þótt þau kæmu út á tveggja vikna fresti. Til þess þyrfti verð á þeim að hækka stórum, en þá er óvíst um, hve margir vildu kaupa, og naumast kæmi til mála að selja þau á annan hátt en með áskrift að heilum árgangi.

Síðari liður tillögunnar er um að fela forsetum að sjá um, að gerður verði stuttur útdráttur úr umræðum á Alþingi til birtingar í þingfréttum útvarpsins, og sé sá útdráttur einnig sendur þeim blöðum, er þess óska.

Þó að Alþingi hafi fallizt á það fyrir allmörgum árum, fyrir þrábeiðni þáverandi útvarpsstjóra, að sjá um samningu og flutning þingfrétta í útvarpi og ráða til þess sérstakan mann að gera útdrátt úr þingskjölum og segja frá atkvæðagreiðslum og úrslitum mála, þá kom aldrei til greina að gera útdrátt úr umræðum, þegar af þeirri ástæðu, að starfsskilyrði til slíkrar fréttaþjónustu, sem útheimta mundi eigi færri en 3—4 menn, eru ekki fyrir hendi í alþingishúsinu, ekkert herbergi aflögu til þess að vinna að slíku. Sá maður, sem nú annast þingfréttirnar, verður að mestu að taka þær saman í skrifstofu þingsins, sem er svo lítil, að hann hefur þar lélega aðbúð og er öðrum til trafala.

Auk þess telja forsetar það ekki heyra undir verksvið þingsins að sjá um slíka fréttaþjónustu, fremur en gert er í öðrum löndum. Að vísu hafa fréttaritarar hér

lakari aðstöðu og starfsskilyrði en annars staðar gerist, en á því verður ekki ráðin bót í þeim húsakynnum, sem Alþingi er nú háð í.

Jörundur Brynjólfsson.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Sþ. 424. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um endurbætur á símakerfi Ísafjarðar og nágrennis.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað tillögu þessa. Hefur hún og leitað umsagnar póst- og símamálastjóra um efni hennar. Leggur fjárveitinganefnd til, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því að setja upp sjálfvirkar símstöðvar á Ísafirði, í Bolungavík og Hnífsdal. Enn fremur að fram verði látin fara athugun á því, á hvern hátt verði bætt símasamband þessara byggðarlaga og Vestfjarða í heild við aðra landshluta.

Alþingi, 29. febr. 1956.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jón Kjartansson.
Jónas G. Rafnar.	Halldór Ásgrímsson.	Hannibal Valdimarsson.
Karl Kristjánsson.	Lúðvík Jósefsson.	Magnús Jónsson.

Sþ. 425. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um varanlegar endurbætur á aðalvegum landsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að láta nú þegar, í samráði við vegamálastjóra, framkvæma rannsókn á því:

1. með hverjum hætti sé hagkvæmast að gera slitlag á nokkra helztu aðalvegi landsins úr varanlegu efni og af þeirri gerð, er þoli sem bezt hina stórauknu umferð með ökutækjum, sem verða æ stærri og þyngri, og hvort tiltækilegt og æskilegt sé að hafa þann hátt á, að kostnaður við einstaka slíka vegakafla verði endurgreiddur að einhverju eða öllu leyti með sérskatti af bílum, sem um þá vegi fara;
2. hverra aðgerða og tækni sé þörf til þess að endurbæta svo aðalvegina, sérstaklega að því er varðar undirbyggingu og malarslitlag, að viðhald þeirra verði sem hagkvæmast og kostnaðarminnst.

Greinargerð.

Í hópi fjölmargra þingsályktunartillagna margvíslegs efnis, sem vísað hefur verið til fjárveitinganefndar á þessu þingi, eru tvær tillögur um varanlegar endurbætur á aðalvegum landsins.

Önnur þessara tillagna er á þingskjali 29, og lýtur efni hennar að því, að ríkisstjórnin láti nú þegar undirbúa og framkvæma rannsóknir á því í samráði við vegamálastjóra, með hverjum hætti sé hagkvæmast að gera aðalvegi landsins svo úr garði, að ending þeirra svari til síaukinnar umferðar bíla, sem verða æ stærri og þyngri. Þá er og í tillögunni lögð á það áherzla, að rannsókn þessari verði hraðað.

Hin tillagan, sem er á þingskjali 74, fjallar um sama efni, að því viðbættu, að þar er lagt til, að jafnframt verði athugað, hvort tiltækilegt sé og æskilegt, að kostnaður við vegagerð á fjölförnustu leiðum yrði að einhverju eða öllu leyti endurgreiddur með skatti af bílum, sem um vegi þessa fara.

Eins og tillaga fjárveitinganefndar hér að framan ber með sér, er tekið upp í hana aðalefni þessara beggja þingsályktunartillagna. Taldi fjárveitinganefnd þetta heppilegri vinnubrögð, og þannig leit vegamálastjóri einnig á málið.

Fjárveitinganefnd sendi vegamálastjóra, Geir Zoëga, fyrrnefndar tillögur til umsagnar. Hefur hann gert máli þessu góð skil, eins og gerst má sjá af svörum hans, sem prentuð eru sem fylgiskjöl með tillögu þessari. Eru svör þessi hin merkustu. Þar er að finna mikinn fróðleik og þekkingu á því, hversu til hagar um vegagerð hér á landi, enda talað af reynslu þess manns, sem hefur haft í hendi sinni alla þræði vegamála á landi hér nokkuð á fimmta áratug. Meginátaki voru í vegamálum hefur verið beint að því á undanförnum áratugum að þenja vegakerfið um allar byggðir landsins, til yztu nesja og fremstu dalabyggða. Hefur okkur verið þetta höfuðnauðsyn til viðhalds byggðar á hinum afskekktari stöðum. En hér hefur orðið að hafa þann hraða á, að óvíða hefur reynzt kleift að vanda svo til vegagerðarinnar sem þurfti. Gætir þessa að sjálfsögðu fyrst og fremst þar, sem umferðin er mest og í sívaxandi mæli eykst umferð þungra ökutækja. Er nú svo komið, eins og að er vikið í fyrrnefndum þingsályktunartillögum, að nú verður að leita nýrra úrræða um endurbætur á aðalvegakerfi landsins, og bendir vegamálastjóri á, að röðin komi að sjálfsögðu fyrst að fjölförnustu leiðunum. Er hér vissulega um brýna þörf að ræða. Að vísu hlýtur oss að vaxa í augum sá gífurlegi kostnaður, sem vegamálastjóri upplýsir að lagning vega úr varanlegu efni hafi í för með sér hér á landi. En þessar endurbætur eru þáttur í þróuninni, sem við verðum óhjákvæmilega að kosta kapps um að leysa, hvað sem á dynur.

Einn þáttur þeirrar úrlausnar er athugun á því, að greiddur verði vegaskattur af bílum, sem fara um þessa vegakafla.

Að lokum vill fjárveitinganefnd leggja á það áherzlu, að rannsókn þeirri, sem hér um ræðir, verði hraðað svo sem frekast eru föng á. Síaukin tækni á þessu sviði, eigi síður en öðrum, ætti að geta létt okkur gönguna að því umbótastarfi, sem hér bíður okkar.

Fylgiskjal I.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. desember 1955.

Tillaga til þingsályktunar um að gera aðalvegi landsins úr varanlegu efni. Þskj. 29.

Það er ekki óeðlilegt, að nokkuð vaxi í augum hinn mikli viðhaldskostnaður þjóðveganna. Hér kemur þó margt til greina, og eru þessi atriði helzt:

Almenn hækkun á kaupi og verðlagi. Ef miðað er við árið 1949, þá hefur kostnaður við að halda úti flokki til malarflutnings í vegi hækkað um 81% til 1954 (90% til 1955), en langmestur hluti viðhaldskostnaðarins er einmitt á þeim lið. Verðhækkun helztu byggingarefna varð á sama tíma: sement 89.2%, steypustyrktarjárn 62.0%, timbur 137%, og verður því meðalhækkun viðhaldskostnaðar nokkuð fram yfir fyrrgreinda 81%. Í eftirfarandi töflu er þó miðað við 81% og er því sízt of hátt:

Viðhaldskostnaður þjóðvega.

	1.	2.	3.	4.
	Lengd km	Viðhaldskostn. millj. kr.	Kaup- og verðlags-hækkun í %	Viðhaldskostn. miðaður við hugsaða hækkun skv. 3. dálki millj. kr.
1949	6215	13.3	100	13.3
1950	6215	14.0	118.4	15.8
1951	6215	20.2	146.0	19.5
1952	6215	19.4	167.7	22.3
1953	7343	24.0	170.7	26.4
1954	7343	29.1	181.0	28.4

Samanburður á tölunum í 2. og 4. dálki sýnir, að hækkun viðhaldskostnaðar er frekar lægri en búast hefði mátt við, miðað við almenna verðlagshækkun á þessu tímabili.

Umferð bifreiða hefur aukizt allverulega á þessu tímabili, þannig tala bifreiða úr 10608 í 12193 (2-hjóla ekki taldar með) eða um 14.8%, benzínnotkun úr 29112 smál. í 35636 smál. eða um 22%. Þá hefur og fjölgað yfirleitt þungum bifreiðum, er valda meira sliti á vegum.

Það er engu að síður iskyggilegt, hve mikill hluti viðhaldskostnaður er orðinn af heildargjöldum til vegamála, svo sem sést á eftirfarandi töflu:

	1.	2.	3.	4.	5.
	Heildar-kostnaður í 1000 kr.	Nýbygging þjóðvega í 1000 kr.	Viðhald þjóðvega í 1000 kr.	2 í % af 1	3 í % af 1
1949	29 086	7 559	13 308	26.0	45.7
1950	28 301	7 558	13 952	26.7	49.3
1951	35 629	7 751	20 240	21.8	56.8
1952	38 594	9 343	19 361	24.2	50.2
1953	49 932	11 318	24 027	22.7	48.1
1954	53 702	11 580	29 109	21.6	54.2

Þetta viðhorf er þó ekki sérstætt hér á landi eingöngu. Samkvæmt nýjum skýrslum frá norsku og sænsku vegamálastjórnunum er þessi þróun einnig orðin mikið áhyggjuefni þar.

Hins vegar er það svo, að t. d. í Noregi er viðhaldskostnaður veganna tiltölulega miklu hærri en hér. 1953 varð þannig þessi kostnaður hér að meðaltali 3700 kr. á hvern km, og er þá miðað við akfæra vegi eingöngu. Í Noregi eru opinberir vegir alls rúmlega 46 þús. km eða aðeins um 5 sinnum lengri en akfærir vegir voru hér 1953, þó að íbúatala sé meir en tvítugföld, en meðalviðhaldskostnaður varð 1953 um 10 þús. ísl. kr. á hvern km og er þá miðað við svipað verðlag á vinnukostnaði o. fl. og hér er. Er þar þó ekki meðtalinn eins og hér viðhaldskostnaður brúa né endurbætur veganna.

Af norsku vegunum eru í flokki byggðavega um helmingur, og var viðhaldskostnaður þeirra um ísl. kr. 6450.00 á hvern km, talið á sama hátt og fyrr. Hvernig sem á þennan samanburð er litið, eru fjárveitingar okkar til viðhaldsins miklu minni hlutfallslega en í Noregi. Er því ekki óeðlilegt, að okkar vegir séu ótraustari og lakari.

Þar eru og vegirnir að langmestu leyti með malarslitlagi (aðeins um 5% malbikaðir eða steyptir). Hér er umferð á nokkrum vegum komin langt fram úr því, sem veikbyggðir malarvegir þola, og því síður hér á landi sem víða fæst ekki með viðráðanlegum kostnaði nothæf eða góð möl í slitlag veganna. Fjárveitingar til að gera traust slitlag á þessa kafla hafa ekki fengizt og jafnvel ekki nema af skorn-

um skammti til þess að halda nokkrum helztu aðalvegum svo í horfinu, að þeir þoli vaxandi umferð bifreiða, sem þyngjast að heita má með hverju ári.

Vissulega er þess brýn þörf að hefjast handa um stórbætt slitlag á aðalvegina og þá sérstaklega að malbika það eða steypa, en það kostar æðimikið fé, svo sem flutningsmönnum tillögunnar er ljóst og kemur fram í greinargerð.

Skulu hér gefnar nokkrar upplýsingar í því efni.

Áður en kemur til að leggja slitlag úr malbiki eða steypu á veg, verður undirlagið að vera hæfilega traust og þykkt úr möl eða grjótpúkki, svo að slitlagið springi ekki undan umferðinni eða frosti, og er svo ástatt um flesta aðalvegina, að allmiklu verður að kosta til slíkra endurbóta. Þá þarf og víða að hækka vegarkafla, bæta fráræslu eða jafnvel breyta vegi á köflum, áður en kostað yrði til um alldýrt slitlag. Enn þarf víðast að breikka slíka kafla, þannig að akbrautin verði 6—7 m breið auk 1 m breiðrar malborinnar brúnar utan akbrautarinnar.

Þar sem engin fjárveiting hefur enn fengizt til þess að gera varanlegt slitlag á vegi, hafa aðeins verið gerðar mjög lauslegar áætlanir um slíkar endurbætur sem fyrr greinir, en vænta má, að þær kosti til jafnaðar 150—200 þús. kr. á hvern km vegar.

Áætlun hefur verið gerð um slitlag úr steinsteypu og miðað við, að notaðar verði nýtízku vélar, hæfilega stórvirkar, til að blanda, dreifa úr og þjappa steypuna. Miðað er við 20 cm þykkt steypulag, hæfilega járnbent. Með núverandi verðlagi er áætlað, að hver lengdarmetri í 6 m breiðri akbraut kosti kr. 690.00.

Af heildarkostnaði er:

Mannavinna	8.5 %
Vélavinna	19.2 —
Steypuefni	29.6 —
Sement	34.7 —
Járn	4.7 —
Annar kostnaður	3.3 —
	100.0 %

Miðað er hér við sementsverð 600 kr. hver smálest. Í hvern km vegar þarf um 400 smál., eða fyrir 240 þús. kr. Ef kæmi að því, að innlent sement fengist fyrir 400 kr. smálestin, mundi áætlunin lækka um 80 þús. kr. á km.

Malbikað slitlag er af ýmissi gerð og með nokkuð mismunandi kostnaði eftir styrkleika. Það mundi verða nokkru ódýrara en steinsteypa, en þyrfti meira viðhald.

Ef miðað er við steypuslitlag, má þannig áætla, að kostnaður verði um 850—900 þús. kr. hver km, að meðtöldum líklegum umbótum vegar, sem fyrir er.

Þeir vegakaflar, sem sérstaklega koma til greina um slíkar gagngerðar endurbætur, eru þessir:

1.	Mosfellssveitarvegur að vegamótum Þingvallavegar	um 11.0 km
2.	Suðurlandsbraut frá Elliðaám að Lækjarbotnum	— 10.5 —
3.	Keflavíkurvegur frá Hafnarfirði til Keflavíkur	— 40.0 —
4.	Flóavegur frá Ölfusárbrú að Mjólkurbúi Flóamanna	— 1.5 —
5.	Ölfusvegur frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli að Ölfusárbrú	— 2.5 —
6.	Kræklingahlíðarvegur og Eyjafjarðarbraut næst Akureyri	— 7.5 —
		Samtals um 73.0 km

Má þannig gera ráð fyrir, að kosta muni eitthvað nálægt 62—66 millj. kr. að gera steypt slitlag á þessa fáu og stuttu kafla. Malbikun sumra kaflanna yrði þó allmiklu ódýrari á hvern km, því að undirbygging þeirra þarf ekki mikilla endurbóta. Þetta yfirlit gefur nokkra hugmynd um kostnað við að gera varanlegt slitlag

á vegi, en það má vissulega telja, að tímabært sé að gera frekari rannsóknir á því, með hverjum hætti sé hagkvæmast að snúast að þessum framkvæmdum, svo sem er efni tillögunnar.

Af greindum köflum er mest þörf á að taka fyrir Keflavíkurveginn, enda er þar nú mest umferð, um og yfir 1000 bílar að jafnaði á dag, en má að vísu vænta, að nokkuð minnki þungaumferðin, ef byggð verður höfn í Njarðvík. Væri langmest þörf að taka fyrst fyrir kaflann frá vegamótum hjá flugvallarhliðinu til Keflavíkur. Hann er aðeins um 2.5 km að lengd, en þarf að hækka verulega og breikka, svo og gera þar gangstíg, en dagleg umferð á þessum kafla er jafnaðarlega um 1500 bifreiðar, þar er og talsverð umferð gangandi manna.

Í sambandi við almennar óskir um varanlegt slitlag á aðalvegi landsins er stundum minnst á veginn frá Reykjavík til Akureyrar, sem er um 450 km. Steyptur vegur 6 m breiður alla þessa leið mundi kosta eitthvað nálægt 400 millj. kr., og geri ég ráð fyrir, að ekki þýði um slíkt að ræða, enda er umferð þessa leið alla, að telja má, svo lítil, að hún réttlætir alls ekki svipaðan kostnað sem hér um ræðir. Samkvæmt því, sem almennt er talið, t. d. í Noregi og Svíþjóð, þarf dagleg meðalumferð að vera 250—350 bifreiðar, áður en kemur til greina, að hagkvæmt þyki að gera varanlegt slitlag á veg.

Það virðist þannig sýnt, að við verðum að sætta okkur við, að — að heita má — nær allir aðalvegir hér verði með malarslitlagi um nánustu framtíð. Verður þá að leggja mesta áherzlu á að bæta viðhaldið með hagkvæmum vinnubrögðum, svo að vegirnir verði traustari og betri en nú eru þeir, en það þýðir væntanlega enn aukið framlag til viðhalds og endurbóta.

Svo sem hér hefur verið tekið fram, tel ég vegna kostnaðar naumast koma til greina fyrst um sinn að gera varanlegt slitlag nema á tiltölulega fáa kílómetra af öllu þjóðvegakerfinu, og getur það eitt ekki haft nein veruleg áhrif til lækkunar á viðhaldskostnaði veganna í heild, t. d. kostar árlegt viðhald fyrrgreindra 6 vegakafla, samtals að lengd um 73 km, eitthvað nálægt 1.5 millj. kr., og er þar Keflavíkurvegur hæstur, með nær 1.2 millj. kr. hvort árið 1953 og 1954.

Viðhalds- og endurbótakostnaður vegarins frá vegamótum Mosfellssveitarvegar til Akureyrar (um 445 km) kostaði 1953 um 3.6 millj. kr. og 1954 um 4.5 millj. kr. (aukakostnaður um 900 þús. kr. til aðgerða á skemmdum í Skagafirði af skriðuföllum er ekki meðtalinn) og Suðurlandsbrautar frá Reykjavík að Ytri-Rangá (um 95 km) 1953 um 1.5 millj. kr. og 1954 um 2.9 millj. kr.

Mér þykir því sýnt, að síðari málsgrein tillögunnar muni ekki ná tilætluðum tilgangi, auk þess sem ég tel ekki réttmætt að tala um óhóflega sóun fjármuna til vegaviðhaldsins.

Með tilliti til, að viðhald malarveganna þarf enn að bæta mjög með hagkvæmum vinnubrögðum og aukinni þekkingu, þá vil ég leggja til, að síðari málsgrein tillögunnar verði breytt nokkuð. Hins vegar er það og vitanlegt, að með bættum vegum lækkar mjög rekstrarkostnaður ökutækjanna, enda er það vissulega einn aðaltilgangur bættra vega að lækka þennan kostnað.

Fyrir nokkrum árum gerði ég yfirlitsáætlun um þennan kostnað, og væri þörf að gera nú aftur slíkt yfirlit. Til þess að gefa hugmynd um hann, má geta þess, að í Noregi er rekstrarkostnaður 150 þús. bifreiða talinn vera um 1400 millj. n. kr., sem er um 8 sinnum hærri upphæð en viðhaldskostnaður allra vega þar í landi. Ef hlutfallið væri svipað hér, mundi rekstrarkostnaður bifreiða hér vera eitthvað ekki fjarri 250 millj. ísl. kr. eða 17—18 þús. kr. á hverja bifreið, sem er æði há upphæð, og mundi vissulega mega lækka þann kostnað verulega með því að verja nokkru fé til frekari endurbóta á vegunum, sérstaklega þar, sem veruleg umferð er.

Virðingarfyllst,
Geir G. Zoëga.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Fylgiskjal II.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 4. janúar 1956.

Tillaga til þingsályktunar á þskj. 74 um athugun á möguleikum fyrir vegagerð í stórum stíl og vegaskatti á bíla.

Með bréfi, dags. 17. des., barst mér til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga.

Í umsögn, dags. 30. des., um tillögu á þskj. 29 um að gera aðalakvegi landsins úr varanlegu efni hef ég gert nokkra grein fyrir möguleikum fyrir vegagerð í stórum stíl, að því er snertir að gera aðalvegi landsins úr varanlegu efni, og vísast til þeirrar greinargerðar um þetta atriði. Eru þar taldir þeir vegakaflar, sem ég tel sérstaklega koma til greina að gera með steyptu eða malbikuðu slitlagi.

Í Bandaríkjunum hefur verið nokkuð gert að því að leggja svokallaða „tollvegi", þar sem tekinn er vegatollur af öllum bifreiðum, er um veginn fara. Til slíkra vegalagninga er venjulega tekið lán, en vextir og afborganir greitt með tekjum þeim, sem fást af vegatollinum. Eru það ýmist opinberir aðilar eða sérleyfishafar, sem taka lánið og annast allar framkvæmdir. Þurfa að vera alveg sérstakar aðstæður, til þess að heppilegt þyki að hafa þessa tilhögun á framkvæmdum, enda eru aðeins örfáir slíkir vegir í Bandaríkjunum. Meðal annars þykir innheimta vegatollsins verða nokkuð kostnaðarsöm, því að innheimtumenn eru á verði við öll vegamót inn á tollveginn. Þykir hentara að nota þetta fyrirkomulag við brýr, og munu vera allmargar stórbrýr með mikilli umferð, þar sem bifreiðar greiða brúartoll. Hvergi í Evrópu hefur þessi tilhögun verið höfð á vegum, að því er mér er kunnugt, nema e. t. v. á einhverjum bifreiðabrautum í Ítalíu, sem fyrst voru byggðar.

Í umsögn minni um tillögu á þskj. 29 um að gera aðalvegi landsins úr varanlegu efni geri ég grein fyrir, að nánar tilgreindir 6 vegakaflar, þar sem mest er umferð, ættu að sitja fyrir um slíkar endurbætur. Allt eru þetta stuttir vegaspottar, sem ekki koma til greina í sambandi við vegatoll, nema Keflavíkurvegurinn.

Um hann hagar þannig til, að ég tel rétt, að athugað verði, hvort gerlegt eða hagkvæmt þætti að endurbæta hann og leggja á hann varanlegt slitlag fyrir lánsfé, er endurgreiðist með vegatolli, enda tel ég að allra ráða verði að leita til að koma í framkvæmd gagngerðum endurbótum á þeim vegi.

Kostnaður við slíkar endurbætur má ætla að ekki yrði fjarri 40 millj. kr. Ef gert væri ráð fyrir, að vextir og afborganir yrðu 10—12% á ári, viðhald 1% og innheimta vegatolls 2%, yrðu árleg gjöld 13—15% af stofnkostnaði eða 5—6 millj. kr. Þessar tölur allar eru aðeins til að gefa hugmynd um, hvað hér er um að ræða. Umferð um veginn er nú nálægt 1000 bifreiðar á dag eða nálægt 350000 á ári. Með 15 kr. gjaldi að meðaltali á hverja bifreið mundi væntanlega fást um 5 millj. kr. á ári, og er því sýnt, að þetta er engin fjarstæða, ef fé fengist til framkvæmda. Þó má búast við, að nokkuð dragi úr umferð, ef höfn verður byggð í Njarðvík.

Mér þykir rétt, að mál þetta, sem tillagan fjallar um, verði athugað, en þar sem það er að nokkru leyti sama efnis og tillagan á þskj. 29, legg ég til, að athugun á vegaskatti verði felld inn í þá tillögu, þannig, að bætt verði aftan við fyrri málsgrein hennar: „og hvort tiltækilegt og æskilegt þykir að hafa þann hátt á, að kostnaður við einstaka vegakafla verði endurgreiddur að einhverju eða öllu leyti með sérskatti af bifreiðum, sem um veginn fara."

Virðingarfyllst,
Geir G. Zoëga.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Sþ. 426. Nefndarálit [136. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Á fundi allsherjarnefndar Sþ. mánudaginn 27. febrúar var samþykkt einróma að mæla með því, að þessi tillaga til þingsályktunar verði samþykkt óbreytt.
Sig. Ágústsson var ekki á fundinum.

Alþingi, 27. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Karl Guðjónsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Emil Jónsson.

Ed. 427. Frumvarp til laga [172. mál]

um framlengingu á eignarskattsauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954 um álag á eignarskatt skulu gilda við álagningu og innheimtu eignarskatts árið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarin ár hefur eignarskattur verið innheimtur með 50% álagi. Ákvæði þetta hefur einungis gilt 1 ár í senn. Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæðið verði framlengt fyrir árið 1956.

Ed. 428. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og l. nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hafði frumvarp þetta til athugunar á sex fundum. Auk þess að bera frumvarpið saman við gildandi lög, er það snertir, sendi hún það til umsagnar Eimskipafélagi Íslands, skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Skipaútgerð ríkisins. Enn fremur ræddi nefndin um frumvarpið við tollstjórann í Reykjavík, fulltrúa hans og fulltrúa úr fjármálaráðuneytinu. Eftir að umsagnir höfðu borizt frá skipafélögunum, sendi nefndin þær tollstjóranum til athugunar, og lét hann nefndinni í té skrifleg svör við athugasemdum þeirra.

Nefndin leggur öll til, að frumvarpið verði samþykkt, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur gagnvart breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Tveir nefndarmanna (GíslJ og LJóh) taka fram eftirfarandi: „Við lítum svo á, að tolleftirlitið í landinu búi hvarvetna við svo örðug skilyrði, að þess sé ekki að vænta, að fullur árangur náist, fyrr en mjög víðtækar umbætur hafi verið gerðar á allri aðstöðu til tollgæzlu. Þær umbætur þurfa mikinn undirbúning, kosta mikið fé og taka langan tíma. En að því ber að stefna, að svo verði gert. Er því nauðsynlegt að hefjast þegar handa um að skipuleggja þær framkvæmdir og gera áætlanir um kostnað þeirra. En einn liður þeirra er lokun tollhafna eða þess hluta þeirra, sem tollvörur fara um, og þó einkum hér í Reykjavík, en frv. gerir ekki ráð fyrir neinum slíkum framkvæmdum.

Eins og áthugasemdir með frv. á þskj. 135 bera með sér, er það í ýmsum atriðum sniðið eftir fyrirmyndum annarra þjóða, sem hafa við allt önnur og betri skilyrði að búa í tollgæzlu, og samrýmast því að okkar áliti ekki þeim aðstæðum, sem hér eru fyrir hendi. Við teljum, að fyrst um sinn sé það bæði nauðsynlegt og affarasælast að hafa fullt samstarf á milli tollgæzlunnar og þeirra aðila, sem annast flutninga og geymslu tollvara, og að á meðan tolleftirlitið er svo háð þeim aðilum sem raun ber vitni um, sé engan veginn rétt eða viturlegt að lögfesta mörg veigamikil atriði, sem beinlínis snerta hagsmuni þeirra, gegn sterkum mótmælum af þeirra hendi, eins og hér er ætlazt til að gert verði. Þá þykir okkur rétt að taka fram, að þótt við séum því fullkomlega sammála, að gera verði allt, sem unnt er og frambærilegt til þess að koma í veg fyrir smygl á tollskyldum vörum, þá verði þó jafnan að hafa gát á því, að ekki sé með því brotið niður það réttaröryggi, sem hver þjóðfélagsþegn á kröfu á í lýðræðislandi, og að kostnaðinum sé jafnframt haldið innan þeirra takmarka, að hann verði ekki mun meiri en hagnaðurinn af eftirlitinu fyrir þjóðina í heild.

Með tilvísun til þessa munum við því bera fram breytingartillögur við 2. umr., er tryggi þessi sjónarmið okkar á málinu, og skrifum því undir með fyrirvara."

Nefndin í heild lítur svo á, að nauðsynlegt sé að afla fjár til þess að koma upp byggingum fyrir tollstöðvar. Flytur hún þar af leiðandi eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:

Frá 1. janúar 1957 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli, um leið og þeir eru innheimtir samkvæmt tollskrá, og viðaukum við þá, svo og öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi samkv. 13. gr. laga nr. 4 frá 1956. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu og/eða kaupa á fasteignum í sama skyni. Ríkisstjórnin úrskurðar um það, hvar og hvenær byggja skuli eða kaupa.

Alþingi, 28. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson, form.
Lárus Jóhannesson, fundaskr., með fyrirvara.
Karl Kristjánsson, frsm.
Gísli Jónsson, með fyrirvara.
H. Guðmundsson.

Ed. 429. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Sama gildir um Samband smásöluverzlana, þegar rætt er um málefni, er það varða.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir orðin „leita samþykkis framleiðsluráðs“ í 1. málsl. komi: leita álits framleiðsluráðs.
   b. Orðin „að dómi framleiðsluráðs“ í 2. málsl. falli niður.
3. Við 3. gr. Fyrir orðin „skal að jafnaði“ í næstsíðasta málsl. komi: skal jafnan.
4. Við 4. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Á eftir V. kafla laganna (28. gr.) komi nýr kafli, er verði VI. kafli, með fyrirsögninni: **Um sölu matjurta, gróðurhúsaframleiðslu og eggja.**
   b. A-, b- og c-liðir falli niður.
   c. D-liður falli niður.
      Til vara: Orðin „og nýtt grænmeti“ falli niður.
   d. E-liður falli niður.
   e. F-liður orðist svo:
      Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag gróðurhúsaeigenda og annarra garðyrkjumanna, enda starfi það á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.
      Sams konar viðurkenningu og með sömu skilyrðum er framleiðsluráði heimilt að veita Sambandi eggjaframleiðenda.
   f. G-liður orðist svo:
      Framleiðsluráð skal vinna að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti, grænmeti og egg á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum. Til þess enn fremur að tryggja sem greiðasta sölu garðávaxta, grænmetis og eggja árið um kring skal framleiðsluráð gera ráðstafanir til þess, að unnt sé að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxta,- grænmetis- og eggjaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.
   g. I-liður orðist svo:
      Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er nánar ákveðið:
      1. um flokkun og mat garðávaxta og grænmetis hvers konar, þ. á m. gróðurhúsaframleiðslu, og enn fremur eggja;
      2. um stofnræktun úrvalstegunda;
      3. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu matjurta og eggja, þegar mikið berst á markaðinn.
5. Við 5. gr.
   a. Orðið „matjurtum“ í 1. málsl. falli niður.
   b. C-liður falli niður.
6. Við 7. gr. Greinin falli niður.
7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 430. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um aukningu vatnsrennslis í Tungulæk í Landbroti og athugun annarra vatna, er koma undan Eldhrauni.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleika á því að tryggja nægilegt vatnsrennsli í Tungulæk í Landbroti, svo að hin sameiginlega rafstöð bænda í austurhluta Landbrots fái nægilegt vatn.

Jafnframt verði athugaðar þær breytingar, sem orðið hafa á öðrum vötnum, er koma undan Eldhrauni, við það, að hraunið fyllist smám saman upp.

Greinargerð.

Sjö býli í Landbroti hafa sameiginlega rafstöð, sem reist var við Tungulæk árið 1946 og endurbyggð 1948. Bæirnir eru Eystri-Tunga, Ásgarður, Hátún, Efri- og Syðri-Vík og Eystri-Dalbær.

Rafstöðin er 42 kw, en nú hin síðari ár hefur hún átt við tilfinnanlegan vatnsskort að búa.

Það er álit kunnugra, að rennsli Tungulækjar hafi farið þverrandi, frá því að stöðin var byggð, og ýmsum getum að því leitt, hvað valda muni.

Árkvíslar Skaftár flæða í vatnavöxtum út úr venjulegum farvegum og bera aur og þétta stöðugt stærra og stærra svæði í Nýja-Eldhrauni (sem rann 1783), svo að minna vatn kemst að öllum líkum niður í hraunið, en upptök Tungulækjar eru einmitt undir austurrönd þess. Og þá mun Skaftá ef til vill grafa sig eitthvað niður fram með heiðinni, norðan hraunsins, og lækka þar með grunnvatnsstöður í hrauninu, en ætla má, að sú breyting gangi svo hægt, að þess verði ekki vart á Tungulæk nema á tímabili, sem nær yfir tugi ára.

Vatnamælingadeild raforkumálastjórnarinnar hefur gert stöðugar vatnamælingar í Skaftá s. l. 5 ár og hefur nú hafið aurburðarrannsóknir þar, þess vegna mun hún vera réttur aðili til rannsókna á Tungulæk, hvort hægt muni að firra nefnd sjö býli vandræðum með því móti að ná vatni úr Skaftá inn í Tungulæk eða gera aðrar ráðstafanir, sem að gagni megi verða.

Þá væri og æskilegt, að jafnframt því, sem mælingadeild raforkumálastjórnarinnar vinnur að vatnamælingum á vatnakerfi Skaftár, yrði deildinni falið að gera sérstaka álitsgerð varðandi vötn, sem falla undan nýja Eldhrauni, þar sem leitazt sé við að svara spurningunni, hvort búast megi við ámóta breytingum á öðrum vötnum, er falla undir jaðri Eldhrauns, eins og nú hafa átt sér stað við Tungulæk. En þau vatnsföll, sem hér um ræðir, eru: Grenlækur, Sýrlækur, Jónskvísl, Steinsmýrarfljót, Meðallands-Eldvatn og Drangalækur.

Vinda þarf bráðan bug að úrbót á vatnsskorti við Tungulæk, ef gerlegt verður talið, og stefnir þáltill. þessi að því, að svo verði gert.

Ed. 431. Lög [134. mál]

um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 384.

Nd. 432. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Samkvæmt sjúkrahúsalögum greiðir ríkissjóður bæjarfélögum allt að ⅖ kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að ⅔ kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús og sjúkraskýli. Ef í hlut eiga fjórðungssjúkrahús, greiðir ríkissjóður allt að ⅗ byggingarkostnaðar. Þessi ákvæði um stuðning ríkisins við byggingu sjúkrahúsa í landinu hafa verið framkvæmd þannig, að styrkurinn hefur eingöngu verið notaður við húsbyggingarkostnað, en ekki látinn ná til kaupa á búnaði.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ríkissjóður greiði hluta kostnaðar vegna kaupa á ákveðnum tækjum til sjúkrahúsa og við lagfæringu á lóð. Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, að hámark styrks samkvæmt frv. skuli vera ⅖ hlutar kostnaðar.

Nefndin sendi landlækni frv. til umsagnar. Í umsögn sinni bendir landlæknir á, að styrkir til sjúkrahúsa gætu orðið of háir. Það yrðu þeir tvímælalaust, ef þeir ýttu undir, að bæjar- og sveitarfélög reistu sjúkrahús, sem þau fá ekki risið undir að reka, að ekki sé talað um, að þau séu reist umfram eðlilegar þarfir. Þá getur landlæknir þess, að í frumvarpinu sé ekki vikið meir en svo frá tíðkanlegri skýrgreiningu á „múr- og naglföstu“, að gerlegt mundi að hafa reiður á, ef vel væri á haldið fyrir hönd ríkissjóðs.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Fyrir orðin „og kostnað við lagfæringu“ í 1. málsgr. komi: og við lagfæringu.
b. Aftan við greinina bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Styrkur ríkissjóðs til kaupa á tækjum samkvæmt þessari málsgrein skal þó ekki nema meiru en ⅖ hlutum af kostnaðarverði tækjanna.

Alþingi, 28. febr. 1956.

Páll Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Gísli Guðmundsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 433. Frumvarp til laga [128. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahrens, Erlendur Arne, húsasmiður í Reykjavík, fæddur 13. okt. 1913 í Danmörku.
2. Blak Nielsen, Willy, rakarameistari í Reykjavík, fæddur 6. des. 1913 í Danmörku.
3. Brinks, Frode, garðyrkjumaður að Reykjalundi í Grímsnesi, fæddur 16. febr. 1921 í Danmörku.

4. Brückner, Carmen, húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 31. maí 1914 í Frakklandi.
5. Brückner, Karl Helmut, dýralæknir í Rangárvallasýslu, fæddur 17. okt. 1915 í Þýzkalandi.
6. Christiansen, Ejnar Daniel Jakob Garðshodn, smiður í Reykjavík, fæddur 8. febr. 1926 í Færeyjum.
7. Devulder, Jutta Georgette Anni, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd 26. júní 1931 í Þýzkalandi. Fær réttinn 18. júlí 1956.
8. Fender, Marie Anna, húsmóðir í Reykjavík, fædd 17. júlí 1910 í Þýzkalandi. Fær réttinn 25. apríl 1956.
9. Fick, Maria Elisabeth, húsmóðir í Hrísdal í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu, fædd 19. febrúar 1925 í Þýzkalandi.
10. Filbert, Karl Wilhelm Johansen, málari í Reykjavík, fæddur 5. des. 1919 í Danmörku.
11. Gandil, Ernst Wally, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. marz 1938 í Danmörku.
12. Gandil, Hedda Louise, símastúlka í Reykjavík, fædd 17. ágúst 1933 í Danmörku.
13. Gotfred, Berthina, ráðskona í Reykjavík, fædd 24. des. 1907 í Færeyjum.
14. Hansen, Eskild Henrik, verkamaður í Sandgerði, fæddur 1. sept. 1920 í Færeyjum.
15. Holm, Flemming, cand. oecon., Reykjavík, fæddur 16. júní 1928 í Færeyjum.
16. Isaksen, Niclas Anthon Christian, vélstjóri, Njarðvíkurhreppi, fæddur 27. maí 1918 í Færeyjum.
17. Johannesen, Peter Herluf, verkamaður á Fáskrúðsfirði, fæddur 13. júní 1929 í Færeyjum.
18. Jensen, Carlo Marinus, vefari á Álafossi, fæddur 18. okt. 1918 í Danmörku.
19. Jensen, Jón Harry, sjómaður, Sandhólaferju, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu, fæddur 7. nóv. 1939 í Danmörku.
20. Jensen, Leif Guido, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. jan. 1939 í Danmörku.
21. Kissmann, Dorothea, húsmóðir í Hörgsdal á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu, fædd 24. maí 1926 í Þýzkalandi. Fær réttinn 11. sept. 1956.
22. Körner, Anneliese Ruth, húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 29. janúar 1929 í Þýzkalandi.
23. Meckle, Olga, húsmóðir í Höfn í Hornafirði, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.
24. Mikulcak, Miroslav Randolph, forstjóri í Reykjavík, fæddur 10. sept. 1927 í Tékkóslóvakíu.
25. Müller, Erna, húsmóðir á Signýjarstöðum í Hálsasveit í Borgarfjarðarsýslu, fædd 24. júlí 1931 í Þýzkalandi.
26. Müller, Kurt Heinrich Friedrich, járnsmiður, Seltjarnarnesi, fæddur 25. nóv. 1921 í Þýzkalandi.
27. Nagel, Hans Peter, nemandi í Reykjavík, fæddur 21. okt. 1937 í Þýzkalandi.
28. Nielsen, John Fog, verkamaður, Felli í Mosfellssveit, fæddur 31. ágúst 1933 í Danmörku.
29. Olsen, Martin Kornelius, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur 30. nóv. 1907 í Noregi.
30. Riba, José Magrina, hljóðfæraleikari, Kópavogi, fæddur 2. okt. 1907 á Spáni.
31. Riba, Pedro Magrina, nemandi, Kópavogi, fæddur 22. okt. 1935 á Spáni.
32. Thorsteinsen, Johannes Andreas Edmund, verkamaður í Njarðvíkurhreppi, fæddur 24. okt. 1924 í Færeyjum.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **434. Nefndarálit** [63. mál]

um frv. til laga um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og sent það húsnæðismálastjórn og Landsbankanum til umsagnar. Eru umsagnirnar prentaðar með nefndarálitinu.

Frv. er í sex köflum, auk 1. gr., sem er utan kafla, og bráðabirgðaákvæði. I. kafli er um verkamannabústaði, II. kafli um byggingarsamvinnufélög, III. kafli um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, IV. kafli um lánadeild smáíbúðarhúsa, sem gert er ráð fyrir að taki til starfa á ný, V. kafli um rétt einstaklinga til veðlána og VI. kafli um innflutning byggingarefnis o. fl. Í innganginum (1. gr.) eru sérstök ákvæði um fjárfestingarleyfi til viðbótar þeim, sem nú eru í lögum. Í I. kafla er gert ráð fyrir að verja nokkrum hluta núverandi tekna ríkissjóðs til íbúðalána samkvæmt þessum kafla, og yrði þá að leggja á nýja skatta sem því svarar svo og til að afla 30 millj. kr. stofnfjár til lánadeildar smáíbúða, sem ríkissjóður ætti að leggja fram samkvæmt IV. kafla. Samkvæmt III. kafla veitir ríkissjóður lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, en má taka fé til þess að láni. Í V. kafla eru ákvæði um að skylda seðlabankann til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar, eftir því sem eftirspurn krefur vegna nýbygginga og kaupa á íbúðum, sem ekki eru eldri en 5 ára. Samkvæmt VI. kafla skal innflutningur á byggingarefni vera frjáls, ef nokkur annar innflutningur er frjáls, en ekki er kveðið á um neinn innflutning, sem frjáls skuli vera.

Mikill hluti frumvarpsins er samhljóða ákvæðum, sem eru eða hafa verið í lögum. Er í 52. gr. gert ráð fyrir, að numin verði úr gildi lög frá 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og II. kafli laga frá 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við frv.

Með skírskotun til fyrrnefndra umsagna og með því að nefndinni virðast sum þau úrræði vafasöm, sem frv. gerir ráð fyrir, leggur hún til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem rétt þykir, að í ljós komi, hversu þau lög reynast, er sett voru á síðasta þingi í því skyni að greiða fyrir byggingu íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, telur deildin nýja lagasetningu um þetta efni ekki tímabæra og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur (utanbæjar), þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 1. marz 1956.

Páll Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.

Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal I.

HÚSNÆÐISMÁLASTJÓRN

Reykjavík, 10. janúar 1956.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 2. desember s. l., sent Húsnæðismálastjórn til umsagnar frumvarp til laga um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð

í því skyni. Sem svar við þessum tilmælum vill Húsnæðismálastjórn taka fram eftirfarandi:

Svo sem kunnugt er, var með l. nr. 55/1955, um Húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, stefnt að því að auka fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og leggja grundvöll að því að leysa þetta vandamál til frambúðar. Síðan þessi lög komu til framkvæmda eru liðnir aðeins nokkrir mánuðir, svo að ekki er þess að vænta, að reynsla sé fengin fyrir löggjöf þessari og gildi hennar. Þegar af þessari ástæðu telur Húsnæðismálastjórn mjög óhyggilegt að samþykkja frumvarp það, sem hér er til umsagnar. En auk þess telur Húsnæðismálastjórn, að frumvarp þetta hafi slíka galla efnislega, að ekki sé rétt að lögfesta það.

Virðingarfyllst,
f. h. Húsnæðismálastjórnar,
Jóhannes Nordal,
varaformaður.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. des. 1955.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 3. þ. m., sent Landsbankanum til umsagnar frumvarp til laga um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni. Sem svar við þessum tilmælum vill framkvæmdastjórn Landsbankans taka fram eftirfarandi:

1) Þegar lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru í undirbúningi, var fjáröflun til íbúðabygginga tekin til rækilegrar athugunar. Átti Landsbankinn þátt í undirbúningi málsins og lét þá í ljós þá skoðun sína, að nauðsynlegt væri, að lánveitingar til íbúðabygginga væru byggðar á raunverulegum sparnaði landsmanna sjálfra. Er það skoðun vor, að gengið hafi verið eins langt og frekast var unnt í hinum nýju lögum um fjáröflun til íbúðabygginga. Meira fjármagns verði því aðeins unnt að afla, að trú manna á framtíðarverðgildi peninganna og sparifjársöfnun aukist að nýju.
2) Meginatriði hins nýja frumvarps er að skylda seðlabankann til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar, svo að hægt sé að veita hverjum sem er stór lán til íbúðabygginga. Vér vonum, að fáir séu lengur þeirrar skoðunar, að unnt sé að leysa fjárhagsörðugleika þjóðarinnar með takmarkalausum lánveitingum úr seðlabankanum, sem í raun og veru mundi aðeins geta byggzt á aukinni seðlaveltu. Á slíkum tímum sem þessum, þegar bankarnir eru komnir í stórskuldir við útlönd og ofþensla er á öllum sviðum efnahagslífsins, mundu aukin útlán seðlabankans hafa hinar geigvænlegustu afleiðingar.

Vér teljum ekki ástæðu til að ræða frumvarp þetta frekar að sinni, en af framansögðu ætti að vera ljóst, að vér teljum samþykkt þess hið mesta óráð.

Virðingarfyllst,
Landsbanki Íslands,
Gunnar Viðar. Jón G. Maríasson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Sþ. 435. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslusamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur á fundi 27. febrúar rætt tillögu þessa og sent hana til umsagnar Vinnuveitendasambandi Íslands. Er svar þess birt hér sem fylgiskjal. Nefndin var sammála um að mæla með, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (SÁ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 29. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Emil Jónsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Karl Guðjónsson.

Fylgiskjal.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 22. nóv. 1955.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 8. þ. m., þar sem óskað er umsagnar sambands vors um tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um framleiðslusamvinnufélög.

Vinnuveitendasamband Íslands lítur þannig á, að ekki sé óeðlilegt, að í löggjöf landsins séu reglur um framangreint félagsform atvinnurekstrar, svo að þær séu tiltækar, ef einhverjir aðilar vilja velja sér annað rekstrarfyrirkomulag en það, sem nú er algengast.

Virðingarfyllst,

Vinnuveitendasamband Íslands,
Sverrir Hermannsson.

Ed. 436. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 13. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir:
   Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri ..... kr. 8400.00
   Fyrir einstaklinga ..... — 5280.00
2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að óskertum einstaklingslífeyri, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
3. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru umfram eitt í fjölskyldu og eru á fullu framfæri foreldranna. Auk þess fái einstæðar mæður fjölskyldubætur eftir sömu reglum.

Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvíst er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattaframtali undanfarin þrjú ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annars. Stytta má tímabil þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.

Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:

Með öðru barni í fjölskyldu	kr. 400.00
Með þriðja barni í fjölskyldu	— 600.00
Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu	— 1200.00

4. Við 17. gr. Tvær síðustu málsgreinarnar orðist svo:
   Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 2700.00.
   Tvöfaldur barnalífeyrir skal greiddur vegna munaðarlausra barna.
5. Við 23. gr. 2. málsl. síðustu málsgr. orðist svo:
   Þó má ekki takmarka þessa greiðslu meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái, áður en barnalífeyrir skerðist, sömu upphæð og árslaun almennra verkamanna í Reykjavík, miðað við lágmarkslaun fyrir 2400 vinnustundir á ári.
6. Í stað IV. kafla (Sjúkratryggingar, 45.—59. gr.) komi nýr kafli, **Heilsugæzla,** með 24 greinum, svo hljóðandi:
   a. (45. gr.) Tryggingastofnunin skal vinna að því í samráði og samvinnu við heilbrigðisstjórnina, að látin verði í té skipuleg heilsugæzla, er nái sem bezt til allra landsmanna.
      Heilsugæzla merkir í lögum þessum bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp.
   b. (46. gr.) Heilsugæzlu á vegum tryggginganna annast heilsuverndarstöðvar, sjúkrahús og lækningastöðvar, sem til þess eru viðurkennd af heilbrigðisstjórninni.
      Þar, sem ekki eru heilsuverndar- eða lækningastöðvar, annast héraðslæknar störf þeirra, hver í sínu umdæmi, með aðstoð annarra opinberra heilbrigðisstarfsmanna.
   c. (47. gr.) Heilsuverndar- og lækningastöðvar skulu vera í öllum kaupstöðum og annars staðar þar, sem heilbrigðisstjórnin ákveður með ráði Tryggingastofnunarinnar. Skulu þær settar á stofn og reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum, ef fleiri en eitt sveitarfélag eru um stöð.
      Tryggingastofnuninni er heimilt að setja á stofn og reka stofnanir, sem annast sérstaka þætti heilsugæzlu fyrir allt landið, svo sem vinnulækningar, enda fallist heilbrigðisstjórnin á tilhögun þessarar starfsemi.
   d. (48. gr.) Um framlög ríkisins til að koma upp heilsuverndar- og lækningastöðvum, samkvæmt lögum þessum, gilda sömu reglur og um framlög þess til að reisa sjúkrahús.
   e. (49. gr.) Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, er um getur í 47. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra, svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.
      Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.
      Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.
      Ef saman falla tryggingaumdæmi og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf tryggginganefndar.
   f. (50. gr.) Hlutverk sjúkrahúsa er að veita sjúklingum, er þarfnast sjúkrahúsvistar, nauðsynlega umönnun, hjúkrun og læknishjálp.

Hlutverk heilsuverndarstöðva er að rækja hvers konar heilsuverndarstarfsemi, og telst þar til mæðravernd, barna- og unglingavernd, þar með talið skólaeftirlit og eftirlit með íþróttaiðkunum, berklavarnir, holdsveiki- og sullaveikivarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, almennar farsóttavarnir og andleg heilsuvernd. Enn fremur heilbrigðiseftirlit með vinnustöðum, aðstoð við almennar slysavarnir, híbýlaeftirlit, matvælaeftirlit og manneldisrannsóknir.

Hlutverk lækningastöðva er að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálp sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldar tannlækningar, svo og nuddlækningar og fæðingarhjálp. Enn fremur að annast rannsóknir, er miði að sem fullkomnastri sjúkdómsgreiningu. Lækningastöðvar sjá einnig um nauðsynlega hjúkrun sjúklinga í heimahúsum, að svo miklu leyti sem Tryggingastofnunin ákveður að láta hana í té.

g. (51. gr.) Sjúkrahús, þar með talin einkasjúkrahús, heilsuverndarstöðvar og lækningastöðvar, skulu háð eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, er setur með reglugerð ákvæði um þá lágmarksþjónustu, sem slíkar stofnanir skuli láta í té á hverjum stað, og önnur skilyrði fyrir því, að þær hljóti viðurkenningu, en fylgist síðar með, að öllum slíkum ákvæðum sé fylgt, og metur að öðru leyti gæði þjónustunnar á hverjum stað.

h. (52. gr.) Heilbrigðisstjórnin getur ákveðið, að ein og sama stofnun ræki hlutverk sjúkrahúss, heilsuverndar- og lækningastöðvar, þar sem skilyrði eða staðhættir mæla með því.

i. (53. gr.) Ríkissjóður greiðir laun allra fastra lækna heilsuverndarstöðva og opinberra sjúkrahúsa, svo og héraðslækna og sérfróðra lækna, sem falin eru sérstök störf í þágu heilsugæzlustarfseminnar eða yfirumsjón með einstökum greinum hennar.

Nú telur tryggingaráð (heilsugæzludeild), að nauðsynlegt sé, að fleiri læknar en héraðslæknir einn starfi í læknishéraði, þar sem eigi er rekin heilsuverndarstöð eða lækningastöð, eða slíkar stöðvar geta eigi séð fyrir læknishjálp í héraðinu, svo að fullnægjandi teljist að dómi heilbrigðisstjórnar, og skal þá greiða laun aukalæknis eða aukalækna úr ríkissjóði.

Laun lækna, er veita læknishjálp utan sjúkrahúsa, skulu yfirleitt miðuð við það, að þeim sé heimilt að taka gjald af sjúklingum samkvæmt gjaldskrá.

Ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar gilda eigi lengur en til ársloka 1957 hvað snertir þau tryggingaumdæmi, þar sem skylt er að reka heilsuverndar- og lækningastöðvar.

j. (54. gr.) Ráðherra skipar þá lækna, er um ræðir í 53. gr., og ákveður fjölda þeirra á hverjum stað með ráði tryggingaráðs (heilsugæzludeildar). Eigi má þó fjölga föstum læknum meira en svo, að 1500 íbúar komi að meðaltali á hvern almennan lækni, er starfar að lækningum utan sjúkrahúsa, nema sérstaklega standi á.

k. (55. gr.) Tryggingastofnunin greiðir kostnað við dvöl hinna tryggðu eftir læknisráði á viðurkenndum sjúkrahúsum, heilsuhælum og fæðingarstofnunum, þar með talin læknishjálp, lyf og umbúðir. Greiðir hún slíkan kostnað að fullu og eins lengi og þörf krefur, enda sé nauðsyn sjúkrahúsvistar viðurkennd af tryggingayfirlækni eða öðrum trúnaðarlæknum í umboði hans.

Heimilt er Tryggingastofnuninni, ef sérstaklega stendur á, að greiða kostnað við dvöl á viðurkenndum hjúkrunarheimilum eftir reglum, sem heilbrigðisstjórnin setur.

l. (56. gr.) Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar

opinberu heilsugæzlu, sbr. 53. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til ¼ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir læknar, héraðslæknar og aukalæknar samkv. 53. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp í læknishéraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálp.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálp ¾ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem svarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálp umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarandi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris, börn þeirra, munaðarleysingjar eða þeir, sem njóta slysabóta, skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálp, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

m. (57. gr.) Tryggingastofnunin semur við sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir og heilsuverndar- og lækningastöðvar, sbr. 46. gr., um að annast lækninga- og heilsuverndarstarfsemi samkvæmt þessum kafla.

Ef ekki takast samningar, úrskurðar heilbrigðisstjórnin greiðslurnar, og skal þá miða við, að stofnanirnar fái greiddan eðlilegan kostnað vegna þeirrar þjónustu, er þær láta í té, að undangengnu mati samkvæmt 51. gr.

Það skal tekið fram í samningi samkvæmt 1. mgr. eða ákveðið í úrskurði samkvæmt 2. mgr., að ágóða af rekstri þeirra stofnana, er þar getur, skuli varið til að bæta og fullkomna þá þjónustu, sem þær láta í té. Skal Tryggingastofnuninni heimill aðgangur að bókhaldi þeirra til að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis.

n. (58. gr.) Tryggingastofnunin skal greiða að fullu þau lyf, sem sjúklingum er lífsnauðsyn eða brýn nauðsyn að nota að staðaldri að dómi læknis, enda sé sannað með læknisvottorði og rannsókn, er tryggingayfirlæknir metur gilda, að um slíka nauðsyn sé að ræða. Önnur nauðsynleg lyf og umbúðir skulu greidd að hálfu. Tryggingastofnunin greiðir þó aðeins lyf og umbúðir, sem ávísað er með lyfseðli af lækni, sem hlotið hefur ótakmarkað lækningaleyfi, eða af staðgöngumanni hans.

Tryggingastofnunin lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem um getur í 1. mgr., og skal hún staðfest af heilbrigðisstjórninni. Skrá þessi skal endurskoðuð eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en annað hvert ár.

o. (59. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgenskyggningu og töku röntgenmynda, enda séu slíkar rannsóknir framkvæmdar að fyrirlagi læknis og af læknum eða stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin samþykkir. Enn fremur skal greiða að fullu lyf þau og efni, sem nauðsynleg eru til slíkra rannsókna.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum. Ef samningar hafa ekki tekizt, skal endurgreitt eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur.

p. (60. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við röntgen- og radiumlækningar í viðeigandi tilfellum. Þó greiðist kostnaður við slíkar lækningar aðeins, ef þær eru framkvæmdar í stofnunum, sem heilbrigðisstjórnin hefur viðurkennt í þessu skyni.

q. (61. gr.) Tryggingastofnunin greiðir að fullu kostnað við vefjarannsóknir og líffræðilegar rannsóknir, sem nauðsynlegt er að gerðar séu á sérstökum stofnunum, enda sé þær rannsóknir gerðar að fyrirlagi læknis.

Um greiðslur þessar fer eftir samningum, en takist samningar ekki, skal endurgreiða sjúklingum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur. Tryggingaráð ákveður, hvaða rannsóknir hér komi til greina.

r. (62. gr.) Tryggingastofnunin greiðir ljósmæðrahjálp í heimahúsum eftir gjaldskrá, er heilbrigðisstjórn setur.

s. (63. gr.) Tryggingastofnuninni er heimilt að láta í té hjúkrun eða aðstoð í heimahúsum, er nauðsyn krefur að dómi læknis. Slík aðstoð skal þó aðeins látin í té, er alveg sérstaklega stendur á, og þá eftir nánari reglum, er tryggingaráð setur.

t. (64. gr.) Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálp erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir, nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis og sérfræðinganefndar, að bót fáist ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

u. (65. gr.) Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Trygginganefnd umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 300000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna trygginganefndar umdæmisins um hana.

v. (66. gr.) Auk sjóða þeirra, sem um getur í 65. gr., skal stofna sjóð, er sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

a. að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 67. gr,. og

b. að veita endurgreiðslur samkv. 68. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- eða sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 300000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meiru en ⅔ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í a-lið, og aldrei meiru en ⅓ til þeirra nota, sem ákveðin eru í b-lið.

x. (67. gr.) Fé þeirra sjóða, sem um getur í 65. gr., skal varið til að endurgreiða 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við ferðir lækna til sjúklinga, að undanskildum 10 km, og 75% af óhjákvæmilegum kostnaði við flutning sjúklinga í sjúkrahús. Endurgreiðslur þessar eru miðaðar við það, að þess læknis hafi verið vitjað, sem er héraðslæknir á þeim stað, þar sem sjúklingurinn er búsettur, eða þess læknis í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sem hægast og ódýrast hefði verið að vitja með tilliti til samgangna á hverjum stað. Á sama hátt eru endurgreiðslur vegna sjúkraflutnings miðaðar

við, að flutningurinn sé til þess sjúkrahúss, sem stytzt er eða ódýrast að komast til, enda komi vist í því sjúkrahúsi sjúklingnum að fullum notum með tilliti til sjúkdóms hans að dómi læknis.

Ef endurgreiðslur eins árs samkv. 1. mgr. nema svo miklu, að sjóðurinn hrökkvi eigi til, skal hlutaðeigandi sveitarfélag greiða hallann, en fær þá hluta af þeirri upphæð endurgreiddan úr sjóði þeim, sem um getur í 66. gr., a-lið, eftir því sem sá sjóður hrekkur til, en þó aldrei yfir 50%.

y. (68. gr.) Nú verður maður fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en á ekki rétt til greiðslu úr sjóði, sbr. 64. gr., og er Tryggingastofnuninni þá heimilt að greiða þann kostnað að nokkru eða öllu leyti eftir umsókn hans, sbr. b-lið 6. gr.

Varatillögur:

1. Við 53. gr. Stafliður b orðist svo:
   Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins.
2. Við 59. gr. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður skulu hvor um sig greiða til sjúkrasamlaganna jafnháa fjárhæð og greiddum iðgjöldum nemur.

7. Við 60. gr. Í 2. málsgr. bætist nýr stafliður, er verði a-liður, svo hljóðandi:
   Fjölskyldubætur og barnalífeyrir.

Ed. 437. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og l. nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 4. gr. Orðin „en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir“ í næstsíðasta málsl. falli niður.
2. Við 5. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Nú hefur innsigli farmrúms eða annarra staða í skipi áhættu í för með sér fyrir öryggi farms, skips eða manna eða það veldur verulegum töfum á afgreiðslu skipsins, og getur þá skipstjóri krafizt þess, að tollgæzla sé sett um borð í skipið, svo lengi sem áhættan varir, útgerðinni að kostnaðarlausu, en skylt er útgerðinni að láta tollgæzlunni í té allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að auðvelda tolleftirlitið og gera það öruggara, enda hafi það ekki verulegan kostnað í för með sér.
3. Við 6. gr. 1. tölul. falli niður.
4. Við 7. gr. Meginmálsgreinin orðist svo:
   Ferming og afferming skipa skal jafnan fara fram á þeim stað í höfn, sem tryggir öruggt tolleftirlit, að svo miklu leyti sem því verður við komið að dómi hafnaryfirvalda, enda rýri það ekki öryggi skips, farms eða manna, sem við það starfa, eða torveldi verulega afgreiðslu skipsins.
5. Við 10. gr. Meginmálsgreinin orðist svo:
   Meðan afferming skips fer fram á fyrstu tollhöfn, sbr. 7. gr., er tollgæzlunni heimilt að afgirða hæfilegt athafnasvæði umhverfis skipið og loka allri umferð um það. Skal þá öll umferð og allar vörur úr skipi fara um þar til gert tollgæzluhlið. Auk þess sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim og heimil leit og rannsókn á mönnum, vörum, bifreiðum og sérhverju öðru því, sem um tollgæzluhliðið fer. Stjórnendum farartækja og

öðrum, sem um tollgæzluhliðið fara, er skylt að nema staðar, þegar tollgæzlumenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tollgæzlumönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast.

Ef ástæður þykja til, má gera sams konar ráðstafanir, hvar og hvenær sem skip er affermt, þótt það hafi áður verið tollafgreitt á fyrstu höfn.

6. Við 13. gr. 2. tölul. falli niður.
7. Við 14. gr.
   a. Á eftir orðunum „að eigi séu í skipinu“ í 1. tölul. komi: eftir því sem hann bezt veit.
   b. Í stað orðanna „að láta þeim í té nákvæmar skrár“ í síðustu málsgr. komi: að láta þeim í té svo nákvæmar skrár sem mögulegt er.
8. Við 15. gr. 2. tölul. falli niður.
9. Við 18. gr. B-liður falli niður.
10. Við 24. gr. Í stað greinarinnar komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd til þess að semja heildarlöggjöf um tollgæzlu, er miði að því að gera tolleftirlitið svo einfalt og öruggt sem kostur er á, m. a. með því, að komið verði upp tollbúðum og vörugeymslu fyrir tollskyldar vörur á innilokuðum hafnarsvæðum, sem tryggi hagkvæmari og öruggari tollgæzlu og jafnframt sem minnstan flutningskostnað tollvara á milli tollgæzlustöðva, svo og með því að skipuleggja samstarf á milli tollgæzlunnar og þeirra aðila, sem annast flutning og geymslu tollskyldra vara.

Skal nefndin skipuð þannig: einn samkvæmt tilnefningu hvers eftirtalinna aðila: Eimskipafélags Íslands, skipadeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurhafnar, en auk þeirra húsameistari ríkisins og tollstjórinn í Reykjavík, og er hann formaður nefndarinnar. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað til ríkisstjórnarinnar áliti, tillögum og frumvarpi til laga um tollgæzlu fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

Ed. 438. Lög [159. mál]

um skattfrelsi Nóbelsverðlauna Halldórs Kiljans Laxness.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 396.

Nd. 439. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsgr.:

Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins. Styrkur ríkissjóðs til kaupa á tækjum samkvæmt þessari málsgrein skal þó ekki nema meiru en ⅔ hlutum af kostnaðarverði tækjanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra einnig ná til sjúkrahúsa, sem tekin hafa verið í notkun síðan 1. janúar árið 1952.

Sþ. 440. Nefndarálit [148. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um fiskmat.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 338, um endurskoðun laga um fiskmat. Hún hefur leitað álits fiskmatsstjóra og fiskimálastjóra um efni tillögunnar, og eru umsagnir þeirra birtar hér með sem fylgiskjöl.

Aðalefni till. er, að skipuð sé 5 manna nefnd til þess að annast endurskoðun á gildandi lögum um fiskmat. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar frá Fiskifélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og auk þess einn maður skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Gert er ráð fyrir, að nefndin athugi sérstaklega, hvernig bæta megi úr ágöllum, sem fram hafa komið á íslenzkri framleiðslu, og enn fremur, hvort ekki sé rétt að ráða alla fiskmatsmenn sem opinbera starfsmenn, sem taki laun úr ríkissjóði.

Það er álit fjárveitinganefndar, að ekki sé brýn nauðsyn á skipun sérstakrar nefndar til þess að endurskoða lögin um fiskmat. Ekki hefur verið bent á nein sérstök ákvæði laganna, sem aðkallandi sé að breyta. Hins vegar er upplýst, að stöðug athugun og endurskoðun fer fram á reglugerðum, sem í gildi eru um allt það, sem lýtur að framkvæmd fiskmatsins. Slík athugun er óhjákvæmileg vegna tíðra breytinga á verkun aflans og kröfum einstakra viðskiptalanda.

Nefndin lítur svo á, að sjálfsagt sé, að fulltrúum þeirra aðila, sem tillagan gerir ráð fyrir, verði gefinn kostur á að fylgjast með öllum slíkum meiri háttar breytingum og athugunum, sem gerðar kunna að verða.

Fjárveitinganefnd er þeirrar skoðunar, að ekki sé tiltækilegt að gera alla fiskmatsmenn að ríkisstarfsmönnum. Það mundi óhjákvæmilega kosta ríkissjóð allmikil aukin útgjöld, nema horfið yrði að því ráði að skattleggja fiskeigendur til þess að mæta auknum kostnaði af fiskmatinu, en slíkt mundi þá stórauka útgjöld þeirra.

Með tilvísun til framanritaðs leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 2. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson, frsm.
Jónas G. Rafnar.	Jón Kjartansson.	Hannibal Valdimarsson.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.	Magnús Jónsson.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 22. febr. 1956.

Vér höfum móttekið bréf hv. fjárveitinganefndar, dags. 9. þ. m., þar sem óskað er umsagnar vorrar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um fiskmat, á þskj. 338.

Lög þau um fiskmat, sem nú eru í gildi, voru sett árið 1948, eftir að ýtarleg athugun hafði farið fram á þeim málum öllum. Að undirbúningi þeirrar lagasetn-

ingar unnu m. a. Sveinn Árnason þáverandi fiskmatsstjóri og Bergsteinn Á. Bergsteinsson núverandi fiskmatsstjóri.

Samkvæmt þeim lögum hafa síðan verið settar reglugerðir og fyrirmæli um framkvæmd matsins á hinum ýmsu afurðum. Segja má, að reglugerðirnar svo og öll framkvæmd fiskmatsins sé stöðugt undirorpin breytingum, sem reynslan leiðir í ljós að nauðsynlegt sé að gera, og koma þar aðallega til breyttar kröfur um verkun fisksins fyrir hina ýmsu markaði.

Komi upp þau vandamál, sem krefjast breytinga á matsreglum, getur það ráðuneyti, sem hefur á hendi yfirstjórn fiskmatsins, að sjálfsögðu gripið til nauðsynlegra ráðstafana. Hefur það reyndar oftar en einu sinni komið fyrir, að ráðuneytið hefur að gefnu tilefni gert sérstakar ráðstafanir í sambandi við breytta framkvæmd á fiskmatinu.

Í tillögunni er m. a. bent á, hvort ekki muni kleift að gera fiskmatsmenn alls staðar að opinberum starfsmönnum, er fái laun greidd úr ríkissjóði, í stað þess sem nú er, að fiskeigendur greiði matsmönnum laun.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að allir yfirfiskmatsmenn eru fastlaunaðir starfsmenn ríkisins, en vér teljum hins vegar, að af því að gera alla fiskmatsmenn að föstum starfsmönnum mundi leiða svo óhæfilegan kostnað, að ekki komi til mála, að slíkt verði gert. Að vísu benda flutningsmenn á, að auknum kostnaði, sem af þessu leiddi, mætti ná upp aftur með því að láta fiskeigendur greiða matsgjald og ríkissjóður slyppi þannig við hinn aukna kostnað. Vér teljum hins vegar ófært að bæta slíkum kostnaði á framleiðsluna, þar sem líka vafasamt má telja, að þetta fyrirkomulag yrði til bóta. Flutningsmenn geta réttilega um hið góða og trausta álit, sem íslenzk fiskframleiðsla var í fyrir styrjöldina seinni, en þá var einmitt sama fyrirkomulag á skipun matsmanna og enn er í gildi.

Þá er enn eitt atriði, sem rétt er að benda á í þessu sambandi. Ef matsmenn yrðu starfsmenn ríkisins, fylgdi því að sjálfsögðu, að ríkið yrði að bera alla ábyrgð á störfum þeirra, og skaðabótaábyrgð hvíldi því á ríkinu.

Út af því, sem segir í greinargerð tillögunnar um matsmenn í frystihúsunum, er rétt að geta þess, að mjög víða, eða þar sem framleiðslumagnið er verulegt, mun nú svo komið, að verkstjóri og matsmaður er ekki sami maður, heldur er sérstakur matsmaður, sem lærður er á námskeiðum sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Í tillögunni sjálfri og enn frekar í greinargerðinni er gert ráð fyrir því, að nefnd sú, sem skipuð yrði, ætti ekki aðeins að undirbúa lög um fiskmat, heldur einnig að finna leiðir til að bæta úr ágöllum þeim, „sem fram þykja hafa komið á íslenzkri fiskframleiðslu og íslenzku fiskmati undanfarin ár".

Til þess að geta gert tillögur um slíkt þyrfti að sjálfsögðu að fara fram mjög ýtarleg athugun á öllum þáttum fiskframleiðslunnar, og verður að teljast fráleitt, að slíkt gæti skeð á fáum mánuðum, eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Með tilliti til þess, sem að framan segir, teljum vér, að ekki sé nauðsyn lagabreytinga í því skyni að bæta fiskmatið, heldur sé hér um reglugerðaratriði að ræða, en með því að reglugerðirnar og framkvæmd matsins eru stöðugt í athugun af þeim aðilum, sem mest eiga undir því, að matið sé gott, svo og fiskmatinu sjálfu, þá teljum vér ekki, að nauðsyn beri til að fara að setja sérstaka nefnd til endurskoðunar laga og reglna, eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Ef tillagan hins vegar yrði samþykkt, þá viljum vér benda á, að vér teljum fráleitt, að framleiðendum og útflytjendum, svo sem Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Samlagi skreiðarframleiðenda, svo að helztu aðilar séu nefndir, skuli ekki ætlað að eiga fulltrúa í nefnd þeirri, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
Davíð Ólafsson.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FISKMATSSTJÓRI

Reykjavík, 22. febr. 1956.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Háttvirt fjárveitinganefnd Alþingis hefur sent mér til umsagnar tillögu til endurskoðunar um fiskmat, ásamt greinargerð.

Sökum þess að ég hef verið erlendis og er nýkominn heim, hef ég ekki getað sent umbeðna umsögn fyrr.

Ég tel ekki óeðlilegt, að lög um fiskmat séu athuguð á nokkurra ára fresti, því að breytingar og þróun eru hraðfara í sjávarútvegsiðnaði sem annars staðar.

Viðkomandi uppástungu flutningsmanna tillögunnar um, að allir fiskmatsmenn væru launaðir af opinberu fé, tel ég, að það væri eðlilegra, þar sem um opinbert mat er að ræða, svo framarlega sem hæstvirt Alþingi álítur það mögulegt fjárhagslega.

Varðandi aðila þá, sem lagt er til í tillögunni að skipi nefnd til að endurskoða fiskmatslögin, leyfi ég mér að gera þá athugasemd, að fleiri eða aðrir aðilar kæmu þar til greina.

Einna mestu erfiðleikar, sem undanfarið hafa steðjað að íslenzkri fiskframleiðslu og fiskmati, er óvönduð meðferð fisks um borð í veiðiskipum, þótt þar séu heiðarlegar undantekningar á. Mundi nú þegar vera þar ærið verkefni að vinna fyrir einn aðilann, sem lagt er til að eigi sæti í nefndinni, þ. e. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, ef Farmanna- og fiskimannasambandið vildi reyna að hafa áhrif á meðlimi sinna samtaka um meiri vöndun við fisk um borð í veiðiskipum.

Með sérstakri virðingu,

B. Á. Bergsteinsson.

Sþ. 441. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um rannsókn til undirbúnings fyrirhugaðri vegagerð í Skagafirði og ákvörðun brúarstæða í því sambandi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur leitað álits vegamálastjóra um tillögu þessa. Hefur Geir Zoëga vegamálastjóri látið nefndinni í té ýtarlega umsögn um málið, og er þar tekið fram, að sú umsögn sé í fullu samræmi við skoðun núverandi vegamálastjóra og Árna Pálssonar yfirverkfræðings.

Eftir að nefndin hefur kynnt sér rækilega umsögn vegamálastjóra, getur hún fallizt á þá skoðun hans, að öll þau meginatriði, sem í tillögunni felast, séu nú þegar það vel rannsökuð, að ekki sé þörf frekari athugana til þess að geta tekið um það endanlega ákvörðun, hversu umræddum vegabótum verði skynsamlegast hagað. Telur því nefndin eðlilegasta afgreiðslu á tillögunni, að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 2. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Jón Kjartansson.	Jónas G. Rafnar.
Halldór Ásgrímsson.	Hannibal Valdimarsson.	Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 26. janúar 1956.

Tillaga til þingsályktunar á þskj. 84 um rannsókn til undirbúnings fyrirhugaðri vegagerð í Skagafirði og ákvörðun brúarstæða í því sambandi.

Með bréfi 17. des. f. á. barst mér ofangreind tillaga til umsagnar.

Tillaga þessi mun framkomin vegna deilu, sem risið hefur um, hvort brú á Norðurá skuli byggð á svonefndu Gvendarnesi innan við Egilsárbæ eða undan Skeljungshöfða, skammt fyrir innan Silfrastaðabæ. Áætlanir hafa verið gerðar um báðar þessar brýr og nauðsynlega vegi að þeim.

Í áætlunum er miðað við, að Egilsá verði brúuð og vegur lagður að Egilsárbænum, hvort brúarstæðið sem valið yrði.

Fyrst er brú þessi komst á brúalög, var gert ráð fyrir brú á Gvendarnesi, rétt innan við Egilsá. Eru þar klappir að beggja megin og ágætt og öruggt brúarstæði fyrir steinsteypta bogabrú 44 metra langa milli klappanna. Síðar var vegna áróðurs frá Kjálkabændum rætt um að flytja brúarstæðið nokkru neðar eða undan Skeljungshöfða og gera þar 80 metra langa steypta brú á eyrunum. Vorið 1954 var brúarstæðið rannsakað, og kom þá í ljós, að ekki er unnt að reka staura undir stöplana, með því að aurinn er stórgrýttur og harður botn, en hins vegar erfitt og dýrt að grafa svo fyrir stöplum, að fyllilega sé öruggt, að ekki grafist undan þeim. Eftir hlaupin miklu í Norðurárdal í júlíbyrjun 1954 þykir og sýnt, að 80 metra brú verði of stutt, en þarna er um 300 metrar yfir eyrarnar, og mundi þurfa minnst 100 m langa brú ásamt varnargörðum við báða brúarenda.

Samkvæmt kostnaðaráætlun í marz 1955 kosta brýr á Gvendarnesi og Egilsá ásamt vegagerðum kr. 1320000.00, en brú undan Skeljungshöfða ásamt brú á Egilsá og vegi að samnefndum bæ kr. 1695000.00, eða 375 þús. kr. meir, og er þá miðað við 80 m langa brú á Norðurá. Með 100 m brú þar hækkar þessi munur um nálægt 225 þús. kr. og yrði þá 600 þús. kr. meiri en um Gvendarnes.

Vegna almennrar verðhækkunar síðan má gera ráð fyrir, að kostnaður hækki um nær 20%, og yrði þá kostnaðarmunurinn 650—700 þús. kr.

Með tilliti til þessa mikla kostnaðarmunar og hins, sem ég tel þó skipta enn meiru máli, hve brúin á Norðurá er þar öruggari, tel ég eindregið, að velja beri brúarstæðið á Gvendarnesi.

Í Kjálkabyggðinni eru 8 bæir, og telja 6 búendur sér gerðan mikinn óleik með því að hafa brúna á Gvendarnesi, þar sem leiðin um hana mundi um 8.3 km lengri vestur yfir Héraðsvötn á Gvendarnesi, hins vegar eru búendur á Egilsá og í Borgargerði, sem telja brúna sér hagkvæmari á Gvendarnesi. Í því sambandi vil ég taka þetta fram:

Öryggi er miklu meira og kostnaður miklu minni um Gvendarnes, svo sem fyrr greinir. Hér kemur og til greina, að alltaf má búast við nokkrum árlegum viðhaldskostnaði á varnargörðum við Skeljungshöfðabrú.

Síðastliðið sumar voru mæld 2 brúarstæði á Héraðsvötnum norðan við Tyrfingsstaði. Er annað brúarstæðið hjá Teigakoti um 2 km neðan við Tyrfingsstaði, en hitt hjá Kláfferjunni um 1 km neðan við Teigakot. Áður hafði verið mælt brúarstæði hjá Tyrfingsstöðum.

Samanburðaráætlanir um brúargerðarkostnað á þessum 3 stöðum hafa ekki verið gerðar, en fullyrða má, að brú hjá Teigakoti yrði sízt dýrari en hjá Tyrfingsstöðum. Auk þess yrði vegagerð að og frá brú þar auðveldari en hjá Tyrfingsstöðum (minni halli að og frá brú).

Má því gera ráð fyrir, að væntanleg brú á Héraðsvötn yrði byggð annaðhvort hjá Teigakoti eða Kláfferjunni, eftir því sem samanburður á kostnaði leiddi í ljós að hagkvæmt yrði, og verða sennilega ekki mörg ár þar til Héraðsvatnabrúin verður byggð.

Leiðin til Sauðárkróks fyrir Kjálkabændur eftir Skagfirðingabraut yrði að sjálfsögðu jafnlöng, hvert hinna þriggja brúarstæða sem valið yrði, eða 55.6 km. En þegar brú á Héraðsvötn hefur verið byggð á öðru hvoru neðra brúarstæðinu, yrði núverandi sýsluvegur frá Reykjum að Litladal (Héraðsdalsvegur) vafalaust framlengdur að Teigakoti (lengdur um 6 km) og sennilega tekinn í þjóðvegatölu. Eftir þeim vegi yrði leiðin frá Flatatungu til Sauðárkróks 45.6 km um brú hjá Teigakoti, eða 4.4 km styttri en um brú hjá Skeljungshöfða. Um brú hjá kláfnum yrði leiðin til Sauðárkróks 43.6 km, eða 6.4 km styttri en um brú hjá Skeljungshöfða. Eru þá fallin aðalrök Kjálkabænda fyrir brúargerð hjá Skeljungshöfða.

Um brú á Héraðsvötnum hjá Teigakoti eða Kláf og um núverandi sýsluveg hjá Héraðsdal fæst því mun skemmri leið af Kjálkanum til Sauðárkróks en um brú á Skeljungshöfða.

Þegar þessi leið yrði fullgerð og Norðurá brúuð hjá Gvendarnesi, fæst jafnframt varaleið yfir Skagafjörð til Akureyrar, sem yrði 3—5 km styttri en vegurinn frá Varmahlíð um Blönduhlíð. Slík varaleið á þessu svæði getur komið sér vel vegna þess, að reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að Norðurlandsvegurinn getur lokazt á þessari leið af ýmsum orsökum, t. d. af vorflóðum í Héraðsvötnum, af völdum Djúpadalsár og af skriðuföllum hjá Silfrastöðum.

Með tilvísun til þessa, er hér hefur verið greint, tel ég, að bezt verði séð fyrir samgöngum fyrir Kjálkabændur með brú á Norðurá hjá Gvendarnesi og á Héraðsvötn hjá Teigakoti eða þar nálægt. Þá er þessi lausn samgöngumála héraðsins einnig álitlegasta leiðin, sem kostur er á til að halda opnum samgöngum við héruðin norðan Öxnadalsheiðar, þegar þjóðvegurinn á leiðinni um Silfrastaðafjall til Varmahlíðar lokast, svo sem dæmi eru til.

Það er og sýnt, að heildarkostnaður við samgöngubætur þessar verður kostnaðarminni en ef Norðurá yrði brúuð hjá Skeljungshöfða, og kostnaður vegasjóðs Skagafjarðarsýslu verður einnig mun minni. Þá er og þannig bezt „tekið tillit til hvors tveggja, þarfa heimilanna, sem þarna eiga hlut að máli, og hinnar almennu umferðar", svo sem bent er á í greinargerð flutningsmanns, að æskilegt sé. Hinu er ekki að neita, að þar til Héraðsvötn verða brúuð, er nokkru lengri leið frá Kjálkabæjunum flestum um Gvendarnes en um Skeljungshöfða.

Norðurárbrú á nú geymslufé, er nemur 920 þús. kr., og má vænta, að allt að 100 þús. kr. afgangur yrði, ef brúin verður byggð hjá Gvendarnesi, sem væri mjög æskilegt að fá heimild til að verja til brúargerðar á Egilsá, en lauslega má áætla, að hún mundi kosta nær 400 þús. kr., og vitanlega væri æskilegast að byggja báðar brýrnar sama árið.

Ég hef rætt mál þetta við viðtakandi vegamálastjóra og Árna Pálsson yfirverkfræðing og er þetta sameiginlegt álit okkar um málið í heild.

Teljum við að málið liggi það ljóst fyrir, að tillaga um frekari rannsókn muni aðeins tefja enn frekar brúargerð á Norðurá.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Sþ. 442. Nefndarálit [142. mál]

um till. til þál. um varnargarð á Eiðinu í Vestmannaeyjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin sendi vitamálastjóra þáltill. þessa til umsagnar, og hafði hann ekkert við það að athuga, að sú rannsókn færi fram, sem tillagan fjallar um. Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara verkfræðilega athugun á því, hvernig megi koma við á Eiðinu í Vestmannaeyjum traustum vörnum gegn tjóni af völdum hafróts, og gera kostnaðaráætlun um verkið.

Alþingi, 5. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Magnús Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.	Jónas G. Rafnar.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.	Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 443. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku.

(Lögð fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku, sem gerð var á tuttugasta og öðru þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1936, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 22. þingsetu sinnar í Genf 22. október 1936, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur varðandi endurskoðun á Samþykktinni um lágmarksaldur barna við sjómennsku, sem gerð var á öðru þingi stofnunarinnar, en þetta mál var á dagskrá þessa þings, og þar sem það hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 24. október 1936, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um lágmarksaldur sjómanna (endurskoðuð) 1936:

CONVENTION

fixing the minimum age for the admission of children to employment at sea (Revised 1936).

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body af the International Labour Office, and having met in its Twenty-second Session on 22 October 1936, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to the partial revision of the Convention fixing the minimum age for admission of children to employment at sea adopted by the Conference at its Second Session, the question forming the agenda of the present Session, and

Considering that these proposals must take the form of an international Convention,

adopts this twenty-fourth day of October of the year one thousand nine hundred and thirty-six the following Convention, which may be cited as the Minimum Age (Sea) Convention (Revised), 1936:

1. gr.

Að því er tekur til þessarar samþykktar, nær orðið „skip“ til allra skipa og báta, af hvaða gerð sem er, sem á sjó sigla, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga, að undanskildum herskipum.

2. gr.

1. Börn innan fimmtán ára aldurs skulu ekki vinna á skipum, öðrum en þeim, sem einungis eru mönnuð meðlimum sömu fjölskyldu.

2. Með lögum eða reglugerðum má þó mæla fyrir um, að heimilt sé að gefa börnum, sem ekki eru yngri en fjórtán ára, leyfi til þess að vinna, ef stjórnarvöld þau, sem með fræðslumál fara, eða önnur viðeigandi stjórnarvöld, sem slík lög eða reglugerðir ákveða, eru þess fullviss, að slík vinna sé barninu til góðs, ef tekið er fullt tillit til heilsu og líkamlegs ástands þess, svo og þess hagnaðar, sem barnið mundi hafa af starfinu í nútíð og framtíð.

3. gr.

Ákvæði 2. greinar skulu ekki taka til starfa, sem börn vinna á skólaskipum eða æfingaskipum, enda samþykki opinbert stjórnarvald slíka vinnu og hafi eftirlit með henni.

4. gr.

Til þess að auðvelda eftirlit með því, að ákvæðum þessarar samþykktar sé hlýtt, skal hver skipstjóri skyldur til að halda skrá yfir alla þá, sem á skipi hans vinna og eru innan sextán ára aldurs, eða lista yfir þá í skiprúmssamningi ásamt fæðingardegi þeirra.

5. gr.

Þessi samþykkt gengur ekki í gildi fyrr en alþjóðavinnumálaþingið hefur gert samþykkt, er sé endurskoðuð útgáfa Samþykktarinnar frá 1919 um lágmarksaldur í iðnaði, og samþykkt, er sé endurskoðuð útgáfa Samþykktar frá 1932 um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað.

Article 1

For the purpose of this Convention, the term "vessel" includes all ships and boats, of any nature whatsoever, engaged in maritime navigation, whether publicly or privately owned; it excludes ships of war.

Article 2

1. Children under the age of fifteen years shall not be employed or work on vessels, other than vessels upon which only members of the same family are employed.

2. Provided that national laws or regulations may provide for the issue in respect of children of not less than fourteen years of age of certificates permitting them to be employed in cases in which an educational or other appropriate authority designated by such laws or regulations is satisfied, after having due regard to the health and physical condition of the child and to the prospective as well as to the immediate benefit to the child of the employment proposed, that such employment will be beneficial to the child.

Article 3

The provisions of Article 2 shall not apply to work done by children on schoolships or training-ships, provided that such work is approved and supervised by public authority.

Article 4

In order to facilitate the enforcement of the provisions of this Convention, every shipmaster shall be required to keep a register of all persons under the age of sixteen years employed on board his vessel, or a list of them in the articles of agreement, and of the dates of their births.

Article 5

This Convention shall not come into force until after the adoption by the International Labour Conference of a Convention revising the Convention fixing the minimum age for admission of children to industrial employment, 1919, and a Convention revising the Convention concerning the age for admission of children to non-industrial employment, 1932.

6. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

Article 6

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

7. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Að teknu tilliti til ákvæða 5. greinar hér að framan, gengur hún í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skrásettar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skrásett.

Article 7

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. Subject to the provisions of Article 5 above it shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

8. gr.

Þegar fullgildingar tveggja aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa verið skrásettar, skal framkvæmdastjórinn án tafar tilkynna það öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Einnig skal hann tilkynna þeim skrásetningu fullgildinga, sem önnur aðildarríki stofnunarinnar kunna að senda honum síðar.

Article 8

As soon as the ratifications of two Members of the International Labour Organisation have been registered, the Director-General of the International Labour Office shall so notify all the Members of the International Labour Organisation. He shall likewise notify them of the registration of ratifications which may be communicated subsequently by other Members of the Organisation.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu

Article 9

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this

hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

Við lok hvers tíu ára tímabils frá gildistöku þessarar samþykktar skal stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar gefa allsherjarþinginu skýrslu um áhrif þessarar samþykktar, og skal hún athuga, hvort æskilegt sé að taka á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

11. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:

(a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma, er það gerðist;

(b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi, enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

12. gr.

Franski og enski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 10

At the expiration of each period of ten years after the coming into force of this Convention, the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall consider the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 11

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides,

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 9 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 12

The French and English texts of this Convention shall both be authentic.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt þessi gekk í gildi árið 1939, og hafa 18 ríki fullgilt hana, þ. á m. Norðurlöndin öll nema Ísland.

Aðalregla samþykktarinnar er sú, að börn innan 15 ára aldurs megi ekki ráða til vinnu á skipum, sem samþykktin tekur til, en það eru hvers konar skip og bátar, sem á sjó sigla, nema herskip. Undanskilin eru einnig skip, sem eru einungis mönnuð meðlimum sömu fjölskyldu.

Heimilt er að kveða svo á með lögum eða reglugerðum, að 14 ára börnum eða eldri skuli leyft að ráðast á skip, ef þar til bær stjórnarvöld telja það æskilegt og barninu til góðs, miðað við heilbrigði þess og aðrar aðstæður. Framangreind ákvæði um lágmarksaldur taka ekki til vinnu á skólaskipum.

Til þess að auðvelda eftirlit með framkvæmd ákvæða samþykktarinnar, skal skipstjóri halda skrá yfir alla unglinga, innan 16 ára aldurs, sem eru á skipi hans, þar sem fæðingardagar þeirra séu tilgreindir.

Í 10. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930 er svo kveðið á, að eigi megi hafa börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi, en í 39. gr. laga um vernd barna og unglinga nr. 29/1947 er lágmarksaldur barna við vinnu á skipum ákveðinn 15 ár, enda hafi þau lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi.

Í hvorugum þessara nefndu laga er skilgreint, hvað teljast skuli skip í merkingu þeirra, og verður því að ganga út frá því, að þau eigi við hvers konar skip og báta, án tillits til stærðar, nema annað sé fram tekið.

Tilgreint ákvæði barnaverndarlaganna fullnægir því ákvæði samþykktarinnar um lágmarksaldur.

Um eftirlit með því, að þessu ákvæði sé framfylgt, er það að segja, að samkv. lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 53/1930, skal lögskrá á öll skip, sem stærri eru en 12 smálestir, og er þá gerð skrá yfir skipshöfnina, þar sem m. a. er greindur fæðingardagur hvers einstaks sjómanns. Skulu skráningarstjórar jafnan rannsaka, hvort nokkuð er því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til.

Eftirlitið með því að lágmarksákvæðinu sé fylgt, að því er tekur til smærri skipa, er fyrst og fremst í höndum barnaverndarnefnda, sbr. lögin um vernd barna og unglinga, nr. 29/1947.

Hið eina, sem komið gæti til álita sem fyrirstaða fyrir því, að hægt væri að fullgilda samþykktina af Íslands hálfu, að óbreyttum aðstæðum, er það, að engin ákvæði eru til um skrásetningu áhafnar á minni skipum en tólf smálesta. Ekki virðist þó gengið svo hart eftir því, að þessu ákvæði sé svo bókstaflega fylgt, að það þurfi að koma í veg fyrir fullgildingu. Má í því sambandi benda á, að skýrsla Norðmanna um framkvæmd samþykktarinnar ber með sér, að í Noregi nær skyldan til þess að lögskrá á skip og gera skipshafnarskrá einungis til skipa, sem eru 100 smálestir eða stærri.

Það virðist því ekkert því til fyrirstöðu að fullgilda megi samþykkt þessa án þess að ný lagasetning komi til.

Sþ. 444. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks.

(Lögð fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 11, um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks, sem gerð var á þriðja þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1921, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

nr. 11, um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 3. þingsetu sinnar í Genf 25. október 1921 samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumála-

CONVENTION

concerning the rights of association and combination of agricultural workers.

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the Interna-

skrifstofunnar, hefur ákveðið að gera í formi alþjóðasamþykktar ákveðnar tillögur um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks, sem er undir 4. dagskrárlið þingsins, og því gerir það eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks 1921, og aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar geta fullgilt í samræmi við ákvæði stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

1. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að tryggja þeim, sem starfa við landbúnað, sama rétt til félagafrelsis og iðnverkamenn njóta og að afnema öll þau lagaákvæði eða önnur ákvæði, er takmarka þenna rétt að því er varðar þá, sem vinna í landbúnaði.

2. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt, sem gerðar skulu eftir fyrirmælum stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

3. gr.

1. Samþykkt þessi gengur í gildi, þegar framkvæmdastjórinn hefur skráð fullgildingar tveggja aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

2. Hún skal þá einungis bindandi fyrir þau aðildarríki, sem látið hafa Alþjóðavinnumálaskrifstofuna skrá fullgildingar sínar.

3. Síðan skal samþykktin ganga í gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildarríki, um leið og fullgilding þess hefur verið skráð hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

tional Labour Office, and having met in its Third Session on 25 October 1921, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to the rights of association and combination of agricultural workers, which is included in the fourth item of the agenda of the Session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts the following Convention, which may be cited as the Rights of Association (Agriculture) Convention, 1921, for ratification by the Members of the International Labour Organisation in accordance with the provisions of the Constitution of the International Labour Organisation:

Article 1

Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to secure to all those engaged in agriculture the same rights of association and combination as to industrial workers, and to repeal any statutory or other provisions restricting such rights in the case of those engaged in agriculture.

Article 2

The formal ratifications of this Convention, under the conditions set forth in the Constitution of the International Labour Organisation, shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 3

1. This Convention shall come into force at the date on which the ratifications of two Members of the International Labour Organisation have been registered by the Director-General.

2. It shall then be binding only upon those Members whose ratifications have been registered with the International Labour Office.

3. Thereafter, the Convention shall come into force for any Member at the date on which its ratification has been registered with the International Labour Office.

4. gr.

Þegar, er fullgildingar tveggja aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa verið skráðar hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, skal framkvæmdastjóri hennar tilkynna það öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Einnig skal hann tilkynna þeim skráningu þeirra fullgildinga, sem önnur aðildarríki kunna að senda honum síðar.

5. gr.

Að teknu tilliti til ákvæða 3. greinar samþykkir hvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, að koma ákvæðum 1. greinar í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1924 og að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að gera þessi ákvæði raunhæf.

6. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að láta hana ná til nýlendna þess, ósjálfstæðra landsvæða og gæzluverndarsvæða í samræmi við ákvæði 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

7. gr.

Aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn skal ekki ganga í gildi fyrr en ár er liðið, síðan hún var skráð hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

8. gr.

Stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal a. m. k. einu sinni á hverju tíu ára tímabili gefa allsherjarþinginu skýrslu um áhrif samþykktar þessarar og athuga, hvort æskilegt sé að taka á dagskrá þingsins endurskoðun eða breytingar á henni.

9. gr.

Franski og enski texti þessarar samþykktar skulu báðir löggildir.

Article 4

As soon as the ratifications of two Members of the International Labour Organisation have been registered with the International Labour Office, the Director-General of the International Labour Office shall so notify all the Members of the International Labour Organisation. He shall likewise notify them of the registration of ratifications which may be communicated subsequently by other Members of the Organisation.

Article 5

Subject to the provisions of Article 3, each Member which ratifies this Convention agrees to bring the provisions of Article 1 into operation not later than 1 January 1924, and to take such action as may be necessary to make these provisions effective.

Article 6

Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention engages to apply it to its colonies, possessions and protectorates in accordance with the provisions of Article 35 of the Constitution of the International Labour Organisation.

Article 7

A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered with the International Labour Office.

Article 8

At least once in ten years, the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall consider the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision or modification.

Article 9

The French and English texts of this Convention shall both be authentic.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt þessi gekk í gildi 1923, og hafa 37 ríki fullgilt hana, þ. á m. Norðurlöndin öll nema Ísland.

Svo er kveðið á í samþykktinni, að tryggja skuli öllum þeim, sem við landbúnað starfa, sama rétt og iðnverkamönnum til þess að stofna og ganga í félög og fella skuli úr gildi hvers konar ákvæði, er skerði þenna rétt.

Samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands eiga menn rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfunum. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp.

Þá segir enn fremur í 1. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, að menn eigi rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

Með framangreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar og laga nr. 80/1938 eru landbúnaðarverkamönnum eins og öðrum tryggð þau réttindi, sem samþykktin krefst. Fullgilding hennar hefur því ekki í för með sér neinar breytingar á gildandi lögum eða reglum hér á landi og gefur ekki tilefni til neinnar nýrrar lagasetningar.

Sþ. 445. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur kyndara og kolamokara.

(Lögð fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 15, um lágmarksaldur kyndara og kolamokara, sem gerð var á þriðja þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1921, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT	CONVENTION
nr. 15, um lágmarksaldur kyndara og kolamokara (1921).	**fixing the minimum age for the admission of young persons to employment as trimmers or stokers (1921).**
Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 3. þingsetu sinnar í Genf 25. október 1921 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur varðandi bann við því, að nokkur maður innan átján ára aldurs vinni sem kyndari eða kolamokari, en þetta var 8. mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um lágmarksaldur kyndara og kolamok-	The General Conference of the International Labour Organisation, Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Third Session on 25 October 1921, and Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to the prohibition of the employment of any person under the age of eighteen years as trimmer or stoker, which is included in the eighth item of the agenda of the Session, and

ara 1921, svo að aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar geti fullgilt hana í samræmi við ákvæði stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

1. gr.

Að því er tekur til þessarar samþykktar nær orðið „skip“ til allra skipa og báta, sem á sjó sigla, hver sem þau eru og hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga, að undanskildum herskipum.

2. gr.

Unglingar innan átján ára aldurs mega ekki vinna sem kyndarar eða kolamokarar á skipum.

3. gr.

Ákvæði 2. greinar skulu ekki taka til:

(a) vinnu unglinga á skólaskipum eða æfingaskipum, enda sé hún samþykkt af opinberu stjórnarvaldi og undir eftirliti þess;

(b) atvinnu unglinga á skipum, sem aðallega ganga fyrir öðru afli en gufu;

(c) unglinga, sem eru a. m. k. sextán ára og ráða má sem kyndara eða kolamokara á skipum, sem eingöngu eru í strandferðum við Indland og Japan, ef læknisskoðun hefur leitt í ljós, að þeir eru líkamlega færir til þess, enda sé farið eftir reglugerðum, sem settar eru að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna í þessum löndum.

4. gr.

Heimilt er að ráða unglinga innan átján ára aldurs sem kyndara eða kolamokara í höfn, þar sem ekki er annarra völ, en þá skulu ráðnir tveir unglingar í hina lausu kyndara- eða kolamokarastöðu. Þessir unglingar skulu vera a. m. k. 16 ára.

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts the following Convention, which may be cited as the Minimum Age (Trimmers and Stokers) Convention, 1921, for ratification by the Members of the International Labour Organisation in accordance with the provisions of the Constitution of the International Labour Organisation:

Article 1

For the purpose of this Convention, the term "vessel" includes all ships and boats, of any nature whatsoever, engaged in maritime navigation, whether publicly or privately owned; it excludes ships of war.

Article 2

Young persons under the age of eighteen years shall not be employed or work on vessels as trimmers or stokers.

Article 3

The provisions of Article 2 shall not apply—

(a) to work done by young persons on school-ships or training-ships, provided that such work is approved and supervised by public authority;

(b) to the employment of young persons on vessels mainly propelled by other means than steam;

(c) to young persons of not less than sixteen years of age, who, if found physically fit after medical examination, may be employed as trimmers or stokers on vessels exclusively engaged in the coastal trade of India and of Japan, subject to regulations made after consultation with the most representative organisations of employers and workers in those countries.

Article 4

When a trimmer or stoker is required in a port where young persons of less than eighteen years of age only are available, such young persons may be employed and in that case it shall be necessary to engage two young persons in place of the trimmer or stoker required. Such young persons shall be at least sixteen years of age.

5. gr.

Til þess að auðvelda eftirlitið með því að ákvæðum þessarar samþykktar sé hlýtt, skal hver skipstjóri skyldur til að halda skrá yfir alla þá, er á skipi hans vinna og eru innan átján ára, eða lista yfir þá í skiprúmssamningi ásamt fæðingardegi þeirra.

6. gr.

Í skiprúmssamningi skal vera stutt ágrip af ákvæðum þessarar samþykktar.

7. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar, sem gerðar eru í samræmi við ákvæði stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Samþykkt þessi gengur í gildi, þegar framkvæmdastjórinn hefur skráð fullgildingar tveggja aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

2. Hún skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki, sem látið hafa Alþjóðavinnumálaskrifstofuna skrá fullgildingar sínar.

3. Síðan skal samþykktin ganga í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, um leið og fullgilding þess er skráð hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

9. gr.

Jafnskjótt og fullgildingar tveggja aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa verið skrásettar hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, skal framkvæmdastjóri hennar tilkynna það öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Einnig skal hann tilkynna þeim skrásetningu þeirra fullgildinga, sem önnur aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar kunna að senda honum síðar.

10. gr.

Að teknu tilliti til ákvæða 8. greinar, samþykkir hvert aðildarríki, sem full-

Article 5

In order to facilitate the enforcement of the provisions of this Convention, every shipmaster shall be required to keep a register of all persons under the age of eighteen years employed on board his vessel, or a list of them in the articles of agreement, and of the dates of their births.

Article 6

Articles of agreement shall contain a brief summary of the provisions of this Convention.

Article 7

The formal ratifications of this Convention, under the conditions set forth in the Constitution of the International Labour Organisation, shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 8

1. This Convention shall come into force at the date on which the ratifications of two Members of the International Labour Organisation have been registered by the Director-General.

2. It shall be binding only upon those Members whose ratifications have been registered with the International Labour Office.

3. Thereafter, the Convention shall come into force for any Member at the date on which its ratification has been registered with the International Labour Office.

Article 9

As soon as the ratifications of two Members of the International Labour Organisation have been registered with the International Labour Office, the Director-General of the International Labour Office shall so notify all the Members of the International Labour Organisation. He shall likewise notify them of the registration of ratifications which may be communicated subsequently by other Member of the Organisation.

Article 10

Subject to the provisions of Article 8, each Member which ratifies this Con-

gildir þessa samþykkt, að koma ákvæðum 1., 2., 3., 4., 5. og 6. greinar í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1924 og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að gera þessi ákvæði raunhæf.

11. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að láta hana ná til nýlendna þess, ósjálfstæðra landsvæða og gæzluverndarsvæða í samræmi við ákvæði 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

12. gr.

Aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Skal það gert með tilkynningu, er send sé framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn gengur ekki í gildi fyrr en ár er liðið frá því, er hún var skráð hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

13. gr.

Stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal a. m. k. einu sinni á hverju tíu ára tímabili gefa allsherjarþinginu skýrslu um áhrif samþykktar þessarar og athuga, hvort æskilegt sé að taka á dagskrá þingsins endurskoðun eða breytingar á henni.

14. gr.

Franski og enski texti þessarar samþykktar skulu báðir löggildir.

vention agrees to bring the provisions of Articles 1, 2, 3, 4, 5 and 6 into operation not later than 1 January 1924 and to take such action as may be necessary to make these provisions effective.

Article 11

Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention engages to apply it to its colonies, possessions and protectorates, in accordance with the provisions of Article 35 of the Constitution of the International Labour Organisation.

Article 12

A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered with the International Labour Office.

Article 13

At least once in ten years, the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall consider the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision or modification.

Article 14

The French and English texts of this Convention shall both be authentic.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt þessi gekk í gildi 1922, og hafa 33 ríki fullgilt hana, þ. á m. Norðurlöndin öll nema Ísland.

Í samþykktinni er svo kveðið á, að enginn maður yngri en 18 ára megi vera kyndari eða kolamokari (lempari) á skipi. Undantekningar gilda um skólaskip og skip, sem aðallega ganga fyrir öðru afli en gufuafli. Einnig má færa aldursmarkið niður í 16 ár að því er tekur til strandferðaskipa í Japan og Indlandi. Þá er og heimilt að ráða 16—18 ára unglinga sem kolamokara eða kyndara, þar sem eldri menn eru ekki fáanlegir, en þá skal ráða tvo í stað eins manns fullorðins.

Skipstjórar skulu halda skrá yfir unglinga innan 18 ára aldurs, sem vinna á skipum þeirra. Í skiprúmssamningi skal vera útdráttur úr samþykkt þessari.

Í 10. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930 segir, að yngri menn en 18 ára megi ekki vera kyndarar eða kolamokarar. Engar undanþágur frá þessu ákvæði eru leyfðar í

lögunum, og ganga þau því að þessu leyti lengra en samþykktin, sem leyfir nokkrar undanþágur í einstökum tilfellum.

Engin ákvæði eru í lögum hér á landi um, að skipstjóri skuli hafa sérstaka skrá yfir unglinga innan 18 ára aldurs, sem á skipi hans eru. Hins vegar virðist ákvæði samþykktarinnar um þetta efni fullnægt með ákvæðum 11. gr. sjómannalaganna um skipshafnarskrár, því að þær greina m. a. fæðingardaga og fæðingarár allra skipverja.

Samkvæmt 11. gr. sjómannalaganna skulu skipverjar allir hafa viðskiptabækur. Í bækur þessar skal skrá skiprúmssamninginn, og einnig skal þar prenta ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða sjómannastéttina. Þetta ákvæði sjómannalaganna virðist fullnægja ákvæði samþykktarinnar um, að útdráttur úr henni skuli prentaður í skiprúmssamningi, því að samkvæmt nefndu lagaákvæði eru prentuð með samningnum m. a. þau ákvæði, sem fjalla um efni samþykktarinnar.

Það virðist því ekkert því til fyrirstöðu að fullgilda samþykkt þessa.

Sþ. 446. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um skipulag á samgöngum innanlands.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd til þess að athuga, hvernig ástatt er um samgöngur innanlands, á landi, á sjó og í lofti. Skal nefndin að þeirri athugun lokinni gera tillögur um skipulag samgangna þessara, þannig að þær verði í heild sem hagkvæmastar fyrir allar byggðir landsins, en kostnaði þó í hóf stillt svo sem auðið er.

Greinargerð.

Til fjárveitinganefndar hefur verið vísað tveimur þingsályktunartillögum varðandi samgöngur á sjó á vegum ríkisins.

Önnur tillagna þessara er á þingskjali 78 og er að efni til um breytta skipun strandferða. Er þar lagt til, að skipuð verði milliþinganefnd, er geri tillögur um breytingar á ferðunum. Hin tillagan er á þingskjali 58, en þar er lagt til, að fjölgað verði viðkomum strandferðaskipsins Herðubreiðar á Austfjörðum.

Eins og sjá má á tillögu fjárveitinganefndar, líta nefndarmenn svo á, með sérstöku tilliti til þeirra miklu breytinga, sem hér hafa orðið á sviði samgangna hin síðari ár, að rétt væri og heppilegra að taka málið upp á breiðari grundvelli en gert er í tillögum þeim, er nefndinni bárust. Skal hér gerð nokkur grein fyrir þeirri skoðun nefndarinnar.

Á síðari árum hefur, eins og fyrr er að vikið, orðið mikil breyting á samgöngum í landi voru. Lengi vel var það svo, að aðalsamgöngur til fólks- og vöruflutninga fóru fram á sjó meðfram ströndum landsins. En jafnharðan og vegakerfið stækkaði og bílanotkun óx, hófust fólks- og vöruflutningar á landi. Er nú svo komið, að stöðugar bílaferðir eru á flestum leiðum milli landsfjórðunga allt sumarið og á veturna, þegar færð leyfir. Og loks eru nú hafnar flugferðir um land allt, þar sem lendingaraðstaða er fyrir hendi á landi eða sjó.

Eins og að líkum lætur, hefur þessi aukning og fjölbreytni í samgöngunum valdið gerbreytingu á öllum fólks- og að nokkru á vöruflutningum frá því, sem áður var, meðan sjórinn var að heita mátti eina samgönguleiðin.

Það orkar ekki tvímælis, að greiðar og góðar samgöngur eru lífæð hverrar þjóðar. Segja má, að einu gildi, hver lætur fólkinu þessa þjónustu í té, hvort það er ríkið, félög eða einstaklingar. En það skiptir aftur á móti höfuðmáli hér hjá

oss, að flutningar á þessum þremur samgönguleiðum séu skipulagðir þannig, að saman fari sem bezt og hagstæðust fyrirgreiðsla og hagkvæmur rekstur þeirra fyrirtækja, sem samgöngurnar annast. En þetta getur tæplega orðið, nema komið sé þeirri skipan á ferðirnar, sem að framan greinir. Vildi fjárveitinganefnd mega vænta þess, að starf milliþinganefndarinnar gæti leitt til þess, að fundinn yrði grundvöllur fyrir heppilegu og hagkvæmu samstarfi allra þeirra aðila, sem að rekstri samgangnanna standa. Þá væri náð tilgangi fjárveitinganefndar með flutningi þessarar tillögu.

Ed. 447. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til laga um framlengingu á eignarskattsviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. H. Guðmundsson.

Nd. 448. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um innflutning vörubifreiða.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú þegar verði úthlutað leyfum til innflutnings á eigi færri en 150—200 vörubifreiðum, og sé það á valdi þeirra, er leyfin fá, að ákveða, hvaða tegundir bifreiða þeir kaupa.

Greinargerð.

Margar umsóknir um leyfi til innflutnings á vörubifreiðum liggja nú fyrir hjá innflutningsskrifstofunni, en því mun ekki hafa fengizt framgengt, að skrifstofan mætti úthluta innflutningsleyfum fyrir þeim tækjum.

Þrátt fyrir mikinn bifreiðainnflutning árið sem leið var þá tiltölulega lítið flutt inn af vörubifreiðum og miklu minna en þörf er fyrir. Margir vörubifreiðaeigendur, víða um land, þurfa að endurnýja tæki sín, og má í því sambandi nefna sem dæmi, að víða er brýn þörf stærri vörubifreiða en nú eru notaðar við vegagerð og vegaviðhald.

Þó að bifreiðainnflutningurinn í heild verði minni á þessu ári en 1955, verður vafalaust eitthvað keypt af bifreiðum til landsins, þar á meðal af vörubifreiðum. En það er þýðingarmikið fyrir þá, sem væntanlega fá innflutningsleyfi fyrir slíkum bifreiðum, að þeir fái leyfin svo snemma, að þeir geti haft not nýju bifreiðanna yfir sumarið, þegar þeirra er mest þörf. Til þess að stuðla að því, að svo verði, er tillaga þessi fram borin.

Sþ. 449. Breytingartillaga [39. mál]

við till. til þál. um eyðingu refa og minka.

Frá Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni, Andrési Eyjólfssyni og Skúla Guðmundssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa í samráði við búnaðar- og bændasamtökin í landinu þriggja manna nefnd til að gera tillögur um skipulagðar og samræmdar aðgerðir um land allt í því skyni að vinna að útrýmingu refa og minka, með þeim aðferðum og á þann hátt, sem nefndin telur vænlegast til árangurs á sem skemmstum tíma. Nefndin hafi samband við sýslunefndir og kynni sér álit þeirra manna, sem mest hafa unnið að eyðingu dýranna hér á landi, og afli sér upplýsinga um útrýmingaraðferðir erlendis. Álit nefndarinnar og tillögur leggist fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Sþ. 450. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um vélar og verkfæri til vega- og hafnagerða.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað þingsályktunartillögu þessa og sent hana vegamálastjóra og hafnamálastjóra til umsagnar og fengið frá þeim ýtarleg svör. Senda þeir báðir skýrslur yfir, hvað stofnanir þær, sem þeir veita forstöðu, eiga nú af vélum og öðrum tækjum og hvað þeir telja þörf á, að við sé bætt, og benda þeir réttilega á, að til þess þurfi auknar fjárveitingar, og geta þess jafnframt, að þeir hafi á undanförnum árum farið fram á hærri fjárframlög til áhaldakaupa en Alþingi hafi séð sér fært að veita. Eru skýrslur þeirra prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Samkv. skýrslu hafnamálastjóra um aðkallandi áhaldakaup, þarf að verja til þeirra hluta nál. 2½ millj. kr. og auk þess 6 millj. kr. til vélaverkstæðis og stærri hafnagerðatækja.

Vegamálastjóri telur hins vegar, að til nauðsynlegra áhaldakaupa vegna vega- og brúagerða þurfi nál. 15.4 millj. kr. auk 2.6 millj. kr. til að byggja vélageymslur og aðgerðarstöðvar. Er nokkuð af greinargerð vegamálastjóra prentað með skýrslu hans.

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar benda flm. réttilega á hina miklu breytingu, sem átt hefur sér stað í vinnubrögðum við vega-, brúa- og hafnagerðir, enda upplýsir vegamálastjóri, að allt að 60% af öllum útgjöldum við vega- og brúagerðir gangi nú til greiðslu vélakostnaðar, þar með taldir bílar. — Flm. benda á, að enn muni skorta á, að til sé nægilega mikið af hagkvæmum vélum og áhöldum, til þess að þessar umræddu opinberu framkvæmdir verði ætíð og alls staðar unnar á sem hagkvæmastan hátt, og staðfesta skýrslur vega- og hafnamálastjóranna, að svo er. Með skýrslum þessum verður að telja, að fyrri hluta þingsályktunartillögunnar sé fullnægt, þ. e. hvað til sé af vélum og áhöldum til vega- og hafnagerða og hvað á vantar í því efni.

Í síðari hluta þingsályktunartillögunnar er svo lagt til, að sem fyrst verði aflað þeirra tækja, sem rannsókn leiðir í ljós, að nauðsynleg eru til viðbótar þeim, sem til eru. Er fjárveitinganefnd samþykk því, en telur það verkefni fjárveitingavaldsins á næstu árum að ráða þar bót á, eftir því sem unnt reynist.

Fjárveitinganefnd leggur því til, að þingsályktunartillagan verði afgreidd á eftirgreindan hátt:

Við athugun máls þessa hefur komið í ljós, að enn skortir verulega á, að fyrir hendi sé nægur vélakostur til vega- og hafnagerða, en það á aftur rót sína að rekja til þess, að Alþingi hefur ekki á undanförnum árum séð sér fært að veita nægjanlega mikið fé í þessu skyni. En þar sem fjárlög fyrir yfirstandandi ár hafa verið afgreidd og því ekki eftir venjulegum fjárveitingaleiðum viðbótarfjárframlaga að vænta á árinu, hlýtur úrbót í þessu efni að vera háð því, að unnt verði framvegis að veita meira fé í fjárlögum til véla- og áhaldakaupa en verið hefur, og í trausti þess, að svo megi verða, samþykkir Alþingi að vísa tillögu þessari til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 5. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.	Karl Kristjánsson.
Jónas G. Rafnar.	Lúðvík Jósefsson.	Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 14. jan. 1956.

Heildaryfirlit yfir vélaeign.

1.	Jarðýtur nothæfar	19	
	— lítt nothæfar	10	
			29
2.	Vegheflar, stærsta gerð og miðlungsgerð	24	
	— litlir	7	
			31
3.	Ýtuskóflur		25
4.	Ámokstrar- og grafvélar		23
5.	Loftþjöppur		10
6.	Steypublöndunarvélar		23
7.	Véldælur		16
8.	Vélspil á fallhamra		7
9.	Vegvaltarar		2
10.	Vélsagir		6
11.	Vélkranar á beltum		3
12.	Steypuþjöppur (16)		
13.	Malarmulningsvél		1
14.	Malbikunarstöð		1
15.	Flutningabifreiðar		34
16.	Vélkranabifreiðar		2
17.	Dráttarbifreiðar		2
18.	Tengivagnar (11)		
19.	Snjóplógar (5)		
		Samtals	215

Auk þessa eru ýmsar smávélar og tæki, sem ekki þykir ástæða að telja hér sérstaklega.

— — —

Fer hér á eftir skrá yfir þær vélar, sem talið er þurfa að útvega á næstu árum til þess að endurnýja þær, sem eru úr sér gengnar, og til að auka vélakostinn það mikið, að hægt verði að anna nýbyggingum vega og brúa og vegaviðhaldinu, miðað við svipaðar fjárveitingar og í ár.

Skrá þessi er samin í samráði við eftirmann minn, sem mun taka við embættinu nú á næstunni:

1.	Jarðýtur:		
	a. 3 stórar ýtur (um 14 tonna)	kr.	1 200 000
	b. 15 ýtur af miðlungsstærð (10 tonna)	—	3 900 000
2.	Vegheflar:		
	a. 4 af stærstu gerð	—	1 200 000
	b. 8 af miðlungsstærð	—	1 800 000
3.	Ýtuskóflur:		
	b. 9 af miðlungsstærð	—	1 600 000
4.	Ámokstrar- og grafvélar:		
	Ekki er þörf á að kaupa fleiri slíkar vélar eins og er.		
5.	Loftþjöppur:		
	a. 3 af miðlungsstærð (105 fet^3)	—	140 000
	b. 1 stór (250 fet^3)	—	125 000
6.	Steypubröndunarvélar:		
	a. 2 af stærstu gerð (½ cy.)	—	150 000
	b. 4 af miðlungsstærð (¼ cy.)	—	180 000
	c. 6 af minnstu gerð	—	60 000
7.	Véldælur:		
	a. 2 af stærstu gerð (4″)	—	50 000
	b. 2 af miðlungs gerð (3″)	—	25 000
	c. 10 af minnstu gerð (1″)	—	25 000
8.	Vélspil og fallhamrar:		
	6 stk.	—	200 000
9.	Vegvaltarar:		
	Engir.		
10.	Vélsagir:		
	4 stk.	—	60 000
12.	Steypuþjöppur:		
	10 stk.	—	120 000
13.	Malarmulningsvélar:		
	2 stk.	—	900 000
14.	Vélasamstæða fyrir malbikun	—	600 000
15.	Flutningabifreiðar:		
	a. 5 malarflutningabifreiðar fyrir 6 t. hlass	—	750 000
	2 malarflutningabifreiðar fyrir 8 t. hlass	—	370 000
	b. 3 til almennra flutninga fyrir 5 t. hlass	—	360 000
16.	Vélkranabifreiðar:		
	Engar.		
17.	Dráttarbifreiðar:		
	2 stk. með áföstum tengivagni	—	500 000
18.	Tengivagnar:		
	10 stk. 8 tonna	—	650 000
19.	Snjóplógar 3 stk.	—	60 000
20.	Rafstöðvar til rekstrar smávinnuvéla og til lýsingar á haustum á vinnustöðvum, aðallega við brúavinnu ..... 5 stk. 5 kw.	—	125 000
	2 stk. 15 kw.	—	100 000
21.	Lofthitarar til notkunar við steinsteypu í frostum:		
	2 stk.	—	50 000
22.	Ýmis minni áhöld	—	100 000
	Samtals	**kr.**	**15 400 000**

Hér við má bæta nokkurri upphæð til þess að greiða kostnað við vélageymslur og aðgerðastöðvar, sem enn þarf við að bæta á nokkrum stöðum, sérstaklega í Reykjavík, Borgarnesi, Hvammstanga, Sauðárkróki, Húsavík og Patreksfirði. Verður sú upphæð naumast lægri en 2.6 millj. kr. Heildarupphæðin verður þá 18.0 millj. kr.

Þetta er æði há upphæð og eðlilegt að verði að jafna á nokkur ár. Til umráða í þessu skyni er árlegur tekjuafgangur eigin véla eða fyrningarfé. Þessi upphæð er nokkuð breytileg frá ári til árs, en væntanlega má gera ráð fyrir að jafnaði um 2 millj. kr. á ári. Er þá miðað við, að enn verði hafður sá háttur á að leigja eigin vélar yfirleitt fyrir verulega lægra gjald en félagsskapur eigenda stórvirkra véla tekur, enda verði þá sama leiga greidd fyrir leiguvélar og eigin vélar af sömu stærð. Meðan þarf að leigja svo margar vélar sem undanfarið, er þetta mjög hagkvæmt okkur, því að það heldur vélaleigunni hóflegri. Hér við bætist árleg fjárveiting í fjárlögum til áhalda- og vélakaupa, sem verið hefur 600 þús. kr. og er svo enn í ár.

Viðtakandi vegamálastjóri telur þörf á að fá handbært fé til greiðslu þessa kostnaðar á næstu 3 árum. Teldi ég það og mjög æskilegt, en hins vegar hætt við, að svo háar fjárveitingar fáist ekki. Þar sem nú er í sjóði nálægt 400 þús. kr. frá árinu 1954, en 1955 var ekki allt fyrningarfé notað, má vænta, að um 3.0 millj. kr. verði til umráða í ár. Ef miðað væri við, að áætlun þessari um vélakaup yrði komið í framkvæmd á næstu 4 árum, 1957—60, og að þau ár fengist af fyrningarfé samtals 8 millj. kr., þyrftu árlegar fjárveitingar þetta tímabil að hækka um 1.2 millj. kr. eða úr 600 þús. kr., sem nú er, upp í 1.8 millj. kr.

— — —

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Fylgiskjal II.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Heildaryfirlit yfir nauðsynleg áhaldakaup.

Til kafaratækja:				
Vélknúin loftdæla	kr.	35000.00		
Frosktæki	—	12000.00		
			kr.	47000.00
Til lyfti- og moksturstækja:				
2 12 tonna kranar	kr.	700000.00		
2 6 — —	—	400000.00		
1 grjótkrani	—	25000.00		
			—	1125000.00
Til grjótvinnslutækja:				
5 loftþjöppur	kr.	375000.00		
Lofthamrar o. fl.	—	150000.00		
			—	525000.00
Til steinsteypugerðar:				
5 hrærivélar	kr.	350000.00		
8 vibratorar	—	62000.00		
2 vatnsdælur	—	30000.00		
Barkar og slöngur	—	10000.00		
Endurb.kostn. á vatnsdælum	—	12500.00		
			—	464500.00

Til bryggjusmíða:			
4 fallhamarsspil	kr.	200000.00	
Endurbygging á fallhamarsspilum	—	100000.00	
2 1200 kg fallhamarslóð	—	12000.00	
			kr. 312000.00
		Samtals	kr. 2473500.00
Auk þess:			
Flotkrani	kr.	1200000.00	
Sandsuga	—	1000000.00	
Prammar v. dýpkunarskips	—	800000.00	
Viðgerðaraðstaða í Fossvogi	—	3000000.00	
			kr. 6000000.00
		Alls	kr. 8473500.00

Fylgiskjal III.

Áhaldaeign vita- og hafnamálaskrifstofunnar:

Kafaratæki:
10 complett kafarasett ásamt handverkfærum.
Kranar:
7 stk. frá 2½ til 6 tonna, þar af 2 bílkranar.
Loftþjöppur:
14 stk., þar af bílþjöppur 2 stk.
Hrærivélar:
15 stk., þar af 3 með spili.
2 — stafvibratorar.
Vatnsdælur:
20 stk. af stærðum frá ¾″ að 6″.
Fallhamarsspil:
16 stk., þar af 4 dieselknúð.
Fallhamrar:
11 stk.
Bifreiðar:
11 stk., þar af 4 notaðar og ætlaðar undir krana.
2 bílpressur.
1 dráttarvagn.
1 sérstaklega fyrir vitabyggingar.
1 sérstaklega fyrir hafnargerðir.
Rafmagnssamstæður:
7 stk. frá 5 til 25 kw.
Grjótgálgar og handkranar:
10 stk. allt að 5 tonna.
Önnur númeruð tæki af ýmsum gerðum eru ca. 100 stk.

Sþ. 451. Fyrirspurn [179. mál]

til landbúnaðarráðherra um rannsókn jarðhita og undirbúning löggjafar um hagnýtingu hans.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvað eru á veg komnar rannsóknir á jarðhitasvæðum og notkun jarðhita, og hvenær verður lokið undirbúningi heildarlöggjafar um hagnýtingu jarðhitans?

Ed. 452. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „leita samþykkis framleiðsluráðs“ í 1. málsl. komi: leita álits og tillagna framleiðsluráðs.
   b. Í stað orðanna „notkunarþörfinni að dómi framleiðsluráðs“ í 2. málsl. komi: neyzluþörfinni.
2. Við 4. gr. F-liður orðist svo:
   Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.
3. Við 5. gr. Orðið „matjurtum“ í 1. málsl. falli brott.

Sþ. 453. Breytingartillaga [65. mál]

við till. til þál. um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Upphaf 1. málsgr. tillögugr. orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd eftir tillögum Háskóla Íslands, Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, er tilnefna sinn manninn hver, til þess að kanna, o. s. frv.

Nd. 454. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1953.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og farið yfir athugasemdir yfirskoðunarmanna ásamt svörum ráðherra og tillögum yfirskoðunarmanna til úrskurðar á athugasemdunum. Sér nefndin eigi fært eftir ástæðum að flytja tillögur þessa vegna. Hún lítur þannig á athugasemdirnar flestar, að þau atriði, sem þær fjalla um, eigi

að vera til viðvörunar gegn því, að svipað endurtaki sig, og við það er miðað af yfirskoðunarmönnum, þegar þeir leggja til, að athugasemdin, hver sem hún er, sé til athugunar framvegis, til eftirbreytni o. s. frv. Tvö meginatriði, sem fram koma í athugasemdunum, leggur nefndin áherzlu á. Í fyrsta lagi, að gjöldum sé haldið í samræmi við ákvæði fjárlaga, eftir því sem frekast er unnt; og í öðru lagi, að ekki safnist útistandandi skuldir hjá viðskiptafyrirtækjum ríkisins.

Nefndin hefur borið tölur frumvarpsins saman við reikninginn og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. marz 1956.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Karl Guðjónsson, með fyrirvara.

Gylfi Þ. Gíslason, með fyrirvara. Jóhann Hafstein.

Sþ. 455. Þingsályktun [167. mál]

um aukna póstþjónustu.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 414.

Sþ. 456. Þingsályktun [168. mál]

um flugvallagerð.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 419.

Sþ. 457. Þingsályktun [23. mál]

um skipun nefndar til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán og gera tillögur um breytingar í því skyni að greiða fyrir fjölgun nýbýla og gera efnalitlum bændum kleift að koma sér upp hæfilegum bústofni. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu nýbýlastjórnar ríkisins. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Sþ. 458. Þingsályktun [41. mál]

um undirbúning löggjafar um framleiðslusamvinnufélög.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 46.

Sþ. 459. Þingsályktun [78. mál]

um útgáfu Alþingistíðinda.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz.)

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að athuga til næsta þings, hvort tiltækilegt muni að prenta og gefa út Alþingistíðindi á hálfs mánaðar fresti um þingtímann og hafa til sölu á bókamarkaði.

Sþ. 460. Þingsályktun [106. mál]

um endurbætur á símakerfi Ísafjarðar og nágrennis.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því að setja upp sjálfvirkar símstöðvar á Ísafirði, í Bolungavík og Hnífsdal. Enn fremur að fram verði látin fara athugun á því, á hvern hátt verði bætt símasamband þessara byggðarlaga og Vestfjarða í heild við aðra landshluta.

Nd. 461. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til l. um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Í stað 39.—45 gr. (IV.—V. kafla) komi nýr kafli með fyrirsögninni: *Um húsnæðismálastjórn og veðlán til íbúðabygginga,* svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. samkvæmt því):
   a. (39. gr.) Setja skal á stofn húsnæðismálastjórn, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.
      Í húsnæðismálastjórn skulu vera 5 menn kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, en umboð núverandi húsnæðismálastjórnar fellur niður. Kosnir skulu 5 til vara. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum.
      Félagsmálaráðherra ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar skal greiddur úr ríkissjóði.
   b. (40. gr.) Húsnæðismálastjórn skal vinna að umbótum í byggingarmálum með því meðal annars:
      1. Að koma á fót og hafa yfirstjórn á leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur, í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við húsbyggingar.
      2. Að láta fara fram rannsókn og samanburð á byggingarkostnaði húsa víðs vegar á landinu, í því skyni að finna, hverjir byggja hús með minnstum kostnaði og hvað veldur þeim mun, sem er á byggingarkostnaðinum.

3. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, með sýningum, námskeiðum og útgáfu rita.
4. Að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðarteikninga.
5. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, þar sem þess þykir þörf.

Við lausn þessara mála skal húsnæðismálastjórn leita eftir samkomulagi við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, svo sem Atvinnudeild háskólans, húsameistara ríkisins, Iðnaðarmálastofnun Íslands, byggingarnefndir, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, byggingarvöruverzlanir og framleiðendur byggingarefnis og íbúðarhúsa. Er framangreindum aðilum skylt að veita húsnæðismálastjórn hverjar þær upplýsingar, sem hún telur sér nauðsynlegar til að sinna verkefni sínu.

c. (41. gr.) Komið skal á fót almennu veðlánakerfi til íbúðarbygginga undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar (sbr. 44. gr.)

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbanka Íslands vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 200 millj. króna. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkar, þó eigi yfir 40 millj. króna, verði með vísitölukjörum, þannig að binda má greiðslur afborgana og vaxta vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf fyrr en veðdeild Landsbankans hefur selt slík verðbréf fyrir 40 millj. króna, enda komi til sérstök lagaheimild.

Ákvæði III. kafla laga 46/1954 og 1. gr. laga 48/1954 gilda um bankavaxtabréf þessi og vexti af þeim.

Veðdeildin hefur heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, eftir tillögum húsnæðismálastjórnar, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á bankavaxtabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gildi ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga 55/1945.

d. (42. gr.) Í varasjóð hins almenna veðlánakerfis rennur:
   a. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.
   b. Eignir Lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar.
   c. Lántökugjald af lánum veðdeildarinnar samkvæmt lögum þessum.
   d. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga 55/1945.

   Varasjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

e. (43. gr.) Til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis kemur:
   a. Fé það, sem veðdeild Landsbanka Íslands aflar með útgáfu og sölu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum þessum.
   b. Lán, sem sparisjóðir, bankar og aðrir veita beint til lántakenda, samkvæmt almennum útlánareglum laga þessara.
   c. Afborganir og vextir af veðskuldabréfum Lánadeildar smáíbúða, þegar frá eru dregnir vextir og afborganir af lánum hennar.
   d. Fé varasjóðs, samkvæmt 42. gr.
   e. Erlend lán, sem veðdeild Landsbanka Íslands kann að taka til íbúðabygginga.

f. (44. gr.) Almennar útlánareglur veðlánakerfisins samkv. 41. gr. eru þessar:
   a. Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum:
      1. Barnafjölskyldur.
      2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
      3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki er útrýmt samkv. III. kafla þessara laga.

Í 1. málsgr. 6. gr. okurlaganna segir, að ef samið er um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkvæmt lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og hafi slíkt verið greitt, ber skuldareiganda að endurgreiða skuldara þá fjárhæð, sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Kröfu sína um endurheimt ofgreiddra vaxta getur skuldari borið fram í einkamáli eða í refsimáli fyrir brot á okurlögum.

Um refsingu fyrir okur segir í 2. málsgr. 6. gr., að sá sem áskilur sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkvæmt lögum þessum, svo og sá, sem er milligöngumaður við slíka samninga, skal sæta sektum, er eigi séu lægri en fjórfaldur og eigi hærri en tuttugu og fimmfaldur ágóði sá, er ólöglega var áskilinn eða tekinn. Nú verður eigi sannað, hve mikill sá ágóði var, og skal þá ákveða sektina eftir málavöxtum.

Samningar um okurvexti kunna að vera gerðir á þann hátt, að það sé refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19 1940, og kemur þá helzt til álita 253. gr. þeirra, sem er svo hljóðandi: „Hafi maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér með löggerningi hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur munur sé á hags-

munum þessum og endurgjaldi því, sem fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.“

III. Hlutverk og gildi okurlöggjafar.

Orðið „okur“ og hliðstæð orð í öðrum málum hafa ekki ávallt verið — og eru ekki enn — notuð í einni og sömu merkingu. Yfirleitt hafa þau þó táknað þann verknað, er sá, sem lánar fé, áskilur sér óhæfilega háa þóknun eða vexti fyrir lánveitinguna. Í orðinu felst þannig siðgæðismat á þeim verknaði, sem það táknar. Hins vegar hafa ríkjandi skoðanir á því, hvers konar athafnir á þessu sviði skuli fordæma, tekið miklum breytingum. Á miðöldum var það talið syndsamlegt að krefjast nokkurrar þóknunar fyrir lánveitingu. Öll lán gegn vöxtum voru því talin „okur“. Nú á tímum er hins vegar því aðeins talað um „okur“. að vextir þeir, sem lánveitandi áskilur sér, séu óeðlilega háir. Hins vegar er merking orðsins „okur“ oft höfð viðtækari en svo, að það taki til peningalána eða eignarlána einvörðungu, og það látið tákna öll viðskipti, þar sem hinn sterkari viðskiptaaðili notar aðstöðu sína gagnvart hinum veikari til þess að hagnast óhæfilega. Í þeirri merkingu er orðið t. d. notað, þegar talað er um „húsaleiguokur“. Nefndinni var einvörðungu falið að fjalla um „okur á fé“, þ. e. um okur í hinni þrengri merkingu orðsins, enda fjalla gildandi lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl. fyrst og fremst um „okur“ í þeirri merkingu orðsins, svo sem þegar hefur verið tekið fram.

Þar eð kjarni hugtaksins okurs er siðferðilegs eðlis, er að sjálfsögðu ógerningur að skýrgreina endanlega og í eitt skipti fyrir öll, hvað teljast skuli „okur“. Meðan samningsfrelsið er einn af hyrningarsteinum viðskiptalífsins, verður „okur“ því aðeins til sem skýrt afmarkað hugtak, að löggjafinn kveði á um, hvenær rétturinn til frjálsra samninga sé misnotaður svo, að ástæða sé til þess að takmarka hann. Hugtök eins og „vextir“, „laun“, „verð“ o. s. frv. eru efnahagshugtök, sem ávallt og alls staðar tákna hið sama. En hugtakið „okur“ er réttarhugtak, sem grundvallast á siðgæðismati og þarf því ekki ávallt og alls staðar að hafa sömu merkingu.

Elzta bannið gegn vaxtatöku er að finna í Móselögum. Í löggjöf Grikkja og Rómverja að fornu voru og ákvæði um hámark vaxta. Aristóteles leit svo á, að peningar væru ólífrænir hlutir, sem ætlaðir væru aðeins til að auðvelda viðskipti, og gætu því ekki getið af sér nýja peninga. Sá, sem krefðist þóknunar fyrir peningalán, bryti því gegn lögmálum náttúrunnar.

Afstaða kirkjunnar mótaðist bæði af ritningarorðunum „lánið, án þess að vænta nokkurs í staðinn“, og kenningum Aristótelesar. Í nær þúsund ár var það skoðun kirkjunnar, að öll ávöxtun á höfuðstól væri okur. Þótt kennig þessi væri fyrst og fremst studd siðferðislegum rökum, átti hún sér þá þjóðfélagslegu stoð, að efnahagslífið var frumstætt og flest lán tekin til neyzlu. Lántakandinn var því yfirleitt verr staddur á gjalddaga en lántökudegi. Skilyrði til hagnýtingar fjár í framleiðslu og viðskiptum voru þá miklu minni en síðar varð og „fórn“ lánveitandans því lítil.

En efnahagsaðstæður breyttust, er tímar liðu fram, og lagaði kirkjan kenningu sína smám saman að nýjum viðhorfum. Tók hún að heimila ýmiss konar greiðslur, sem voru í raun réttri vextir. Ýmsir fræðimenn á sviði guðfræði og lögfræði stuðluðu mjög að því á 16. og 17. öld, að kirkjan liti frjálslyndari augum á vaxtatöku, og tóku jafnvel að greina milli lána gegn vöxtum og okurs. Samfara síaukinni notkun fjármagns í framleiðslu og viðskiptum misstu kenningar kirkjufeðranna smám saman gildi sitt. Á 18. öld var ástandið orðið þannig, að spurningin var ekki lengur um það, hvort leyfilegt skyldi vera að krefjast þóknunar eða vaxta fyrir lánveitingu, heldur hvenær hún yrði óhæfileg og þar með hvenær um okur væri að ræða. Flest ríki reyndu að setja reglur um hámark vaxta. En jafnvel á slíkar reglur var nú ráðizt af málsvörum kenningarinnar um nytsemi frjálsra viðskipta, sem tók að móta efnahagslífið í æ ríkara mæli. Kváðu þeir sérhvern viti borinn mann dómbær-

astan um það sjálfan, hvernig hann gætti bezt hagsmuna sinna, og væri þess vegna engin ástæða til þess fyrir ríkisvaldið að hafa afskipti af lánsviðskiptum manna.

Fyrir áhrif hinna svonefndu frjálslyndu sjónarmiða í efnahagsmálum, voru lagaákvæði um bann gegn okri víðast hvar numin úr gildi á 19. öld. Hið skyndilega afnám okurbannsins stuðlaði þó víða að ýmiss konar misferli í lánsviðskiptum, svo að aftur voru tekin í lög ákvæði, sem ætlað var að hindra, að lánveitendur gætu hagnazt óhæfilega á fávizku, reynsluleysi eða kæruleysi lántakenda. Telja nú flestir rétt og eðlilegt, að slík ákvæði séu í lögum.

Skilyrði þess, að atvinnurekandi taki fé að láni, eru auðvitað, að hann vænti þess að geta hagnýtt það í rekstri sínum þannig, að það gefi af sér ekki minni vexti en hann þarf að greiða sjálfur. Vextir þeir, sem atvinnurekandinn fær af fé sínu í fyrirtækinu, eru oft kallaðir upprunalegir vextir, en vextir þeir, sem hann greiðir, lánsfjárvextir. Hinum síðar nefndu er og oft skipt í svonefnda hreina vexti, þóknun fyrir umsjón fjárins og áhættuþóknun, sem verður auðvitað þeim mun hærri sem áhættan er meiri frá sjónarmiði lánveitandans.

Þegar atvinnurekandi telur upprunalega vexti hærri en lánsfjárvextir eru, leitar hann eftir lánsfé. Það eru að sjálfsögðu lánsfjárvextirnir, sem löggjafinn takmarkar í lagaákvæðum um bann gegn okri. Okurlöggjöfin hefur út af fyrir sig mjög takmörkuð bein áhrif á þau atriði, sem ráða hæð upprunalegu vaxtanna. Þar hefur hið almenna ástand efnahagsmálanna úrslitaáhrifin. Séu upprunalegir vextir miklu hærri en lánsfjárvextir, og hæð þeirra er takmörkuð með okurlöggjöf, má búast við sterkri tilhneigingu til brota á þeirri löggjöf. Vilji menn draga úr þeirri tilhneigingu, má ýmist gera það með því að gera ráðstafanir til þess að lækka upprunalegu vextina, fyrst og fremst með því að stuðla að auknum raunverulegum sparnaði, ýmsum fjármálaaðgerðum af hálfu hins opinbera og ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir einokunargróða, — eða þá með því að hækka hámark leyfðra lánsfjárvaxta. Auðvitað kæmi einnig til greina að fara báðar þessar leiðir. Mergurinn málsins er sá, að tilhneiging hlýtur að vera til þess, að lánsfjárvextir og upprunalegir vextir leiti sömu hæðar. Í nútíma þjóðfélagi hefur löggjafar- og framkvæmdavaldið skilyrði til þess að hafa úrslitaáhrif á það, hvort sú samræming gerist með lækkun upprunalegra vaxta eða hækkun lánsfjárvaxta. Hafa verður þó í huga, að ríkisvaldið megnar ekki að gera ráðstafanir til þess að afnema vaxtagreiðslur. Vextir eru verð á notkun fjár í vissan tíma. Ástæða þess, að slíkt verð myndast, er sú, að skortur er á fé, þ. e. að ekki er fyrir hendi nóg fé til þess að fullnægja þeirri eftirspurn, sem í ljós kæmi, ef vextirnir væru engir. Vextirnir takmarka eftirspurnina eftir fé á hliðstæðan hátt og annað verðlag takmarkar eftirspurn eftir hvers konar vöru og þjónustu. En þótt vextir hljóti því að vera til í sérhverju efnahagskerfi, þar sem ekki er ótakmarkað framboð á fjármagni, felst auðvitað ekki í því, að allir telji réttmætt, að vextir séu tekjustofn einstaklinga. Sumir telja vexti, eða a. m. k. verulegar vaxtatekjur, eiga að falla til samfélagsins. Skiptar skoðanir um þessi atriði, hvort vextir eigi fremur að falla til eigenda fjármagns eða hins opinbera, eru hins vegar að sjálfsögðu stjórnmálalegs eðlis og í sjálfu sér óskyldar þeirri staðreynd, að það ríkisvald, sem takmarkar lánsfjárvexti með löggjöf, verður að gæta þess, að ekki sé verulegt misræmi milli upprunalegra vaxta og lánsfjárvaxta, ef von á að vera til þess, að markmið okurlöggjafarinnar náist.

IV. Viðskiptahættir við okurlánveitingar.

Svo sem að framan segir, var það hlutverk nefndarinnar að rannsaka, að hve miklu leyti og með hvaða móti okur á fé viðgengst nú, fyrst og fremst í Reykjavík. Nokkrir hafa snúið sér til nefndarinnar og skýrt henni frá okurkjörum, sem þeir hafi sætt í lánsviðskiptum. Þá hefur nefndin kvatt á sinn fund milli 30 og 40 manns, sem bendlaðir hafa verið við slík viðskipti eða taldir voru geta veitt upplýsingar varðandi verkefni nefndarinnar. Niðurstaða hennar er sú, að allmikil brögð séu að

því, að fé sé lánað gegn óleyfilega háum vöxtum, og álítur nefndin, að mun meiri brögð séu að því en fram kemur í beinum umkvörtunum til nefndarinnar, þar eð margar ástæður geta legið til þess, að menn hiki við að skýra frá því, að þeir hafi neyðzt til þess að taka fé að láni með okurkjörum. Vextir þeir, sem nefndinni hefur verið skýrt frá, að teknir hafi verið, nema frá 30% og allt upp í 76% yfir árið. Virðist vera algengast að slík lán séu veitt til stutts tíma í senn, og má þá telja venjulegasta vexti 2½%—4% á mánuði, þ. e. 30—48% yfir árið.

Okurlán eru vafalaust tekin af margvíslegum ástæðum, en í starfi sínu hefur nefndin einkum orðið þess vör, að slík lán hafi verið tekin til verzlunarrekstrar og vegna húsbygginga.

Ýmsum aðferðum er beitt við hina ólöglegu vaxtatöku. Skal nú gerð grein fyrir því, hvaða aðferðir virðast vera algengastar, eftir því sem nefndin hefur komizt næst:

1) Einna algengast virðist vera, að lánveitandi láti lántakanda samþykkja víxil til stutts tíma, eins til þriggja mánaða, og taki vexti af víxlinum fyrir fram, yfirleitt á þann hátt að draga vaxtaupphæðina frá andvirði víxilsins. Sem dæmi um slík viðskipti má nefna, að A tók 40 000 kr. víxillán hjá B til þriggja mánaða. Voru vextir 4% á mánuði og greiddir fyrir fram. Síðar tók hann aftur 40 000 kr. lán hjá B til þriggja mánaða, og voru vextir þá 5% á mánuði, og enn 60 000 kr. lán til jafnlangs tíma gegn 4% mánaðarvöxtum. Til þess að geta greitt þessar víxilskuldir fékk A síðar tvö víxillán í einum bankanum fyrir milligöngu B, sem skýrði A frá því, að sér hefði tekizt að útvega lánin í bankanum með því að fá annan mann til þess að leggja þar inn fé. — C veitti D 3 víxillán, 2 að upphæð 35 000 kr. hvort og 1 að upphæð 25 000 kr., öll til þriggja mánaða og gegn 4% mánaðarvöxtum, sem greiddir voru fyrir fram.

2) Þegar slík víxillán eru ekki greidd á gjalddaga, eru okurvextir fyrir viðbótarlánstímann oft teknir á þann hátt, að skuldari er látinn samþykkja nýjan víxil, þar sem vöxtunum er bætt við víxilupphæðina. Sem dæmi um slíkt má nefna, að E veitti F 23 000 kr. víxillán til húsbyggingar. F gat hvað eftir annað ekki staðið í skilum á gjalddaga. Var víxillinn þá jafnan framlengdur á þann hátt, að mjög háum vöxtum var bætt við víxilupphæðina. — G veitti H og víxillán að upphæð 10 000 kr., og gat H oftar en einu sinni ekki staðið í skilum á gjalddaga. Samþykkti hann þá jafnan nýjan víxil, og var þá mjög háum vöxtum bætt við víxilupphæðina.

3) Lánveitandi lætur lántakanda gefa út skuldbindingarskjal (skuldabréf eða víxil), sem hljóðar á hærri upphæð en lántakandi fær greidda, þ. e. hann kaupir af honum skuldabréf eða víxil með afföllum. Greiðir lántakandinn síðan hina skráðu upphæð samkvæmt skjalinu að viðbættum vöxtum af henni, sem þá eru venjulega innan lögleyfðra takmarka. Er þessari aðferð oftar beitt en þeim víxilkaupum, sem lýst var að framan, þegar um lengri lánstíma er að ræða og lánið er tryggt á einhvern hátt með veði. Það, sem afföllin, er þeim hefur verið jafnað á lánstímann, að viðbættum hinum greiddu vöxtum, eru umfram lögleyfða vexti, er óheimil vaxtataka. Sem dæmi um slík viðskipti má nefna, að I keypti af J víxil, að upphæð 140 000 kr. og til 6 mánaða, með 25% afföllum og 2% þóknun. Til tryggingar víxlinum var gefið út tryggingarbréf með veði í húseign. Var svo um samið, að víxillinn skyldi greiðast á 10 árum með hálfsárslegum afborgunum, ásamt venjulegum víxilforvöxtum.

4) Það virðist tíðkast nokkuð, að lánveitandi greiði ekki í peningum nema hluta af þeirri fjárhæð, sem hann lætur lántakanda gefa út skuldbindingarskjal fyrir, en greiði það, sem á vantar, í vörum, sem lánveitandi metur sjálfur, hvers virði séu. Eru þá vörur þær, sem lánveitandi lætur af hendi við lántakanda, yfirleitt alls ekki þess virði, sem þær eru metnar á. Slíkar lánveitingar eru gjarnan stundaðar af mönnum, sem eiga birgðir af óseljanlegum eða lítt seljanlegum vörum. En einnig virðist svo sem lánveitendur afli sér slíks varnings fyrir lítið fé í því skyni að nota hann á þennan hátt. Mismunur þeirrar fjárhæðar, sem lántakandi fær greidda

í peningum að viðbættu sannvirði vörunnar og löglegum vöxtum, og þeirrar fjárhæðar, sem lántakandi greiðir samkvæmt skuldbindingarskjalinu, eru ofteknir vextir. K keypti af L 11 000 kr. víxil til ca. tveggja mánaða. Andvirði víxilsins greiddi K þannig, að hann greiddi 8000 kr. í peningum, en jafnframt skyldi L fá vörur fyrir 1500 kr. Hann tók þó aðeins vörur fyrir 400 kr., þar eð honum leizt þær óútgengilegar. — M keypti af N víxil, að upphæð 10 000 kr., greiddi hann með 7500 kr. í peningum og afhenti jafnframt ýmsar vörur, sem N taldi einskis nýtar, fyrir afganginn.

V. Réttarrannsóknir á okurstarfsemi.

Við þær athuganir, sem nefndinni var falið að vinna að, taldi hún sig hafa fengið vitneskju um, að allmikil brögð væru að því, að gildandi lagaákvæði um okur væru brotin. Var þá um það rætt í nefndinni, hvort hún ætti að gera það eitt að gefa Alþingi skýrslu um málið eða eiga hlut að því að réttarrannsókn færi fram á ýmsum þeim viðskiptum, sem hún hafði fengið upplýsingar um. Nefndin varð sammála um, að rík ástæða væri til réttarrannsóknar, og þ. 11. nóv. s. l. ritaði hún því dómsmálaráðherra svo hljóðandi bréf:

„Nefnd sú, er kosin var í neðri deild Alþingis 24. marz s. l. til rannsóknar á okri, leyfir sér hér með að senda yður, hæstvirtur dómsmálaráðherra, greinargerð, byggða á frásögnum lántakenda, um lánveitingar nokkurra manna, sem talið er, að hafi lánað fé gegn óleyfilega háum vöxtum.

Nefndin lítur svo á, að upplýsingar þær, er fram hafa komið, gefi tilefni til frekari rannsóknar á lánastarfsemi þessara manna. En nefndin hefur ekki sömu aðstöðu og rannsóknardómari til að upplýsa mál; t. d. getur hún ekki tekið í sínar vörzlur til athugunar skuldaviðurkenningar og önnur gögn, sem lánveitendur kunna að hafa og gætu verið til skýringar á viðskiptum þeirra. Telur nefndin því rétt, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að fram fari réttarrannsókn á lánastarfsemi þeirra manna, er um ræðir í meðfylgjandi skýrslu.“

Hinn 14. sama mánaðar sendi dómsmálaráðherra sakadómaranum í Reykjavík afrit af bréfi nefndarinnar, ásamt skýrslu hennar, og fól honum að hefja þegar í stað réttarrannsókn út af lánastarfsemi þeirra manna, er um ræðir í skýrslunni. Hóf sakadómari þegar réttarrannsóknina, og fór fram húsrannsókn hjá þessum mönnum 23. nóvember. Rannsóknin hefur reynzt umfangsmikil og stendur enn yfir. Taldi nefndin ekki ástæðu til að bíða með skýrslu sína til Alþingis eftir niðurstöðu rannsóknarinnar.

Alþingi, 7. febr. 1956.

Skúli Guðmundsson. Björn Ólafsson. Karl Guðjónsson.
Einar Ingimundarson. Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 465. Þingsályktun [136. mál]

um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Sþ. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 263.

Sþ. 466. Þingsályktun [142. mál]

um varnargarð á Eiðinu í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Sþ. 8. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara verkfræðilega athugun á því, hvernig megi koma við á Eiðinu í Vestmannaeyjum traustum vörnum gegn tjóni af völdum hafróts, og gera kostnaðaráætlun um verkið.

Sþ. 467. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um tæknilegar og viðskiptalegar umbætur í sjávarútveginum.

Flm.: Gísli Jónsson, Magnús Jónsson, Sigurður Ágústsson, Jóhann Jósefsson, Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason, Ingólfur Flygenring.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að athuga, hvaða tæknilegar og viðskiptalegar umbætur væru líklegastar til þess að geta haft skjót og örugg áhrif til bættrar afkomu útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem hún hefur meginviðskipti sín við, og á hvern hátt þeim verði sem fyrst og sem bezt komið í framkvæmd, svo að unnt verði að draga úr sívaxandi aðstoð ríkisins við þessa framleiðsluaðila. Ber nefndinni að athuga alla efnahagsafkomu og rekstrarfyrirkomulag þeirra, sem hér eiga hlut að máli og á einn eða annan hátt njóta opinberrar aðstoðar í sambandi við rekstur sinn, og senda ríkisstjórninni fyrir 1. október n.k. skýrslur um niðurstöður sínar og tillögur, sem vænta mætti, að leitt gætu til bættrar afkomu fyrir útveginn.

Nefndin skal leita samvinnu við samtök allra þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Henni skal auk þess látin í té öll sú aðstoð, sem nauðsynleg er, frá þeim opinberum stofnunum, sem leiðbeiningar kynnu að geta gefið hér að lútandi í einstökum atriðum. Nefndinni er og heimilt að ráða til sín sérfræðinga til þess að undirbúa tillögur um einstök framkvæmdaratriði, allt eftir því sem henni þykir ástæða til.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Alþingi hefur orðið að gera í byrjun þessa árs mjög róttækar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir samdrátt í útflutningsframleiðslu landsins, en útflutningsframleiðslan og þau verðmæti, sem fyrir hana fást, er grundvöllur fyrir því, að hægt sé að halda uppi öruggu gengi gjaldmiðilsins í landinu og batnandi lífskjörum þjóðarinnar. Það hefur verið hlutverk sjávarútvegsins um langan aldur að framleiða meginhlutann af útflutningsverðmætum landsins, og svo mun verða enn. Stöðvun útvegsins eða samdráttur í framleiðslu hans er því sama og þrengri lífskjör alls almennings í landinu. Það er því höfuðnauðsyn, að þessi atvinnugrein landsmanna standi jafnan á öruggum fótum. Margvísleg röskun innanlands á atvinnuháttum og efnahag hefur orðið þess valdandi, að sjávarútvegurinn hefur ekki getað veitt þeim, sem við hann starfa, sömu kjör og aðrar atvinnugreinar, nema njóta í vaxandi mæli fjárhagsaðstoðar beint eða óbeint, og með því að ljóst er, að öll afkoma þjóðarinnar veltur á því, að þessi framleiðsla dragist ekki saman, hefur þessi aðstoð verið látin í té í vaxandi mæli. Með því að ljóst er, að framtíð sjávarútvegsins verður ekki tryggð á þann hátt að auka stöðugt þannig til hans opinberan styrk, verður að kryfja til mergjar, hvaða umbætur þyki líklegar til þess að bæta

svo rekstrarafkomu útvegsins, að draga mætti úr styrkjum til hans eða fella þá að fullu niður, en að því ber að stefna.

Eins og kunnugt er, verður svo að segja daglega bylting á hinum tæknilegu sviðum, og stefnir allt að því að gera framleiðsluna auðveldari og arðmeiri án þess að rýra kjör þeirra, sem við hana vinna. Það þarf því að rannsaka ýtarlega, hvaða umbætur mætti gera tæknilega á öllum rekstri sjávarútvegsins, sem leitt gætu til betri afkomu.

Á síðari árum hefur sjávarútvegurinn tekið upp miklu víðtækari verkaskiptingu en áður var. Fyrrum var það aðalreglan, að útvegurinn annaðist sjálfur allt það, sem laut að verkun aflans, og enn mun þetta eiga sér stað hjá nokkrum útgerðarmönnum. Hins vegar eru aðrir, sem afhenda aflann til annarra til verkunar, bæði í söltun, herzlu og frystingu, eða til lýsisvinnslu og mjölgerðar. Athuga þarf gaumgæfilega, hvort útgerðin almennt hefur hag eða óhag af slíkri verkaskiptingu og annarri, sem er í beinu sambandi við reksturinn, og taka síðan upp það skipulag, sem hagkvæmast er fyrir útgerðina. Sama gildir um ýmisleg önnur viðskipti, sem útgerðin hefur í stórum stíl við margvíslega aðila, sem allir verða að taka ákveðinn hluta af afla útgerðarinnar til þess að mæta útgjöldum sínum.

Tillaga sú, sem hér er flutt, lýtur að því, að allt þetta og sérhvað annað, sem varðar hag útgerðarinnar, sé rannsakað og að á niðurstöðum þeirra rannsókna verði gerðar tillögur til umbóta. Þegnar þjóðfélagsins, sem taka á sig þá byrði, sem því er samfara að styrkja einn eða annan atvinnuveg, eiga rétt á því að krefjast þess, að allt sé gert, sem unnt er, til að upplýsa hag þess atvinnuvegar og til þess að þar verði komið við umbótum, sem að gagni megi koma. Þegar það hefur verið reynt til þrautar, verður þjóðin að standa undir þeirri aðstoð, sem nauðsynleg telst til þess að viðhalda útflutningsframleiðslunni og ná jafnvægi í verzlunarviðskiptum við aðrar þjóðir.

Ed. 468. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til laga um þjóðskrá og almannaskráningu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við hagstofustjóra, sem er höfundur þess.

Tilgangur frumvarpsins er að koma fastri skipan á manntalið í landinu. Er að því stefnt, að hvorki falli menn niður af manntali né séu skráðir víðar en á einum stað. Áherzla er á það lögð, að fyrir 1. desember ár hvert liggi fyrir tilkynningar um allar breytingar á manntali frá næsta ári á undan. Með samstarfi því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á milli hagstofunnar, sveitarstjórna, presta og skattanefnda virðist vel fyrir því séð, að tilgangur frumvarpsins náist, enda veltur á miklu, að svo verði. Nefndin mælir því með frumvarpinu og bendir á, að vegna þeirrar tihögunar, sem orðin er á um álagningu skatta, eftir að vélar hagstofunnar komu til sögunnar, er á því mikil nauðsyn, að sem fyrst komist það fasta form á manntalið, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 8. marz 1956.

Karl Kristjánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Hermann Jónasson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 469. Frumvarp til laga [182. mál]

um listamannalaun.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Veita skal tiltekinni tölu viðurkenndra listamanna föst listamannalaun eftir lögum þessum.

2. gr.

Sex mönnum skal veita 20 þús. kr. árslaun. Sameinað Alþingi ákveður með skriflegri atkvæðagreiðslu og umræðulaust, hverjir þessara launa skuli njóta.

3. gr.

Sex mönnum skal veita 15 þús. kr. árslaun, tólf mönnum 12 þús. kr. árslaun og tólf mönnum 8 þús. kr. árslaun. Menntamálaráðherra ákveður, hverjir þessara launa skuli njóta, eftir tilnefningu samkvæmt 4. gr.

Engum má veita laun eftir þessari grein, sem yngri er að árum en fertugur.

4. gr.

Heimspekideild háskólans, eða fimm menn, sem hún velur til, og menntamálaráð, hvor aðili í sínu lagi, skulu gera tillögur til ráðherra um það, hverjum veita skuli listamannalaun eftir 3. gr. Skal hvor aðili gera í fyrsta sinn tillögu um fulla tölu manna í hvern launaflokk. En síðan skal hvor aðili tilnefna tvo menn til hverra listamannalauna, sem laus verða til veitingar.

Sækja má um listamannalaun, einnig fyrir hönd annars manns. En tilnefna skal menn til launanna og veita þau án tillits til þess, hvort umsókn hefur komið fram eða eigi.

5. gr.

Meta skal þetta við veiting listamannalauna eftir 3. gr. og hafa hliðsjón af, að öðru jöfnu:

a) hversu arðbær sú listgrein er almennt, sem maður leggur stund á,

b) hvort maður gegnir föstu starfi og hversu vel launuðu,

c) hvort maður hefur eftirlaunarétt,

d) hvort maður hefur verulegar tekjur af eignum eða fjárafla utan sinnar listgreinar.

6. gr.

Veiting listamannalauna skal fylgja sami réttur og veiting embættis, eftir því sem við getur átt, en án aldurshámarks og án eftirlauna til maka, enda greiðist ekki lífeyrissjóðsgjald af listamannalaunum. — Ráðherra getur svipt mann listamannalaunum, sem veitt eru eftir 3. gr., ef maðurinn gerist sekur um afbrot eða mjög vítavert framferði.

7. gr.

Listamannalaun eftir 3. gr. skulu falla til veitingar á ný, ef svo verður:

a) að maður hverfur úr landi, nema til þess sé að geta betur stundað list sína í íslenzka þágu, og metur ráðherra það,

b) að maður tekur við föstu starfi með árslaunum, sem svara VIII. launaflokki opinberra starfsmanna eða meira. — Þó má tilnefna mann til hinna sömu listamannalauna eða annarra og veita honum á ný.

8. gr.

Listamannalaun skal greiða hverju sinni með sömu uppbót eftir vísitölu og laun opinberra starfsmanna. Verði almenn hlutfallshækkun gerð á launum opinberra starfsmanna, skal fara eins um listamannalaun.

9. gr.

Listamannafé, sem veitt er í fjárlögum til úthlutunar árlega, skal úthlutað af þingkjörinni nefnd, eftir nánari ákvæðum í fjárlögum, en að fengnum tillögum menntamálaráðs og fimm manna nefndar, kosinnar af fulltrúaráði Bandalags íslenzkra listamanna, og geri hvor aðili í sínu lagi tillögur til úthlutunarnefndar.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt að beiðni stjórnar Rithöfundafélags Íslands og nokkurra annarra úr hópi listamanna. Flutningsmaður áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frumv. eða fylgja þeim.

Frumv. fylgdi svofelld greinargerð frá stjórn Rithöfundafélags Íslands:

Frumvarp þetta er upphaflega borið fram í stjórn Bandalags íslenzkra listamanna 1954 og er samið af þáverandi ritara bandalagsins (Helga Hjörvar). Frumv. var þá rætt nokkuð meðal listamanna og höfuðtillögu þeirri, sem í frumv. felst, yfirleitt mjög vel tekið. Málið fór þó ekki lengra í það sinn.

Það vakti mikla óánægju meðal listamanna, þegar fastar fjárveitingar til listamanna voru felldar úr 18. gr. fjárlaga. En það er höfuðatriði þessa frumv. að taka upp aftur „átjándu greinina“ að þessu leyti, en í fastara formi en áður var.

Meiri eða minni listamannalaun til hinna fremstu listamanna þykja öllum sjálfsögð. Hins vegar mætti hitt þykja ótilhlýðilegt, að meta það ár frá ári, hvort t. d. Ásgrímur eða Kjarval, eða aðrir öndvegismenn, skuli hafa áfram einhvern „styrk“, og svo bezt að þeir sæki sjálfir um styrkinn. Þetta er skapraun fjölda manna, hvað sem líður umsækjendunum sjálfum. Ætlunin með þessu frumv. er fyrst og fremst að skipa í fastan sess að þessu leyti þeim listamönnum, sem fengið hafa fyrir löngu sinn sess í úthlutun listamannafjár og í meðvitund þjóðarinnar.

Hinir yngri listamenn munu telja sér beinan hag í því að losna við þá togstreitu, sem óbeint hlýtur að verða milli þeirra og hinna eldri og meir viðurkenndu listamanna við hverja árlega úthlutun. Og hinum yngri þykir sem þeirra hlut verði jafnan hættara. Þeir munu einnig álykta svo, að árlega veitt upphæð í fjárlögum til listamanna yrði síður skorin við nögl, ef þau listamannalaun, sem sjálfsögð þykja hvort eð er, prýða ekki lengur hina óskiptu tölu í dálkum fjárlaganna.

Ekki þarf að vænta þess, að skipting listamannafjár verði með fullri eindrægni, hvernig sem að væri farið. En sú skipun, sem hér er lagt til að upp verði tekin, mundi efalaust miða til hins betra og setja niður að verulegu leyti óþarfar og árlegar erjur.

Skal þá vikið að nokkrum atriðum í frumv., sem eftir eðli sínu hljóta að verða álitamál.

a) Um tölu listamanna, sem njóta skulu fastra launa, svo og launahæð og launaflokka, hlýtur jafnan sitt að sýnast hverjum. Tölu manna er hér haldið frá hinu upphaflega frumv. og flokkaskipun og launaflokkum (hlutfallslega) að mestu. Til samanburðar má nú geta þess, að Alþingi hefur nýlega ákveðið tveimur höfuðskáldum um 33 þús. kr. heiðurslaun. Tala manna (36) er miðuð við það, að sjálfsagt mundi þykja að setja ekki færri menn en það í fasta flokka, miðað við árlega úthlutun nú um langan tíma. En á það hefur verið bent af ýmsum, að efsti flokkurinn (2. gr.) sé of fámennur. En hægt væri þá fyrir Alþingi að bæta þar um, ef fallizt verður á sjálft skipulagið eða annað svipað.

b) Aldurshámarkið í 3. gr. er álitamál og einnig hvar það skyldi sett. En eftir sjálfri frumhugmyndinni í frumvarpinu er ætlazt til, að hinir yngri listamenn og síður fullreyndir njóti síns fjár af árlegri úthlutun, eins og verið hefur, og er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu, að hinir fremstu þeirra fengju meira fé en svarar lægri flokkunum föstu. Meiri hreyfing er og þarf að vera á fjárveitingum til hinna ungu listamanna.

c) Tilnefning til fastra listamannalauna (4. gr.) hlýtur að verða álitamál. Umsvifaminnst og sjálfsagt má telja, að veitingin sjálf sé í höndum menntamálaráðherra, eins þó að um svo takmarkað veitingavald sé að ræða. En hver ráðherra mundi settur í næsta óvenjulegan vanda, ef hann hefði ekki sterkan tillögugrundvöll á að standa í þessu, og þó allra helzt í fyrsta sinn. En það er eitt höfuðatriði í frumv. að leggja tilnefninguna á tvo aðila, sem hvor sé óháður öðrum, en lengi má deila um hitt, hvernig velja skuli þessa aðila. Margir meðal listamanna vilja, að þeir hafi sjálfir sem ríkust áhrif á úthlutun listamannalauna. En aðrir þeirra eru því mjög andstæðir, vegna þess að því geti fylgt illdeilur í hópi listamanna sjálfra. Hér er borin fram sú tillaga, sem upphaflega var í frumv., að tilnefning verði falin heimspekideild háskólans, auk menntamálaráðs.

d) Meðal listamanna er ágreiningur um 5. gr. og b-lið í 7. gr., því að margir telja ekki sæma að meta neitt annað en listarverðleika eina. Fánýtt er að deila um slíkt, meðan ekki er af ómældu fé að taka. Hér er farin sú leið, sem telja má nauðsynlega og skynsamlega, þó að það megi til finna, að hún sé ekki stórmannleg. Tillagan í 7. gr., b-lið, við hvaða launaflokk skuli miðað, er aðeins lausleg.

Við hið upphaflega frumv. er hér aukið 9. gr., eftir samráði við flutningsmann.

Útgjöld eftir þessu frumv. mundu verða, miðað við 75% vísitölu:

2. gr.:	6 menn	35 000	kr.	210 000
3. gr.:	6 —	26 250	—	157 500
	12 —	21 000	—	252 000
	12 —	14 000	—	168 000
			Kr.	787 500

Listamannafé var á árunum 1947—49 (að meðaltali hvert árið) kr. 517 þús. Það hækkaði lengi mjög lítið, þrátt fyrir vaxandi dýrtíð og gengisfellingu. Jafnvel sú hækkun, sem gerð var í fyrra, náði engan veginn sanngjörnu hlutfalli.

Listamannafé er nú kr. 992 608.00, en ætti að vera hlutfallslega:

1. Eftir hækkun á launum starfsmanna ríkisins, miðað við 1948 og 1956 ..... kr. 1 190 000.00
2. Eftir hækkun á menntamálagreinum fjárlaga (14. og 15. gr.) á sama tíma ..... — 1 528 000.00
3. Eftir hækkun á fjárlögum alls, miðað við 1947—49 og 1956 — 1 372 000.00

Árið 1955 var 114 mönnum veitt listamannafé, en nokkru færri árin þar á undan. Til þess að veita sömu tölu listamanna fé, að þessu frumv. samþykktu, engum minna en fyrr, og þó með 10% uppbót, miðað við 1955, þyrfti um 367 þús. kr., auk kostnaðar við föst listamannalaun, þ. e. .... kr. 787 500.00

— 367 400.00

kr. 1 154 900.00

eða um 35 þús. kr. minna en því svarar, að listamannafé hefði hækkað á við starfsmannalaun (þ. e. miðað við einstaklinga). En sá samanburður ætti sízt að vera ósanngjarn frá sjónarmiði listamanna. Þar að auki segir það sig sjálft, að heildarveiting til listamanna ætti að hækka verulega af því einu, að ungum listamönnum fjölgar mjög ört, en framsókn þeirra er áköf og vonglöð.

Sþ. 470. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um rannsókn hafnarbóta við Dyrhólaós.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort unnt sé að gera hafnarbætur við Dyrhólaós, svo að fiskibátar geti fengið þar athafnasvæði.

Greinargerð.

Oft hafa íbúar hinna hafnlausu héraða í Vestur-Skaftafellssýslu farið þess á leit, að rannsakaðir yrðu til hlítar möguleikar á því, að gerðar yrðu einhverjar hafnarbætur innan héraðsins, svo að fiskibátar gætu fengið þar athafnasvæði. Hefur Dyrhólaós einkum verið nefndur í þessu sambandi. Hafa af hálfu vita- og hafnamálastjóra farið fram athuganir á þessu máli, og mun hann hafa í fórum sínum ýmis gögn og upplýsingar í málinu. Hins vegar hefur aldrei þótt fært að ráðast í framkvæmdir á sviði hafnarbóta við Dyrhólaós, enda eru aðstæður erfiðar og aðgerðir því án efa kostnaðarsamar. Hins vegar fleygir allri tækniþróun ört fram, svo að því, sem ókleift var talið fyrir áratug eða svo, er nú leikur einn að ráða fram úr.

Á s. l. sumri fór flm. þessarar þáltill. þess á leit við Gísla Sigurbjörnsson forstjóra í Reykjavík, að hann kæmi austur í Mýrdal með þýzka verkfræðinga, sem staddir voru þá hér á landi, og að verkfræðingarnir litu á aðstöðuna við Dyrhólaós. Þeir komu austur og athuguðu staðhætti lauslega. Hef ég nú fengið bréf frá Gísla Sigurbjörnssyni, þar sem hann skýrir frá því, að hinir þýzku verkfræðingar telji sjálfsagt, að þetta hafnarmál verði rannsakað nánar. Verkfræðingarnir munu dveljast á Akranesi næsta sumar við stækkun hafnarinnar þar.

Með þáltill. þessari er þess farið á leit, að athuguð verði nánar skilyrði til hafnarbóta við Dyrhólaós, einkum með það fyrir augum, ef hinir þýzku sérfræðingar teldu sig hafa einhver úrræði, sem viðráðanleg væru. Bréf Gísla Sigurbjörnssonar forstjóra er prentað hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

GÍSLI SIGURBJÖRNSSON, Reykjavík.

Reykjavík, 7. marz 1956.

Herra alþingismaður, Jón Kjartansson, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni yðar, herra alþingismaður, fóru tveir þýzkir verkfræðingar frá firmanu Hochtief, Essen, ásamt mér austur í Vík í sumar s. l. og síðan að Dyrhólaós til þess að athuga möguleika á að opna ósinn og gera hann notfæran fyrir fiskibáta.

Að sjálfsögðu var hér aðeins um fljótlega athugun að ræða — en þó var reynt að fá upplýsingar þessu máli viðvíkjandi, bæði austur í Vík og hér í Rvík.

Töldu verkfræðingarnir alveg sjálfsagt að athuga þetta mál nánar — en þá þarf verkfræðingur að dvelja fyrir austan um nokkurt skeið til þess að gera alls konar mælingar og rannsóknir á sandburðinum o. fl.

Ekkert vildu þeir láta hafa eftir sér um, hvernig leysa mætti þennan vanda — en þar sem svo mikið er í húfi fyrir fólkið, sem í héruðunum þarna býr, þá ætti að vera sjálfsagt að óska eftir aðstoð þeirra í þessu vandamáli.

Virðingarfyllst,

Gísli Sigurbjörnsson.

Nd. 471. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um endurskoðun löggjafar um loftferðir.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun löggjafar um loftferðir. Skal endurskoðunin við það miðuð, að sett verði heildarlög um þessi efni, lögtekin þau atriði alþjóðareglna um flugmál, sem þurfa þykir, og settar skýrar reglur um innanlandsflug, m. a. um flug yfir bæjum og þéttbýli og um flug kennsluvéla.

Greinargerð.

Gildandi lög um loftferðir eru nr. 32 frá 1929. Um samgöngureglur loftfara segir m. a. í þeim, að „meðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur ekki út reglugerð um þessi efni, ber að nota samgöngureglur þær, er gilda í alþjóðaskiptum um loftferðir".

Reglugerðir eru til um umferð, öryggi o. fl. fyrir Reykjavíkurflugvöll og Keflavíkurflugvöll, en almennar alþjóðareglur um flugmál hafa ekki verið lögfestar eða birtar hér á landi. Ákveðnar og ýtarlegar reglur eru þannig ekki í lögum um flug yfir bæjum eða þéttbýlum svæðum, flug kennsluvéla eða um ónauðsynlegt flug.

Tilgangurinn með tillögu þessari er sá, að skýr lagaákvæði verði sett um þessi atriði og aðra þætti flugmálanna.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögunni í framsögu.

Sþ. 472. Nefndarálit [121. mál]

um till. til þál. um rannsókn nýrra heyverkunaraðferða.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. þessa á fundum sínum og sent hana til umsagnar búnaðarþings. Búnaðarþing mælti einróma með því, að mál þetta yrði rannsakað, og mælti með samþykkt till., en benti á, að eðlilegast væri, að slíkar rannsóknir, sem till. fer fram á að verði gerðar, verði framkvæmdar af verkfæranefnd og tilraunaráði búfjárræktar í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Fjárveitinganefnd féllst á þetta sjónarmið búnaðarþings. Kostnaðinn við þessar rannsóknir sá nefndin ekki ástæðu til að taka upp í ályktunina, þar sem í 16. gr. gildandi fjárlaga eru veittar 100 þús. krónur til slíkra rannsókna sem till. fjallar um. Nefndin leggur því til, að till. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir verkfæranefnd og tilraunaráð búfjárræktar að afla upplýsinga um nýjar heyverkunaraðferðir hér á landi og erlendis og að koma því til leiðar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að gerðar verði tilraunir með þær nýjungar á þessu sviði, sem líklegastar þykja til þess að létta störfin við heyöflunina og tryggja gæði fóðursins. Búnaðarfélag Íslands lætur bændum í té hverju sinni, svo fljótt sem verða má, niðurstöður þær, sem rannsóknir þessar og tilraunir leiða í ljós og eru þess eðlis að dómi þess og fyrrnefndra aðila, að þær geti orðið bændum til hagsbóta.

2. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn heyverkunaraðferða.

Alþingi, 9. marz 1956.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson. Jónas G. Rafnar.
Hannibal Valdimarsson. Jón Kjartansson. Lúðvík Jósefsson.
Magnús Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 473. Lög [130. mál]

um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

(Afgreidd frá Ed. 12. marz.)

Samhljóða þskj. 402.

Sþ. 474. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um undirbúning byggingar þaraverksmiðju á Reykhólum og þangmjölsverksmiðju í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hefja undirbúning að byggingu þaraverksmiðju á Reykhólum og þangmjölsverksmiðju í Flatey á Breiðafirði. Stærð og gerð hvorrar verksmiðju sé ákveðin sameiginlega af rannsóknaráði ríkisins og Iðnaðarmálastofnun Íslands með tilliti til hagkvæmustu rekstrarafkomu samfara möguleikum á hráefnaöflun á Breiðafirði, enda sé þá höfð hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru um framleiðslu verðmæta úr sjávargróðri.

Skal öllum undirbúningi, svo sem teikningum, verklýsingum, kostnaðaráætlunum og rekstraráætlunum, lokið fyrir 1. október n. k.

Kostnaður við undirbúninginn greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Árlega standa þjóðirnar gagnvart nýjum vandamálum í sambandi við ört vaxandi mannfjölgun í heiminum, bæði við að finna ný viðfangsefni og hitt, að fæða og klæða fólkið og láta því í té nauðsynlegustu lífsþarfir. Um aldir sóttu menn mest bæði lífræn og ólífræn efni til moldarinnar, en seinni tíma vísindi og tækni hafa fært mönnum sönnun þess, að einnig haf og loft búa yfir miklum forða af því, sem oss er nauðsynlegt til þess að viðhalda lífinu, og því leita menn nú meira og meira í þessi forðabúr. Eitt slíkra verðmæta, sem segja má að ekki hafi verið hagnýtt hér á landi að verulegu marki, er sjávargróðurinn.

Nágrannaþjóðir vorar, Norðmenn, Skotar og Írar, hafa um alllangt skeið unnið verðmæti í allstórum stíl úr sjávargróðri, og fer sú framleiðsla ört vaxandi í Noregi, eins og sjá má af þeim fylgiskjölum, er fylgja með þessari þáltill., en þeirra upplýsinga hefur Iðnaðarmálastofnun Íslands aflað að minni tilhlutun. Þá er og vitað, að Japan hefur um langan aldur framleitt verðmæt efni úr sjávargróðri og að Ameríkumenn hafa komið sér upp fljótandi verksmiðjum, sem afla hráefnis frá hafinu og breyta því í verðmæta vöru.

Rannsóknaráð ríkisins lét fyrir nokkru athuga möguleika á því að afla hráefnis hér við strendur landsins. Samtímis því athugaði það möguleika á þaravinnslu hér á landi, og verkfræðingur hefur verið til dvalar í Noregi á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að athuga þar þessi mál. Við þá athugun, sem gerð var á öflun hráefna, kom í ljós, að á Breiðafirði er gnægð þara og þangs, sem mundi ekki ganga til þurrðar, þótt mikið magn væri tekið árlega, og að tiltölulega létt er að afla þess.

Þegar ríkissjóður á sínum tíma keypti jörðina Reykhóla, var m. a. ætlunin, að þar yrði komið upp atvinnufyrirtækjum, sem tækju til meðferðar ný verkefni, þar sem hægt væri að nota þann mikla jarðhita, sem þar er. Var þá m. a. haft í huga að koma þar upp saltvinnslu, og liggja fyrir áætlanir um bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað slíks iðjuvers. En ekkert hefur þó orðið úr þeim framkvæmdum, m. a. vegna þess, að frekari rannsóknir hafa leitt í ljós, að aðrir staðir mundu heppilegri ef ráðizt yrði í það að koma á saltvinnslu hér á landi. Hins vegar munu fáir eða engir staðir á landinu hafa jafngóð skilyrði til að vinna verðmæti úr þara og Reykhólar. Hráefnið er rétt við bæjardyrnar og hiti er þar takmarkalítill. Hér ber því að gera fyrstu tilraun með vinnslu verðmæta úr þara og það svo fljótt sem verða má.

Um allan norðanverðan Breiðafjörð flýtur þangið í víðáttumiklum breiðum svo að segja allt árið og þó mest síðari hluta vetrar, þegar ísa leysir af öllum fjörðum. Er mjög auðvelt að safna því saman og flytja það á einn stað til þess að vinna úr því mjöl til fóðurs. Væri Flatey á Breiðafirði langheppilegasti staður til þess að reka slíka verksmiðju.

Með tilvísun til þessa hef ég leyft mér að bera fram þáltill. þess efnis, að ríkisstjórnin láti þegar undirbúa byggingu þaraverksmiðju á Reykhólum og þangmjölsverksmiðju í Flatey og að stærð þeirra og gerð verði ákveðin af þeim aðilum, sem kunnugastir eru þessum iðnaði og mest hafa unnið að því að rannsaka frumskilyrði þess að koma honum á fót. Það er ekki höfuðatriðið, að hér sé farið mjög stórt af stað, heldur hitt, að verksmiðjurnar verði sniðnar þannig, að þær geti borið sig fjárhagslega. Og með þeim framkvæmdum, sem hér yrðu hafnar, væri sannað, að Íslendingar geta breytt sjávargróðri sínum í verðmætustu verzlunarvöru og að unnt er að nota sér þau auðæfi, sem í honum felast.

Norðmenn auka slíka framleiðslu árlega. Þeir láta fiskimjölsverksmiðjur sínar starfa að því að breyta sjávargróðri í gull, þegar þær hafa ekki önnur hráefni að vinna úr, á meðan við látum okkar verksmiðjur bíða starfslausar árum saman eftir síld, sem ekki kemur. Þeir láta þúsundir manna safna þangi og þurrka það til hálfs og selja það síðan verksmiðjunum til frekari vinnslu og bæta þannig verulega afkomu margra manna. Við megum ekki fresta lengur framkvæmdum á þessu sviði framleiðslumála. Sá undirbúningur, sem hér er ætlazt til að gerður verði, er ekki fjárfrekur, en þegar honum er lokið, kemur til með að liggja fyrir, hver áætlaður kostnaður er við framkvæmdirnar og hvaða leiðir verði heppilegastar til að koma þeim í framkvæmd. Er þess því að vænta, að þáltill. verði samþykkt á þessu þingi.

Fylgiskjal I.

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS

Reykjavík, 9. marz 1956.

Herra Gísli Jónsson alþingismaður, Ægisgötu 10, Reykjavík.

Vegna samtals við yður s.l. desembermánuð um möguleika á þara- og þangvinnslu hérlendis, þá höfum vér skrifað íslenzka sendiráðinu í Osló og beðið það um ýmsar upplýsingar um framleiðslu úr þessum sjávargróðri í Noregi. Hefur oss nú borizt svar við bréfi voru, og sendum vér yður hjálagt afrit bæði af fyrirspurn vorri og svari sendiráðsins. Enn fremur sendum vér yður afrit af bréfi frá sama sendiráði, er skrifað var í nóvember 1954 og fjallar um sama efni.

Vér viljum fyrst vekja athygli yðar á því, að allýtarlegar rannsóknir og athuganir hafa verið framkvæmdar á síðari árum um hugsanlega vinnslu úr þara og þangi hérlendis. Niðurstöður þessara rannsókna eru birtar í Fjölriti Rannsóknaráðs nr. 1, 2, 4, 5 og 6 frá 1954. Fjalla rannsóknir þessar aðallega um alginat-framleiðslumöguleika úr brúnþara, sem er sá sjávargróður hér við strendur, sem auðveldast er að afla, annaðhvort með því að safna honum reglulega af sjávarbotni, t. d. í Breiðafirði, eða með tínslu rekaþara.

Samkvæmt þessum skýrslum (nr. 2) yrði alginat-framleiðsla hérlendis mun dýrari en í Noregi. Er þetta aðallega vegna hins háa verðlags á brennisteinssýru, sem mikið er notuð við þessa framleiðslu (60% framleiðslukostnaðarins er verð á kemikalíum). Þó er talið í skýrslu nr. 6, að minnka mætti eyðslu á brennisteinssýru töluvert með mun lengri suðu, og með því að nota ódýran hverahita til suðunnar mætti lækka framfærslukostnaðinn, svo að verðið yrði líkt og það var í Noregi (20—30 nkr/kg). Af bréfi sendiráðsins í Osló, dags. 29. febr. 1956, má sjá, að Norðmönnum hefur tekizt að lækka framleiðslukostnaðinn á alginati síðan 1954 um 50%, svo að verðið er nú um 15 nkr/kg. Af þessu má fljótlega ályktа, að alginatframleiðsla hér á landi muni ekki vera samkeppnisfær að svo stöddu.

Auk framangreindra athugana gerði dr. Jón E. Vestdal bráðabirgðagreinargerð árið 1948 um það, hvar við strendur landsins sé helzt að finna verulegt magn af þara og þangi. Athugun þessi var gerð með hugsanlega alginat-framleiðslu fyrir augum.

Þá viljum vér einnig benda á, að í júlí síðastliðnum fór Hallgrímur Björnsson efnaverkfræðingur á vegum Rannsóknaráðs ríkisins til Þrándheims til að sitja þar vísindaþing (Second International Seaweed Symposium), er háð var í háskóla borgarinnar og fjallaði um hagnýtingu sjávargróðurs. Hyggst Hallgrímur skrifa skýrslu um mál þau, sem þar voru rædd, er hann fær senda fyrirlestrana af þinginu, en þeir hafa ekki borizt honum enn.

Einnig mun dr. Þorbjörn Sigurgeirsson vera að semja yfirlit fyrir Atvinnumálanefnd ríkisins um rannsóknir og athuganir, er gerðar hafa verið í sambandi við hugsanlega vinnslu á þara og þangi hérlendis.

Til viðbótar við það, sem áður hefur komið fram í skýrslum um mál þetta, viljum vér benda á, að ekki er útilokað, að nota megi brúnþara til skepnufóðurs eða til áburðar. Þurrkaður og malaður þari gæti verið ágætis fóðurbætir fyrir búpening, ef hann væri notaður í hæfilegum skömmtum (10% af heildarfæðu). Gildi slíks fóðurbætis byggist aðallega á því, hve hann inniheldur mikið af uppleysanlegum málmsamböndum. Sama máli gegnir um not hans til áburðar.

Framleiðslukostnaður slíks mjöls yrði lauslega áætlaður um 1000—1500 krónur tonnið, sem er heldur hærra en í Noregi (45 nkr/100 kg). Væri ekki óhugsandi, að nota mætti mjöl þetta til innanlandsnotkunar, ef bændum félli það vel og þætti verðið hagstætt. Mjöl þetta hefur gefið góða raun sem skepnufóður og áburður bæði í Noregi og Skotlandi, en í Skotlandi var söluverð mjölsins árið 1949 661 kr/tonn.

Þá er og ekki ósennilegt, að neðst í þangbeltinu hér við land á um það bil 20 metra dýpi megi finna rauðþörungaplöntuna „Chondrus crispus“, en úr þeirri plöntu er unnið „karagerid“. Efni þetta er bæði verðmeira en alginöt (áætlað um 30 nkr/kg), og auk þess ætti framleiðslukostnaður þess að vera lægri, ef völ er á ódýrum hverahita, þar eð framleiðslan þarfnast ekki mikils af kemiskum efnum, en krefst hins vegar mikillar suðu. Meðfram allri norðurströnd Ameríku, Atlantshafsmegin, vex mikið magn af rauðþörungaplöntu þessari, enn fremur við stendur Írlands, Skotlands og Noregs, og hefur hún í þessum löndum verið nýtt til karageridframleiðslu. Eru því talsverðar líkur til, að planta þessi vaxi einnig við strendur Íslands, en mál það hefur lítið verið rannsakað, að því er vér bezt vitum.

Væri t. d. unnt að ná upp um 1000 tonnum á ári af þessum þörungi, mætti fá um 100—150 tonn af karagerid, sem næmi að verðmæti tæpri milljón króna. (Í U. S. A. er söluverð á óþurrkuðum rauðþörungi um 2 c/lb). Hér yrði að vísu ekki

um neinn stórrekstur að ræða, en fyrir megnið af framleiðslunni fengist erlendur gjaldeyrir, þar eð tiltölulega lítið af erlendu hráefni er notað við framleiðsluna. Í fljótu bragði virðist oss svo sem slíkur rekstur mundi geta borið sig og skilað auk þess einhverjum hagnaði.

Oss væri mikil ánægja að hafa nánari samvinnu við yður um þetta mál, ef þér óskið þess, og vonumst vér þá til að heyra frá yður þar að lútandi.

Virðingarfyllst,

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS,

Loftur Loftsson,
efnaverkfræðingur.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 17. janúar 1956.

Islands Legasjon, Stortingsgate 30, Oslo, Norge.

Vér höfum fengið fyrirspurn frá Gísla Jónssyni alþingismanni varðandi þang og þaravinnslu í Noregi og Danmörku.

Oss er kunnugt, að ýmsar fiskimjölsverksmiðjur í Noregi taki á móti þara og þangi til þurrkunar á þeim tímum, sem lítið er að gera hjá þeim, og er þetta þaramjöl annaðhvort notað sem kraftfóður, áburður eða sem hráefni í agar, alginsýru (eða alginöt) eða carrageenin (karagerid).

Það, sem alþingismaðurinn óskar eftir að fá upplýsingar um, er eftirfarandi:

1. Hvort margar verksmiðjur í Noregi vinni eingöngu úr þara eða þangi.
2. Hvað mikið er framleitt af þang- og þaramjöli, og hve mikið af því er notað til efnavinnslu (alginsýra o. s. frv.)?
3. Hvað er verðlagið í Noregi á síðustu árum (1954, 1955) á þurrkuðu þara- eða þangmjöli, hreinsaðri alginsýru og karagerid?

Vér vonumst til, að yður takist að veita oss aðstoð við að safna þeim upplýsingum, er vér þurfum á að halda til þess að vera færir um að svara á fullnægjandi hátt fyrirspurn alþingismannsins.

Virðingarfyllst,

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS,

Loftur Loftsson,
efnaverkfræðingur.

Fylgiskjal III.

SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Osló, 29. febrúar 1956.

Í bréfi, dags. 17. janúar þ. á., hefur Iðnaðarmálastofnun Íslands farið þess á leit, að sendiráðið útvegaði ýmsar upplýsingar um vinnslu þang- og þaramjöls og efna úr því, ásamt upplýsingum um verð.

Þrátt fyrir viðleitni sendiráðs hefur ekki tekizt að afla þeirra upplýsinga, sem spurt er um, nema að mjög litlu leyti, þar eð t. d. verksmiðjur þær, sem vinna efni úr mjölinu, vilja engar upplýsingar gefa um t. d., hve mikið þær taka til vinnslu o. s. frv.

Þær verksmiðjur, sem eingöngu vinna efni úr þara og þangi, eru þessar: A/S Björn, Bergen, Algea Produkter A/S, Kristiansand, Protan, Drammen, Meisdals Bruk, sem sendiráðið veit ekki hvar er staðsett.

Framleiðsla þang- og þaramjöls 1954 var, samkvæmt opinberum skýrslum, 2506 smál. Þessi framleiðslutala er þó ábyggilega allt of lág, því að mikið er tekið til vinnslu, án þess að það komi nokkurs staðar á skýrslur. Hve mikið notað er til efnavinnslu, er, eins og fyrr segir, útilokað að fá gefið upp.

Verðlag á þang- og þaramjöli hefur undanfarin ár verið óbreytt, n. kr. 45.00 pr. 100 kg f.o.b. verksmiðju. Alginsýra er ekki verzlunarvara, þar sem hún geymist ekki sem slík. Úr alginsýru er unnið natrium-alginat, sem er af mjög mismunandi gæðum. Hreint standard natrium-alginat mun kosta um n. kr. 15.00 pr. kg. Verð á karagerid getur sendiráðið ekki fengið gefið upp.

Að öðru leyti vill sendiráðið vísa til bréfs síns frá 11. nóvember 1954 til Iðnaðarmálastofnunarinnar.

Í þessu sambandi vill sendiráðið einnig geta þess, að í nýútkominni bók, „Nord- og Sör-Norsk Næringsliv", er að finna grein á bls. 95—107, eftir kjemiingeniör Arne Haug, sem starfar við Instituttet for tang- og tareforskning í Norges teknisk-naturvitenskepelige Forskningsråd. Greinina nefnir hann: „Kan vi utnytte våre tang- og tareforekomster?" og fjallar hún um vísindalegar athuganir á möguleikum til vinnslu hráefnisins og efna úr því. Á bls. 275—277 í sömu bók er einnig að finna frásögn af þang- og þararáðstefnu í Þrándheimi í júlí 1955.

Sendiráðið mun á næstunni senda bók þessa til utanríkisráðuneytisins og vill í því sambandi benda Iðnaðarmálastofnuninni á að fá bókina að láni þar, ef áhugi er á að kynna sér efni greinanna nánar.

Þ. Thorlacius.

Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Fylgiskjal IV.

SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Osló, 11. nóvember 1954.

Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 16. október þ. á., varðandi framleiðslu á þörungamjöli hefur sendiráðið aflað eftirfarandi upplýsinga um þetta:

1. Um það bil 30 síldarverksmiðjur meðfram norsku ströndinni taka á móti þangi og þara til vinnslu yfir sumar- og haustmánuðina, meðan þær ekki hafa önnur verkefni. Sökum þess, hve vinnsluaðferðin er einföld, taka enn fremur einstaka smærri fyrirtæki og nokkrir einstaklingar á móti þangi og þara til vinnslu.
2. Árið 1953 voru framleiddar 2804 smál. af þang- og þaramjöli, að verðmæti n. kr. 1 100 000.00.
3. Ekki er hægt að fá nákvæmar tölur um innanlandsnotkun á mjöli þessu, þar sem framleiðsla fyrrnefndra smáfyrirtækja og einstaklinga er hvergi tekin með í framleiðslutölum, en innanlandsnotkun má áætla um það bil 355 smál. árið 1953. Söluverð á þangmjöli er nú um það bil n. kr. 45.00 pr. 100 kg f.o.b. Oslo. Mjöl þetta mun notað sem kraftfóður. Þörungsmjölið mun hins vegar einungis notað til vinnslu ýmissa efni úr því.
4. Árið 1953 voru fluttar út 2249 smál. af þangmjöli, að verðmæti n. kr. 778 000.00, sem þýðir ca. n. kr. 34.50 pr. 100 kg.
5. Við öflun hráefnisins eru notaðir bátar eða flekar, og þeir, sem taka það upp, nota til þess stengur, sem hnífar eru festir á.
6. Hráefnið er að miklu leyti þurrkað úti. Það er þó að nokkru leyti eftir-þurrkað í þurrkrúmi, áður en það er malað.
7. Úr karagenþangi framleiða Algea Produkter A/S í Kristiansand karagerid, sem er „fortykningsmiddel", sem er notað talsvert mikið. A/S Protan í Drammen og A/S Smith & Sön í Bergen framleiða alginsýru, sem m. a. er notað í plastiðnaðinn. Mest af þessari framleiðslu er þó flutt út, eða um það bil 300 smál. Verðið er n. kr. 20.00—30.00 pr. kg.

Sendiráðinu er ekki alveg ljóst, hvort ofangreindar upplýsingar eru fullnægjandi fyrir yður, en af bréfi yðar var svo að skilja, að þér fyrst og fremst óskuðuð

eftir almennum upplýsingum um málið á þessu stigi. Sendiráðið hefur reynt að komast í samband við Þrándheimsskóla, en þar mun umrædd þörungarannsóknardeild enn vera starfrækt. Sendiráðið hefur ekkert svar fengið þaðan enn, svo að óvíst er, að það komi.

Hvað framleiðsluaðferð sjálfra efnanna úr þörungunum snertir, mun vera erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um. Sendiráðið mun þó að sjálfsögðu gera allt, sem í þess valdi stendur, til að fá þær upplýsingar, ef óskað er.

Enn fremur ef einhverra frekari upplýsinga er óskað um mál þessi, er þess beiðzt, að þér sendið sendiráðinu bréf með þeim spurningum, er þér óskið að fá svarað, og mun það þá gera sitt bezta.

F. h. s.
Þ. Thorlacius.

Iðnaðarmálastofnun Íslands, Iðnskólahúsinu, Reykjavík.

Nd. 475. Frumvarp til laga [186. mál]

um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar skal halda í Reykjavík annað hvert ár, að jafnaði í októbermánuði. Það skal ekki eiga lengri setu en tvær vikur.

2. gr.

Kjörnir eru 15 kirkjuþingsmenn, 14 í 7 kjördæmum og 1 af guðfræðideild Háskóla Íslands. Enn fremur eiga sæti á kirkjuþingi biskup og kirkjumálaráðherra.

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarness-, Mýra-, Borgarfjarðar- og Snæfellsnessprófastsdæmi.
3. Dala-, Barðastrandar-, Vestur-Ísafjarðar- og Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
4. Stranda-, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Norður-Múla-, Suður-Múla- og Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.
7. Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

3. gr.

Í hverju þessara kjördæma eru kosnir tveir kirkjuþingsmenn, prestur og leikmaður.

4. gr.

Prófastar og prestar, sem ábyrgð hafa á prestakalli, innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn. Kennarar guðfræðideildar Háskólans kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og einn til vara.

5. gr.

Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn.

6. gr.

Kjörstjórn skipa: biskup, og er hann formaður hennar, einn maður tilnefndur af kirkjuráði, og lögfræðingur tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

7. gr.

Kjörstjórn sendir í 1. viku aprílmánaðar þeim, er kosningarrétt hafa, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óutanáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Kjósandi ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, svo og nöfn 1. og 2. varamanns, á seðilinn, setur hann í óutanáritaða umslagið og lokar því, útfyllir eyðublaðið og undirritar og sendir síðan allt í áprentaða umslaginu til kjörstjórnar í ábyrgðarpósti.

Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera sín með hvorum lit. Leiðbeining fylgi um það, hvernig kosningin skuli framkvæmd.

Talning atkvæða fer fram í 1. viku ágústmánaðar.

8. gr.

Kjörstjórn úrskurðar, hverjir eiga kosningarrétt.

9. gr.

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningarnar. Réttkjörnir við báðar kosningarnar eru þeir, sem flest fá atkvæði. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr. Fái sami maður flest atkvæði, bæði sem aðalmaður og varamaður, tekur hann sæti aðalmanns.

Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skírteini um það, að þeir séu 1. og 2. varamaður í því kjördæmi.

10. gr.

Kjörtímabil er 6 ár. Ef kirkjuþingsmaður andast á tímabilinu eða getur ekki sótt kirkjuþing, taka varamenn þess kjördæmis við eftir röð.

11. gr.

Kærur út af kosningu til kirkjuþings skulu sendar kjörstjórn eigi síðar en svo, að komnar séu í hendur henni áður en kirkjuþing kemur næst saman. Leggur hún þær fyrir kirkjuþing á fyrsta fundi þess. Kirkjuþing úrskurðar með atkvæðagreiðslu, hvort kosning skuli tekin gild, og skal úrskurði lokið eigi síðar en á 3. fundi þess.

12. gr.

Biskup er forseti kirkjuþings. Auk þess kýs þingið sér þegar í upphafi fyrsta fundar 1. og 2. varaforseta og tvo skrifara.

13. gr.

Kirkjuþingsmenn fá greidda dagpeninga og ferðakostnað. Kýs kirkjuþingið þriggja manna þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar reikninga kirkjuþingsmanna. Kirkjumálaráðherra ákveður upphæð dagpeninga hverju sinni.

14. gr.

Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði. Það hefur og rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, fermingar, veitingu sakramenta og

önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups.

15. gr.

Kirkjuráð skipa 5 menn, biskup landsins og 4 menn kjörnir af kirkjuþingi, og skulu tveir þeirra a. m. k. vera guðfræðingar. Það kýs og jafnmarga varamenn. Kjörtímabil kirkjuráðsmanna er hið sama og kirkjuþingsmanna. Kosning í kirkjuráð fer jafnan fram, er hið fyrsta kirkjuþing, að afstöðum kosningum, kemur saman.

16. gr.

Verkefni kirkjuráðs er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar. Það skal vera biskupi til aðstoðar og fulltingis um að koma fram þeim málum, er kirkjuþing hefur samþykkt.

Kirkjuráð annast undirbúning þeirra mála, er það kýs að leggja fyrir kirkjuþing hverju sinni. Hafa og kirkjuráðsmenn rétt til að sækja fundi kirkjuþings og taka þar til máls, en hafa eigi atkvæðisrétt, nema þeir séu jafnframt þingfulltrúar.

Kirkjuráð hefur ráðstöfunarvald yfir Prestakallasjóði, svo og því fé öðru, sem veitt er til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi, samkvæmt þeim ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur hvert sinn, enn fremur því fé, er kirkjuráði kann að vera falin ráðstöfun á af kirkjuþingi eða öðrum aðilum.

17. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. Hann kallar kirkjuráð saman til funda, þegar þurfa þykir, eða þegar tveir kirkjuráðsmenn óska þess, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt numin úr gildi lög um kirkjuráð frá 6. júlí 1931.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kirkjuþing fyrir hina íslenzku þjóðkirkju hefur verið áhugamál prestastéttarinnar um hálfrar aldar skeið.

Skömmu eftir síðustu aldamót samdi meiri hluti þáv. kirkjumálanefndar, þeir séra Árni Jónsson á Skútustöðum, séra Eiríkur Briem og séra Jón Helgason síðar biskup, frumvarp um þetta efni, sem þó ekki náði fram að ganga, þrátt fyrir atfylgi ágætra manna.

Málinu var þó haldið vakandi, og fyrir allmörgum árum bar prófessor Magnús Jónsson fram á Alþingi frumvarp til laga um kirkjuþing. Frumvarpinu var yfirleitt vel tekið, en náði þó ekki afgreiðslu.

Fyrir Prestastefnu 1948 var að tilhlutan biskups lagt frumvarp til laga um kirkjuþing. Var málinu vel tekið og kjörin 5 manna nefnd til þess að athuga frumvarpið nánar. Lauk nefndin því starfi haustið eftir, og sendi síðan öllum prestum landsins til athugunar og umsagnar frumvarpið með þeim breytingum, er hún hafði á því gert.

Um gagnsemi þessa frumvarps fyrir kirkjuna ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum. Það liggur í augum uppi. Kirkjuþing er kirkjunnar mönnum ekki síður nauðsynlegt en t. d. bændum og sjávarútvegsmönnum fyrir sitt leyti þeirra þing. Mætti fastlega gera ráð fyrir því, að þegar fengin væri reynsla af starfi kirkju-

þinga, mundu menn engan veginn vilja án þess vera, enda er þess að vænta, að með líðandi árum mundi vaxa festa og þróttur í starfi þess.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal það tekið fram, er hér segir:

Um 1. gr.

Októbermánuður mun einna heppilegastur tími til þinghaldsins. Mestu sumarannir eru þá afstaðnar og bílvegir venjulega enn færir. Einnig má gera ráð fyrir setu Alþingis um sama leyti, og getur það verið mikill kostur. Tíminn til þinghaldsins er ekki ákveðinn lengri með tilliti til þess, að kostnaður við það verði sem minnstur, enda ætti hann að nægja, ef mál væru vel og rækilega undirbúin.

Um 2. gr.

Tala kjördæma og kirkjuþingsmanna er einnig höfð svo lág í sparnaðarskyni.

Um takmörk kjördæma getur alltaf orðið álitamál, en rétt þykir að miða við prófastsdæmi. Til þess að gera nánar grein fyrir skiptingu í kjördæmi er hér skýrt frá tölu þjóðkirkjupresta að lögum, sókna, sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa.

	Tala presta	Tala sókna	Tala sóknarn. og sfltr.
1. kjördæmi	9	8	48
2. kjördæmi	20	52	212
3. kjördæmi	19	44	181
4. kjördæmi	17	52	208
5. kjördæmi	18	45	185
6. kjördæmi	16	36	148
7. kjördæmi	17	49	205
Samtals	116	286	1187
Meðaltal	16.6	40.9	169.6

Um 3. gr.

Greinin tryggir ákveðið hlutfall milli tölu presta og leikmanna samkvæmt því, er mönnum hefur litizt bæði á prestastefnum og almennum kirkjufundum

Um 4. og 5. gr.

Almennar kosningar mundu verða of kostnaðarsamar, en sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar eru á hinn bóginn almennt kosnir og því ágætir kjörmenn, enda má vænta, að til þessara starfa veljist áhugamennirnir í hverri sókn. Og um kjörgengið liggur beint við, að einmitt þessir sömu menn, sem allar sóknir landsins hafa kosið úr leikmannahópi til þess að fara með mál sín, verði einir kjörgengir til kirkjuþings. Þetta mundi einnig auka áhugann á sóknarnefnda- og safnaðarfulltrúakosningum, og væru þessir trúnaðarmenn safnaðanna vel að því komnir að vera einir kjörgengir til kirkjuþings. Hér ætti ei í hlut þröngur hópur, heldur nokkuð á 2. þúsund manna. Hvert kjördæmi verður að eiga sína varamenn, enda er kjörtímabil áætlað í lengra lagi, 6 ár.

Um 15. til 17. gr.

Þar er sú breyting frá gildandi lögum, að kirkjuþingið skal kjósa kirkjuráð, en áður var það kjörið af prestum og héraðsfundum. Þessi breyting á kosningu kirkjuráðsins mun stuðla að nánu samstarfi milli kirkjuráðs og kirkjuþings, er verður að teljast mjög æskilegt og nauðsynlegt. Kirkjuráði eru ætluð hin sömu verkefni og áður, sbr. l. nr. 21 6. júlí 1931, og innbyrðis skipan þess er óbreytt.

Hins vegar er kjörtímabil kirkjuráðsmanna lengt úr 5 árum í 6 ár og verður hið sama og kirkjuþingsmanna.

Kirkjunni hafa borizt ýmsar gjafir frá einstökum mönnum, ætlaðar til kirkjuþarfa. Liggur beint við, að gefendur feli kirkjuráði ráðstöfun slíkra gjafa.

Nd. 476. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til laga um þjóðskrá og almannaskráningu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Með þeirri skipan, sem frumv. ákveður, er komið fastri skipan á manntal í landinu, og er með þessu fyrirkomulagi öruggt, að manntalið verður nákvæmara og réttara, en verið hefur hingað til.

Nefndin mælir með, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. marz 1956.

Kristín Sigurðardóttir, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Einar Ingimundarson. Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 477. Þingsályktun [171. mál]

um varanlegar endurbætur á aðalvegum landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 425.

Ed. 478. Breytingartillaga [26. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Ingólfi Flygenring.

Við 1. gr. Í stað „12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum“ komi: 12 klukkustundir á sólarhring hverjum til hvíldar og matar.

Ed. 479. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt málið á fundi sínum, og hafa nefndarmenn orðið ásáttir um að mæla með frv., en áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við það eða fallast á brtt., ef fram koma undir umræðu málsins.

Alþingi, 13. marz 1956.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Ingólfur Flygenring, frsm.
Bernh. Stefánsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 480. Nefndarálit [139. mál]

um till. til þál. um stofnun blaðamannaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með tillögunni.

Alþingi, 15. marz 1956.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Gils Guðmundsson.
Halldór Ásgrímsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 481. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á nokkrum fundum og sent það til umsagnar Félagi íslenzkra prentsmiðjueigenda, Bóksalafélagi Íslands og Félagi íslenzkra bókaverzlana. Þrátt fyrir það að félög þessi mæli á móti því, að refsi- og skaðabótareglur fyrir samningu, útgáfu og dreifingu bóka og blaða sé breytt frá því, sem nú er í lögum, hefur það þó orðið niðurstaða nefndarinnar að leggja til við hv. deild, að hún samþykki frv. óbreytt.

Verður gerð nánari grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar í framsögu.

Páll Zóphóníasson, sem var á fundi nefndarinnar, þegar hún ákvað að mæla með, að frv. yrði samþ., er nú erlendis.

Hermann Jónasson var ekki á nefndarfundi, þegar endanlega var gengið frá afgreiðslu máls þessa.

Alþingi, 15. marz 1956.

Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 482. Þingsályktun [21. mál]

um rannsókn heyverkunaraðferða.

(Afgreidd frá Sþ. 15. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir verkfæranefnd og tilraunaráð búfjárræktar að afla upplýsinga um nýjar heyverkunaraðferðir hér á landi og erlendis og að koma því til leiðar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að gerðar verði tilraunir með þær nýjungar á þessu sviði, sem líklegastar þykja til þess að létta störfin við heyöflunina og tryggja gæði fóðursins. Búnaðarfélag Íslands lætur bændum í té hverju sinni, svo fljótt sem verða má, niðurstöður þær, sem rannsóknir þessar og tilraunir leiða í ljós og eru þess eðlis að dómi þess og fyrrnefndra aðila, að þær geti orðið bændum til hagsbóta.

Sþ. 483. Þingsályktun [177. mál]

um skipulag á samgöngum innanlands.

(Afgreidd frá Sþ. 15. marz.)

Samhljóða þskj. 446.

Nd. 484. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. marz 1956.

Páll Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Gísli Guðmundsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 485. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist:

Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna eða Samband eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Sama rétt getur framleiðsluráð veitt Sambandi smásöluverzlana, ef rætt er um málefni, sem það varða sérstaklega.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki neyzluþörfinni, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ákveða skal verðlag á helztu innlendu garðávöxtum, svo sem kartöflum, gulrófum og gulrótum. Enn fremur er heimilt að ákveða verð á gróðurhúsaframleiðslu hvers konar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að verðskráðar séu fleiri tegundir matjurta. Skal að jafnaði fylgja þeirri reglu að hafa verðið lægst um aðaluppskerutíma hverrar tegundar. Á öðrum tímum árs skal ákveða verðið með tilliti til geymslukostnaðar og vaxtarauka.

4. gr.

Á eftir V. kafla laganna (28. gr.) koma 9 nýjar greinar í nýjum kafla, er verður VI. kafli, með fyrirsögninni: **Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.**

a. (29. gr.) Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.

b. (30. gr.) Undir starfssvið framleiðsluráðs fellur frá 1. september 1956 öll sú starfsemi, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur nú með höndum varðandi ræktun og sölu íslenzkra matjurta. Skal sú stofnun, er upp frá því annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti í umboði framleiðsluráðs, heita Grænmetisverzlun landbúnaðarins.

c. (31. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að selja eða leigja eftir mati dómkvaddra manna Grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins, eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda.

d. (32. gr.) Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

e. (33. gr.) Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum, og skulu samvinnufélög og aðrar verzlanir, sem umboð hafa nú fyrir Grænmetisverzlun ríkisins, sitja fyrir sem umboðsmenn.

Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

f. (34. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.

g. (35. gr.) Framleiðsluráð vinnur að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti

á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal framleiðsluráð leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.

h. (36. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Framleiðsluráð sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal það þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

i. (37. gr.) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:
   1. um starfsemi Grænmetisverzlunar landbúnaðarins;
   2. um flokkun og mat garðávaxta;
   3. um stofnræktun úrvals tegunda;
   4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

5. gr.

29. gr. (verður 38. gr.) laganna orðist svo:

Verðmiðlun á kjöti, mjólk, mjólkurvörum og eggjum skal haga þannig:

a. Á kjöti: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, er nota skal til verðmiðlunar, er nægi til þess, að sláturleyfishafar geti greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta á sláturstað, miðað við meðaltals sláturkostnað og flutningskostnað. Þá er heimilt að taka verðjöfnunargjald af stórgripakjöti, ef ástæða þykir til.

b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða, eftir því sem framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 39. gr.).

c. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald af eggjum.

6. gr.

30. gr. (verður 39. gr.) laganna orðist svo:

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við 38. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 9. gr.).

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur o. fl., svo og ákvæði annarra laga, er brjóta í bág við lög þessi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1956.

Nd. 486. Lög [163. mál]

um þjóðskrá og almannaskráningu.

(Afgreidd frá Nd. 16. marz.)

Samhljóða þskj. 406.

Ed. 487. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustundir á sólarhring hverjum til hvíldar og matar. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 488. Þingsályktun [139. mál]

um stofnun blaðamannaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 16. marz.)

Samhljóða þskj. 284.

Ed. 489. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal heimilt að innheimta árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, svo sem hér segir.

2. gr.

Fyrir orðið „lögreglustjóra“ í 4. gr. laganna komi: oddvita eða bæjarstjóra.

3. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðið „lögsagnarumdæmi“ í 1. málsl. komi: sveitarfélagi.
b. Fyrir orðið „lögreglustjóri“ í 3. málsl. komi: oddviti eða bæjarstjóri.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:
Skatt þennan skal innheimta með öðrum sveitargjöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 66 24. apríl 1954.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Nú þegar hraðvirkar bókhaldsvélar hafa verið teknar til aðstoðar innheimtumönnum ríkissjóðs við útreikning og innheimtu manntalsbókargjalda, verður fasteignaskatturinn og önnur þau gjöld, sem innheimt hafa verið með manntalsbókargjöldum og miðast við fasteignamat, og eru tiltölulega lág, til tafar afgreiðslu annarra manntalsbókargjalda. Viðunandi árangur næst ekki af starfi vélanna, nema létt verði af innheimtumönnum ríkissjóðs innheimtu fasteignaskattsins og sýsluvegasjóðsgjaldsins, sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa innheimt vegna sveitarsjóða. Ljóst er, að innheimta þeirra með öðrum fasteignagjöldum, sem sveitarfélög hafa heimild til að leggja á, er miklu kostnaðarminni en sérinnheimta þessara gjalda verður hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, eins og nú er komið.

Öll ákvæði þessa frumvarps eru miðuð við þetta.

Ed. 490. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skatt þennan innheimta oddvitar af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki vera lægri en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi, nema samþykki samgöngumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

2. gr.

Orðin „og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl“ í 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:
Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2‰ af fasteignarverði lands og lóða og 1‰ af fasteignarverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, móti framlagi, er

nemur 4‰—10‰ af land- og lóðaverði og 2‰—5‰ af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

4. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 10 9. febr. 1953.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinanr, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Vegaskattur, eða sýsluvegasjóðsgjald, eins og sá skattur er oft nefndur, er víða innheimtur af sýslumönnum sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamatsverði, en sums staðar er skatturinn greiddur úr hreppssjóði, og aflar hreppssjóður sér þá tekna til þeirra gjalda í niðurjöfnun útsvara.

Síðarnefnda innheimtuaðferðin er ódýrari og brotaminni, en það er á valdi sveitarfélaganna sjálfra, hvort þau hafa hana.

Innheimt eru í hreppssjóð útsvör og sums staðar bein fasteignagjöld, og má heita, að það sé ekki teljandi kostnaðarauki fyrir hreppssjóðinn að bæta við sig álagningu vegaskatts, annaðhvort sem viðbót við fasteignagjald, sem væntanlega er einnig hundraðshluti af fasteignamatsverði, sbr. lög nr. 67/1945; og mætti þá innheimta hvort tveggja í einu gjaldi eða innifela gjaldið í útsvarinu.

Ástæðan fyrir því, að þetta frumvarp er borið fram nú, er greind í greinargerð með frumvarpi til breytingar á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, sem lagt er fyrir Alþingi samtímis þessu frumvarpi.

Þær breytingar, sem gerðar voru á lögunum nr. 102 1933 með lögum nr. 50 17. maí 1947 og lögum nr. 10 9. febr. 1953, eru teknar upp í þetta frumvarp, og því er í 5. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir, að þau falli úr gildi.

Ed. 491. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri í hverjum kaupstað, skulu gera í tvíriti skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda annað eintakið oddvita eða bæjarstjóra í aprílmánuði ár hvert og hitt hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

2. gr.

Síðari málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Skatturinn rennur í sveitarsjóð og innheimtist með öðrum sveitargjöldum.

3. gr.

Síðari málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:
Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

4. gr.

Síðari málsl. 7. gr. laganna orðist svo:
Sektirnar renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Með tilliti til þess, að hundaskattur er á lagður vegna kostnaðar við hundalækningar, sem sveitarfélögin annast, en innheimta hans í höndum innheimtumanna ríkisins mun verða tiltölulega kostnaðarmeiri en í höndum oddvita, einkum vegna þess, að skatturinn getur ekki, svo að vel fari, fylgt öðrum manntalsbókargjöldum til útreiknings í hinum hraðvirku bókhaldsvélum, sem nú er tekið að nota, er hér lagt til, að innheimta hans verði framvegis með öðrum sveitargjöldum og renni í sveitarsjóðina, sem jafnframt greiði þá milliliðalaust hver um sig kostnaðinn af hundalækningum, eins og lengst af hefur verið. Í samræmi við þetta gerir frumvarpið einnig ráð fyrir, að sektir fyrir brot á lögum um hundahald renni í sveitarsjóð.

Ed. 492. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

5. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:
Eindagi hundraðsgjaldsins er sá sami sem á útsvörum. Sóknarnefndir sjá um innheimtu gjaldsins. Innheimtumönnum sveitarsjóða er skylt að innheimta hundraðsgjaldið gegn venjulegum innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgir því svo hljóðandi greinargerð:

Samkvæmt núgildandi lögum er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og innheimtumönnum sveitarsjóða í hreppum skylt að innheimta gjald þetta, ef sóknarnefnd óskar, og hefur það víða í kaupstöðum verið innheimt með manntalsbókargjöldum. Gjaldið er miðað við útsvör og er því ekki tilbúið til innheimtu fyrr en útsvör hafa verið lögð á og gjaldið hefur verið reiknað út eftir þeim.

Eðlilegast þykir, að sóknarnefndir sjái um innheimtu gjaldsins áfram, en nú, eftir að innheimtumenn ríkissjóðs fá aðstoð hraðvirkra bókhaldsvéla til útreiknings

og innheimtu á manntalsbókargjöldum, sem gerir þeim mögulegt að halda manntalsþing miklu fyrr en undanfarið og að hefja innheimtu fyrr, verður að skilja kirkjugarðsgjöldin frá manntalsbókargjöldunum, af því að útsvörin, sem þau eru reiknuð eftir, eru ekki kunn svo snemma, að þau geti fylgt hinum manntalsbókargjöldunum. Verður þá innheimta kirkjugarðsgjaldanna aukaerfiði og aukakostnaður að öllu leyti hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, og ekkert er unnið við það, að þeir hafi hana með höndum. Hins vegar verður innheimta þeirra miklu eðlilegri með útsvörum, og er þess vegna í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að innheimtumenn kaupstaða framkvæmi innheimtu kirkjugarðsgjaldsins, ef sóknarnefnd óskar.

Í gildandi lögum eru innheimtulaunin ákveðin 6%, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir venjulegum innheimtulaunum, sem nú munu yfirleitt vera lægri en 6%.

Sþ. 493. Nefndarálit [60. mál]

um till. til þál. um rannsókn vegarstæðis milli landsfjórðunga.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. þessa og sent hana vegamálastjóra til umsagnar. Hefur nefndinni borizt svar hans, og er það birt hér með sem fylgiskjal.

Vegamálastjóri gerir grein fyrir athugun, sem átt hefur sér stað á hinni svonefndu Sprengisandsleið, og kostnaði við vegarlagningu þar: Annars vegar upphlaðinn vegur ásamt brúagerðum yfir ár og flesta læki, sem á leiðinni eru, og hins vegar ruddur vegur með nauðsynlegustu brúagerðum. Telur vegamálastjóri þó æskilegt, að þessi leið verði betur rannsökuð, bæði aðstaðan til vegarlagningar og brúagerða. Í álitsgerð vegamálastjóra kemur einnig í ljós, að tveir möguleikar eru fyrir hendi um að stytta Austfirðingum meir leiðina inn á væntanlegan Sprengisandsveg en fram kemur í beinni tillögu hans, og þarf ýtarlegrar rannsóknar við, hvað hægt væri að gera í því efni, og leggur nefndin mikla áherzlu á, að slík athugun fari fram.

Þá verður einnig að telja réttmætt, að Kjalvegur verði athugaður, þótt nefndin sé vegamálastjóra sammála um, að sú leið komi tæplega til greina, að minnsta kosti ekki sem fyrsta aðgerð í því að gera akfæra leið yfir hálendið á milli landsfjórðunga.

Með tilliti til þess, sem að framan er greint, mælir nefndin með því, að þáltill. verði samþykkt.

Alþingi, 14. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Magnús Jónsson.	Jónas Rafnar.
Jón Kjartansson.	Hannibal Valdimarsson.	Karl Kristjánsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 16. janúar 1956.

Tillaga til þingsályktunar á þskj. 61 um rannsókn vegarstæðis milli landsfjórðunga.

Með bréfi 17. des. barst mér ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar.

Mér þykir gott að fá tækifæri til þess að gera nefndinni nokkra grein fyrir máli því, sem tillagan fjallar um, og kemur þar naumast önnur leið til greina en

um Sprengisand, þar sem leiðin um Kjalveg til Norðurlands er aðeins tæplega 60 km styttri en þjóðvegurinn um byggðir, en Sprengisandsleið að Fossvöllum um 121 km styttri.

Mjög væri skemmtilegt að fá þessar leiðir báðar gerðar akfærar, en vegna þess, hve þær liggja á löngum köflum hátt yfir sjó, mundu þær aðeins færar um hásumarið, og mundu því naumast fást verulegar fjárveitingar, meðan brýn þörf er hárra fjárveitinga til aðalvegarins um byggðir.

Kjalvegur kemst í nær 700 m hæð og er frá Hvítárvatni norður í Skagafjarðardali alla leið í yfir 420 m hæð og meginið af þessari leið í um og yfir 600 m hæð.

Sprengisandsvegur er enn hærri, frá því skammt ofan við Tungnaá þar til efst í Bárðardal í yfir 400 m hæð og lengst af á þeim kafla (á 160 km) í yfir 600 m hæð og þar af í 700—826 m hæð á 55 km kafla.

Einn verkfræðinganna hér, Jón J. Víðis, hefur farið alla Sprengisandsleið í bifreið, á ferju yfir Tungnaá, og athugaði þá aðstöðu til vegabóta. Enn fremur höfum við kynnt okkur ýmis atriði, er mestu máli skipta í því sambandi, og fengið upplýsingar hjá kunnugustu mönnum.

Vegagerð alla leið frá Galtalæk, efsta bæ á Landi, en þangað er nú þjóðvegur, allt norður í Bárðardal er um land, sem auðvelt er til vegagerðar, en þar sem leiðin er svo löng, hlýtur vegagerð að verða æði kostnaðarsöm. Þá eru og nokkrar ár á leiðinni, sem þarf að brúa, og er Tungnaá þeirra langmest. Þar hafa verið mæld nokkur brúarstæði, og þarf hengibrú ámóta langa og gamla Þjórsárbrúin, um 75 m, sem lauslega má áætla að kosti um 2 millj. kr., og er það sú framkvæmd, sem fyrst og fremst þarf að koma. Fyrr en sú brú er komin, er tilgangslítið að leggja í vegabætur. Nokkuð hefur verið rætt um, að þangað mætti flytja gömlu Þjórsárbrúna, en samkvæmt athugunum, sem gerðar hafa verið, þykir hún algerlega ónothæf vegna þess, hve hún er ótraust fyrir svo þungar bifreiðar, sem nú verður að miða við, og gömul. Á aðrar ár þarf ekki mjög kostnaðarsamar brýr, en þar sem þær eru 18—20 talsins, verður heildarkostnaður æði mikill.

Upplýsingar okkar og kunnugleiki er það mikill um aðstöðu til vegabóta, að gerðar hafa verið lauslegar bráðabirgðaáætlanir bæði um upphleyptan, mölborinn veg og um meiri og minni endurbætur á nokkrum köflum, svo að fært yrði aflmiklum bifreiðum um hásumarið. Fara þær hér á eftir:

A.	**Upphleyptur vegur og brýr á allar ár og flesta læki:**				
1. kafli:	Frá Galtalæk að Tungnaá	33 km	kr.	1 210 000
2. —	Tungnaá—Þúfnaver	67 km	—	2 530 000
3. —	Þúfnaver—Fjórðungsvatn	44 km	—	1 250 000
4. —	Fjórðungsvatn—Hrafnabjörg	64 km	—	2 070 000
5. —	Hrafnabjörg—Mýri í Bárðardal	8 km	—	520 000
6. —	Mýri—Stóruvellir	15 km	—	950 000
	Þjóðvegur er nú frá Stóruvöllum út Bárðardal að Fossvöllum.			
	Til vara		—	470 000
	Vegagerð samtals	231 km	kr.	9 000 000
	Brú á Tungnaá		—	2 000 000
	18 brýr		—	3 400 000
			Vegagerð og brýr samtals	kr.	14 400 000

Vegagerðin er þannig áætluð að kosta nær 40 þús. kr. hver km, og má það heita mjög lágt, miðað við aðrar nýbyggingar. Hins vegar er áætlunin aðeins lausleg og hætt við að yrði frekar hærri en lægri, er mál þetta yrði rannsakað nánar.

B. Ruðningsvegur með nokkrum lagfæringum og einstaka kaflar malbornir.

Vegabætur:

1. kafli:	Galtalækur—Tungnaá	33 km	kr.	20 000
2. —	Tungnaá—Þúfnaver	67 km	—	130 000
3. —	Þúfnaver—Fjórðungsvatn	44 km	—	30 000
4. —	Fjórðungsvatn—Hrafnabjörg	64 km	—	40 000
5. —	Hrafnabjörg—Mýri		—	180 000
	Til vara		—	100 000
		Vegabætur alls	kr.	500 000

Brýr:

Brú á Tungnaá	kr.	2 000 000
Brú á Fjórðungskvísl	—	350 000
Vegagerð og brýr samtals	kr.	2 850 000

Ég hef tekið þessar lauslegu áætlanir með í umsögn mína til þess að gefa nokkra hugmynd um kostnað við hugsanlegar vegabætur á þessari leið. Upplýsingar um, hverra brúa væri þörf, til þess að ruddur vegur yrði nokkuð örugglega sumarbílfær, eru nokkru óvissari en um vegabæturnar og mjög hætt við, að ekki yrði komizt hjá því að brúa nokkrar fleiri af ánum. Sama er að segja um stærð brúnna, að frekari rannsóknar og mælinga er þörf.

Sem fyrr greinir, þarf brú á Tungnaá að vera fyrsta framkvæmdin á þessari leið. Þar sem hún er svo mjög kostnaðarsöm og fé brúasjóðs þegar ráðstafað á næstu árum, sérstaklega til byggingar brúnna á Hvítá hjá Iðu, Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljót, og jafnvel líklegt, að fleiri brýr í byggð þyki eiga að sitja fyrir, þá sýnast mér ekki horfur á, að fé fáist til Tungnaárbrúar á næstu 2—3 árum. Hins vegar má telja æskilegt, að Sprengisandsleið og brúargerðir þar verði rannsakaðar frekar en gert hefur verið, eftir því sem vegamálastjórnin getur komið því við fyrir öðrum bráðaðkallandi verkefnum.

Leiðina til Austurlands mætti stytta enn meira með því að gera 20 km veg frá nýju brúnni yfir Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum austur yfir Fljótsheiði og Mývatnsheiði til Mývatnssveitar. Leiðin að Arnarvatni yrði þá 373 km frá Reykjavík, en er um byggðir 533 km og mundi því styttast um 160 km.

Minnzt hefur verið á jafnvel enn styttri leið af Sprengisandsvegi norðan Fjórðungskvíslar og haldið skammt undan norðurbrúnum Vatnajökuls og komið á Austurlandsveg innarlega í Jökuldal, en af ýmsum ástæðum tel ég hana ekki koma til greina.

Í sambandi við styttri leið til Austurlands verður vitanlega að meta þörfina með tilliti til umferðar auk kostnaðarins. Umferðin til og frá Austurlandi um Jökulsárbrú hjá Grímsstöðum varð í fyrra (1955) með mesta móti, um 4300 bifreiðar, þar af í júlí og ágúst nokkuð yfir 3000 bifreiðar.

Ef litið er á vegabætur þessar frá fjárhagssjónarmiði sérstaklega, mundu vextir af fjárfestingu í sæmilegan veg og brýr ásamt viðhaldi vegar naumast verða undir 2 millj. kr. á ári, og þarf þá allmikla umferð, til þess að framkvæmdir þessar verði hagkvæmar.

Nokkuð öðru máli gegnir um ruðningsveg og brýr á helztu torfærur, því að brúin á Tungnaá, sem er aðalkostnaðarliðurinn, ásamt tiltölulega ódýrum vegabótum mundi opna þessa leið til hagkvæmari afnota af afréttarlöndum á þessum slóðum, sem að vísu eru ekki víðáttumikil, og til ánægju þeim, sem vilja leggja þar leið sína sér til skemmtunar og frekari kynningar af þessum tignarlegu öræfum, sem leiðin liggur um. Hins vegar kæmi hún að engum hagkvæmum notum til

flutninga milli landsfjórðunga. Til þess að svo yrði, þarf sæmilega góðan malarveg og brýr á flestar eða allar árnar.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Nd. 494. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmaður, Karl Guðjónsson, var fjarstaddur, er málið var rætt.

Alþingi, 19. marz 1956.

Sigurður Bjarnason, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Eiríkur Þorsteinsson, frsm.

Magnús Jónsson.

Nd. 495. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna, Karl Guðjónsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 19. marz 1956.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Magnús Jónsson.

Eiríkur Þorsteinsson.

Ed. 496. Frumvarp til laga [191. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956).

I. KAFLI

Um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, í því skyni að auka skilyrði til fólksfjölgunar eða draga úr fólksfækkun í þeim landshlutum.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni fimm manna jafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða hagfróðan mann í þjónustu sína svo og fleiri starfsmenn, ef ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4 gr.

Hlutverk jafnvægisnefndar er að safna gögnum og gera skýrslur og áætlanir samkv. 5. og 7. gr. Hún stjórnar Jafnvægissjóði og ráðstafar eignum hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur sem hér segir:

1. Um mannfjölda í hreppum, sýslum og kaupstöðum.
2. Um meðalnettotekjur einstaklinga í hreppum, sýslum og kaupstöðum.
3. Um skiptingu útlána eftir sýslum og kaupstöðum úr bönkum, sparisjóðum og öðrum opinberum stofnunum, að undanteknum viðskiptum þessara aðila innbyrðis. Skal vera sérstök skýrsla um laus lán (til stutts tíma) og önnur föst lán (til langs tíma).
4. Um skiptingu ríkisábyrgða eftir sýslum og kaupstöðum.
5. Um ríkisframlög til verklegra framkvæmda annarra en ríkisframkvæmda og skiptingu þeirra eftir sýslum og kaupstöðum.
6. Um skiptingu persónulegra styrkja úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum eftir sýslum og kaupstöðum.
7. Um skiptingu launa- og kaupgreiðslna frá ríkissjóði og ríkisstofnunum, þar með töldum bönkum, eftir sýslum og kaupstöðum.
8. Um vegakerfi landsins eftir héruðum, þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hreppavegi. Flokka skal vegina eftir gerð þeirra og gera áætlanir um kostnað við að fullgera það, sem óunnið er.
9. Um framkvæmd brúalaga eftir héruðum.
10. Um tölu sveitabæja í hverjum hreppi, sem akveg hafa í hlað, símastöð eða notendasíma, svo og þeirra, er ekki hafa.
11. Um flugvelli í sýslu hverri og gerð þeirra.
12. Um ástand verzlunarhafna og fiskihafna í hverju héraði og breytingar frá ári til árs, svo og fyrirhugaðar framkvæmdir á hverjum stað og áætlaðan kostnað við þær.
13. Um fyrirkomulag póstferða, fólksflutninga og vöruflutninga í hverju héraði, innan héraða, til þeirra og frá.
14. Um stærð ræktaðs lands í hreppi hverjum og kaupstað.
15. Um stærð bústofns í hreppi hverjum og kaupstað.
16. Um stærð og tölu peningshúsa, fóður- og áburðargeymslu í hreppi hverjum og kaupstað.
17. Um framleiðslutæki til sjávarútvegs og iðnaðar í kauptúnum og kaupstöðum, eftir því sem nánar verður ákveðið.
18. Um íbúðir og flokkun þeirra í hreppum og kaupstöðum, eftir því sem nánar verður ákveðið.
19. Um vatnsveitur.
20. Um raforkumannvirki og hversu almenn sé notkun raforku í hverjum kaupstað, sýslu og hreppi.

21. Um félagsmálaframkvæmdir, svo sem skólahús, sjúkrahús og félagsheimili í hverjum kaupstað, sýslu og hreppi, svo og kirkjur og ástand þeirra.
22. Um verðmæti og ástand eyðijarða og ónotaðra mannvirkja í hverri sýslu, hreppi og kaupstað, utan nánar tiltekinna þéttbýlissvæða.
23. Um önnur atriði, er jafnvægisnefnd þykja máli skipta í sambandi við jafnvægi í byggð landsins.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán úr Jafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI
Um Jafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Jafnvægissjóður undir stjórn Jafnvægisnefndar. Hlutverk Jafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum jafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

9. gr.

Stofnfé Jafnvægissjóðs er:
1. 5 millj. kr. framlag samkv. XLV. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1956.
2. Fé það, sem ríkissjóður hefur lánað til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkv. 20. og 22. gr. fjárlaga, enda hafi lánin ekki verið gefin eftir fyrir gildistöku laga þessara.
3. Innieignir ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum síðustu 10 árin fyrir gildistöku laga þessara.

Kröfur ríkissjóðs vegna lána og greiðslu vanskilaskulda samkv. þessari grein skulu afhentar Jafnvægissjóði til eignar um leið og hann tekur til starfa. Stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) er heimilt að semja við skuldunauta um greiðsluskilmála, og má þá, ef ástæða þykir til, sbr. 1. gr., taka tillit til greiðslugetu þeirra.

10. gr.

Tekjur Jafnvægissjóðs eru:
1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 5 milljónir króna.
3. Skuldir, sem ríkissjóður eignast á þann hátt, sem tilgreint er í 2. og 3. tölul. 9. gr., eftir gildistöku laga þessara. Er stjórn sjóðsins heimilt að gera samninga um greiðslu þessara skulda eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. um stofnfé.

11. gr.

Úr Jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, svo sem skipum og vélum, enda hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn sótt um lánið eða mælt með því. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) hverju sinni.

12. gr.

Sé lán í vanskilum lengur en 12 mánuði, getur stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) gefið lántakanda kost á því að afhenda sjóðnum forgangseignarhluti í fyrirtæki því, sem lánið var veitt til. Takist samkomulag um þetta, skipar sjóðsstjórnin stjórn fyrirtækisins á þann hátt, sem eignarhluti hans veitir rétt til, þrátt fyrir ákvæði laga um hlutafélög.

13. gr.

Eigi má veita eftirgjöf á skuld, sem er eign Jafnvægissjóðs, nema samþykki Alþingis komi til. Sé um eftirgjöf að ræða, bætir ríkissjóður Jafnvægissjóði eftirgjöfina að hálfu innan árs frá því að eftirgjöfin var veitt.

14. gr.

Nú er langvarandi atvinnuleysi í kaupstað, og er þá heimilt að veita úr Jafnvægissjóði fjárhagslega aðstoð til fjölskyldna, sem sækja um slíka aðstoð, til þess að flytjast búferlum í annað sveitarfélag, þar sem þær hafa möguleika til að sjá sér farborða til frambúðar, að dómi jafnvægisnefndar, enda sé það álit nefndarinnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna, að búferlaflutningurinn stuðli að jafnvægi í byggð landsins.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lögin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 4. febrúar 1953 var samþykkt þingsályktun um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Atvinnumálaráðherra fól alþingismönnunum Gísla Jónssyni og Gísla Guðmundssyni að vinna að undirbúningi þessa máls í samræmi við téða þingsályktunartillögu. Þá samþykkti Alþingi þann 11. maí 1955 þingsályktun um ráðstafanir til atvinnuaukningar. Þar sem þessi síðari þingsályktun fjallaði um hliðstæð málefni og þingsályktunin frá 4. febrúar 1953, fól atvinnumálaráðherra téðum alþingismönnum einnig að vinna að rannsókn þeirri, er um ræðir í þingsályktuninni frá 11. maí f. á.

Alþingismennirnir hafa samið frumvarp þetta og látið því fylgja greinargerð þá, sem hér fer á eftir:

Með bréfi ríkisstjórnarinnar, dags. 29. júní 1954, var undirrituðum „með skírskotun til þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi hinn 4. febrúar 1953, um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins“ — falið að „vinna að undirbúningi og semja heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum, samkvæmt því, sem lagt er til í þingsályktuninni“.

Fyrsta fundinn héldum við 12. júlí 1954, en höfum nú haldið samtals 44 fundi. Fundarstað höfum við haft í alþingishúsinu. Starfsmenn höfum við ekki haft, en Framkvæmdabanki Íslands hefur unnið fyrir okkur úr ýmsum gögnum, sem aflað hefur verið. Skrifstofa Alþingis hefur séð um vélritun og útsendingu bréfa. Höfum við yfirleitt reynt að haga svo störfum, að ekki yrði af þeim stórfelldur kostnaður

fyrir ríkissjóð, a. m. k. ekki á fyrsta stigi málsins, á meðan það enn hlaut að vera nokkuð í óvissu, hvernig vinna skyldi að verkefninu.

Um verkefni það, sem okkur var falið, þykir rétt að fara nokkrum orðum. Það var, eins og í erindisbréfinu stendur, að undirbúa og semja (heildar)áætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa af sérstökum nánar tilgreindum orsökum, þ. e. vegna erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum. Jafnframt var það fram tekið, að tilgangurinn með því að undirbúa og semja slíka framkvæmdaáætlun væri sá að „skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins". Af almenningi mun verkefnið yfirleitt hafa verið skilið svo, að okkur væri ætlað að benda á leiðir til að skapa þetta jafnvægi og viðhalda því. Sjálfir reyndum við þegar í öndverðu að haga störfum þannig, að ætla mætti að þau gætu orðið að gagni, hvort sem um væri að ræða að gera till. um sérstakar ráðstafanir, áætlanir eða heildaráætlun þá, sem nefnd er í erindisbréfinu og ályktun Alþingis.

Í erindisbréfinu var okkur sérstaklega falið að hafa „samráð við Fiskifélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna eftir því, sem ástæður þykja til". Þegar á fyrsta fundi var ákveðið að skrifa þessum aðilum og í bréfi, sem þeim var ritað 13. júlí 1954, m. a. leitað álits þeirra um nánari skilgreiningu á landshlutum samkvæmt þingsályktuninni 4. febrúar 1953. Ekki bárust ákveðin svör um það atriði, en hins vegar gagnlegar upplýsingar og greinargerðir um margt, sem máli skiptir, einkum frá Búnaðarfélagi Íslands.

Störf okkar hafa aðallega verið í því fólgin að safna gögnum og leita álita. Skal nú hins helzta getið:

1. Skýrsla frá Hagstofu Íslands um fólksfjölda í núverandi hreppum, sýslum og kaupstöðum árin 1910, 1920, 1930, 1940 og 1953 ásamt útreikningi um fjölgun eða fækkun, %, á hverjum stað. Skýrsla þessi er gleggsta heimildin um breytingu þá, er orðið hefur til ójafnvægis í byggð landsins um nokkra áratugi, og fylgir hún greinargerð frumvarpsins.

2. Svör Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna, þau er fyrr voru nefnd, ásamt skýrslum og ábendingum, er í þeim felast. Þá var og leitað álits Iðnaðarmálastofnunarinnar um ýmis nánar tilgreind atriði varðandi möguleika til iðnrekstrar í dreifbýlinu og álit hennar í té látin.

3. Skýrslur og greinargerð frá landnámsstjóra, m. a. um eyðijarðir og nýbýlamál.

4. Skýrslur um skiptingu útlána, fastra lána og lausra árið 1954, eftir sýslum og kaupstöðum, svo og um ríkisábyrgðir og greiðslur ríkissjóðs af ríkisábyrgðarlánum. Skýrslur þessar eru frá bönkum, ríkissjóði og ýmsum opinberum sjóðum og stofnunum. Höfum við látið vinna úr skýrslum þessum heildarskýrslu til bráðabirgða um skiptingu fastra lána og lausra eftir sýslum og kaupstöðum.

5. Skýrslur um meðaltal skattskyldra tekna einstaklinga pr. íbúa í hverjum hreppi og kaupstað árin 1952 og 1953. Skýrslur þessar eru gerðar af Hagstofu Íslands.

6. Yfirlit um áætlaðan kostnað við rafvæðingu þess hluta landsins, er ekki hafði rafmagn 1. jan. 1955. Yfirlitið er frá raforkumálastjóra.

7. Greinargerð um hafnar- og löndunarskilyrði fyrir togara á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum. Greinargerð þessi, eins og hún nú liggur fyrir, er tekin saman af Iðnaðarmálastofnuninni í sambandi við athugun á skilyrðum til fiskiðnaðar. En í smíðum er hjá vitamálastjóra fyllri skýrsla um hafnir og fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir og áætlaðan kostnað við þær.

8. Skýrsla um vegakerfi landsins og lausleg áætlun um kostnað við að ljúka uppbyggingu þess. Skýrslan er frá vegamálastjóra.

9. Skýrsla um símakerfi sveitanna ásamt áætlun um kostnað við símalagnir til býla, sem ekki hafa síma. Skýrsla þessi og áætlun er frá póst- og símamálastjóra og sundurliðuð eftir hreppum og sýslum.

10. Skýrsla verðgæzlustjóra um verð nokkurra helztu vörutegunda á einstökum verzlunarstöðum.

Skýrslur þær og greinargerðir, sem getið er hér að framan, bárust okkur flestar síðari hluta árs 1954 og fyrri hluta árs 1955. Hinn 15. júní 1955 var svo hljóðandi bréf fjölritað og sent 184 sveitarstjórnum:

„Reykjavík, 15. júní 1955.

Ríkisstjórnin hefur falið undirrituðum að vinna að áætlun um „framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á rafmagni og atvinnutækjum", sbr. ályktun Alþingis 4. febr. 1953 um „undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins". Með tilliti til þess verkefnis, sem okkur er falið, höfum við látið gera ýmiss konar skýrslur, þar á meðal um mannfjölda og eyðijarðir. Mannfjöldaskýrslurnar eru byggðar á manntölum 1910, 1920, 1930, 1940, 1950 og 1953. Ef íbúatala í hreppi yðar árið 1953 er borin saman við hæstu íbúatölu tímabilsins 1910—1950, kemur í ljós, að íbúum hreppsins hefur fækkað um ...%. Eyðijarðir í hreppnum voru ... í fardögum 1952.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, viljum við hér með fara þess á leit, að þér svarið eftirfarandi spurningum:

1. Hver var íbúatala hreppsins við manntal 1954?
2. Hefur orðið breyting á tölu eyðijarða síðan í fardögum 1952, og þá hver?
3. Hafa verið byggð nýbýli í hreppnum síðan 1936, og þá hvenær? Eru nokkur þeirra í eyði?
4. Hverjar teljið þið meginorsakir til fólksfækkunar í hreppnum?
5. Eru, að óbreyttum framleiðslu- og atvinnuskilyrðum, líkindi til þess, að íbúatala hreppsins fari enn lækkandi? Ef svo er, hvaða ráðstafanir eru þá, að yðar dómi, hentugastar og viðráðanlegastar til að koma í veg fyrir fólksfækkun?
6. Hver væri, að yðar dómi, hæfileg íbúatala í hreppnum, miðað við þá nytjun lands eða annarra náttúrugæða, sem þér teljið hæfilega og framkvæmanlega innan 5—10 ára?
7. Væri það, að yðar dómi, til hagsbóta fyrir hreppinn sem heild, að eyðijarðirnar, allar eða einhverjar, yrðu byggðar á ný? Hverjar? (Í þessu sambandi getur t. d. þurft að athuga landrými til fjárbeitar.)
8. Er hægt að fjölga jörðum með stofnun nýbýla, og þá hve margra?
9. Er hægt að auka framleiðslu- og atvinnumöguleika í hreppnum á annan hátt en með eflingu landbúnaðar og þá hvernig?
10. Getið þér að öðru leyti bent á hentugar og að yðar dómi viðráðanlegar ráðstafanir til að skapa sæmileg afkomuskilyrði fyrir vaxandi tölu íbúa í hreppnum?
11. Á hvaða úrræði, sem vikið er að hér að framan, viljið þér leggja mesta áherzlu?

Hvers konar upplýsingar aðrar eða tillögur, sem þér teljið rétt að láta okkur í té og miðað geta að því að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins, eru þakksamlega þegnar.

Svör yðar óskast send svo fljótt sem þér hafið tök á, og helzt fyrir lok júlímánaðar þ. á.

Virðingarfyllst."

Eins og bréfið ber með sér var það sent sveitarstjórnum í öllum þeim hreppum, þar sem íbúar voru færri árið 1953 en þeir höfðu einhvern tíma áður verið samkvæmt manntali 1910—50 eða jörð eða jarðir í eyði í fardögum 1952 samkvæmt skýrslum landnámsstjóra. Nú í lok febrúarmánaðar 1956 hafa okkur borizt svör frá 105 af þeim 184 sveitarstjórnum, sem skrifað var 15. júní 1955. Á síðastliðnu hausti var gert yfirlit um efni þeirra svara, er þá höfðu borizt. Jafnframt höfum við haft til athugunar hina fjölrituðu skýrslu atvinnumálanefndar ríkisins um

atvinnulíf, framkvæmdir o. fl. í bæjum og þorpum, sem send var alþingismönnum og ríkisstjórn á sínum tíma.

Nú í vetur höfum við gert nokkra heildarathugun á gögnum þeim, sem við nú höfum í höndum samkvæmt framansögðu, og því, sem úr þeim hefur verið unnið. Við þá athugun höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé tímabært að svo stöddu og við þau starfsskilyrði, sem fyrir hendi hafa verið, að gera tilraun til að semja heildaráætlun þá, sem þingsályktunin frá 4. febrúar 1953 gerir ráð fyrir. Við erum þeirrar skoðunar, að til þess að hægt sé að semja slíka áætlun, svo að hún komi að verulegu gagni, þurfi að koma á fót fastri, skipulagðri starfsemi við skýrslu- og áætlanagerð með aðstoð ríkisstofnana, sem afla upplýsinga hver á sínu sviði og hafa sérfróða menn í þjónustu sinni. Við teljum, að gögn þau, er safnað hefur verið, séu mikilsverð undirstaða slíkrar starfsemi í byrjun og veiti margs konar upplýsingar um, hvernig þeirri starfsemi skuli haga. Hins vegar lítum við svo á, að athuguðu máli, að rétt sé og aðkallandi, að ríkisvaldið geri nú þegar sérstakar ráðstafanir, sem séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og að ekki sé ástæða til að draga að hefja slíkar ráðstafanir, þangað til heildaráætlun er tilbúin um „framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum". Við hyggjum það eðlilega framvindu í því máli, að slík heildaráætlun verði til smám saman á nokkrum árum, og byggist þá að sjálfsögðu á minni áætlunum um framkvæmdir á takmörkuðum sviðum eða svæðum. Að þessu verða sérfróðir menn að vinna, a. m. k. að einhverju leyti. Þeir, sem að því vinna, munu a. m. k. stundum þurfa að dvelja um lengri eða skemmri tíma á þeim stöðum, sem hlut eiga að máli, og hafa samráð við sveitarstjórnir eða íbúa hlutaðeigandi byggðarlaga. En jafnframt því, sem unnið er að heildaráætlun eða einstökum þáttum hennar, er nauðsynlegt að hefjast þegar handa með stuðningi við einstakar framkvæmdir eða aðrar umbætur, sem auðsætt þykir að stuðli að jafnvægi og að vera muni í samræmi við áætlanir, sem búið er að gera eða unnið er að.

Samkvæmt þessu sjónarmiði skrifuðum við ríkisstjórninni 3. jan. s. l. og lögðum til, að lagt yrði fram nokkurt fé til stofnunar framkvæmdasjóðs í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og gátum þess jafnframt, að við myndum innan skamms senda ríkisstjórninni frumvarp til laga um starfsemi slíks sjóðs. Samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar hefur Alþingi síðan heimilað ríkisstjórninni að verja allt að 5 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1955 til stofnunar sjóðsins, sbr. 22. gr. XLV. þessa árs fjárlaga.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er lagt til, að Alþingi kjósi 5 manna jafnvægisnefnd í byrjun hvers kjörtímabils, sem hafi með höndum skýrslu- og áætlanagerð samkvæmt framansögðu, og að jafnframt verði stofnaður sérstakur lánasjóður, er nefnist Jafnvægissjóður, undir stjórn jafnvægisnefndar.

Athugasemdir um einstakar greinar.

I. kafli.

Um 1. gr.

Rétt þykir, að tilgangur laganna sé tekinn upp í 1. gr. Er þar gengið út frá sömu verkefnum, sem tekin voru upp í þingsályktuninni, sem starfað hefur verið eftir. Þarfnast greinin ekki frekari skýringar.

Um 2. gr.

Rétt þykir, að jafnvægisnefndin sé skipuð fimm mönnum, er Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni, svo og jafnmörgum varamönnum. Er hér fylgt sömu reglu og gildir um kosningu manna í tryggingaráð. Verði frv. gert að lögum án verulegra breytinga, fær jafnvægisnefnd allvíðtækt vald og er fram

líða stundir mörg vandamál að glíma við, og allmikið fé. Það er því nauðsynlegt, að hún verði skipuð þannig, að hún hafi að jafnaði nokkurn veginn hlutfallslega sömu afstöðu til ákvarðana um framkvæmdir og fjárframlög og sjálft Alþingi, enda óhjákvæmilegt að nefndin hafi jafnan fullt samstarf við Alþingi og ríkisstjórnir eins og þær eru skipaðar á hverjum tíma.

Eðlilegt er, að nefndin velji sér sjálf formann og ritara. Nefndinni er nauðsynlegt að ráða í þjónustu sína hagfróðan mann einn eða fleiri, eftir því sem störfin kunna að verða á hverjum tíma, svo og annað starfslið, en rétt þykir að ríkisstjórnin veiti samþykki sitt til þess. Þá þykir og rétt, að ríkissjóður beri kostnaðinn af nefndarstörfunum.

Um 3. gr.

Rétt þykir að ákveða í lögunum, að nefndin haldi fundi a. m. k. einu sinni á mánuði hverjum, og oftar, ef þörf krefur.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um hlutverk nefndarinnar, og verða þau atriði skýrð nánar í hinum einstöku greinum frv., sem á eftir fara.

Um 5. gr.

Allar ákvarðanir jafnvægisnefndar verða að byggjast á upplýsingum um ástand og atvinnuhorfur í hinum einstöku landsbyggðum eins og þetta er á hverjum tíma. Án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir, er ógerlegt að skipuleggja jafnvægi í byggð landsins eða að stuðla að því með nokkrum öruggum árangri. Það verður því að vera eitt af höfuðverkefnum nefndarinnar að afla þeirra upplýsinga og láta gera árlega skýrslur yfir allt það, sem þannig fæst vitneskja um og máli skiptir fyrir framkvæmdir til jafnvægis. Eru þessar upplýsingar flokkaðar og skipt í töluliði og stuðzt þar við það undirbúningsstarf, sem unnið hefur verið, samkvæmt því, sem sagt er hér að framan. Í fljótu bragði mætti sýnast, að hér sé verið að hefja mjög yfirgripsmikið og lítt vinnandi verk, sem hafa muni mikinn kostnað í för með sér, en sé betur að gáð, er það ekki. Eftir að skýrslusöfnun samkv. fyrirmælum frv. er komið í fast kerfi með aðstoð ýmissa opinberra stofnana, svo sem þegar hefur verið byrjað á, er hér á mörgum sviðum aðeins um viðbætur að ræða, sem hvorki koma til að kosta mikla fyrirhöfn né mikið fé að framkvæma, enda verður að safna allmörgum þessum skýrslum hvort eð er til annarra þarfa.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt þykir, að tekið sé fram í lögunum, að opinberar stofnanir skuli láta nefndinni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar.

Um 7. gr.

Til þess að unnt sé að veita aðstoð samkvæmt fyrirmælum laganna, er nauðsynlegt að fyrir liggi áætlanir um framkvæmdir, svo að sjá megi, hversu mikið fjármagn þarf til framkvæmdanna, og hvort líklegt sé að það komi að því gagni, sem til er ætlazt. Er þetta verkefni hvorki staðbundið né tímabundið og verður að framkvæma eftir því, sem verkefnin kalla að á hverjum tíma og nauðsynlegt þykir til þess að ná sem beztum árangri. Rétt þykir að slíkar áætlanir séu gerðar í samráði við sýslunefndir, bæjarstjórnir eða hreppsnefndir, eftir því sem við á í hverju einstöku tilfelli.

II. kafli.

Um 8. gr.

Greinin kveður svo á um, að stofna skuli jafnvægissjóð undir stjórn jafnvægisnefndar, er hafi það hlutverk að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda í samræmi við tilgang 1. gr. laganna.

Rétt þykir að fela einhverri peningastofnun dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins gegn þóknun, og er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdabankanum verði falið það starf, m. a. vegna þess, að fé sjóðsins verður að langmestu leyti bundið í tryggðum skuldabréfum og varið til verklegra framkvæmda.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að stofnfé sjóðsins verði þær 5 millj. króna, er Alþingi hefur þegar ákveðið að leggja fram samkv. 22. gr. þessa árs fjárlaga. Enn fremur allt það fé, er ríkissjóður hefur lánað til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga og ekki hefur verið eftir gefið við gildistöku laganna, svo og inneignir ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum síðustu 10 árin fyrir gildistöku laganna. Verði kröfur þessar allar afhentar sjóðnum til fullrar eignar, en stjórn sjóðsins geti hins vegar samið um greiðslu þeirra við skuldara, eftir því sem ástæða þykir til.

Hvað snertir upphæðir þær, sem heyra undir töluliði 2 og 3, þá er hér um allverulega háar upphæðir að ræða, og engin vissa fyrir því, hvers virði þær megi kallast, því að einhver hluti þessa fjár mun hafa verið látinn af hendi sem hreint áhættufé, og sú skoðun þá jafnframt þróazt, að þetta fé sé ekki endurkræft. En það er engum hollt, að slík skoðun verði almenn. Og sé það ákveðið í lögunum, að til þess sé beinlínis ætlazt, að féð verði endurgreitt, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, og að það skuli jafnframt nota á ný til framkvæmda, sem stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þá skapast við það sérstakt og annað viðhorf en ef það færi beint til ríkissjóðs sem venjulegt rekstrarfé. Þetta fé á því að geta orðið sjóðnum allmikils virði, auk þess sem það væri allmikil upplýsing fyrir nefndina að fá vitneskju um það, hvert og hvernig því hefur verið varið, og að hve miklu leyti það hefur komið að gagni.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi sjóðnum til 5 millj. króna árlega. Þá er einnig gert ráð fyrir vaxtatekjum. Og að síðustu er gert ráð fyrir því, að sjóðurinn eignist framvegis þær kröfur, sem ríkissjóður kann að eignast á hendur öðrum vegna vanskila, sem um er rætt í 9. gr., og verði farið með þær kröfur á sama hátt.

Um 11. gr.

Í greininni er ákveðið, að sjóðurinn megi veita lán til hvers konar framkvæmda, sem til þess eru fallnar að dómi nefndarinnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á skipum og vélum og öðrum atvinnutækjum. Sett er það skilyrði fyrir lánveitingu, að hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi sótt um lánið eða mælt með því. Þykir rétt, að sveitarfélögin fái aðstöðu til þess að ráða því, hvort þau sjálf eða einhver aðili einn eða fleiri innan sveitarfélagsins verði lántakandi. Gert er ráð fyrir að lánskjör og tryggingar fyrir endurgreiðslu verði ákveðin af sjóðsstjórninni í hverju einstöku tilfelli og fari eftir eðli málsins og aðstæðum á hverjum tíma.

Um 12. gr.

Sett er hér um það ákvæði, að sé lán í vanskilum lengur en 12 mán., geti sjóðsstjórnin gefið skuldara kost á því að afhenda sjóðnum forgangseignarhluti í fyrir-

tækinu og þá jafnframt þátttöku í stjórn í hlutfalli við eignarhlutann. Er þetta talið nauðsynlegt til þess að gefa skuldara meira aðhald, einkum ef svo er komið, að eignarhluti hans sjálfs er mun minni en skuldirnar og sala eignanna til lúkningar skulda komi til að hafa lamandi áhrif á atvinnulífið á staðnum, sem orsaka kynni flótta fólksins frá héraðinu.

Um 13. gr.

Hér er kveðið svo á um, að ekki megi veita eftirgjöf á skuld, nema samþykki Alþingis komi til. Þykir rétt, að Alþingi, en ekki sjóðsstjórnin ákveði slíkt. Jafnframt er ætlazt til, að ríkissjóður bæti sjóðnum að hálfu tjónið innan árs, og þykir rétt að aðskilja ekki þessi tvö atriði í frv. Er þetta ákvæði mjög mikilvægt fyrir allan efnahag sjóðsins og stefnir örugglega að því, að sem mestu af því fé, sem sjóðurinn ver til framkvæmda, sé ekki á glæ kastað, heldur verði honum tryggt það til áframhaldandi uppbyggingar í byggðum landsins.

Um 14. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að veita úr sjóðnum fjárhagslega aðstoð til fjölskyldna, sem kynnu að vilja flytja búferlum úr atvinnuleysi í kaupstað í annað sveitarfélag, þar sem þær hefðu betri möguleika til lífsafkomu, að dómi nefndarinnar, enda stuðli slíkir flutningar að jafnvægi í byggð landsins. Þykir sjálfsagt, að leitað sé áður til hlutaðeigandi sveitarstjórna um álit á málinu.

Um 15. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Fólksfjöldi á Íslandi 1910, 1920, 1930, 1940, 1950 og 1953, miðað við umdæmaskiptinguna 1953.

Tölur aftan við kaupstaðar- og hreppsheiti vísa til meðfylgjandi athugasemda og skýringa.

	1953	1950	1940	1930	1920	1910	Fjölgun eða fækkun %[1]
Reykjavík	59 841	55 980	38 196	28 304	17 679	11 600	415.9
Hafnarfjörður	5 487	5 055	3 686	3 591	2 366	1 547	254.7
Keflavík[1]	2 942	2 383	(1 316)	(811)	(528)	(460)	539.6
Akranes[2]	2 903	2 577	(1 840)	(1 270)	(929)	(808)	259.3
Ísafjörður	2 736	2 827	2 833	2 533	1 980	1 854	÷ 3.4
Sauðárkrókur[3]	1 053	1 023	(964)	(780)	(513)	(473)	122.6
Siglufjörður[4]	2 855	3 060	2 884	2 022	1 159	(654)	336.5
Ólafsfjörður[5]	933	950	(867)	(717)	(524)	(473)	97.3
Akureyri	7 294	7 439	5 564	4 198	2 575	2 084	250.0
Húsavík[6]	1 332	1 287	(1 007)	(874)	(631)	(599)	122.4
Seyðisfjörður	747	767	904	936	871	928	÷ 20.2
Neskaupstaður[7]	1 311	1 320	1 106	1 118	(770)	(529)	147.8
Vestmannaeyjar[8]	3 979	3 699	3 587	3 393	2 426	(1 319)	201.7
Kaupstaðir alls	93 413	88 367	64 754	50 547	32 951	23 328	300.4
Gullbr.- og Kjósarsýsla	8 597	6 720	4 262	4 482	3 750	3 988	129.3
Borgarfjarðarsýsla	1 426	1 343	1 421	1 405	1 550	1 753	÷ 18.7

1) Það er frá lægstu tölu, ef um er að ræða fjölgun til 1953, en frá hæstu tölu, ef um er að ræða fækkun. Talan, sem breytingin til 1953 er miðuð við, er feitletruð.

	1953	1950	1940	1930	1920	1910	Fjölgun eða fækkun %
Mýrasýsla	1 818	1 776	1 814	1 764	1 880	1 753	÷ 3.3
Snæfellsnessýsla	3 301	3 171	3 452	3 536	3 889	3 933	÷ 16.1
Dalasýsla	1 176	1 198	1 409	1 602	1 854	2 021	÷ 41.8
Barðastrandarsýsla	2 650	2 659	2 997	3 119	3 314	3 381	÷ 21.6
Vestur-Ísafjarðarsýsla	1 847	1 868	2 255	2 333	2 581	2 432	÷ 28.4
Norður-Ísafjarðarsýsla	1 882	2 016	2 786	3 253	3 746	3 962	÷ 52.5
Strandasýsla	1 793	1 930	2 082	1 833	1 776	1 757	÷ 13.9
Vestur-Húnavatnssýsla	1 354	1 308	1 522	1 648	1 797	1 665	÷ 24.7
Austur-Húnavatnssýsla	2 259	2 244	2 149	2 230	2 476	2 357	÷ 8.8
Skagafjarðarsýsla	2 751	2 765	2 977	3 232	3 844	3 863	÷ 28.8
Eyjafjarðarsýsla	4 425	4 482	4 493	4 459	4 477	4 252	÷ 1.5
Suður-Þingeyjarsýsla	2 779	2 720	3 108	3 041	3 218	3 182	÷ 13.6
Norður-Þingeyjarsýsla	1 909	1 838	1 871	1 759	1 686	1 369	39.4
Norður-Múlasýsla	2 465	2 429	2 670	2 766	2 963	3 014	÷ 18.2
Suður-Múlasýsla	4 217	4 191	4 297	4 514	4 452	4 114	÷ 6.6
Austur-Skaftafellssýsla	1 180	1 141	1 146	1 127	1 158	1 128	4.7
Vestur-Skaftafellssýsla	1 443	1 441	1 579	1 723	1 818	1 835	÷ 21.4
Rangárvallasýsla	3 003	2 979	3 292	3 505	3 801	4 024	÷ 25.4
Árnessýsla	6 105	5 707	5 138	4 983	5 709	6 072	22.5
Sýslur alls	58 380	55 926	56 720	58 314	61 739	61 855	÷ 5.6
Óstaðsett í umdæmi*)	448						
Allt landið	**152 241**	**144 293**	**121 474**	**108 861**	**94 690**	**85 183**	**78.7**

	1953	1950	1940	1930	1920	1910	Fjölgun eða fækkun %
Grindavíkur	584	515	509	505	438	358	63.1
Hafna	340	146	144	153	170	200	136.1
Miðnes	738	628	551	500	448	377	95.8
Gerða	551	510	442	396	536	647	÷ 14.8
Njarðvíkur[1])	772	571	262	165	122	115	571.3
Vatnleysustr.	319	305	254	289	339	432	÷ 26.2
Garða	576	534	379	347	226	264	154.9
Bessastaða	169	158	120	155	169	208	÷ 18.8
Kópavogs[2])	2 612	1 652	206	94	60	52	4 923.1
Seltjarnarnes[2])	830	676	421	968	380	388	118.4
Mosfells	572	544	492	373	268	313	113.4
Kjalarnes	248	208	195	225	254	258	÷ 3.9
Kjósar	286	273	287	312	340	376	÷ 23.9
Hvalfjarðarstrandar	212	194	157	170	184	203	35.0
Skilmanna	94	91	99	83	103	108	÷ 13.0
Innri-Akranes	151	156	143	188	206	232	÷ 34.9
Leirár- og Mela	135	136	132	155	177	220	÷ 38.6
Andakíls	238	221	266	272	299	326	÷ 27.0
Skorradals	116	108	132	132	134	152	÷ 23.7
Lundarreykjadals	120	102	118	116	120	156	÷ 23.1
Reykholtsdals	262	241	270	187	215	235	÷ 3.0
Hálsa	98	94	104	102	112	121	÷ 19.0

*) Mun aðallega vera í Reykjavík, en þó einnig á Keflavíkurflugvelli og í þeim kaupstöðum, sem eru í vexti.

	1953	1950	1940	1930	1920	1910	Fjölgun eða fækkun %
Hvítársíðu	97	96	126	124	131	135	÷ 28.1
Þverárhlíðar	92	82	93	122	114	129	÷ 28.7
Norðurárdals	109	113	121	139	154	185	÷ 41.1
Stafholtstungna	210	217	216	250	290	287	÷ 27.6
Borgar[3])	218	200	251	251	307	283	÷ 29.0
Borgarnes[3])	773	761	642	428	361	195	296.4
Álftanes	143	142	172	202	215	237	÷ 39.7
Hraun	176	165	193	248	308	302	÷ 42.9
Kolbeinsstaða	174	173	220	220	193	231	÷ 24.7
Eyja	101	96	97	105	115	116	÷ 12.9
Miklaholts	157	147	175	170	193	196	÷ 19.9
Staðarsveit	211	198	244	247	276	297	÷ 29.0
Breiðuvíkur	171	190	239	226	174	181	÷ 28.5
Nes	351	355	485	614	641	491	÷ 45.2
Ólafsvíkur[4])	532	481	473	438	442	525	21.5
Fróðár[4])	57	64	93	144	177	180	÷ 68.3
Eyrarsveit	432	402	379	394	453	457	÷ 5.5
Helgafellssveit	120	117	191	197	261	267	÷ 55.1
Stykkishólms	865	829	675	605	733	721	43.0
Skógarstrandar	130	119	181	176	231	271	÷ 52.0
Hörðudals	87	89	121	136	153	175	÷ 50.3
Miðdala	179	190	199	227	304	343	÷ 47.8
Haukadals	82	77	118	168	161	157	÷ 51.2
Laxárdals	241	235	235	264	345	322	÷ 30.1
Hvamms	130	123	135	142	196	211	÷ 38.4
Fellsstrandar	96	101	141	172	169	189	÷ 49.2
Klofnings[5])	76	79	103	104	116	135	÷ 43.7
Skarðs[5])	80	88	123	139	170	198	÷ 59.6
Saurbæjar	205	216	234	250	240	291	÷ 29.6
Geiradals	97	94	101	87	104	111	÷ 12.6
Reykhóla	238	245	247	241	275	311	÷ 23.5
Gufudals	90	86	143	154	176	172	÷ 48.9
Múla	91	93	110	126	138	150	÷ 39.3
Flateyrar	178	194	276	314	355	397	÷ 55.2
Barðastrandar	197	199	261	338	335	321	÷ 41.7
Rauðasands	188	180	300	331	435	465	÷ 59.6
Patreks	861	858	716	606	436	475	97.5
Tálknafjarðar	174	184	248	275	332	321	÷ 47.6
Ketildala	96	74	178	204	246	209	÷ 61.0
Suðurfjarða	440	452	417	443	482	449	÷ 8.7
Auðkúlu	80	92	154	201	253	294	÷ 72.8
Þingeyrar	491	494	645	706	790	755	÷ 37.8
Mýra	208	220	313	344	389	414	÷ 49.8
Mosvalla[6])	175	179	216	254	305	315	÷ 44.4
Flateyrar[6])	492	469	490	392	400	293	67.9
Suðureyrar	401	414	437	436	444	361	÷ 8.2

	1953	1950	1940	1930	1920	1910	Fjölgun eða fækkun %
Hóls	771	799	751	816	953	1 021	÷ 24.5
Eyrar	372	399	442	557	677	592	÷ 45.1
Súðavíkur	296	311	335	444	529	581	÷ 49.1
Ögur	139	130	194	261	277	383	÷ 63.7
Reykjarfjarðar	88	100	157	126	185	198	÷ 55.6
Nauteyrar	89	100	160	179	231	220	÷ 61.5
Snæfjalla	50	62	119	145	163	223	÷ 77.6
Grunnavíkur	77	83	223	255	255	281	÷ 72.6
Sléttu	—	32	405	470	476	463	÷100.0
Árnes	386	413	515	434	479	431	÷ 25.0
Kaldrananes	422	479	473	383	325	322	÷ 10.8
Hrófbergs[7])	65	75	159	140)	142*	160	÷ 59.4
Hólmavíkur[7])	402	450	314	204)	116*	70	474.3
Kirkjubóls	113	110	137	168	186	220	÷ 48.6
Fells	98	101	102	99	108	114	÷ 14.0
Óspakseyrar	72	73	95	104	97	120	÷ 40.0
Bæjar	235	229	287	301	323	320	÷ 27.2
Staðar	97	106	134	151	148	150	÷ 35.8
Fremri-Torfustaða	157	145	174	212	256	236	÷ 38.7
Ytri-Torfustaða	192	185	196	242	292	304	÷ 36.8
Hvammstanga[8])	301	311	314	204	184	114	÷ 4.1
Kirkjuhvamms[8])	226	214	253	292	290	298	÷ 24.2
Þverár	183	163	239	283	331	303	÷ 44.7
Þorkelshóls	198	184	212	264	296	260	÷ 33.1
Ás	163	158	183	233	234	209	÷ 30.3
Sveinsstaða	144	141	156	178	219	230	÷ 37.4
Torfalækjar[9])	127	125	132	165	183	131	÷ 30.6
Blönduós[9])	481	460	436	287	260	273	85.0
Svínavatns	161	171	179	212	281	260	÷ 42.7
Bólstaðahlíðar	197	201	230	246	325	312	÷ 39.4
Engihlíðar	131	130	183	241	321	296	÷ 59.2
Vindhælis[10])	111	94	127	172)	213*	240	÷ 53.8
Höfða[10])	591	606	315	234	180	165	258.2
Skaga[10])	153	158	208	262)	260*	241	÷ 41.6
Skefilsstaða	88	88	152	174	204	209	÷ 57.9
Skarðs	124	129	107	145	176	199	÷ 37.7
Staðar	154	170	166	203	215	209	÷ 28.4
Seylu	255	242	249	265	275	271	÷ 7.3
Lýtingsstaða	366	365	356	367	414	448	÷ 18.3
Akra	340	327	385	415	497	496	÷ 31.5
Rípur	121	113	117	127	143	147	÷ 17.7
Viðvíkur	120	116	159	178	205	215	÷ 44.2
Hóla	170	165	209	189	283	250	÷ 39.9
Hofs[11])	237	249	337	399	464	465	÷ 49.0

* Áætluð skiptin.

	1953	1950	1940	1930	1920	1910	Fjölgun eða fækkun %
Hofsós[11])	301	292	203	174	164	146	+106.2
Fells	87	90	108	127	170	167	- 48.8
Haganes	172	192	193	232	324	325	- 47.1
Holts	216	227	236	237	310	316	- 31.6
Grímseyjar	72	73	104	125	104	101	- 42.4
Hríseyjar[12])	324	327	337	318	193	119	- 3.9
Dalvíkur[13])	789	810	658	556)	470*	351	+124.8
Svarfaðardals[13])	372	395	406	484)	576*	630	- 41.0
Árskógs[12])	313	328	369	312	358	362	- 15.2
Arnarnes[12])	331	380	414	407	426	433	- 23.6
Skriðu	202	188	175	197	230	274	- 26.3
Öxnadals	85	72	103	139	155	112	- 45.2
Glæsibæjar	911	895	798	772	723	618	- 47.4
Hrafnagils	264	271	321	283	259	320	- 17.8
Saurbæjar	375	345	391	460	567	537	- 33.9
Öngulsstaða	387	398	417	406	416	395	- 7.2
Svalbarðsstrandar	229	233	252	233	242	241	- 9.1
Grýtubakka	377	391	491	516	542	577	- 34.7
Flateyjar	122	112	141	137	106	114	- 13.5
Háls	242	245	251	288	368	375	- 35.5
Ljósavatns	269	263	295	295	293	281	- 8.8
Bárðdæla	188	194	197	175	204	228	- 17.5
Skútustaða	342	334	353	377	345	276	- 9.3
Reykdæla	379	362	485	441	382	363	- 21.9
Aðaldæla	415	392	417	351	420	400	- 1.2
Reykja[14])	114	96	98	90)	145*	171	- 33.3
Tjörnes[14])	102	98	128	138)	171*	156	- 40.4
Keldunes	245	241	230	226	253	234	- 3.2
Öxarfjarðar	142	148	172	178	195	159	- 27.2
Fjalla	38	33	63	63	81	66	- 53.1
Presthóla[15])	315	287	347	377)	333*	262	- 16.4
Raufarhafnar[15])	391	362	283	170)	91*	33	1084.8
Svalbarðs	231	235	243	256	287	226	- 19.5
Þórshafnar[16])	409	381	261	139)	129*	112	265.2
Sauðanes[16])	138	151	272	350)	317*	277	- 60.6
Skeggjastaða	211	211	262	281	239	223	- 24.9
Vopnafjarðar	688	688	713	738	729	742	- 7.3
Hlíðar	146	150	139	133	137	124	17.7
Jökuldals	205	203	230	197	282	232	- 27.3
Fljótsdals	225	210	227	257	303	287	- 25.7
Fella	155	168	188	185	219	209	- 29.2
Hróarstungu	195	190	203	215	237	229	- 17.7
Hjaltastaða	194	175	188	207	214	265	- 26.8
Borgarfjarðar	323	288	294	317	402	432	- 25.2

* Áætluð skiptin.

	1953	1950	1940	1930	1920	1910	Fjölgun eða fækkun %
Loðmundarfjarðar	16	40	50	77	61	67	÷ 79.2
Seyðisfjarðar	107	106	176	159	140	204	÷ 47.6
Skriðdals	135	138	138	197	143	168	÷ 31.5
Valla[17])	178	188	226	207)	227*	243	÷ 26.7
Egilsstaða[17])	147	140	48	47	60*	55	212.8
Eiða[17])	190	187	194	131)	223*	198	÷ 14.8
Mjóafjarðar	142	161	189	178	201	295	÷ 51.9
Norðfjarðar[18])	147	170	204	218	254	255	÷ 42.4
Helgustaða	115	132	142	218	246	261	÷ 55.9
Eskifjarðar	701	673	690	759	616	425	÷ 7.6
Reyðarfjarðar	546	513	478	478	545	331	65.0
Fáskrúðsfjarðar	271	279	372	359	426	423	÷ 36.4
Búða	587	592	550	637	461	393	÷ 7.9
Stöðvar	195	195	186	173	163	167	19.6
Breiðdals	291	257	305	326	364	360	÷ 20.1
Berunes	145	140	147	152	195	182	÷ 25.6
Búlands[19])	309	309	270	270	200	150	106.0
Geithellna[19])	118	117	158	164	219	208	÷ 46.1
Bæjar	101	103	157	201	226	211	÷ 55.3
Nesja[20])	206	205	193	198)	222*	280	÷ 26.4
Hafnar[20])	459	434	256	170)	95*	48	856.3
Mýra	103	91	165	185	213	191	÷ 51.6
Borgarhafnar	150	152	176	181	200	188	÷ 25.0
Hofs	161	156	199	192	202	210	÷ 23.3
Hörgslands	221	221	258	275	297	292	÷ 25.6
Kirkjubæjar	207	208	197	222	207	252	÷ 17.9
Skaftártungu	88	74	97	108	110	146	÷ 39.7
Leiðvallar	149	158	221	232	223	182	÷ 35.8
Álftavers	78	91	101	106	97	122	÷ 36.1
Hvamms	503	487	451	536	572	510	÷ 12.1
Dyrhóla	197	202	254	244	312	331	÷ 40.5
Austur-Eyjafjalla	247	243	260	308	358	398	÷ 37.9
Vestur-Eyjafjalla	346	346	415	463	447	502	÷ 31.1
Austur-Landeyja	232	243	317	348	358	387	÷ 40.1
Vestur-Landeyja	234	236	269	323	354	300	÷ 33.9
Fljótshlíðar	388	394	392	398	434	469	÷ 17.3
Hvol	283	260	225	222	239	249	27.5
Rangárvalla	360	335	306	310	341	394	÷ 8.6
Landmanna	164	168	227	262	285	307	÷ 46.6
Holta	280	282	304	291	387	372	÷ 27.6
Ása[21])	169	165	248	262)	245*	241	÷ 35.5
Djúpár[21])	300	307	329	318)	353*	405	÷ 25.9
Gaulverjabæjar	265	266	314	340	340	376	÷ 29.5
Stokkseyrar	541	538	749	678	886	897	÷ 39.7

* Áætluð skiptin.

	1953	1950	1940	1930	1920	1910	Fjölgun eða fækkun %
Eyrarbakka	520	513	495	636	923	840	÷ 43.7
Sandvíkur[22])	124	131	156	202)	185*	212	÷ 41.5
Selfoss[22])	1 148	967	213	20)	35*	50	5640.0
Hraungerðis[22])	243	227	275	249	303	362	÷ 32.9
Villingaholts	258	264	278	284	305	362	÷ 28.7
Skeiða	260	239	241	278	314	298	÷ 17.2
Gnúpverja	234	232	219	229	238	231	÷ 1.7
Hrunamanna	407	391	408	398	425	454	÷ 10.4
Biskupstungna	437	413	405	403	462	521	÷ 16.1
Laugardals	194	166	238	278	145	167	÷ 30.2
Grímsnes	316	315	346	320	391	413	÷ 23.5
Þingvalla	67	75	76	106	95	104	÷ 36.8
Grafnings	50	52	75	79	89	101	÷ 50.5
Hveragerðis[23])	565	514	121	17)	18*	18	3223.5
Ölfus[22, 23])	404	341	440	370)	452*	580	÷ 30.3
Selvogs	72	63	89	96	103	86	÷ 30.1

Athugasemdir.

A. Kaupstaðir.

1) Keflavíkurhreppur varð kaupstaður (Keflavík) með lögum nr. 17, 22. marz 1949. Sjá einnig athugasemd við Njarðvíkurhrepp hér aftar.
2) Ytri-Akraneshreppur varð kaupstaður (Akranes) með lögum nr. 45, 27. júní 1941.
3) Sauðárkrókshreppur varð kaupstaður (Sauðárkrókur) með lögum nr. 57, 24. maí 1947.
4) Siglufjörður varð kaupstaður með lögum nr. 30, 22. nóv. 1919. Áður hét þar Hvanneyrarhreppur.
5) Ólafsfjarðarhreppur varð kaupstaður (Ólafsfjörður) með lögum nr. 60, 31. október 1944. Ólafsfjarðarhreppur hér Þóroddsstaðahreppur til ársins 1917.
6) Húsavíkurhreppur varð kaupstaður (Húsavík) með lögum nr. 109, 30. des. 1949. Sjá einnig athugasemd við Tjörneshrepp hér aftar.
7) Neskaupstaður var stofnaður úr Neshreppi með lögum nr. 48, 7. maí 1928. Sjá einnig athugasemd við Norðfjarðarhrepp hér aftar.
8) Vestmannaeyjar voru gerðar að kaupstað með lögum nr. 26, 22. nóv. 1919. Áður voru eyjarnar sérstakur hreppur og sérstök sýsla.

Aðrir kaupstaðir höfðu öðlazt kaupstaðarréttindi fyrir 1910.

Svigi utan um íbúatölu merkir, að viðkomandi kaupstaður 1953 hafi þá verið hreppsfélag.

B. Hreppar.

1) Keflavíkurhreppi var skipt í Keflavíkur- og Njarðvíkurhrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 2, 22. jan. 1942. Íbúum Keflavíkurhrepps 1910, 1920, 1930 og 1940 hefur verið skipt niður eftir manntölum þeirra ára.

2) Seltjarnarneshreppi var skipt í Seltjarnarnes- og Kópavogshreppa með stjórnarráðsbréfi nr. 161, 10. des. 1948. Árin 1910, 1920, 1930 og 1940 hefur íbúum Seltjarnarneshrepps verið skipt niður eftir manntölum þeirra ára. Athuga ber, að Reykjavík hefur fengið töluvert landflæmi frá Seltjarnarneshreppi á þessu tímabili, en engin athugun hefur verið gerð á íbúum þess svæðis sérstaklega.

* Áætluð skiptin.

3) Borgarhreppi var skipt í Borgar- og Borgarneshrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 62, 26. marz 1913. Árið 1910 eru íbúar Borgarnesþorps og nokkurra bæja í viðbót, skv. bæjatali, taldir til Borgarneshrepps.

4) Neshreppi innan Ennis var skipt í Ólafsvíkur- og Fróðárhrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 69, 12. apríl 1911. Íbúunum árið 1910 hefur verið skipt eftir manntalinu það ár.

5) Skarðsstrandarhreppi var skipt í Skarðs- og Klofningshrepp árið 1918 (stjórnarráðsbréf nr. 84, 13. júní). Árið 1910 er íbúum Skarðsstrandarhrepps skipt milli hinna nýju hreppa í hlutfalli við íbúafjöldann í þeim 1920.

6) Mosvallahreppi var skipt í Mosvalla- og Flateyrarhrepp árið 1922. Árin 1910 og 1920 er íbúum Mosvalla- og Flateyrarhrepps skipt niður eftir manntali þeirra ára, þannig, að kauptúnið og nokkrir næstu bæir, skv. bæjatali, eru taldir til Flateyrarhrepps.

7) Hrófbergshreppi var skipt í Hrófbergs- og Hólmavíkurhrepp um 1940. Athugað hefur verið, hve margir bjuggu á landsvæði því, er Hólmavíkurhreppur nær nú yfir, 1910, 1920, 1930 og 1940 (skv. bæjatali) og skipting gerð eftir því.

8) Kirkjuhvammshreppi var skipt í Kirkjuhvamms- og Hvammstangahrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 12, 22. júní 1938. Íbúunum hefur verið skipt milli hreppanna eftir manntali í þeim 1910 og 1930.

9) Torfalækjarhreppi var skipt í Torfalækjar- og Blönduóshrepp árið 1922. Íbúunum 1910 er skipt milli hreppanna eftir manntalinu það ár.

10) Vindhælishreppi var skipt í Vindhælis-, Höfða- og Skagahrepp árið 1938 (bréf stjórnarráðsins nr. 87, 22. nóv.). Íbúunum 1910 og 1930 hefur verið skipt milli hreppa eftir manntali áranna. Tala Höfðahrepps árið 1920 eru íbúar Skagastrandar og áætluð viðbót.

11) Hofshreppi var skipt í Hofs- og Hofsóshrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 101, 15. okt. 1948. Íbúunum hefur verið skipt milli hinna nýju hreppa eftir manntali áranna 1910, 1920, 1930 og 1940.

12) Arnarneshreppi var skipt í Árskógs- og Arnarneshrepp árið 1911 (stjórnarráðsbréf nr. 78, 24. maí) og Árskógshreppi síðan aftur skipt í Árskógs- og Hríseyjarhrepp árið 1930. Íbúunum hefur verið skipt milli hreppanna eftir manntölunum 1910 og 1930, skv. bæjatali.

13) Svarfaðardalshreppi var skipt í Svarfaðardals- og Dalvíkurhrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 203, 19. des. 1945. Íbúunum hefur verið skipt milli hreppanna eftir manntali áranna 1910, 1930 og 1940 með aðstoð bæjatals.

14) Húsavíkurhreppi var skipt í tvennt, Húsavíkur- og Tjörneshrepp, með stjórnarráðsbréfi nr. 72, 4. júní 1912. Árið 1949 var Húsavíkurhreppur svo gerður að kaupstað, en 1933 var Tjörneshreppi skipt í Tjörnes- og Reykjahrepp. Íbúarnir hafa verið aðgreindir milli hreppanna eftir manntali 1910 og 1930.

15) Presthólahreppi var skipt í Presthóla- og Raufarhafnarhrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 107, 18. sept. 1944. Íbúar Raufarhafnarhrepps hafa verið aðgreindir skv. manntalinu 1910, 1930 og 1940.

16) Sauðaneshreppi var skipt í Sauðanes- og Þórshafnarhrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 74, 20. júní 1946. Íbúar Þórshafnarhrepps hafa verið aðgreindir skv. manntalinu 1910, 1930 og 1940.

17) Egilsstaðakauptún var stofnað með lögum nr. 58/1947 og gert að sérstökum hreppi. Féllu nokkrar jarðir úr Eiða- og Vallahreppi undir hinn nýja hrepp. Hefur íbúatala svæðisins verið athuguð í manntölunum 1910, 1930 og 1940, og íbúunum skipt milli hreppanna skv. því.

18) Norðfjarðarhreppi var skipt í Nes- og Norðfjarðarhrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 78, 10. júní 1913. Síðar var Neshreppi breytt í kaupstað, sbr. fyrri athugasemd. Íbúunum hefur verið skipt milli hreppanna eftir manntali 1910.

19) Geithellnahreppi var skipt í Geithellna- og Búlandshrepp með stjórnarráðsbréfi nr. 7, 20. marz 1940. Íbúatala Búlandshrepps 1910, 1920 og 1930 eru íbúar

Djúpavogs og nokkurra næstu býla. Hefur þetta verið athugað í manntölunum og áætlað að nokkru.

20) Nesjahreppi var skipt með stjórnarráðsbréfi nr. 59, 12. apríl 1946, í Nesjahrepp og Hafnarhrepp. Íbúar hreppanna hafa verið aðgreindir eftir manntölunum 1910, 1930 og 1940.

21) Ásahreppi var skipt í Ása- og Djúpárhrepp í ársbyrjun 1936. Íbúunum 1910 og 1930 hefur verið skipt milli hreppanna eftir manntölunum með aðstoð bæjatals.

22) Selfosshreppur var stofnaður með lögum nr. 52/1946, aðallega á landi úr Sandvíkurhreppi, en einnig úr Ölfushreppi og Hraungerðishreppi. Íbúatalan í Selfosshreppi 1910, 1930 og 1940 er fundin eftir manntölunum og íbúatölu Sandvíkur- og Ölfushrepps breytt að sama skapi. Íbúatala Hraungerðishrepps helzt hins vegar óbreytt.

23) Ölfushreppi var skipt með stjórnarráðsbréfi nr. 43, 13. marz 1946 í Ölfus- og Hveragerðishrepp. Íbúunum 1910, 1930 og 1940 hefur verið skipt milli hreppanna eftir manntölum.

Athuga ber, að íbúatala nokkurra hreppa, sem áður voru sameinaðir í einn hrepp, en hefur nú verið skipt í tvo eða fleiri, getur vikið lítils háttar frá réttu, þar sem orðið hefur að skipta íbúum milli hreppanna eftir gömlum manntölum með aðstoð bæjatals. Aldrei á þó að geta skakkað nema um örfáa íbúa. Slík skipting hefur óvíða verið gerð fyrir árið 1920, en í þess stað hefur verið áætluð skipting miðað við hlutföllin milli íbúatölu hreppanna árið 1910 og 1930 (tekið meðaltal af þeim tveim hlutföllum), og er þess þá getið á skýrslunni sjálfri, að um áætlun sé að ræða.

Nd. 497. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 4. gr. Eftir b-lið komi nýr stafliður (c-liður), svo hljóðandi:

Mat á kartöflum skal ekki vera í höndum framleiðsluráðs, heldur verði skipaður sérstakur eiðsvarinn matsmaður kartaflna og annars grænmetis.

Nd. 498. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um framlengingu á eignarskattsviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Undirritaðir mæla með því, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmanna, Jóhann Hafstein og Karl Guðjónsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 19. marz 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 499. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við 5. gr. bætist:

Í sýslufélagi, þar sem skýrsluvélar hafa enn eigi verið teknar í notkun við útreikning og innheimtu gjalda í ríkissjóð, skal annar málsl. 1. gr. laga þessara þó ekki koma til framkvæmda fyrr en byrjað verður að nota slíkar vélar fyrir það sýslufélag.

Sþ. 500. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um lækkað verð á raforku til súgþurrkunar.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað tillögu þessa. Var hún einnig send Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar, en það lagði tillöguna fyrir búnaðarþing, sem gerði svo hljóðandi ályktun varðandi súgþurrkunina:

„Að bændum verði gert kleift að nota fremur rafmagn en dieselvélar til súgþurrkunar, t. d. með því að lækka enn fastagjald af súgþurrkunarvélum um helming, enda undirgangist notendur þá kvöð, að straumur verði rofinn til þessara véla um mesta annatíma raforkuveranna, þ. e. um matreiðslutíma."

Enn fremur sendi fjárveitinganefnd tillögu þessa til raforkumálastjóra, og er bréf hans til fjárveitinganefndar prentað sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Eins og sést af samþykkt búnaðarþings annars vegar og bréfi raforkumálastjóra hins vegar, ber þar allmikið á milli um verð á rafmagni til súgþurrkunar En það, sem á milli ber í þessu efni, tekur engan veginn til söluverðs á rafmagni til súgþurrkunar, heldur eingöngu til fastagjaldsins á rafmótorum, sem notaðir eru í þessu skyni. Það gjald er reiknað fyrir allt árið, þrátt fyrir það að rafmótorarnir séu ekki notaðir nema sem svarar þrem mánuðum ársins. Gjald þetta er reiknað eftir hestaflafjölda mótoranna.

En til þess að súgþurrkunin geti verið raunhæf, þarf mikinn blástur, en til þess þarf stóra mótora. Þegar litið er til þess, hve notkunartími þessara mótora er stuttur, verður fastagjaldið af þeim æði stór kostnaðarliður við súgþurrkun, þótt gjald þetta sé að stofni til allmiklu lægra en hliðstætt gjald af mótorum, sem notaðir eru til iðnrekstrar allt árið.

Bændur kosta nú mjög kapps um það að leita að leiðum til þess að létta sér heyöflunina og þó umfram allt að tryggja gæði fóðursins. Fengin reynsla bendir ótvírætt á, að súgþurrkunin geti verið þýðingarmikill liður í því að létta störf og forða heyi frá skemmdum í óþurrkatíð. En þetta er kostnaðarsamt, bæði að stofni til og í rekstri.

Með sérstöku tilliti til alls þessa varð það að samkomulagi í fjárveitinganefnd að leggja til, að leitað yrði leiða til þess, að takast mætti að fá nokkra lækkun á fastagjaldinu.

Fjárveitinganefnd leggur því til, að á þáltill. verði gerð svofelld

BREYTING:

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við Búnaðarfélag

Íslands athuga möguleika á því, að lækkað verði frá því, sem nú er, fastagjald á vegum rafveitna ríkisins af rafmótorum, sem notaðir eru til súgþurrkunar.

Alþingi, 16. marz 1956.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.	Jónas G. Rafnar.
Lúðvík Jósefsson.	Hannibal Valdimarsson.	Karl Kristjánsson.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 20. febr. 1956.

Til fjárveitinganefndar Alþingis,
Alþingishús.

Í tilefni af bréfi yðar, dags. 17. des. s. l., og tillögu til þingsályktunar „um lækkað verð á rafmagni til súgþurrkunar" skal þetta tekið fram:

Á síðastliðnum vetri skipaði raforkumálaráðherra nefnd manna til þess að athuga, hvort ekki væri hægt að lækka verð á rafmagni til súgþurrkunar. Í þessari nefnd áttu sæti, auk mín, þeir Páll Zóphóníasson búnaðarmálastjóri, sem var formaður nefndarinnar, og Sæmundur Friðriksson framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda. Þegar nefndin átti viðræður um þetta mál, stóð fyrir dyrum almenn hækkun á raforkuverði héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna slæmrar rekstrarafkomu þeirra. Nefndarmenn kynntu sér sérstaklega þær tillögur mínar, er snertu hækkun á raforkuverði til súgþurrkunar, og forsendurnar fyrir þeim, en gerðu ekki breytingartillögur við þær. Í þessu sambandi leyfi ég mér að vísa til bréfs míns til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 12. maí 1955, sem yður sendist hjálagt í afriti, en þar er gerð nánari grein fyrir þessum verðhækkunum. Jafnframt sendist yður hér með gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Í tilefni af hinni nýju tillögu til þingsályktunar „um lækkað verð á rafmagni til súgþurrkunar" hefur verið gerð athugun á raforkusölu til súgþurrkunar á 64 býlum víðs vegar á landinu á árinu 1954, og skulu tilgreindar niðurstöðutölur þessarar athugunar:

Fjöldi notenda	Notk. kwst. alls	Orkusala kr.	Fastagj. kr.	Samtals kr.	kr/kwst.
64	365 065	54 700.00	70 841.00	125.541.00	
Meðaltal á býli	5 704	855.00	1 106.00	1 961.00	0.343

Einnig liggja fyrir upplýsingar frá nokkrum býlum um heymagnið, sem þurrkað hefur verið við súgþurrkun í nokkur ár í röð, allt að sex árum, þannig að hægt er að sjá, hve margar kwst. voru notaðar til þurrkunar á hverjum heyhesti á hverjum bæ fyrir sig þessi árin. Þessar tölur eru að sjálfsögðu breytilegar frá ári til árs, sem m. a. kann að stafa af misgóðri nýtingu súgþurrkunarinnar, tíðarfarinu og heyinu, sem þurrkað er, en meðalrafmagnsnotkun þessara býla fyrir öll árin var 11.2 kwst. til súgþurrkunar á hverjum m^3 af heyi, eða um 7.85 kwst. á hvern heyhest, ef miðað er við, að hestur af heyi sé sem næst 0.7 m^3 af signu, súgþurrkuðu heyi úr hlöðu. Mesta og minnsta rafmagnsnotkun á bæ var hins vegar talsvert frábrugðin þessu meðaltali. Mesta rafmagnsnotkunin var t. d. 17.4 kwst/m^3 að meðaltali í 4 ár, eða um 12.2 kwst. á heyhest, en þar var notaður 11.7 kw. rafhreyfill, og heymagnið, sem þurrkað var, var um 830 m^3, eða sem næst 1100 hestar.

Minnsta rafmagnsnotkunin á bæ var um 4.85 kwst/m^3 að meðaltali í 4 ár, eða um 3.4 kwst. á hest. Heymagnið, sem var þurrkað, var um 600 hestar.

Samkvæmt því, sem fyrr segir um meðalverð á rafmagni til súgþurrkunar á 64 býlum víðs vegar á landinu, reyndist það um 34.3 aurar á kwst. að meðaltali sumarið 1954, en miðað við þetta meðalverð, mun súgþurrkunarrafmagnið hafa kostað um kr. 2.70 á hvern heyhest sumarið 1954, en með þeirri hækkun, sem varð á rafmagni í fyrravor, yrði sú tala um kr. 3.50.

Eins og gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins ber með sér, er veittur verulegur afsláttur á orku til súgþurrkunar, og er aflgjaldið tæpur ⅓ hluti af aflgjaldi hliðstæðrar vélanotkunar, sbr. gjaldskrárlið C-2, eða ⅓, ef miðað er við C-3, og er því, að mér virðist, frekari afsláttur naumast hugsanlegur, á meðan héraðsrafmagnsveitur ríkisins búa við hallarekstur, og leyfi ég mér í því sambandi að vísa til meðfylgjandi bréfs míns til ráðuneytisins, dags. 12. maí 1955, sem fylgir hér í afriti.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Páll Hafstað.

Sþ. 501. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um aukningu á vatnsrennsli í Tungulæk í Landbroti og athugun annarra vatna, er koma undan Eldhrauni.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað tillögu þessa. Var hún og send til umsagnar vegamálastjóra og raforkumálastjóra. Eru umsagnir þeirra prentaðar sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu. Telja þessir aðilar sjálfsagt, að orðið sé við óskum um athugun þessa máls, og er talið líklegt, að vatnsmælingadeild raforkumálaskrifstofunnar geti innt þetta verk af hendi á sumri komanda.

Fjárveitinganefnd mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 16. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Jónas G. Rafnar.	Karl Kristjánsson.	Hannibal Valdimarsson.
Halldór Ásgrímsson.	Magnús Jónsson.	Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal I.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 12. marz 1956.

Hr. form. fjárveitinganefndar Alþingis,
Pétur Ottesen,
Alþingi.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 8. þ. m., viljum vér taka fram, að áætlunar- og mælingadeild raforkumálastjóra er reiðubúin til að gera mælingar við Tungulæk og athuga möguleika á að ná vatni úr Skaftá og mun geta komið því við á þessu ári.

Þar sem stytzt er á milli nefndra vatna, er vegalengdin 1000 m. Hallamæling hefur ekki verið gerð þarna, og engum getum skal að því leitt á þessu stigi málsins, hvort þessi leið reynist fær, og ekki er hægt að gera ráð fyrir, að vatni verði

komið þarna skemmstu leið, það yrði að taka það úr Skaftá ofar. Um hraun er að fara, svo að leiða yrði vatnið í pípu. Mun þá þessi vatnsaukning verða ærið kostnaðarsöm.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Magnús Reynir Jónsson.

Fylgiskjal II.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 14. marz 1956.

Tillaga til þingsályktunar á þskj. 430 um aukningu vatnsrennslis í Tungulæk í Landbroti og athugun annarra vatna, er koma undan Eldhrauni.

Með bréfi, dags. 8. þ. m., barst mér ofangreind tillaga til umsagnar.

Tillaga þessi mun komin vegna vatnsskorts við rafstöð, er sjö býli í Landbroti reistu við Tungulæk árið 1946.

Um langt árabil hafa kvíslar runnið úr Skaftá sunnan undir Skálaheiði og suður hraunið og yfir veginn. Greinar úr þessum kvíslum hafa þó jafnan runnið vestur í Árkvíslar, sem eiga upptök sín í Skaftá vestan við Skálaheiði og renna suður hraunið skammt austan við Skaftártungu, en falla síðan í Eldvatn og Tungufljót.

Kvíslar þær, sem runnu suður hraunið og yfir veginn, báru fram svo mikið af sandi og leir, að brú, sem byggð var á veginum yfir kvíslarnar, þegar hann var lagður, fór alveg í kaf af sandi og leir. Þessi mikli framburður kvíslanna olli miklum erfiðleikum við að halda veginum færum, þar sem sandur og leir færðu veginn í kaf á nokkrum kafla.

Fyrir fimm árum var hlaðið fyrir kvíslarnar, sem runnu yfir veginn, og þeim veitt austur hraunið. Runnu þær þannig austur í hraunið í tvö ár, en þá breyttu þær stefnu og féllu eftir gömlum farvegi norður í Skaftá hjá Skálastapa.

Eigendur rafstöðvarinnar við Tungulæk hafa áður álitið, að þessi breyting á rennsli kvíslanna eigi sök á hinu minnkandi rennsli í Tungulæk. Sú tilgáta þykir mér ósennileg, þar sem líklegast er, að vatn þetta hafi komið fram undan hrauninu um 2—3 km sunnar, þar sem Meðallands-Eldvatn hefur upptök sín.

Ég vil þó ekki fullyrða neitt um þetta atriði, en tel það mjög æskilegt og eðlilegt, að vatnamælingadeild raforkumálaskrifstofunnar verði falin rannsókn málsins.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Alþingi.

Nd. 502. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er samið af þeim Gizuri Bergsteinssyni og Jónatan Hallvarðssyni, hæstaréttardómurum, Theodór B. Lindal háskólaprófessor og að nokkru af Einari heitnum Arnórssyni, fyrrv. hæstaréttardómara. Fól dómsmálaráðherra mönnum þessum á sínum tíma að endurskoða löggjöfina um meðferð einkamála í héraði, og er frumvarpið samið í samráði við ráðherrann. Frumvarpi þessu er ætlað að

koma í stað laga nr. 85/1936, sem nú gilda um meðferð einkamála í héraði, en þau voru fyrstu heildarlög um þetta efni hér á landi. Er eðlilegt, að gera þurfi nokkrar breytingar á eldri lögum eftir svo langan tíma, miðaðar við breyttar aðstæður og reynslu, sem fengizt hefur í sambandi við framkvæmd þeirra.

Veigamestu nýmæli varðandi málsmeðferð, sem frumvarp þetta felur í sér, verður að telja þessi:

Lagt er til, að mál verði ekki lögð fyrir sáttanefndir, áður en stefna er gefin út í þeim, eins og skylt hefur verið að gera um flest mál til þessa, enda varðar það frávísun máls, ef út af er brugðið samkvæmt gildandi lögum. Í stað þess er lagt til í frumvarpinu, að dómarar leiti sátta eða hlutist til um, að svo sé gert, þá er ætla má, að slíkt sé vænlegt til árangurs. Fellst nefndin á þau rök í greinargerð frumvarpsins, að mjög sé vafasamt, að það svari lengur kostnaði að leggja mál fyrir sáttanefndir, enda mun það nú vera orðið mjög fátítt, að mál séu útkljáð fyrir sáttanefndum.

Þá er og lagt til í frumv., að í stað sáttakæru, stefnu og greinargerðar, sem sækjandi skal samkvæmt gildandi lögum gera grein fyrir málsefni sínu í, komi aðeins eitt frumskjal, stefna, en til hennar skal samkvæmt frumvarpinu gera mjög strangar kröfur. Skulu í stefnu málavextir raktir mjög ýtarlega, nákvæm grein gerð fyrir kröfum hans í málinu og þau gögn greind, sem sækjandi hyggst sanna kröfur sínar með, t. d. vitni nefnd o. s. frv.

Ber dómurum að aðgæta, er stefnur eru lagðar fyrir þá til áritunar og útgáfu, hvort fyrirmælum þessum varðandi samningu stefnu hefur verið hlýtt, benda stefnanda á það, sem áfátt kann að vera, og árita ekki stefnuna fyrr en úr hefur verið bætt. Miða þessi ákvæði að því að vekja menn til umhugsunar um það, áður en þeir höfða mál, út í hvað þeir eru að leggja, og sporna við því, að menn steypi sér út í málaferli út af fánýtum efnum. Þá gerir frumvarpið í heild ráð fyrir aukinni skyldu dómara til að fylgjast með gangi málsins og gagnaöflun.

Ýmis önnur nýmæli geymir frumvarpið, sem of langt yrði upp að telja hér; má þó nefna sem dæmi ákvæði 114. gr. frumvarpsins, er veitir dómara heimild til að hlutast til um, að aðilar afli ekki fánýtra gagna; ákvæði í 118. gr. frumvarpsins, sem bannar með örfáum undantekningum að nota utanréttarvottorð sem sönnunargagn í dómsmáli; breytt ákvæði í 119. gr. frumvarpsins, bæði viðkomandi aldri vitnis í dómsmáli og skyldu þess til að mæta fyrir dómi, þótt það eigi yfir svo og svo langan veg að fara; ákvæði í 139. gr. frumvarpsins um eiðfestingu eða heitfestingu vitna, áður en þau eru spurð um sakaratriði; ákvæði í 153. gr. frumvarpsins um skýrslugjöf aðila að viðlögðum drengskap í stað aðildareiðs o. s. frv.

Allsherjarnefnd hefur athugað og rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum, og auk þess hefur nefndin leitað álits hæstaréttar, lagadeildar Háskóla Íslands, Félags héraðsdómara og Lögmannafélags Íslands um það. Hafa nefndinni borizt svör frá lagadeild Háskólans og Félagi héraðsdómara um frumvarpið. Telja þessir aðilar nýmæli frumvarpsins yfirleitt horfa til bóta, en leggja til, að nokkrar breytingar verði á því gerðar, og hefur nefndin að nokkru sniðið breytingartill. við frumvarpið eftir tillögum þeirra.

Að öllu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem fylgja nefndaráliti þessu á sérstöku þingskjali. — Einn nefndarmanna (GJóh) áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við það.

Alþingi, 20. marz 1956.

Björn Ólafsson, form.	Ásgeir Bjarnason, fundaskr.	Einar Ingimundarson, frsm.
Gunnar Jóhannsson.	Jörundur Brynjólfsson.	

Nd. 503. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 25. maí 1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1956.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Gunnar Jóhannsson.
Jörundur Brynjólfsson. Einar Ingimundarson.

Ed. 504. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja tvær eyðijarðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar landnámsstjóra og skrifstofu jarðeigna ríkisins, og mæla þau með samþykkt frumvarpsins.

Umsögn landnámsstjóra fylgir hér á eftir, þar sem hún skýrir mjög málið.

Síðar barst nefndinni bréf frá ráðuneytinu, og fylgdi því bréf frá skógræktarstjóra, þar sem hann fer fram á að fá að selja þann hluta af Skriðufelli í Gnúpverjahreppi, sem verið hefur í ábúð síðan Skógræktin keypti jörðina og friðaði Þjórsárdal, til ábúandans þar, Björns Jóhannssonar, og er þess óskað, að heimild þar um verði tekin upp í frumvarpið.

Við þessari málaleitan vill nefndin verða og leggur því til, að á frv. verði gerðar svofelldar

BREYTINGAR:

1. Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., er hljóði svo:
   Enn fremur heimilast Skógrækt ríkisins að selja Birni Jóhannssyni bónda á Skriðufelli land jarðarinnar Skriðufells milli Hvammsár, Sandár, Selgils og Þrengslagils, enda samþykki ríkisstjórnin kaupverðið eða það sé ákveðið af dómkvöddum mönnum.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild til sölu jarðeigna í opinberri eigu.

Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur, er gengið var frá afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. marz 1956.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Andrés Eyjólfsson.
Jón Kjartansson.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 5. marz 1956.

Með bréfi, dags. 5. þ. m., hefur háttvirt landbúnaðarnefnd óskað umsagnar um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja tvær eyðijarðir, en

það eru eyðijarðirnar Aratunga í Hrófbergshreppi og Engjanes í Árneshreppi, hvor tveggja í Strandasýslu.

Aratunga hefur mjög takmörkuð ræktunarskilyrði, en allgott fjalllendi. Hún liggur innst í Staðardal gegnt jörðinni Kleppustöðum, og er auðveld notkun allra landsnytja fyrir þá jörð. Jörðin á land milli Aratungugils og Staðarhraundalsár. Telja má, að eigi séu neinar líkur fyrir því, að jörð þessi verði tekin til ábúðar, þar sem lega hennar er þannig, að hún liggur í dalbotni og á land mest til fjalls, og þótt segja megi, að ræktun sé framkvæmanleg á jörðinni, er það mjög óaðgengilegt og vart um annað land að ræða en hálfgróna, grýtta mela. Tún gaf af sér 60 hesta og er óvéltækt. Heyja má um 100 hesta af útheyi, ekkert á vélfæru landi.

Samkvæmt framanrituðu get ég mælt með því, að jörðin sé seld, verði hún sameinuð jörðinni Kleppustöðum.

Engjanes liggur sunnan undir Drangavíkurfjalli við Eyvindarfjörð, og eru búrekstrarskilyrði til landnytja mjög litilfjörleg. Tún gaf af sér 20 hesta, og heyja mátti 40 hesta í úthaga. Ræktunarskilyrði eru engin á jörðinni. Jörðin hefur reka og selveiði, og eru þar með taldar þær nytjar, er hún getur gefið. Það getur ekki komið til mála að endurbyggja jörð þessa, enda hefur aldrei frá því 1700 varanleg ábúð verið þar, þótt öðru hvoru hafi verið gerðar tilraunir til að festa byggð þar.

Samkvæmt framanrituðu get ég mælt með því, að jörð þessi verði seld.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,
Alþingi.

Sþ. 505. Nefndarálit [183. mál]

um till. til þál. um rannsókn hafnarbóta við Dyrhólaós.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað þáltill. þessa og sent hana vita- og hafnamálastjóra til umsagnar. Hann getur þess í umsögn sinni, að dr. Trausti Einarsson hafi verið fenginn til þess að athuga sandburð með ströndinni á þessu svæði og liggi fyrir ýtarlegt álit hans frá því í janúar 1950; einnig liggi fyrir stutt álit um þetta mál frá Axel Sveinssyni verkfræðingi, dags. 11. apríl 1950.

Vita- og hafnamálastjóri telur, að tilgangslítið sé að halda þessum rannsóknum áfram, en kveðst þó síður en svo hafa neitt við það að athuga, að þetta hafnarmál verði athugað nánar, „ef vera mætti, að hægt yrði að finna einhverja viðráðanlega leið, sem ekki hefur enn verið komið auga á“.

Fjárveitinganefnd leggur til, að þáltill. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, er tillagan var afgreidd.

Alþingi, 20. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Magnús Jónsson.	Halldór Ásgrímsson.
Karl Kristjánsson.	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 506. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá menntamálanefnd.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að treysta fjárhagsgrundvöll ríkisútgáfu námsbóka og koma betri skipan á starfsemi hennar en verið hefur. Samkvæmt frv. á að greiða kostnað við útgáfuna að ⅓ hluta úr ríkissjóði, en að ⅔ hlutum með sérstöku námsbókagjaldi. Alþingi skal ákveða hverju sinni í fjárlögum framlag ríkisins og námsbókagjald með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Námsbókanefnd skal sjá um, að á hverjum tíma sé fyrir hendi námsbók í hverri grein. Nú eru gefnar út tvær námsbækur í sömu grein, og ákveða þá skólastjórar og kennarar hvers skóla, hvor bókin skuli notuð við kennslu í skólanum.
   b. Í stað orðanna „nemendum við kostnaðarverði“ í 3. málsgr. komi: nemendum og skólum við kostnaðarverði.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „skólanefndir og fræðsluráð“ í 1. málsgr. komi: skólanefndir eða fræðsluráð.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja frekari brtt.

Alþingi, 20. marz 1956.

Gunnar Thoroddsen, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Gils Guðmundsson, með fyrirvara.
Kjartan J. Jóhannsson.	Halldór Ásgrímsson.	

Nd. 507. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta var samið að tilhlutan menntamálaráðuneytisins. Frv. var flutt á síðasta þingi, en ekki lögfest. Á milli þinga hefur það verið athugað af sýslunefndum, bæjarstjórnum og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin telur, að í frv. felist mikilsverð nýmæli í íslenzkri löggjöf, og leggur til, að það verði samþykkt, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. marz 1956.

Gunnar Thoroddsen, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Gils Guðmundsson.
Kjartan J. Jóhannsson.	Halldór Ásgrímsson.	

Nd. 508. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 11. gr. 4. tölul. orðist þannig:
   25 ára aldur.
2. Við 21. gr. Upphaf 2. málsl. 1. málsgr. orðist þannig:
   Skal sá lagaprófessor háskólans, sem elztur er að árum, vera formaður starfsdóms o. s. frv.
3. Við 44. gr. Í stað orðanna „og aldrei síðar en þremur vikum“ í 1. málsl. komi: og aldrei síðar en 6 vikum.
4. Við 59. gr. Í stað orðsins „aðflutnings“ (prentvilla) í 2. málsgr. komi: aðalflutnings.
5. Við 119. gr. Í stað orðanna „ef eigi er yfir 250 kílómetra veg á landi að fara eða 100 kílómetra leið á sjó eða samanlagt 250 kílómetra leið á sjó og landi“ í 1. málsgr. komi: ef eigi er yfir 250 kílómetra veg á landi eða í lofti að fara eða 100 kílómetra leið á sjó eða samanlagt 250 kílómetra leið á sjó, landi og í lofti.
6. Við 122. gr. Fyrir orðin „kjörforeldri eða kjörbarn“ í 1. málsgr. komi: kjörforeldri, kjörbarn eða kjörsystkini.
7. Við 139. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus og hvorugur aðili krefst heitfestingar. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.
8. Við 199. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
   Rita skal dómari á stefnu, hvenær hún hefur borizt honum í hendur.
9. Við 212. gr. 2. málsl. 2. málsgr. falli niður.
10. Við 218. gr. Í stað orðanna „nema dómari telji málið fullrætt í einni ræðu hvors (hvers)“ komi: nema dómari telji málið fullrætt í einni ræðu hvors (hvers), enda samþykki báðir aðilar þá tilhögun.
11. Við 301. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
    Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1957.

Ed. 509. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skatt þennan innheimta oddvitar af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki vera lægri en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi, nema samþykki samgöngumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

2. gr.

Orðin „og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl“ í 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2‰ af fasteignarverði lands og lóða og 1‰ af fasteignarverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, móti framlagi, er nemur 4‰—10‰ af land- og lóðaverði og 2‰—5‰ af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

4. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 10 9. febr. 1953. Í sýslufélagi, þar sem skýrsluvélar hafa enn eigi verið teknar í notkun við útreikning og innheimtu gjalda í ríkissjóð, skal annar málsl. 1. gr. laga þessara þó ekki koma til framkvæmda fyrr en byrjað verður að nota slíkar vélar fyrir það sýslufélag.

Nd. 510. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1940, um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með nokkurri breytingu.

Nefndin telur, að rétt sé að löggæzla sé aukin og tryggð á þeim stöðum, er í 1. gr. frv. getur, en telur einnig nauðsyn á því, að í ýmsum verstöðvum, þar sem fjölmenni er allmikið og margt aðkomumanna, verði fyrir því séð, að löggæzla sé í lagi. Þá er og mikil þörf á því, að á samkomum úti um sveitir landsins, þar sem fjöldi aðkomufólks kemur, verði séð fyrir löggæzlu.

Einn nefndarmanna (GJóh) áskilur sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala í samræmi við það):

Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkvæmt 6. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. sept. ár hvert í kauptúnum, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um

stundarsakir vegna síldveiða; enn fremur á öðrum stöðum og árstímum, eftir ákvörðun ráðherra, þar sem nauðsyn þykir til slíkra ráðstafana vegna hliðstæðra orsaka.

Ráðherra er heimilt að láta lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkv. 6. gr. annast löggæzlu á samkomum utan kaupstaða, ef hlutaðeigandi lögreglustjóri gerir grein fyrir þörf þess. Lögreglustjóri getur þó krafizt þess, að forráðamenn samkomuhalds annist hæfilega gæzlu innanhúss.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um löggæzlu samkvæmt þessari grein.

Alþingi, 20. marz 1956.

Björn Ólafsson, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Einar Ingimundarson. Gunnar Jóhannsson.

Ed. 511. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér mál þetta og mælir með samþykkt þessa frv. án breytinga. Einn nefndarmanna (GÍG) áskilur sér þó rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., ef fram koma.

Alþingi, 19. marz 1956.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson.
Ingólfur Flygenring. Guðm. Í. Guðmundsson, með fyrirvara.

Sþ. 512. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1953.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið, bar það saman við ríkisreikninginn 1953 og leggur til, að það verði samþykkt.

Hannibal Valdimarsson var ekki á fundi, þegar frumvarpið var afgreitt.

Alþingi, 20. marz 1956.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Magnús Jónsson. Lúðvík Jósefsson. Halldór Ásgrímsson.
Jón Kjartansson. Jónas G. Rafnar.

Nd. 513. Frumvarp til laga [192. mál]

um að banna hnefaleika.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Helgi Jónasson.

1. gr.

Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik. Enn fremur er bannað að kenna hnefaleik.

2. gr.

Bönnuð er sala og notkun hnefaleikaglófa og annarra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara. Í reglugerð skal ákveða, hvernig fara skuli með slík tæki, sem nú eru til í landinu.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal varða sektum allt að 10000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hnefaleikur er einhver sá ógeðfelldasti leikur, sem hér þekkist.

Ef íþrótt er skýrgreind sem holl hreyfing, vel fallin til þess að gera menn hrausta á sál og líkama, þá er öfugmæli að kalla hnefaleika íþrótt.

Sem betur fer, hafa hnefaleikar aldrei verið vinsælir hér. Ekki er kunnugt, að neinn hafi látið lífið hér við opinbera hnefaleikakeppni. Slíkt er þó algengt erlendis. Hitt er þó enn algengara þar, að hnefaleikarar verði það, sem kalla mætti „höggdrukknir“, þ. e. fá meiri eða minni heilaskemmdir, sem valda því, að þeir haga sér eins og þeir væru lítils háttar ölvaðir.

Stórslys og dauðsföll hafa hlotizt hér á landi af áverkum af hendi manna, er vanizt höfðu hnefaleikum. Er því full ástæða til að stemma á að ósi í þessu efni og banna alla keppni og kennslu í hnefaleik hér á landi.

Ed. 514. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. var vísað til fjárhagsnefndar að lokinni 1. umr. með ósk um að hraða afgreiðslu þess, svo að það gæti orðið að lögum á yfirstandandi þingi, þó að væntanlega sé skammt þar til því verði lokið. Enginn ágreiningur er um nauðsyn þess, að stuðla ber að jafnvægi í byggð landsins, og hefur Alþingi sýnt vilja sinn í því á margan hátt og m. a. með því að verja 5 millj. kr. af tekjuafgangi ríkisins í þessu skyni, svo sem fyrir er mælt í fjárlögum þessa árs, en um úthlutun þess fjár hafa ekki verið settar aðrar reglur en þær, sem setja á samkv. þessu frv. Er m. a. þess vegna mjög nauðsynlegt, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Frv. hefur verið undirbúið og samið af þeim alþingismönnunum Gísla Guðmundssyni og Gísla Jónssyni, og fylgir því ýtarleg greinargerð, þar sem má sjá, hve mikið undirbúningsstarf hefur verið innt af hendi, áður en frv. er samið og afhent ríkis-

stjórninni, svo og hversu nauðsynlegt það er, að unnið sé markvíst áfram að þessum málum, svo sem fyrir er mælt í frv.

Með tilvísun til þessa leggur fjárhagsnefnd til, að frv. verði samþykkt. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að bera fram breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Einn nm. (HG) var ekki á fundi, er málið var afgreitt, og mun hann væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni til frv.

Alþingi, 21. marz 1956.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.

Karl Kristjánsson.

Ed. 515. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1953.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á þrem fundum. Jafnframt hefur hún farið yfir athugasemdir yfirskoðunarmanna ásamt svörum ráðherra við þeim og tillögum yfirskoðunarmanna til úrskurðar á athugasemdunum. Flestar tillögur yfirskoðunarmanna eru á þá leið, að við svo búið megi standa eða að athugasemdin sé til eftirbreytni framvegis eða athugunar framvegis. Verður að vænta þess, að yfirskoðunarmenn fylgist með því frá ári til árs, hvort þessar tillögur þeirra eru teknar til greina, og gefi Alþingi skýrslu um það. Virðist bresta nokkuð á í því efni, og væntir nefndin þess, að á því verði ráðin bót.

Einni athugasemd sinni hafa yfirskoðunarmenn vísað til aðgerða Alþingis, er hún viðvíkjandi umframgreiðslum Skipaútgerðar ríkisins. Hefur nú Alþingi samþykkt ályktun um athugun á samgöngum innanlands, einnig strandferðum, og verður því að telja, að tillögu yfirskoðunarmanna um þetta sé fullnægt. Virðist nefndinni því ekki þörf á að bera fram sérstaka tillögu út af því.

Nefndin hefur borið frv. saman við ríkisreikninginn og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson.

Karl Kristjánsson. H. Guðmundsson.

Nd. 516. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar (ÁB, GJóh og JörB) vill afgreiða frumv. með breytingum, en minni hlutinn (BÓ og EI) vill ekki mæla með málinu, sakir þess að nú er milliþinganefnd að athuga

lögin um þetta efni og álits hennar er að vænta fyrir næsta þing. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á, að mjög alvarlega horfi í umferðarmálum þjóðarinnar, tjón á lífi og limum manna eru svo tíð, að ekki er viðunandi, og eignatjón gífurlegt. Með enn ákveðnara eftirliti og lagasetningu um þetta efni er von til þess að draga megi úr slysunum.

Meiri hluta nefndarinnar er það ljóst, að þessi breyting á lögunum er aðeins skyndiráðstöfun til bráðabirgða. Á næsta þingi verða vonandi lögin í heild tekin til rækilegrar athugunar.

GJóh er fylgjandi 2. tölul. breytingartillagnanna.

Meiri hl. leggur til, að frumv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Tölul. 1. orðist svo:
      Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Tryggingarfélag verður því aðeins krafið 5000.00 kr. bóta eða hærri samkv. 1. eða 2. málsgr., að lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er byggð á.
   b. Aftan við 2. tölul. bætist:
      Sá, er fyrir tjóni verður, tryggingartaki eða tryggingarfélag, getur borið það undir gerðardóm þriggja manna, hvort tryggingartaki hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Gerðardóminn skipa einn maður tilnefndur af tryggingartaka, annar tilnefndur af tryggingarfélaginu og oddamaður, er héraðsdómari nefnir til. Oddamaður er formaður gerðardómsins. Álit gerðardómsins um sök tryggingartaka er ekki bindandi fyrir dómara í máli um endurkröfurétt tryggingarfélagsins.
2. 1. málsl. 2. gr. orðist svo:
   Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en eitt ár, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða.

Alþingi, 20. marz 1956.

Björn Ólafsson, form. — Ásgeir Bjarnason, fundaskr. — Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Gunnar Jóhannsson. — Einar Ingimundarson.

Ed. 517. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin athugaði og ræddi frumvarp þetta. Mælir hún ágreiningslaust með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. marz 1956.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. — Ingólfur Flygenring, fundaskr. — Karl Kristjánsson, frsm.

Gísli Jónsson. — H. Guðmundsson.

Nd. 518. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til íþróttalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi í skrifstofu fræðslumálastjóra og íþróttanefnd.
2. Við 4. gr. Aftan við 2. tölul. bætist: sbr. 21. gr.
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Barnaskólum í kaupstöðum og kauptúnum með 400 íbúum eða fleiri, öllum æðri skólum og heimavistarskólum skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu vatni og nauðsynlegum áhöldum til íþróttakennslu, og er hvort tveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 400 íbúum skal kenna nemendum þær íþróttir, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að leika knattleiki og útiíþróttir.
4. Við 18. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Enginn getur starfað sem kennari í íþróttum við skóla, nema hann hafi öðlazt íþróttakennararéttindi.
   b. Orðin „eða félögum“ í síðustu málsgr. falli niður.
5. Við 19. gr. Síðasta málsgr. falli niður.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja fleiri brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 20. marz 1956.

Gunnar Thoroddsen, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson, frsm.
Kjartan J. Jóhannsson.	Halldór Ásgrímsson.	

Nd. 519. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til athugunar á nokkrum fundum og auk þess sent það til umsagnar vegamálastjóra, og fylgir álit hans hér með.

Nefndin taldi réttara að hækka heimildina í bráðabirgðaákvæði laganna um allt að 40% heldur en láta sérstaka útreikninga ákveða hækkunina hverju sinni út frá hækkuðu kaupgjaldi, enda er á þennan hátt fyrir fram vitað, hver hámarksfasteignaskattur getur orðið, og sama tilgangi náð og frv. ætlast til, þ. e. að auka tekjur sýsluvegasjóðanna.

Einn nefndarmanna (KGuðj) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.
Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 70% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Alþingi, 20. marz 1956.

Sigurður Bjarnason, form.	Ásgeir Bjarnason, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Eiríkur Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 23. nóv. 1955.

Frv. til laga um breytingu á lögum um sýsluvegasjóði.

Nefndin hefur með bréfi 16. nóv. sent mér til umsagnar frv. til laga um breyt. á l. um sýsluvegasjóði, þskj. 61, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Það er eðlilegt, að kallað sé eftir nokkurri hækkun á tekjum sýsluvegasjóða í samræmi við hækkun á kaupgjaldi og öðrum kostnaði. Mér þykir hins vegar heppilegra að miða hækkunina við kaupgjald verkamanna eingöngu, þar eð alltaf getur verið nokkurt álitamál, hvernig á að finna meðalhækkun á mörgum liðum, svo sem vélaleigu, verðlagi á byggingarefni o. fl. Þá er það og svo, að væntanlega mundi meðalhækkun reynast svipuð, hvor aðferðin sem notuð yrði.

Ég vil því leggja til, að miðkafli greinarinnar orðist svo:

„... með allt að 50% álagi að viðbættum hundraðshluta hækkunar á kaupgjaldi, sem orðið hefur frá árslokum 1954 o. s. frv. ...“

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 9. desember 1955.

Frv. til laga um breytingu á lögum um sýsluvegasjóði.

Í umsögn minni 23. nóv. um ofangreinda tillögu lagði ég til, að 50% álagið á fasteignaskatt hækkaði í hlutfalli við kauphækkun. Nefndin hefur óskað, að ég athugaði samanburð á slíkri hækkun og lögákveðinni hækkun, t. d. úr 50% í 60%.

Ef miðað er við framlög í sýsluvegasjóði 1954, kemur þetta í ljós:

Fasteignaskattur með 50% álagi nam um	kr. 1042000.00
Framlag ríkissjóðs nam um	— 1700000.00
Tekjur sýsluvegasjóða	kr. 2742000.00

Miðað við, að fasteignaskattur fyrir 1956 væri innheimtur með álagi vegna kauphækkunar í des. 1955 frá des. 1954, mundi 50% álagið hækka um 19.5% (kauphækkun kr. 14.69 í 17.56 á klst.) eða verða 59.75% og þannig svo til alveg sama og ef það væri lögákveðið 60%. Hins vegar hefur sú tillaga þann kost, að ef kaupið breytist enn, þá fylgir eðlilegt álag í kjölfarið. Ef álagið yrði nú bundið við t. d. 60%, er hætt við, að óánægja kæmi fram og tillaga á Alþingi um að breyta lagaákvæðinu á ný.

Tel ég því heppilegra að láta álagið fylgja kauphækkun en að binda það nú við ákveðna hækkun fasteignaskatts.

Virðingarfyllst,
Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 520. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á hlutabréfum í Flugfélagi Íslands.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf í Flugfélagi Íslands fyrir allt að fimm hundruð þúsund krónur.

Greinargerð.

Fjárveitinganefnd flytur tillögu þessa eftir ósk flugmálaráðherra, Ingólfs Jónssonar, og er bréf hans til nefndarinnar varðandi mál þetta, prentað sem fylgiskjal með tillögunni.

Er til hlutabréfakaupa þessara stofnað í stuðningsskyni við Flugfélagið, sem nú skortir rekstrarfé, en það innir af hendi, svo sem alþjóð er kunnugt, að ýmsu leyti við erfið rekstrarskilyrði, mikla þjónustu við landsmenn með flugsamgöngum sínum innanlands.

Fylgiskjal.

SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 19. marz 1956.

Ráðuneytið vill hér með fara þess á leit við háttvirta fjárveitinganefnd, að hún flytji tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa hlutabréf í Flugfélagi Íslands fyrir hálfa milljón króna.

Það skal tekið fram, að mál þetta hefur verið rætt við hæstvirtan fjármálaráðherra, og er hann samþykkur því, að slík tillaga verði flutt.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Nd. 521. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Börnum við skyldunám barnafræðslustigsins, samkv. 2. gr. l. nr. 34/1946, og unglingum við skyldunám unglingastigsins, samkv. 11. gr. l. nr. 48/1946, skal séð fyrir ókeypis námsbókum í greinum þeim, sem kenndar eru.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 522. Rökstudd dagskrá [105. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Þar sem deildin lítur svo á, að Skipaútgerð ríkisins, Ferðaskrifstofa ríkisins og Grænmetisverzlun ríkisins eigi að vera í eigu ríkisins áfram og reknar af því, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 523. Fjáraukalög [157. mál]

fyrir árið 1953.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 394.

Sþ. 524. Nefndarálit [181. mál]

um till. til þál. um tæknilegar og viðskiptalegar umbætur í sjávarútveginum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað álits Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Mæla bæði þessi samtök eindregið með samþykkt tillögunnar.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Jón Kjartansson.	Karl Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson.	Hannibal Valdimarsson.	Jónas G. Rafnar.

Sþ. 525. Þingsályktun [60. mál]

um rannsókn vegarstæðis milli landsfjórðunga.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 67.

Sþ. 526. Þingsályktun [65. mál]

um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd eftir tillögum Háskóla Íslands, Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, er tilnefna sinn manninn hver, til þess að kanna, hversu bezt verði komið við aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum, svo sem um ýmsa þætti þjóðskipulags-, efnahags-, félags- og verkalýðsmála.

Nefndin athugi, hvort námskeiðum um þessi efni verði komið við á vegum Háskóla Íslands.

Nefndin kýs sér formann.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 527. Þingsályktun [76. mál]

um lækkað verð á raforku til súgþurrkunar.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við Búnaðarfélag Íslands athuga möguleika á því, að lækkað verði frá því, sem nú er, fastagjald á vegum rafveitna ríkisins af rafmótorum, sem notaðir eru til súgþurrkunar.

Sþ. 528. Þingsályktun [173. mál]

um aukningu vatnsrennslis í Tungulæk í Landbroti og athugun annarra vatna, er koma undan Eldhrauni.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 430.

Sþ. 529. Þingsályktun [183. mál]

um rannsókn hafnarbóta við Dyrhólaós.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 470.

Sþ. 530. Þingsályktun [39. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Afgreidd frá Sþ. 22. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa í samráði við búnaðar- og bændasamtökin í landinu þriggja manna nefnd til að gera tillögur um skipulagðar og samræmdar aðgerðir um land allt í því skyni að vinna að útrýmingu refa og minka, með þeim aðferðum og á þann hátt, sem nefndin telur vænlegast til árangurs á sem skemmstum tíma. Nefndin hafi samband við sýslunefndir og kynni sér álit þeirra manna, sem mest hafa unnið að eyðingu dýranna hér á landi, og afli sér upplýsinga um útrýmingaraðferðir erlendis. Álit nefndarinnar og tillögur leggist fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nd. 531. Lög [172. mál]

um framlengingu á eignarskattsviðauka.

(Afgreidd frá Nd. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 427.

Nd. 532. Lög [109. mál]

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Afgreidd frá Nd. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 317.

Nd. 533. Lög [169. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Afgreidd frá Nd. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 421.

Ed. 534. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera leit að jarðhita til virkjunar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin telur mjög mikilvægt, að sá þýðingarmikli þáttur jarðhitamálanna, er frumvarp þetta fjallar um, og þær tillögur, sem í því felast, verði athugaðar gaumgæfilega í sambandi við heildarathugun og setningu heildarlöggjafar um jarðhita,

og í fullu trausti þess, að heildarathugun verði gerð og henni lokið svo fljótt, að frv. til heildarlaga um jarðhita verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna (GÍG) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 22. marz 1956.

Gísli Jónsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Hermann Jónasson, frsm.
	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Nd. 535. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 70% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 9. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Nd. 536. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1940, um lögreglumenn.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala í samræmi við það):

Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkvæmt 6. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. sept. ár hvert í kauptúnum, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um stundarsakir vegna síldveiða; enn fremur á öðrum stöðum og árstímum eftir ákvörðun ráðherra, þar sem nauðsyn þykir til slíkra ráðstafana vegna hliðstæðra orsaka.

Ráðherra er heimilt að láta lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkv. 6. gr. annast löggæzlu á samkomum utan kaupstaða, ef hlutaðeigandi lögreglustjóri gerir grein fyrir þörf þess. Lögreglustjóri getur þó krafizt þess, að forráðamenn samkomuhalds annist hæfilega gæzlu innanhúss.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um löggæzlu samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 537. Frumvarp til laga [162. mál]

um heimild til sölu jarðeigna í opinberri eigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúanda Kleppustaða í Hrófbergshreppi í Strandasýslu eyðijörðina Aratungu í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.
2. Að selja Guðjóni Guðmundssyni hreppstjóra að Eyri í Ingólfsfirði í Strandasýslu eyðijörðina Engjanes í Árneshreppi í sömu sýslu fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

Enn fremur heimilast Skógrækt ríkisins að selja Birni Jóhannssyni bónda á Skriðufelli land jarðarinnar Skriðufells milli Hvammsár, Sandár, Selgils og Þrengslagils, enda samþykki ríkisstjórnin kaupverðið eða það sé ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 538. Lög [155. mál]

um breyting á lögum nr. 20 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 375.

Ed. 539. Lög [158. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1953.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 395.

Nd. 540. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til íþróttalaga.

Frá Páli Þorsteinssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Gils Guðmundssyni.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Skólanemendum er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

Ed. 541. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „að ráða hagfróðan mann í þjónustu sína svo og fleiri starfsmenn, ef ríkisstjórnin samþykkir“ í 3. málsl. komi: að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.
3. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
   Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga Jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum.
4. Við 9. gr.
   a. 2. tölul. orðist svo:
      Fé það, sem ríkissjóður við gildistöku laga þessara á útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.
   b. Í stað orðanna „fyrir gildistöku laga þessara“ í 3. tölul. komi: fyrir árslok 1953.
5. Við 10. gr.
   a. Aftan við 2. tölul. komi: í fyrsta skipti árið 1957.
   b. Aftan við 1. málsl. 3. tölul. bætist: þó ekki fyrr en 2 árum eftir að skuldin var gjaldkræf eða ríkissjóður innleysti ábyrgðina, enda komi samþykki Alþingis til.
6. Við 13. gr. Síðari málsl. falli niður.
7. Við 14. gr. Á eftir orðinu „kaupstað“ í upphafi greinarinnar komi: eða kauptúni.

Nd. 542. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um landkynningu og ferðamál.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frumvarpsins. Meiri hl. n. er málinu andvígur, en við undirritaðir teljum mjög mikilvægt að koma á þeim umbótum í ferðamálum, er í frv. felast, og leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1956.

Sigurður Bjarnason, form. Magnús Jónsson, frsm.

Nd. 543. Nefndarálit [184. mál]

um till. til þál. um endurskoðun löggjafar um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leitað um það munnlegrar umsagnar flugmálastjóra. Leggur hún til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1956.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Karl Guðjónsson.
Eiríkur Þorsteinsson. Magnús Jónsson.

Ed. 544. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og samið af nefnd, er landbúnaðarráðherra skipaði til að endurskoða gildandi lög um lax- og silungsveiði.

Frumvarpið hafði af stjórnarráðinu verið sent sýslunefndum, fiskveiðafélögum og stangveiðifélögum til umsagnar, en þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi, höfðu fáar umsagnir borizt. Síðar bárust þó umsagnir margra. Tiltölulega fáar þeirra gengu þó verulega inn á frumvarpið, en frá Landssambandi íslenzkra stangveiðimanna, veiðifélaginu við Blöndu, veiðifélagi Mývetninga og frá ýmsum, er stunda netaveiði við Hvítá í Borgarfirði og Ölfusá í Árnessýslu, bárust þó margar breytingartillögur.

Nefndin fór yfir frumvarpið og bar það saman við gildandi lög. Þá athugaði hún allar þær breytingartillögur, er henni höfðu borizt, og fékk umsögn veiðimálastjóra um hverja einstaka. Enn fremur ræddu einstakir nefndarmenn við ýmsa menn, sem stundað hafa lax- og silungsveiði, um frumvarpið í heild og einstakar breytingar, sem gerðar eru með því á eldri lögum eða lagt var til að gera í breytingartillögunum, sem nefndinni höfðu borizt.

Niðurstöður af öllum þessum athugunum nefndarinnar urðu þær, að meiri hluti hennar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, og fylgja tillögur um þær á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmaður (SÓÓ) vill þó gera víðtækari breytingartillögur og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Breytingartillögur lágu fyrir viðvíkjandi XIV. kafla frumvarpsins um styrkveitingar til fiskræktar frá nokkrum aðilum, en nefndin hefur að svo stöddu ekki lagt til að breyta honum, en mun taka það til athugunar síðar og þá koma með breytingartillögur við hann milli 2. og 3. umræðu, ef henni að vel athuguðu máli þykir það rétt.

Alþingi, 23. marz 1956.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Jón Kjartansson. Andrés Eyjólfsson.
F. R. Valdimarsson, með fyrirvara.

Ed. **545. Breytingartillögur** [82. mál]

við frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr.
   a. Aftan við 3. mgr. bætist: að fengnu áliti veiðimálastjóra.
   b. Framan við orðin „2. mgr. 60. gr.“ í 4. mgr. komi: 5. mgr. 14. gr. og.
2. Við 3. gr.
   2. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Nú á maður fleiri jarðir en eina, og hefur hann þá eitt atkvæði fyrir lögbýli hvert, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati.
3. Við 5. gr. Aftan við gr. bætist:
   Nú er veiðifélag stofnað við slík vötn, og er því þá heimilt að ráðstafa veiði eftir því, sem það telur henta.
4. Við 9. gr. Aftan við gr. bætist: en veiðifélagi skal þó heimilt að leyfa veiði á slíkum stöðum.
5. Við 15. gr. Í stað orðsins „veiðimálanefndar“ í 2. mgr. komi: veiðimálastjóra.
6. Við 18. gr.
   a. Í stað orðanna „í lagnet og á stöng“ í 3. mgr. komi: í lagnet, á stöng og færi.
   b. Á eftir orðinu „stöng“ í 4. mgr. komi: færi.
7. Við 20. gr. Á eftir orðinu „missir“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: verulega og.
8. Við 29. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
   Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði, er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa niður frá krók, og telst hann hluti veiðivélar.
   b. 3. mgr. falli niður.
9. Við 31. gr. Aftan við 1. mgr. bætist:
   Eigi má hafa nema einn leiðara við girðingu, og telst hann hluti veiðivélarinnar.
10. Við 32. gr. Í staðinn fyrir „40 cm“ í 2. mgr. komi: 50 cm.
11. Við 34. gr.
   a. Á undan orðinu „krókneti“ í 3. mgr. bætist: lagneti og.
   b. Á eftir orðunum „fleiri en“ í 4. mgr. bætist: eitt lagnet.
   c. Á undan síðasta málsl. 5. mgr. komi:
   Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr.
12. Við 35. gr. Síðari málsl. 3. mgr. falli niður.
13. Við 45. gr.
   a. Aftan við 1. mgr. bætist:
   Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.
   b. Á eftir orðinu „skriflega“ í 2. mgr. komi: eða með símskeyti.
14. Við 46. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skal koma eitt atkvæði. Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá

taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefur verið gerður félagi í stað landeiganda samkvæmt 48. gr.

15. Við 50. gr. Á eftir 3. málsl. komi nýr málsl., svo hljóðandi:
Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest.

16. Við 51. gr. Greinin orðist svo:
Nú hefur fiskræktarfélag verið stofnað samkvæmt 45.—48. gr. og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

17. Við 65. gr. Á eftir orðinu „skriflega“ í 4. mgr. komi: eða með símskeyti.

18. Við 66. gr. 2. mgr. orðist svo:
Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

19. Við 72. gr. Á eftir 3. málsl. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest.

20. Við 73. gr. Greinin orðist svo:
Nú hefur veiðifélag verið stofnað samkvæmt 65.—68. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

21. Við 78. gr. Greinin hljóði svo:
Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga þessara um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

22. Við 93. gr.
a. Síðari málsl. 1. mgr. orðist svo:
Veiðimálastjóri og yfirdýralæknir gefa fyrirmæli um sótthreinsun og hafa eftirlit með henni.
b. 2. mgr. orðist svo:
Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður leyfi veiðimálastjóra og yfirdýralæknis.

23. Við 94. gr. Á eftir orðinu „veiðimálastjóra“ komi: og yfirdýralæknis.

24. Við 95. gr. Í stað orðanna „veiðimálastjóra og veiðimálanefndar“ komi: veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og yfirdýralæknis.

25. Á eftir 98. gr. komi ný grein í nýjum kafla, sem verður XIII. kafli, með fyrirsögninni: **Um álaveiðar,** (og breytast kaflatölur og greinatölur á eftir samkvæmt því):

Ráðherra er rétt að setja reglur um álaveiðar að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Í reglum þessum má mæla fyrir um gerð veiðitækja og veiðitíma, og skal þess gætt, að lax og silungur veiðist eigi í blóra við ál.

Sþ. 546. Nefndarálit [79. mál]

um till. til þál. um rannsókn á milliliðagróða.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur haft til athugunar till. á þskj. 86 um rannsókn á milliliðagróða, en jafnframt lá fyrir nefndinni breytingartillaga Einars Olgeirssonar á þskj. 167 um sama efni. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til, að tillagan verði samþykkt nokkuð breytt, en ég taldi réttast að afgreiða málið með því að samþykkja áðurnefnda breytingartillögu Einars Olgeirssonar.

Veigamesti munurinn á tillögu Einars Olgeirssonar og á upphaflegu þingsályktunartillögunni er, að tillaga Einars gerir ráð fyrir alhliða rannsókn á framleiðslukostnaði og verðlagsmyndun í þjóðfélaginu, en upphaflega till. ræðir aðeins um milliliðakostnað.

Nú er það svo, að milliliðakostnaður er teygjanlegt hugtak. Ýmsir vilja miða hann einvörðungu við verzlunarstörf, en neita hins vegar að telja banka og ýmsa opinbera aðila til milliliða í þessu efni.

Rannsókn þessi þarf tvímælalaust að fara þannig fram, að í ljós komi allir helztu þættir framleiðslukostnaðar og verðmyndunar, svo að augljóst sé, hve mikill er þáttur raunverulegra launa og hve mikill er þáttur annars kostnaðar í verðlagi í landinu.

Rannsókn á milliliðagróða má ekki verða nein sýndarathugun, hún þarf að verða ýtarleg og ná til allra þeirra þátta milliliðastarfs, sem raunverulega hafa áhrif á verðmyndunina.

Ég legg því til, að þáltill. verði afgreidd á þann hátt, að samþykkt verði brtt. Einars Olgeirssonar á þskj. 167.

Alþingi, 23. marz 1956.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 547. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til laga um kaup og leigunám togara.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum og sent það til umsagnar Fiskifélagi Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar hefur ekki fengizt til að afgreiða málið, en ég hef lagt til, að frumvarpið verði samþykkt. Aðalefni frumvarpsins er, að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að afkastamestu framleiðslutæki þjóðarinnar, togararnir, liggi ónotuð mánuðum saman vegna fjárskorts eða annarra viðráðanlegra ástæðna. Mörg dæmi eru um það, að nýsköpunartogarar af beztu gerð

hafi legið ónotaðir svo að mánuðum skipti, en slíkt hlýtur að kosta þjóðarheildina stórkostlega fjármuni. Fyrir slíkt þarf að koma með löggjöf. Ég mæli því með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 23. marz 1956.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 548. Frumvarp til laga [6. mál]

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Börnum við skyldunám barnafræðslustigsins, skv. 2. gr. laga nr. 34/1946, skal séð fyrir ókeypis námsbókum í greinum þeim, sem kenndar eru.

2. gr.

Námsbókanefnd, skipuð fimm mönnum, annast útgáfu námsbóka skv. 1. gr. og kveður á um efni þeirra og gerð. Reynt skal að tryggja, að öll ytri gerð bókanna standist almennar kröfur um útlit og gæði.

Menntamálaráðherra skipar námsbókanefnd til fjögurra ára í senn: tvo menn skv. tillögu Sambands ísl. barnakennara, einn skv. tillögu Prestastefnu Íslands, en formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Fræðslumálastjóri á sæti í nefndinni.

3. gr.

Námsbókanefnd skal sjá um, að á hverjum tíma sé fyrir hendi námsbók í hverri grein. Nú eru gefnar út tvær námsbækur í sömu grein, og ákveða þá skólastjórar og kennarar hvers skóla, hvor bókin skuli notuð við kennslu í skólanum.

Námsbókanefnd ákveður ritlaun til handa höfundum námsbóka, er skulu við það miðuð, að hæfir menn fáist til starfans. Nefndinni er og heimilt að efna til samkeppni um ritun einstakra námsbóka.

Námsbókanefnd er heimilt að láta gera önnur kennslutæki eða sjá um útvegun þeirra, enda séu þau seld nemendum og skólum við kostnaðarverði.

4. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs skulu skólanefndir eða fræðsluráð, hver í sínu héraði, senda námsbókanefndinni greinargerð um þær bækur, sem þær óska eftir til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna í skólahéraðinu. Námsbókanefndin sendir síðan nægilegan fjölda bóka.

Hverjum nemanda skal afhenda eitt eintak af hverri bók, sem hann á að nota til námsins. Ef sú bók glatast eða skemmist, skal nemandanum gert að skyldu að kaupa nýja bók við kostnaðarverði. Viðkomandi skóli annast um sölu slíkra bóka, ef námsbókanefnd óskar þess, og stendur henni skil á andvirði seldra bóka.

Heimilt skal að hafa allar námsbækur ríkisútgáfunnar til sölu á frjálsum bókamarkaði.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, að fengnum tillögum námsbókanefndar, framkvæmdastjóra, er vinnur undir yfirstjórn nefndarinnar að störfum þeim, sem undir hana ber samkvæmt lögum þessum. Menntamálaráðherra setur framkvæmdastjóranum erindisbréf.

6. gr.

Menntamálaráðherra ákveður laun námsbókanefndar og framkvæmdastjóra hennar.

7. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist að ⅓ hluta úr ríkissjóði og að ⅔ hlutum með sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám samkvæmt 1. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag ríkisins og námsbókagjald, hvort tveggja með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 10/1951, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

Nd. 549. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá Gils Guðmundssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „einn skv. tillögu Prestastefnu Íslands“ komi: einn skv. tillögu Landssambands framhaldsskólakennara.

Nd. 550. Lög [105. mál]

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 485.

Ed. 551. Frumvarp til laga [191. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, í því skyni að auka skilyrði til fólksfjölgunar eða draga úr fólksfækkun í þeim landshlutum.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni fimm manna jafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4 gr.

Hlutverk jafnvægisnefndar er að safna gögnum og gera skýrslur og áætlanir samkv. 5. og 7. gr. Hún stjórnar Jafnvægissjóði og ráðstafar eignum hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán úr Jafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI

Um Jafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Jafnvægissjóður undir stjórn jafnvægisnefndar. Hlutverk Jafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum jafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga Jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Stofnfé Jafnvægissjóðs er:

1. 5 millj. kr. framlag samkv. XLV. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1956.
2. Fé það, sem ríkissjóður við gildistöku laga þessara á útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.
3. Innieignir ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum síðustu 10 árin fyrir árslok 1953.

Kröfur ríkissjóðs vegna lána og greiðslu vanskilaskulda samkv. þessari grein skulu afhentar Jafnvægissjóði til eignar um leið og hann tekur til starfa. Stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) er heimilt að semja við skuldunauta um greiðsluskilmála, og má þá, ef ástæða þykir til, sbr. 1. gr., taka tillit til greiðslugetu þeirra.

10. gr.

Tekjur Jafnvægissjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 5 milljónir króna, í fyrsta skipti árið 1957.
3. Skuldir, sem ríkissjóður eignast á þann hátt, sem tilgreint er í 2. og 3. tölul. 9. gr., eftir gildistöku laga þessara, þó ekki fyrr en 2 árum eftir að skuldin var gjaldkræf eða ríkissjóður innleysti ábyrgðina, enda komi samþykki Alþingis til. Er stjórn sjóðsins heimilt að gera samninga um greiðslu þessara skulda eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. um stofnfé.

11. gr.

Úr Jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, svo sem skipum og vélum, enda hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn sótt um lánið eða mælt með því. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) hverju sinni.

12. gr.

Sé lán í vanskilum lengur en 12 mánuði, getur stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) gefið lántakanda kost á því að afhenda sjóðnum forgangseignarhluti í fyrirtæki því, sem lánið var veitt til. Takist samkomulag um þetta, skipar sjóðsstjórnin stjórn fyrirtækisins á þann hátt, sem eignarhluti hans veitir rétt til, þrátt fyrir ákvæði laga um hlutafélög.

13. gr.

Eigi má veita eftirgjöf á skuld, sem er eign Jafnvægissjóðs, nema samþykki Alþingis komi til.

14. gr.

Nú er langvarandi atvinnuleysi í kaupstað, og er þá heimilt að veita úr Jafnvægissjóði fjárhagslega aðstoð til fjölskyldna, sem sækja um slíka aðstoð, til þess að flytjast búferlum í annað sveitarfélag, þar sem þær hafa möguleika til að sjá sér farborða til frambúðar, að dómi jafnvægisnefndar, enda sé það álit nefndarinnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna, að búferlaflutningurinn stuðli að jafnvægi í byggð landsins.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lögin.

Sþ. 552. Nefndarálit [79. mál]

um till. til þál. um rannsókn á milliliðagróða.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, en ekki orðið sammála um afstöðu til hennar, og hafa tveir nefndarmenn (HV og LJós) sérstöðu í málinu. Meiri hluti nefndarinnar telur mikið nauðsynjamál, að fram fari sú rannsókn, er tillagan gerir ráð fyrir, en álítur rétt, að þingnefnd með rannsóknarvaldi framkvæmi athugun þessa,

og telur jafnframt æskilegt að skilgreina nánar verksvið nefndarinnar en gert er í tillögunni.

Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, sem hafi vald samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka hvers konar milliliðastarfsemi í landinu í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hve mikinn þátt sú starfsemi á í framleiðslu- og framfærslukostnaði landsmanna. Jafnframt skal rannsaka, hvort og þá hvernig hægt sé að lækka milliliðakostnaðinn.

Meðal annars kemur til greina að athuga:

1. Hve mikið vinnuafl er bundið í hverri grein milliliðastarfsemi.
2. Hve mikið af fjármagni þjóðarinnar er þar bundið.
3. Hve mikill milliliðakostnaður bætist við framleiðslukostnað á hvers konar framleiðsluvörum landsmanna, þar til þær koma í hendur neytenda.
4. Hve mikill kostnaður er við dreifingu innlendra og erlendra vara almennt og hve mikil verzlunarálagning er svo og álagning við hvers konar sölu og þjónustu.
5. Hver sé þáttur milliliða í kostnaði við húsbyggingar og við fjárfestingu í þágu framleiðslunnar; enn fremur í leigu húsnæðis.

Leita skal nefndin upplýsinga um hliðstæða liði milliliðakostnaðar í nálægum löndum og gera sem nákvæmastan samanburð á milliliðakostnaði hér og í þessum löndum.

Nefndin skal athuga, hvort viðunandi eftirlit sé með því, að innflytjendur og umboðssalar telji fram umboðslaun, er þeir kunna að hafa fengið erlendis, og geri grein fyrir þeim gjaldeyri.

Nefndin getur heimtað skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af einstökum mönnum, fyrirtækjum, embættismönnum og opinberum nefndum, þótt þagnarskylda hvíli á þeim gagnvart öðrum aðilum, enda hvíli þagnarskylda á nefndinni varðandi allar þannig fengnar upplýsingar.

Hraða skal nefndin rannsókn sinni eftir því, sem við verður komið, og gefa skal hún næsta reglulegu Alþingi skýrslu um störf sín, þótt þeim verði þá ekki lokið.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 23. marz 1956.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.	Jón Kjartansson.
	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. 553. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til raforkuframkvæmda.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán, er Ólafsfjarðarkaupstaður kann að taka til þess að greiða kostnað við endurbætur

á rafveitukerfi kaupstaðarins í sambandi við tengingu kerfisins við háspennulínu frá Skeiðsfossvirkjuninni.

Greinargerð.

Áformað er að leggja næsta sumar háspennulínu frá Skeiðsfossvirkjun til Ólafsfjarðarkaupstaðar. Þarf að gera margvíslegar endurbætur á rafveitukerfi kaupstaðarins í sambandi við þessa tengingu við Skeiðsfossvirkjunina. Hefur raforkumálaskrifstofan áætlað kostnað við framkvæmdir þessar 500—600 þús. kr. Bæjarstjórn Ólafsfjarðar kýs fremur, að rafveita kaupstaðarins verði áfram í eigu bæjarins, en að afhenda hana rafmagnsveitum ríkisins, ef þess er kostur. Mjög litlar líkur virðast til þess, að kaupstaðnum takist að fá nauðsynlegt lánsfé til áðurnefndra umbóta á rafveitukerfinu nema þá með ríkisábyrgð. Hefur verið tiðkað að veita ríkisábyrgð, þegar svipað hefur staðið á.

Ed. 554. Lög [104. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 439.

Ed. 555. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breytingu á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga nr. 59/1939 orðist svo:

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við tollhöfn, þ. e. höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á 4. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: en til þeirra teljast, auk tollvarða í föstu starfi, menn, sem fjármálaráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu um stundarsakir eða við sérstök tilefni.
2. Í stað orðanna „konungsúrskurði nr. 1 12. febr. 1919 er ríkisfáninn“ í 2. mgr. komi: 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn.
3. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Skylt er mönnum að verða við kvaðningu tolleftirlitsmanns um aðstoð við tollgæzlu á sama hátt og segir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:

Frá 1. janúar 1957 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli, um leið og þeir eru innheimtir samkvæmt tollskrá, og viðaukum við þá, svo

og öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi samkv. 13. gr. laga nr. 4 frá 1956. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu og/eða kaupa á fasteignum í sama skyni. Ríkisstjórnin úrskurðar um það, hvar og hvenær byggja skuli eða kaupa.

4. gr.

Á 5. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: og ekki fyrr en að fengnu leyfi tolleftirlitsmanns.
2. Síðari málsgr. orðist svo:

   Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur frá útlöndum, unz það hefur fengið fyrstu afgreiðslu og samskiptaleyfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu sambandi jafngildir það komu frá útlöndum, ef skip hefur haft samband við annað farartæki, sem ekki hefur fengið samskiptaleyfi, eða látið hefur úr seinustu höfn hérlendis á leið til útlanda. Samskiptaleyfi (tollafgreiðsluskírteini) skal vera skriflegt. Í reglugerð skal nánar kveðið á um gerð þess. Með skip, sem kemur úr utanlandssiglingum og ekki getur sýnt tollafgreiðsluskírteini frá viðurkenndri tollafgreiðsluhöfn, sbr. 8. gr., skal að öllu leyti farið sem um aðkomuskip væri að ræða.
3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Ákvæði laga þessara um skip og hafnir skulu, eftir því sem við á, gilda um flugför og flugvelli. Flugfar táknar í lögum þessum loftskip, flugvélar og önnur flugtæki.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tilteknar hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má það skilyrði um tilteknar tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu, að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að 200000 krónum.

6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla eða setja lás fyrir farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi eftir því, sem þeim þykir nauðsyn til bera. Skylt er skipstjóra að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni, við innsiglun eða lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem þessar ráðstafanir mundu ekki koma að haldi.

Innsigli eða læsingar, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar eða aðra staði í skipi, má enginn nema tolleftirlitsmaður opna eða rjúfa meðan skip er hér við land. Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, ber ábyrgð á brotum gegn þessu ákvæði.

Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tök vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki við komið.

7. gr.

Á 13. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: Kostnaður við flutning tolleftirlitsmanna út í skip og í land við komu skips og brottför skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki og hefur hann lögveð í skipinu.

2. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákveða skal í reglugerð, hvenær hin ýmsu störf tollgæzlunnar skulu unnin án endurgjalds, svo og um greiðslu fyrir störf, sem unnin eru á öðrum tímum.

8. gr.

Við 14. gr. bætist:
Einnig geta þeir ákveðið að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

9. gr.

Við fyrstu málsgrein 15. gr. bætist:
Séu skjöl þessi ekki afhent eða þau eru ófullnægjandi, má synja um leyfi til að ferma eða afferma skipið, unz úr þessu hefur verið bætt.

10. gr.

Fyrsta málsgrein 17. gr. orðist svo:
Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrám, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að krefjast þess, að þetta sé allt flutt í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

11. gr.

18. gr. orðist svo:
Auk þess, sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim heimil leit og rannsókn á vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum farartækjum. Enn fremur í verzlunum og vörugeymslum þeirra. Stjórnendum farartækja er skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

12. gr.

Aftan við 19. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu, eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.
Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

13. gr.

20. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala í samræmi við það.

14. gr.

Á 22. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „fyrr en slíkar vörur eða farangur hefur verið skoðaður af tolleftirlitsmönnum“ í 2. mgr. komi: og skulu þeir aðstoða tolleftirlitsmenn eftir þörfum við skoðun slíkra vara eða farangurs.
2. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Heimilt er tolleftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslenzku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipi, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.

15. gr.

Á 24. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein orðist svo:

   Á fyrstu höfn, sem skip, er hefur meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans þrjú samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis lýsir skriflega yfir, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.
2. Síðari málsliður 2. mgr. verður svo:

   Eitt samrit af aðalfarmskránni ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins með fyrstu ferð, en öðru heldur hann sjálfur eða ráðstafar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins.
3. Í stað orðsins „Hitt“ í upphafi 3. mgr. komi: Þriðja.
4. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Að lokinni affermingu á hverri höfn skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt, ef tolleftirlitsmenn krefjast þess, að láta þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipinu á þeirri höfn.

16. gr.

Á 25. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „áfram til hans“ í 2. mgr. komi: áfram til annarrar tollhafnar.
2. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Ákveða má í reglugerð, að flutning á ótollafgreiddum vörum samkvæmt þessari grein megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til, að tryggt sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um umbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.

17. gr.

28. gr. falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

18. gr.

Aftan við 29. gr., sem verður 28. gr., bætist:

Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

19. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, er verður IV. kafli, svo hljóðandi, og breytist kaflatala og greinatala samkvæmt því:

IV. KAFLI

Um afgreiðslur o. fl.

a-liður (verður 31. gr.).

Þar sem tollgæzlan hefur umráð vörugeymsluhúsa, geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar þangað beint úr skipi til geymslu og tollafgreiðslu.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

b-liður (verður 32. gr.).

Enginn má annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða geymslu ótollafgreiddrar vöru, nema hafa fengið til þess leyfi fjármálaráðuneytisins. Leyfi má einungis veita manni, sem hér á lögheimili, eða innlendum ópersónulegum aðila. Leyfi skal bundið við ákveðna höfn og veitt í samráði við tollstjóra í því umdæmi. Áður en leyfi er veitt skal ganga úr skugga um, að umsækjandi hafi þá aðstöðu, er geri honum fært að annast fermingu og affermingu skipa og vörzlu ótollafgreidds varnings tryggilega og á þann hátt, að tolleftirliti verði örugglega við komið. Ráðuneytið getur heimilað tollstjórum að leyfa öðrum en viðurkenndum afgreiðslumönnum að afgreiða einstök skip, þegar sérstaklega stendur á, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Leyfishöfum ber að leggja tolleftirlitsmönnum til án endurgjalds hæfilegt, aðgreint rúm í hverju vörugeymsluhúsi til rannsóknar á vörum. Í vörugeymsluhúsunum skal ótollafgreiddum vörum haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Leyfi má að öðru leyti binda þeim skilyrðum, sem ráðuneytið telur nauðsynleg á hverjum tíma.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir, að vörur, sem fluttar eru til landsins í lokuðum umbúðum, eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, megi aðeins flytja úr flutningstækjum í ákveðin vörugeymsluhús og skuli geymdar þar, unz tollafgreiðsla hefur farið fram. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar.

c-liður (verður 33. gr.).

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur eða vörur, sem bundnar eru skilyrðum um innflutning, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

20. gr.

Á 36. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „ekki lægri en 100 kr.“ í 1. mgr. komi: ekki lægri en 500 kr. og allt að 200000 krónum.
2. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Það varðar sektum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr skipi skipsforða eða aðra muni eða varning, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í skipi, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt. Enn fremur skulu sæta sömu viðurlögum þeir, sem veita viðtöku slíkum varningi til brottflutnings úr skipi eða aðstoða við flutning hans af skipsfjöl.
3. Önnur málsgrein greinarinnar fellur niður.

4. Þriðja málsgrein orðist svo:
Enn fremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur eða andvirði vara, sem undan hefur verið skotið, rangt sagt til um eða ólöglega með farið samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

21. gr.

Fyrsti málsliður 40. gr. orðist þannig:
Það varðar skipstjóra eða útgerðarmann sektum allt að 200000 krónum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er samkvæmt 22. gr., eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum.

22. gr.

1. málsliður 43. gr. orðist svo:
Brot gegn 31., 32. og 33. gr. varða skipstjóra eða afgreiðslumann sektum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vörum, sem afhentar eru í bága við ákvæði 33. gr., og má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir gjöldunum, ásamt sektum og kostnaði, í eignum sökunauts og selja hið lögtekna á þann hátt, er segir í 28. gr.

23. gr.

44. gr. orðist þannig:
Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

25. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breytingu á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 556. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 4. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
Jafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr.
2. Við 11. gr. Í stað orðanna „enda hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn sótt“ komi: enda sé það aðalreglan, að hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi sótt.
3. Við 12. gr. Á eftir fyrri málsl. komi nýr málsl., er orðist svo:
Heimilt er fyrri eiganda að innleysa forgangseignarhluta, hvenær sem hann óskar þess, innan 10 ára frá afhendingu hans, gegn því að greiða það fé, sem lagt hefur verið fram, ásamt vöxtum þeim, sem í upphafi hefur verið samið um.

Sþ. **557. Tillaga til þingsályktunar** [195. mál]

um endurreisn biskupsstóls í Skálholti.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp um endurreisn biskupsstóls í Skálholti.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt ósk prófasts og presta í Árnesþingi. Um ástæður fyrir málinu vísast til bréfs frá prófastinum í Árnessýslu, sem prentað er hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

ÁRNESPRÓFASTSDÆMI

1. desember 1955.

Á héraðsfundi Árnesprófastsdæmis, sem haldinn var að Eyrarbakka 22. dag októbermánaðar s. l., var borin fram og samþykkt einum huga allra fundarmanna eftirfarandi tillaga:

„Héraðsfundur Árnesprófastsdæmis, haldinn að Eyrarbakka 22. okt. 1955, beinir þeirri áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar, að endurreistur verði reglulegur biskupsstóll í Skálaholti og verði slík löggjöf sett á þingi því, er nú situr, og færð Skálaholti að gjöf á afmæli biskupsstólsins næsta Hvítdróttinsdag."

Jafnframt því að tilkynna inu háa Alþingi þetta, get ég þess, að við visitaziugjörð að Skálaholti 16. október s. l. var gjörð eftirfarandi bókun:

„Um endurreisn staðarins í heild er prófastur, sóknarprestur, safnaðarfulltrúi, sóknarnefnd og söfnuður allir einhuga. Er það óskoruð ósk og vilji og skoðun, að Skálaholtsstað sé eigi fullkosta gjört fyrr en kominn er fullkominn biskupsstóll endurreistur í Skálaholti og út frá honum skólar og aðrar mennta- og menningarstofnanir, s. s. menntaskóli (lærðiskóli), Árnasafn o. s. frv."

Ekki efa ég þekkingu háttvirtra alþingismanna á öllum sögulegum rökum, sem óskir þessar og beiðni eru reistar á. Einnig ber að efa eigi vitund ins háa Alþingis um þörf samtíðarinnar og komandi alda á vaxandi menningu, siðgæði og kristinni trú. En það er trú vor og vissa í senn, að enginn staður né stofnun sé jafnlíkleg til að vera sítær uppspretta þess og æ streymandi lind sem Skálaholtsstaður og biskupsstóll þar með öllum gæðum og aðbúnaði, sem honum hæfir og ber.

Á meðan stóll og skóli í Skálaholti var haldinn í hefð og réttu gildi, var menning og hamingja þjóðar vorrar mest. Og ætlun vor er, að af grunni Skálaholtsstóls og úr moldum þess staðar rísi aftur hamingja vor og gifta öll, ef vér endurvekjum þau vor þöglu heit við þann, er staðinn gaf og festi þar biskupsstól, meðan kristni má haldast í landi voru.

Sagan greinir, að því meir sem seilzt var til valda og muna Skálaholtsstóls, því rýrari var gifta þjóðarinnar, sem átti Ísleif, Gissur, Ara og Snorra, Klæng og Gissur Hallsson, Jón helga og Ketil og Þorvarð Spakböðvarsson o. m. fl., o. m. fl. Í móðuharðindum logaði kyndill kristninnar enn á Skálaholtsstað, þó að blaktandi væri loginn. En úr því er hann slökktur, og hagur og örlög þjóðarinnar missir uppsprettunnar, sem veitti fjörvi, angan og unaði í erfiði jafnt sem fagnað. Kristnihald daprast, og erfitt varð að tengja ina fornu þráðu inum nýja stól í Reykjavík.

Enn er kristni í landi voru. Það ber oss að þakka, en um leið að brigða eigi samningi við þann höfðingjann, sem stórmannlegast fórst við kirkju vora og „bezt var fallinn til að bera hvert tignarnafn, sem hann hlyti“.

Síðan biskupsstólarnir inir fornu voru afnumdir, eru söfnuðirnir sem fjölskylda dreifð og heimilislaus. Svara má því, að kirkjurnar og þjónustan þar sé þeim nóg. Enginn mælir því í gegn, að hún sé in fyllsta nauðsyn og sjálfsögð sem andardráttur manninum. En raun aldanna kennir, að þá hvarflar til ins lakara og daprara, þegar biskupsstólar eru lagðir í auðn.

Kristin kirkja þarf síns skipulags við, svo sem aðrar stofnanir, og því betra sem hún gegnir æðra hlutverki en nokkur önnur, og þykir einsætt að halda þeirri skipan, sem bezt hefur reynzt umliðnar aldir. Biskupstign er meiri en það að vera æðstur skrifstofumaður einnar stofnunar, verk biskups meira en að fara í hátíðaheimsókn í hvert prófastsdæmi einu sinni á langri biskupsævi. Biskupi er falið að vera æðsti vörður „innar heilnæmu kenningar“ og sakramenta Drottins, vera það sem góður hirðir og trúr er sinni hjörð.

Köld hönd konungsvaldsins danska lagðist á biskupsstólana fornu, svipti þá tign og valdi, gripum og gögnum og kippti þeim að síðustu brott. Nú er það yðar hönd, háttvirtir alþingismenn, sem megnar að bæta um og færa aftur til innar giftudrjúgu skipanar.

Ég vil benda yður á, að Sigurgeir biskup Sigurðsson, sem þó var manna ólatastur til heimsókna og visitaziuferða, taldi ofraun einum manni að þjóna biskupsembætti á Íslandi, ef rækja ætti það sem ber og tign þess hæfði.

Vér trúum því fast, að þjóðin þurfi að fá aftur inn „æðsta stað“ í Skálaholt, því að veður eru nú mörg í þjóðlífi voru, straumar hvikulir og hniga til margra átta, og enn byrgir mörg blikan og lágþokan mörgum sólarsýn. „Guðs loga“ þurfum vér því aftur á inn „æzta stað og dýrðligasta“, sem á Íslandi hefur verið. En „inn allgöfgasti staður á Íslandi“ hlýtur að vera prýddur æðstri tign. Ella verður hann eigi til vegsögu í hafdjúpi alda og kynslóða.

Líf manna og þjóða er eigi tryggt með auðæfum þeirra né framförum einum, né nýskipan efnahags né menntun einni. „Inn dýri dómur“, sem Þorvaldur fór með og glæddur var í Skálaholti öldum saman, er öllu dýrstur.

Fáið oss því Skálaholtsstað aftur fullbúinn tign og þeirri vegsemd, er áður átti hann. Þá munu stjórnarvöld á Íslandi stýra gifturíkri þjóð.

Í umboði þeirra aðila, er að framan getur, felli ég þá bæn til ins háa Alþingis, er nú situr, að það verði við þeim óskum, er áður greinir.

Virðingarfyllst,

Gunnar Jóhannesson,
héraðsprófastur.

Til Alþingis.

Nd. 558. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um kaup og rekstur á nýju strandferðaskipi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að ríkið láti byggja sérstakt strandferðaskip til fólks- og vöruflutninga á leiðinni Vestmannaeyjar—Reykjavík.

Engir dagvissir fólksflutningar eru nú milli Vestmannaeyja og annarra héraða, þegar frá eru taldar strandferðir Skipaútgerðar ríkisins, enda kemur það alltaf öðru

hverju fyrir, að heilar vikur líða án þess að farþegar eigi þess kost að komast leiðar sinnar að eða frá Eyjum.

Þegar þess er gætt, að Vestmannaeyingar gjalda að sínum hluta alla þá milljónatugi, sem ríkið greiðir árlega til samgöngubóta með framlagi til vega og brúa, en hafa hins vegar lítið sem ekkert gagn af þeim fjárveitingum, þá er auðsæ skylda ríkisins til þess að tryggja Vestmannaeyingum öruggar samgöngur á sjó.

Vestmannaeyjar telja nú nokkuð á fimmta þúsund íbúa, en auk þess sækir á annað þúsund manna jafnan atvinnu til Eyja á vertíð, og er samgönguþörf héraðsins því ærin.

Þrátt fyrir þau augljósu rök, sem að samþykkt málsins hníga, hefur meiri hluti nefndarinnar ekki séð sér fært að mæla með samþykkt frumvarpsins, heldur gert tillögu um að vísa málinu til fyrirhugaðrar nefndar, sem rannsaka á samgönguþörf hinna ýmsu héraða landsins.

Ég efast ekki um, að sú nefnd mundi að óbreyttu ástandi viðurkenna þörf Vestmannaeyinga til bættra samgangna. En ég tel málið ekki þola þá bið, sem af slíkri afgreiðslu hlytist, þvert á móti tel ég, að leggja verði kapp á að hraða framgangi þess.

Sökum þess, hve málið hefur þegar dregizt, tel ég raunar vafasamt, hvort rétt muni að binda lagasetningu um það við nýsmíði skips, sem óhjákvæmilega tekur alllangan tíma. Kaup á notuðu skipi gætu og komið til greina.

Ef horfið yrði frá nýsmíðinni og leitað kaups á skipi, væri og rétt að hafa ákvæðin um stærð skipsins ekki þröngt bundin.

Með tilliti til ofanskráðs rökstuðnings legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skal skipið vera 300—500 rúmlestir brúttó, byggt til fólks- og vöruflutninga, og skal hluti af farmrými þess búinn kælitækjum.

Alþingi, 23. marz 1956.

Karl Guðjónsson.

Ed. 559. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og l. nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941, og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 8. gr. Á eftir orðunum „Einnig geta þeir ákveðið“ komi: í samráði við hafnaryfirvöld.
2. Við 11. gr. Greinin falli niður.
3. Við 19. gr. B-liður orðist svo:

   Afgreiðslumenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli hafna innanlands, skulu hafa til umráða næga geymslustaði fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi. Vörur, sem fluttar eru í lokuðum umbúðum eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, skulu fluttar beint úr flutningstækjum í sérstök vörugeymsluhús, sem ráðuneytið hefur viðurkennt til þeirra nota í samráði við viðkomandi tollstjóra. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um vörugeymslur og

vörzlur ótollafgreidds varnings. Má þar ákveða viðurlög við því, ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast fyrirmælum tollstjóra um vörzlu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Afgreiðslumönnum ber að leggja tolleftirlitsmönnum til aðgreint rúm í vörugeymsluhúsum sínum til rannsóknar á vörum.

Nd. 560. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um Sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til að setja á stofn talnahappdrætti.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill samþykkja það með ýmsum breytingum, en undirritaður fellir sig ekki við þá fjáröflunarleið, sem valin er í frumvarpinu, og leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 24. marz 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 561. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað 3. málsl. komi tveir málsliðir, svo hljóðandi:

Til þess að vera sveitarstjórn — eða þeim, er hún hefur falið vinnumiðlun fyrir sína hönd — til ráðuneytis um allt það, sem vinnumiðlun varðar, skulu tilnefndir af aðilum á staðnum fjórir menn: Tveir af verkalýðsfélögum eða fulltrúaráði þeirra, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands eða af deild þess eða meðlim og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eða af deild þess eða meðlim. Í Reykjavík skulu þó trúnaðarmenn atvinnurekenda báðir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, en þegar þar er um að ræða málefni, sem varðar Vinnumálasamband samvinnufélaganna, skal í stað annars þeirra kveðja til trúnaðarmann frá því.

Einn nefndarmanna (JR) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 24. marz 1956.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 562. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um Sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn talnahappdrætti.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni skal heimilt að setja á stofn nýtt getraunahappdrætti, sem nefnist talnahappdrætti. Ágóði af happdrættinu skal renna í sjóð, er nefnist Sjúkrahúsasjóður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Sjúkrahúsasjóður er undanþeginn sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Fé Sjúkrahúsasjóðs skal verja þannig:
   1. Greiða má framlag til sjúkrahúss, sem er í smíðum, til viðbótar við framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, ef það nægir ekki til greiðslu lögákveðins hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði sjúkrahúss.
   2. Veita má bæjar- eða sýslufélagi lán til greiðslu á lögákveðnum hluta bæjar eða sýslu af stofnkostnaði sjúkrahúss. Lán skal veitt gegn ábyrgð hlutaðeigandi bæjar eða sýslu. Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Sjúkrahúsasjóður skal vera í umsjá þess ráðherra, er fer með heilbrigðismál. Landlæknir gerir tillögur um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar. Ráðherra setur nánari reglur um starfsemi sjóðsins.

Einn nefndarmanna (JR) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 24. marz 1956.

Páll Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Gísli Guðmundsson.

Nd. 563. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um landkynningu og ferðamál.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Minni hlutinn, Sigurður Bjarnason og Magnús Jónsson, leggur til, að það verði samþykkt, en við undirritaðir, meiri hluti nefndarinnar, teljum, að með samþykkt þess yrði ekki ráðin bót á framkvæmd ferðamálanna.

Aðalefni frumvarpsins er, að yfirstjórn ferðamála verði tekin af Ferðaskrifstofu ríkisins og lög um hana afnumin, en verkefni þetta fengið sérstöku ferðamálaráði.

Meiri hlutinn telur Ferðaskrifstofu ríkisins hafa innt gott starf af höndum að

undanförnu og álítur, að sú skipan ferðamála, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé ekki til bóta, og leggur því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 23. marz 1956.

Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Karl Guðjónsson, frsm. Eiríkur Þorsteinsson.

Nd. 564. Frumvarp til laga [191. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, í því skyni að auka skilyrði til fólksfjölgunar eða draga úr fólksfækkun í þeim landshlutum.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni fimm manna jafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Jafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar Jafnvægissjóði og ráðstafar eignum hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán úr Jafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI
Um Jafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Jafnvægissjóður, undir stjórn jafnvægisnefndar. Hlutverk Jafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum jafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga Jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Stofnfé Jafnvægissjóðs er:

1. 5 millj. kr. framlag samkv. XLV. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1956.
2. Fé það, sem ríkissjóður við gildistöku laga þessara á útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.
3. Inneignir ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum síðustu 10 árin fyrir árslok 1953.

Kröfur ríkissjóðs vegna lána og greiðslu vanskilaskulda samkv. þessari grein skulu afhentar Jafnvægissjóði til eignar um leið og hann tekur til starfa. Stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) er heimilt að semja við skuldunauta um greiðsluskilmála, og má þá, ef ástæða þykir til, sbr. 1. gr., taka tillit til greiðslugetu þeirra.

10. gr.

Tekjur Jafnvægissjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 5 milljónir króna, í fyrsta skipti árið 1957.
3. Skuldir, sem ríkissjóður eignast á þann hátt, sem tilgreint er í 2. og 3. tölul. 9. gr., eftir gildistöku laga þessara, þó ekki fyrr en 2 árum eftir að skuldin var gjaldkræf eða ríkissjóður innleysti ábyrgðina, enda komi samþykki Alþingis til. Er stjórn sjóðsins heimilt að gera samninga um greiðslu þessara skulda eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. um stofnfé.

11. gr.

Úr Jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, svo sem skipum og vélum, enda sé það aðalreglan, að hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi sótt um lánið eða mælt með því. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) hverju sinni.

12. gr.

Sé lán í vanskilum lengur en 12 mánuði, getur stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) gefið lántakanda kost á því að afhenda sjóðnum forgangseignarhluti í fyrirtæki því, sem lánið var veitt til. Heimilt er fyrri eiganda að innleysa forgangseignarhluta, hvenær sem hann óskar þess, innan 10 ára frá afhendingu hans, gegn því að greiða það fé, sem lagt hefur verið fram, ásamt vöxtum þeim, sem í upphafi hefur verið samið um. Takist samkomulag um þetta, skipar sjóðsstjórnin stjórn fyrirtækisins á þann hátt, sem eignarhluti hans veitir rétt til, þrátt fyrir ákvæði laga um hlutafélög.

13. gr.

Eigi má veita eftirgjöf á skuld, sem er eign Jafnvægissjóðs, nema samþykki Alþingis komi til.

14. gr.

Nú er langvarandi atvinnuleysi í kaupstað eða kauptúni, og er þá heimilt að veita úr Jafnvægissjóði fjárhagslega aðstoð til fjölskyldna, sem sækja um slíka aðstoð, til þess að flytjast búferlum í annað sveitarfélag, þar sem þær hafa möguleika til að sjá sér farborða til frambúðar, að dómi jafnvægisnefndar, enda sé það álit nefndarinnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna, að búferlaflutningurinn stuðli að jafnvægi í byggð landsins.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lögin.

Sþ. 565. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]

um smíði varðskips.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að hefja undirbúning að smíði nýs varðskips. Jafnframt er heimilað að verja fé úr Landhelgissjóði Íslands til byrjunarframkvæmda við smíði skipsins.

Greinargerð.

Svo sem nánar er rakið í bréfi forstjóra landhelgisgæzlunnar, dags. 16. þ. m., sem er fylgiskjal með þessu þingskjali, ber brýna nauðsyn til þess, að hið fyrsta verði fengið nýtt, hraðskreitt varðskip til landhelgisgæzlunnar í stað Ægis, sem nú er í æ ríkara mæli starfræktur til fiskirannsókna, auk þess sem Ægir fullnægir ekki lengur þeim kröfum, sem gera verður um ganghraða helztu gæzluskipanna.

Fylgiskjal.

ÍSLENZKA LANDHELGISGÆZLAN

Reykjavík, 16. marz 1956.

Eins og hæstvirtu ráðuneyti er kunnugt, óskaði atvinnumálaráðuneytið eftir því í ársbyrjun 1953, að varðskipið Ægir yrði gert hæft til almennra fiski- og hafrannsókna, þannig, að það sem fyrst gæti tekið þátt í síldarrannsóknunum hér við land.

Þar eð Ægir var þá orðinn 24 ára gamall og hafði ekki til að bera þann ganghraða, sem nú er krafizt af stóru varðskipi hér við land, þótt hann að öðru leyti væri gott og traust skip, þá gat landhelgisgæzlan fallizt á þessa beiðni atvinnumálaráðuneytisins, enda gerðu allir aðilar sér ljóst, að í staðinn fyrir Ægi yrði landhelgisgæzlan að fá annað stórt varðskip.

Síðan þetta samkomulag var gert, hefur Ægir verið á hverju sumri við síldarleit og hafrannsóknir, og hefur úthaldstími skipsins til þessara verka aukizt jafnt og þétt. Þannig verður í ár að gera ráð fyrir allt að 7 mánuðum til rannsóknarstarfa, og verður skipið þess vegna að hætta gæzlustörfum 1—2 mánuðum áður en vetrarvertíð lýkur, sem er mjög bagalegt. Á næsta ári má gera ráð fyrir enn

meiri notkun skipsins til rannsókna, en það þýðir, að not skipsins til almennrar landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi verða æ minni ár frá ári.

Frá sjónarmiði landhelgisgæzlunnar er því mjög tímabært að hefja nú þegar undirbúning að útvegun á stóru, hraðskreiðu varðskipi, og því til áréttingar vil ég enn fremur leyfa mér að benda á eftirfarandi atriði:

1) Landhelgisgæzlan hefur nú yfir að ráða 5 varðskipum, 2 stórum og 3 litlum, og á eitt lítið í smíðum, sem væntanlega verður tilbúið seint á þessu ári. Fjöldi varðskipanna verður þá jafn og áður, er Ægis missir við, en þar eð stærri skipunum fækkar, rýrnar afkastageta flotans sem heildar mjög mikið.

Sömuleiðis er rétt að benda á, að sum varðskipanna, eins og t. d. Sæbjörg, eru orðin bæði gömul og á ýmsan hátt óhentug og úrelt, miðað við þær kröfur, sem nú eru gerðar til þeirrar þjónustu, sem þau eru í.

2) Um fjölda ára hefur á hverju ári þurft að leigja tvö eða fleiri skip til þess að annast nauðsynlegustu gæzlustörf á vetrarvertíðinni, og stöðugt berast óskir um meiri gæzlu, t. d. nú síðast frá Breiðafirði. Sýnir það bezt, að varðskipin eru of fá. Hinn nýkeypti flugbátur hefur að vísu bætt mjög aðstöðuna við sjálfa landhelgisgæzluna, en eins og skiljanlegt er, vantar mikið á, að hann geti algerlega komið í stað skipa.

3) Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós, að samanborið við gömlu landhelgislínuna, þá er gæzla nýju fiskveiðilandhelginnar yfirleitt umfangsmeiri og gerir oft kröfur til stærri varðskipa. Er það sérstaklega áberandi við Suðvesturland, þar sem takmörkin eru víða langt undan landi. Lítil varðskip njóta sín því yfirleitt verr við sjálfa landhelgisgæzluna en áður. Stórir nýtízku togarar geta víða beinlínis verið að veiðum innan takmarkanna í svo slæmu veðri, að lítil skip geta lítið sem ekkert aðhafzt. Verði fiskveiðitakmörkin færð nokkuð út frá því, sem nú er, mun þetta atriði verða enn meira áberandi. Sem dæmi má benda á, að á undanförnum árum hafa tvö stærri varðskipin, Þór og Ægir, til samans tekið rúmlega 4 af hverjum 5 skipum, sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum.

4) Á undanförnum árum hefur stórum, hraðskreiðum togurum fjölgað mjög á Íslandsmiðum, og enn eru t. d. Bretar og Þjóðverjar með fjölda slíkra skipa í smíðum. Ekkert íslenzku varðskipanna, að Þór einum undanteknum, hefur í fullu tré við þessa togara, hvað gang snertir, enda sýnir reynslan það greinilega. Hefur Þór á undanförnum árum tekið helming allra skipa staðsettra að ólöglegum veiðum og aldrei misst neinn grunaðan togara, sem þráfaldlega kemur fyrir hin varðskipin. Er dæmi þess, að eitt hinna varðskipanna hafi séð 8 erlenda togara að veiðum innan takmarkanna í einum hóp — og ekki náð einum einasta. Enn fremur er líka áberandi, hve erlendir togarar tilkynna löndum sínum fljótt um ferðir Þórs, ef þeir verða hans varir.

5) Eins og kunnugt er, hefur mjög góður árangur náðst af notkun flugvéla til landhelgisgæzlunnar, — og þótt hann að sumu leyti hafi orðið eins góður og frekast verður á kosið, t. d. er gæzluflugvélin einsömul tók togara og færði til hafnar fyrir skemmstu, þá má ekki vanmeta þann stuðning, sem fluggæzlunni er að gangmiklum varðskipum. T. d. hafa flestir þeirra togara, sem gæzluflugvélar hafa staðsett innan fiskveiðitakmarkanna, verið teknir með beinni aðstoð og vegna yfirburða Þórs. Önnur íslenzk varðskip hefðu ekki getað gert það vegna gangleysis. Sömuleiðis má heldur ekki gleyma því, að enn sem komið er kemur fluggæzlan að litlum sem engum notum í þoku, illviðrum eða á dimmum nóttum.

6) Eins og áður er getið, hefur landhelgisgæzlan aðeins eitt stórt varðskip, er Ægir hverfur til hafrannsóknanna, en samkvæmt gamalli reynslu er það of lítið. Sem kunnugt er, er eitt af aðalverkefnum varðskipanna alls konar björgunarstarf, og þegar um erfiðari eða stærri þvílík verk er að ræða, koma ekki önnur en stærri varðskipin til greina. En flestum björgunum á sjó er þannig háttað, að þær ber brátt að, og verða því björgunarskipin að vera reiðubúin til þess að sinna þeim

hvenær sem er og eins fljótt og auðið er. Þetta þýðir, að landhelgisgæzlan verður helzt alltaf að hafa stórt varðskip tiltækt, ef vel á að vera. Hins vegar er það augljóst, að slíkt er ekki hægt með einu skipi, þar eð aðeins nauðsynlegasta eftirlit og vélahreinsanir krefjast um tveggja mánaða stöðvunar í höfn á ári — og enn meira, ef eitthvert sérstakt óhapp ber að höndum.

Um sjálfa landhelgisgæzluna er einnig hið sama að segja, — áratugareynsla hefur sýnt, að stórt, hraðskreitt varðskip þarf helzt alltaf að vera tiltækt, — minni varðskip og flugvélar njóta sín fyrst með slíkum bakhjalli.

Hingað til hafa Þór og Ægir verið látnir skipta þessum störfum á milli sín eftir aðstæðum, enda þótt Ægir hafi ekki komið að fullum notum vegna lítils gangs, en nú dregur að því, að það verður ekki hægt lengur, eins og að framan er sagt.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, hefur á undanförnum árum verið athugað allýtarlega, hvort fáanleg væru nokkur skip úr herflotum nágrannaþjóða okkar, er gætu komið í stað Ægis, er til kæmi, og að öðru leyti hentuðu hinni almennu gæzlustarfsemi okkar bæði hvað sjóhæfni og útgerðarkostnað snerti.

Um árangurinn af þessum athugunum er það skemmst að segja, að ég tel vafasamt, að nokkur slík heppileg skip séu til meðal almennra tegunda af herskipum. Þau eru yfirleitt annaðhvort of stór eða mannfrek og því of dýr í rekstri eða of sérhæf til einnar eða annarrar tegundar sjóhernaðar, sem gerir þau óheppileg sem almenn varðskip hér í Norðurhöfum án mjög kostnaðarsamra breytinga.

Að þessum atriðum athuguðum tel ég því heppilegast fyrir landhelgisgæzluna að láta byggja nýtt varðskip í stað Ægis.

Vil ég þess vegna leyfa mér að leggja til við hæstvirt ráðuneyti, að það hlutist til um, að landhelgisgæzlunni verði heimilað að hefja nú þegar undirbúning að smíði á hraðskreiðu varðskipi á stærð við varðskipið Þór.

Pétur Sigurðsson.

Sþ. 566. Nefndarálit [156. mál]

um till. til þál. um greiðslu bátagjaldeyrishlunninda til sjómanna í Vestmannaeyjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað tillögu þessa, og hefur það orðið að samkomulagi í nefndinni að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 23. marz 1956.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Karl Kristjánsson.	Hannibal Valdimarsson.	Magnús Jónsson.
Jón Kjartansson.	Lúðvík Jósefsson.	Jónas G. Rafnar.

Nd. 567. Frumvarp til laga [197. mál]

um breytingu á gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við lið I í gjafabréfi Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur, dags. 13. des. 1913, fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúanda skal þó heimilt, að fengnu samþykki hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps, að veðsetja jörðina til tryggingar lánum, sem tekin eru til húsabóta og annarra varanlegra umbóta á jörðinni, enda sé um þær lántökur að öllu leyti farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, og þeim breytingum, er gerðar hafa verið eða gerðar kunna að verða á þeim lögum.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. eftir beiðni landbúnaðarráðherra. Nefndin áskilur sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Eins og gjafabréf Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur ber með sér (Stj.-tíð. 1914, B-deild, nr. 86), er það um margt mjög skylt lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Hefðu lög þessi verið til í lifstíð Helga Þórarinssonar, hefði jörð þeirra hjóna vafalítið verið ráðstafað samkvæmt þeim lögum. Þykir því hlýða, að lögin um ættaróðal og erfðaábúð gildi um þá nauðsynlegu breytingu á gjafabréfinu, er hér um ræðir.

Samkvæmt VIII. lið gjafabréfsins getur aðeins löggjafarþing Íslendinga breytt þeim reglum, er gerðar voru í upphafi um gjöfina, ef breyttir tímar gera þá ráðstöfun nauðsynlega. Engum getur dulizt, að sú gerbreyting hefur átt sér stað á umliðnu tímabili, að breyting á ákvæðum gjafabréfsins er aðkallandi að því er snertir veðbindingu á jörðinni með tilliti til lána vegna nauðsynlegra framkvæmda. Getur engan veginn talizt viðunandi að útiloka jörðina frá þeim lánsfjármöguleikum, sem landbúnaðurinn á nú völ á, enda bendir öll reynsla til þess, að slíkt fái ekki staðizt til langframa. Verði hér eigi að gert, getur svo farið, að jarðeign þessi, sem verið hefur hreppnum verðmæt eign og er það um landgæði og legu í sveitinni, verði áður en langt líður verðlítil og óbyggileg.

Nd. 568. Frumvarp til laga [18. mál]

um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 18 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Almenn skilyrði til samdómandastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. 25 ára aldur.
5. Sérþekking á sakarefnum.

21. gr. hljóðar svo:

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í starfa, enda hafi áminning eigi komið að haldi, eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi eigi lengur gegna dómaraembætti, eða gerzt svo brotlegur í starfa, að ákæru varði, og vísar dómsmálaráðherra málinu til meðferðar fyrir starfsdómi, er skipaður sé þremur dómurum. Skal sá lagaprófessor háskólans, sem elztur er að árum, vera formaður starfsdóms, en hinir tveir dómendur skulu skipaðir af dómsmálaráðherra til 10 ára í senn, enda fullnægi þeir skilyrðum hæstaréttardómara. Þóknun taka dómendur fyrir þau ein mál, er þeir fá til meðferðar.

Ef mál þolir enga bið, getur dómsmálaráðherra vikið dómara frá starfa um stundarsakir, en bera skal þá málið undir starfsdóm, svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en tveimur vikum eftir frávikningu dómara.

Starfsdómur úrskurðar þegar, hvort dómara skuli vikið úr embætti um stundarsakir eða frávikning ráðherra skuli standa. Meðferð máls fyrir starfsdómi fer að hætti opinberra mála, og gefur ráðherra út að rannsókn lokinni málshöfðunarskipun, ef því er að skipta, er geymi kröfur á hendur dómara, eftir því sem efni standa til. Starfsdómur getur veitt dómara áminningu, dæmt hann frá stöðu, dæmt á hendur honum refsingu og skaðabætur svo og sakarkostnað.

Kveða skal á um það í dómi, hvort áfrýjun sýknudóms fresti því, að dómari taki við starfa sínum af nýju.

44. gr. hljóðar svo:

Gegn lögmæltum ritlaunum er dómara skylt að láta viðkomendum í té staðfest eftirrit úr dómsmálabókum og málsskjölum, þar á meðal dómsgerðir í heild sinni, innan hæfilegs tíma og aldrei síðar en 6 vikum eftir að endurrits hefur verið beiðzt, en rétt er að krefjast ritlauna fyrir fram, eftir því sem dómari áætlar þau. Það varðar sektum, ef endurrit eru eigi af hendi látin á réttum tíma, og má þá beita ákvæðum 19. gr.

59. gr. hljóðar svo:

Sækjandi getur eigi aukið dómkröfur sínar né reist þær á nýju málsefni eftir þingfestingu máls. Hann getur þó eftir þingfestingu aukið kröfur sínar með framhaldsstefnu:

1. Vegna atvika, sem gerast, meðan á máli stendur, eða hann fær eigi vitneskju um fyrr en á þeim tíma, enda verði honum eigi um kennt.
2. Krafizt dóms um almennt gildi réttarsambands, sem upphafleg dómkrafa er sprottin af.
3. Krafizt vaxta og annarra aukagreiðslna, sem leiðir af aðalkröfunni, og annars sett fram nýjar kröfur, sem eru af sömu rót runnar og hin upphaflega dómkrafa.

Nú eru kröfur samkvæmt 2. og 3. tölulið eigi settar fram, fyrr en eftir að mál hefur verið tekið til aðalflutnings, og meðferð þeirra veldur óhagræði, og ber að vísa slíkum kröfum frá dómi.

Sækjandi getur eftir þingfestingu máls borið fyrir sig ný atvik til stuðnings kröfum sínum, enda breyti það ekki grundvelli máls.

119. gr. hljóðar svo:

Hverjum manni, sem lýtur íslenzkri lögsögu og eigi er aðili máls, er skylt að koma fyrir dóm og bera vitni, ef eigi er yfir 250 kílómetra veg á landi eða í lofti að fara eða 100 kílómetra leið á sjó eða samanlagt 250 kílómetra leið á sjó, landi og í lofti, enda séu þá áætlunarferðir milli þingstaðar og heimilis vitnis eða vitni annars séð fyrir góðum farkosti.

Dómari getur gert vitni að fara lengri leið til dómþings, enda æski aðili þess og dómari telji brýna ástæðu til.

Nú má vitni eigi koma á þingstað vegna sjúkleika, veðurs, torfærna eða annarra forfalla, sem dómari metur gildar, og má vitnaleiðsla fara fram, þar sem kostur er að taka skýrslu af vitni.

122. gr. hljóðar svo:

Rétt er vitni að skorast undan að gefa skýrslu eða staðfesta hana, ef aðili er eða hefur verið maki þess, unnusti þess eða unnusta, skyldur því að feðgatali eða niðja, stjúpforeldri eða stjúpbarn, tengdaforeldri eða tengdabarn, systkini þess eða jafnmægður því, kjörforeldri, kjörbarn eða kjörsystkini.

Undanþáguréttur gildir eigi, ef vitni hefur verið vottur að samningsgerð eða loforði samkvæmt tilkvaðningu þess, er í hlut á, og er nú krafið skýrslu um það efni.

139. gr. hljóðar svo:

Eftir að dómari hefur áminnt vitni, lætur hann það festa með þeim hætti, sem hér greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Vitni skal lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, sem ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.
2. Nú lýsir vitni því, að það geti eigi af trúarlegum ástæðum unnið vitnaeið, og er dómara rétt að láta vitni festa heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.
3. Dómara er rétt að heitfesta vitni samkvæmt 2. tl., er skilyrði eru til að eiðfesta, ef báðir aðilar samþykkja það og dómara virðist ekkert mæla því í gegn.
4. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni muni fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus og hvorugur aðili krefst heitfestingar. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.

199. gr. hljóðar svo:

Aðili eða umboðsmaður hans semur stefnu og leggur hana fyrir héraðsdómara, sem fer yfir hana og athugar, hvort hún fullnægi skilyrðum 198. gr. Ef svo er eigi, skorar dómari á aðila eða umboðsmann hans að ráða bót á því, sem áfátt er. Rita skal dómari á stefnu, hvenær hún hefur borizt honum í hendur.

212. gr. hljóðar svo:

Frumflutningur skal að jafnaði vera munnlegur, en rétt er dómara að láta aðila gera grein fyrir atvikum og rökstyðja beiðni um vitnaleiðslu, dómkvaðningu matsmanna o. s. frv. skriflega, þar sem það horfir til skýringa. Greinargerð með málalengingum skal dómari vísa frá.

Dómara ber að fylgjast með málinu í öllum atriðum og spyrja aðila eða umboðsmenn þeirra um hvert það atriði, sem honum þykir máli skipta, á hvaða stigi máls sem er, og kosta kapps um, að yfirlýsingar þeirra og skýrslur verði nægilega glöggar. Dómari getur beint því til aðila að afla gagna um tiltekin málsatriði til skýringar máli. Honum er skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem eigi

gerir sér atvinnu af málflutningi, bæði um formhlið máls og efnis, eftir því sem nauðsyn ber til, enda sé ekki kostur málflutningsmanns á þingstað.

218. gr. hljóðar svo:
Rétt er, að talað sé tvisvar af hálfu hvors (hvers) aðila, nema dómari telji málið fullrætt í einni ræðu hvors (hvers), enda samþykki báðir aðilar þá tilhögun. Dómara er og rétt að leyfa aðila sjálfum að gera athugasemdir, eftir að umboðsmaður hans hefur lokið málflutningi.

301. gr. hljóðar svo:
Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1957. Lögmæti aðgerða þeirra, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laga þessara, skal meta eftir eldri lögum.

Nd. 569. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um kaup og rekstur á nýju strandferðaskipi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og telur meiri hl. hennar nauðsynlegt, að frv. verði athugað nánar í sambandi við önnur samgöngumál landsins, sem nú á að taka til athugunar af sérstakri þingkosinni nefnd, og í trausti þess, að íbúar Vestmannaeyja öðlist öruggari samgöngur að þeirri athugun lokinni en þeir nú búa við, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur ákveðið að kjósa milliþinganefnd til þess að athuga samgöngur innanlands og gera tillögur um, hvernig þær verði hagkvæmast skipulagðar fyrir allar byggðir landsins, telur deildin sjálfsagt, að samgöngumál Vestmannaeyinga verði tekin þar til athugunar, og í trausti þess, að nefndin finni viðunandi leiðir til úrbóta á samgönguerfiðleikum Vestmannaeyinga, telur deildin ekki ástæðu til þess nú að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. marz 1956.

Sigurður Bjarnason, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr., frsm. Magnús Jónsson.
Eiríkur Þorsteinsson.

Nd. 570. Frumvarp til íþróttalaga. [3. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um stjórn íþróttamála.

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi í skrifstofu fræðslumálastjóra og íþróttanefnd.

3. gr.

Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála. Hann skal ráðinn af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum íþróttanefndar, og greiðast laun hans úr ríkissjóði. Skipa má hann í embættið eftir þrjú ár, að fengnum tillögum nefndarinnar.

Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.
2. Að vinna að útbreiðslu og efling íþrótta í landinu.
3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.
4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð varðandi íþróttamál.
5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu.
6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

4. gr.

Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar Íþróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar Ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Íþróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu, sbr. 21. gr.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

II. KAFLI

Um íþróttasjóð.

5. gr.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð til eflingar íþróttum í landinu, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt. Nefnist hann íþróttasjóður.

6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:

1. Hvers konar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar iðnaðarmanna.
2. Til íþróttakennslu og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþrótta og aukinnar íþróttamenntunar.

Þó má eigi veita styrki til íþróttamóta, kappleika eða kaupa á verðlaunagripum. Enn fremur er óheimilt að veita styrki til greiðslu annars rekstrarkostnaðar einstakra félaga en kostnaðar við íþróttakennslu. Þá er og óheimilt að veita styrki til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum og til ferðalaga.

7. gr.

Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:

1. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.), Ungmennafélag Íslands (U. M. F. Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög.
3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

8. gr.

Umsóknir um styrk úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til þessa:

1. Hve almenna íþróttalega, heilbrigðis- og félagslega þýðingu úthlutunin getur haft.
2. Að styrkurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið samkvæmt fólksfjölda.
3. Að hve miklu leyti félögin standa undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.
4. Að hliðstæð íþróttamannvirki njóti jafns hundraðshluta styrks miðað við stofnkostnað, og getur styrkveiting numið allt að 40 af hundraði.

9. gr.

Nú vill einhver þeirra aðila, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og þarf þá samþykki íþróttanefndar um gerð mannvirkisins og staðsetningu þess.

Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum ókeypis í té allar leiðbeiningar og sérfræðilega aðstoð um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

10. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og skal hún staðfest af menntamálaráðuneytinu. Í reglugerðinni skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkisins, viðhald og notkun.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.

III. KAFLI

Um íþróttir í skólum.

11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum og kauptúnum með 400 íbúum eða fleiri, öllum æðri skólum og heimavistarskólum skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu vatni og nauðsynlegum áhöldum til íþróttakennslu, og er hvort tveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 400 íbúum skal kenna nemendum þær íþróttir, sem við verður komið í húsnæði skól-

anna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að leika knattleiki og útiíþróttir.

13. gr.

Öll börn í landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og lífgun úr dauðadái. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi áður, eða eigi síðar, en hann lýkur prófi úr barnaskóla, og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun samkvæmt reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur. Þar sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verður við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund í námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á sem næst þriggja vikna sundkennslu.

Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðist við aldur þeirra og þroska. Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

Þar, sem sækja þarf langt til sundnáms, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til þess að stunda íþróttir úti, eftir því sem fært þykir og staðhættir leyfa. Þá skal og stuðla að því, að nemendur iðki íþróttir í tómstundum sínum. Enn fremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í glímu.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum íþróttanefndar og íþróttafulltrúa, ákvæði um tilhögun og stundafjölda íþróttaiðkana í skólum. Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis þarfnast sérstakrar sjúkraleikfimi, skal þar sem því verður við komið séð fyrir slíkum æfingum á vegum skólans. Enn fremur skal sjá nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólans, fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir.

16. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á fræðslu um heilsuvernd, gildi íþrótta og skaðsemi eiturnautna.

17. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, sem það setur. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

IV. KAFLI

Um réttindi til íþróttakennslu.

18. gr.

Enginn getur starfað sem kennari í íþróttum við skóla, nema hann hafi öðlazt íþróttakennararéttindi.

Þeir íslenzkir ríkisborgarar, er að dómi menntamálaráðuneytisins hafa öðlazt íþróttakennararéttindi við viðurkennda íþróttakennaraskóla erlendis, skulu hljóta full réttindi sem íþróttakennarar, ef nám þeirra og próf samsvara kröfum Íþróttakennaraskóla Íslands um íþróttakennarapróf.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga menn, sem um stundarsakir eru ráðnir til þess að hafa íþróttakennslu með höndum hjá skólum, enda komi samþykki stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands til.

19. gr.

Við Íþróttakennaraskóla Íslands skal starfrækja leiðbeinendadeild, sem veiti takmörkuð réttindi til leiðbeininga um iðkun eða þjálfun í einni eða fleiri íþróttagreinum hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

Heimilt er héraðsskólum, svo og Í. S. Í. og U. M. F. Í., að starfrækja slíkar sérdeildir.

V. KAFLI

Um frjálsa íþróttastarfsemi.

20. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) er æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu og kemur fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum, nema að því leyti, sem ríkisstjórnin kann að velja til þess fulltrúa sjálf.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, er Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaíþróttareglur. Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

21. gr.

Landið skiptist í íþróttahéruð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við Í. S. Í. og U. M. F. Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðilar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Þar sem aðilar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Í. S. Í., annar samkvæmt tilnefningu U. M. F. Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytisins. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf.

Þá er héraðssamtök íþróttaaðila hafa myndazt, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

22. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmálaskoðanir.
2. Allir félagsmenn séu skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í. S. Í. eða U. M. F. Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

24. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefur styrk úr ríkissjóði eða íþróttasjóði til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa. Íþróttamannvirki, sem styrk hefur hlotið úr íþróttasjóði, má hvorki gefa né selja, nema samþykki íþróttanefndar komi til, enda endurgreiðist þá til íþróttasjóðs sú styrkupphæð, sem veitt hefur verið til viðkomandi íþróttamannvirkis.

25. gr.

Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

26. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin íþróttalög nr. 25 12. febrúar 1940.

Nd. 571. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til íþróttalaga.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 5. gr. Við greinina bætist:

Næstu 5 árin eftir gildistöku laga þessara skal ákveða sjóðnum eigi minni tekjur á fjárlögum en 2 milljónir króna á ári.

Nd. 572. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á 36. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Tryggingarfélag verður því aðeins krafið 5000.00 kr. bóta eða hærri samkv. 1. eða 2. málsgr., að lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er byggð á.

2. Næstsíðasta málsgr. orðist svo:

Tryggingarfélagið hefur endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og er þá skylt að krefja hann um eigi minna en 30% af tjóninu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr., síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem um ræðir í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala. Sá, er fyrir tjóni verður, tryggingartaki eða tryggingarfélag, getur borið það undir gerðardóm þriggja manna, hvort tryggingartaki hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Gerðardóminn skipa einn maður tilnefndur af tryggingartaka, annar tilnefndur af tryggingarfélaginu og oddamaður, er héraðsdómari nefnir til. Oddamaður er formaður gerðardómsins. Álit gerðardómsins um sök tryggingartaka er ekki bindandi fyrir dómara í máli um endurkröfurétt tryggingarfélagsins.

2. gr.

1. málsgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en eitt ár, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Einnig skal svipta þann ökuleyfi ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 1 ár, eða fyrir fullt og allt, sem hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og öðru framferði kærða sem bifreiðarstjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 573. Frumvarp til laga [6. mál]

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Börnum við skyldunám barnafræðslustigsins, skv. 2. gr. laga nr. 34/1946, skal séð fyrir ókeypis námsbókum í greinum þeim, sem kenndar eru.

2. gr.

Námsbókanefnd, skipuð fimm mönnum, annast útgáfu námsbóka skv. 1. gr. og kveður á um efni þeirra og gerð. Reynt skal að tryggja, að öll ytri gerð bókanna standist almennar kröfur um útlit og gæði.

Menntamálaráðherra skipar námsbókanefnd til fjögurra ára í senn: tvo menn skv. tillögu Sambands ísl. barnakennara, einn skv. tillögu Landssambands framhaldsskólakennara, en formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Fræðslumálastjóri á sæti í nefndinni.

3. gr.

Námsbókanefnd skal sjá um, að á hverjum tíma sé fyrir hendi námsbók í hverri grein. Nú eru gefnar út tvær námsbækur í sömu grein, og ákveða þá skólastjórar og kennarar hvers skóla, hvor bókin skuli notuð við kennslu í skólanum.

Námsbókanefnd ákveður ritlaun til handa höfundum námsbóka, er skulu við það miðuð, að hæfir menn fáist til starfans. Nefndinni er og heimilt að efna til samkeppni um ritun einstakra námsbóka.

Námsbókanefnd er heimilt að láta gera önnur kennslutæki eða sjá um útvegun þeirra, enda séu þau seld nemendum við kostnaðarverði.

4. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs skulu skólanefndir og fræðsluráð, hver í sínu héraði, senda námsbókanefndinni greinargerð um þær bækur, sem þær óska eftir til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna í skólahéraðinu. Námsbókanefndin sendir síðan nægilegan fjölda bóka.

Hverjum nemanda skal afhenda eitt eintak af hverri bók, sem hann á að nota til námsins. Ef sú bók glatast eða skemmist, skal nemandanum gert að skyldu að kaupa nýja bók við kostnaðarverði. Viðkomandi skóli annast um sölu slíkra bóka, ef námsbókanefnd óskar þess, og stendur henni skil á andvirði seldra bóka.

Heimilt skal að hafa allar námsbækur ríkisútgáfunnar til sölu á frjálsum bókamarkaði.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, að fengnum tillögum námsbókanefndar, framkvæmdastjóra, er vinnur undir yfirstjórn nefndarinnar að störfum þeim, sem undir hana ber samkvæmt lögum þessum. Menntamálaráðherra setur framkvæmdastjóranum erindisbréf.

6. gr.

Menntamálaráðherra ákveður laun námsbókanefndar og framkvæmdastjóra hennar.

7. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist að ⅓ hluta úr ríkissjóði og að ⅔ hlutum með sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám samkvæmt 1. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag ríkisins og námsbókagjald, hvort tveggja með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 10/1951, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

Nd. 574. Þingsályktun [184. mál]

um endurskoðun löggjafar um loftferðir.

(Afgreidd frá Nd. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 471.

Ed. 575. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta er komið frá Nd., en þar var það lagt fram sem stjórnarfrumvarp. Nd. gerði á því nokkra breytingu.

Menntamálanefnd Ed. hefur rætt frv., og samþykkti meiri hluti hennar að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað 2. og 3. málsgr. 1. gr. komi:

Nú hefur barnaskóli hlotið löggildingu samkv. 1. málsgr. og starfað fimm ár eða lengur með góðum árangri að dómi fræðslumálastjórnar, og er þá heimilt að greiða úr ríkissjóði hálf laun fastra kennara við þann skóla og iðgjald til lífeyrissjóðs, 6% af fjárhæð, er nemur fullum launum hlutaðeigandi kennara, enda fái þeir greiddan úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði lögmæltan hluta launa og iðgjalds til lífeyrissjóðs og verði ráðnir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla.

Einn nefndarmanna (HG) var mótfallinn frv. SÓÓ var fjarstaddur.

Alþingi, 24. marz 1956.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.

Ed. 576. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Tryggingaráð skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og ákveður laun þeirra. Forstjórar ráða aðra starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum tryggingaráðs og ákveða þeim laun í samráði við það, þar til launin verða ákveðin í launalögum.
2. Við 8. gr. Á eftir 1. málsl. 2. málsgr. bætist: Þó getur tryggingaráð ákveðið, að aðrir aðilar skuli annast umboðsstörfin, ef ástæða þykir til þess.
3. Við 18. gr. Í stað orðanna „á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður“ í lok 2. málsgr. komi: á hún endurkröfurétt á ríkissjóð, en hann síðan á barnsföður.
4. Við 24. gr. 4. málsgr. falli niður.
5. Við 53. gr. 2. og 3. málsl. b-liðar falli niður.
6. Við 55. gr. Tveir síðustu málsl. 2. málsgr. orðist svo:
   Tilnefni samningsaðili eigi gerðarmann innan 14 daga frá því að ákveðið hefur verið að skipa gerðardóm, skal hæstiréttur skipa gerðarmenn, unz gerðardómurinn er fullskipaður. Báðir aðilar skulu lúta niðurstöðum gerðardómsins, og verður honum eigi áfrýjað.
7. Við 64. gr. Fyrri málsgr. falli niður.
8. Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgr., er orðist svo:
   Ríkisstjórnin lætur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins og öryrkjafélögin í landinu fara fram á því athugun, á hvern hátt hagkvæmast verði fyrir

komið að nota sem bezt starfsorku öryrkjanna, t. d. með stofnun og rekstri öryrkjaskóla, öryrkjaheimila og öryrkjavinnustöðva, þar sem öryrkjunum yrði sköpuð viðunandi lífsskilyrði á borð við aðra þegna þjóðfélagsins, og skulu niðurstöður þeirra athugana liggja fyrir ásamt tillögum fyrir lok yfirstandandi árs.

Nd. 577. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um heimild til sölu jarðeigna í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frv., og mælir meiri hl. hennar með því, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Sigurður Guðnason, taldi sig ekki geta fylgt frv.

Alþingi, 24. marz 1956.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason.
Gísli Guðmundsson.

Ed. 578. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Meginatriði þessa frumvarps voru fyrir fram ákveðin með samningi, er ríkisstjórnin átti hlut að til lausnar vinnudeilu og verkfalli seint í apríl 1955. Frumvarpið samdi nefnd, sem skipuð var þannig, að aðilar samningsins gætu þar fylgzt með því, að samningnum yrði fullnægt að því er frumvarpið snertir.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd athugaði frumvarpið og ræddi það allýtarlega. Nefndarmenn telja ýmislegt í frumvarpinu á annan veg en þeir hefðu kosið, enda er lagasetning um atvinnuleysistryggingar á Íslandi alger frumsmíð. Haraldur Guðmundsson, sem átti sæti í milliþinganefndinni, sem undirbjó frumvarpið, vísar um þetta til sérálits síns í greinargerð þeirri, er frumvarpinu fylgir.

En með tilliti til þess, að meginatriði frumvarpsins eru fyrir fram bundin samningi, sem viðurkennt hefur verið að fullnægt verði með frumvarpinu, eins og það er — ef að lögum verður — og af því að ljúka verður lagasetningu þessari á því þingi, sem nú er að lokum komið, en hins vegar svo fyrir mælt í frumvarpinu (22. gr.), að lögin skuli endurskoðuð eftir tvö ár, þá mæla allir nefndarmenn með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 24. marz 1956.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 579. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og athugað erindi, er borizt hafa varðandi málið. Hún leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar verða tillögur um á sérstöku þingskjali. Auk þess áskilja nefndarmenn sér rétt til að bera fram brtt. og fylgja till., sem fram kunna að koma.

Meginbreytingartillaga nefndarinnar er við 23. gr. Lagt er til, að ákvæði þeirrar greinar um skerðingu á elli-, örorku- og barnalífeyri vegna tekna hlutaðeigenda gildi aðeins til ársloka 1960. Nefndin væntir þess, að ríkisstjórnin láti í samráði við Tryggingastofnun ríkisins fara fram athugun á því, hvernig tiltækilegast þætti að afnema skerðingarákvæði 23. gr., hvaða lagabreytingar þyrfti að gera, til þess að fjárhagsgrundvöllur tryggginganna yrði eigi ótraustari en áður, og að niðurstöður og tillögur liggi fyrir eigi síðar en við árslok 1958.

Aðrar breytingartillögur nefndarinnar eru minni háttar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Haraldur Guðmundsson, Karl Kristjánsson og Vilhjálmur Hjálmarsson flytja brtt. við 18. gr.

Gísli Jónsson óskar að taka fram eftirfarandi:

Ég tel, að gera þurfi ýmsar aðrar breyt. á frv. en þær, sem nefndin er sammála um, einkum hvað snertir yfirstjórn stofnunarinnar og umboðsmenn hennar utan Reykjavíkur, rétt Tryggingastofnunarinnar til kröfu beint á ríkissjóð vegna endurkræfs barnalífeyris til mæðra frá barnsfeðrum, framlag sveitarsjóða vegna hækkunar á bótum sökum sjúkleika og ellilasleika, álag aukagjalds til lækna og ákvæði um gerðardóm, svo og ákvæði um undirbúning að byggingu og rekstri örorkuskóla og elliheimila, og geymi mér rétt til að bera fram brtt. um þessi atriði.

Haraldur Guðmundsson vísar til fyrirvara síns í áliti milliþinganefndar, sem prentað var með frv. þessu, og ber fram brtt. í samræmi við það.

Alþingi, 24. marz 1956.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Ingólfur Flygenring, fundaskr.	Gísli Jónsson, með fyrirvara.
Karl Kristjánsson.	Haraldur Guðmundsson.	

Ed. 580. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 23. gr.
   a. Upphaf greinarinnar hljóði svo:
      Til ársloka 1960 skal fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 13. gr. því aðeins greiddur o. s. frv.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Heimilt er ríkisstjórninni til þess tíma, er í 1. málsgr. segir, að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum tryggingaráðs, takmörkun á barnalífeyrisgreiðslum samkv. 17. gr., ef tekjur framfæranda fara fram úr ákveðinni upphæð. Þó má aldrei skerða barnalífeyri fyrr en bætur og aðrar

tekjur framfæranda samanlagðar nema þreföldum hjónalífeyri, ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða, og þreföldum einstaklingslífeyri að viðbættum barnalífeyri, ef um einstæðar mæður er að ræða. Skerðing lífeyris vegna tekna skal miðast við síðasta skattframtal bótaþega. Breytist hagur hans verulega á bótaárinu, skal þó taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.

2. Við 29. gr.
   a. Í stað „lögsagnarumdæmi“ í 1. málsl. 1. málsgr. komi: umdæmi kaupstaða og sýslufélaga.
   b. Í stað „lögsagnarumdæmi“ í a-lið 1. málsgr. komi: umdæmi.
   c. Í stað „lögsagnarumdæmis“ í 2. málsgr. komi: sýslufélags.
   d. Í stað „lögsagnarumdæmis“ í 3. málsgr. komi: sýslufélags.
3. Við 39. gr. Í stað „kr. 4500.00“ í a-lið komi: kr. 4680.00.
4. Á eftir 83. gr. komi ný grein svolátandi:

   Ógift móðir, sem verður að fella niður vinnu og missir tekjur sínar vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar, á rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni, auk fæðingarstyrks skv. 20. gr., allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði samanlagt fyrir og eftir barnsburð, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi á sama hátt og í 18. gr. segir um endurkröfurétt á barnalífeyri.

Ed. 581. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Haraldi Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 18. gr. Greinin flytjist aftur fyrir 83. gr. og orðist svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkvæmt 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir 76. gr. framfærslulaga.

Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Verði vanskil af hálfu meðlagsskylds aðila, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkvæmt 76. gr. framfærslulaga. Skal Tryggingastofnunin svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 12 mánaða frá greiðslu lífeyrisins bera fram kröfu um endurgreiðslu á hendur framfærslusveit barnsföður, og skal hún þá greiða skuldina innan 6 mánaða frá móttöku kröfunnar.

Nú vanrækir framfærslusveit að sinna kröfunni, og getur þá Tryggingastofnunin krafið ríkissjóð greiðslu samkvæmt 50. gr. framfærslulaga, en þó skulu slíkar kröfur gerðar eigi síðar en tveim árum eftir að krafan hefur verið send framfærslusveit. Nánari ákvæði um endurgreiðslu setur ráðuneytið með reglugerð.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu barnalífeyris, sem fráskildar konur fá úrskurðaðan með börnum sínum.

Ed. **582. Breytingartillögur** [89. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 13. gr.
   a. Í stað „kr. 7488.00—kr. 5616.00“ komi: kr. 8000.00—kr. 6000.00.
   b. Í stað „kr. 4680.00—kr. 3510.00“ komi: kr. 5000.00—kr. 3750.00.
2. Við 16. gr.
   a. Í stað „tvö í fjölskyldu“ í 1. málsgr. komi: eitt í fjölskyldu.
   b. 4. málsgr. orðist svo:

Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:

	1. verðlagssv.	2. verðlagssv.
Með öðru barni í fjölskyldu	kr. 400.00	kr. 300.00
Með þriðja barni í fjölskyldu	— 600.00	— 450.00
Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu ..	— 1200.00	— 900.00

3. Við 21. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svolátandi:
   Ellilífeyrisþega, sem missir maka sinn, skal greiða dánarbætur, kr. 1200.00. Sama gildir um örorkulífeyrisþega, ef hann er orðinn 67 ára, þegar maki deyr.
4. Við 24. gr. Upphaf 4. málsgr. orðist svo:
   Uppbót þessi greiðist að hálfu af hlutaðeigandi sveitarsjóði og að hálfu af Tryggingastofnun ríkisins.
5. Við 25. gr.
   Stafliðirnir a.—d. orðist svo:
   a. Ríkissjóður 40%.
   b. Hinir tryggðu 30%.
   c. Sveitarsjóðir 15%.
   d. Atvinnurekendur 15%.
   Til vara:
   a. Ríkissjóður 36%.
   b. Hinir tryggðu 30%.
   c. Sveitarsjóðir 17%.
   d. Atvinnurekendur 17%.
6. Við 28. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla, iðgjald hjóna sem næst einum tíunda hærra en karla og iðgjald unglinga á aldrinum 16—20 ára, sem stunda atvinnu aðeins nokkurn hluta ársins, hálft iðgjald fullorðinna.
7. Við 39. gr.
   a. Fyrir „kr. 9000.00“ í a-lið komi: kr. 23000.00.
   b. Fyrir „kr. 4500.00“ í a-lið komi: kr. 5000.00.
   c. Fyrir „kr. 3000.00 og allt að kr. 9000.00“ í c-lið og d-lið komi á báðum stöðum: kr. 5000.00 og allt að kr. 15000.00.
   d. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svolátandi:
      Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til bóta samkv. a-, c- eða d-lið, og skal þá greiða til barna hans, ef fyrir hendi eru og njóta lífeyris samkv. b-lið, kr. 6400.00, ella til dánarbús hans.
8. Við 40. gr. Greinin falli niður.
9. Við 53. gr. Aftan við b-lið bætist nýr málsl., svolátandi:
   Nemi greiðslur hins tryggða samkvæmt þessu hærri upphæð á ári fyrir hann og fjölskyldu hans en ársiðgjaldið er, á hann rétt á því, að sjúkrasamlagið endurgreiði honum það, sem umfram er, gegn kvittun frá lækni hans eða læknum.
10. Við 84. gr. Síðasti málsl. 1. málsgr. falli niður.

Nd. 583. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til íþróttalaga.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 8. gr. 4. tölul. orðist svo:

Að öll viðurkennd íþróttamannvirki njóti styrkveitingar, sem nemi að minnsta kosti 40 af hundraði, miðað við stofnkostnað.

Nd. 584. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um verðtryggingarsjóð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta frumvarp um verðtryggingarsjóð var lagt fram í byrjun yfirstandandi Alþingis. Því var útbýtt prentuðu á 6. degi þingsins, þann 14. okt. s. l. Það var tekið til 1. umræðu 25. s. m. og vísað til fjárhagsnefndar þann 27. s. m.

Margsinnis hef ég, sem á sæti í nefndinni, óskað eftir, að það væri tekið til afgreiðslu, en formaður nefndarinnar, hv. þm. V-Húnv., alltaf færzt undan. Loks hinn 13. febr. þ. á. var málið borið undir atkvæði á þriggja manna nefndarfundi, og greiddu tveir nefndarmenn atkvæði gegn því skilyrðislaust, þeir Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., og Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm. Ég, sem er flutningsmaður, greiddi atkv. með því að samþykkja frumvarpið óbreytt að öðru en því, að það taki gildi sem lög 1. jan. 1957 í stað 1956, eins og upphaflega var ætlunin.

Er þess þá fyrst að minnast, að 1. jan. 1956 er fyrir nokkru liðinn. En í öðru lagi er það, að á tímabilinu hafa verið samþykkt lög um framleiðslusjóð, sem ætlazt er til að gildi árið 1956 og hafa að því leyti sama tilgang og þetta frumvarp, að þeim er ætlað að halda framleiðslunni gangandi þetta tímabil, en eru að öðru leyti byggð upp á gagnólíkum grundvelli og án þeirra framtíðarsjónarmiða, sem þetta frumvarp miðar einkum að.

Þar sem lögin um framleiðslusjóð gilda aðeins þetta ár, þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að skipt væri um á næstu áramótum, og því mæli ég með samþykkt frumvarpsins nú.

Aðalgrundvöllurinn fyrir þessu frumvarpi er að vernda gengi íslenzku krónunnar frá meiri lækkun en orðin er. Til þess að slíkt sé hugsanlegt, verður að snúa við frá þeirri öfgastefnu í fjármálum, sem ríkt hefur. Og fyrsta skilyrðið er að stöðva hækkun vísitölunnar og þar með hækkun allra verðlagsuppbóta til landsmanna. Að því miða þau ákvæði frumvarpsins að selja þær framleiðsluvörur, sem notaðar eru innanlands, það lágu verði til neytenda, að vísitalan hækki ekki. Það er og vissulega viturlegra að borga niður vörurnar sem mest til innlendra manna en að selja þær til útlanda og borga háar upphæðir, til þess að erlendir menn fái þær ódýrt. Innlenda markaðinn verður að nota til þess ýtrasta.

Frá því að vísitölulögin voru fyrst sett í ársbyrjun 1940 og fram á þennan dag hefur alltaf verið farin sama leiðin í okkar fjármálum í mismunandi áföngum og með mismunandi háum stökkum eftir því, hverjir hafa ráðið mestu um ferðina. Þetta hefur verið sívaxandi hækkunarskrúfa, sem vísitöludúnkrafturinn hefur haft í för með sér. Hærri laun, hærra kaupgjald, hærri tollar, hærri skattar, hærri útsvör, hærri útgjöld á öllum sviðum. Allt hefur það leitt af sér sívaxandi framleiðslukostnað fyrir alla atvinnuvegi og í vaxandi mæli aukið örðugleika framleiðslunnar. Verzlunarkostnaðurinn hefur vaxið gífurlega, farmgjöld og flutningsgjöld sömuleiðis. Vöruverð allt hefur því margfaldazt og kostnaður við allar framkvæmdir

einnig. Allt hefur þetta skrúfað hvað annað upp tönn fyrir tönn, stall af stalli. Til að halda öllu spilinu gangandi hefur svo ríkissjóðurinn verið látinn greiða ógnarháar fjárhæðir og sívaxandi. Það fé hefur svo verið og er innheimt með hækkandi tollum og sköttum, sem hækka ár frá ári, stundum með grunnhækkun, eins og nú hefur verið samþykkt, en mest sjálfvirkt eins og önnur prósentugjöld, sem verða alltaf hærri og hærri, eftir því sem tölurnar hækka. Öll þessi hringrás hnoðar utan um sig á öllum sviðum þjóðlífsins og hlýtur að enda með einhvers konar strandi að lokum. Tvisvar hefur spilinu verið bjargað í bili með stórfelldu gengisfalli krónunnar. Má vera, að einhverjir vilji reyna það neyðarbragð í þriðja sinn. Að minnsta kosti hlýtur andstaðan gegn þessu frumvarpi að vekja grunsemdir í þá átt, einkum vegna þess, að engar aðrar tillögur hafa komið fram, er stefna að sama markmiði.

Launaskatturinn er það atriði frumvarpsins, sem mér skilst að andstæðingar málsins setji einna mest fyrir sig. Hann er líka eitt af aðalatriðum þess. En þótt eigi væri hægt í byrjun þessa þings að hafa annað til samanburðar við launaskattinn, þá er það þó fyrir hendi nú, þegar búið er að afgreiða vandamál líðandi stundar til bráðabirgða. Hækkandi tollar og söluskattar verka beint til hærra vöruverðs og innan skamms hærri vísitölu, hærri verðlagsuppbóta, sem þýða hærri laun, hærra kaupgjald, sem enginn hefur þó gagn af nema rétt um stund, því að allt miðar í sömu átt og verið hefur, þ. e. vaxandi dýrtíðarskrúfu til aukinnar áhættu fyrir gengi peninganna. Hækkað vöruverð kemur harðast niður á þeim, sem flesta hafa að framfæra. Þeir, sem hæstar tekjur hafa, þurfa yfirleitt ekki að borga meira í það en hinir, sem lægri tekjur hafa.

Launaskatturinn samkvæmt þessu frumvarpi er hundraðsgjald á öll laun og á að taka til allra vinnufærra manna í landinu, í hvaða stétt eða stöðu sem þeir eru. Eina undantekningin er, að verkamenn, sem aðeins hafa atvinnu 10 mánuði ársins eða skemmri tíma, sleppa við skattinn. Hann yrði að eðlilegum hætti þeim mun hærri sem launin eru hærri, og þar sem til þess er ætlazt, að hann sé frádráttarbær við skattframtal, þá tekst upphæðin að sjálfsögðu frá skattskyldum tekjum á toppi þeirra. En það, sem mestu máli skiptir, er, að slíkur skattur verkar ekki til hækkunar á neinu vöruverði, en á að notast til þess eingöngu að lækka vöruverð til neytenda og þar með draga úr dýrtíðarskrúfunni. Mismunurinn er þessi: Önnur aðferðin miðar að því að hækka útgjöld og hækka tekjur á víxl, engum til gagns nema í bili. Hin aðferðin er að taka beint af tekjunum til að stöðva skrúfuna og lækka smátt og smátt vöruverð. Þessar tvær aðferðir stefna því í gagnstæða átt hvor við aðra. Ég veit, að ýmsir eru hræddir um, að sú aðferðin sviði meira að taka af tekjunum til að lækka gjöldin. En það er þá fyrir það eitt, að fólkið skilur eigi, hve mikið er í húfi.

Þá er sú hlið þessa máls, hver aðferð sé réttust til að ákveða framleiðslukostnaðinn. Að ragast um það á hverju ári með nefndastörfum og útreikningum frá einstaklingum og einkafyrirtækjum, eins og nú er gert, getur gengið, en veldur miklum örðugleikum og sífelldri tortryggni. Hin aðferðin, sem hér er stungið upp á, að setja fasta reglu í eitt skipti fyrir öll og miða við þrautrannsakaða reikninga opinberra fyrirtækja næsta ár áður, er miklu einfaldari og eðlilegri í svo sósíalisku þjóðfélagi sem okkar þjóðfélag er. Sú leið er miklu síður líkleg til tortryggni, enda auðveldara að sannreyna það, að henni sé rétt beitt.

Alls vegna vil ég því segja það, að ekkert hefur komið fram, síðan ég lagði þetta frumvarp fyrir, sem hefur sannfært mig um það, að aðrar aðferðir til úrlausnar vandanum séu réttari. Meðan engar tillögur koma fram, er stefna að sama marki, er heldur eigi hægt að ræða þær. Hitt er augljóst, að eftir þær ráðstafanir, sem nú er búið að gera, er eigi hægt að láta þetta frumvarp taka gildi, á meðan þau lög eru í framkvæmd. Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt nú með eftirtalinni

BREYTINGU:

Við 14. gr. Fyrir orðin „1. janúar 1956“ komi: 1. janúar 1957.

Þess skal að lokum getið, að þetta minnihlutaálit hef ég dregið að leggja fram, þar til álit meiri hlutans kæmi, svo sem venja er til. En þar sem nú virðist útséð um það, að tvímenningarnir Skúli Guðmundsson og Gylfi Þ. Gíslason ætli að skila áliti, þá get ég eigi beðið lengur með að láta þessar skýringar koma fram frá minni hálfu.

Alþingi, 24. marz 1956.

Jón Pálmason.

Ed. 585. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.
Einn nefndarmanna (GÍG) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Sigurður Ó. Ólafsson, form. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Jón Kjartansson.

Ed. 586. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til. l. um breyt. á l. nr. 41 25. maí 1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. sé samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (GÍG) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. marz 1956.

Sigurður Ó. Ólafsson, form., frsm. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 587. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um verkalýðsskóla.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Mál þetta hefur verið áður flutt, og á því að hafa gefizt tóm til að átta sig á efni þess. Samt vill meiri hluti nefndarinnar enn víkja því frá með rökstuddri dagskrá.

Ég get ekki fallizt á þá málsmeðferð og legg til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 588. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um sömu laun kvenna og karla.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hlutinn vill enn sem fyrr koma í veg fyrir framgang málsins, en ég tel það augljóst réttlætismál, sem sjálfsagt sé að samþykkja nú þegar. Samkvæmt skýrslum alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) fjölgar þeim þjóðum líka með ári hverju, sem viðurkenna launajafnrétti kvenna og karla. Sameinuðu þjóðirnar veita málinu líka fullan stuðning sinn sem sjálfsögðu mannréttindamáli. — Íslendingum er vansi að því að verða síðastir þjóða til að afmá þann blett, sem launaranglæti kynjanna verður að teljast í nútíma menningarþjóðfélagi.

Eins og af framanrituðu má ráða, legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 589. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ekki hefur fengizt samkomulag í nefndinni um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill fresta afgreiðslu þess, en ég tel sjálfsagt að lögfesta það þegar á þessu þingi. Ósamræmi er orðið milli gildandi lagaákvæða um orlof og samningsákvæða um það efni. Ranglátt er, að sjómenn hafi aðeins hálfan orlofsrétt, og ber að leiðrétta það. Þá er eðlilegt, að það auki orlofsrétt, ef vinnutími er langur og mikið unnið á helgidögum og í næturvinnu. Sjálfsagt verður og að telja, að orlofsréttur fyrnist ekki á skemmri tíma en vinnulaun. — Öll efnisatriði frumvarpsins eiga því fyllsta rétt á sér, og legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 590. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um bann við að taka íbúðarhúsnæði til annarrar notkunar en íbúðar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Afgreiðsla málsins hefur dregizt óþarflega í nefndinni, og enn virðist meiri hluti hennar ekki vera tilbúinn að afgreiða það. Ég tel hins vegar sjálfsagt að afgreiða málið og legg til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. **591. Nefndarálit** **[119. mál]**

um frv. til l. um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Málið hefur tvisvar verið rætt í nefndinni, og virtust allir nefndarmenn sammála um, að það væri hið athyglisverðasta. Það var sent ýmsum aðilum til umsagnar, en engin svör hafa enn borizt nema frá Alþýðusambandi Íslands. Er umsögn þess birt hér með sem fylgiskjal.

Meiri hluti nefndarinnar vill enn bíða eftir umsögnum um frumvarpið, en ég tel þá bið orðna ærið langa og legg til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 13. janúar 1956.

Háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar Alþýðusambands Íslands um frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna. Er oss ljúft að verða við þeirri ósk nefndarinnar.

Eitt af höfuðvandamálum togaraútgerðarinnar um þessar mundir er skortur á sjómönnum. Reyndir og starfsvanir togaramenn hverfa iðulega að öðrum störfum, og nýliðar koma í staðinn. Er talið, að þessi sífelldu mannaskipti dragi verulega úr aflabrögðum og eigi þátt í lakari fjárhagsafkomu togaranna.

Þegar af þessari ástæðu er líklegt, að stofnun lífeyrissjóðs togarasjómanna verði ekki aðeins áhugamál togarasjómannanna sjálfra, heldur einnig útgerðarmannanna. Slíkt frumvarp, ef að lögum yrði, mundi veita sjómönnum og fjölskyldum þeirra mikið öryggi og því meira sem starfsaldur væri lengri og samfelldari. Þetta hlyti að leiða til þess, að togarsjómenn hvörfluðu síður frá, þótt eitthvað álitlegt byðist um stundarsakir. Og þar með yrði minna um nýliða og viðvaninga á skipunum.

Auk þess, og ekki síður, ber svo á það að líta, að togarasjómaður er venjulega útslitinn maður upp úr fimmtugu og á því rétt á að njóta tryggingar fyrir sig og sína umfram flestar aðrar starfsstéttir þjóðfélagsins. — Úr þessu mundi þetta frumvarp bæta, ef að lögum yrði.

Um tryggingarfræðilega hlið málsins ræðum vér ekki af góðum og gildum ástæðum. Sú hlið yrði auðvitað athuguð af sérfræðingum. Vera má því, að rétt þætti að athuguðu máli að breyta einhverjum ákvæðum frumvarpsins um iðgjaldgreiðslur og upphæð lífeyris. En hugmynd frumvarpsins er hin ágætasta og vér sannfærðir um, að hér er ekki aðeins um stéttarlegt hagsmuna- og öryggismál að ræða, heldur jafnframt þjóðþrifamál, sem þörf er á að komist í framkvæmd hið fyrsta.

Alþýðusamband Íslands mælir mjög eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt á þessu þingi.

Virðingarfyllst,

Alþýðusamband Íslands.

Hannibal Valdimarsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Alþt. 1955. A. (75. löggjafarþing). 183

Nd. 592. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Mál þetta hefur legið lengi hjá nefndinni, en nú hefur orðið samkomulag um, að nefndin mæli með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir orðinu „kvenfélög“ í 1. gr. komi: búnaðarfélög.

Alþingi, 26. marz 1956.

Páll Þorsteinsson, form. Hannibal Valdimarsson, frsm. Gísli Guðmundsson.
Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 593. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um verkalýðsskóla.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nokkru áður en frumvarp þetta kom fram í neðri deild (á þskj. 81), hafði verið flutt í sameinuðu Alþingi tillaga til þingsályktunar um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum (þskj. 72). Þessi tillaga hefur nú verið afgreidd sem ályktun Alþingis. Með ályktun þessari er ríkisstjórninni falið að kjósa fimm manna nefnd „til þess að kanna, hversu bezt verði komið við aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum, svo sem um ýmsa þætti þjóðskipulags-, efnahags-, félags- og verkalýðsmála“. Í þessari nefnd eiga að vera fulltrúar frá Háskóla Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Að þessu athuguðu og eftir að hafa rætt frumvarpið leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með skírskotun til nýlega gerðrar ályktunar Alþingis um „aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum“, þar sem m. a. er gert ráð fyrir athugun á möguleikum til fræðslu um „ýmsa þætti þjóðskipulags-, efnahags-, félags- og verkalýðsmála“, telur deildin ekki tímabært að setja sérstök lög um verkalýðsskóla og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Minni hl. nefndarinnar (HV) mun gefa út sérstakt nál. Einn nefndarmaður (JR) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Páll Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.

Nd. 594. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá efri deild, og er efni þess að færa ákvæði laga um hvíldartíma togaraháseta til samræmis við núgildandi samninga.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en einn nefndarmanna (LJós) áskilur sér rétt til þess að bera fram brtt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Sig. Ágústsson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson.

Eiríkur Þorsteinsson. Pétur Ottesen.

Nd. 595. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til laga um mannanöfn.

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Birni Ólafssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Gils Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Framan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Hver maður skal heita einu íslenzku nafni eða tveim.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin „löglegt ættarnafn“ í fyrri málsl. 4. málsgr. komi: ættarnafn.
3. Við 7. gr. 2. og 3. málsl. falli niður.
4. Við 8. gr. Orðin „eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er, sbr. þó 3. mgr. 15. gr.“ í niðurlagi greinarinnar falli niður.
5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Ættarnafn má enginn taka sér hér eftir.
6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem bera ólögleg ættarnöfn, skulu þegar leggja þau niður og kenna sig til föður síns samkvæmt fyrirmælum 7.—9. gr.
7. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Eigi má rita ólöglegt nafn í kjörskrá, manntal, símaskrá, vegabréf eða önnur opinber gögn. Dómsmálaráðuneytið lætur athuga manntal og leiðrétta, ef nafn er þar ritað ólöglega. Önnur opinber skjöl skulu leiðrétt í samræmi við það.
8. Við 13. gr. Greinin falli niður.
9. Við 15. gr. Greinin falli niður.
10. Við 16. gr. Greinin falli niður.
11. Við 17. gr. 2.—4. mgr. falli niður.
12. Við 18. gr. Fyrir orðin „annaðhvort kenna sig ... laga þessara“ í niðurlagi greinarinnar komi: kenna sig svo sem mælt er í 7.—9. gr.
13. Við 19. gr. Greinin falli niður.
14. Við 24. gr. Fyrir „kr. 10000.00“ komi: kr. 100000.00.
15. Við 26. gr. Seinni málsgr. falli niður.

16. Á eftir 26. gr. bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
Hver maður, sem við gildistöku laga þessara ber löglegt ættarnafn, má halda því alla ævi. Sama gildir um barn hans eða börn, sem eldri eru en 16 ára, og þeirra systkini. Eftir sömu reglu fer um kjörbörn hans.

Nd. 596. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga nr. 59/1939 orðist svo:
Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við tollhöfn, þ. e. höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á 4. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:
1. Við 1. mgr. bætist: en til þeirra teljast, auk tollvarða í föstu starfi, menn, sem fjármálaráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu um stundarsakir eða við sérstök tilefni.
2. Í stað orðanna „konungsúrskurði nr. 1 12. febr. 1919 er ríkisfáninn“ í 2. mgr. komi: 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn.
3. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Skylt er mönnum að verða við kvaðningu tolleftirlitsmanns um aðstoð við tollgæzlu á sama hátt og segir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:
Frá 1. janúar 1957 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli, um leið og þeir eru innheimtir samkvæmt tollskrá, og viðaukum við þá, svo og öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi samkv. 13. gr. laga nr. 4 frá 1956. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu og/eða kaupa á fasteignum í sama skyni. Ríkisstjórnin úrskurðar um það, hvar og hvenær byggja skuli eða kaupa.

4. gr.

Á 5. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:
1. Við 1. mgr. bætist: og ekki fyrr en að fengnu leyfi tolleftirlitsmanns.
2. Síðari málsgr. orðist svo:
Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur frá útlöndum, unz það hefur fengið fyrstu afgreiðslu og samskiptaleyfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu sambandi jafngildir það komu frá útlöndum, ef skip hefur haft samband við annað farartæki, sem ekki hefur fengið samskiptaleyfi, eða látið hefur úr seinustu höfn hérlendis á leið til útlanda. Samskiptaleyfi (tollafgreiðsluskírteini) skal vera skriflegt. Í reglugerð skal nánar kveðið á um gerð þess. Með skip, sem kemur úr utanlandssiglingum og ekki getur sýnt

tollafgreiðsluskírteini frá viðurkenndri tollafgreiðsluhöfn, sbr. 8. gr., skal að öllu leyti farið sem um aðkomuskip væri að ræða.

3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ákvæði laga þessara um skip og hafnir skulu, eftir því sem við á, gilda um flugför og flugvelli. Flugfar táknar í lögum þessum loftskip, flugvélar og önnur flugtæki.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tilteknar hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má það skilyrði um tilteknar tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu, að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að 200000 krónum.

6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla eða setja lás fyrir farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi eftir því, sem þeim þykir nauðsyn til bera. Skylt er skipstjóra að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni, við innsiglun eða lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem þessar ráðstafanir mundu ekki koma að haldi.

Innsigli eða læsingar, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar eða aðra staði í skipi, má enginn nema tolleftirlitsmaður opna eða rjúfa meðan skip er hér við land. Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, ber ábyrgð á brotum gegn þessu ákvæði.

Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tök vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki við komið.

7. gr.

Á 13. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: Kostnaður við flutning tolleftirlitsmanna út í skip og í land við komu skips og brottför skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki og hefur hann lögveð í skipinu.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ákveða skal í reglugerð, hvenær hin ýmsu störf tollgæzlunnar skulu unnin án endurgjalds, svo og um greiðslu fyrir störf, sem unnin eru á öðrum tímum.

8. gr.

Við 14. gr. bætist:

Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvöld, að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

9. gr.

Við fyrstu málsgrein 15. gr. bætist:

Séu skjöl þessi ekki afhent eða þau eru ófullnægjandi, má synja um leyfi til að ferma eða afferma skipið, unz úr þessu hefur verið bætt.

10. gr.

Fyrsta málsgrein 17. gr. orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrám, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að krefjast þess, að þetta sé allt flutt í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

11. gr.

Aftan við 19. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu, eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

12. gr.

20. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala í samræmi við það.

13. gr.

Á 22. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „fyrr en slíkar vörur eða farangur hefur verið skoðaður af tolleftirlitsmönnum“ í 2. mgr. komi: og skulu þeir aðstoða tolleftirlitsmenn eftir þörfum við skoðun slíkra vara eða farangurs.
2. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Heimilt er tolleftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslenzku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipi, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.

14. gr.

Á 24. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein orðist svo:

   Á fyrstu höfn, sem skip, er hefur meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans þrjú samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis lýsir skriflega yfir, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.

2. Síðari málsliður 2. mgr. verður svo:
Eitt samrit af aðalfarmskránni ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins með fyrstu ferð, en öðru heldur hann sjálfur eða ráðstafar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins.
3. Í stað orðsins „Hitt“ í upphafi 3. mgr. komi: Þriðja.
4. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Að lokinni affermingu á hverri höfn skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt, ef tolleftirlitsmenn krefjast þess, að láta þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipinu á þeirri höfn.

15. gr.

Á 25. gr. eru gerðar þessar breytingar:
1. Í stað orðanna „áfram til hans“ í 2. mgr. komi: áfram til annarrar tollhafnar.
2. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákveða má í reglugerð, að flutning á ótollafgreiddum vörum samkvæmt þessari grein megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til, að tryggt sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um umbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.

16. gr.

28. gr. falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

17. gr.

Aftan við 29. gr., sem verður 28. gr., bætist:
Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

18. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, er verður IV. kafli, svo hljóðandi, og breytist kaflatala og greinatala samkvæmt því:

IV. KAFLI
Um afgreiðslur o. fl.

a-liður (verður 31. gr.).
Þar sem tollgæzlan hefur umráð vörugeymsluhúsa, geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar þangað beint úr skipi til geymslu og tollafgreiðslu.
Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.
b-liður (verður 32. gr.).
Afgreiðslumenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli hafna innanlands, skulu hafa til umráða næga geymslustaði fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi. Vörur, sem fluttar eru í lokuðum umbúðum eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, skulu fluttar beint úr flutningstækjum í sérstök vörugeymsluhús, sem ráðuneytið hefur viðurkennt til þeirra nota í samráði við viðkomandi tollstjóra. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um vörugeymslur og vörzlur ótollafgreidds varnings. Má þar

ákveða viðurlög við því, ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast fyrirmælum tollstjóra um vörzlu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Afgreiðslumönnum ber að leggja tolleftirlitsmönnum til aðgreint rúm í vörugeymsluhúsum sínum til rannsóknar á vörum.

c-liður (verður 33. gr.).

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur eða vörur, sem bundnar eru skilyrðum um innflutning, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

19. gr.

Á 36. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „ekki lægri en 100 kr.“ í 1. mgr. komi: ekki lægri en 500 kr. og allt að 200000 krónum.
2. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Það varðar sektum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr skipi skipsforða eða aðra muni eða varning, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í skipi, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt. Enn fremur skulu sæta sömu viðurlögum þeir, sem veita viðtöku slíkum varningi til brottflutnings úr skipi eða aðstoða við flutning hans af skipsfjöl.
3. Önnur málsgrein greinarinnar fellur niður.
4. Þriðja málsgrein orðist svo:

   Enn fremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur eða andvirði vara, sem undan hefur verið skotið, rangt sagt til um eða ólöglega með farið samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Fyrsti málsliður 40. gr. orðist þannig:

Það varðar skipstjóra eða útgerðarmann sektum allt að 200000 krónum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er samkvæmt 22. gr., eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum.

21. gr.

1. málsliður 43. gr. orðist svo:

Brot gegn 31., 32. og 33. gr. varða skipstjóra eða afgreiðslumann sektum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vörum, sem afhentar eru í bága við ákvæði 33. gr., og má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir gjöldunum, ásamt sektum og kostnaði, í eignum sökunauts og selja hið lögtekna á þann hátt, er segir í 28. gr.

22. gr.

44. gr. orðist þannig:

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

24. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breytingu á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 597. Nefndarálit [114. mál]

um till. til þál. um tilraunir með kjarnorkuvopn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar á nokkrum fundum og m. a. reynt að kynna sér, hvort þjóðþing nágrannaríkja vorra hefðu gert samþykktir sams konar og ætlazt er til með þessari till. til þál.

Samkvæmt þeim upplýsingum, er enn hafa borizt nefndinni, verður ekki séð, að sams konar tillaga hafi verið samþykkt af nokkru þeirra.

Samt sem áður þótti rétt að sinna þessu máli á þann hátt, er fært þykir eftir atvikum, og leggur nefndin því til, að þáltill. verði samþykkt með

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því á þeim vettvangi, er líklegastur er talinn til árangurs, að felldar verði niður allar frekari tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn.

Gunnar Thoroddsen og Jóhann Hafstein voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. marz 1956.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. F. R. Valdimarsson.
Gylfi Þ. Gíslason. Hermann Jónasson.

Ed. 598. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

53. gr. orðist þannig:

Heimilt er fræðslumálastjórn, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluráðs, að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hliti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna allar breytingar, jafnóðum og þær verða.

Nú hefur barnaskóli hlotið löggildingu samkv. 1. málsgr. og starfað fimm ár eða lengur með góðum árangri að dómi fræðslumálastjórnar, og er þá heimilt að greiða úr ríkissjóði hálf laun fastra kennara við þann skóla og iðgjald til lífeyrissjóðs, 6% af fjárhæð, er nemur fullum launum hlutaðeigandi kennara, enda fái þeir greiddan úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði lögmæltan hluta launa og iðgjalds til lífeyrissjóðs og verði ráðnir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 599. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um verðtryggingarsjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þessu var vísað til fjárhagsnefndar 27. okt. s. l. Málið reyndist ekki hafa fylgi nema eins nefndarmanns, þ. e. flutningsmanns. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Skúli Guðmundsson, form. Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Karl Guðjónsson.

Sþ. 600. Skýrsla

menntamálaráðherra vegna þingsályktunar frá 10. marz 1954, um ráðstafanir til öryggis handritum, skjölum og forngripum.

Alþingi samþykkti hinn 10. marz 1954 þingsályktunartillögu um ráðstafanir til öryggis merkustu skjölum og forngripum þjóðarinnar.

Menntamálaráðuneytið fól forstöðumönnum fjögurra ríkissafna ásamt húsameistara ríkisins að athuga mál þetta og gera í því tillögur.

Þeir hafa nú sent ráðuneytinu skýrslu um málið, og hefur menntamálaráðherra nýlega rætt málið við þá.

Ráðuneytið telur, að málefni þetta þurfi að íhuga og rannsaka betur, áður en teknar eru ákvarðanir um, hvað í því skuli gera, en rétt þótti að gera alþingismönnum kost á því að kynna sér efni skýrslunnar, og er hún því prentuð hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 26. marz 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

HÚSAMEISTARI RÍKISINS

Reykjavík, í febr. 1956.

Í marzmánuði 1955 kvaddi húsameistari ríkisins, samkvæmt bréfi menntamálaráðherra, forstöðumenn 4 ríkisstofnana til starfa í nefnd, sem skyldi rannsaka og gera tillögur um öryggismál safnanna, en einkum hversu ráðlegt mundi vera að gera neðanjarðargeymslu við safnhúsið á Arnarhóli, sbr. ályktun Alþingis samþykkta í marz 1954.

Nefnd þessi var skipuð landsbókaverði, háskólabókaverði, þjóðskjalaverði, þjóðminjaverði ásamt húsameistara ríkisins.

Meginverkefni nefndarinnar var að sjálfsögðu það fyrst að rannsaka þörf safnanna á auknum öruggum geymslum. Í þeim efnum eru Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn verst á vegi stödd og mikil nauðsyn, að þar verði úr bætt. Verður það aðeins gert með því að byggja vel traust neðanjarðarskýli, sem tekið gæti móti mestu verðmætum safnanna til geymslu, nokkrum að staðaldri, en öðrum þegar t. d. væri um styrjaldarhættu að ræða.

Að þessu leyti eru hús hinna tveggja safnanna miklu betur sett og ekki að svo stöddu brýn þörf á ráðstöfunum þeirra vegna.

Brottflutning hinna mikilvægustu hluta safnanna úr bænum telur nefndin sjaldan koma til greina á friðartíma og stríða gegn hlutverki safnanna, en á háskastund er hæpið, að hægt sé að framkvæma hann. Þess vegna leggur nefndin áherzlu á, að komið verði upp slíkri geymslu sem umrædd þingsályktun fjallar um í húsum safnanna sjálfra eða við þau.

Við athugun á því að byggja öryggisgeymslu við safnhúsið á Arnarhóli kom í ljós, að ef hún á að vera allvel trygg, hlýtur hún að kosta mikið fé, enda aðstæður allar erfiðar vegna þess, að hún yrði að byggjast neðanjarðar. Um annan viðauka við safnhúsið er ekki að ræða.

Þá er að gæta þeirrar staðreyndar, sem verður að ráða mestu um þessar áætlanir allar, að safnhúsið er þegar orðið með öllu ófullnægjandi til að gegna hlutverki sínu fyrir þjóðskjala- og bókasafn landsins, og innan fárra ára verður ekki lengur hjá því komizt að rýmka til mikilla muna húsakost safnanna og skapa þeim með því betri starfsskilyrði.

Nefndin leggur öll eindregið til, að í stað þess, að ráðizt verði í kostnaðarsamar framkvæmdir við byggingu á öryggisgeymslu hjá safnhúsinu á Arnarhóli, verði því fé heldur varið til þess að hefja byggingarframkvæmdir nýs safnhúss á hentugum stað, og fullnægi það öryggiskröfum, sem gera verður til slíkrar safnbyggingar, og öllu verði þannig hagað, að unnt verði að stækka það hús eftir vaxtarkröfum langrar framtíðar.

Vill nefndin í því sambandi benda á auðar lóðir við Melaveg, vestan við háskólahverfið, að Melatorgi. Sá staður liggur mjög vel í nálægð við allar helztu vísinda- og menningarstofnanir, og um betri safnstað er vart að ræða í bæjarlandinu.

Væri æskilegt að tryggja sér þær lóðir, áður en þeim verður ráðstafað á annan veg.

Safnhúsið frá 1909 má aftur vel gegna nýju hlutverki, t. d. sem aðsetur hæstaréttar, svo að eitthvað sé nefnt.

Nefndinni er ljóst, að hér er um mikið átak að ræða, en telur óhjákvæmilegt, að horfast verði í augu við þær staðreyndir, sem sýna, að reisa verður nýtt safnhús áður langt líður.

Það er brýnt, að undirbúningur geti hafizt hið fyrsta. Eru það því eindregnar tillögur nefndarinnar og tilmæli, að hæstvirtur menntamálaráðherra komi því til vegar, að tillaga til þingsályktunar verði lögð fyrir Alþingi, er nú situr, um að fela ríkisstjórninni undirbúning að því að reisa nýtt hús fyrir Landsbókasafn og Þjóðskalasafn og þeim undirbúningi verði hraðað.

Virðingarfyllst,

Finnur Sigmundsson, landsbókavörður.	Barði Guðmundsson, þjóðskjalavörður.
Björn Sigfússon, háskólabókavörður.	Kristján Eldjárn, þjóðminjavörður.

Hörður Bjarnason,
húsameistari ríkisins.

Ed. 601. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1940, um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1956.

Páll Zóphóníasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.
Hermann Jónasson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 602. Lög [165. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 409.

Ed. 603. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin samþykkti að mæla með frumvarpinu.

Alþingi, 26. marz 1956.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Gísli Jónsson.
Haraldur Guðmundsson. Karl Kristjánsson.

Nd. 604. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá Karli Guðjónssyni, Lúðvík Jósefssyni, Hannibal Valdimarssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Á eftir 7. gr. komi 23 nýjar greinar ásamt kaflafyrirsögnum sem hér segir:

a. (fyrirsögn). **II. kafli: Ráðstafanir til atvinnujöfnunar.**
b. (fyrirsögn). **A. Stækkun friðunarsvæða.**
c. (8. gr.) Ríkisstjórnin setji nýjar reglur um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, og feli þær reglur í sér stækkun friðunarsvæða frá því, sem er í núgildandi reglugerð, sem hér segir:

1. Friðunarlínan fyrir Vestfjörðum á svæðinu milli Bjargtanga og Kögurs skal dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar þeir, sem hún nú er miðuð við (nr. 43—47), þó þannig, að aðliggjandi takmarkalínur núverandi friðunarsvæðis að norðan og sunnan framlengjast í beina stefnu, þangað til þær ná þessari nýju línu.
2. Friðunarlínan fyrir Austfjörðum og Suðausturlandi á svæðinu milli Langaness og Ingólfshöfða verði dregin þannig, að takmarkalína núverandi friðunarsvæðis, þar sem hún er dregin utan við grunnlínupunkt nr. 12 (Langanes), framlengist í beina línu og liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 15 og 16. Þaðan skal línan dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 17—19 og í útlínu núverandi friðunarsvæðis við Hvalbak (grunnlínupunkt 50). Þaðan sé línan framlengd og liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 24 og 25, þangað til hún nær línu, sem framlengist í beina stefnu frá takmarkalínu núverandi friðunarsvæðis utan við grunnlínupunkt nr. 28 (Ingólfshöfða).
3. Eftirtaldar breytingar verði gerðar á grunnlínunni og friðunarlínunni í samræmi við það:
   a. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 1 og 5, þ. e. frá Horni í Ásbúðarrif.
   b. Grunnlínan verði dregin beint milli punktanna 6 og 9, þ. e. frá Siglunesi í Rauðanúp.
   c. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 28 og 31, þ. e. frá Ingólfshöfða í punktinn Meðallandspunktur II.
   d. Grunnlínan verði dregin beint milli punktanna 35 og 39, þ. e. frá Geirfuglaskeri í Eldeyjardrang.

d. (fyrirsögn). **B. Togarasmíðar innanlands og aukning togaraflotans.**

e. (9. gr.) Ríkisstjórnin skal leita eftir samningum við íslenzkar skipasmíðastöðvar um smíði þriggja togara af fullkomnustu gerð.

Einnig skal ríkisstjórnin kaupa erlendis frá tólf fullkomna togara.

Undirbúning þessara framkvæmda skal miða við það, að smíði þeirra 15 skipa, sem hér um ræðir, ljúki á árunum 1957, 1958 og 1959.

f. (10. gr.) Til framkvæmda samkvæmt 9. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán allt að 150 milljónum króna.

g. (11. gr.) Tíu skipa þeirra, sem um ræðir í 9. gr., er ríkisstjórninni heimilt að selja einstaklingum, hlutafélögum, samvinnufélögum, bæjar- eða sveitarfélögum eða hverjum þeim lögformlegum aðilum, sem reka vilja slík skip hérlendis.

h. (fyrirsögn). **C. Togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.**

i. (12. gr.) Ríkið gerir sjálft út eigi færri en fimm togara af þeim skipum, sem um ræðir í 9. gr., og skulu þeir fyrst og fremst afla hráefnis fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnaskorts.

j. (13. gr.) Höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins er að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar vinnu hverju sinni. Við ákvörðun þess, hvar ríkistogari skuli leggja upp afla sinn, má útgerðarstjórnin einnig taka tillit til þess, að illa hagnýtt fiskiðjuver fái aukið hráefni til vinnslu.

k. (14. gr.) Stjórn togaraútgerðar ríkisins skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra.

l. (15. gr.) Togaraútgerð ríkisins hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og ber ríkissjóður ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sér því fyrir rekstrarfé.

m. (16. gr.) Reikningsár togaraútgerðar ríkisins skal vera almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. marz ár hvert. Skal þá þegar senda ríkisstjórninni rekstrar- og efnahagsreikninga skipanna, undirritaða af útgerðarstjórninni,

reikningshaldara og framkvæmdastjóra, ásamt skýrslu um rekstur útgerðarinnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda og í ríkisreikningnum.

n. (17. gr.) Sett verði reglugerð um tilhögun alla og rekstur togaraútgerðar ríkisins, og skal sérstaklega tryggt með ákvæðum hennar, að jöfnun atvinnunnar verði sem bezt náð.

o. (fyrirsögn). **D. Þátttaka ríkisins í togaraútgerð með bæjar- og sveitarfélögum.**

p. (18. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til þess að kaupa hlutabréf í hlutafélögum, sem stofnuð eru með þátttöku tveggja eða fleiri bæjar- og/eða hreppsfélaga til að reka togaraútgerð.

q. (19. gr.) Nú verða stjórnir tveggja eða fleiri bæjar- og/eða hreppsfélaga, þar sem atvinna er stopul eða fiskvinnslustöðvar skortir verkefni, sammála um að stofna félag til útgerðar samkvæmt 18. gr. laga þessara og leggja fram hlutafé í þeim tilgangi, og skulu þær þá leita eftir hlutafjárframlögum hjá íbúunum, hver á sínum stað, og öðrum, er þær telja til greina koma sem hluthafa. Þegar safnazt hefur hlutafé, er nemur að minnsta kosti 10% af áætluðum stofnkostnaði útgerðarinnar, er bæjar- og/eða hreppstjórnum rétt að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins með beiðni um hlutafjárframlög af hálfu ríkisins, og er þá ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að 10% stofnkostnaðar, enda séu löndunar- og verkunarskilyrði togaraafla fyrir hendi í þeim kaupstöðum eða kauptúnum, er að félagsstofnuninni standa.

r. (20. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán allt að 80% af stofnkostnaði útgerðarhlutafélaga, sem mynduð eru samkvæmt ákvæðum 18. og 19. gr. þessara laga.

s. (21. gr.) Um stofnun og stjórn félags, sem myndað er samkvæmt ákvæðum 18. og 19. gr. laga þessara, fer eftir almennum lögum um hlutafélög. Val framkvæmdastjóra er þó háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

t. (22. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán til þess að fullnægja ákvæðum 18.—20. gr. þessara laga.

u. (fyrirsögn). **E. Stuðningur ríkisins við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda.**

v. (23. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að taka 50 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum til atvinnuframkvæmda og framleiðsluaukningar.

x. (24. gr.) Lánum til bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt 23. gr. skal fyrst og fremst varið til byggingar eða endurbóta á frystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, lýsisvinnslustöðvum og til annarra mikilvægra fiskvinnslustöðva. Einnig má veita slík lán til framkvæmda, er miða að því að bæta aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa eða með öðrum hætti auðvelda hagnýtingu sjávarafla.

y. (25. gr.) Heimilt er bæjar- eða sveitarstjórnum að endurlána einstaklingum eða félögum lán þessi, enda sé jafnframt örugglega frá því gengið, að lánin komi þannig að fullu gagni til atvinnu- og framleiðsluaukningar á staðnum.

z. (26. gr.) Jafnvægisnefnd úthlutar lánunum til bæjar- og sveitarfélaga, enda fylgist nefndin með því og taki tillit til þess, hvernig atvinnu- og framleiðsluaukning verði bezt tryggð.

þ. (fyrirsögn). **III. kafli: Ráðstafanir til aðstöðujöfnunar.**

æ. (27. gr.) Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fari fram í öllum kaupstöðum landsins, þannig að innflutningsskrifstofan í Reykjavík ákveður ársfjórðungslega þann gjaldeyri, sem úthluta má í hverju úthlutunarumdæmi.

ö. (28. gr.) Sala gjaldeyris fari fram í öllum útibúum gjaldeyrisbankanna og í sparisjóðum í þeim kaupstöðum, þar sem ekki eru slík bankaútibú.

aa. (29. gr.) Afgreiðsla íbúðarlána eftir ákvörðunum húsnæðismálastjórnar fari fram í öllum kaupstöðum landsins.

bb. (30. gr.) Ríkisstjórnin leiti samninga við stærstu skipafélögin um fastar áætlunarferðir erlendis frá til helztu hafnarbæja utan Faxaflóasvæðisins.

Nd. 605. Breytingartillaga [178. mál]

við till. til þál. um innflutning vörubifreiða.

Frá Gunnari Jóhannssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við tillögugreinina bætist:
Jafnframt verði úthlutað leyfum til innflutnings á 150 landbúnaðarbifreiðum til bænda og 100 jeppabifreiðum til annarra aðila.

Nd. 606. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr. Við 4. málsgr. bætist: án leyfis náttúruverndarráðs.
2. Við 10. gr. Í stað orðanna „Ferðafélag Íslands" komi: Skógræktarfélag Íslands.

Nd. 607. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til laga um að banna hnefaleika.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt. — Einn nefndarmanna, Jónas Rafnar, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. marz 1956.

Páll Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.
	Gísli Guðmundsson.	

Fylgiskjal.

ÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS (ÍSÍ)

Reykjavík, 26. marz 1956.

Alþingi Íslendinga, Reykjavík.

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sem haldinn var mánudaginn 26. marz 1956, var tekið fyrir og rætt frumvarp, sem lagt hefur verið fram á Alþingi og fjallar um að banna hnefaleika.

Samþykkti framkvæmdastjórnin eftirfarandi ályktun í máli þessu:

„Framkvæmdastjórn ÍSÍ mótmælir frumvarpi því, sem fram er komið á Alþingi um að banna hnefaleika, og skorar á háttvirt Alþingi að vísa því frá."

Til skýringar ályktun þessari viljum vér benda háttvirtu Alþingi á eftirfarandi:

Hnefaleikar eru og hafa verið viðurkennd íþróttagrein um allan heim, þar sem íþróttir eru á annað borð, og hefur svo verið um langan aldur, og í þessari íþrótt er m. a. keppt á hverjum Ólympíuleikum.

Hér á landi hafa hnefaleikar verið iðkaðir um árabil, en gagnrýni eigi komið fram á þeim sem íþrótt fyrr en á síðari árum.

Á Norðurlöndum hefur mjög verið rætt um hnefaleika, og á ráðstefnu íþróttasambands Norðurlanda, sem haldin var í Kaupmannahöfn 14.—15. febr. 1955, var upplýst, að Norðurlöndin öll að Íslandi einu undanskildu hafa um nokkurn tíma látið fram fara rannsókn á hnefaleikum, og hefur sú rannsókn verið bæði læknisleg og félagsleg. Ráðstefnan samþykkti eftirfarandi í þessu máli:

„Það kom fram í umræðum, að ráðstefnan telur árásirnar á hnefaleikana órökstuddar.

Þar sem íþróttasamböndin í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi hafa þegar látið framkvæma um nokkurt skeið læknislega og félagslega rannsókn á hnefaleikum, var ráðstefnan sammála um að sameina þessar rannsóknir og þegar þeim lýkur þá leggja fram niðurstöður þeirra fyrir næstu ráðstefnu ríkisíþróttasambandanna."

Sú ráðstefna er þegar ákveðin í júní í sumar í Helsingfors í Finnlandi.

Það má geta þess hér, að stjórn ÍSÍ hefur tekið þátt í undirbúningi að stofnun norrænnar vísindastofnunar, sem m. a. á að annast vísindalega rannsókn á áhrifum íþróttanna. Á stjórnarfundi í ÍSÍ í febrúar s. l. kom til tals m. a. að hefja samvinnu við Háskóla Íslands (læknadeild) eða Læknafélagið í máli þessu.

Er þetta atriði enn í undirbúningi, en vænta má þess, að ákvarðanir verði teknar í sumar á þingi Ríkisíþróttasambanda Norðurlanda.

Leggja viljum vér sérstaka áherzlu á þá staðreynd, er vér teljum að skipti meginmáli í sambandi við mál þetta, en hún er sú, að samkvæmt íþróttalögunum frá 1940 er Íþróttasamband Íslands æðsti aðili um alla frjálsa íþróttastarfsemi í landinu, og hnefaleikar hafa lengi verið á stefnuskrá ÍSÍ.

Fáum vér eigi annað séð en það sé í ósamræmi við áðurnefnd lög, að Alþingi banni tiltekna íþróttagrein, sem í þessu tilfelli er hnefaleikar.

Samkvæmt gildandi lögum er það verkefni Íþróttasambandsins að ákveða sjálft, hvaða íþróttagreinar það hefur á stefnuskrá sinni. Hefur svo verið frá því að íþróttalögin voru samþykkt 1940 og í raun og veru miklu lengur, eða allt frá því að ÍSÍ var stofnað 1912, að um þetta hefur verið viðurkennd hefð.

Ef Alþingi nú tæki sig til og samþykkti framkomið frumvarp um að banna hnefaleika, verður það eigi skilið á annan veg en þann, að sjálft löggjafarvaldið líti svo á, að Íþróttasambandið sé ekki fært um að gegna einu af meginhlutverkum sínum.

Sjúkradagpeningar mega þó ekki vera hærri en svo, að þeir ásamt öðrum tekjum hlutaðeigandi nemi sjúkradagpeningum samkvæmt grein þessari að viðbættum þriðjungi, og aldrei fara fram úr þrem fjórðu hlutum þeirra tekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Ef ósannað er, að skilyrði þessarar málsgreinar séu uppfyllt, má fresta úrskurði um dagpeninga þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur á veikindaárinu eru fyrir hendi.

Gift kona fær ekki greidda sjúkradagpeninga, þótt hún missi atvinnutekjur, ef maður hennar getur séð henni farborða. Sama gildir um kvæntan mann, ef konan er tekjuaflandi. Ef hlutaðeigandi hefur ekki unnið utan heimilis, er heimilt að greiða dagpeninga, allt að því sem svarar lífeyrisupphæð samkvæmt 13. gr.

54. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 52. gr., nema Tryggingastofnunin geri sjálf samningana í umboði hlutaðeigandi samlags.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann.

Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á samkvæmt 52. gr. b. og c., en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi. Þó skal sjúkrasamlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað þess að lækka iðgjöldin, að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki veittar samkvæmt 52. gr. b. og c., til aukinnar greiðslu sjúkradagpeninga, fjölskyldubóta eða til hinna tryggðu upp í kostnað við læknishjálp.

Ef ekki næst samkomulag við opinber sjúkrahús um daggjald, ákveður heilbrigðismálaráðuneytið daggjaldið í einu lagi fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu, sbr. 52. gr. a. Sé um einkasjúkrahús að ræða, getur Tryggingastofnunin ákveðið, að samlag endurgreiði sjúklingum tiltekna upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn. Breyting daggjalda skal jafnan tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara.

55. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og er þá samlagi hans heimilt að greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu.

Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

56. gr.

Nú flyzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingaskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga, og um greiðslu sjúkrakostnaðar, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta sjúkrahjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

C. Tekjur.

57. gr.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórna og umsögn stjórnar héraðssamlaga, þar sem þau eru. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem heimilisfang eiga í umdæmi sjúkrasamlags og eldri eru en 16 ára. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

58. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður greiða hvor um sig til sjúkrasamlaganna þriðjung greiddra iðgjalda. Greiðast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir árlega framlag til sjúkrasamlaganna, sem nema skal 4% af samanlögðum bótagreiðslum deildarinnar næsta ár

á undan. Framlag þetta greiðist í fernu lagi, í lok hvers ársfjórðungs, og skiptist milli þeirra í réttu hlutfalli við greidd iðgjöld á næsta ári á undan.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft ár eða heilt ár, greiðast framlögin í samræmi við það.

V. KAFLI
SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

A. Um bætur.

59. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Fjölskyldubætur og dagpeningar.
b. Barnalífeyrir og dagpeningar.
c. Barnalífeyrir, mæðralaun og ekkjubætur samkvæmt 20. gr.
d. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri en einni tegund bóta, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar.

Ef maður, sem nýtur slysabóta samkv. III. kafla, ætti rétt á hærri bótum, eftir öðrum ákvæðum, skal greiða honum mismuninn til viðbótar. Sé hinn slysatryggði einnig tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið sjúkrakostnað hans vegna gegn endurgreiðslu frá slysatryggingunni.

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, falla bótagreiðslur niður, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs. Þegar um er að ræða sjúkling, sem haldinn er ellikröm eða öðrum slíkum sjúkdómi, skal Tryggingastofnunin þó greiða lífeyri hans að viðbættum 20% upp í dvalarkostnað hans, sbr. þó næstu málsgr.

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

60. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

61. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

62. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta

fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, inflúenza, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla bóta vegna slíkra sjúkdóma, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

63. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem öðlazt hefur rétt til dagpeninga eða lífeyris frá slysatryggingunni, heldur þeim rétti, þótt hann flytji af landi brott.

64. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

65. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna, þó eigi lengur aftur í tímann en tvö ár og eigi lengur en 3 mánuði að því er varðar sjúkradagpeninga. Bætur samkvæmt II. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar þegar bótarétti lýkur.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

66. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.

67. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Tryggingastofnunin getur og dregið upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

68. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, er hann eða hún hafa valdið, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi sérstakt framsal.

69. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelur þar.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

70. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkv. lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

71. gr.

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun þeirra opinberra starfsmanna, sem lægst laun hafa, samkvæmt launalögum.

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

72. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar, í Reykjavík fyrir 1. apríl, ár hvert gera skrá í þrem eintökum yfir alla þá, sem heimilisfastir eru innan hlutaðeigandi sveitarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára.

Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og enn fremur aðrar þær upplýsingar, er varða iðgjaldagreiðslur hlutaðeiganda. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattyfirvalds, sem leggur á iðgjöld samkvæmt 27. gr. Annað eintakið sendist innheimtumönnum, sbr. 75. gr., hitt eintakið Tryggingastofnuninni.

73. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 29. gr. og 43. gr. skulu skattanefnd og skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattanefndar eða skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem rétt eiga til slysabóta samkvæmt 35.—38. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgrein 43. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

74. gr.

Gjaldskrár samkvæmt 72. og 73. gr. skulu liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskrám.

Kæra má til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd skulu endurskoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

75. gr.

Iðgjöld samkvæmt 72. og 73. gr. skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjaldanna.

Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum. Þó getur Tryggingastofnun ríkisins annast innheimtuna sjálf í einstökum lögsagnarumdæmum, ef hún kýs það.

Um gjald fyrir innheimtu af iðgjöldum, samkv. lögum þessum, fer eftir launalögum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

76. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína, og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupi þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt eða eignarskatt það ár, og má ekki krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattgjaldstekna hans, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyristryggingin greiðir sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, er njóta elli- og örorkulífeyris. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvors annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

77. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtumaður eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til innheimtumanna. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupi, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein, og viðurlög við vanrækslu, skulu sett með reglugerð.

78. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 57. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 51. gr. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 19. gr., bætur samkv. 20. gr. eða slysabætur samkvæmt III. kafla laganna.

79. gr.

Iðgjöld samkvæmt 29. gr., 43. gr. og 57. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkvæmt 29. gr. og 43. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

C. Önnur ákvæði.

80. gr.

Varasjóður Tryggingastofnunar ríkisins verður varasjóður lífeyristrygginganna og leggjast vextirnir við höfuðstólinn. Það fé, sem er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar vegna slysatrygginganna, færist á sérreikning þeirra. Annað vörzlufé stofnunarinnar sé framvegis í vörzlu þeirrar deildar, sem fer með lífeyristryggingarnar.

Tryggingastofnuninni er heimilt að veita lán úr varasjóði til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Handbært fé stofnunarinnar, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

81. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skulu greiddir hlutaðeigandi sveitarfélögum, er þau hafa komið upp hæli, sem félagsmálaráðherra viðurkennir, fyrir gamalmenni og öryrkja.

82. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að lífeyrisdeild greiði:

a. kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum;
b. gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin;
c. kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dvelja hér um stundarsakir;
d. allt að 300 þúsund krónur á ári í styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59/1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Úthlutun fjárins ákveður tryggingaráð og að fengnum tillögum landlæknis, að því er varðar styrk til læknisvitjanasjóða.

83. gr.

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkvæmt 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir 76. gr. framfærslulaga.

Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Verði vanskil af hálfu meðlagsskylds aðila, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkvæmt 76. gr. framfærslulaga. Skal

Tryggingastofnunin svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 12 mánaða frá greiðslu lífeyrisins bera fram kröfu um endurgreiðslu á hendur framfærslusveit barnsföður, og skal hún þá greiða skuldina innan 6 mánaða frá móttöku kröfunnar.

Nú vanrækir framfærslusveit að sinna kröfunni, og getur þá Tryggingastofnunin krafið ríkissjóð greiðslu samkvæmt 50. gr. framfærslulaga, en þó skulu slíkar kröfur gerðar eigi síðar en tveim árum eftir að krafan hefur verið send framfærslusveit. Nánari ákvæði um endurgreiðslu setur ráðuneytið með reglugerð.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu barnalífeyris, sem fráskildar konur fá úrskurðaðan með börnum sínum.

84. gr.

Ógift móðir, sem verður að fella niður vinnu og missir tekjur sínar vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar, á rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni, auk fæðingarstyrks skv. 19. gr., allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði samanlagt fyrir og eftir barnsburð, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi á sama hátt og í 83. gr. segir um endurkröfurétt á barnalífeyri.

85. gr.

Tryggingastofnunin skal veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem Tryggingastofnunin setur fyrir slíkri viðurkenningu. Það skal m. a. sett sem skilyrði, að þeir veiti félagsmönnum sínum elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri, er ekki sé lægri en tryggður er með lögum þessum. Félagsmenn slíkra sérsjóða og lögboðinna lífeyrissjóða greiði til Tryggingastofnunarinnar iðgjald, er miða skal við þær bætur, er þeir gætu átt kröfu til frá Tryggingastofnuninni. Ráðherra ákveður iðgjöldin að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Tryggingaráð getur krafizt þess, að iðgjaldið sé innheimt af sérsjóðunum, svo og að þeir skuldbindi sig til að gera Tryggingastofnunina skaðlausa af þeim félagsmönnum, sem hverfa úr sjóðnum til almannatrygginganna. — Þessir sjóðir skulu greiða sjúkrasamlagsiðgjöld örorkulífeyrisþega sinna og ellilífeyrisþega, sem orðnir eru 67 ára, enda færi þeir sönnur á, að tekjur þeirra séu ekki svo háar, að valda muni missi lífeyris samkvæmt 22. gr.

Tryggingastofnunin annast reikningshald og daglega afgreiðslu þeirra lífeyrissjóða, sem lögum samkvæmt eiga að vera í hennar vörzlu, og getur tekið að sér sams konar störf fyrir aðra lífeyrissjóði, sem viðurkenndir eru samkvæmt grein þessari.

86. gr.

Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein.

87. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

88. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

89. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum til Tryggingastofnunar ríkisins, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1956. Ákvæði 22. gr. um skerðingu lífeyris koma þó til framkvæmda frá 1. janúar 1956. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50/1946, III. kafli laga nr. 104/1943 og lög nr. 116/1954.

Frá og með 1. janúar 1956 er 2. málsgr. 13. gr. laga nr. 50/1946 úr gildi fallin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftirtalin ákvæði laga þessara koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1957:

2. gr. 2. mgr., 8. gr. 2. mgr., 10. gr. 3. mgr., 19. gr., 23. gr., 24. gr., 27. gr., 48. gr. a., 52. gr. og 58. gr. 2. mgr.

Til 31. desember 1956 skal fara um atriði þau, sem þessi ákvæði fjalla um, eftir sömu reglum og gilt hafa.

Ríkisstjórnin lætur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins og öryrkjafélögin í landinu fara fram á því athugun, á hvern hátt hagkvæmast verði fyrir komið að nota sem bezt starfsorku öryrkjanna, t. d. með stofnun og rekstri öryrkjaskóla, öryrkjaheimila og öryrkjavinnustöðva, þar sem öryrkjunum yrðu sköpuð viðunandi lífsskilyrði á borð við aðra þegna þjóðfélagsins, og skulu niðurstöður þeirra athugana liggja fyrir ásamt tillögum fyrir lok yfirstandandi árs.

Ed. 620. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Sjúkrasamlög í kaupstöðum skulu hafa á hendi umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þau skulu hafa á hendi alla framkvæmd trygginganna í sínu umdæmi, þar með úrskurði um bætur og bótagreiðslur. Tryggingaráð skal þó hafa eftirlit með störfum samlaganna og gæta þess, að sem mest samræmi verði í framkvæmd laganna á hverjum stað.

Tryggingaráð getur ákveðið að fela öðrum sjúkrasamlögum sams konar framkvæmd laganna og sjúkrasamlögum í kaupstöðum, og skal þá við það miðað, að sem flestir landsmenn hafi greiða aðstöðu til beins sambands við tryggingarnar. Heimilt skal tryggingaráði að semja við sýslumenn og bæjarfógeta um innheimtustörf fyrir tryggingarnar.

Ráðherra ákveður umboðsaðilum tryggginganna þóknun fyrir störf þeirra.

Ed. 621. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin athugaði frumvarp þetta, þótt tími til þess væri naumur, þar sem það var afgreitt frá Nd. í gærkvöld og vísað til nefndarinnar á fundi í nótt.

Búið er að afgreiða sem lög frumvarp um atvinnuleysistryggingar, og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að setja nýja löggjöf um vinnumiðlun.

Nefndarmenn eru alls ekki ánægðir með frumvarp þetta að öllu leyti, en telja hins vegar ekki rétt að leggja til, að því verði breytt, vegna þess að það gæti hindrað framgang löggjafar um vinnumiðlun á þessu þingi, sem komið er að slitum, enda álíta þeir forsvaranlegt að samþykkja frumvarpið óbreytt, ekki sízt með tilliti til þess, að telja má víst, að ákvæði þess verði tekin til endurskoðunar um leið og lögin um atvinnuleysistryggingar, sem skylt er að endurskoða innan tveggja ára, svo náið samband er þar á milli.

Samkvæmt framansögðu leggur heilbrigðis- og félagsmálanefnd til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 27. marz 1956.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.

Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Sþ. 622. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Tillögu þessari, sem flutt er af þingmönnum Alþýðuflokksins, var vísað til utanríkismálanefndar 9. nóvember s. l. Hefur hún verið rædd á nokkrum fundum nefndarinnar, síðast á fundi, sem haldinn var í dag. Undirritaðir nefndarmenn hafa orðið ásáttir um að leggja til, að tillagan verði afgreidd á þann veg, sem segir í breytingartillögu á þingskjali 623.

Alþingi, 27. marz 1956.

Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. Hermann Jónasson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 623. Breytingartillögur [19. mál]

við till. til þál. um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa yfir:

Stefna Íslands í utanríkismálum verði hér eftir sem hingað til við það miðuð að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins, að höfð sé vinsamleg sambúð við allar þjóðir og að Íslendingar eigi samstöðu um öryggismál við nágrannaþjóðir sínar, m. a. með samstarfi í Atlantshafsbandalaginu.

Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi

á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja — þó ekki hernaðarstörf — og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins.

2. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um stefnu Íslands í utanríkismálum og um meðferð varnarsamningsins við Bandaríkin.

Nd. 624. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

a. Erik Örn Gíslason, verkamaður í Reykjavík, fæddur 30. marz 1922 í Danmörku.
b. Hannes Jón Sigurður Sigurðsson, barn í Reykjavík, fæddur 14. jan. 1950 á Íslandi.
c. Hansen, Robert Goldberg, matsveinn í Reykjavík, fæddur 11. okt. 1931 í Danmörku.
d. Hovgaard, Karl Frithjof, skósmiður á Akureyri, fæddur 21. nóv. 1924 í Færeyjum.
e. Poulsen, Jens, bifreiðarstjóri í Borgarnesi, fæddur 9. okt. 1924 í Færeyjum.
f. Poulsen, Joen Hilmar, sjómaður, Vopnafirði, fæddur 5. ágúst 1926 í Færeyjum.
g. Welding, Dagny, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. nóv. 1926 í Eistlandi.

Alþingi, 27. marz 1956.

Björn Ólafsson, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Einar Ingimundarson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 625. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þessu er ætlað að koma í stað laga, sem nú gilda um prentfrelsi hér á landi og eru að ýmsu leyti úrelt. Er því tímabært, að ný lög verði sett um þetta efni í samræmi við breyttar aðstæður.

Lög um prentrétt eru sett til að tryggja það, að prentfrelsið sé ekki misnotað í skjóli þeirra réttinda, sem veitt eru með 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Nefndin telur frv. þetta taka mjög fram eldri lögum um sama efni og vill því leggja til, að það verði samþykkt. Hins vegar er nefndin þeirrar skoðunar, að nokkuð skorti á, að frv. nái þeim tilgangi að hindra misnotkun prentfrelsisins. Vill hún sérstaklega benda á, að mikil misnotkun á sér stað í hagnaðarskyni með

útgáfu rita um glæpi, hroðasögur og lostugar frásagnir og sölu erlendra rita um sama efni, sem hafa mjög spillandi áhrif á börn og unglinga. Verður því að telja útgáfu þessara rita svo siðspillandi, að æskilegt sé frá sjónarmiði alþjóðar, að hindruð væri útgáfa þeirra og sala til almennings. Vafasamt er, hvort frv., ef að lögum verður, hindrar það, að hægt sé að gefa út slík þjóðskaðleg sorprit, þótt útgáfa þeirra og sala sé frekleg misnotkun á prentfrelsinu og skákað sé í því skjóli, að frekar verði sætt sig við, að ýmsir menn geri sér slíka skemmdarstarfsemi að atvinnu, en að hætta á, að prentfrelsið samkvæmt stjórnarskránni sé skert.

Þótt frumvarpinu sé ábótavant í þessu efni, leggur nefndin ekki til, að breytingar verði á því gerðar, í því trausti, að dómsmálaráðherra komi á framfæri slíkum breytingum síðar, þegar málið hefur verið nægilega athugað.

GJóh áskilur sér rétt til að fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 27. marz 1956.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.

Gunnar Jóhannsson. Einar Ingimundarson.

Sþ. **626. Breytingartillaga** **[195. mál]**

við till. til þál. um endurreisn biskupsstóls í Skálholti.

Frá Gísla Guðmundssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Í stað „endurreisn biskupsstóls í Skálholti“ komi: flutning biskupsstóls frá Reykjavík að Skálholti.

Ed. **627. Nefndarálit** [6. mál]

um frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þessu var vísað til menntamálanefndar í gær og kom þá frá Nd. Það var lagt fram sem stjórnarfrv. og tók lítils háttar breytingum í Nd.

Menntamálanefnd Ed. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmenn (HG og SÓÓ) voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. marz 1956.

Ingólfur Flygenring, form. Andrés Eyjólfsson, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.

Ed. 628. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til íþróttalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 15. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Skólanemendum yngri en 15 ára er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

Fjarstaddir voru HG og SÓÓ.

Alþingi, 27. marz 1956.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.

Ed. 629. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi frv. þetta til fræðslumálastjóra og Sambands íslenzkra barnakennara til umsagnar, og eru svör þeirra prentuð sem fylgiskjöl með nál.

Nú er svo áliðið þings, að óhugsandi er, að frv. þetta geti orðið að lögum á þessu þingi. Þó að skoðanir nefndarmanna séu nokkuð skiptar um málið, hafa þeir þó orðið sammála um að leggja til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Tveir nefndarmenn (HG og SÓÓ) voru fjarstaddir, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 27. marz 1956.

Ingólfur Flygenring, form.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

26. janúar 1956.

Vegna frumvarps til laga á þskj. 239, sem menntamálanefnd Nd. Alþingis sendi hingað til umsagnar 23. þ. m., skal þetta sagt:

1. Stefnt er að því, að farkennslufyrirkomulagið hverfi og heimavistarskólar, heimanaksturs- eða heimangönguskólar komi í staðinn. Þess vegna kemur vart til greina að skipa farkennara, hvort sem þeir hafa kennarapróf eða ekki.
2. Samkv. skrá þeirri, sem vitnað er til í greinargerð frumvarpsins, eru nú aðeins 4 kennarar í föstum skólum, sem kennt hafa 15 ár og lengur, og 3 kennarar eru í föstum skólum, sem kennt hafa 10—14 ár. Hér er því vart nema um 7 kennara að ræða næstu 5 árin, sem fengið gætu veitingu fyrir stöðum sínum samkv. heimild frumvarpsins, svo fremi að farskólum verði ekki breytt í fasta skóla.

3. Sé aðaltilgangur frumvarpsins sá, að fólk, sem kennt hefur í 15 ár eða lengur, geti fengið fengið veitingu fyrir stöðum þeim, er það gegnir nú, tel ég, að það taki ekki „brauð" frá fólki, sem hefur lokið kennaraprófi, því að hér er yfirleitt um stöður að ræða, sem kennaraprófsfólk hefur ekki sótt um.
4. Enda þótt ég telji litlar líkur vera til þess, að hróflað verði við þeim kennurum næsta áratuginn, sem ekki hafa kennarapróf, en kennt hafa 10 ár eða lengur, — hvað þá þeim, sem þegar hafa kennt í a. m. k. 15 ár, — þá er eðlilegt, að kennararnir teldu framtíð sinni betur borgið, ef þeir fengju veitingu fyrir stöðum þeim, er þeir gegna nú.
5. Frumvarpið sjálft ber ekki með sér, hvort ætlazt sé til þess, að hlutaðeigandi kennari öðlist almenn kennararéttindi hliðstæð kennaraprófi. Ég geng út frá, að svo sé ekki, heldur sé heimildinni aðeins ætlað að tryggja það, að kennarinn fái að halda stöðu þeirri, er hann hefur nú, og þurfi ekki að víkja, hvaða ár sem maður með kennaraprófi kann að leita eftir starfinu (sbr. grg.).
6. Ég get ekki mælt með því, að umrædd heimild verði veitt án tímatakmörkunar, því að þótt nú sé hörgull á kennurum með kennaraprófi, m. a. vegna þess, að margir kennarar eiga völ á betur launuðum störfum, þá getur það breytzt fyrr en varir. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til þess að amast við því, að heimildin verði veitt í 5 ár, þ. e. til ársloka 1960. Enn fremur tel ég sjálfsagt, að hlutaðeigandi skólanefnd þurfi að óska eftir skipun kennarans. Tel ég því, að orða ætti heimildina þannig:

   „Þó má til ársloka 1960, að fenginni ósk hlutaðeigandi skólanefndar, skipa próflausa kennara, þegar þeir hafa starfað sem ráðnir eða settir kennarar í 15 ár eða lengur, ef námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því."

Helgi Elíasson.

Til menntamálanefndar neðri deildar, Alþingi.

Fylgiskjal II.

SAMBAND ÍSLENZKRA BARNAKENNARA

Reykjavík, 6. febrúar 1956.

Hér með leyfir stjórn Sambands ísl. barnakennara sér að senda háttvirtri menntamálanefnd eftirfarandi ályktun sem svar við fyrirspurn nefndarinnar, dags. 23. jan. s. l., varðandi afstöðu S. Í. B. til breytingartillögu á þingskjali 239 við lög nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Stjórn Sambands ísl. barnakennara vill vekja athygli á því, að meðal höfuðstefnumála kennarasamtakanna er aukin kennaramenntun og réttindamál. Hafa verið gerðar um þau mál samþykktir á mörgum kennaraþingum, og kennarasamtökin fagna þeim árangri, sem þegar hefur náðst.

Stjórn S. Í. B. mótmælir því mjög eindregið breytingu þeirri á fræðslulögunum, sem felst í nefndu frumvarpi. Hefur stjórnin leitað álits skólastjóra kennaraskólans um þetta mál, og er hann fyllilega samþykkur að mæla gegn frumvarpinu.

Kennarastéttin hefur margsýnt það og sannað, að henni er annt um menntun sína. Þeir eru mjög margir innan hennar, sem brotizt hafa í því að afla sér framhaldsmenntunar til viðbótar við þá fræðslu, sem þeir hlutu til kennaraprófs. Skilyrði þess, að sá andi haldist, virðist vera það, að ekki sé slakað á undirbúningskröfum. Séu þær kröfur skornar niður í svo að segja ekki neitt, hlýtur stéttin að missa traust annarra og virðingu fyrir sjálfri sér. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því, þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður, að auka og bæta kennaranámið. Námstími á ári hefur verið lengdur, námsárum fjölgað úr þremur í fjögur og inntöku-

skilyrði í skólann stórlega þyngd. Allt þetta miðar að því að gera kennarastéttina sem hæfasta í starfi. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að menn geti öðlazt full kennararéttindi án þess að hafa lokið þessu námi. Afleiðing af því hlýtur að verða sú, að aðstaða kennaraskólans veikist á allan hátt. Mundi því margur hugsa sig um tvisvar, hvora leiðina hann ætti að velja, að leggja út í jafnerfitt nám og kennaranámið er nú þegar orðið eða fara beint út í kennarastarf og ávinna sér réttindi með því móti. Innan fárra áratuga gæti þá svo farið, að próflausir menn og lítt lærðir yrðu í meiri hluta innan barnakennarastéttarinnar.

Stjórn S. Í. B. hefur borizt eftirfarandi ályktun frá skólafélagi kennaraskólans:

„Fundurinn lítur svo á, að enginn maður geti orðið alhliða hæfur kennari af reynslunni einni saman, heldur verði hann að byggja á þeirri þekkingu, sem færustu kennarar geta veitt með leiðbeiningu og þjálfun. Það beri því að keppa að því, að allir barnakennarar framtíðarinnar verði sem bezt menntaðir í sinni grein, og þeim einum verði veitt full réttindi til að kenna í barnaskólum landsins, sem lokið hafa tilskildu kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands."

Það er því sameiginleg skoðun sambandsstjórnar og skólastjóra kennaraskólans, að þjóðarheildinni sé nauðsyn að eiga sérmenntaða og vel menntaða kennarastétt. Úr því, sem á vantar, að svo sé nú, virðist frumvarp þetta sízt bæta. Það er frekar uppgjöf á allri viðleitni til umbóta og gengur í berhögg við stefnumál kennarasamtakanna.

Pálmi Jósefsson, form. Guðmundur Í. Guðjónsson, ritari.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 630. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Unglingum í gagnfræðaskólum skal séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem kenndar eru.

Til vara:

Unglingum í unglingaskólum skal séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem kenndar eru.

Nd. 631. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til laga um þjóðhátíðardag Íslendinga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Afgreiðsla þessa máls hefur dregizt óeðlilega lengi í nefndinni, og virðist meiri hlutinn hafa lítinn áhuga á afgreiðslu þess.

Ég tel hins vegar sjálfsagt, að málið verði afgreitt, og legg til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. marz 1956.

Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 632. Þingsályktun [156. mál]

um greiðslu bátagjaldeyrishlunninda til sjómanna í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 380.

Sþ. 633. Þingsályktun [181. mál]

um tæknilegar og viðskiptalegar umbætur í sjávarútveginum.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 467.

Ed. 634. Frumvarp til laga [6. mál]

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Börnum við skyldunám barnafræðslustigsins, skv. 2. gr. laga nr. 34/1946, skal séð fyrir ókeypis námsbókum í greinum þeim, sem kenndar eru.

Unglingum í unglingaskólum skal séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem kenndar eru.

2. gr.

Námsbókanefnd, skipuð fimm mönnum, annast útgáfu námsbóka skv. 1. gr. og kveður á um efni þeirra og gerð. Reynt skal að tryggja, að öll ytri gerð bókanna standist almennar kröfur um útlit og gæði.

Menntamálaráðherra skipar námsbókanefnd til fjögurra ára í senn: tvo menn skv. tillögu Sambands ísl. barnakennara, einn skv. tillögu Landssambands framhaldsskólakennara, en formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Fræðslumálastjóri á sæti í nefndinni.

3. gr.

Námsbókanefnd skal sjá um, að á hverjum tíma sé fyrir hendi námsbók í hverri grein. Nú eru gefnar út tvær námsbækur í sömu grein, og ákveða þá skólastjórar og kennarar hvers skóla, hvor bókin skuli notuð við kennslu í skólanum.

Námsbókanefnd ákveður ritlaun til handa höfundum námsbóka, er skulu við það miðuð, að hæfir menn fáist til starfans. Nefndinni er og heimilt að efna til samkeppni um ritun einstakra námsbóka.

Námsbókanefnd er heimilt að láta gera önnur kennslutæki eða sjá um útvegun þeirra, enda séu þau seld nemendum og skólum við kostnaðarverði.

4. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs skulu skólanefndir eða fræðsluráð, hver í sínu héraði, senda námsbókanefndinni greinargerð um þær bækur, sem þær óska eftir til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna í skólahéraðinu. Námsbókanefndin sendir síðan nægilegan fjölda bóka.

Hverjum nemanda skal afhenda eitt eintak af hverri bók, sem hann á að nota til námsins. Ef sú bók glatast eða skemmist, skal nemandanum gert að skyldu að kaupa nýja bók við kostnaðarverði. Viðkomandi skóli annast um sölu slíkra bóka, ef námsbókanefnd óskar þess, og stendur henni skil á andvirði seldra bóka.

Heimilt skal að hafa allar námsbækur ríkisútgáfunnar til sölu á frjálsum bókamarkaði.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, að fengnum tillögum námsbókanefndar, framkvæmdastjóra, er vinnur undir yfirstjórn nefndarinnar að störfum þeim, sem undir hana ber samkvæmt lögum þessum. Menntamálaráðherra setur framkvæmdastjóranum erindisbréf.

6. gr.

Menntamálaráðherra ákveður laun námsbókanefndar og framkvæmdastjóra hennar.

7. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist að ⅓ hluta úr ríkissjóði og að ⅔ hlutum með sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám samkvæmt 1. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag ríkisins og námsbókagjald, hvort tveggja með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 10/1951, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

Ed. 635. Lög [129. mál]

um náttúruvernd.

(Afgreidd frá Ed. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 610 (sbr. 232).

Ed. 636. Lög [166. mál]

um vinnumiðlun.

(Afgreidd frá Ed. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 609.

Nd. 637. Lög [26. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 487.

Sþ. 638. Nefndarálit [194. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til raforkuframkvæmda.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við tillögugreinina bætist: enda fari ábyrgðarfjárhæðin ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið.

Alþingi, 27. marz 1956.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Hannibal Valdimarsson. Jón Kjartansson. Karl Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 639. Nefndarálit [196. mál]

um till. til þál. um smíði varðskips.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft mjög skamman tíma til athugunar á þessu máli. Tillögunni var fyrst vísað til nefndarinnar í dag, og til þess að hún geti hlotið afgreiðslu á þingi því, sem nú er að ljúka, er nauðsynlegt, að nefndin afgreiði hana frá sér samdægurs.

Allir nefndarmenn eru samþykkir því sjónarmiði, sem fram kemur í tillögunni, að nauðsyn beri til, að smíðað verði stórt og vel útbúið varðskip til viðbótar þeim, sem fyrir eru. Það er hvort tveggja, að annað hinna stóru varðskipa landhelgisgæzlunnar, Ægir, uppfyllir ekki lengur þær kröfur, sem gera verður um ganghraða til varðskipa, sem mikið mæðir á, og það, að skipið hefur nú verið að mestu tekið til annarra þýðingarmikilla starfa á sviði fiskveiðanna, fiskirannsókna, síldarleitar og könnunar nýrra fiskimiða. Allt eru þetta störf, sem brýn þörf er á að sinnt sé í sívaxandi mæli.

Segja má, að með tilkomu slíks skips, sem hér er fyrirhugað að smíða, jafnframt vaxandi notkun flugvéla til gæzlunnar, sé sæmilega séð fyrir landhelgisgæzlunni fyrst um sinn.

Fjárveitinganefnd mælir því eindregið með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 27. marz 1956.

Pétur Ottesen, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Hannibal Valdimarsson. Jón Kjartansson. Karl Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 640. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur klofnað um málið. Hermann Jónasson hefur í nefndinni borið fram brtt. við tillöguna og Gylfi Þ. Gíslason og Jörundur Brynjólfsson lýst sig fylgjandi henni. Ég bar fram í nefndinni brtt. við brtt. Hermanns Jónassonar og flyt hana sérstaklega. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í n. töldu sig ekki viðbúna að taka afstöðu til þessara tillagna.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 27. marz 1956.

Finnbogi R. Valdimarsson.

Sþ. 641. Breytingartillaga [19. mál]

við brtt. á þskj. 623 [Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna].

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar (FRV).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í 7. gr. varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, og jafnframt að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkjanna og ráði Norður-Atlantshafsbandalagsins, að Íslendingar óski ekki að endurnýja samninginn, m. a. með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum þrátt fyrir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu.

Jafnframt skal sömu aðilum tilkynnt, að Íslendingar muni heldur kjósa að sjá sjálfir um nauðsynlegt viðhald mannvirkja og útbúnaðar (sbr. 7. gr. samningsins) en heimila Bandaríkjunum að annast það, — þó muni Íslendingar ekki taka að sér neins konar hernaðarstörf, — en þess sé óskað, að allur her verði farinn héðan fyrir 5. maí 1957.

Verði ekki fallizt á þetta, skal ríkisstjórnin segja samningnum upp að liðnum sex mánuðum frá því, að ósk um endurskoðun var borin fram, og leggja frv. um uppsögn samningsins og afnám lagagildis hans fyrir næsta Alþingi.

Frá því að ósk um endurskoðun verður borin fram samkv. 1. mgr., skal ríkisstjórnin enga samninga gera um frekari mannvirkjagerð hér á landi samkv. samningnum og jafframt gera ráðstafanir til, að fækkað verði starfsliði á vegum hersins og við mannvirki í sambandi við stöðvar hans hér á landi, gæta þess vandlega, að slík vinna valdi ekki skorti á vinnuafli við íslenzka atvinnuvegi og framkvæmdir, og herða á ráðstöfunum til þess að girða fyrir öll ónauðsynleg samskipti milli hersins og Íslendinga.

Sþ. 642. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til að kaupa hlutabréf Síldarbræðslunnar h/f og til endurbóta á síldarverksmiðjunni.

Frá fjárveitinganefnd.

Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir Seyðisfjarðarkaupstað lán til kaupa á hlutabréfum Síldarbræðslunnar h/f á Seyðisfirði, enda samþykki ríkisstjórnin kaupverðið. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 1.5 milljón króna lán til endurbóta á síldarverksmiðjunni, ef hlutabréfakaupin takast.

Greinargerð.

Atvinnuástand á Seyðisfirði hefur undanfarin ár verið allerfitt. Má meðal annars rekja það til þess, að algerlega hefur skort aðstöðu í landi til hraðfrystingar á fiski. Leiðir af því, að kaupstaðurinn hefur ekki haft nálægt því full not af botnvörpungnum Ísólfi, sem er eign Seyðfirðinga. Til þess að ráða hér á nokkra bót er Seyðisfjarðarbær að láta reisa fiskiðjuver í kaupstaðnum, og standa vonir til, að því verði lokið á þessu ári.

Nauðsynlegur þáttur í rekstri allra frystihúsa er verksmiðja, sem unnið getur úr fiskúrgangi.

Forráðamenn Seyðisfjarðarkaupstaðar telja þá lausn hagkvæmasta á því máli, að bærinn kaupi síldarverksmiðju þá, sem Síldarbræðslan h/f á nú á Seyðisfirði, og endurbæti hana svo, að hún geti, auk þess að vinna síld, unnið allan úrgang, sem til fellur frá fiskiðjuverinu.

Ríkisstjórnin er sammála um, að framkvæmdir þær, sem hér er rætt um, varði svo miklu fyrir afkomu manna á Seyðisfirði, að réttmætt sé, að til þeirra sé veittur sá stuðningur, sem felst í þingsályktunartillögu þessari.

Fylgiskjal.

LÁRUS JÓHANNESSON,
hæstaréttarlögmaður.

Reykjavík, 24. marz 1956.

Til ríkisstjórnar Íslands.

Eins og hinni virðulegu ríkisstjórn er kunnugt, hafa Seyðfirðingar verið að brjótast í því að koma upp fiskiðjuveri þar á staðnum. Fjárhagsgetan til þess er lítil, en nauðsynin svo auðsæ, að ekki er nokkur vafi á, að fjörðurinn leggst í auðn, ef byggingu fiskiðjuversins verður ekki lokið á þessu ári.

Á meðan ástandið er eins og það er, eru ekki nálægt því full not af botnvörpungnum „Ísólfi", sem er eign Seyðfirðinga. Bátar, sem gerðir eru út þaðan, verða að fara til Norðfjarðar eða Eskifjarðar til að fá frystan fisk sinn, og sætir það mestu furðu, að nokkur skip skuli vera þar eftir.

Þegar fiskiðjuverið er aftur á móti komið í starfhæft ástand, er ekki einungis von um, að sala báta frá staðnum hætti, heldur miklar líkur til þess, að útgerð frá staðnum aukist verulega við hinar bættu aðstæður.

Upprunalega var áætlað, að fiskiðjuverið kostaði 5 370 000.00 kr., en við hækkun þá, sem leiddi af verkfallinu síðastliðið ár, og þá almennu verðhækkun, sem sigldi í kjölfar þess, hefur kostnaðaráætlunin hækkað um 715 þús. kr., og er því áætlað, að fiskiðjuverið kosti nú uppkomið kr. 6 085 000.00. Kostnaðaráætlunin hefur hingað til staðizt prýðilega.

19. jan. 1956 var skýrsla gerð um, hvað búið væri að greiða til iðjuversins. Fylgir hún með sem fylgiskjal 1 og er samin af Jóhannesi Sigfússyni, bæjarstjóra. Sést á henni, að þá er búið að greiða skv. bókhaldi bæjarins kr. 3 859 112.00, en síðan hefur verkinu verið haldið óslitið áfram.

Enn fremur sést á sömu skýrslu, hvernig bæjarstjórnin hefur hugsað sér að afla þeirra kr. 2 226 000.00, sem á vantar, að fiskiðjuverið verði fullgert, og er því þá treyst, að Framkvæmdabanki Íslands, sem hefur lánað 900 þús. kr. til stofnunar fiskiðjuversins og skuldbundið sig til að lána 900 þús. kr. til viðbótar, bæti við lánsupphæð sína 710 þús. kr.

En þótt fé þetta fáist og fiskiðjuverið sjálft komist upp, er sá gallinn á, að enn vantar verksmiðju til að vinna úr fiskúrgangi, en það er nú talinn nauðsynlegur liður í rekstri allra frystihúsa.

Í þessu sambandi er að tala um tvær leiðir, önnur sú að byggja hæð ofan á fiskiðjuverið og hafa verksmiðjuna í sama húsi og er áætlunin um það í fylgiskjali 2 með bréfi þessu. Skv. henni kostar verksmiðja, sem vinnur úr 300 málum síldar á sólarhring eða sem svarar til 30 smálesta af fiskúrgangi, kr. 905 900.00, en verksmiðja, sem vinnur úr 600 málum eða ca. 80 smálestum af úrgangi, kr. 1 469 900.00. Við þetta bætist svo, að því er mér skilst, hækkun á húsinu kr. 300 000.00, raflagnir og lykteyðingartæki ca. 55 000.00.

Bæjarstjórnin telur algerlega nauðsynlegt, til þess að full not fáist af fiskiðjuverinu og það beri sig fjárhagslega, að fiskimjölsverksmiðja sé í sambandi við það, og þarf framanskráða upphæð, ef hún á að vera hluti af fiskiðjuverinu. Ég get þess, að ekki var tekið tillit til þessa kostnaðar í frumáætlun fiskiðjuversins, vegna þess að þá var gengið út frá, að Síldarverksmiðjan á Seyðisfirði h/f gæti unnið úr úrganginum. Nú hefur það aftur á móti komið í ljós, að sú verksmiðja muni ekki geta unnið úr fiskúrgangi frá fiskiðjuverinu, og kemur auðvitað ekki til mála, að ekki sé hægt að gera sér fé úr honum, enda mundi þá öll rekstraráætlun fiskiðjuversins raskast til tjóns fyrir alla.

Í sambandi við athuganir á þessu máli, kaus bæjarstjórn Seyðisfjarðar sérstaka nefnd, sem í voru menn frá öllum flokkum. Komu nefndarmennirnir sér saman um, að hagkvæmara mundi vera fyrir fiskiðjuverið en að reisa nýja verksmiðju í sambandi við það að kaupa 132 600.00 kr. af hlutabréfum í hlutafélaginu Síldarverksmiðja Seyðisfjarðar og slá saman þessum tveimur fyrirtækjum. Hlutaféð í Síldarverksmiðju Seyðisfjarðar er kr. 150 000.00, en af því á bæjarsjóður um kr. 10 000.00 og aðrir hluthafar afganginn, en kr. 132 600.00 eru á 6 höndum, og munu eigendur þeirra fúsir til að selja þau.

Á fylgiskjali 3 með bréfi þessu er yfirlit yfir eignir hlutafélagsins „Síldarbræðslan“ á Seyðisfirði, miðað við 13. febr. 1956. Áætlun þessi er gerð af fyrrnefndum hluthöfum og er lögð fram sem fylgiskjal nr. 3 með bréfi þessu.

Eins og sést á fylgiskjali 3, á Síldarbræðslan h/f geysimiklar eignir. Þær eru af eigendunum metnar á ca. kr. 3 400 000.00.

Ég hef engin tök á því að segja um, hvort þetta mat sé rétt eða ekki, enda er það lauslegt og aðeins sem samningsgrundvöllur, en mér er sem gömlum Seyðfirðing kunnugt um, að ef Seyðisfjörður á nokkra framtíð, er aðstaða sú, sem Síldarbræðslan hefur, sú bezta, sem til er á staðnum, og þeir liðir í áætluninni, sem ég hef nokkra skynsemi til að meta, eru að mínu áliti sanngjarnlega metnir.

Eins og fylgiskjal 3 ber með sér, er þetta matsverð eignanna kr. 3 400 000.00. Skuldir þær, sem á Síldarbræðslunni hvíla, aðallega hjá Útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði, eru um 2 millj. kr., og vilja eigendur hlutabréfanna, sem að samningi þessum standa, selja hlutabréf sín fyrir tífalt verð eða ca. kr. 1 400 000.00.

Ég tek það fram, að það eru ekki eigendur hlutabréfa Síldarbræðslunnar, sem hafa sótzt eftir að selja bréfin, heldur nefnd sú, er bæjarstjórnin kaus, sem hefur fært málið í tal við þá og þeir ekki talið sig geta staðið á móti því.

Eigendum hlutabréfanna er það ljóst, að ekki muni vera hægt að fá greiðslu í

peningum, en mundu gera sig ánægða með að fá skuldabréf, sem ríkissjóður ábyrgist. Skuldabréf þessi greiddust á 10 árum með jöfnum afborgunum og þeim vöxtum, sem um semdist.

Hvort Útibú Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði mundi krefjast ríkisábyrgðar fyrir þeim ca. 2 millj., sem það á hjá Síldarbræðslunni, veit ég ekki um á þessu stigi málsins, en bankinn hefur veð í öllum eignum félagsins.

Því er ekki að neita, að sá galli er á í sambandi við kaup á hlutabréfum í Síldarbræðslunni, að gera þarf allmikið við verksmiðjuna, til þess að hún sé fullkomlega starfhæf. Um þetta atriði fjallar fylgiskjal 4.

Eins og nú standa sakir, vinnur verksmiðjan úr ca. 800 málum af síld á sólarhring.

Ef gert er ráð fyrir, að verksmiðjan yrði ekki stækkuð, en færð í nýtízku horf, mundi kostnaðurinn skv. fylgiskj. 4 verða 950 þús., sem vitanlega þyrfti að greiða í peningum og ríkisstjórnin yrði þá að hjálpa bænum til að greiða. Ef verksmiðjan yrði aftur á móti stækkuð upp í 1800—2000 mál á sólarhring, yrði kostnaðurinn kr. 1 476 000.00.

Ég fyrir mitt leyti álít, að ef horfið yrði að því, að fiskiðjuverinu yrði með aðstoð ríkissjóðs gert kleift að kaupa allar eignir Síldarbræðslunnar á Seyðisfirði, þá yrði verksmiðjan stækkuð. Ég rökstyð þetta með því, að þá fengist raunverulega 1000—1200 mála verksmiðja fyrir hálfa millj. króna, sem vitaskuld er ekki neinir peningar nú á lögum, ef síldveiði brygðist ekki, en menn gera sér nú geysilegar vonir um, að með nýjum útbúnaði verði hægt að veiða síld, þó að hún sé ekki á yfirborði sjávar. Eins og kunnugt er, hefur sumarsíldin legið mest austanlands undanfarin ár. Í þessu sambandi tek ég það fram, að þó að aðferð hafi fundizt til að geyma síld betur heldur en áður, þarf ekki að auka verksmiðjurnar eða annað mikið, til þess að þessi mismunur hyrfi.

Eins og áður er getið, kaus bæjarstjórnin sérstaka nefnd til þess að koma þessu málefni á framfæri við ríkisstjórnina og er sammála um að fara fram á þessa aðstoð. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hr. Pétur Blöndal, hefur átt tal við hv. forsætisráðherra Ólaf Thors, sem sagði honum að snúa sér til mín og biðja mig um að leggja málið fyrir stjórnina, og er bréf þetta því skrifað.

Umboðsmaður Framsóknarflokksins í nefndinni, Björgvin kaupfélagsstjóri Jónsson, mun hafa talað við Eystein Jónsson fjármálaráðherra, og eftir því sem mér er skýrt frá, fengið allgóðar undirtektir hjá honum. Fulltrúi jafnaðarmanna, Gunnþór Björnsson, forseti bæjarstjórnar Seyðisfjarðar, hefur einnig talað við Eystein Jónsson fjármálaráðherra og kveður hann hafa tekið vel í þetta mál, án þess þó að lofa nokkru um framgang þess. Loks hefur Jón Þorsteinsson íshúsvörður á Seyðisfirði, sem er bæjarstjórnarmaður fyrir Framsóknarflokkinn, sagt mér, að hann hafi talað við fjármálaráðherrann og fengið þar mjög góðar undirtektir um þetta mál.

Þar sem allir flokkar standa þannig að þessu og ég tel það nauðsynlegt, vænti ég þess, að ríkisstjórnin sjái sér fært að gera þessar ráðstafanir.

Ég skal svo að endingu í stuttu máli rifja upp það, sem farið er fram á við ríkissjóð, eins og ég hef skilið það:

1. Gengið er út frá, að ríkisstjórnin beiti áhrifum sínum til þess, að Framkvæmdabanki Íslands láni kr. 710 000.00 til þess að fullgera iðjuverið og liðki til með, að væntanlegt atvinnubótafé fyrir árið 1957 verði greitt á þessu ári í sama skyni.
2. Auk þess er farið fram á, að ríkisstjórnin ábyrgist 10 ára lán að upphæð kr. 1 400 000.00—1 500 000.00 til kaupa á hlutabréfum Síldarbræðslunnar á Seyðisfirði h/f, sem greiðist á 10 árum með hæfilegum vöxtum og — ef með þarf — það kr. 2 000 000.00 lán, sem Síldarbræðslan skuldar Útibúi Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði með veði í eignunum, og útvegi bænum kr. 1 500 000.00 — til vara kr. 950 000.00 lán til að endurbæta síldarverksmiðjuna.
3. Ef þetta ekki fæst, er farið fram á, að ríkisstjórnin útvegi 1.8 millj. kr. lán til þess að koma upp 80 tonna fiskimjölsverksmiðju (kr. 1 469 000.00 + kr. 300 000.00)

eða til vara kr. 1 295 000.00 (kr. 810 900.00 + kr. 300 000.00) til að koma upp 30 tonna fiskimjölsverksmiðju á hæð, sem reist verði ofan á hús það, sem búið er að reisa.

Eggert Þorsteinsson alþm. hefur lesið yfir bréf þetta, er sammála því, sem í því stendur og undirritar það með mér.

Virðingarfyllst,

Lárus Jóhannesson. Eggert G. Þorsteinsson.

Fskj. 1.

Fiskiðjuver Seyðisfjarðar.

Áætlað er, að Fiskiðjuverið á Seyðisfirði kosti		kr. 6 085 000.00
Í verkið er komið í dag skv. bókhaldi bæjarins		— 3 859 112.00
Mismunur		kr. 2 225 888.00

Fjárins til þess hluta, sem búinn er, hefur verið aflað sem hér segir:

A. Föst lán:			
1. Ríkissj. Íslands (Atvinnuaukningarfé)	kr.	1 050 000.00	
2. Fiskveiðasjóður	—	300 000.00	
3. Fiskimálasjóður	—	275 000.00	
4. Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins	—	200 000.00	
5. Framkvæmdabanki Íslands	—	900 000.00	
			kr. 2 725 000.00
B. Bráðabirgðalán:			
1. Olíuverzlun Íslands h/f, „BP“	kr.	50 000.00	
2. Landsbanki Íslands, Reykjavík	—	300 000.00	
3. Útvegsbanki Íslands h/f, Seyðisfirði	—	170 000.00	
			— 520 000.00
C. Framlag Seyðisfjarðarkaupstaðar			— 614 000.00
			Kr. 3 859 000.00

Fjárins til þess hluta verksins, sem eftir er, er áætlað að verði aflað sem hér segir, að svo miklu leyti sem hald er á fé:

1. Í sjóði	kr.	21 000.00	
2. Lán Framkvæmdabankans, sem hefur verið ráðstafað til Landssm. v/véla	—	715 000.00	
3. Atvinnuaukningarfé ríkissj. á árinu 1957 ..	—	350 000.00	
4. Atvinnuaukningarfé til viðbótar á þessu ári (kr. 300 000.00 ráðst. til gr. L.Í.)	—	50 000.00	
5. Framlag Seyðisfjarðarkaupst. 1956 og 1957	—	380 000.00	
6. Enn vantar til þess að ljúka verkinu	—	710 000.00	
			— 2 226 000.00
			Kr. 6 085 000.00

Upphaflega var áætlað, að verkið mundi kosta kr. 5 370 000.00, en eins og að ofan segir, er það nú áætlað kr. 6 085 000.00, eða kr. 715 000.00 hærra en fyrst var áætlað, og er það sem næst sú upphæð, sem enn vantar hald í til þess að ljúka verkinu.

Fskj. 2.

Símtal undirritaðs við Þórodd Th. Sigurðsson verkfr., 23. jan. 1956.

Kostnaðaráætlun.

1. Verksmiðja, afköst 300 mál síldar á sólarhring eða ca. 30 tonn með og án feitfiskvéla:

a. Færibönd	kr.	96 900.00	
b. Verksmiðjan sjálf með 1 þurrkara	—	220 000.00	
c. Feitfiskvélar	—	494 000.00	
		kr.	810 900.00
d. Lýsisgeymir 200 tonn		—	95 000.00
		Kr.	905 900.00

e. Innifalið í framangreindu verði eru pípulagnir og vinna við uppsetningu, en ekki raflagnir, sem verða um kr. 25 000.00. Ekki er meðtalin vigt vegna mjöls né heldur renna eða annar útbúnaður til þess að koma burt mjöli.

2. Verksmiðja, afköst 600 mál síldar á sólarhring eða ca. 80 tonn með og án feitfiskvéla:

a. Færibönd	kr.	96 900.00	
b. Verksmiðjan sjálf, með 2 þurrkurum	—	440 000.00	
c. Feitfiskvélar	—	798 000.00	
		kr.	1 334 900.00
d. Lýsisgeymir 300 tonn		—	135 000.00
		Kr.	1 469 900.00

e. Sama og liður 1-e hér að ofan.
Lykteyðingatæki kosta um kr. 30 000.00.

Jóhannes Sigfússon.

Fskj. 3.

Síldarbræðslan h/f, Seyðisfirði.

Eignir pr. 13/5 1956.

Hraðfrystihúsið:

1. Hafskipabryggja, nýbyggð, ca. 20 m með sjó, steypt plan og uppfylling	kr.	150 000.00		
2. a. Hraðfrystihúsið: geymsluklefi fr. 200 tonn einangraður með 2-földum korki (allur) og kælirör	—	250 000.00		
b. Síldarfrystir fyrir 120 tunnur af síld	—	100 000.00		
c. Vinnusalir: Vélasalur etv	—	100 000.00		
d. Vélar:				
1 Baker-pressa 100 þús. ca.	kr.	50 000.00		
1 Viller-pr. 30 þús. ca.	—	20 000.00		
1 Van Severin 100 ha.	—	50 000.00		
1 Rafmótor 20 ha. m/gangs	—	10 000.00		
1 do 70 ha. —	—	30 000.00		
2 Condenser & hraðak.	—	10 000.00		
4 Frystitæki fr. pækil	—	80 000.00		
		kr.	250 000.00	
			kr.	850 000.00

Síldarbræðslan:

1.	Hafskipabryggja, ca. 50 m með sjó, löndunarkrani, mælitæki, flutningsbönd upp í þró ..		kr. 1 000 000.00	
2.	Síldarþró fr. ca. 4000 mál með flutningsbandi til verksmiðju		— 250 000.00	
3.	Hús: Verksmiðjuhús	kr. 150 000.00		
	Bryggjuhúsið	— 25 000.00		
	Pálshús	— 40 000.00		
	Flísahús ⅔ hl.	— 20 000.00		
	Garðhús	— 5 000.00		
	Hafnargata 59	— 30 000.00		
			— 270 000.00	
4.	Lýsistankur, 500 tonna		— 200 000.00	
5.	4 skilvindur		— 200 000.00	
6.	Rafstöð, 50 kw.		— 100 000.00	
7.	Ketill, þurrkari, olíukyndingartæki		— 130 000.00	
8.	3 pressur, sjóðari, kvörn, mjöllyfta, sniglar, leiðslur, dælur, lýsiskör, slamsía og annað tilheyrandi		— 300 000.00	
9.	Lóðarréttindi		— 100 000.00	
				kr. 2 550 000.00
			Samtals	kr. 3 400 000.00

Fskj. 4.

Síldarverksmiðja á Seyðisfirði.

Lausleg áætlun um kostnað við endurbætur og stækkun í 1800—2000 mál á sólarhring.

Sjóðari og pressa f. 1800—2000 mál	kr.	600 000.00
Hristisía	—	16 000.00
Nýr ofn fyrir gamla þurrkarann	—	75 000.00
Nýr þurrkari		
Sniglar frá pressu í þurrkara		
Snigill fyrir hringkeyrslu á beinum		
Aðrir sniglar við þurrkara	—	380 000.00
Kvörn		
Flutningstæki frá þurrkara í kvörn		
Mjölband (færsla)		
Rafmagnsdrif á gamla þurrkarann	—	20 000.00
Raflagnir í verksmiðju	—	80 000.00
Ýmsar dælur með mótorum	—	25 000.00
Hús fyrir nýjan þurrkara	—	50 000.00
Uppsetning á viðbótartækjum	—	60 000.00
	Kr.	1 306 000.00
Ketill með brennara og armatur f. 1800—2000 mála verksmiðju	kr.	170 000.00
Ofangreindar breytingar fyrir 1000 mála verksmiðju	kr.	850 000.00
Ketill f. 1000 mála verksmiðju	kr.	100 000.00

Reykjavík, 14. febrúar 1956.

Fskj. 5.

Upplýsingar til Lárusar Jóhannessonar frá Jónasi Jónssyni forstjóra fiskimjölsverksm. Klettur.

Karfavinnsla. Þegar karfi er flakaður til frystingar, þá nema flökin nál. 25% af fiskþyngdinni. Afgangurinn, ca. 75%, verður að vinnast í verksmiðju, og fæst þá úr honum bæði lýsi og mjöl.

Mjöltekja úr þessu hráefni nemur frá 18% til 20% eftir því, hvort um gernýtingu hráefnisins er að ræða. (Gernýting á sér stað, þegar slamvatnið, sem venjulega hefur runnið til sjávar frá verksmiðjum, er einnig nýtt.)

Lýsistekja er mjög misjöfn eftir því, á hvaða árstíma karfinn er veiddur, en reikna má með ca. 6% sem meðaltali.

Mikil verðmæti eru fólgin í hráefni þessu, og hafa afurðirnar, mjöl og lýsi, selzt jafnóðum.

Hæsta verð, sem verksmiðjur hafa greitt fyrir þetta hráefni, er kr. 450.00. pr. tonn, og hefur það verið greitt hér í Reykjavík. Úti á landi mun það hafa verið mun lægra.

Vinnsla á mögrum fiski (þorskur o. fl.). Flök til frystingar af þessum fiski nema nál. 35% af fiskþyngdinni, og eru þá nál. 65% af fiskinum, sem vinna verður í verksmiðju. Er hér aðeins um mjölvinnslu að ræða, og er mjöltekja frá 20 til 22%. Einnig þetta mjöl hefur verið í góðu verði og selzt jafnóðum. Verð á þessu hráefni hefur verið hæst kr. 250.00 pr. tonn.

Af framansögðu sést, að frystihús, sem ekki getur unnið þennan hluta af hráefninu, er mjög illa statt til góðrar afkomu.

Sþ. 643. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna.

Frá 3. minni hluta utanríkismálanefndar.

Tillaga þessi hefur verið rædd á nokkrum fundum í nefndinni.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að málið verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Svo sem fram kemur í sjálfum varnarsamningnum, hefur það ætíð verið tilætlun Alþingis og ríkisstjórnar, að erlent varnarlið dveldi ekki lengur hér á landi en nauðsynlegt væri vegna öryggis landsins, og þar með friðsamra nágranna þess, að endanlegu mati íslenzkra stjórnvalda. Alþingi áréttar þennan vilja sinn og lýsir yfir því, að það telur rétt, að hafinn sé nauðsynlegur undirbúningur þess, að svo megi verða. Áður en ákvörðun um brottför varnarliðsins er tekin, þarf hins vegar að athuga rækilega hvort tveggja, ástand og horfur í alþjóðamálum og hvernig fyrir skuli koma margháttuðum úrlausnarefnum, er hér skapast af þessum sökum.

Meðal þess, sem athuga þarf í því sambandi, er:

Hefur ástand í alþjóðamálum raunverulega batnað eða aðeins á yfirborði?

Er nokkur sérstök hætta, sem vofir yfir Íslandi?

Hvaða áhrif hafa ný vopn, svo sem eldflaugar, á hernaðarþýðingu Íslands?

Hvaða áhrif hefur brottför varnarliðsins frá Íslandi á varnarmöguleika og öryggi aðildarríkjanna í heild?

Bætir það eða dregur úr friðarhorfum í heiminum, ef dregið er úr öryggi og varnarmöguleikum Atlantshafsbandalagsins?

Geta Íslendingar lagt til nægan mannafla til að tryggja öryggi Íslands eins og nú stendur?

Er hægt að gera það án þess, að á herafla þurfi að halda?

Hversu mikinn mannafla þarf til þeirra starfa, sem fram komnar tillögur gera ráð fyrir, að Íslendingar taki að sér?

Hvers eðlis er sú gæzla varnarmannvirkja, sem tillögurnar ráðgera?

Hvernig fer með kostnað af þessum öryggisráðstöfunum?

Um engin af þessum atriðum eða öðrum, sem íhuga þarf, liggur nein greinargerð fyrir, hvorki á Alþingi né innan ríkisstjórnarinnar.

Með tillögugerð þeirri, sem nú er til umræðu, á hins vegar að lýsa yfir brottför liðsins, jafnvel áður en ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins endurskoðar, hvort lengur þurfi á að halda aðstöðu til varnar landinu, og er þó ótvíræð samningsskylda að bíða slíkrar endurskoðunar, áður en samningnum er sagt upp.

Slík málsmeðferð er í senn mjög hæpin og óhyggileg og er því fremur löguð til að vekja tortryggni, sem utanríkisráðherra hefur hvorki gert ríkisstjórn, Alþingi né almenningi grein fyrir hinum breyttu viðhorfum, sem um ræðir, enda virðist tillagan ekki komin frá honum, heldur flokksþingi framsóknarmanna, því að á síðasta ráðherrafundi Atlantshafsráðsins, hinn 16. des. s.l., sem nú er undir forsæti utanríkisráðherra Íslands, var og gerð ályktun, sem mjög fór í aðra átt.

Að svo vöxnu máli er því ekki tímabært að afgreiða þær tillögur, er fyrir liggja, heldur beina því til utanríkisráðherra, að hann láti rannsaka öll þau atriði, sem að framan greinir, og önnur, er máli skipta, og leggi um þau fullkomna skýrslu fyrir næsta Alþingi, og í trausti þess, að svo verði gert, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 27. marz 1956.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jóhann Hafstein, frsm. Björn Ólafsson.

Nd. 644. Lög [160. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn.

(Afgreidd frá Nd. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 397.

Nd. 645. Lög [6. mál]

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Afgreidd frá Nd. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 634.

Nd. **646. Frumvarp til laga** **[128. mál]**

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahrens, Erlendur Arne, húsasmiður í Reykjavík, fæddur 13. okt. 1913 í Danmörku.
2. Blak Nielsen, Willy, rakarameistari í Reykjavík, fæddur 6. des. 1913 í Danmörku.
3. Brinks, Frode, garðyrkjumaður að Reykjalundi í Grímsnesi, fæddur 16. febr. 1921 í Danmörku.
4. Brückner, Carmen, húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 31. maí 1914 í Frakklandi.
5. Brückner, Karl Helmut, dýralæknir í Rangárvallasýslu, fæddur 17. okt. 1915 í Þýzkalandi.
6. Christiansen, Ejnar Daniel Jakob Garðshodn, smiður í Reykjavík, fæddur 8. febr. 1926 í Færeyjum.
7. Devulder, Jutta Georgette Anni, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd 26. júlí 1931 í Þýzkalandi. Fær réttinn 18. júlí 1956.
8. Erik Örn Gíslason, verkamaður í Reykjavík, fæddur 30. marz 1922 í Danmörku.
9. Fender, Marie Anna, húsmóðir í Reykjavík, fædd 17. júlí 1910 í Þýzkalandi. Fær réttinn 25. apríl 1956.
10. Fick, Maria Elisabeth, húsmóðir í Hrísdal í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu, fædd 19. febr. 1925 í Þýzkalandi.
11. Filbert, Karl William Johansen, málari í Reykjavík, fæddur 5. des. 1919 í Danmörku.
12. Gandil, Ernst Wally, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. marz 1938 í Danmörku.
13. Gandil, Hedda Louise, símastúlka í Reykjavík, fædd 17. ágúst 1933 í Danmörku.
14. Gotfred, Berthina, ráðskona í Reykjavík, fædd 24. des. 1907 í Færeyjum.
15. Hannes Jón Sigurður Sigurðsson, barn í Reykjavík, fæddur 14. jan. 1950 á Íslandi.
16. Hansen, Eskild Henrik, verkamaður í Sandgerði, fæddur 1. sept. 1920 í Færeyjum.
17. Hansen, Robert Goldberg, matsveinn í Reykjavík, fæddur 11. okt. 1931 í Danmörku.
18. Holm, Flemming, cand. oecon., Reykjavík, fæddur 16. júní 1928 í Færeyjum.
19. Hovgaard, Karl Frithjof, skósmiður á Akureyri, fæddur 21. nóv. 1924 í Færeyjum.
20. Isaksen, Niclas Anthon Christian, vélstjóri, Njarðvíkurhreppi, fæddur 27. maí 1918 í Færeyjum.
21. Johannesen, Peter Herluf, verkamaður á Fáskrúðsfirði, fæddur 13. júní 1929 í Færeyjum.
22. Jensen, Carlo Marinus, vefari á Álafossi, fæddur 18. okt. 1918 í Danmörku.
23. Jensen, Jón Harry, sjómaður, Sandhólaferju, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu, fæddur 7. nóv. 1939 í Danmörku.
24. Jensen, Leif Guido, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. jan. 1939 í Danmörku.
25. Kissmann, Dorothea, húsmóðir í Hörgsdal á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu, fædd 24. maí 1926 í Þýzkalandi. Fær réttinn 11. sept. 1956.
26. Körner, Anneliese Ruth, húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 29. jan. 1929 í Þýzkalandi.
27. Meckle, Olga, húsmóðir í Höfn í Hornafirði, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.

28. Mikulcak, Miroslav Randolph, forstjóri í Reykjavík, fæddur 10. sept. 1927 í Tékkóslóvakíu.
29. Müller, Erna, húsmóðir á Signýjarstöðum í Hálsasveit í Borgarfjarðarsýslu, fædd 24. júlí 1931 í Þýzkalandi.
30. Müller, Kurt Heinrich Friedrich, járnsmiður, Seltjarnarnesi, fæddur 25. nóv. 1921 í Þýzkalandi.
31. Nagel, Hans Peter, nemandi í Reykjavík, fæddur 21. okt. 1937 í Þýzkalandi.
32. Nielsen, John Fog, verkamaður, Felli í Mosfellssveit, fæddur 31. ágúst 1933 í Danmörku.
33. Olsen, Martin Kornelius, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur 30. nóv. 1907 í Noregi.
34. Poulsen, Jens, bifreiðarstjóri í Borgarnesi, fæddur 9. okt. 1924 í Færeyjum.
35. Poulsen, Joen Hilmar, sjómaður, Vopnafirði, fæddur 5. ágúst 1926 í Færeyjum.
36. Riba, José Magrina, hljóðfæraleikari, Kópavogi, fæddur 2. okt. 1907 á Spáni.
37. Riba, Pedro Magrina, nemandi, Kópavogi, fæddur 22. okt. 1935 á Spáni.
38. Thorsteinsen, Johannes Andreas Edmund, verkamaður í Njarðvíkurhreppi, fæddur 24. okt. 1924 í Færeyjum.
39. Welding, Dagny, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. nóv. 1926 í Eistlandi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 647. Fyrirspurn [199. mál]

til iðnaðarmálaráðherra um iðnréttindi.

Frá Eggert Þorsteinssyni.

1. Hefur iðnaðarmálaráðherra veitt einstaklingum iðnréttindi, án þess að tilskilin lagaákvæði um iðnám væru uppfyllt?
2. Hafi slík iðnréttindi verið veitt, þá hve mörg og í hvaða iðngreinum s.l. þrjú ár?

Sþ. 648. Þingsályktun [193. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á hlutabréfum í Flugfélagi Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 520.

Sþ. 649. Þingsályktun [174. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 443.

Sþ. 650. Þingsályktun [175. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 444.

Sþ. 651. Þingsályktun [176. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur kyndara og kolamokara.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 445.

Sþ. 652. Þingsályktun [79. mál]

um rannsókn á milliliðagróða.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, sem hafi vald samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka hvers konar milliliðastarfsemi í landinu í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hve mikinn þátt sú starfsemi á í framleiðslu- og framfærslukostnaði landsmanna. Jafnframt skal rannsaka, hvort og þá hvernig hægt sé að lækka milliliðakostnaðinn.

Meðal annars kemur til greina að athuga:

1. Hve mikið vinnuafl er bundið í hverri grein milliliðastarfsemi.
2. Hve mikið af fjármagni þjóðarinnar er þar bundið.
3. Hve mikill milliliðakostnaður bætist við framleiðslukostnað á hvers konar framleiðsluvörum landsmanna, þar til þær koma í hendur neytenda.
4. Hve mikill kostnaður er við dreifingu innlendra og erlendra vara almennt og hve mikil verzlunarálagning er svo og álagning við hvers konar sölu og þjónustu.
5. Hver sé þáttur milliliða í kostnaði við húsbyggingar og við fjárfestingu í þágu framleiðslunnar; enn fremur í leigu húsnæðis.

Leita skal nefndin upplýsinga um hliðstæða liði milliliðakostnaðar í nálægum löndum og gera sem nákvæmastan samanburð á milliliðakostnaði hér og í þessum löndum.

Nefndin skal athuga, hvort viðunandi eftirlit sé með því, að innflytjendur og umboðssalar telji fram umboðslaun, er þeir kunna að hafa fengið erlendis, og geri grein fyrir þeim gjaldeyri.

Nefndin getur heimtað skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af einstökum mönnum, fyrirtækjum, embættismönnum og opinberum nefndum, þótt þagnarskylda hvíli á þeim gagnvart öðrum aðilum, enda hvíli þagnarskylda á nefndinni varðandi allar þannig fengnar upplýsingar.

Hraða skal nefndin rannsókn sinni eftir því, sem við verður komið, og gefa skal hún næsta reglulegu Alþingi skýrslu um störf sín, þótt þeim verði þá ekki lokið.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 653. Þingsályktun [114. mál]

um tilraunir með kjarnorkuvopn.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því á þeim vettvangi, er líklegastur er talinn til árangurs, að felldar verði niður allar frekari tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn.

Sþ. 654. Þingsályktun [195. mál]

um endurreisn biskupsstóls í Skálholti.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 557.

Sþ. 655. Breytingartillaga [19. mál]

við brtt. á þskj. 623 [Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna].

Frá Gils Guðmundssyni.

Niður falli málsgreinin „Stefna Íslands .... samstarfi í Atlantshafsbandalaginu.“

Nd. 656. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Eins og nú er komið tíma þingsins, tel ég eina möguleikann til að fá mál þetta afgreitt, að það verði samþ. óbreytt, og legg því til, að svo verði gert. Gæti þá þegar hafizt margvíslegt og mikilvægt starf, sem frv. þetta stefnir að. Hins vegar mætti auðveldlega á næsta þingi gera þær breytingar á þessu máli, sem nánari athugun og fengin reynsla kynni að leiða í ljós að nauðsynlegar væru.

Sömu afstöðu til þessa máls hefur meðnefndarmaður minn, Jón Pálmason, en hann varð að hverfa heim af þingi í gær.

Alþingi, 28. marz 1956.

Jóhann Hafstein.

Nd. 657. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta snertir eitt af alvarlegustu vandamálum þjóðarinnar, en felur ekki í sér neinar verulegar ráðstafanir til lausnar þeim.

Ég tel, að bæta þurfi í frumvarpið ákvæðum, sem tryggja einhvern jöfnuð í atvinnumöguleikunum. Enn fremur tel ég, að jafna þurfi þann aðstöðumun, sem skapazt hefur með því, að afgreiðsla ýmissa mála, sem alþjóð varða, svo sem úthlutun gjaldeyris, lántökur úr almennum lánasjóðum o. fl., er aðeins fáanleg í Reykjavík.

Ég flyt því (ásamt öðrum þingmönnum) breytingartillögur við frumvarpið og freista þess þannig að samræma frumvarpið yfirlýstum tilgangi sínum.

Alþingi, 28. marz 1956.

Karl Guðjónsson.

Nd. 658. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið var tekið til afgreiðslu á fundi nefndarinnar í dag. Tveir nefndarmanna, Gylfi Þ. Gíslason og Jón Pálmason, voru ekki á fundinum.

Undirritaður mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, en áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum við það.

Alþingi, 28. marz 1956.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 659. Lög [2. mál]

um prentrétt.

(Afgreidd frá Nd. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 2.

Ed. 660. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt, en tveir (GíslJ og IngF) eru frv. andvígir.

Alþingi, 28. marz 1956.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Haraldur Guðmundsson, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 661. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um að banna hnefaleika.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á fundi. Þrír nm. (GíslJ, IngF og VH) leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Aðrir nefndarmenn (HG og KK) tóku ekki afstöðu til málsins.

Alþingi, 28. marz 1956.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Gísli Jónsson.

Ed. 662. Íþróttalög. [3. mál]

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 570.

Ed. 663. Lög [128. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 646.

Ed. 664. Lög [197. mál]

um breytingu á gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 567.

Ed. 665. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. var tekið til umræðu á stuttum fundi nefndarinnar í dag, og gat nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (HG, VH og KK) vill leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en á það gat minni hl. ekki fallizt og færði fram fyrir því eftirfarandi rök:

Snemma á þessu þingi báru tveir þingmenn (JK og GíslJ) fram frv. til laga um breyting á lögum um skemmtanaskatt, þar sem lagt var til, að félagsheimilasjóður fengi svo sem áður var 50% af skemmtanaskattinum í stað 35%, eins og hann fær nú samkvæmt lögum. Frv. þetta á þskj. 50 var sent til umsagnar til fræðslumálastjóra, forstjóra þjóðleikhússins og fjárveitinganefndar, auk þess sem fjhn., sem málinu var vísað til, ræddi frv. við þjóðleikhússtjórnina, þar sem gert

var ráð fyrir, að hlutur þjóðleikhússins yrði skertur sem svaraði aukningu tekna félagsheimilasjóðs við breytingu laganna. Hvorki þjóðleikhússtjórn né fjvn. þótti gerlegt að mæla með því, að frv. yrði gert að lögum, þar sem samþykkt þess mundi rýra mjög tekjur þjóðleikhússins, sem þá yrði að fá aukinn rekstrarstyrk sem því svaraði beint úr ríkissjóði, en fyrir því hafði ekki verið gert ráð við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Jafnframt þessu var upplýst, að í smíðum eru nú 27 félagsheimili og að vangoldin framlög sjóðsins til þeirra um síðustu áramót voru að upphæð 1 millj. króna. Þá er og upplýst, að þótt verkefni sjóðsins verði ekki aukin frá því, sem nú er, muni ógreidd framlög sjóðsins til félagsheimila árið 1959 verða um 5—6 millj. kr., nema því aðeins að sjóðnum sé séð fyrir nýjum tekjum. Eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir, lagði nefndin til einróma, að frv. yrði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Frv. þetta mundi, ef að lögum yrði, rýra verulega tekjur þjóðleikhússins, sem bæta yrði á annan hátt að óbreyttum aðstæðum. Hins vegar vaxa ógreidd framlög félagsheimilasjóðsins svo mikið árlega, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt. Deildin lítur því svo á, að aðkallandi sé, að fram sé látin fara heildarendurskoðun á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og að í þeim lögum verði sett þannig ákvæði, að saman geti að jafnaði farið lögboðin framlög úr félagsheimilasjóði og hraði byggingarframkvæmda félagsheimila, enda verði sjóðnum séð fyrir eðlilegum tekjum til þess að mæta útgjöldum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti framkvæma endurskoðun laganna á þessum grundvelli og leggi síðan tillögur til breytinga á lögunum fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Að þessari samþykkt í nefndinni stóðu einnig þeir tveir þm. (KK og HG), sem nú leggja til, að samþykkt verði frv. á þskj. 611, sem sýnilega mundi stórlega íþyngja félagsheimilasjóði, ef að lögum verður, og þetta er gert án þess að bera fram nokkra tillögu til tekna fyrir sjóðinn. Efri deild samþykkti einróma dagskrá nefndarinnar á fundi sínum 23. febr. þ. á., og var þar enginn ágreiningur um þá afgreiðslu.

Með tilvísun til þessa leggur minni hl. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram endurskoðun á lögum nr. 77 5. júní 1947, svo sem fram er tekið á þskj. 389, og að þá verði athugað jafnframt, hvort gerlegt þykir að færa út verksvið félagsheimilasjóðs, svo sem til er ætlazt í frv. á þskj. 611, án þess þó að gera fjárhagsafkomu sjóðsins lakari, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. marz 1956.

Gísli Jónsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr.

Nd. 666. Breytingartillaga [191. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá Skúla Guðmundssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Karli Guðjónssyni.

Við 11. gr. bætist ný málsgr., þannig:

Nú eru lán veitt úr sjóðnum til annarra aðila en sveitarstjórna, og skulu þá félög, er starfa eftir þeim reglum, samkvæmt lögum eða samþykktum, að öruggt er, að þau flytji ekki eignir sínar burt úr byggðarlaginu við félagsslit, hafa forgangsrétt að slíkum lánum.

Nd. **667. Frumvarp til laga** [191. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

Um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, í því skyni að auka skilyrði til fólksfjölgunar eða draga úr fólksfækkun í þeim landshlutum.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni fimm manna jafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Jafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar Jafnvægissjóði og ráðstafar eignum hans samkvæmt III. kafla þessara laga.

5. gr.

Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán úr Jafnvægissjóði, sbr. III. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI

A. Togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

8. gr.

Ríkið gerir sjálft út eigi færri en fimm togara af þeim skipum, sem um ræðir í 9. gr., og skulu þeir fyrst og fremst afla hráefnis fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnaskorts.

9. gr.

Höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins er að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar vinnu hverju sinni. Við ákvörðun þess, hvar ríkistogari skuli leggja upp afla sinn, má útgerðarstjórnin einnig taka tillit til þess, að illa hagnýtt fiskiðjuver fái aukið hráefni til vinnslu.

10. gr.

Stjórn togaraútgerðar ríkisins skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra.

11. gr.

Togaraútgerð ríkisins hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og ber ríkissjóður ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sér því fyrir rekstrarfé.

12. gr.

Reikningsár togaraútgerðar ríkisins skal vera almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. marz ár hvert. Skal þá þegar senda ríkisstjórninni rekstrar- og efnahagsreikninga skipanna, undirritaða af útgerðarstjórninni, reikningshaldara og framkvæmdastjóra, ásamt skýrslu um rekstur útgerðarinnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda og í ríkisreikningnum.

13. gr.

Sett verði reglugerð um tilhögun alla og rekstur togaraútgerðar ríkisins, og skal sérstaklega tryggt með ákvæðum hennar, að jöfnun atvinnunnar verði sem bezt náð.

B. Þátttaka ríkisins í togaraútgerð með bæjar- og sveitarfélögum.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til þess að kaupa hlutabréf í hlutafélögum, sem stofnuð eru með þátttöku tveggja eða fleiri bæjar- og/eða hreppsfélaga til að reka togaraútgerð.

15. gr.

Nú verða stjórnir tveggja eða fleiri bæjar- og/eða hreppsfélaga, þar sem atvinna er stopul eða fiskvinnslustöðvar skortir verkefni, sammála um að stofna félag til útgerðar samkvæmt 14. gr. laga þessara og leggja fram hlutafé í þeim tilgangi, og skulu þær þá leita eftir hlutafjárframlögum hjá íbúunum, hver á sínum stað, og öðrum, er þær telja til greina koma sem hluthafa. Þegar safnazt hefur hlutafé, er nemur að minnsta kosti 10% af áætluðum stofnkostnaði útgerðarinnar, er bæjar- og/eða hreppstjórnum rétt að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins með beiðni um hlutafjárframlög af hálfu ríkisins, og er þá ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að 10% stofnkostnaðar, enda séu löndunar- og verkunarskilyrði togaraafla fyrir hendi í þeim kaupstöðum eða kauptúnum, er að félagsstofnuninni standa.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán allt að 80% af stofnkostnaði útgerðarhlutafélaga, sem mynduð eru samkvæmt ákvæðum 14. og 15. gr. þessara laga.

17. gr.

Um stofnun og stjórn félags, sem myndað er samkvæmt ákvæðum 14. og 15. gr. laga þessara, fer eftir almennum lögum um hlutafélög. Val framkvæmdastjóra er þó háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

18. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán til þess að fullnægja ákvæðum 14.—16. gr. þessara laga.

III. KAFLI

Um Jafnvægissjóð.

19. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Jafnvægissjóður, undir stjórn jafnvægisnefndar. Hlutverk Jafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum jafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga Jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum.

20. gr.

Stofnfé Jafnvægissjóðs er:

1. 5 millj. kr. framlag samkv. XLV. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1956.
2. Fé það, sem ríkissjóður við gildistöku laga þessara á útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.
3. Inneignir ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum síðustu 10 árin fyrir árslok 1953.

Kröfur ríkissjóðs vegna lána og greiðslu vanskilaskulda samkv. þessari grein skulu afhentar Jafnvægissjóði til eignar um leið og hann tekur til starfa. Stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) er heimilt að semja við skuldunauta um greiðsluskilmála, og má þá, ef ástæða þykir til, sbr. 1. gr., taka tillit til greiðslugetu þeirra.

21. gr.

Tekjur Jafnvægissjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 5 milljónir króna, í fyrsta skipti árið 1957.
3. Skuldir, sem ríkissjóður eignast á þann hátt, sem tilgreint er í 2. og 3. tölul. 20. gr. eftir gildistöku laga þessara, þó ekki fyrr en 2 árum eftir að skuldin var gjaldkræf eða ríkissjóður innleysti ábyrgðina, enda komi samþykki Alþingis til. Er stjórn sjóðsins heimilt að gera samninga um greiðslu þessara skulda eins og gert er ráð fyrir í 20. gr. um stofnfé.

22. gr.

Úr Jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, svo sem skipum og vélum, enda sé það aðalreglan, að hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi sótt um lánið eða mælt með því. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) hverju sinni.

Nú eru lán veitt úr sjóðnum til annarra aðila en sveitarstjórna, og skulu þá félög, er starfa eftir þeim reglum, samkvæmt lögum eða samþykktum, að öruggt er, að þau flytji ekki eignir sínar burt úr byggðarlaginu við félagsslit, hafa forgangsrétt að slíkum lánum.

23. gr.

Sé lán í vanskilum lengur en 12 mánuði, getur stjórn sjóðsins (jafnvægisnefnd) gefið lántakanda kost á því að afhenda sjóðnum forgangseignarhluti í fyrirtæki því, sem lánið var veitt til. Heimilt er fyrri eiganda að innleysa forgangseignarhluta, hvenær sem hann óskar þess, innan 10 ára frá afhendingu hans, gegn því að greiða það fé, sem lagt hefur verið fram, ásamt vöxtum þeim, sem í upphafi hefur verið samið um. Takist samkomulag um þetta, skipar sjóðsstjórnin stjórn fyrirtækisins á þann hátt, sem eignarhluti hans veitir rétt til, þrátt fyrir ákvæði laga um hlutafélög.

24. gr.

Eigi má veita eftirgjöf á skuld, sem er eign Jafnvægissjóðs, nema samþykki Alþingis komi til.

25. gr.

Nú er langvarandi atvinnuleysi í kaupstað eða kauptúni, og er þá heimilt að veita úr Jafnvægissjóði fjárhagslega aðstoð til fjölskyldna, sem sækja um slíka aðstoð, til þess að flytjast búferlum í annað sveitarfélag, þar sem þær hafa möguleika til að sjá sér farborða til frambúðar, að dómi jafnvægisnefndar, enda sé það álit nefndarinnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna, að búferlaflutningurinn stuðli að jafnvægi í byggð landsins.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lögin.

Sþ. 668. Þingsályktun [19. mál]

um stefnu Íslands í utanríkismálum og um meðferð varnarsamningsins við Bandaríkin.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Alþingi ályktar að lýsa yfir:

Stefna Íslands í utanríkismálum verði hér eftir sem hingað til við það miðuð að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins, að höfð sé vinsamleg sambúð við allar þjóðir og að Íslendingar eigi samstöðu um öryggismál við nágrannaþjóðir sínar, m. a. með samstarfi í Atlantshafsbandalaginu.

Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja — þó ekki hernaðarstörf — og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins.

Sþ. 669. Þingsályktun [196. mál]

um smíði varðskips.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 565.

Sþ. 670. Þingsályktun [194. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til raforkuframkvæmda.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán, er Ólafsfjarðarkaupstaður kann að taka til þess að greiða kostnað við endurbætur á rafveitukerfi kaupstaðarins í sambandi við tengingu kerfisins við háspennulínu frá Skeiðsfossvirkjuninni, enda fari ábyrgðarfjárhæðin ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið.

Sþ. 671. Þingsályktun [198. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til að kaupa hlutabréf Síldarbræðslunnar h/f og til endurbóta á síldarverksmiðjunni.

(Afgreidd frá Sþ. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 642.

Nd. 672. Lög [89. mál]

um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 619.

Sþ. 673. Nefndaskipun.

(75. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Pétur Ottesen, formaður,
Helgi Jónasson, fundaskrifari,
Jónas Rafnar,
Halldór Ásgrímsson,
Lúðvík Jósefsson,
Magnús Jónsson,
Hannibal Valdimarsson,
Jón Kjartansson,
Karl Kristjánsson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1956 (1, n. 181 (meiri hl.), n. 183 (minni hl.), frhnál. 288 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
2. Fjáraukalög 1953 (394, n. 512).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Nýbýli og bústofnslán (23, n. 420).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
2. Vélar og verkfæri til vega- og hafnargerða (25, n. 450).
   Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
3. Vegagerð úr varanlegu efni (29).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Heyverkunaraðferðir (21, n. 472).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
5. Póstferðir (64).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Vestmannaeyjaflugvöllur (27).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Flugvallargerð við Húsavíkurkaupstað (68).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Vegagerð og bifreiðaskattur (74).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Strandferðir (78).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Skattkerfi og skattheimta (82, n. 415).
    Frsm.: Jónas Rafnar.
11. Súgþurrkun (83, n. 500).
    Frsm.: Pétur Ottesen.
12. Vegagerð og brúarstæði í Skagafirði (84, n. 441).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
13. Alþingistíðindi og þingfréttir (85, n. 423).
    Frsm.: Hannibal Valdimarsson.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinganefnd.

14. Flugvallargerð í Norðfirði (57).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Strandferðaskipið Herðubreið (58).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Útflutningsframleiðslan (59).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Vegarstæði milli landsfjórðunga (67, n. 493).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
18. Austurlandsvegur (73).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Milliliðagróði (86, n. 546 (minni hl.), n. 552 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
20. Austurvegur (117).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Símamál Austfirðinga (174).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Símakerfi Ísafjarðar (127, n. 424).
    Frsm.: Pétur Ottesen.
23. Flugpóstur til Austurlands (175).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Varnargarður í Vestmannaeyjum (292, n. 442).
    Frsm.: Jón Kjartansson.
25. Fiskmat (338, n. 440).
    Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
26. Tungulækur í Landbroti o. fl. (430, n. 501).
    Frsm.: Jón Kjartansson.
27. Umbætur í sjávarútvegsmálum (467, n. 524).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
28. Hafnarbætur við Dyrhólaós (470, n. 505).
    Frsm.: Jón Kjartansson.
29. Þaraverksmiðja og þangmjölsverksmiðja (475).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Vitakerfið við Ísafjarðardjúp og Súgandafjörð (196).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Ný iðnfyrirtæki (407).
    Nefndarálit kom ekki.
32. Bátagjaldeyrishlunnindi til sjómanna í Vestmannaeyjum (380, n. 566).
    Frsm.: Pétur Ottesen.
33. Raforkuframkvæmdir í Ólafsfirði (553, n. 638).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
34. Varðskipssmíð (565, n. 639).
    Frsm.: Pétur Ottesen.

Mál, er nefndin flutti:

1. Póstþjónusta (414).
   Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
2. Flugvallagerð (419).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
3. Endurbætur á aðalvegum (425).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
4. Samgöngur innanlands (446).
   Frsm.: Pétur Ottesen.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga-, allsherjar- og utanríkismálanefndir.

5. Hlutabréfakaup í Flugfélagi Íslands (520).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
6. Síldarbræðslan á Seyðisfirði (642).
   Frsm.: Pétur Ottesen.

2. *Allsherjarnefnd:*

Jóhann Jósefsson,
Bernharð Stefánsson, formaður,[1])
Jón Sigurðsson, fundaskrifari,
Eiríkur Þorsteinsson,
Karl Guðjónsson,
Sigurður Ágústsson,
Emil Jónsson.[2])

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Friðunarsvæði fyrir Vestfjörðum (40, n. 271 (meiri hl.), n. 350 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Karl Guðjónsson.
2. Eyðing refa og minka (44, n. 412).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Kjarnorkumál (45, n. 283).
   Frsm.: Eiríkur Þorsteinsson.
4. Framleiðslusamvinnufélög (46, n. 435).
   Frsm.: Eiríkur Þorsteinsson.
5. Alþýðuskólar (60, n. 125).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
6. Fræðsla í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum (72, n. 413).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
7. Friðunarsvæði, rýmkun á nokkrum stöðum (75).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Atvinna við siglingar og stýrimannaskólinn (263, n. 426).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

3. *Utanríkismálanefnd:*

Jóhann Jósefsson, formaður,[3])
Hermann Jónasson,[3])
Ólafur Thors,
Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Bjarni Benediktsson,
Gylfi Þ. Gíslason.[3])

Varamenn:

Björn Ólafsson,[4])
Eysteinn Jónsson,[4])
Gunnar Thoroddsen,
Páll Zóphóníasson,
Einar Olgeirsson,
Jóhann Hafstein,
Haraldur Guðmundsson.[4])

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna (19, n. 622 (1. minni hl.), n. 640 (2. minni hl.), n. 643 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Hermann Jónasson.
   Frsm. 2. minni hl.: Finnbogi R. Valdimarsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Jóhann Hafstein.

---

1) Í fjarveru Bernharðs Stefánssonar, frá 24. jan. til 6. febr., tók sæti hans í nefndinni Tómas Árnason.

2) Í fjarveru Emils Jónssonar, frá 24. jan. til 6. febr., tók sæti hans í nefndinni Kristinn Gunnarsson.

3) Kosinn aðalmaður í þriggja manna undirnefnd til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál.

4) Kosinn varamaður í sömu undirnefnd.

Fastanefndir Sþ.: Utanríkismála-, kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

2. Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna (43).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Norðurlandaráð (129, n. 138).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Kjarnorkuvopn (149, n. 597).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

4. *Kjörbréfanefnd:*
   Lárus Jóhannesson, formaður,
   Hermann Jónasson,
   Einar Ingimundarson,
   Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
   Sigurður Guðnason.
   Nefndin rannsakaði kjörbréf Tómasar Árnasonar, 1. (vara)þm. Eyf., og lét uppi munnlegt álit um það.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*
   Jón Pálmason, formaður,
   Andrés Eyjólfsson, fundaskrifari,
   Jónas Rafnar,
   Eiríkur Þorsteinsson,
   Gunnar Jóhannsson.

B.

Í efri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*
   Bernharð Stefánsson, formaður,[1])
   Gísli Jónsson,
   Karl Kristjánsson,
   Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,[2])
   Haraldur Guðmundsson.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

   1. Gjaldaviðauki 1956 (13, n. 38).
      Frsm.: Bernharð Stefánsson.
   2. Tollskrá o. fl. (14, n. 37).
